ÚRSKURÐUR
ÓBYGGÐANEFNDAR

Mál nr. 2/2013

Húnavatnshreppur

ÓBYGGÐANEFND

19. desember 2014

EFNISYFIRLIT

1 ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD 4
2 MÁLSMEÐFERÐ 4
2.1 Hlutverk óbyggðanefndar 4
2.2 Norðvesturland tekið til umfjöllunar. 5
2.3 Lýstar kröfur og kynning 6
2.4 Mál nr. 2/2013, Húnavatnshreppur. 6
3 KRÖFUGERÐ 8
3.1 Kröfur íslenska ríkisins 8
3.1.1 Þjóðlenda 8
3.1.1.1 Sauðadalur 8
3.1.1.2 Auðkúluheiði, Forsæludalskvíslar, Grímstunguheiði og Haukagilsheiði 8
3.2 Kröfur Sjálfseignarstofnunarinnar Grímstungu- og Haukagilsheiðar ofl. vegna Sauðadals 9
3.3 Kröfur Hauks Garðarssonar ofl. fyrir hönd Hvamms I og II vegna Sauðadals 9
3.4 Kröfur Sjálfseignarstofnunarinnar Auðkúluheiði og Húnavatnshrepps vegna Auðkúluheiðar 10
3.5 Kröfur sjálfseignarstofnunarinnar Grímstunguheiði og Haukagilsheiði, sjálfseignarstofnunarinnar Auðkúluheiði og Húnavatnshrepps vegna Forsæludalskvísla 11
3.6 Kröfur sjálfseignarstofnunarinnar Grímstunguheiði og Haukagilsheiði og Húnavatnshrepps vegna Grímstunguheiðar 12
3.7 Kröfur sjálfseignarstofnunarinnar Grímstunguheiði og Haukagilsheiði og Húnavatnshrepps vegna Haukagilsheiðar og Lambatungna 13
3.8 Kröfur Landsvirkjunar 14
4 GÖGN OG GAGNAÖFLUN 16
4.1 Inngangur 16
4.2 Rannsóknarskylda óbyggðanefndar 16
4.3 Vettvangsferð 17
4.4 Skýrslutökur 18
5 SAGA LANDSVÆÐA 19
5.1 Landnám 19
5.2 Sauðadalur 20
5.2.1 Aðliggjandi og tengd svæði 53
5.2.1.1 Stóra-Giljá 53
5.2.1.2 Hnausar 54
5.2.1.3 Öxl 56
5.2.1.4 Beinakelda 56
5.2.1.5 Brekka og Brekkukot 57
5.2.1.6 Reykir 58
5.2.1.7 Mosfell 59
5.2.1.8 Geithamrar 59
5.2.1.9 Grund og Syðri-Grund 60
5.2.1.10 Snæringsstaðir 60
5.2.1.11 Ljótshólar 61
5.2.1.12 Gafl í Svínadal 61
5.2.1.13 Marðarnúpur 61

5.2.1.14 Gilá í Vatnsdal 62
5.2.1.15 Kötlustaðir 63
5.2.1.16 Hof í Vatnsdal 63
5.2.1.17 Bakki í Vatnsdal 64
5.2.1.18 Eyjólfsstaðir í Vatnsdal 64
5.2.1.19 Hvammur í Vatnsdal 64
5.2.1.20 Hjallaland í Vatnsdal 66
5.2.1.21 Másstaðir 67
5.2.1.22 Bjarnastaðir 67
5.3 Auðkúluheiði 69
5.3.1 Aðliggjandi og tengd svæði 160
5.3.1.1 Auðkúla 160
5.3.1.2 Þröm 162
5.3.1.3 Rugludalur 162
5.3.1.4 Eyvindarstaðaheiði 162
5.3.1.5 Hrafnabjörg 163
5.3.1.6 Guðrúnarstaðir 164
5.3.1.7 Þórormstunga (Tunga, Neðri-Tunga, Þóroddstunga, Vatnsdalstunga) 165
5.3.1.8 Forsæludalur 166
5.4 Forsæludalskvíslar 168
5.4.1 Aðliggjandi og tengd svæði 209
5.4.1.1 Forsæludalur 209
5.4.1.2 Þórormstunga (Tunga, Neðri-Tunga, Þóroddstunga, Vatnsdalstunga) 215
5.5 Grímstunguheiði 221
5.5.1 Aðliggjandi og tengd svæði 281
5.5.1.1 Grímstunga 281
5.5.1.2 Þórhallsstaðir (Þórhallastaðir) 284
5.6 Haukagilsheiði 286
5.6.1 Aðliggjandi og tengd svæði 330
5.6.1.1 Haukagil 330
5.6.1.2 Gilhagi 339
5.6.1.3 Kornsá og Kornsárselsland 341
5.7 Lambatungur 349
5.8 Kornsártungur 383
6 NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR 395
6.1 Efnisskipan og sameiginleg atriði 395
6.1.1 Almennar niðurstöður óbyggðanefndar 395
6.1.2 Dómafordæmi í þjóðlendumálum 395
6.1.2.1 Yfirlit 395
6.1.2.2 Um túlkun landamerkjabréfa jarða og samspil við aðrar heimildir 396
6.1.2.3 Áhrif fyrri lögskipta íslenska ríkisins og annarra vegna viðkomandi landsvæðis 399
6.1.2.4 Réttaráhrif og sönnunargildi eldri dómsúrlausna 402
6.2 Landnám 406
6.3 Sauðadalur 406
6.3.1 Inngangur 406
6.3.2 Sjónarmið aðila 406

6.3.3 Niðurstaða 408
6.4 Auðkúluheiði 424
6.4.1 Inngangur 424
6.4.2 Sjónarmið aðila 425
6.4.3 Niðurstaða 428
6.4.4 Um kröfur og réttindi Landsvirkjunar á Auðkúluheiði 447
6.4.4.1 Sjónarmið íslenska ríkisins 447
6.4.4.2 Sjónarmið Landsvirkjunar 447
6.4.4.3 Einkaréttarlegar heimildir og lögskipti 450
6.4.4.4 Heimildir Landsvirkjunar samkvæmt lögum 452
6.4.4.5 Niðurstaða óbyggðanefndar 455
6.5 Forsæludalskvíslar 466
6.5.1 Inngangur 466
6.5.2 Sjónarmið aðila 467
6.5.3 Niðurstaða 469
6.6 Grímstunguheiði 490
6.6.1 Inngangur 490
6.6.2 Sjónarmið aðila 490
6.6.3 Niðurstaða 493
6.7 Haukagilsheiði og Lambatungur 512
6.7.1 Inngangur 512
6.7.2 Sjónarmið aðila 513
6.7.3 Niðurstaða 515
6.8 Um málskostnað 547
7 ÚRSKURÐARORÐ 548

1 ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD

Föstudaginn, 19. desember 2014, er tekið fyrir mál nr. 2/2013, Húnavatnshreppur, og í því kveðinn upp svohljóðandi

ÚRSKURÐUR

Úrskurð þennan kveða upp Karl Axelsson, formaður óbyggðanefndar, og nefndarmennirnir Ása Ólafsdóttir og Hulda Árnadóttir.

Aðilar málsins eru[1]:
Fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins vegna þjóðlendna.
(Andri Árnason hrl.)
Sjálfseignarstofnunin Auðkúluheiði vegna Auðkúluheiðar, Sjálfseignarstofnunin Auðkúluheiði og Sjálfseignarstofnunin Grímstunguheiði/Haukagilsheiði vegna Forsæludalskvísla og Dalslands,
Sjálfseignarstofnunin Grímstunguheiði/Haukagilsheiði vegna Grímstunguheiðar, Haukagilsheiðar og Lambatungna.
Sjálfseignarstofnunin Grímstunguheiði/Haukagilsheiði o.fl. vegna Sauðadals.
(Sigurður Jónsson hrl.)
Sigríður Ragnarsdóttir vegna Forsæludals.
(Stefán Þórarinn Ólafsson hrl.)
Haukur Garðarsson ofl. vegna Hvamms I og II.
(Páll Arnór Pálsson hrl.)
Landsvirkjun.
(Jón Sveinsson hrl. og Geir Arnar Marelsson hdl.)

2 MÁLSMEÐFERÐ

2.1 Hlutverk óbyggðanefndar

Hinn 1. júlí 1998 tóku gildi lög um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998. Lögin kveða á um að starfa skuli óbyggðanefnd sem hafi með höndum eftirfarandi hlutverk, skv. 7. gr:

a) Að kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda.
b) Að skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur.
c) Að úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna.

Af ákvæði 7. gr. leiðir að gildistaka þjóðlendulaga, nr. 58/1998, og úrskurðir óbyggðanefndar, fela ekki í sér afstöðu til réttinda einstakra aðila yfir eignarlandi eða hver séu mörk milli eignarlanda og leiða ekki til neinna breytinga þar á.

[1] Sjá nánar í aðilaskrá (fylgiskjal II).

2.2 Norðvesturland tekið til umfjöllunar.

Með bréfi, dagsettu 21. febrúar 2008, tilkynnti óbyggðanefnd fjármálaráðherra þá ákvörðun sína að taka til umfjöllunar tiltekið landsvæði á Norðvesturlandi, sbr. 8., 11. og 1. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998.

Landsvæði þetta, hið níunda í röðinni hjá óbyggðanefnd, tók til Sveitarfélagsins Skagafjörður, Sveitarfélagsins Skagastranda, Skagabyggðar, Blönduósbæjar, Húnavatnshrepps vestan Blöndu, Húnaþings vestra, Borgarbyggðar (fyrir utan fyrrum Kolbeinsstaðahrepp), Skorradalshrepps, Hvalfjarðarsveitar og Akraneskaupstaðar. Með bréfi til fjármálaráðherra, dags. 28. október 2008, tilkynnti óbyggðanefnd að ákveðið hafi verið að breyta fyrirhugaðri röð næstu svæða á þann veg að taka svæði 7 norður (einnig nefnt 7 b) til umfjöllunar á undan svæði 8 og, að höfðu samráði við sérfræðinga á Þjóðskjalasafni Íslands, hafi einnig verið ákveðið að skipta svæði 8 í tvennt. Landsvæði það sem til umfjöllunar er eftir þessa breytingu er nefnt Norðvesturland (8 norður). Vestur hluti hins upprunalega svæðis nefndis nú Mýra- og Borgarfjarðarsýsla að undanskildum fyrrum Kolbeinsstaðahreppi ásamt Langjökli (8 vestur).

Landsvæðið Norðvesturland afmarkast svo:

Að vestan ræður Hrútafjarðará sem fylgt er að sýslumörkum Húnavatnssýslu og Mýra- og Borgarfjarðarsýslu á Arnarvatnsheiði. Sýslumörkum er fylgt austur að sýslumörkum Árnessýslu og er þeim einnig fylgt til austurs í Blöndu. Blöndu er fylgt norður að norðurmörkum fyrrum Bólstaðarhlíðarhrepps og er þeim fylgt austur að norðurmörkum fyrrum Seyluhrepps og þeim fylgt austur í Héraðsvötn. Héraðsvötnum er svo fylgt til ósa. Að norðan afmarkast svæðið af hafi.

Fjármálaráðherra var upphaflega veittur frestur til 31. júlí 2009 til að lýsa kröfum um þjóðlendur á þessu svæði, væri um slíkar kröfur að ræða.

Fjármálaráðherra var tilkynnt með bréfi, dags. 6. júlí 2009, að sbr. bráðabirgðaákvæði VII í lögum nr. 70/2009, um ráðstafanir í ríkisfjármálum, myndi óbyggðanefnd ekki taka til meðferðar ný svæði né fjármálaráðherra lýsa kröfum ríkis um þjóðlendur fyrr en í fyrsta lagi 1. janúar 2012. Hafði þetta í för með sér að fyrri ákvörðun óbyggðanefndar, um að veita íslenska ríkinu kröfulýsingarfrest til 31. júlí 2009, var úr gildi fallin.

Þann 23. júní 2011, var fjármálaráðherra tilkynnt um að mál þetta væri aftur tekið til meðferðar og honum veittur frestur til 9. janúar 2012 til að lýsa kröfum um þjóðlendur á þessu svæði, væri um slíkar kröfur að ræða. Sýslumönnum og fyrirsvarsmönnum viðkomandi sveitarfélaga, þ.e. Húnaþings vestra, Húnavatnshrepps, Blönduósbæjar, Sveitarfélagsins Skagastrandar, Skagabyggðar og Sveitarfélagsins Skagafjarðar, var tilkynnt um ákvörðun óbyggðanefndar og gerð grein fyrir framhaldinu.

Kröfulýsingafrestur fjármálaráðherra var fyrst framlengdur til 31. mars 2012 og síðar til 30. júní sama árs og með því orðið við rökstuddri beiðni ráðuneytisins.

2.3 Lýstar kröfur og kynning

Kröfulýsingar fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins um þjóðlendur á Norðvesturlandi bárust 2. júlí 2012. Óbyggðanefnd birti tilkynningu um málsmeðferð á framangreindu svæði og útdrátt úr kröfum ríkisins, ásamt uppdrætti, í Lögbirtingarblaðinu 5. júlí 2012, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Skorað var á þá sem teldu til eignarréttinda á því landsvæði sem félli innan kröfusvæðis ríkisins að lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd í síðasta lagi 7. janúar 2013. Þá kom fram að yfirlýsingu um kröfugerð og málsmeðferð yrði þinglýst á þær fasteignir á svæðinu sem skráðar væru í þinglýsingabók og málið varðaði, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Kröfulýsingarfrestur annarra en íslenska ríkisins var síðar framlengdur þar til í febrúar 2013.

Kröfur fjármálaráðherra voru gerðar aðgengilegar almenningi á skrifstofum sýslumanna á Sauðárkróki og á Blönduósi, auk sveitarfélaga á kröfusvæðum og heimasíðu óbyggðanefndar. Þá var málið kynnt í fjölmiðlum.

Gefið var út yfirlit yfir allar lýstar kröfur og þær færðar inn á uppdrátt. Lögboðin kynning fór fram með því að yfirlit og uppdráttur lágu frammi á skrifstofum sýslumanna á Sauðárkróki og á Blönduósi, frá 15. apríl til og með 15. maí 2013, sbr. 12. gr. laga nr. 58/1998. Athugasemdafrestur var til 22. maí 2013. Framangreind kynningargögn voru jafnframt aðgengileg á skrifstofum viðkomandi sveitarfélaga, skrifstofu óbyggðanefndar og heimasíðu óbyggðanefndar. Vakin var athygli á kynningunni í fjölmiðlum. Engar athugasemdir bárust fyrir lok athugasemdarfrests.

Fjármálaráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, lagði fram kröfulýsingar um þjóðlendur á svæðinu í einum hluta. Á móti bárust 16 kröfulýsingar ýmissa aðila, sem sumar sköruðust eða náðu til fleiri en eins landsvæðis.

2.4 Mál nr. 2/2013, Húnavatnshreppur.

Þjóðlendukröfusvæði íslenska ríkisins var skipt niður í fjögur mál, þ.e. mál nr. 1/2013, Skagi; mál nr. 2/2013, Húnavatnshreppur; mál nr. 3/2013, Húnaþing vestra, syðri hluti og mál nr. 4/2013, Vatnsnes.

Mál nr. 2/2013 var fyrst tekið fyrir á fundi óbyggðanefndar og forsvarsmanna málsaðila þann 4. mars 2013. Gerð var grein fyrir skiptingu svæðisins í mál og því að óbyggðanefnd skipuðu í málinu þau Karl Axelsson formaður og nefndarmennirnir Ása Ólafsdóttir og Hulda Árnadóttir. Gefið var færi á athugasemdum en engar slíkar komu fram. Lögð voru fram skjöl til upplýsinga fyrir lögmenn, ásamt skjalaskrá, og upplýst um ýmis atriði varðandi gagnaöflun nefndarinnar. Skorað var á lögmenn að fara yfir tiltekin atriði af sinni hálfu og gera hið fyrsta athugasemdir ef þeir teldu ástæðu til. Þá var vakin athygli á þinglýsingu athugasemdar um yfirstandandi

þjóðlendumál á landsvæði á ágreiningssvæði, skv. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, og óskað eftir að lögmenn gerðu umbjóðendum sínum grein fyrir því atriði. Einnig var gerð grein fyrir mikilvægi þess að lögmenn og óbyggðanefnd ynnu saman að því að þeir sem hagsmuna ættu að gæta gerðust aðilar að málinu. Enn fremur var sérstaklega vakin athygli á ákvæði 17. gr. þjóðlendulaga um samnýtingu á sérfræðiaðstoð o.fl. Þá var því beint til lögmanna að kanna hvort ljúka mætti málinu að einhverju eða öllu leyti með sátt, sbr. 15. gr. þjóðlendulaga.

Við aðra fyrirtöku málsins, 21. mars 2013, var lögð fram, af hálfu fjármála- og efnahagsráðherra og bókun um breytingar á kröfulínum ríkisins, dags. 21.3.2013. Að auki gerðu lögmenn aðila grein fyrir sáttum aðila sem leitt hafi til þess að ekki væri lengur gerðar kröfur inn á jarðir heldur nái kröfur ríkisins um þjóðlendur einungis til afrétta. Efnislegur ágreiningur væri þó uppi varðandi tiltekin landsvæði. Loks var íslenska ríkinu veittur frestur til að skila greinargerð í málinu.

Við þriðju fyrirtöku málsins, 29. apríl 2013, var lögð fram greinargerð af hálfu íslenska ríkisins. Einnig voru lögð fram frekari gögn og leitast við að upplýsa málið að öðru leyti. Gerð var grein fyrir stöðu gagnaöflunar óbyggðanefndar. Við sama tækifæri var öðrum málsaðilum veittur frestur til skila á greinargerðum. Að lokum var farið yfir tilhögun fyrirhugaðrar aðalmeðferðar.

Við fjórðu fyrirtöku málsins, 12. júní 2013 voru lagðar fram greinargerðir gagnaðila íslenska ríkisins. Einnig voru lögð fram frekari gögn og leitast við að upplýsa málið að öðru leyti. Gerð var grein fyrir stöðu gagnaöflunar óbyggðanefndar.

Við fimmtu fyrirtöku málsins, 9. ágúst 2013, voru lögð fram frekari gögn og leitast við að upplýsa málið að öðru leyti. Gerð var grein fyrir stöðu gagnaöflunar óbyggðanefndar. Þar sem kröfulínur aðila voru samræmdar vegna Forsæludals telur lögmaður gagnaðila ekki þörf á þátttöku í aðalmeðferð málsins.

Aðalmeðferð fór fram dagana 14.-15. ágúst 2013 og skiptist í vettvangsskoðun, skýrslutökur og málflutning. Fundað var á Hótel Eddu, Laugarbakka. Um fyrstnefndu atriðin tvö vísast nánar til kafla 4.3. og 4.4. Var málið tekið til úrskurðar að málflutningi loknum.

Loks var málið endurupptekið 9. desember 2014 og lögð fram ný gögn. Þau höfðu áður verið kynnt lögmönnum og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum. Engar athugasemdir komu fram og ekki var talin þörf á endurflutningi og var málið því tekið til úrskurðar að nýju.

3 KRÖFUGERÐ[2]

3.1 Kröfur íslenska ríkisins

Af hálfu fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins er þess krafist að viðurkennt verði að allt land innan eftirfarandi kröfupunkta verði úrskurðað þjóðlenda en um er að ræða Sauðadal, Auðkúluheiði, Forsæludalskvíslar, Grímstunguheiði, Haukagilsheiði og Lambatungur.

3.1.1 Þjóðlenda

3.1.1.1 Sauðadalur

Upphafspunktur er í Þrílækjum á Svínadalsfjalli (1), og síðan er farið suður eftir fjallsbrúnum Svínadalsfjalls að Svarthömrum (2), þaðan eftir fjallsbrúnum suður í Hólsárskarð (3) og þaðan vestur að hákolli Þramar (4), þaðan er svo farið suðaustur eftir háeggjum Þramar að vesturenda Gaflstjarnar (5). Úr Gaflstjörn er Giljá fylgt fyrst í vestur og svo í norður á móts við hátind Svartfells (6), þaðan er línan tekin beint í vestur yfir Svartfell að hreppsmörkum Torfalækjar- og Sveinsstaðahreppa (7), síðan er farið norður eftir háeggjum Svínadalsfjalls sem jafnframt eru hreppamörk, norður yfir Sandfell (8), og áfram norður yfir Bakkabungu og Sjónarhól, yfir Hjaltaskarð og Mosaskarð (9), þaðan fer línan norður yfir hákoll Jörundarfells, áfram norður eftir fjallinu í hákoll Nautaþúfu (10), áfram norður í átt að Hrafnakletti (11), þaðan er farið sjónhendingu norðaustur í átt að Geitabóli við mynni Mjóadals (12), þaðan í austur í Skertlur (13), þaðan suð-austur í há Skertlufjall (14) og þaðan austur í Þrílæki á Svínadalsfjalli sem er upphafspunktur (1).

3.1.1.2 Auðkúluheiði, Forsæludalskvíslar, Grímstunguheiði og Haukagilsheiði

Byrjað er á punkti í Blöndu við Vallgil (1), þaðan er haldið beint vestur í Fiskilæk (2), og þaðan áfram vestur að Karyðlingatjörn (3). Úr þeim punkti er haldið suður um Skammbeinstjörn (4), og áfram eftir þeirri línu suður í Friðmundarhöfða (5). Þaðan er haldið í suður að norðanverðu Eyjavatni (6), en þaðan beygt í vestur að vörðu sem er á há Bótarfjalli (Bótarfelli) (7) og svo áfram vestur að Vatnsdalsá móti Svínalækjarás (8). Úr ásnum er Vatnsdalsá fylgt norður þar til Sjónarhólslækur fellur í hana (9), og er Sjónarhólslæk fylgt að upptökum (10) en þaðan er bein lína norður að Sýrsvatni (Sílvatni) (11). Sýrvatnslæk (Sílvatnslæk) er svo fylgt að Selkvísl (12) og þaðan áfram til Álku (Álkugils) (13). Úr Álkugili er Álftaskálará fylgt um Fremstasel (14) að Ytri-Skútalæk sem svo er fylgt meðan hann fellur beint úr vestri (15), þaðan frá vestur í Kleppukvísl (16). Kvíslinni er fylgt þar sem hún rennur úr Kleppavatni (17), úr vatninu er svo dregin lína norðvestur um Heiðamótaás að Kornsárvatni (18). Frá

[2] Sjá einnig fylgiskjöl nr. I (kort) og II (aðilaskrá). Upphaflega var kröfum einnig lýst vegna Dalslands og Forsæludals. Breytingar á kröfulínu ríkisins við meðferð málsins hafa hins vegar leitt til þess að landsvæði þessi falla utan þjóðlendukröfusvæðis og koma því ekki til umfjöllunar í úrskurði þessum, nema að því er varðar ákvörðun málskostnaðar.

vatninu er farið í vestur að Bergárvatni (19) og þaðan í suður að sýslumörkum Austur- og Vestur- Húnavatnssýslu.

3.2 Kröfur Sjálfseignarstofnunarinnar Grímstungu- og Haukagilsheiðar ofl. vegna Sauðadals

Þess er krafist að viðurkennt verði að ofangreindir sjálfseignarstofnunin Grímstunguheiði og Haukagilsheiði hafi beinan eignarrétt að öllu landi Sauðadals og að viðurkennt verði að heildarlandamerki hans séu þessi sbr. landamerkjabréf Hnausa frá 20. júní 1883 þingl. 28. maí 1889 og Stóru- Giljár frá 12. maí 1890 þingl. 26. maí 1891. Bréfin eru efnislega samhljóða um lýsingu á Sauðadal og eru bæði árituð af eigendum allra jarða sem liggja að Sauðadal. Jafnframt er vísað til landamerkjalýsinga aðliggjandi jarða. Afmörkun lands Sauðadals samkvæmt landamerkjabréfunum sbr og hornpunktaskrá er fylgir kröfulýsingu er: Landamerkjabréf Hnausa: „Að norðan og austan Sauðadalsár ráða svo kallaðar Skertlur, er skerast vestur úr Reykjanybbu, þaðan fram og austur á Svínadalsfjall, allt hvað vötn að draga til vesturs, fram móts við svokallaðan klett Snagga, er stendur við Hrafnabjargarkvísl, móts við Marðarnúpsmenn, þaðan réttsýni vestur á Vatnsdalsfjall móti merkisteini þeim er stendur í Giljár-eður marðarnúps- hlíð þar vötnum veitir til austurs, þaðan norður háfjallið allt að Hjálpargili sem einnig er kallað Kötlunúpsgil, þaðan austur í Sauðadalsá.“ Landamerkjabréf Stóru- Giljár og Beinakeldu: „ ... síðan beina línu norðaustan í há Skerslufjall, þaðan fram og austur á Svínadalsfjall, allt hvað vötn að draga af fjallseggjum til vesturs, móts við klett er stendur við Hrafnabjargarkvísl, við Marðarnúps land, þaðan réttsýni vestur á Vesturdalsfjall móti merkisteini þeim er stendur í Giljár-eður Marðarnúps- hlíð svo það vötnum veitir til austursnorður eptir öllu fjallinu út að Kötlunúpagili eða Hjálpargili, svo sem gil ræður austur í Sauðadalsá ... “.

Litið er svo á að í kröfugerðinni felist jafnframt krafa um fullkominn einkaafnotarétt í þjóðlendu innan merkja Sauðadals, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, fari svo að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

3.3 Kröfur Hauks Garðarssonar ofl. fyrir hönd Hvamms I og II vegna Sauðadals

Gerð er krafa um að viðurkenndur verði beinn eða óbeinn eignarréttur að því landsvæði, sem liggur innan hins kröfulýsta svæðis: Sauðadalur, sem liggur að jörðinni Hvammi og hefur verið nýttur af eigendum jarðarinnar í gegnum tíðina og Grímstunguheiði og Haukagilsheiði, sem nýtt hefur verið sem afréttur fyrir búfénað, veiði, efnisnám og annarra nota.

Gerð er krafa um að kröfum ríkisins til réttinda innan þessa svæða verði hafnað og viðurkennt verði að jörðinni Hvammi fylgi beinn eða óbeinn eignarréttur að framangreindum svæðum. Ef ekki er fallist á að Hvammi fylgi beinn eða óbeinn eignarréttur að umræddum svæðum er þess krafist að viðurkennt verði að Hvammi fylgi afnotaréttur af umræddum svæðum líkt og verið hefur í gegnum áranna rás.

Gerður er fyrirvari um að landamerki sem lýst eru í kröfulýsingu ríkisins á Sauðadal og eignarlandi jarðarinnar Hvamms séu rétt.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar.

3.4 Kröfur Sjálfseignarstofnunarinnar Auðkúluheiði og Húnavatnshrepps vegna Auðkúluheiðar

Þess er krafist að viðurkennt verði að þinglýstir eigendur Auðkúluheiðar hafi beinan eignarrétt að öllu landi hennar og að viðurkennt verði að heildarlandamerki Auðkúluheiðar séu sbr. landamerkjabréf dags. 4. september 1886, sátt um afréttarmörk á Kili milli Auðkúluheiðar og Biskupstungnaafréttar frá 7. september 1985 og stofnskjal vegna framhluta Hrafnabjargalands dags. 28. október 2008. Jafnframt er vísað til uppdráttar með hornpunktaskrá er fylgir kröfulýsingunni:

Landamerkjabréfið: „Að austan ræður Blanda og Blöndukvísl fram og austur undir Hofsjökul; þaðan með Hofsjökli suður að Jökulfalli, en það ræður merkjum vestur að Hvítá, og í Hvítárvatn, sem er fast við Langjökul; þá að vestan norður með Langjökli, og norður á Öldur; þar tekur við Dalskvíslaland.“

Sáttin: Afréttarmörk á Kili milli Auðkúluheiðar í Austur Húnavatnssýslu og Biskupstungnaafréttar í Árnessýslu liggja í grundvallaratriðum um vatnaskil og eru sem hér segir: „Frá Strýtum eru merkin bein lína til austurs að Grettishelli. Þaðan bein lína að Hringsjá við Fjórðungsöldu. Frá hringsjá eru merkin bein lína til austurs í Hofsjökul, sem er framhald hugsaðrar línu frá Strýtum um hringsjána. Til vesturs frá Strýtum eru merkin bein lína í grjóthól á fjallseggjum, ofan við vatnaskil í Sóleyjardal. Þaðan eru merkin bein lína í Oddnýjarhnjúk og áfram í sömu stefnu í jökulruðning (mórena) og síðan eftir jökulruðningnum í Langjökul.“

Stofnskjalið vegna Hrafnabjargalands (suðurmerkin): „Að sunnan eru merkin úr Helluvörðuás í Karyrðlingatjörn. Að vestan ræður lækur úr Karyrðlingatjörn út í Selkvísl sem ræður merkjum að Snaga.“

Litið er svo á að í kröfugerðinni felist jafnframt krafa um fullkominn einkaafnotarétt í þjóðlendu innan merkja Auðkúluheiðar, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, fari svo að einhver hluti teljist þjóðlenda.

Þá er sérstaklega mótmælt kröfugerð ríkisins sbr. greinargerð ríkisins, 29. apríl 2013, og þess krafist að kröfu ríkisins um þjóðlendumörk verði hafnað.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

Af hálfu Húnavatnshrepps er gerð sú krafa að viðurkennd verði afréttareign jarða í Húnavatnshreppi að Auðkúluheiði. Eignarréttarkröfu þessari er lýst til þrautavara ef svo fari að óbyggðanefnd fallist hvorki á fullkominn eignarrétt, sem sé aðalkrafa, né afréttareign, sem sé varakrafa, sjálfseignarstofnunarinnar Auðkúluheiði, að heiðinni.

3.5 Kröfur sjálfseignarstofnunarinnar Grímstunguheiði og Haukagilsheiði, sjálfseignarstofnunarinnar Auðkúluheiði og Húnavatnshrepps vegna Forsæludalskvísla

Þess er krafist aðallega að viðurkennt verði að sjálfseignarstofnunin Grímstunguheiði og Haukagilsheiði og sjálfseignarstofnunin Auðkúluheiði hafi beinan eignarrétt að öllu landi Forsæludalskvísla og að viðurkennt verði að heildarlandamerki jarðarinnar séu þessi sbr. stofnskjal, dags. 28. október 2008 (að baki þess er útskiptingarafsal/kaupsamningur, dags. 24. nóvember 1890, sbr. og landamerkjabréf Forsæludals, dags. 29. júlí 1890) sbr. og uppdrátt með hornpunktaskrá er fylgir kröfulýsingu. Í stofnskjalinu segir: „Forsæludalskvíslar (Dalkvíslar) eru sunnan við Forsæludalsland. Að austan ráða vesturmörk Auðkúluheiðar sem afmarkast af sjónhendingu úr Karyrðlingatjörn í Fellakvísl þar sem Kolkukvísl fellur í hana, þaðan Fellakvísl til upptaka og þaðan bein lína í norðurenda Langjökuls. Að sunnan ráða fjórðungsmörk, en þau eru úr norðurenda Langjökuls bein lína í Lyklafell og þaðan sjónhending, fyrir norðan Álftavötn og Fljótadrög, í Réttarvatnstanga. Að vestan ræður Vatnsdalsá og þá Strangakvísl allt til hennar upptaka, þaðan til suðurs til Langjökuls.“

Í landamerkjaskrá fyrir Forsæludal segir um suðurmörk sem eru þá norðurmörk Forsæludalskvísla: „Að sunnan (verður þá norðan) ræður bein lína frá vörðu á há Bótarfjalli austur um norðanvert Eyjavatn, miðja vegu frá tanga þeim, sem gengur lengst í suður fyrir austan vík þá, er Túnalækur fellur úr og hólma sem eru í vatninu. Í vestur frá vörðunni af Bótarfjalli ræður bein lína til Vatnsdalsár móti Svínavatnslækjarós.“

Litið er svo á að í kröfugerðinni felist jafnframt krafa um fullkominn einkaafnotarétt þeirra í þjóðlendu innan merkja Forsæludalskvísla, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, fari svo ólíklega að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Til vara er þess krafist að viðurkenndur verði fullkominn eignarréttur þeirra að þeim hluta sem er norðan línu sem dregin er á framlögðum uppdrætti þannig: Upphafspunktur í austri er í landi Forsæludalskvísla við landamerki Auðkúluheiðar. Kröfulínan fylgir síðan gróðurmörkum í landi Forsæludalskvísla til vesturs þar til hún kemur inn í land Grímstunguheiðar við Ströngukvísl.

Í kröfugerð felst jafnframt krafa um afnotarétt þeirra í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, komi til þess að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Þá er sérstaklega mótmælt kröfugerð ríkisins sbr. greinargerð ríkisins 29. apríl 2013 og þess krafist að kröfu ríkisins um þjóðlendumörk verði hafnað.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

Af hálfu Húnavatnshrepps er gerð sú krafa að viðurkennd verði afréttareign jarða í Húnavatnshreppi að Forsæludalskvíslum. Eignarréttarkröfu þessari er lýst til þrautavara ef svo fari að óbyggðanefnd fallist hvorki á fullkominn eignarrétt, sem sé aðalkrafa, né afréttareign, sem sé varakrafa, sjálfseignarstofnunarinnar Auðkúluheiði og sjálfseignarstofnunarinnar Grímstunguheiði og Haukagilsheiði, að heiðinni.

3.6 Kröfur sjálfseignarstofnunarinnar Grímstunguheiði og Haukagilsheiði og Húnavatnshrepps vegna Grímstunguheiðar

Þess er krafist aðallega að viðurkennt verði að sjálfseignarstofnunin Grímstunguheiði og Haukagilsheiði hafi beinan eignarrétt að öllu landi Grímstunguheiðar og að viðurkennt verði að heildarlandamerki hennar séu þessi sbr. landamerkjabréf fyrir Grímstungu, dags. 10. júní 1890, og merkjalýsing Lárusar Björnssonar í Grímstungu.

Landamerkjabréfið: „Að vestanverðu ræður Álptaskálará allt þar til Bríkarhvísl í hana rennur en síðan ræður Bríkarhvísl til sinna upptaka og svo til suðurs eftir því sem vötn dragaog svo allar hálfar Lambatungur móts við haukagilsheiðar eiganda. Úr Álptaskálargili er stefnan eptir fornum farveg er liggur fyrir sunnan svonefndan réttarhólma og stefnir til landnorðurs úr gilinu og beint í Pollshamar austan vatnsdalsár, en sá klettur niður við láglendið nokkru utar en Sauðárskjól. Að austan ræður Vatnsdalsá allt til hennar upptaka og svo beint til suðurs til jökla.“

Merkjalýsing Lárusar Björnssonar: „Merki milli heiðarinnar og heimalands Grímstungu eru frá Álku og Selkvísl að Sýrvatnslæk, síðan Sýrvatnslækur fram í Sýrsvatn, úr Sýrsvatni í Sjónarhólslæk og hann ofan í Vatnsdalsá. Að austan ræður Vatnsdalsá til Ströngukvíslar og Strangakvísl til upptaka. Að vestan ræður Álka, þar til Bríkarkvísl fellur í hana, síðan Bríkarkvísl til upptaka, síðan til suðurs eins og vötn að henni draga, síðan sem vötn falla til norðurs þar fyrir austan Stórasand.“

Litið er svo á að í kröfugerðinni felist jafnframt krafa um fullkominn einkaafnotarétt þeirra í þjóðlendu innan merkja Grímstunguheiðar, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, fari svo að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Til vara er þess krafist að viðurkenndur verði fullkominn eignarréttur þeirra að þeim hluta Grímstunguheiðar sem er norðan línu sem dregin er á framlögðum uppdrætti þannig: Upphafspunktur í austri er í landi Forsæludalskvísla við landamerki Auðkúluheiðar. Kröfulínan fylgir síðan gróðurmörkum í landi Forsæludalskvísla til

vesturs þar til hún kemur inn í land Grímstunguheiðar við Ströngukvísl. Þaðan liggur línan áfram til vesturs um Tröllagil og síðan norður með Litla Svínafelli með gróðurmörkum í því sem næst 600 metra hæð yfir sjávarmáli. Línan beygir til vesturs og fylgir sandbrún Stórasands.

Í kröfugerð landeigenda felst jafnframt krafa um afnotarétt þeirra í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, komi til þess að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Þá er sérstaklega mótmælt kröfugerð ríkisins sbr. greinargerð ríkisins 29. apríl 2013 og þess krafist að kröfu ríkisins um þjóðlendumörk verði hafnað.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

Af hálfu Húnavatnshrepps er gerð sú krafa að viðurkennd verði afréttareign jarða í Húnavatnshreppi að Auðkúluheiði. Eignarréttarkröfu þessari er lýst til þrautavara ef svo fari að óbyggðanefnd fallist hvorki á fullkominn eignarrétt, sem sé aðalkrafa, né afréttareign, sem sé varakrafa, sjálfseignarstofnunarinnar Auðkúluheiði, að heiðinni.

Af hálfu Húnavatnshrepps er gerð sú krafa að viðurkennd verði afréttareign jarða í Húnavatnshreppi að Grímstunguheiði. Eignarréttarkröfu þessari er lýst til þrautavara ef svo fari að óbyggðanefnd fallist hvorki á fullkominn eignarrétt, sem sé aðalkrafa, né afréttareign, sem sé varakrafa, sjálfseignarstofnunarinnar Grímstunguheiði og Haukagilsheiði, að heiðinni.

3.7 Kröfur sjálfseignarstofnunarinnar Grímstunguheiði og Haukagilsheiði og Húnavatnshrepps vegna Haukagilsheiðar og Lambatungna

Þess er aðallega krafist að viðurkennt verði að sjálfseignarstofnunin Grímstunguheiði og Haukagilsheiði hafi beinan eignarrétt að öllu landi Haukagilsheiðar og Lambatungna og að viðurkennt verði að heildarlandamerki þeirra séu þessi sbr. stofnskjal dags. 14. apríl 2008. (Að baki þess er útskiptingarafsal/kaupsamningur, dags. 8. ágúst 1883 sbr og landamerkjabréf Haukagils, dags. 29. júlí 1890) sbr. og uppdrátt með hornpunktaskrá er fylgir kröfulýsingunni: „Haukagilsheiði og Lambatungur eru austan við Bríkarhvísl og Álftaskálará eftir að Bríkarhvísl fellur í hana. Merki að norðan eru Ytri Skútalækur frá Álftaskálará meðan hann fellur beint úr vestri, þaðan frá vestur í Kleppukvísl og þaðan í Bergárvatn. Vesturmörk eru úr miðju Bergárvatni suður eftir sýslumörkum fram til Hraungarðs. Að sunnan eru fjórðungsmörk.“

Litið er svo á að í kröfugerðinni felist jafnframt krafa um fullkominn einkaafnotarétt þeirra í þjóðlendu innan merkja Haukagilsheiðar og Lambatungna, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, fari svo að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Til vara er þess krafist að viðurkenndur verði fullkominn eignarréttur þeirra að þeim hluta jarða þeirra sem er norðan línu sem dregin er á meðfylgjandi uppdrætti þannig: Í landi Haukagilsheiðar og Lambatungna liggur línan um Lambamannasandfell, til suðvesturs í gróðurmörkum Loks liggur varakröfulínan áfram sunnan við Lón uns hún kemur að landamerkjunum við Víðidalstungu skammt austan Glúmsflár.

Í kröfugerð landeigenda felst jafnframt krafa um afnotarétt þeirra í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, komi til þess að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Sérstaklega er mótmælt kröfugerð ríkisins sbr. greinargerð ríkisins 29. apríl 2013 og þess krafist að kröfu ríkisins um þjóðlendumörk verði hafnað.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

Af hálfu Húnavatnshrepps er gerð sú krafa að viðurkennd verði afréttareign jarða í Húnavatnshreppi að Haukagilsheiði og Lambatungum. Eignarréttarkröfu þessari er lýst til þrautavara ef svo fari að óbyggðanefnd fallist hvorki á fullkominn eignarrétt, sem sé aðalkrafa, né afréttareign, sem sé varakrafa, sjálfseignarstofnunarinnar Grímstunguheiði og Haukagilsheiði, að svæðinu.

3.8 Kröfur Landsvirkjunar

Landsvirkjun gerir *aðallega* kröfu til þess að viðurkennd verði og staðfest eftirtalin bein eða óbein eignarréttindi fyrirtækisins á hinu auglýsta landsvæði, sem einkum eru staðsett innan Auðkúluheiðar:

1. Vatnsréttindi (orkunýtingar-/fallvatnsréttindi) í Blöndu sem nýtt eru vegna Blönduvirkjunar og fyrirhugaðra virkjana á veituleið virkjunarinnar.
2. Réttindi vegna mannvirkja sem þegar eru fyrir hendi eða kunna síðar að verða reist til þess að hagnýta vatnsafl Blöndu frá miðlunarlóni virkjunar að Gilsárlóni og talin eru upp í fylgiskjali 1 og sýnd eru á yfirlitsuppdráttum 1–3 (fylgiskjöl 2–4). Er þá átt við fasteignir, mannvirki eða framkvæmdir sem slíkar auk eðlilegra lóðarréttinda sem þeim tengjast. Með eðlilegum lóðarréttindum er átt við ótímabundin afnotarétt af landi á meðan að virkjunin starfar.
3. Réttur til nýtingar vatnsréttinda til virkjunar á veituleið Blöndu frá efsta vatnsborði núverandi miðlunarlóns Blönduvirkjunar (Blöndulóns) í hæðinni 478 m y.s. að núverandi inntakslóns Blönduvirkjunar (Gilsárlóns) í hæðinni 410 m y.s.
4. Réttur til jarðvinnslu og nýtingar jarðefna í þágu virkjunar, í opinni námu neðan Blöndustíflu og námum sem nýttar hafa verið og sýndar eru á

meðfylgjandi námukorti (fylgiskjali 5). Gerð er krafa um að viðurkenndur verði ótímabundinn afnotaréttur.

5. Réttur til nýtingar vatns úr núverandi borholum vegna starfsemi Landsvirkjunar og reksturs virkjana, allt að 50 l/s. Gerð er krafa um að viðurkenndur verði ótímabundinn afnotaréttur. Sjá meðfylgjandi kort sem sýnir staðsetningu á borholum.
6. Trjágróður og önnur uppgræðsla á svæðinu, sem Landsvirkjun hefur staðið að. Sjá meðfylgjandi kort af uppgræðslusvæðum.
7. Afnotarrétt af afrétti fyrir búfénað, veiði, malarnám og nýtingu annarra réttinda sem fylgt hefur jörðinni Eiðsstöðum og fylgja ber, en kröfuna gerir Landsvirkjun sem eigandi jarðarinnar.

Þess er krafist að öllum kröfum ríkisins til réttinda Landsvirkjunar innan kröfusvæðis íslenska ríkisins verði alfarið hafnað og viðurkennt verði að Landsvirkjun eigi þar beinan eða óbeinan eignarrétt. Verði hins vegar talið að réttindin teljist hvorki til beinna né óbeinna eignarréttinda er þess krafist að viðurkenndur verði fullkominn afnota- og hagnýtingarréttur Landsvirkjunar að þeim réttindum svo sem verið hefur og kann að verða.

Til vara er þess krafist að Landsvirkjun haldi öllum þeim rétti sem fyrirtækið á og hefur átt innan kröfusvæðis íslenska ríkisins samkvæmt lögum, samningum, venju og hefð, til náttúrulegra auðlinda og nýtingu þeirra, innan svæðisins.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

4 GÖGN OG GAGNAÖFLUN

4.1 Inngangur

Í málinu hafa verið lögð fram skjöl nr. 1-16 ásamt undirskjölum eða samtals 731 skjal, auk 25 hliðsjónargagna. Sjá nánar fylgiskjal nr. III (skjalaskrá).

Gagna var ýmist aflað af málsaðilum eða óbyggðanefnd, á grundvelli rannsóknarskyldu nefndarinnar. Gerð var leit að frumgögnum sem varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi á svæðinu, farið á vettvang og jafnframt teknar skýrslur af málsaðilum. Verður nú gerð nánari grein fyrir hverju þessara atriða.

4.2 Rannsóknarskylda óbyggðanefndar

Óbyggðanefnd ber að hafa frumkvæði að því að afla heimilda og gagna um eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem til meðferðar er og framkvæma rannsóknir og athuganir um staðreyndir og lagaatriði sem þýðingu hafa fyrir niðurstöðu í einstökum málum, sbr. 5. mgr. 10. gr. þjóðll., nr. 58/1998. Markmiðið er að tryggja sem best að rétt niðurstaða fáist um einstök álitaefni.

Á vegum óbyggðanefndar fór fram kerfisbundin leit að frumgögnum, prentuðum sem óprentuðum, sem líkur voru taldar á að varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem hér er til umfjöllunar. Könnun einstakra skjalaflokka skiptist á milli Þjóskjalasafns Íslands og óbyggðanefndar og grundvallast á „Yfirliti yfir frumgögn sem könnuð eru vegna rannsóknarskyldu óbyggðanefndar“. Yfirlit þetta hefur verið kynnt lögmönnum málsaðila og engar athugasemdir komið fram. Við samningu þess naut óbyggðanefnd ráðgjafar Gunnars Friðriks Guðmundssonar sagnfræðings og Bjarkar Ingimundardóttur og Jóns Torfasonar starfsmanna Þjóðskjalasafns Íslands.

Fyrirsvarsmönnum aðila í máli þessu var gerð grein fyrir því að þeir hefðu óskoraðan rétt til að fá upplýsingar um tilhögun gagnaöflunar á vegum óbyggðanefndar og afrit allra gagna. Jafnframt hafði óbyggðanefnd frumkvæði að því að upplýsa lögmenn um þessi atriði. Þeir gátu jafnframt bent starfsmönnum Þjóðskjalasafns eða óbyggðanefndar á gögn sem ástæða væri til að kanna eða afla. Rannsóknarskylda óbyggðanefndar dregur hins vegar ekki úr skyldu málsaðila til að afla og leggja fram þær heimildir og gögn sem þeir byggja rétt sinn á, sbr. 4. mgr. 10. gr. þjóðll. Lögmönnum/málsaðilum ber þannig að leggja sjálfstætt mat á gögn og gagnaöflun.

Þau frumgögn sem í leitirnar komu og talið var að þýðingu hefðu voru lögð fram jafnóðum við fyrirtökur í málinu. Um nánari framkvæmd gagnaöflunar vísast til skilbréfs Þjóðskjalasafns Íslands um þetta efni, skjal nr. 2. Um afraksturinn vísast til skjalaskrár, sjá fylgiskjal nr. III, þar sem skjöl Þjóðskjalasafns og óbyggðanefndar (þ.e. undir yfirnúmerum 2 og 4) eru flokkuð eftir efni og uppruna.

4.3 Vettvangsferð

Óbyggðanefnd skoðaði vettvang málsins miðvikudaginn 14. ágúst 2013, í fylgd með lögmönnum aðila og tilteknum málsaðilum. Staðkunnugir önnuðust leiðsögn. Jafnframt var með í för starfsfólk óbyggðanefndar.

Lagt var af stað frá Laugarbakka í Miðfirði og ekið eftir þjóðvegi nr. 1 að afleggjara vegs nr. 722, Vatnsdalur. Farið var inn Vatnsdalinn að vestanverðunni inn að Grímstungu. Ekinn var slóði vestur upp af Grímstungubænum upp með Álkugili. Numið var staðar á Sýrvatnsási í góðu skyggni og kennileiti skoðuð sem og lega kröfulínu ríkisins um Bótarfell (pkt. nr. 7). Ekið var áfram yfir Sýrvatnslæk en um hann liggur hluti kröfulínu ríkisins á milli pkt. nr. 11 og 12. Land var mosa- og lyngvaxið.

Ekið var áfram fram heiðina og til austurs slóða að afleggjaranum að Galtarvatni við Refkelsvatn og farið yfir kennileiti í góðu skyggni. Farið var inn að Öldumóðuskála þar sem farið var yfir staðhætti og tilhögun smölunar með aðilum. Ekinn var sami slóði til baka og farið áfram lengra til vestur inn á afleggjarann að Álkuskála að Bríkarkvísl og farið yfir legu og staðhætti Lambatungna á Haukagilsheiði. Farið var aftur inn á veginn sem liggur suður Grímstunguheiði inn á Stórasand að gróðurmörkum við Bríkarkvíslar- og Öldumóðukvíslardrög sem liggja rétt sunnan við varakröfu gagnaðila íslenska ríkisins. Skörp skil voru í landslagi við Stórasand þar sem gróðurmörk eru. Norðan varakröfu gagnaðila íslenska ríkisins var samfelldur mosa- og lynggróður en sunnan hennar einkenndist land af gróðursnauðum, stórgrýttum melum og vatnafar þrýtur. Farið var upp á Grettishæð hvar sá vítt yfir í góðu skyggni. Sá í Blöndulón og vel yfir gróðurlausa mela og ása Stórasands. Ekin var sama leið til norðurs í Vatnsdalinn heim að Hvammi í Vatnsdal þar sem farið var yfir ferðir fjár um Vatnsdalsfjall yfir í Sauðadal um Hjallaskarð. Að því loknu var ferð fram haldið norður Vatnsdalinn á þjóðveg nr. 1 og farið suður veg nr. 724, Húnavellir, eftir slóða sem liggur inn í Sauðadal. Þar voru staðhættir og kennileiti eru skoðuð með heimamönnum. Farinn var sami slóði til baka út á veg nr. 724, Húnavellir, sem ekinn var suður inn á veg nr. 726, Blöndudalur/Auðkúluvegur. Farið var inn á veg nr. 727, Svínadalur, og hann ekinn þar til kom að slóða sem liggur til vesturs upp á Helluvörðuás. Þar var skoðuð lega kröfulínu ríkisins um Karyrðlingatjörn, pkt. nr. 3. Farið var til baka austur á Svínadalsveginn og haldið suður að Smalatjörn og ekið til austurs yfir á veg nr. 35, Kjalvegur, og hann ekinn til suðurs á Áfangafellshala. Horft var til Réttarhólsrústa sem liggja í bugðu við ármót Strönguvíslar, Fellakvíslar og Miðkvíslar þar sem þær renna saman og mynda Vatnsdalsá. Farið var áfram upp á Áfangafell og farið yfir staðhætti í góðu skyggni. Sá m.a. suður til Kráka, Lyklafells og Búrfjalla. Af Áfangafelli var farið suður í Áfanga. Þaðan var sama leið, vegur nr. 35, Kjalvegur, ekin til baka og farið austur yfir á veg nr. F576, Eyvindarstaðaheiði, upp á Reftjarnarbungu og lega kröfulínu ríkisins um Blöndulón skoðuð þar sem hún kemur úr ósum Blöndu í lónið norður í

Blöndustíflu. Farið var til baka inn á veg nr. 35 og ekið norður til Blönduóss þar sem vettvangsferð lauk.

4.4 Skýrslutökur

Við aðalmeðferð málsins gáfu eftirtaldir skýrslur og svöruðu spurningum óbyggðanefndar og lögmanna: Björn Magnússon formaður Sjálfseignarstofnunar Grímstungu- og Haukagilsheiðar; Jón Gíslason frá Hofi í Vatnsdal; Erlendur Guðlaugur fyrrverandi oddviti Torfalækjarhrepps vegna Sauðadals; Jóhann Guðmundsson frá Holti í Svínadal og Jón Gíslason stjórnarmaður í Sjálfseignarstofnun Auðkúluheiðar.

Að einstökum efnisatriðum í skýrslum aðila er vikið í úrskurði þessum, eftir því sem tilefni er til, en uppskriftir á þeim eru meðal gagna málsins.

5 SAGA LANDSVÆÐA

Hér verður í fyrstu greint frá elstu ritheimildum um landnám á svæði því sem til umfjöllunar er. Því næst verða raktar heimildir um einstaka landsvæði sem þjóðlendukrafa íslenska ríkisins í máli þessu nær til, að því leyti sem þær fjalla um afmörkun, eignarréttindi og nýtingu. Þar á eftir verður fjallað um jarðir og önnur landsvæði sem tengjast ágreiningssvæðinu vegna legu sinnar eða réttinda. Er þar að mestu fylgt tímaröð.[3]

5.1 Landnám

Um landnám í Húnavatnshreppi, hermir svo í *Landnámu*, talið frá vestri til austurs:

> Eyvindr sorkvir nam Blondudal.[4]
>
> [...]
>
> Eyvindr auðkúla hét maðr; hann nam allan Svínadal ok bjó á Auðkúlustodum, en Þorgils gjallandi bjó at Svínavatni, er út kom með Auðuni skokli.[5]
>
> [...]
>
> Þorbjorn kólka hét maðr; hann nam Kólkumýrar ok bjó þar, meðan hann lifði.[6]
>
> [...]
>
> Hvati nam út frá Mógilslæk til Giljár ok bjó á Hvatastoðum.[7]
>
> [...]
>
> Jorundr ‹háls› nam út frá Urðarvatni til Mógilslækjar ok bjó á Grund undir Jorundarfelli; hans son var Már á Másstoðum.[8]
>
> [...]
>
> Ingimundr [hinn gamli] nam Vatsdal allan upp frá Helgavatni ok Urðarvatni fyrir austan. Hann bjó at Hofi ok fann hlut sinn, þá er hann gróf fyrir ondvegissúlum sínum.[9]
>
> [...]
>
> Friðmundr nam Forsæludal.[10]

[3] Þessi kafli er byggður á greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands, sbr. skjal nr. 13. Þó hefur verið felld út eða stytt umfjöllun um heimildir sem ekki þykja hafa þýðingu fyrir úrlausn málsins.
[4] *Íslenzk fornrit* I, Íslendingabók-Landnámabók, síðari hluti, (1968), bls. 219, 223-224.
[5] *Íslenzk fornrit* I, Íslendingabók-Landnámabók, síðari hluti, (1968), bls. 223.
[6] *Íslenzk fornrit* I, Íslendingabók-Landnámabók, síðari hluti, (1968), bls. 223.
[7] *Íslenzk fornrit* I, Íslendingabók-Landnámabók, síðari hluti, (1968), bls. 219.
[8] *Íslenzk fornrit* I, Íslendingabók-Landnámabók, síðari hluti, (1968), bls. 219.
[9] *Íslenzk fornrit* I, Íslendingabók-Landnámabók, síðari hluti, (1968), bls. 219.
[10] *Íslenzk fornrit* I, Íslendingabók-Landnámabók, síðari hluti, (1968), bls. 219.

5.2 Sauðadalur

Máldagar Auðunar biskups rauða Þorbergssonar fyrir Hólabiskupsdæmi frá árinu 1318 herma, að Hjaltabakkakirkja hafi átt selför í Sauðadal.[11]

Í máldögum nokkurra kirkna í Hólabiskupsdæmi, eftir registrum Egils biskups frá árinu 1394, kemur fram að kirkjan á Hjaltabakka eigi selför í Sauðadal.[12]

Þann 1. febrúar 1369 seldi Snorri Torfason Jóni Jónssyni Hof í Vatnsdal fyrir Vatnsenda og Hálsa í Skorradal með skógi og tilgreindum ítökum. Þeirra á meðal var reitur í Sauðadal.[13]

Í kaupbréfi fyrir Hofi í Vatnsdal, Vatnsenda og Hálsum í Skorradal, dagsettu þann 31. janúar 1399, kemur fram að meðal ítaka Hofs sé reitur í Sauðadal.[14]

Í jarðaskiptabréfi, dagsettu þann 7. október 1563, hvar skipt er hálfu Svínavatni og hálfum Kárastöðum við Dálkstaði, kemur fram að ítök sem Svínavatn á í annarra manna löndum, sé allur geldfjárrekstur á Sauðadal.[15]

Á sextándu, sautjándu og átjándu öld vitna máldagabækur og vísitasíugjörðir um að kirkjan að Másstöðum eigi selför á Sauðadal. Í máldagabók Guðbrands biskups Þorlákssonar, frá því eftir 1590, kemur fram að kirkjan á Másstöðum eigi selför á Sauðadal.[16] Árin 1693, 1700, 1716, 1749 og 1781 kemur fram í vísitasíugjörðum kirkjunnar að Másstöðum, að hún eigi selför á Sauðadal.[17] Í vísitasíu í kirkjunnar að Másstöðum þann 21. júlí 1790 er þess ekki getið að kirkjan eigi selför á Sauðadal.[18]

Í vísitasíum að Hjaltabakka, árin 1716, 1750, 1758 og 1833 kemur fram, að kirkjan að Hjaltabakka eigi selför á Sauðadal.[19]

Í kafla um Giljaá, eða Giljá, í Vatnsdalshreppi fremri, segir eftirfarandi í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá árinu 1706:

> Eigendur eigna jörðunni x hndr. land í Sauðadal, og so segir almenningsrómur.[20]

Í umfjöllun um Hof í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá árinu 1706 segir:

> Reit á jörðin á Sauðadal, en hvorjum gripum til beitar er ekki skýrlega ákveðið.[21]

Í kafla um Stóru Giljaá, eða Stóru Giljá, í Torfalækjarhreppi, segir eftirfarandi í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá árinu 1706:

---

[11] Skjal nr. 2(78).
[12] Skjal nr. 2(82).
[13] Skjal nr. 2(80).
[14] Skjal nr. 2(85).
[15] Skjal nr. 2(86).
[16] Skjal nr. 2(161) a-b.
[17] Skjöl nr. 2(162) a-b, 2(163) a-b, (164) a-b, 2(166) a-b og 2(136) a-b.
[18] Skjal nr. 2(312) a-b.
[19] Skjöl nr. 2(165) a-b, 2(167) a-b, 2(168) a-b og 2(169) a-b.
[20] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VIII, Húnavatnssýsla, bls. 295.
[21] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VIII. Húnavatnssýsla, bls. 296.

> Afrjett eigna eigendur jörðunni á Sauðadal, en margar jarðir kalla það selstöður sínar; það er ekki reynt með lögum hvörjir rjettast hafi, og er þeim unt sem til kalla að reyna sinn rjett.
>
> Selstöðu fyrir sjálfa sig, geldfjárgáng allan um sumur og hrossa og nauta beit hefur jörðin átölulaust á Sauðadal. Um tilkall annara manna, hvort sem það áhrærir selstöður eður önnur ítök, lambaupprekstur eður þvílíkt annað, kveðst ábúandi afsaka sig til að svara og vísar því til landsdrottins, so hann megi þetta alt að lögum reyna, en lambatolla fyrir brúkan þeirra, sem á Sauðadal hafa rekið í næstu 2 ár, kveðst Sigurður Einarsson [þá ábúandi á Stóru Giljá] af fleiri þeim uppborið hafa. [...] Grasatekju hefur og jörðin á Sauðadal. Berjalestur má telja þrotinn. [...] Mánaðarbeit eigna menn jörðinni í Kringlulandi fyrir sauðfje alt frá Stóru Giljaá um vetur.[22]

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá árinu 1706 kemur fram að Beinakelda sé hjáleiga og afbýli frá heimajörðinni Stóru-Giljá. Þar segir ennfremur:

> Afrjettartolla af Sauðadal fær þessi afbýlismaður öngva. [...] Hagabeit hefur hann óskammtaða frí í Stóru Giljár landi og á Sauðadal.[23]

Í umfjöllum um Hjaltabakka í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá árinu 1706 kemur eftirfarandi fram:

> Selstöðu á staðurinn á Sauðadal.[24]

Í umfjöllun um jörðina Kringlu í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá árinu 1706 segir:

> Það eru munnmæli, að þessi jörð eigi selstöðu á Sauðadal í Giljaárland, en Giljaá aftur mánaðarbeit um vetur og sex vikna beit um sumar. Beitina brúka Giljaármenn, en Kringlumenn ekki selstöðuna í lánga tíma; er og óvíst hvar selstaðan sje á Sauðadal.[25]

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá árinu 1706 segir um Akur:

> Selstöðu á jörðin á Sauðadal, að allra gamalla manna sögn, þar sem enn í dag heitir Akursel, og sjást glöggvar seltóftir.[26]

Í kafla um jörðina Hvammkot í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá árinu 1706 segir:

> Munnmæli eigna jörðinni selstöðu á Sauðadal og segja nokkrir þar sje enn kallað Hvammssel, en í hvörjum reit greina menn ekki skýrlega. Enginn minnist það hafi Hvammsmenn brúkað.[27]

[22] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VIII. Húnavatnssýsla, bls. 305-306.
[23] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VIII. Húnavatnssýsla, bls. 306-307.
[24] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VIII. Húnavatnssýsla, bls. 314.
[25] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VIII. Húnavatnssýsla, bls. 307-308.
[26] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VIII. Húnavatnssýsla, bls. 308.
[27] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VIII. Húnavatnssýsla, bls. 301-302.

Í umfjöllun um jörðina Svínavatn í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá árinu 1706 segir:

> Geldfjár upprekstur, fyrir geldfje sitt alt, eigna menn jörðinni á Sauðadal frí.[28]

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá árinu 1706 kemur eftirfarandi fram um Stóra Búrfell:

> Geldfjár upprekstur á Sauðadal eigna menn jörðinni frí, en nú heimta Giljármenn toll fyrir og gelst hann í nokkur ár.[29]

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá árinu 1713 segir um Mársstaði:

> Selstöðu á Sauðadal, þar sem heitir Márstaðasel og Márstaðalækur, hún hefur um lángan tíma ekki brúkuð verið, og er yfir máta lángt og erfitt til að sækja.[30]

Í kafla um Þingeyrarklaustur segir svo um afrétt í Sauðadal í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá árinu 1713:

> Afrjett, sem klausturhaldararnir að fornu brúkuðu á Sauðadal, meðan Giljá lá undir klaustrið, er nú eignuð Giljá.[31]

Í jarðabók Þingeyraklausturs frá árinu 1760 kemur m.a. fram að Þingeyraklaustur eigi selstöðu á Sauðadal. Einnig kemur fram að Giljá eigi þar mánaðarbeit að vetri og 6 vikna beit að sumri. Þar segir:

Tingöre Closter

> Selstade paa Soydedal imod maaneds vinter og 6 ugers sommerbeed i dette land fra Gilliaa.[32]

Í jarðabók Þingeyraklausturs frá árinu 1760 kemur m.a. fram að Akur eigi selstöðu á Sauðadal. Þar segir m.a.:

Akur

[...] Selstade paa Soydedal.[33]

Þann 5. júní 1766 lögfesti séra Rafn Jónsson Hjaltabakkakirkjuland, sér til allra leiguliðanota. Landamerkja og ítaka er getið, þ.m.t. selför í Sauðadal. Lögfestan var upplesin fyrir manntalsþingum á Torfalæk 6. júní 1766, 20. júní 1777, 10. júní 1786, 25. maí 1792 og 5. júní 1795. Hún hljóðar svo:

Copie

[28] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VIII. Húnavatnssýsla, bls. 336.
[29] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VIII. Húnavatnssýsla, bls. 338.
[30] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VIII. Húnavatnssýsla, bls. 263.
[31] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VIII. Húnavatnssýsla, bls. 249.
[32] Skjal nr. 2(77).
[33] Skjal nr. 2(77).

> Jeg Rafn Johnson lögfesti hér í dag mér til allra leigulida nota í hendur feingid Hjaltabakka kyrkjuland liggjandi í Torfalækjar Repp innan Hunavatns syslu, ad öllu því leiti sem mér ber fyrir ad svara, med tödum og eingium, reka, hryshögum, vötnum og veydistödum, samt öllum landsnitium, sem greindu Kongel. Mai[ts] Beneficio fylgir og fylgt hefur til ytstu ummerkja er adrir menn i moti eiga, ad þessum landamerkjum tilteknum; alt heimaland Stadarins med Kleifakote svo kölludu til efre Kleifa ad nordaustanverdu sem blandu rædur, þadan i efra Ósamunna götur rietsynis sudur ad Þuridar Kjeldu og Krókhil; Sydan rædur Laxáa landi ad sunnan vestur á Sand. Lögfesti eg hérmed alla Hrutey, Selför í Saudadal, ásamt alla Selaveidi i Húnavatns ósi upp til Brandaness, eirnenn allan reka frá Blöndu ósi móts vid Giliármenn, item: alla hálfa veidi, bædi Sela, Silunga og laxa i Blöndu ósi og Blöndu alt til efri Kleifa. Lögfesti eg nu hér greindar Hjaltabacka kyrkju eignir og ítök ad ordfullu og lögmáli réttu þad framast mér lög leyfa og lagaréttur kann tilstanda. Fyrirbýd eg hvörjum manni greint Kyrkjunnar og Stadarins land ad yrkja, beita, brúka edur nokkrar gagnsemdir af ad hafa undir þær sektir sem lög framast ákveda, og ég má ad lögum fyrirbjóda, nema eg ljái leifi edur leigi. En sié sá nokkur (mót von minni) sem þessa mína lögfestu vilji átelja, þá býd eg þeim sama ad leggja henni fimtarstefnu á móti, annars stendur hun sem lög leifa. Vitna eg þar fyrir oftnefnda lögfestu til nærstaddra dánumanna er hana heyra lesna.[34]

Í prófastsvísitasíu að Hjaltabakka þann 21. júni 1768, kemur fram að Hjaltabakki eigi selför á Sauðadal.[35]

Í prófastsvísitasíu að kirkjunni að Másstöðum, þann 5. október 1781, kom m.a. fram að kirkjan þar ætti selför á Sauðadal.[36]

Kirkjan á Hjaltabakka var vísiteruð af prófasti þann 14. júli 1785, og kom þá m.a. fram að hún ætti selför á Sauðdal. Þar segir:

> Af 2 Kyrkiunnar Kug. er þad eina effterlifande, annad nefnel. ásaudur, i Pestenne fallenn Kyrkiann beheldur sinum Eygnum ödrum. Hun ä alt Heimaland alt ad Klifum. Alla Rutey. Selför i Saudadal. Nu ä Kyrkiann Itólulaust Hálfa Laxveide i Laxaa effter kongl. Mayts Nádarbrefe under 27da Martii 1775.[37]

Á manntalsþingi, höldnu að Ási þann 15. maí 1793, var upplesið skjal frá Helgu Jónsdóttur á Giljá, þar sem hún fyrirbauð alla hrossagöngu á Sauðadal. Eftirfarandi var fært til bókar:

> 5. Var upplesed skial fra M(adam)e Helgu Jonsd. á Giliá, hvar í hun fyrerbydur hrossa gaungu á Saudadal, dat. 12. hujus [þ.e. sama mánaðar]. Her uppá svara Fremre Vatnsdælingar, ad ef þeir ecke fáe ad nota ser Saudadal

[34] Skjal nr. 2(184) a-b.
[35] Skjal nr. 2(135) a-b.
[36] Skjal nr. 2(136) a-b.
[37] Skjal nr. 2(137) a-b.

> fyrerbióde þeir alla gaungu og beit afrettarfiár af Saudadal i sinum heimalöndum, qvartande yfir ad þad i 100 tale fare her nidrí dalen, og jafnvel se sokt þangad af Svindælingum og Asamönnum, er reke oft sveitar folks lömb og fe hedan, þvi til stórs omaks og ogreida.[38]

Í jarðamatinu 1804 kemur fram að jörðin Svínavatn eigi selstæði á Sléttárdal og afrétt í Sauðadal fyrir eigin lömb og sauði. Þar segir:

> Gaarden har ubetydelig forellefangst [silungsveiði]. Selstade paa Sljettaurdal, afret paa Söidedal for Jordens egen Lamme og Beder.[39]

Í jarðamatinu 1804 kemur fram að jörðin Akur eigi selstæði í Sauðadal.[40]

Björn Bjarnason (1789−1859) á Brandsstöðum í Blöndudal tók saman annál yfir árin 1783−1858 sem kenndur er við bæ hans. Annállinn er til í eldri og yngri gerð og er talsverður orðamunur og þ.a.l. einhver efnismunur á gerðunum tveimur. Í annál sínum segir Björn við árið 1804:

> Nú var byggð upp Kúlurétt niður við Litladalsá og aukinn upprekstur á Kúluheiði. Höfðu í mörg ár ei rekið á hana utan Blöndudalur að vestanverðu og frá Dölunum [Stóra- og Litladal], Kúlu, Rútsstöðum og Hrafnabjörgum, og réttuðu þessir við Blöndu hjá Eiðsstöðum. Útsveitin rak á Sauðadal, Svíndælir að Geirhildarkirkju. Gengu þeir og Ásamenn Sauðadalsfjöllin og fram fyrir Engjalæk og réttuðu í Giljárrétt fremri. Hafði Ólafur Tómasson stúdent á Giljá lambatolla marga, en nú kallaði séra Jón [Jónsson á Auðkúlu], nýbúinn að fá brauðið, eftir upprekstri á Kúluheiði, og litlu síðar fóru allir Ásamenn að reka á heiðina. Ár þetta fór Oddur [Stefánsson] notarius frá Þingeyrum að Giljá og deyði þar, og féll þá niður upprekstur á dalinn, er góðkunnur vinur margra, Ólafur, fór að Þingeyrum.[41]

Í eldri gerð Brandsstaðannáls segir á sama stað:

> Eftir brunafellinn [Skaftáreldar 1783-1784] aflagðist upprekstur á Kúluheiði. Fóru þá allir í Tindaþingsókn að reka á Sauðadal, en þegar fé fjölgaði, fóru fáeinir að reka á heiðina, svo sem á Langamýrunum og þar fyrir framan, Stóra- og Litladal, Kúlu og Hrafnabjörgum. Þessir fáu menn gátu gengið heiðina. Ekki sendu þeir ónýtasta manninn frá sér til þess, heldur trúðu sér bezt og fóru því sjálfir. Hinir allir dembdu fé sínu á Sauðadal. Þar gekk það í örtröð, varð ullarljótt og rýrara en af heiðinni. Verri heimtur, því bítir var þar, og jafnvel að sumir væri hræddir við ómilda. Nú var séra Jón fyrri orðinn prestur á Kúlu í góðri vinsemd við alla, og að hans bón ráku nú allir Svínavatnshreppsmenn og nokkrir af Ásum á Kúluheiði og byggðu rétt nýja við Litladalsá að vestanverðu, því gamla réttin var aflögð og orðinn þar grænn flötur, skammt upp frá kvíslinni, en Kúluheiðarmenn drógu áður sundur við

[38] Skjal nr. 2(204) a-b.
[39] Skjal nr. 2(74).
[40] Skjal nr. 2(74).
[41] Björn Bjarnason, *Brandsstaða annáll.* Reykjavík 1941, bls. 47-48.

> Blöndu. En Giljárrétt, sem var við ána skammt fyrir ofan veginn, fór nú að niðurleggjast. Kvíslamenn réttuðu í rananum framan Forsæludal, en nú var farið að rétta í Tungu heima við túngarðinn og færikvíarnar áfast við heimaréttina. Þangað fóru 6 Svínadalsmenn og höfðu Kvíslagöngur. Sauðadalsmenn fóru og svo að reka fá fram að Tungurétt. Í Grímstungu var réttað út við garðinn dilklaust. Drógu Þingmenn út stund, þá Vatnsdælingar aðra stund, svo þeir austan yfir ána hina stund og Kvíslamenn í fjórða lagi. En í Tungu var líkt. Gerðust dilkar af færikvíum, þá rýmdist í réttinni, og gekk þar hálfu fljótara og fé þar miklu meira, en þar var dregið út í tvö söfn undireins og Bjarni í Tungu [Bjarni Steindórsson í Þórormstungu] árvakur og ötull foringi og hans fylgjarar.[42]

Við prófastsvísitasíu og prestaskipti að Hjaltabakka þann 7. júní 1807, kemur fram að lítið skjallegt sé varðveitt um réttindi og hlunnindi kirkjunnar meðal skjala hennar, en rétt eigi hún þó til selfarar á Sauðadal. Þar segir:

> Þad litid af Prestakallinu tilheyrandi Skiölum sem ahærir þess hlunnindi og Riett bædi til Lax- og Selveydi i Blonduósi, Selveidi i Húnavatns ósi, og Laxveidi i Laxá, samt Selfarar á Saudadal er fanst i Sterbuinu, var Stadarhaldaranumm afhendt.[43]

Í lögfestu Jóns Jónssonar fyrir Hvammi í Vatnsdal, sem dagsett er þann 29. maí 1810 og var lesin upp á manntalsþingi degi síðar, er minnst á að Hvammur eigi landamerki til móts við ótilgreinda menn er eiga land á Sauðadal. Þar segir m.a.:

> Jeg underskrifadur Logfeste hérmed Þíngeyra Klausturs Jordena og mijna ábýlisjord Hvamm í Vatnsdal. [...] Logfeste eg sunnan til í tóft þá er stendur sydst i Stóranesinu, og þadann beint uppí Sydre grenjaklettaenda, ad nordannverdu rada Birgisteinar á Hjallanum og þadan Sjónhendíng vestur í Vatnsdalsá, nordann til vid Hnapphólman, frá Birgisteinum og grenjaklettaenda á Fjall austur til móts vid þá menn er Land eiga á Saudadal, enn ad nordanverdu skilur Vatnsdalsá. [...][44]

Þann 18. ágúst 1813 var haldið uppboð á nokkrum jörðum Þingeyraklausturs. Var þá m.a. jörðin Akur seld og tekið fram að hún tileinki sér selstöðu á Sauðadal.

> 38. Akur, tillægges i Jordebogen Selstade paa Saudadal, og et Engestykke paa Vatnsdalsöer, kaldet Akursholme. [...][45]

Þann 13. júní 1818 var haldinn lögregluréttur um upprekstur og fjallgöngur Torfalækjar-, Svínavatns-, Ass- og Sveinsstaðahreppa. Bæjum var úthlutaður afréttur til upprekstrar svo rekstur yrði sem skemmstur. Ákvörðunin var lesin upp á manntalsþingi að Tindum þann 30. maí 1836:

[42] Björn Bjarnason, *Brandsstaða annáll.* Reykjavík 1941, bls. 48-49 neðanmáls.
[43] Skjal nr. 2(138) a-b.
[44] Skjal nr. 2(64) a-b.
[45] Skjal nr. 2(93) a-b.

Politie Rettar Atest

Um 3 heidarlondinn

Af 1818 – Lit A

Árid 1818 þann 13. Junii hiellt Sysslumadur Jón Jónsson einn Politie Rétt á Beinakelldu, med underskrifudum Logteknum Vitnum, til ad giora eptir begiering ályktun um Upprekstur og Fiallgaungur fyri Torfalækiar-Svínavatns-Ass- og Sveinsstada Hreppa. Voru hier til stadar Hlutadeigendur til þeirra Heida og Fiall Landa, sem upp frá Hreppunum liggia, ásamt med Hreppstiórunum i nefndum Hreppum. Frammlagdi svo presturin Sira Jón Jónsson Hierads Þíngsdóm af 9. Junii 1758, ad Audkulustadar Heidi skuli þiena fyrir Log Afriett Svínavatns- og Torfalækiar-Hreppa Jnnbyggiurum, hver Alyktan á, sem óhnekkt, vid Makt ad standa, Þad er ad sonnu uppastadid af nokkrum Torfalækiar Hrepps Jnnbúum, ad þeir megi reka fie sitt á Saudadal, enn af Egendum þessa dals lagt i Réttarins valld, ad álykta þarum, eptir því sem hann finnur Almenníngi hentugast. Nú vyrdist þad ad ef einn eda fleiri fengiu eda tækiu sier Leyfi þar til, þá mundu Lángtum fleiri, helst af Nábúum i nærliggiandi Hreppum, breyta eptir þeim, og orsaka þannig stóra Óreglu; Þessvegna ályktar Rétturinn: Ad nefndur Saudadalur egi einganvegin ad brúkast fyrir gelldfiár Log-Afriett.

Þad er Hlutadegenda Vilie, ad hver Lietti undir med ödrum, med Upprekstur og Fiallskil, enn nú ályktad eptir sameginlegu Undirlagi, ad frá eptirskrifudum bæum skuli rekast á þessi Pláts: [...]

Á Kuluheidi ega ad reka: Allir bæir i Svínavatns Hrepp, og af Ásunum: Kolldukinn, Smirlaberg, Hurdarbak, Kagarhóll og Reykir.

Þetta Hlutadegendum til hægdar, svo ad sem skemst verdi leidin. Þeir af Hlutadegendum sem ega 1^{c} [hundrað] Fiar ad Lömbum medtoldum i afriett, skyldast til ad lata til 2 Menn i gaungur. Annars ega Hreppstiorar ad rádstafa Fiallgaungum eins sem odru ad fiallskilum Lútandi og hinir ad Hlýdnast þeirra skipunum, undir vidliggiandi Sektir. Þad er siálfsogd Skylda þeirra, sem ega eda Umrad hafa yfie Afréttunum, ad Hreinsa edur Láta Hreinsa þær vel og trúlega. Vitanlegt er, ad Sekt mót Hreppstióranna Logmætum Skipunum er hálf Mork, eda 1rd Sp: ad af ádurtoldum bæum verdi árlega tekin nægilegur fólks fioldi til ad Leita Saudadalin, skal vera undir Hlutadegandi Hreppstióra Rádstöfun, eptir ásigkomulagi, nú og sidar.

Actum ut supra

J. Jónsson

Jón Ólafsson, Sigurdur Þórarinsson

Rétt eptir Húnavatns Sýsslu Justitz Protocol, test^{r} J. Jónsson

Til

> Hreppstiorans Sgr. O. Biornssonar á Beinakelldu, Sgr. Þorleifs Þorkelss. á Stóradal, Prests Síra Jóns Jónssonar á Audkúlu, Prests Síra Sigvallda Snæb:s: á Grímstúngu, Hreppst: Sgr. Jóns Jónss: á Hvammi, og H[ra] Administr. B. Olsen.
>
> Lesed fyrer manntalsþíngs Rette á Tindum þann 30[ta] Maii 1836, og þínglysingin borgud med 36[s], skrifa Þrjátíu og sex Ríkisbánka skildingum Sijlfurs.
>
> Blondahl.[46]

Á manntalsþingi, höldnu að Breiðabólstað þann 5. maí 1819, var lesið bann áhrærandi brúkun á Sauðadal til hrossabeitar og grasatekju. Banninu mótmælti Björn Ólsen klausturhaldari á Þingeyrum vegna jarðanna Brekku og Hnausa, einnig bóndinn á Márstöðum og eigendur á Hjallalandi og Grundarkoti. Í sama máta um klausturjarðanna selstöður á dalnum, að þeir fái að halda þeim. Í dómabók sýslumanns, var eftirfarandi fært til bókar:

> 5. Lesed forbod hr(epp)stjóra Olafs Biörnssonar og Stud. Benedicts Jonssonar af 1. þ. m. áhrærandi brúkun a Saudadal til hrossabeitar og grasatekju. Þetta forbod protesterar Administrator Olsen vegna Jardanna Brecku og Hnausa fyrer vestan ána, í sama mata bondinn á Marstödum og Eigendur á Hiallalande og Grundarkote. J sama máta um klausturjardanna selstödur á Dalnum, sem ad fáe ad halda þeim ókreinktum.[47]

Í vísitasíu að Hjaltabakka, þann 25. október 1819, kemur m.a. fram, að kirkjan eigi selför á Sauðadal[48] og tæpum 5 árum síðar á kirkjan enn selför í Sauðadal, samkvæmt vísitasíu þann 5. maí 1824.[49]

Þann 30. október 1820 mætti Ólafur Björnsson á Beinakeldu fyrir sáttanefnd á Auðkúlu bæði fyrir sína hönd og Benedikts Jónassonar stúdents á Stóru-Giljá. Þeir höfðu kært Kristján Jónsson á Snæringsstöðum fyrir að hafa:

> [...] farid á þessu Hausti framm á Saudadal, þeirra land, sem þeir brúki fyrir búsmala sinn og gelldkyndur, á hveriu Hausti, framm i Snióa, og eins nu, og tekid þadan tvo Saudi, sinn frá hverium þeirra, rekid þá fyrst vestur i Vatnsdal, sídan út á Saudadal, og Loksins Austur í Svínadal, og viliad ei sleppa þeim, nema hann fengi betalíng, Rixort fyrir Saudin, enn hafi halldid þeim, ýmist i Husi eda Höptum; líka muni hann hafa látid Hest sinn, einn eda fleiri, gánga i Sumar á tiedum Saudadal, i Þínglýstu Forbodi, hvad þeir segiast ei geta lidid bótalaust.[50]

[46] Skjal nr. 2(187) a-b.
[47] Skjal nr. 2(218) a-b.
[48] Skjal nr. 2(139) a-b.
[49] Skjal nr. 2(140) a-b.
[50] Skjal nr. 2(295) a-b.

Komist var að sætt sem ekki er útlistuð nákvæmlega í sáttabókinni en þeir féllu frá öllum kröfum á hendur Kristjáni og hann borgaði sáttanefndinni tilskilin gjöld.

Í prófastsvísitasíu að Hjaltabakka, þann 10. desember 1836, kemur eftirfarandi fram:

> Hún á eptir Audunnar Biskups allra nádugast authoriserada maldaga, allt heimaland, allt ad Kleifum; alla Rutey; Selför i Saudadal; öll fiski ad helmíngi i Laxá; alla Selveidi i Húnavatns ós; (um hvöria Selveidi kyrkjunni til heyrandi Dómur er geinginn 23ia Júlii 1810 ad Stórugilia) upp til Brandaness, Allann reka frá Blönduósi til móts vid Giljár menn; alla þá halfa veidi i Blönduósi, er liggur til Klifa og i Fridu 2 kúgyldi.[51]

Í sóknarlýsingu Hjaltabakkasóknar frá árinu 1839 skrifar séra Einar Guðbrandsson m.a. eftirfarandi í kafla um hlunnindi í sókninni:

> Fleira er ei brauðinu til hlunninda, nema ef telja skal selstöðu á dal einum, er Sauðadalur heitir, og hálfa veiði í Laxá, hvorugt notað í margra presta tíð hér.[52]

Í skýrslu Björns Auðunarsonar Blöndal sýslumanns Húnvetninga til hins íslenska bókmenntafélags, sem dagsett er 20. janúar 1840, segir eftirfarandi um Sauðadal í kafla um byggðarlög:

> Millum hans [þ.e. Vatnsdals] og Svínadalsins liggur Sauðadalur, sem er óbyggður, en á sumrin eru höfð sel í honum frá nokkrum bæjum.[53]

Í sóknarlýsingu Þingeyrasóknar frá árinu 1840 skrifar séra Jón Pétursson eftirfarandi um dali í sókninni:

> 8. Dalir. Aðaldalir eru hér náttúrulega engir, en einn afdalur gengur upp á milli Vatnsdalsfjalls og Reykjanibbu í suður. Hann er langur, grösugur og vel fallinn til selja. Nefnist Sauðadalur.[54]

Í sóknarlýsingu Þingeyrasóknar frá árinu 1840 skrifar séra Jón Pétursson eftirfarandi um selstöður í sókninni:

> Þessir bæir eiga selstöður og brúka: Þingeyrar fram undir Víðidalsfjalli. Stóragiljá fram á Sauðadal. Frá þessum bæjum er verið í seli frá fráfærum til gangna.[55]

Við úttekt Jóns Péturssonar prófasts vegna prestaskipta á Hjaltabakka, þann 27. júní 1841, kom eftirfarandi fram:

---

[51] Skjal nr. 2(141) a-b.
[52] *Sýslu- og sóknalýsingar Húnavatnssýslu 1839-1873* I, (1950), bls. 79.
[53] *Sýslu- og sóknalýsingar Húnavatnssýslu 1839-1873* I, (1950), bls. 2.
[54] *Sýslu- og sóknalýsingar Húnavatnssýslu 1839-1873* I, (1950), bls. 64.
[55] *Sýslu- og sóknalýsingar Húnavatnssýslu 1839-1873* I, (1950), bls. 67.

> Hún á eptir Audunnar biskups máldaga, allt heimaland, allt ad Klifum, alla Rútey, Selfor i Saudadal, öll fiski ad helmíngi i Laxá; alla Selveidi i Húnavatns ós, (um hvöria Selveidi kirkjunni til heyrandi Domur er geingin 23ia Júlii 1810 [1810, ofan línu] ad Stórugilja) upp til Brandaness. Allann Reka frá Blönduósi til móts vid Giljár menn, alla þá hálfa veidi i Blonduósi er liggur til Klifa og i Frídu 2 kúgildi.[56]

Ólafur Guðmundsson prestur á Hjaltabakka skrifaði Steingrími biskupi Jónssyni bréf 17. maí 1842 þar sem hann greindi frá þeim deilum sem hann hafði átt í við eigendur Stóru-Giljár. Bréf biskups er dagsett 2. júlí 1842 og má sjá af því hver umkvörtunarefni Hjaltabakkaprests voru. Hann greinir frá því að í máldaga Auðunnar biskups, og biskups- og prófastsvísitasíum frá 1750 sem færðar hafi verið inn í kirkjustól kirkjunnar komi fram að hún eigi selför á Sauðadal. Þrátt fyrir það þá hafi forveri hans, séra Einar Guðbrandsson sem þjónaði Hjaltabakka árin 1814−1841, ekki notað umrætt selland og það hafi hann sjálfur ekki heldur gert. Honum þyki hins vegar illt að kirkjan skuli missa sellandið sérstaklega þar sem menn í sveitinni hafi boðist til að taka það á leigu. Hann hafi hins vegar ekki þorað að taka því boði því hann hafði heyrt að eigendur og ábúendur Stóru-Giljár eigni jörðu sinni allan Sauðadal og vildu ekki leyfa nokkurri annarri jörð selför þangað sem hafi haft hana til forna. Hjaltabakkaprestur hafði af þessu tilefni skrifað eigendum og ábúendum Stóru-Giljár, þeim Ólafi Jónssyni hreppstjóra og Jóni Jónssyni, þann 20. apríl 1842 og spurt hvort þeir ætluðu eftirleiðis að meina kirkjunni að nota selstöðuna sem hún ætti samkvæmt máldögum. Þá krafðist hann einnig svars af þeim með hvaða rökum þeir hyggðust gera það. Hann fékk svar 10. maí 1842 þar sem m.a. eftirfarandi kom fram:

> [...] þar vid ekki vitum til ad nokkur þeirra presta sem verid hafa á Hjaltabakka í svo lánga Tíd sem vid höfum gétad tilspurt hafi gjört Tilkall til selfarar á Saudadal, eda nokkurrar þóknunar í því skini, þá sleppum vid eingu af tédum Dal til Hialtabacka kirkju, nema hún vinni þad med Dómi, þar vid álítum allan Saudadal Stórugilár Eign.

Hjaltabakkaprestur spyr biskup í framhaldi af þessu svari hvort hann eigi, kirkju sinnar vegna, að fara í mál við eigendur Stóru-Giljár. Ef svarið sé játandi þá óskar hann eftir staðfestri afskrift af máldaga Auðunnar biskups og biður Steingrím biskup um að sjá til þess að kirkjan fá gjafsókn til að reka málið fyrir dómstólum. Biskup segist eftir að hafa yfirvegað málið þá sýnist sér að kirkjan hafi fullan rétt til að halda selförinni á Sauðadal. Fyrir því færir hann eftirfarandi rök:

> Þad er af fleiru enn einu hægt ad bevisa ad Saudadalur hefir verid frá forntíd Eydipláts almenníngur og selstada frá fleirum bæum. Því Saudadals er gétid í Vatnsdælu Kaupinhafnar utgáfu 1812 pag. 64 hvar saudir Jngimundar á Hofi landnamsmanns fundust um vorid og géngu sjálfala úti. Í O. Olavii Reisubók K.h. 1780 p. 207 „Hialtebacke Præstekald vender mod S. imod Svina- og

[56] Skjal nr. 2(142) a-b.

> Saudadalene hvilken sidste er ubeboet skiönt der findes ypperlige græsgange“ og í Arna Magnússonar jardabók eru nokkrir bæir tilgreindir nefnil(ega) Hialtabacke Beneficium herlighed: „Selstade paa Saudadal“ Storagiliaa „alminding og Selstade paa Saudadal“ Svínavatn Litlabúrfell Stórabúrfell og Akur sem allar ega alminding paa Saudadal og máské fleiri. Synir þetta nóglega ad Stóragilá muni ekki ega allan Saudadal, enda er af ydar mótpörtum eingin astæda tilfærd fyrir því hvörsvegna þeir álíti allan Saudadal Stórugilár Eign, því ad þótt þeir ekki hafi gétad tilspurt ad prestar í lánga Tíd á Hialtabacka hafi gjört Tilkall til Selfarar í Saudadal eda nokkurrar þóknunar í því skyni, géfur þad þeim eingan rétt til ad eigna Stórugilá allan Dalin, á medan þeir ekki hafa nein heimildarskjöl ad framvísa er sanni þann Eignarrétt.

Biskup sendi Hjaltabakkapresti eftirfarandi skjöl með bréfi sínu: 1) útdrátt úr Auðunnar máldaga, 2) útdrætti úr biskupsvísitasíum á Hjaltabakka frá árunum 1716, 1737, 1750, 1758 og 1833, 3) lögfestu séra Rafns Jónssonar fyrir Hjaltabakka frá 5. júní 1766 sem lesin hafði verið upp á manntalsþingi á Torfalæk árin 1766, 1777, 1786, 1792 og 1795 og hafði aldrei verið mótmælt nema varðandi selveiði í Húnaós sem biskup taldi sanna að selförin í Sauðadal stæði óhnekkt og 4) útdrátt af vísitasíu Ludvigs Harboe biskups á Hjaltabakka 10. september 1744.[57] Biskup gat þess einnig að hann hefði lesið í bréfi til Geirs biskups Vídalíns, dagsettu 23. júní 1807, frá séra Halldóri Ámundssyni á Hjaltabakka, sem jafnframt var prófastur í Húnaþingi, að hann hafði líkast til þá um vorið lögfest eignir og ítök kirkju sinnar. Hann hvetur séra Ólaf að hafa upp á þessari lögfestu og sé hana hvorki að finna í kirkjustól né skjalasafni kirkjunnar þá megi leita til séra Halldórs sjálfs, þá á Melstað, og einnig athuga hvað hafi skráð verið í dóma- og þingbók sýslunnar. Biskup telur líklegt að í þeirri lögfestu hafi verið minnst á selförina í Sauðadal sem eign Hjaltabakkakirkju. Hversu mikið hann hafi notað selförina þann tíma sem hann þjónaði kirkjunni, þ.e. árin 1807−1814, mun séra Halldór sjálfur geta upplýst hann um en biskup telur ólíklegt að hann hafi látið hana ganga undan kirkjunni. Biskup segir að lokum að fyrst séra Ólafur geti ekki orðalaust gengið að selförinni á Sauðadal þá sé það skylda hans að bera bækur sínar saman við Giljármenn og reyna að fá þá til að samþykkja að hann sem kirkjuhaldari megi nota „[...] með frí og frjálsu Selförina á Saudadal [...]“. Takist það ekki þá hljóti hann að kalla þá fyrir sáttanefnd og ef ekki komist á sátt sem háyfirvöldin samþykkja, þá verði málið að fara fyrir dóm því hann megi ekkert láta undan kirkjunni ganga sem henni hafi tilheyrt og tilheyri með réttu. Gjafsókn verði hann hins vegar að sækja til amtmannsins í norður- og austuramti.[58]

[57] Þessi vísitasía Hjaltabakka frá 10. september 1744 hefur ekki varðveist. Það er aðeins ein vísitasíubók Ludvigs Harboe biskups varðveitt fyrir Hólabiskupsdæmi og spannar hún árin 1742-1743, sbr. *Biskupsskjalasafn*. Skrár Þjóðskjalasafns III. Reykjavík 1956, bls. 109.
[58] Skjal nr. 2(195) a-b.

Ári síðar skrifaði séra Ólafur á Hjaltabakka sáttanefndinni þann 17. febrúar 1843. Þar kemur fram að strax og hann tók við Hjaltabakka síðastliðið vor hafi hann gaumgæft kirkjustólinn og sá þar á innfærðum máldaga Auðunnar biskups og vísitasíum biskupa og prófasta að kirkjan ætti selför á Sauðadal. Honum þótti illt að nýta sér ekki sellandið ef það tilheyrði kirkjunni á annað borð en hann hafði heyrt að eigendur Stóru-Giljár eignuðu sér allan Sauðadal. Hann skrifaði þeim því bréf, dagsett 20. apríl 1842, og spurði hvort þeir myndu ekki leyfa honum að nota selsstöðuna sem kirkjan ætti á Sauðadal samkvæmt máldögum. Þeir höfðu hins vegar svarað því neitandi. En þar sem hann hvorki þorði né vildi láta umrætt selland ganga undan kirkjunni þá hafi hann snúið sér til biskupsins og spurt hann hvernig hann ætti að snúa sér í þessu. Biskup hvatti hann með bréfi, dagsettu 2. júlí 1842, að halda málinu til laga. Því óskar hann þess að sáttanefndin kalli þá Ólaf Jónsson hreppstjóra og Jón Jónsson, bændur á Stóru-Giljá, ásamt Jóni Jóhannessyni á Beinakeldu, sem sé við málið riðinn, fyrir sáttanefndina.[59]

Þann 27. febrúar 1843 mætti séra Ólafur Guðmundson á Hjaltabakka fyrir sáttanefndina sem haldin var á sama stað. Hann kærði Ólaf Jónsson hreppstjóra og Jón Jónsson, bændur á Stóru-Giljá og Jón Jóhannesson á Beinakeldu fyrir að viðurkenna ekki rétt kirkjunnar til selfarar á Sauðadal þrátt fyrir vitnisburð máldaga Auðunnar biskups, vísitasíur síðari biskupa og óátalda lögfestu séra Rafns Jónssonar sem var prestur á Hjaltabakka 1764−1807. Málspartar komust að niðurstöðu og gerðu með sér svohljóðandi samning:

> Ad þeir ákjærdu vilja til standa, ad Stadarhöldurum og Beneficiarius á Hjaltabacka skuli héreptir átólulaust frítt vera: siálfr ad hafa Selför á Saudadal, án þess þeir leigi edur eptirláti hana ódrum úti frá til brukunar; hvad Akiærandi lætur, fyrir sig og Eptirkomara sína, sér lynda, af Stiftinu vildi láta sér þóknast þad ad samþyckia, hvar um hann vill leita Þess háu Adqvæda. Enn þar hvergi finst tiltekid Pláts, og Menn vita ecki, [strikað yfir: til] hvar Selstædi á Saudadal frá Hjaltabacka ad fornu verid hafir, þá koma Málspartar sér nú saman um, ad þetta Selstædi skuli framvegis vera á enni svonefndu Tröllaeyri, edur þá máské lítid [lítid, ofan línu] utar, eptir sem vidkomendum kynni um ad semja; og er Þetta eins og hitt af klagaranum ljúflega tilstadid, uppa þad skilyrdi ad Stiftid siálft vilji þad samÞyckia.[60]

Málskostnaður til sáttanefndarinnar var látinn niðurfalla en ákærandinn greiddi kostnað stefnuvotta. Samningurinn var lesin upp fyrir málspörtunum og svo skrifuðu þeir nafn sitt undir hann.

Þetta mál átti þó eftir að rata aftur fyrir sáttanefnina því að fyrrnefndur samningur hafði ekki verið samþykktur af stiftsyfirvöldum. Ólafur Guðmundsson prestur á Hjaltabakka stefndi því Ólafi Jónssyni hreppstjóra og Jóni Jónssyni

[59] Skjal nr. 2(196) a-b.
[60] Skjal nr. 2(196) a-b.

eigendum Stóru-Giljár og ekkjunni Ósk Ólafsdóttir á Beinakeldu fyrir sáttanefndina þann 9. janúar 1844 á Hjaltabakka. Allir mættu nema Ósk sem sendi engar skýringar á forföllum sínum. Ekki var komist að niðurstöðu og því var málinu vísað til dómstólanna.[61]

Í prófastsvísitasíu að Hjaltabakka, þann 22. október 1843, kemur fram að kirkjan eigi:

> [...] eptir Audunar biskups máldaga, allt heimaland, allt ad Klifum, alla Rútey, Selför í Saudadal, öll Fiski ad helmíngi í Laxá, alla Selveidi í Húnavatnsós (um hvörja Selveidi kirkjunni tilheyrandi Dómur er geinginn 23 Juli 1810 ad Stórugiljá) upp til Brandaness, allann Reka frá Blönduósi til móts vid Giljármenn, alla þá hálfa veidi í Blönduósi er liggur til Klifa, og í frídu 2 kúgildi.[62]

Á manntalsþingi á Tindum, þann 25. maí 1846, var framhaldið selstöðumáli séra Ólafs Guðmundssonar á Hjaltabakka. Hann leiddi fram þrjú óstefnd vitni til þess að vitna um selstöðuna á Sauðadal. Lagðar voru nokkrar spurningar fyrir vitnin sem því miður fylgja ekki með en ráða má af svörum fyrsta vitnisins hvernig þær hafa hljóðað. Viðstödd yfirheyrsluna voru Jón Jónsson bóndi á Stóru-Giljá og ekkjan Ósk Ólafsdóttir á Beinakeldu. Fyrsta vitnið var Ólafur Björnsson á Litlu-Giljá, fyrrverandi hreppstjóri og sáttanefndarmaður en hann svaraði spurningunum sem lagðar voru fyrir hann með eftirfarandi hætti:

> Til 1. Aldrei á æfi minni þad eg géti til munad fyrren s$^{r.}$ Einar sál. Gudbrandsson gat um þad vid mig á seinni árum hans ad eptir Hjaltab(akka) máldögum ætti hún selstödu á Saudadal. Til 2. Eg hefi sem sagt ekkert heyrt um ad selid hafdi þar verid og því heldur ekkert um hvar þad skyldi hafa legid, og s$^{r.}$ Einar sagdist ekkert vita þad. Módir mín, sem ólst upp á Reykjum (sem liggur nærst Saudadal) og nú hefdi verid 117 ára g(ömu)l ef lifad hefdi og fór frá Reykjum 31 ára g(ömu)l og var þar líka hjá mér 12 ár í Elli sinni, var gagnkunnug mörgum örnefnum á Saudadal, nefndi aldrei Hjaltabakka sel, en hún nefndi þar Akurs sel. Til 3. Nei! ekki þad eg man. Deponenten tjáist verá 76ta aldursári og hafa búid allt í kríngum edr á nærstu jördum vid Saudadal nú í 47 edr 48 ár. Hann játar þad framan skr(ifad) rétt eptir sér bókad. Bóndi Jón Jonsson á Giljá bidur þetta vitni adspurt: Hafid þér heyrt nokkurt gamalt sel frá Giljá nefndt á Saudadal, fyrir utan þad sem nú er brúkad? Svar: Já, eg heyrdi annad nefndt ad sunnanverdu vid Mjóadalsá, og hitt ad nordanverdu vid Brunná og Mjóadalsár, selid vissi eg ad brúkad var af prestinum s$^{r.}$ Olafi Thomassyni og syslum(anni) Snorresen þegar þeir bjuggu á Giljá, og eg heyrdi Þorst(ein) Benediktsson sem fyrri en þetta bjó á Reykjum segja ad þar hefdi verid kallad sauda Giljár-Sel. Meira tjást

[61] Skjal nr. 2(311) a-b.
[62] Skjal nr. 2(143) a-b.

malspartarnir ei óska þetta Vitni adspurt og játar þad frammburd sinn rétt bókadan, dimitterad. –

Næst kom Guðmundur Helgason í Litla-Dal fyrir réttinn og svaraði hann þannig:

[...] N° 1. Eg man ekkert til ad eg hafi nokkurn tíma heyrt þad. N° 2 og 3 falla burt. Til 4, nei! Meira tjást málspartarnir ei hafa ~~heyr~~ ad óska þetta vitni adspurt og játar þad sinn frammburd rétt bókadan, dimitterad.

Loks var það Jósef Tómasson, sem kom fyrir réttinn og svaraði spurningunum sem fyrir hann voru lagaðar þannig:

[...] N° 1. Já! Til 2. Í ~~fremst~~ í fremmsta hvaminum millum Brunnaár og Mjóadalsár þar sem Olafur Björnsson á Giljá byggdi seinna sel þetta sagdi Ekkja Steinunn Jónsd(óttir) mér sem nú er dáin en hafdi uppalist á Stórugiljá, en af ödrum man eg ei til ad hafa þetta heyrt. Til 3. Já! Þar má sjá ~~þar~~ en vallgrónar Tóftarrústir auk þeirra seltópta sem Ólafur byggdi. Til N° 4. Nei! Ekki svo eg muni. – Meira tjást málspartarnir ei hafa ad bidja vitnid adspurt, og játar þad frammburd sinn rétt bókadan, dimitter.[63]

Á manntalsþingi, höldnu að Vindhæli þann 28. maí 1846, var framhaldið selstöðumáli séra Ólafs Guðmundssonar á Hjaltabakka. Þar leiddi séra Ólafur Jón Illugason í Höfðahólum (niðurseta) sem óstefnt vitni fyrir réttinn og gaf hann svohljóðandi vitnisburð um selstöðu Hjaltabakka á Sauðadal:

[...] Hann tjáist komid hafa 8 ara g(ama)l ad Storugilja og hafa verid þar í 17 ar. Hann er áminntur um ad segja sannleikan og sídar eptir sækjandans ósk adspurdur þeim undir N° 8 á Tindum þann 25ta þ. m. frammlögdu spursmálum og svarar hann til 1. Já! Eg heyrdi þad bædi af fóstra mínum Jóni sál. Arnbjarnars(yni) á Stórugiljá, Notaríus sál. Stephensen á Þingeyrum og S$^{r.}$ Rafni sál. á Hjaltab(akka). Til 2. Þar um hefi eg ekki heyrt neitt víst af neins Manns munni hvorki úngur né g(ama)l. N° 3 fellur burt. Sækjandinn bidur þetta vitni enfremur adspurt 3. Vissud þér til ad Hjaltab(akka) presturinn notadi nokkrut(íma) þessa selstödu. Svar: Ekki vissi eg til þess en eg man í þau 2 edr 3 ar sem Saudadalur var brúkadur fyrir afrétt þegar eg var á St(óru)giljá af öllum Asamönnum og Vatnsdælíngum framm ad Hvammsurð borgadi Hjaltabakka presturinn ekkert fyrir þad, og kvadst ei þurfa þess vegna Sellandsins sem hann þóktist hafa Tilkall til, en glöggt man eg ekki ad segja hvort hann rak þangad optar en þessi ár ellegar ekki. Til N° 4 Nei! Eptir þess Instefnda svaramanns ósk er vitnid adspurt: Hvad hafid þér heyrt ad Giljár heimaland nædi langt frammeptir Sauðadal? Svar: Mig minnir ad heimaland edr búfjárhagar Giljár nædu framm ad nærsta gilinu fyrir utan Urðarrétt.[64]

[63] Skjal nr. 2(94) a-b.
[64] Skjal nr. 2(95) a-b.

Selstöðumál Hjaltabakka kom aftur fyrir sáttanefnd á Steinnesi 28. apríl 1847 en þangað var því vísað af Stiftsyfirvöldum. Málspartar voru sem fyrr séra Ólafur Guðmundsson á Hjaltabakka ásamt prófasti og Jón Jónsson á Stóru-Giljá, auk talsmanns Óskar Ólafsdóttur eiganda hálfrar Beinakeldu og Benónýs Jósefssonar eiganda hins helmings Beinakeldu. Var gerður svolátandi samningur:

> [...] ad þott egendur Stórugiljár og Beinakéldu ekki vilji vidurkénna Hjalltabakka kirkju rétt til Selstödu á Saudadal, eda til nokkurs endurgjalds i því skyni, þá lofa þeir samt [strikað yfir, fyrir] til þess ad koma á gódmótlegri og sómalegri endalykt þessa máls – ad géfa Hjalltabakka kirkju þann rétt, til æfinlegrar eignar, ad núverandi Prestur á Hjalltabakka, og eptirmenn hans, Prestar þar, megi ega frýa og frjálsa Sumarhaga á Saudadal, so leingi Sumarsins sem þeir vilja, fyrir 10 - skrifa tíu - Hross – ad folöldum óreiknudum – sem Prestar egi sjálfir, edur heimilisfólk þeirra; og lofa velnefndir Egendur Stórugiljár og Beinakéldu fyrir sína tíd, ad vara þá, sem i Seljum kynnu ad vera á Saudadal, vid því ad reka til ógreida, eda brúka þau hross, er med nefndri heimild kynnu ad verda rekinn á Dalinn frá Hjalltabakka; einnin leýfa þeir, ad ef Hjalltabakka Prestar kynnu eitthvört Sumar ad hafa færri hross á Saudadal, enn hér er tiltekid, þá megi þeir aptur annad árid hafa þar þeim mun fleiri, ef þeir vidþurfi.[65]

Þessi sætt var tekin gild af Hjaltabakkapresti og prófasti uppá væntanlegt samþykki stiftsyfirvalda. Hún var lesin upp fyrir málspörtum sem samþykktu hana og skrifuðu nöfn sín undir.

Afrit af þessu sama skjali er samhljóða því hér að ofan að undanskildum eftirfarandi áritunum:

> Nærværende Forlag bliver herved aggrateret og Vedkommende have at drage Omsorg for, at det bliver thinglæst ved det Eiendomsværnething, hvarunder indbemeldte Saudadal hörer.
>
> Islands Stiftamthus og Laugernæs den 17. Juli 1847
>
> [...] H.G.Thordersen
>
> Þínglyst á Tinda Mantalsþíngi 12ta Mai 1848.
>
> Ókeypis. Arnesen.[66]

Á manntalsþingi, höldnu að Tindum þann 26. maí 1847, var lesin friðlýsing Stóru-Giljármanna á Sauðadal. Inntak hennar var ekki fært til bókar og er einungis getið um friðlýsinguna með eftirfarandi hætti í dómabókinni:

> 6. Lesin fridlýsing Stórugiljármanna á Giljár Engjum og Saudadal, dags. 22n þ.m.[67]

[65] Skjal nr. 2(298) a-b.
[66] Skjal nr. 2(146) a-b.
[67] Skjal nr. 2(205) a-b.

Á manntalsþingi, höldnu að Tindum þann 12. maí 1848, var þinglýst sáttagjörningi af 28. apríl f. á. milli Hjaltabakkakirkju og eigenda Stóru-Giljár og Beinakeldu vegna réttar kirkjunnar til selstöðu á Sauðadal. Þar segir:

> 12. Þínglýst sáttagjörníngi af 28da Apríl f. á. millum Hjaltabakka kirkju og eiganda Stórugiljár og Beinakéldu áhrærandi kirkjunnar rétt til selstödu á Sauðadal.[68]

Í kafla um Stórugiljá í jarðamatinu 1849 segir eftirfarandi um Sauðadal:

> [Á] honum [þ.e. Sauðadal] eru hagar góðir og víðlendir, er þar haft í seli frá Stórugiljá; á dal þessum standa fleiri sel frá öðrum bæjum, sem Stórugiljár og Beinakeldu eigendur taka borgun fyrir, þó hafa sjaldan verið þar í senn fleiri en 2 sel, auk þeirra sem eigendurnir [strikað yfir, vilja] brúka sjálfir; nokkrir bændur reka hross sín þangað, til hagagöngu á sumrum og borga tolla eigendum dalsins.[69]

Í jarðamatinu 1849 kemur fram að prestsetrið á Hjaltabakka eigi sumarbeit fyrir 10 hross í Sauðadal í landi Giljár. Þar segir:

> Jörðin á nú eptir sættasamníngi fyrir fáum árum sumarbeit fyrir 10 hross á Sauðadal í Giljárlandi.[70]

Um 1850 tók Björn Bjarnason á Brandsstöðum saman skýrslu um Kúluheiði. Í skýrslu þessari er m.a. fjallað um rekstur og göngur á Sauðadal. Þar kemur m.a. fram að allir í Svínavatnshreppi og Austur-Ásamenn hefðu á fyrri hluta 18. aldar rekið fé sitt á Kúluheiði. Hins vegar hafi Vestur-Ásamenn ýmist rekið á Kúluheiði, í Bótina eða á Sauðadal. Í kjölfar gífurlegs fjárfellis árin 1777−1778 og 1783−1784 lagðist upprekstur af. En þegar fé tók að fjölga á ný þá:

> [...] varð mestur upprekstur á Sauðadal, svo að ei ráku á Kúlu heiði utan Blönddælingr frá Dölunum, Kúlu og Hrafnabiörgum, og giörðu þessir 10 menn gaungr eptr fie sínu eins góðar og síðar þó 30 væri. Hinir allir ráku á Sauðadal, og giekk þar fie miög i örtröð um alda mótin þá þangað ráku 44 bændur, en tvíbíli voru þá valla til.

Í umfjöllum um göngur og réttir á Kúluheiði segir Björn:

> [...] altíð þurfti að leggia til helmíng af Kúluheiðar mönnum í Kvíslar og á Sauðadalin. Á þriðiud(ag) geingu þeir alla framheiðina að Sandá, og er það lángr áfángi, á miðv(iku)d(ag) til Riettar, og á fimtudag Riettað. Sauðadalur varð þá geingin fram eptr og fieð rekið að Kúluriett en Giliárriett aflögð. Dalin geingu ásamenn þeir fiár færri. Bændur sóktu helst siálfir fie sitt í Vatnsdalin, en meðan þeir 10 voru um Kúluheiði fóru þeir siálfir í gaungur og trúðu sier best, utan presturin sem og svo var ei mikill ferðamaður. Þegar fram úr skarandi velmeigun breiddist ifir Svínvetninga góðu ári eptr 1817,

[68] Skjal nr. 2(338) a-b.
[69] Skjal nr. 2(75).
[70] Skjal nr. 2(75).

> fiölgaði miög fie, og jókst tala Kúluheiðr gangnamanna alt að 30, afbili sættu þá meðfram Sauðdælinga göngum, og Kvíslamönum var fækkað frá 20 til 16. Vonda sumarið 1835 var viðtekin gangnafærsla sem síðan hefr haldist, að gaungr birji firir sunudagin i 22. viku, og nokkru síðar svo til breitt að Kvíslamenn gángi fiöllin frá Þiófadölum, en alt fie út á Öldur og þar með helft af Kvíslafie gangi að Kúlu Riett, en helftin ofan í Vatnsdal, sem þó er miög til óhægðar en fáum í hag. Flestalt Kvíslafie er af Kúluheiði, og þeir fáu Vatnsdælir sem reka í Kvíslar, verða að sækia sitt meiripart í Kúluriett, en siáanlegt er að haganlegast væri að draga sundr Kvíslafie og Sauðadals, við Þremundará, á þriðjudagin, svo sem fæst þirfti að reka ofan i aðra sveit til hraknings og firirhafnar.[71]

Þann 10. maí 1851 seldi bóndinn Benóný Jósephsson, Jósephi Skaptasyni lækni á Hnausum, eignar- og ábýlisjörð sína Beinakeldu í Torfalækjarhreppi. Í kaupbréfinu er tekið fram að með í kaupunum fylgi fjórði partur úr landi á Sauðadal sem jörðin eigi óskiptan með Stóru-Giljá eða eins og segir í bréfinu:

> [...] og þarmeð fjórðapartinn úr landi því er kallast Sauðadalr og þessi jörð á óskiptann með Stórugiljá, reiknast það land að norðan frá Mjóadalsá, þar þvert yfirum Sauðadalinn og að sunnan svo langt sem dalrinn nær.[72]

Kaupverð heimajarðarinnar var 360 ríkisbankadalir en Sauðadalsparturinn seldur á 240 ríkisbankadali.

Ári síðar eða 10. júní 1852 seldi Jóseph Skaptason síðan eignarjörð sína Beinakeldu, Jóni Jónssyni á Stóru-Giljá, fyrir 240 ríkisbankadali en undanskildi Sauðadalspartinn. Fyrir jörðina lét Jón Jónsson einn fjórða part úr Sauðadal, en hann tilheyrði Stóru-Giljá að þremur fjórðu pörtum eða eins og segir í kaupbréfinu:

> [...] læknir Jóseph Skaptason í Hnausum makaskiptir selr og afhendir undan sér og sínum erfingjum til bóndans Jón Jónssonar á Stórugiljá eignarjörð sína Beinakeldu liggjandi í Torfalækjarhrepp og Húnavatnssýslu með öllum jörðu þessari tilheyrandi húsum, túni, engjum, beitilandi, og hverju öðru er henni fylgir og fylgja ber að lögum, þó er fráskilinn þessari sölu sá fjórði partr úr Sauðadal, sem jörðinni hefir áðr fylgt.
>
> Fyrir þessa jörð afhendir bóndinn Jón Jónsson á Stórugiljá strax í stað til læknis Jósephs Skaptasonar einn fjórðapart úr áðrnefndum Sauðadal, er tilheyrir égnarjörð hans að þrem fjórðu pörtum, en svokallaðr Sauðadalr eða Sauðadalsland nær að norðan frá Mjóadalsá og þar þvert yfir dalinn, og að sunnan svo langt sem dalr þessi nær.[73]

Þessum jarðakaupum þeirra Jósephs og Jóns var þinglýst að Tindum 11. júní 1852.

[71] Skjal nr. 2(157) a-b.
[72] Skjal nr. 2(67).
[73] Skjal nr. 2(68).

Í viðbæti við sóknarlýsingu Hjaltabakkasóknar frá árinu 1873 skrifar séra Páll Sigurðsson eftirfarandi um tilkall Hjaltabakka til selstöðu á Sauðadal:

> Hjaltabakki hefur gjört tilkall til selstöðu á Sauðadal, – sem er óbyggður dalur austan fram með Vatnsdalsfjalli, – til móts við *Stóru-Gilá*, en með samningi, 28. apr. 1847, gjörðu hlutaðeigendur með sér, að Hjaltabakki skyldi sleppa tilkalli til selstöðu á Sauðadal, en eiga aftur frjálsa sumarbeit fyrir 10 hross. Engin hinna jarðanna hefur selstöðu.[74]

Á manntalsþingi, höldnu að Tindum þann 24. maí 1875, var auglýst lögfesta og bann frá eigendum að Sauðadal. Lögfestunni mótmælti séra Páll Sigurðsson á Hjaltabakka að því leyti sem honum tilheyrði hrossaganga handa 10 hestum á Sauðadal eftir sáttargjörð. Inntak lögfestunnar var ekki fært til bókar en gerð var grein fyrir henni með eftirfarandi hætti:

> 17. Lögfesta og forboðsgjörð frá eigendum að Sauðadal, búendum á Stórugiljá í Þingi, Eiríki Jónssyni og Kristjáni Benedictssyni og læknir J. Skaptasen á Hnausum dags. 24. maí þ. á. Þessari lögfestu og forboðsgjörð mótmælti séra Páll Sigurðsson á Hjaltabakka sem beneficiarius að því leyti sem honum sem presti á Hjaltabakka tilheyrði eptir sáttargjörð hrossaganga handa 10 hestum auk folalda á nefndum Sauðadal.[75]

Í úttekt Eiríks Briem prófasts að Hjaltabakka, þann 1. júní 1880, kemur eftirfarandi fram:

> Kirkjan heldur óátöldum eignum þeim og ítökum sem upp eru talin í vísitatíu Steingríms biskups Jónssonar 1833; en samkvæmt samningi frá 1847, er stiptsyfirvöldin hafa samþykkt á kirkjan nú hrossagöngu á Sauðadal í staðinn fyrir selför, og viðvíkjandi veiði í Laxá [strikað yfir: má] ber að athuga konungsúrskurð 27. Marz 1775 samkvæmt brjefi stiptsyfirvaldanna dags. 16. febr. 1874.[76]

Hinn 1. júní 1883 var jörðin Hnausar seld og fylgdi þá hálfur Sauðadalur með í kaupunum, ásamt tilheyrandi selhúsum og peningshúsum. Í kaupbréfinu kemur fram að Sauðadalur hafi tilheyrt jörðinni Hnausum frá árinu 1875, samkvæmt lögfestu dagsettri 24. maí það ár og landamerki Hnausa tilgreind. Upphaf kaupbréfsins hljóðar svo:

> Jeg undirritaður Björn Stefán Jósepsson á Hnausum gjöri hjer með kunnugt að jeg hefi selt og afhent eins og jeg með þessu afsalsbrjefi mínu afsala mjer og erfingjum mínum til handa prestinum síra Þorvaldi Ásgeirssyni eign mína áðurnefnda jörð Hnausa í Sveinsstaðahreppi innan Húnavatnssýslu [...] samt ennfremur hálfan Sauðadal liggjandi í Torfalækjarhreppi innan sömu sýslu með öllum þarstandandi og mér tilheyrandi selhúsum og peningshúsum eins

[74] *Sýslu- og sóknalýsingar Húnavatnssýslu 1839-1873* I, (1950), bls. 85.
[75] Skjal nr. 2(203) a-b.
[76] Skjal nr. 2(144) a-b.

> og dalur þessi tilheyrir og hefur tilheyrt jörðunni Hnausum, samkvæmt lögfestu, dags. 24. maí 1875 og þinglesinni að Tindum og Miðhúsum sama ár. [...] Söluverð á aðgreindri fasteign jörðunni Hnausum, og hálfum Sauðadal, með tilheyrandi samkvæmt framanskrifuðu er 8000 /: átta þúsund :/ krónur [...][77]

Á manntalsþingi, höldnu að Sveinsstöðum þann 30. maí 1884, var þinglesið afsalsbréf, dags. 1. júní 1883, þar sem Björn S. Jósepsson selur prestinum séra Þorvaldi Ásgeirssyni jörðina Hnausa og hálfan Sauðadal. Eftirfarandi var fært til bókar:

> 5. Afsalsbréf, dags. 1. júní 1883, með hverju Björn S. Jósepsson selur prestinum síra Þorvaldi Ásgeirssyni jörðina Hnausa og ½ Sauðadal fyrir 8000 kr.[78]

Í landamerkjabréfi Hnausa frá 20. júní 1883, sem þinglýst var 28. maí 1889, kemur fram að landamerki Sauðadals séu eftirfarandi:

> Landamerki Sauðadals, sem nú er sameign okkar Erlendar Eysteinssonar á Beinakeldu, eiganda Stórugiljár, eru samkvæmt lögfestu 24. maí 1875, þinglesinni að Tindum sama dag, og Miðhúsum 26. s. mán, þessi, sem nú skal greina:
>
> Að norðan og austan Sauðadalsár ráða svo kallaðar Skertlur, er skerast vestur úr Reykjanybbu, þaðan fram og austur á Svínadalsfjall, allt hvað vötn að draga til vesturs, fram móts við svo kallaðan klett Snagga, er stendur við Hrafnabjargakvísl, móts við Marðarnúpsmenn, þaðan rjettsýni vestur á Vatnsdalsfjall móti merkisteini þeim, er stendur í Gilár- eður í Marðarnúpshlíð, þar vötnum veitir til austurs, þaðan norður háfjallið allt að Hjálpargili sem einnig er kallað Kötlunúpagil, þaðan austur í Sauðadalsá.[79]

Þorvaldur Ásgeirsson eigandi Hnausa og hálfs Sauðadals skrifaði undir landamerkjabréfið 20. júní 1883. Það var samþykkt af eigendum og umráðamönnum jarða sem áttu land að Hnausum og Sauðadal. Um var að ræða Sigurð Hafsteinsson eiganda Axlar, Lárus Blöndal og Hjörl. Einarsson umráðamenn kristfjárjarðanna Másstaða, Hofs, Kötlustaða, Giljár og Marðarnúps, F. Guðmundsson eiganda Eyjólfsstaða og Bakka, Jósep Einarsson fyrir Grundarkot og Hjallaland, B. G. Blöndal eiganda Hvamms og umboðsmann fyrir Þingeyrarklaustursjörðunum Brekku og Brekkukots, Erl. Eysteinsson eiganda Stórugiljár og Beinakeldu, Kristján Kristjánsson eiganda Snæringsstaða, Þorstein Þorsteinsson eiganda Grundar, Svein Pjetursson eiganda Geithamra, St. M. Jónsson umráðamann Gafls í Svínadal og E. Halldórsson eiganda Reykja og Mosfells. Bréfið var einnig samþykkt af Jórunni Magnúsdóttur eiganda Bjarnastaða og Guðbjörgu Pjetursdóttur eiganda Ljótshóla en þær handsöluðu samþykki sitt.

[77] Skjal nr. 2(69).
[78] Skjal nr. 4(222).
[79] Skjal nr. 2(1).

Þau Magnús B. Steindórsson, Erlendur Eysteinsson og Guðrún Jónsdóttir sömdu svohljóðandi bann sem er dagsett 18. maí 1886 að Hnausum:

> Á undanförnum árum sýnist eins og hafi orðið að venju að ýmsir hrossaeigendur úr Torfalækjar og Sveinsstaðahreppum hafa vanrækt að reka stóðhross sín til afrjettar á vorum samkvæmt því, sem skipað er fyrir í reglugjörð um afrjettir, fjallskil og meðferð á óskilafje frá 1877, 3. gr., heldur hafa þeir látið stóðhrossin sjálfráð um, hvar þau gengi, og þau því þannig flæktzt fram á Sauðadal, og jafnvel hafa sumir rekið þau þangað, þrátt fyrir þótt bann hafi verið lagt fyrir það. En með því að hross þessi gjöra afar mikið tjón bæði á slægjum og búfjárhögum Sauðadals, þá óskum vjer undirritaðir eigendur og umráðendur [orðaröð leiðrétt með tölustöfum ofan línu] Sauðadals að hlutaðeigandi hrosseigendur hætti nú strax þessu regluleysi í tilliti til hrossanna, og bönnum þeim jafnframt hjermeð alla hrossabeit framvegis á Sauðadalnum; og neyðumst vjer til, ef þessu banni okkar verður ekki gaumur gefinn, að smala hrossunum, og meðhöndla þau eptir því sem lög leyfa.[80]

Bannið var lesið upp á manntalsþingi að Torfalæk 26. maí 1886.

Kristján Sigurðsson á Reykjum og Guðrún Jónsdóttir á Stórugilá áttu með sér jarðakaup 25. maí 1886. Þá afhenti Kristján Guðrúnu 1 ½ hundruð úr jörðinni Kaldrana í Vindhælishreppi ásamt meðfylgjandi húsum, eignum og ítökum til lands og vatns. Í staðinn fékk Guðrún Kristjáni þann hluta úr Sauðadal sem að réttri tiltölu fylgdi erfða- og eignarparti hennar í jörðinni Stórugilá. Þessi hlutur var að fornu mati tæplega 4 hundrað (eða 3 hundruð og 100 álnir) sem var u.þ.b. 1/8 hluti alls dalsins. Þessum kaupsamningi var þinglýst 26. maí 1886. Úti á spássíu afsals- og veðmálabókarinnar segir:

> Aflýst á manntalsþingi að Viðvík hinn 7. júní 1894.
>
> Það athugast að 3 hndr. úr Stóru Giljá eru af Guðrúnu Jónsdóttur hinn 12. desbr. 1885 léð Eiríki Jónssyni sem veð fyrir 120 kr. skuld hans til Magnúsar Steindórssonar á Breiðabólsstað, samkv. veðbréfi 25/1 86 og þingl. 26/5 86 L. Blöndal.[81]

Þann 27. júní 1890 var haldinn sáttafundur á Hnausum en fyrir hann mætti séra Bjarni Pálsson á Þingeyrum ásamt héraðsprófastinum sem samkvæmt bréfi stiftsyfirvalda frá 24. apríl 1889 kærðu kirkjunnar vegna eigendur Sauðadals Magnús Steindórsson í Hnausum, Erlend Eysteinsson á Beinakeldu, Kristján Sigurðsson á Reykjum og Jón Jónsson í Öxl sem gat ekki mætt. Málið reis af því að séra Bjarni hafði í landamerkjaskrá fyrir Hjaltabakkakirkju, sem þá var búið að leggja undir Þingeyrar, talið ítak í Sauðadal, 10 hrossa beit að folöldum undanskildum, samkvæmt þinglesinni sætt frá 28. apríl 1847 sem stiftsyfirvöld höfðu samþykkt 17. júlí sama ár.

[80] Skjal nr. 4(138).
[81] Skjal nr. 4(137).

Eigendur Sauðadals vildu ekki samþykkja þetta ítak en það gátu stiftsyfirvöld ekki sætt sig við. Eftir að málið hafði verið rætt fyrir sáttanefndinni var komist að eftirfarandi sátt:

> Að viðstaddir og fyrtaldir eigendur Sauðadals lofa að borga prestakallinu 80 – áttatíu – krónur, einu sinni fyrir allt, tiltölulega, eptir hvers eins eign í dalnum, með þeim skilmálum, að Hjaltabakkakirkja sleppi að fullu og öllu rjetti sínum til nokkurs ítaks í Sauðadal.[82]

Hjaltabakkaprestur og prófastur samþykktu þetta með þeim fyrirvara að stiftsyfirvöld gerðu það einnig og skrifuðu nöfn sín undir ásamt eigendum Sauðadals.

Landamerkjabréf fyrir Stóru-Giljá og Beinakeldu var útbúið 12. maí 1890 og því var þinglýst 26. maí 1891:

> Norður frá Beinakeldu er svo kallaður Þúfnalækur, sem landi skiptir að norðan frá fossi norður undan Beinakeldu og það vestur á Lestavað yfir lækinn norður undan Stórugiljá gagnvart miðju Lækjargili, þaðan í vestur beina línu í mitt Akurssýki, sem vísar á stein vestan undir sýkinu, og svo sem merkjavörður ráða eptir sömu línu til Húnavatns miðju, í austur frá Þúfnalækjarfossi beina línu til Helluvörðu, svo frá Helluvörðu í vörðu á Egilsholti, þaðan í Grástein austan á Stóramó, svo úr Grásteini í steina tvo í Vatnsgötu á Reykjabrautar vegi suður undan Langhóla enda, síðan beina línu norðaustan í há Skertlufjall, þaðan fram og austur á Svínadalsfjall, allt sem vötn að draga af fjallsengjum til vesturs, móts við klett, er stendur við Hrafnabjargakvísl, við Marðarnúps land, þaðan rjettsýni vestur á Vesturdalsfjall, móti merkisteini þeim, sem stendur á Giljár- eða Marðarnúps-hlíð, svo það vötnum veitir til austurs norður eptir öllu fjallinu út að Kötlunúpagili eða Hjálpargili, svo sem gil ræður í Sauðadalsá, ræður svo áin alla leið að merki því, er stendur á Giljár eyrum, vestan til við ána, suðvestur frá Stórugiljá, frá því merki svo beina línu eptir vörðum norðan við Hallstópt í mitt Kænuvik, og það svo gagnvart miðju Húnavatni, ræður svo lína eptir miðju vatni, móts við norður merkjalínu Stórugiljár og Beinakeldu. Norðurmerki Sauðadals er úr Skertlufjalli í Hjálpargili. Ofanskrifaðar jarðir eiga frían upprekstur á Auðkúluheiði.[83]

Erlendur Eysteinsson skrifaði undir bréfið. Það var samþykkt af Magnúsi Steindórssyni eiganda hálfs Sauðadals, Kristjáni Sigurðssyni meðeiganda Sauðadals, B. G. Blöndal umboðsmanni Þingeyraklaustursjarða, Þorsteini og Gísla Jónssonum eigendum Litlugiljár, Agli Halldórssyni eiganda Reykja, Jóni Jónssyni og Guðrúnu Jónsdóttur.

Í frumvarpi til reglugjörðar um notkun afrétta í Húnavatnssýslu frá árinu 1894 er ekki getið um afréttarnot og upprekstarskyldu á Sauðadal.[84]

[82] Skjal nr. 2(299) a-b.
[83] Skjal nr. 2(8).
[84] Skjal nr. 2(287) a-b.

Þann 18. desember 1906 seldi Sigurður Briem, umboðsmaður Magnúsar Steindórssonar óðalsbónda, Steingrími Guðmundssyni jörðina Hnausa, 36,7 hndr. að dýrleika samkvæmt nýju mati, og hálfum Sauðadal fyrir 14.000 kr. Fram kemur að með í kaupunum fylgdi allt sem jarðeign þessari fylgdi og fylgja bar, þar með talin hús bæði á jörðinni og ½ Sauðadal. Kaupsamningur þessi var lesin upp fyrir manntalsþingsrétti að Sveinsstöðum 19. maí 1908.[85]

Þeir Steingrímur Guðmundsson og Magnús Stefánsson gerðu með sér kaupsamning 12. júlí 1911. Í kaupsamningnum segir:

> 1. Jeg Steingrímur Guðmundsson sel Magnúsi kaupmanni Stefánssyni, eignarjörð mína Hnausa í Sveinsstaðahreppi 36,7 hndr. n.m. [nýju mati] með ½ Sauðadal, með öllu því er jarðeign þessari fylgir og fylgja ber, án kúgilda, eins og jeg hefi orðið eigandi að eigninni með afsalsbrjefi 18. Desbr. 1906. [...]
>
> 2. Kaupverðið er 10,500 – tíu þúsund og fimmhundruð krónur [...]
>
> 5. Jarðeignin selst eins og hún nú kemur fyrir án alls álags bæði heimajörðin Hnausar og ½ Sauðadalur.
>
> 6. Jörðin Hnausar með ½ Sauðadal skal vera kaupanda laus til ábúðar frá næstu fardögum 1912 [...]
>
> 7. Rjettur og skyldur viðvíkjandi námurjetti í landi jarðarinnar Hnausa og ½ Sauðadals samkv. kauptilboði seljanda til C.B. Eyjólfssonar dags. 9. Desbr. 1910 yfirfærist að sjálfsögðu til kaupanda með brjefi þessu.
>
> 8. Seljandi tekur það fram að ábúandi jarðarinnar Hnausa hafi afsalað sér kauparjett á tjeðri jörðu og Sauðadal.

Aftan við þennan kaupsamning kemur fram að 12. ágúst 1911 afhenti Magnús Stefánsson kaupin á Hnausum og ½ Sauðadal og afsalaði Jakobi Guðmundssyni í Holti með öllum skyldum og réttindum. Þetta var lesið upp fyrir manntalsþingsrétti að Sveinsstöðum 6. júní 1912.[86]

Þann 28. maí 1914 seldi Kristján Sigurðsson Birni Eysteinssyni eignarland sitt 1/8, eða sem næst 1/8 parti, úr öllum Sauðadal samkvæmt makaskiptabréfi frá 25. maí 1886. Kaupverðið var 350 kr. og þar sem það hafði þegar verið greitt þá afsalaði Kristján Birni fyrrnefndum jarðarparti með öllu sem honum fylgdi og fylgja bar. Afsalið var lesið upp fyrir manntalsþingsrétti að Blönduósi 14. júní 1915.[87]

Bjarni Pálsson prestur á Þingeyrum og umráðamaður Hjaltabakka, en sú sókn hafði verið lögð undir Þingeyrar 4. nóvember 1881, samdi skýrslu um Hjaltabakka vegna fyrirhugaðrar sölu jarðarinnar. Í skýrslunni, sem er dagett 7. maí 1914, telur hann upp nokkrar sérstakar eignir prestakallsins. Þar kemur fram að sumarbeit á Sauðadal hafi verið ein af þessum eignum en að eigendur dalsins hafi keypt sig lausa

[85] Skjal nr. 4(151).
[86] Skjal nr. 4(155).
[87] Skjal nr. 4(135).

við hana. Þ.a.l er ekki orð um Sauðadal að finna í greinargerð virðingarmannanna frá 9. maí 1914. Stjórnarráðið seldi svo Þórarni Jónssyni jörðina ári síðar og er afsalið dagsett 2. júlí 1914.[88]

Á manntalsþingi, höldnu að Blönduósi þann 14. júní 1915, var þinglesið afsalsbréf fyrir 1/8 parti úr Sauðadal frá Kristjáni Sigurðssyni til Björns Eysteinssonar, dags. 28. maí 1914. Svohljóðandi mótmæli Sigurðar Erlendssonar á Beinakeldu komu fram við þinglestur afsalsbréfsins og með fylgja einnig viðbrögð Kristjáns við þeim:

> Jeg mótmæli því að Kristján Sigurðsson á Reykjum hafi heimild til að selja 1/8 part úr öllum Sauðadal og geymi fyrir hönd móður minnar fullan rjett hennar til þess, sem hún á í Sauðadal þótt afsalsbrjef þetta hafi verið útgefið og þinglesið. Uppl. játað rjett bókað.
>
> Þá óskaði Kristján Sigurðsson á Reykjum bókað: Jeg held því eindregið fram, að jeg hafi haft fullkomna heimild til að selja umræddan part í Sauðadal eins og jeg eignaðist hann með makaskiftabrjefi 25/5 1886, enda hafa eingin mótmæli komið fram gegn makaskiftasamningnum sem er þinglesinn. Uppl. játað rjett bókað.[89]

Þann 19. febrúar 1916 seldi Magnús Guðmundsson sýslumaður, fyrir hönd ekkjunnar Jakobínu Þorsteinsdóttur í Hnausum sem sat í óskiptu búi, Sveinbirni Jakobssyni ½ eignarjörð hennar Hnausa sem öll var 36,7 hndr. að dýrleika fyrir 5250 kr. Jarðarhelmingurinn var seldur með öllu því sem honum fylgdi og fylgja bar. Þar sem Sveinbjörn hafði þegar greitt hluta verðsins með peningum og hinn hlutann með því að lofa að borga helming allra skulda sem á jörðinni hvíldi þá var hann lýstur réttur eigandi að ofangreindum jarðarhelmingi. Afsalið var lesið fyrir manntalsþingsrétti að Sveinsstöðum 17. júní 1916.[90] Ekki er minnst á Sauðadal við söluna.

Þann 1. mars 1916 seldi Þorsteinn Björnsson bóndi í Öxl Jóni Jónssyni frá Öxl 1/8 hluta úr Sauðadal sem hann hafði keypt af Birni Eysteinssyni föður sínum árinu áður. Þorsteinn tekur það fram að í kaupunum á jarðarpartinum fylgi sú kvöð að ef faðir hans vilji þá sé: „[...] honum heimilt að reka afréttarpening sinn á hann.“ Þar sem Jón hafði borgað fyrrgreindan Sauðadalspart að fullu þá lýsti Þorsteinn hann réttan eiganda að honum. Afsal þetta var lesið upp fyrir manntalsþingsrétti að Blönduósi fyrir Torfalækjarhrepp 8. júní 1916 og fyrir manntalsþingsrétti að Sveinsstöðum 17. júní 1916.[91]

Björn Eysteinsson seldi Þorsteini syni sínum þann part sem hann átti í Sauðadal á 300 kr. og er afsalið dagsett 20. maí 1916. Í kaupunum á ofangreindum parti er tekið fram að „[...] ábúandanum á Orrastöðum í Torfalækjarhreppi er frjálst að

[88] Skjal nr. 2(314) a-b.
[89] Skjöl nr. 2(96) a-b og 4(135) .
[90] Skjal nr. 4(156).
[91] Skjal nr. 4(203).

nota hann til upprekstur fyrir allan sinn afréttarpening.“ Þorsteinn hafði þegar greitt kaupverðið. Afsalið var lesið upp fyrir manntalsþingsrétti að Blönduós fyrir Torfalækjarhrepp 8. júní 1915 og fyrir manntalsþingsrétti að Sveinsstöðum í júní 1917.[92]

Á manntalsþingi, höldnu að Blönduósi þann 8. júní 1916, komu fram mótmæli við þinglestur afsalsbréfs fyrir 1/8 parti úr Sauðadal frá Sigurði Erlendssyni á Beinakeldu. Hann mótmælir fyrir hönd móður sinnar að Kristján Sigurðsson hafi heimild til að selja 1/8 part úr Sauðadal. Um þetta mál bera eftirfarandi færslur í dómabókinni vitni:

> c. Afsal frá Birni Eysteinssyni fyrir eignarhluta hans í Sauðadal til handa Þorsteini Björnssyni, dags. 20/5 1916.
>
> [...]
>
> g. Afsalsbrjef fyrir jörðinni Öxl og 1/8 hluta úr Sauðadal frá Þorsteini Björnssyni til handa Jóni Jónssyni, dags. 1/3 1916.
>
> [...]
>
> Út af framangreindum þinglýstum brjefum 1c og 1g komu fram mótmæli frá Sigurði Erlendssyni Beinakeldu gegn sölu og afsali á nefndum 1/8 parti úr Sauðadal og vísar jafnframt til mótmæla sinna gegn sölu úr Sauðadal á manntalsþingi Torfalækjarhrepps 1915.[93]

Í fasteignamatinu 1916 kemur fram eftirfarandi athugasemd um upprekstur jarða í Sveinsstaðahreppi án þess að afréttarlöndin séu tilgreind nánar:

> a. Allar jarðir í hreppnum eiga upprekstur á afréttarlönd, sem eru sveitareign.[94]

Í fasteignamatinu 1916 kemur fram eftirfarandi athugasemd um jarðir í Torfalækjarhreppi:

> Allar jarðir í þessum hreppi, eiga rétt til upprekstur á Auðkúluheiði, sem er kirkjueign. Undanþegnar fjallatollagreiðslum munu vera nú sem stendur Stóra-giljá og Beinakelda. [95]

Í fasteignamatinu 1916, koma eftirfarandi upplýsingar fram, í kafla um Hnausa og Sauðadal:

> [...] Jörðin Hnausar með hálfum Sauðadal, miklu og ágætu landi er metin 10,800 kr [...] Í Hnausum liggur allt engi út frá túni, og er bökkum umkringt, og all mikið landi fylgir bæði í svokölluðum Hnausum og í fjallinu, en í Steinnesi er ekki hægt á engjar að komast nema í ferju [...][96]

[92] Skjal nr. 4(157).
[93] Skjal nr. 2(219) a-b.
[94] Skjal nr. 2(76).
[95] Skjal nr. 2(76).
[96] Skjal nr. 2(76).

Í fasteignamatinu 1916 kemur fram, að hálfur Sauðadalur hafi verið keyptur undir Hnausa. Þar segir:

> Undir jörðina [Hnausa] hefir verið keyptur halfur Sauðadalur, og er það mikið og gott beitiland og talsverðar slægjur.[97]

Í fasteignamatinu 1916 kemur eftirfarandi fram í kafla um Stóru-Giljá:

> Að sögn áb. hefir undanfarin ár verið framfleytt á jörðinni [...] teljast hæfileg áhöfn, ef ekki er notað land það, er í fjarlægð liggur þ.e. á Sauðadal.[98]

Á manntalsþingi, höldnu að Blönduósi þann 22. júní 1918, var þinglýst afsalsbréfi fyrir upprekstrarlandi á Sauðadal frá Birni Eysteinssyni til handa Jóni Jónssyni í Öxl, dags. 19. apríl 1918. Eftirfarandi var fært til bókar af þessu tilefni:

> 1. Þinglestur eftirgreindra skjala:
>
> [...]
>
> d. Afsalsbréf fyrir upprekstrarlandi á Sauðadal frá Birni Eysteinssyni til handa Jóni Jónssyni í Öxl, dags. 19/4 1918.[99]

Með bréfi dagsettu þann 29. desember 1919, óskaði Stjórnarráð Íslands eftir skýrslu frá sýslumönnum um þau svæði sem talin væru til almenninga eða afrétta innan sýslna hvers og eins sýslumanns.[100] Svar hreppstjóra Sveinsstaðahrepps, dagsett 1. mars 1920, vegna fyrirspurnar sýslumanns um almenninga og afréttarlönd í Húnavatnssýslu er svohljóðandi:

> Samkvæmt ósk yðar herra sýslumaður skal ég leyfa mér að tilkynna yður að í Sveinsstaðahreppi eru engin þau lönd sem ræðir um í erindi stjórnarráðsins frá 29. des. f. á. og brefi yðar 30. jan. þ. árs.
>
> Hreppstjóri Sveinsstaðahrepps
>
> Miðhúsum 1. mars 1920
>
> Halldór Pálsson.[101]

Svar hreppstjóra Torfalækjarhrepps var ekki sent Stjórnarráðinu af sýslumanni, því eins og segir í bréfi hans, frá 28. apríl 1920, þá var ekki um nein af hinum umspurðu svæðum að ræða þar.[102]

Jakobína Þorsteinsdóttir, ekkja Jakobs Guðmundssonar, seldi Lárusi Björnssyni hálfa Hnausa þann 5. maí 1929. Kaupverðið var 15.500 kr. og í kaupunum fylgdu öll tilheyrandi hús og mannvirki eins og hún hafði átt hana og eignast að engu undanskildu. Þar sem Lárus hafði þegar staðið Jakobínu full skil á kaupverðinu þá

[97] Skjal nr. 2(76).
[98] Skjal nr. 2(76).
[99] Skjal nr. 2(207) a-b.
[100] Skjal nr. 4(3).
[101] Skjal nr. 4(7).
[102] Skjal nr. 4(4).

lýsti hún hann réttan eiganda jarðarhelmingsins. Afsalið var lesið á manntalsþingi 10. júní 1930. Ekki er minnst á Sauðadal við söluna.[103]

Þorsteinn Konráðsson birti ritgerð um eyðibýli, eyðihjáleigur og eyðisel í Húnaþingi árið 1932. Þar kemur eftirfarandi fram um Sauðadal:

> Giljársel er kallað á Sauðadal. Á.M. getur þess ekki, en tóftabrot eru þar og helzt við þau nafnið. Óvíst allt um sel þetta.[104]
>
> Hnausasel á Sauðardal; byggt frá Hnausum fram yfir aldamótin 1900; nú í auðn.[105]
>
> Kringlusel; Á.M. nefnir, að munnmæli séu, að jörðin Kringla eigi selstöðu í Giljár-landi á Sauðadal. Sel þetta þekkja menn ekki nú með fullri vissu.[106]
>
> Akursel nefnir Á.M., að jörðin Akur eigi á Sauðadal, og sjáist þar glöggar seltóftir. Örnefnið helzt enn við; allt óljóst um það.[107]
>
> Lambastaðir eru nefndir á Sauðadal. Á.M. getur þeirra ekki. Allt óvíst um þær sagnir, að býli hafi verið, eða sel.[108]
>
> [...] Hjaltabakkasel nefnir Á.M. á Sauðadal, að staðurinn eigi þar selstöð. Allt óvíst um það. Vafi er hve nær verið hafi eða á hvaða tíma verið byggt og lagt niður.[109]

Lárus Björnsson seldi Magnús Björnssyni hálfa jörðina Hnausa fyrir 10.000 kr. en kaupsamningur þess efnis var gerður 17. október 1938. Í kaupunum fylgdu öll tilheyrandi hús og mannvirki eins og Lárus hafði eignast hana með kaup- og afsalsbréfi frá 5. maí 1929 ásamt þeim húsa- og jarðabótum sem hann hafði gert síðan þá. Landamerki jarðarinnar voru samkvæmt gildandi landamerkjaskrá. Þar sem Magnús hafði fullnægt öllum greiðsluskilmálum kaupsamningsins þá lýsti Lárus hann réttan og löglegan eiganda jarðarhelmingsins þann 6. júlí 1940. Kaupsamningurinn var lesinn upp á manntalsþingi að Sveinsstöðum 13. júlí 1940.[110] Ekki er minnst á Sauðadal við söluna.

Með kaupsamningi frá 20. mars 1939 seldu þeir Kristinn Magnússon, Karl Helgason og Hafsteinn Sigurðsson, fyrir hönd erfingja Stefáníu Guðmundsdóttur á Öxl, þeim Jóni Jónssyni á Öxl og Guðmundi Bergmann á Stóru-Giljá jörðina Öxl. Í

[103] Skjal nr. 4(168).
[104] Þorsteinn Konráðsson, „Skrá yfir eyði-býli, -hjáleigur og -sel í Húnaþingi“, *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags* 44 (1932), bls. 68. Með Á.M. er átt við *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*.
[105] Þorsteinn Konráðsson, „Skrá yfir eyði-býli, -hjáleigur og -sel í Húnaþingi“, *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags* 44 (1932), bls. 64.
[106] Þorsteinn Konráðsson, „Skrá yfir eyði-býli, -hjáleigur og -sel í Húnaþingi“, *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags* 44 (1932), bls. 68.
[107] Þorsteinn Konráðsson, „Skrá yfir eyði-býli, -hjáleigur og -sel í Húnaþingi“, *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags* 44 (1932), bls. 68.
[108] Þorsteinn Konráðsson, „Skrá yfir eyði-býli, -hjáleigur og -sel í Húnaþingi“, *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags* 44 (1932), bls. 68.
[109] Þorsteinn Konráðsson, „Skrá yfir eyði-býli, -hjáleigur og -sel í Húnaþingi“, *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags* 44 (1932), bls. 68.
[110] Skjal nr. 4(171).

samningum segir að þeir selji: „[...] jörðina Öxl í Austur-Húnavatnssýslu, með tilheyrandi engjapörtum, Lágagarðsengi og Litlu-Giljárparti og Sauðadalsparti, fyrir kr. 7200,00- [...]“[111] Þar sem Jón og Guðmundur höfðu greitt kaupverðið þá lýstu þeir þá rétta eigendur að jörðinni Öxl með framangreindum jarðarpörtum þann 20. mars 1939. Kaupsamningurinn var lesinn upp á manntalsþingi að Sveinsstöðum 10. júlí 1939.

Í ritinu *Göngur og réttir* II, frá árinu 1949, segir eftirfarandi um rekstur á Sauðadal í kafla um göngur á Auðkúluheiði:

> Allt þetta tímabil, frá 1750 og fram yfir aldamót 1800 höfðu ekki nema örfáir bændur fé sitt á Auðkúluheiði, og smöluðu þeir því sjálfir og drógu það í sundur hjá Eiðsstöðum í Blöndudal. Nokkrir sveitarbúar höfðu kindur sínar að sumrinu í heimahögum, en flestir ráku á Sauðadal og smöluðu hann og réttuðu í Giljárrétt við Giljá, skammt fyrir ofan Stóru-Giljá. [...]
>
> Aftur munu nokkrir hafa goldið fjallatolla til Ólafs Tómassonar, er þá bjó á Stóru-Giljá og átti Sauðadal.[112]

Í ritinu *Göngur og réttir* II, frá árinu 1949, segir eftirfarandi um upprekstur Ás- og Sveinsstaðahreppa á afréttarlönd suður af Vatnsdal:

> Suður af Vatnsdal eru góð og víðlend afréttarlönd, sem Ás- og Sveinsstaðahreppar eiga sameiginlega upprekstur á. Þessi sameiginlegu réttindi kallast Upprekstrarfélag Grímstunguheiðar. Auk hins sameiginlega afréttarlands fylgja stór heimalönd, er ná til hálsa og heiða, ýmsum jörðum fremst í Vatnsdal.
>
> Þingeyrar og Hnausar í Þingi eiga báðar mjög stór lönd, sem lögð hafa verið undir þær. Eiga Þingeyrar Víðidalsfjallsland austanvert, en Hnausar Sauðadal hálfan. Fyrrum voru þar selstöður frá þessum jörðum. Í Víðidalsfjalli voru ennfremur selstöður ýmsum jörðum úr vestanverðum Vatnsdal. Þingeyrasel var í byggð til ársins 1930.[113]

Páll Kolka skrifar svo um Sauðadal árið 1950:

> Bak við fjallið að austan er óbyggður dalur, sem áður var seljaland og byggður á stundum. Það er Sauðadalur. Eftir honum rennur Giljá til norðurs, beygir til vesturs fyrir norðan fjallsendann og rennur niður í Húnavatn syðst.[114]

Árið 1950 segir Páll Kolka svo frá kaupum á hálfum Sauðadal á 19. öld:

> Björn Ólsen umboðsmaður fékk heimajörð Þingeyraklausturs ásamt hjáleigum og Hnausum keypta árið 1812. Anna Margrét dóttir hans (d. 1885) var gift Jósep Skaftasyni, sem var læknir Húnvetninga og Skagfirðinga vestan

[111] Skjal nr. 4(172).
[112] Bragi Sigurjónsson, *Göngur og réttir* II, (1949), bls. 112-113.
[113] Bragi Sigurjónsson, *Göngur og réttir* II, (1949), bls. 53.
[114] Páll V. G. Kolka, *Föðurtún*, (1950), bls. 6.

> Héraðsvatna 1837-1875. Hann fékk Hnausa með kvonfangi og bjó þar ágætu búi til dauðadags, keypti hálfan Sauðadal undir Hnausa og hafði þar í seli.[115]

Árið 1950 segir Páll Kolka að Giljársel í Sauðdal hafi verið „[...] nokkurn veginn gegnt Hnausaseli, en í því síðarnefnda var búið öðru hvoru fram yfir aldamót“.[116]

Páll Kolka telur sennilegt að landnám Hvata landnámsmanns í Vatnsdal, hafi náð að Sauðadal utanverðum. Páll skrifar svo árið 1950:

> Landnám Hvata förunautar hans [þ.e. Ingimundar gamla] er álíka langt, fjallshlíðin frá Mógilslæk að Giljá, sennilega að Sauðadal utanverðum meðtöldum, [...][117]

Í *Árbók Ferðafélags Íslands* frá árinu 1964 er Sauðadal lýst svo:

> Sauðadalur er grunnur og allmjög gróinn sunnan til, en dýpkar brátt til norðurs. Um miðjan dal bugast hann til vesturs og breikkar nokkuð í botninn á móts við Jörundarfell eða litlu sunnar. Þar stóð Hnausasel fyrrum og Másstaðasel. Hlíðarnar eru mjög brattar, grýttar og giljum grafnar, en ekki klettóttar nema í brúnum. Innarlega á dalnum er Hjallaskarð yfir á Deildarhjalla (Hjallaland). Sunnan Hjallaskarðs er Sjónarhóll (870 m). Austan í honum er klettaskál með allmiklum sumarskafli, sem blasir við af veginum hjá Sauðanesi. Sunnan Sjónarhóls eru Böðlaklettar og dalurinn næsta þröngur. Þarna er kjarngott land og sumarfagurt. Um Sauðadal fellur á, sem ber nafnið Giljá, þegar norður kemur úr dalmynninu. Hún sprettur upp sunnan undir Öxlum, rennur vestur í Draugaflá, beygir þar norður eftir dalnum, vatnslítil að jafnaði.
>
> Nafn sitt hefur dalurinn af sauðum Ingimundar gamla, er gengu þar vetrarlangt, „og má af því marka landkosti þá, er í það mund voru.“[118]

Þann 6. maí 1972 seldi og afsalaði Magnús Björnsson á Hnausum syni sínum Kristófer Magnússyni jörðina Hnausa 2. Þar kemur fram að hann selji jörðina „[...] með öllum húsum, gögnum og gæðum sem ég hef eignast hana með, að því undanskyldu að ég áskil mér rétt til hagagöngu fyrir hross mín á Sauðadal, svo lengi er ég þess óska.“[119] Þar sem kaupandinn hafði greitt kaupverðið að fullu þá lýsti Magnús son sinn eigandi að umræddri jörð með öllu tilheyrandi. Afsalið var lesið á manntalsþingi að Sveinsstöðum 11. september 1972.

Eftirfarandi yfirlýsing var birt 9. júlí 1974:

> Með tilvísun til landamerkjabréfa Axlar dags 27. maí 1889, Hnausa dags. 20. júní 1883 og Bjarnastaða dags. 30. maí 1890 þá lýsa eigendur þessara jarða

[115] Páll V. G. Kolka, *Föðurtún*, (1950), bls. 206.
[116] Páll V. G. Kolka, *Föðurtún*, (1950), bls. 235.
[117] Páll V. G. Kolka, *Föðurtún*, (1950), bls. 440.
[118] *Árbók Ferðafélags Íslands*, (1964), bls. 135.
[119] Skjal nr. 4(186).

og eigendur Brekku og Brekkukots því yfir að merki milli þessara jarða upp á Vatnsdalsfjalli skuli vera háfjallið.[120]

Um málaferli og deilur vegna ítölu, þ.e. hversu mikið búfé hver og einn má hafa í sameigeinlegu beitarlandi, í upprekstrarlöndum Austur-Húnavatnssýslu, á árunum 1984−1990, er fjallað mjög ítarlega í ritinu *Héraðsstjórn í Húnaþingi*, frá árinu 1992. Þar segir eftirfarandi:

> Sumarið 1984 krafðist Landgræðsla ríkisins þess að ítala yrði gerð fyrir nokkur upprekstrarlönd í Austur-Húnavatnssýslu. Kom krafan fram vegna þess að ekki var samkomulag meðal heimamanna um á hvern hátt ætti að standa að takmörkun beitar. [...]
>
> Voru síðan lagðar fram sameiginlegar tillögur Landgræðslu ríkisins og Búnaðarfélags Íslands um aðgerðir í upprekstrarmálum í sumarbeitilöndum Ás- og Sveinsstaðahreppa sumarið 1985. Þær voru:
>
> 1. Sveitasjórnir kanni upprekstrarþörfina sem fyrst.
> 2. Farið verði eftir ábendingum Gróðurverndarnefndar A.-Húnavatnssýslu um upprekstur. Upprekstri verði dreift á lengri tíma. Tekið verði frá girðingum á haustin ef margt fé hefur safnast að þeim.
> 3. Dreifing fjárins í afréttunum verði bætt, t.d. með færslu og fjölgun sleppihólfa.
> 4. Engin hross verði rekin fram fyrir girðingu á Grímstungu- og Haukagilsheiði (heimilt skv. 16. gr. afréttarlaga).
> 5. Fjöldi hrossa í Víðidalsfjalli og á Sauðadal verði takmarkaður í samráði við landeigendur. Reglur verði settar um beitartíma og hrossin tekin í fyrstu göngum.
>
> [...]
>
> Erindi hreppsnefndar Áshrepps frá 12. júní var síðan tekið fyrir á aukafundi sýslunefndarinnar þann 27. sama mánaðar. Auk nefndarmanna sat Andrés Arnalds starfsmaður Landgræðslu ríkisins fundinn að ósk sýslumanns. Úrskurð felldi sýslunefndin svohljóðandi:
>
> 1. Upprekturstími sauðfjár sé í samræmi við álit gróðurverndarnefndar A-Hún. og jafnframt sé stuðlað að dreifingu upprekturs á lengri tíma en verið hefir í samræmi við tillögu gróðurverndarnefndar.
>
> [...]
>
> 5. Takmarkaður verði verulega fjöldi hrossa í Víðidalsfjalli og á Sauðadal frá því, sem var s.l. ár, og upprekstur ekki heimilaður fyrr en þá, þ.e. 25. júlí.

[120] Skjal nr. 2(2).

Þessa niðurstöðu samþykktu allir sýslunefndarmenn, þar með talinn Ólafur Magnússon á Sveinsstöðum, fulltrúi Sveinsstaðahrepps, en sýslumaður lét bóka að hann greiddi ekki atkvæði.

Hákon Árnason hæstaréttarlögmaður kærði þennan úrskurð til félagsmálaráðuneytisins í umboði hreppsnefndar Sveinsstaðahrepps með bréfi dagsettu 8. júlí. Taldi hreppsnefndin að sýslunefndin hefði ekki úrskurðarvald í ágreiningsmálum hreppanna tveggja og engin lög heimiluðu nefndinni þær aðgerðir sem ákveðnar hefðu verið. Ítölunni hefði líka verið komið á með ólögmætum hætti. Auk þess skerti hún beitarafnot meira en búrekstur bænda í hreppnum þyldi í einni svipan og aðlögunartíma væri þess vegna þörf.

Ráðuneytið féllst ekki á málaleitan Sveinsstaðahrepps og taldi sýslunefndinni heimilt að úrskurða um ágreininginn. Sá úrskurður geti hins vegar ekki talist endanlegur og megi þess vegna skjóta honum til dómstóla. Í blaðaviðtali kvaðst Þórir oddviti í Brekku munu hlíta þessari niðurstöðu þar til umsögn dómstóla lægi fyrir (Feykir 28. ágúst 1985).

Áður en ráðuneytið birti úrskurð sinn, ráku tveir bændur í Sveinsstaðahreppi, þeir Björn Magnússon á Hólabaki og Einar Svavarsson á Hjallalandi, hross sín á afrétt í trássi við niðurstöðu sýslunefndar. Töldu þeir, eins og reyndar hreppsnefnd Sveinsstaðahrepps, að bændur í hreppnum hefðu verið órétti beittir og vildu láta reyna á hvar þeir stæðu. Jón Ísberg sýslumaður brást hart við þessum tíðindum og fékk bændur í Áshreppi ásamt lögreglumönnum á Blönduósi til þess að sækja hrossin á heiðina. Höfðuðu Björn og Einar síðan mál fyrir héraðsdómi Húnavatnssýslu til þess að fá sýslunefndarúrskurðinn dæmdan ógildan, og ennfremur til að fá sér dæmdar skaðabætur úr ríkissjóði vegna niðurrekstrarins.

[...]

Jón Ísberg sýslumaður vék sæti í máli Sveinsstaðahrepps vegna ítölunnar og var Garðar Gíslason borgardómari í Reykjavík skipaður setudómari í hans stað. Hann kvað upp úrskurð 27. júní 1986. Í stuttu máli sagt, féllst dómarinn á þá skoðun hreppsnefndar Sveinsstaðahrepps að ekki hafi verið rétt að ítölunni staðið. Skylt hafi verið að fá samþykki bændafundar fyrir ítölu áður en hún var gerð. Það hafi hins vegar ekki verið gert og dæmdust ítölugerðirnar allar þar með ógildar og hreppsnefnd Sveinsstaðahrepps óskylt að framfylgja þeim. Hér höfðu Sveinsstæðingar haft nokkurn sigur en eftir sem áður var samþykkt sýslunefndarinnar þeim þyrnir í augum.

Aðeins þremur dögum eftir að Garðar kvað upp dóm sinn gaf landbúnaðarráðuneytið út auglýsingu um bann við upprekstri hrossa á Grímstungu- og Haukagilsheiðar og Víðidalsfjall. Gilti bannið frá og með 1. júlí og til ársloka. Jafnframt var fjöldi hrossa, sem mátti reka á Sauðadal, takmarkaður við töluna hundrað á tímabilinu 15. júlí til 10. september. Upprekstur sauðfjár á Grímstunguheiði var heimilaður eftir 10. júlí. – Má það

merkilegt heita ef ekki voru einhver tengsl á milli dómsuppkvaðningarinnar og auglýsingar ráðuneytisins.

Þeim Birni og Einar mistókst að fá samþykkt sýslunefndar frá 27. júní 1985 dæmda ógilda, fyrst fyrir héraðsdómi í maí 1987 og síðan í Hæstarétti í júní sama ár. Afstaða dómstólanna var ekki efnisleg, heldur var málinu vísað frá. Bótakrafa þeirra félaga átti hins vegar lengri leið fyrir höndum í dómskerfinu. Fyrst var henni vísað frá héraðsdómi vorið 1987, en Hæstiréttur féllst ekki á að sú frávísun hefði átt við rök að styðjast. Garðar Gíslason kvað því upp nýjan dóm í skaðabótakröfu bændanna á hendur fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs í desember 1987. Hafnaði hann bótakröfunum á þeirri forsendu að það hafi í mesta lagi

„verið matsatriði hvort úrskurður sýslunefndar væri haldinn nokkrum ágöllum. Þegar svo var búið var það ekki á valdi sýslumanns sem lögreglustjóra að leggja sjálfstætt mat á gildi úrskurðar sýslunefndar. Ekki verður þá séð hvernig lögreglustjóri hafi átt að gera sér ljóst að úrskurðurinn var markleysa. Þegar af þessari ástæðu verður talið að aðgerðir sýslumanns hafi verið lögmætar og ósaknæmar.“

Ekki vildu Björn og Einar una þessari niðurstöðu og enn fór málið fyrir Hæstarétt. Þaðan kom endanlegur dómur 16. febrúar 1990, fjórum árum og hálfu betur eftir hinn umdeilda hrossaupprekstur. Í dóminum segir m.a.:

„Sýslunefndinni var rétt að taka ágreining hreppsnefndanna um upprekstur hrossa til meðferðar og úrskurðar samkvæmt 9. gr. laga nr. 42/1969. Þeim úrskurði matti skjóta til dómstóla til efnisúrlausnar, sbr. niðurlagsákvæði nefndrar greinar. Það var ekki gert. Var áfrýjendum óheimilt að reka hross sín á afréttarlandið svo sem þeir gerðu.“

Varð hinum áfrýjaða dómi þannig ekki breytt og málskostnaður fyrir Hæstarétti var felldur niður. Sama hafði verið gert í undirrétti. Lauk þannig langvinnri deilu og málaferlum, sem ekki sá fyrir endann á, fyrr en rúmu ári eftir að sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu hætti störfum eins og aðrar slíkar að lagaboði.

Hér hefur verið greint nokkuð nákvæmlega frá deilum og umræðum um gróðurvernd á vettvangi sýslunefndar Austur-Húnavatnssýslu og víðar. Deilum, sem líklega hafa átt sér stað með svipuðum hætti víðar um land, þótt óvíða væru menn jafn fylgnir sér og í Húnavatnssýslu. Frá sjónarhóli margra bænda snérist þetta ekki einvörðungu um það hvort fleira eða færra fé var rekið á afréttinn. Hitt skipti líka máli hver ætti að taka ákvarðanir um takmarkanir og hvernig. Var ákvörðunarvaldið heima í héraði eða sunnan heiða?[121]

[121] Bragi Guðmundsson, *Héraðsstjórn í Húnaþingi*, (1992), bls. 326-334.

Þann 30. júní 1986 auglýsti landbúnaðarráðuneytið takmörkun á upprekstri hrossa og sauðfjár á Grímstungu- og Haukagilsheiðar, Víðidalsfjall og Sauðadal í Austur-Húnavatnssýslu. Auglýsingin hljóðar svo:

AUGLÝSING

> Um takmörkun á upprekstri hrossa og sauðfjár á Grímstungu- og Haukagilsheiðar, Víðidalsfjall og Sauðadal í Austur-Húnavatnssýslu.
>
> Landbúnaðarráðuneytið hefur samkvæmt heimild í 5 mgr. 23. gr. laga nr. 17/1965 um landgræðslu, sbr. 2. gr. laga nr. 42/1982, ákveðið að banna upprekstur hrossa á Grímstungu- og Haukagilsheiðar, Víðidalsfjall, þ. e. sameiginlegan afrétt Ás- og Sveinstaðahreppa í Austur-Húnavatnssýslu, svo og upprekstur hrossa úr Þverárhreppi í Vestur-Húnavatnssýslu á fyrrnefnda afrétti. Bann þetta gildir frá og með 1. júlí n.k. og til ársloka 1986. Ennfremur skal upprekstur hrossa á Sauðadal takmarkast við 100 hross á tímabilinu 15. júlí til 10. september 1986.
>
> Jafnframt hefur ráðuneytið ákveðið að upprekstur sauðfjár á Grímstunguheiði verði fyrst heimil eftir 10. júlí n.k.
>
> Um brot gegn banni þessu fer eftir ákvæðum 43. gr. laga nr. 17/1965 um landgræðslu, sbr. 40. gr. laga nr. 10/1983.
>
> *Landbúnaðarráðuneytið, 30. júní 1986.*
>
> Jón Helgason.[122]

Þann 9. júlí 1986 seldi Guðmundur Bergmann Svavari Jónssyni jörðina Öxl II ásamt svonefndum Sauðadalsparti. Afsalið var móttekið til þinglýsingar 5. september 1986 og fært inn í þinglýsingabók 9. september 1986.[123]

Árið 1989 birtist eftirfarandi kafli um Sauðadal eftir Grím Gíslason í grein hans um Upprekstrarfélag Grímsstunguheiðar í ritinu Húnaþing III. Þar ræðir hann m.a. afréttarlönd Ás- og Sveinsstaðahrepps og segir:

> Auk framangreindra heiðalanda liggja grösug beitilönd fram af Sveinsstaðahreppi á báða vegu og samliggjandi við Vatnsdalinn þar sem er Sauðadalurinn að austan, og tilheyrir hann rúmlega hálfur jörðum í Sveinsstaðahreppi [...][124]

Grímur lýsir Sauðadal með eftirfarandi hætti:

> Sauðadalur er eyðidalur sem skerst fram milli Vatnsdalsfjalls og Svínadalsfjalls. Landið er eign Hnausa í Sveinsstaðahreppi að ½ og Axlar að 1/16 en Stóra-Giljá í Torfalækjarhreppi á 7/16. Hnausar og Öxl nota sinn hluta til hrossabeitar, en frá Stóru-Giljá er rekið þangað bæði sauðfé og hross. Að öðru leyti er landið notað sem afréttarland. Það er smalað af

[122] Skjal nr. 4(54).
[123] Skjal nr. 4(190).
[124] Grímur Gíslason, „Upprekstrarfélag Grímstunguheiðar“, *Húnaþing* III. Akureyri 1989, bls. 103.

> Torfalækjarhreppi en 35 prósent skilanna reiknuð Upprekstrarfélagi Grímstunguheiðar til gjalda í uppgjöri milli oddvita Torfalækjarhrepps og Sveinsstaðahrepps. Fénaður var réttaður, hross í Beinakeldurétt, þar sem sauðfé var einnig réttað, þar til fyrir fáum árum, að fjárrétt var færð að Stóru-Giljá.
>
> Sauðadalurinn er fjölbreytt og gott beitiland. Votlendi er í lágdalnum, beggja vegna Giljárinnar, sem heitir raunar Sauðadalslækur framan til. Fénaður sækir mjög norður á Sauðadalinn, er líður á sumar, framan af Hálsum og Auðkúluheiði, þótt að nokkru hafi verið bægt frá með girðingum, svo sem síðar verður frá sagt.
>
> Á Sauðadal voru selstöður áður fyrr í Giljárseli og Hnausaseli og búseta mun hafa verið fram um síðustu aldamót í því síðarnefnda. Þá eru og gömul munnmæli um selstöðu á Sauðadal, sem tilheyrði Hvammkoti í Vatnsdal, svokallað Hvammssel.[125]

Þann 20. febrúar 1989 sendi félagsmálaráðuneytið öllum sveitarstjórnum á Íslandi bréf og spurðist fyrir um upprekstrarrétt og afrétti sveitarfélaga o.fl. þar að lútandi. Oddviti Sveinsstaðahrepps, Þórir Magnússon, svaraði bréfi ráðuneytisins 5. júlí sama ár, þar segir:

> Sveinsstaðahreppur á upprekstur í nokkur afréttarlönd móti öðrum hreppum. Það virðist að fullu ljóst hvaða hreppum þessir afréttir tilheyra samkvæmt hreppamörkum, að undanskyldum Sauðadal. Þar á Sveinsstaðahreppur upprekstur að ca 60% hluta móti Torfalækjarhreppi og er sá upprekstrarréttur samkvæmt eignarhlut jarða í Sveinsstaðahreppi í Sauðadal. (Jarðirnar Hnausar og Öxl.)
>
> Fjallskila og refavinnslukostnaður er greiddur af Sveinsstaða og Torfalækjahreppum í hlutfalli við upprekstarrétt hvers hrepps í Sauðadalsland.
>
> Þá kem ég að því atriði sem að hefir verið og er nokkur álitamunur um þó að ekki hafi verið gjört út um það atriði, þar sem samkomulag hefir verið um nytjun og kostnað.
>
> Samkvæmt skráðum hreppamörkum er Giljáin hreppamerki milli Sveinsstaða og Torfalækjarhrepps að fornu og nýju. Giljáin rennur eftir endilöngum Sauðadal sem að virðist að fornu samkvæmt jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vidalín hafa legið undir jarðirnar Brekku í Sveinsstaðahreppi og Stóru-Giljá í Torfalækjarheppi með selstöðu frá fleiri jörðum.
>
> Síðar urðu breytingar á eignarrétti í Sauðadal á einhverju tímabili virðist Sauðadalur allur liggja undir Stóru-Giljá án þess að vitað sé um lögformlega breytingu á hreppamörkum enda og vitað um að hlutar úr Sauðadal hafa gengið kaupum og sölum.

[125] Grímur Gíslason, „Upprekstrarfélag Grímstunguheiðar“, *Húnaþing* III, bls. 131.

> Samkvæmt framanskráðu telur hreppsnefnd Sveinsstaðahrepps að Sauðadalur vestan Giljár liggi innan marka Sveinsstaðahrepps, sem að hreppsnefnd væntir að Félagsmálaráðuneytið staðfesti.[126]

Í svari oddvita Torfalækjahrepps, dags. 25. febrúar 1989, við sömu fyrirspurn félagsmálaráðuneytisinis, 20. febrúar 1989, kemur fram að íbúar sveitarfélagsins eigi upprekstrarrétt á Auðkúluheiði. Ekki er getið um upprekstur á Sauðadal.

Sigurbjörg Guðmundsdóttir seldi Guðmundi Jakobi Svavarssyni jörðina Öxl með kaupsamningi sem var undirritaður 10. júlí 1990. Þar kemur eftirfarandi fram: „Jörðinni fylgir 1/16 hluti úr Sauðadal, til eigna og afnota.“[127]

Í ódagsettri skipulagsskrá fyrir Sjálfseignarstofnunina Grímstungu- og Haukagilsheiði sem Sveinsstaðahreppur stofnaði þá kemur fram að á meðal stofnfésins sé 1/8 Sauðadals, sbr. kaupsamning og afsal dagsett 2. október 2000.[128]

Í *Árbók Ferðafélags Íslands* frá árinu 2007 segir m.a. svo um Sauðadal:

> Sauðadalur, sem er kenndur við sauði Ingimundar gamla, liggur milli Vatnsdalsfjalls að vestanverðu og Svínadalsfjalls að austan, talinn ná frá Fremstalæk og Draugaflá að sunnan út að Hjálpargili og Kötlunúp í Vatnsdalsfjalli en Hrútaskálaklettum í Mjóadal sem eru háir og illfærir. Dalurinn er nú nýttur sem afrétt frá nokkrum bæjum í Torfalækjar- og Sveinsstaðahreppi.[129]

5.2.1 Aðliggjandi og tengd svæði

5.2.1.1 Stóra-Giljá

Í elsta hlutanum af Sigurðarregistri frá árinu 1525, sem hefur inni að halda máldaga Hóladómkirkju, þegar Jón biskup Arason tók við, máldaga klaustranna og nokkurra kirkna fyrir norðan land, er Stóra-Giljá talin með jarðagóssi Þingeyraklausturs.[130]

Jónas Pétursson á Smyrlabergi seldi Erlendi Eysteinssyni á Beinakeldu eignar- og óðalspart sinn í Stóru-Gilá þann 31. maí 1884. Umræddur partur samsvaraði 5 hundruð eftir gömlu mati en 7 1/3 hundrað eftir nýju mati og fylgdi honum öll hús, tún, engjar og ítök sem fylgt hafði og fylgja bar ásamt fjárhúsi og hesthúsi. Afsalsbréfsins var getið í afsals- og veðmálabók sýslunnar 18. júní 1886 en lesið upp á manntalsþingi að Torfalæk 21. júlí 1887.[131]

Landamerkjabréf fyrir Stóru-Giljá og Beinakeldu var útbúið 12. maí 1890 og því var þinglýst 26. maí 1891:

> Norður frá Beinakeldu er svo kallaður Þúfnalækur, sem landi skiptir að norðan frá fossi norður undan Beinakeldu og það vestur á Lestavað yfir lækinn norður undan Stórugiljá gagnvart miðju Lækjargili, þaðan í vestur

[126] Skjal nr. 4(18).
[127] Skjal nr. 4(191).
[128] Skjal nr. 7(5).
[129] *Árbók Ferðafélags Íslands*, (2007), bls. 84.
[130] Skjal nr. 2(84).
[131] Skjal nr. 4(222).

> beina línu í mitt Akurssýki, sem vísar á stein vestan undir sýkinu, og svo sem merkjavörður ráða eptir sömu línu til Húnavatns miðju, í austur frá Þúfnalækjarfossi beina línu til Helluvörðu, svo frá Helluvörðu í vörðu á Egilsholti, þaðan í Grástein austan á Stóramó, svo úr Grásteini í steina tvo í Vatnsgötu á Reykjabrautar vegi suður undan Langhóla enda, síðan beina línu norðaustan í há Skertlufjall, þaðan fram og austur á Svínadalsfjall, allt sem vötn að draga af fjallsengjum til vesturs, móts við klett, er stendur við Hrafnabjargakvísl, við Marðarnúps land, þaðan rjettsýni vestur á Vesturdalsfjall, móti merkisteini þeim, sem stendur á Giljár- eða Marðarnúps-hlíð, svo það vötnum veitir til austurs norður eptir öllu fjallinu út að Kötlunúpagili eða Hjálpargili, svo sem gil ræður í Sauðadalsá, ræður svo áin alla leið að merki því, er stendur á Giljár eyrum, vestan til við ána, suðvestur frá Stórugiljá, frá því merki svo beina línu eptir vörðum norðan við Hallstópt í mitt Kænuvik, og það svo gagnvart miðju Húnavatni, ræður svo lína eptir miðju vatni, móts við norður merkjalínu Stórugiljár og Beinakeldu. Norðurmerki Sauðadals er úr Skertlufjalli í Hjálpargili. Ofanskrifaðar jarðir eiga frían upprekstur á Auðkúluheiði.[132]

Erlendur Eysteinsson skrifaði undir bréfið. Það var samþykkt af Magnúsi Steindórssyni eiganda hálfs Sauðadals, Kristjáni Sigurðssyni meðeiganda Sauðadals, B. G. Blöndal umboðsmanni Þingeyraklaustursjarða, Þorsteini og Gísla Jónssonum eigendum Litlugiljár, Agli Halldórssyni eiganda Reykja, Jóni Jónssyni og Guðrúnu Jónsdóttur.

Landamerkjabréf fyrir Giljársel á Sauðadal hefur ekki fundist við kerfisbundna gagnaöflun óbyggðnefndar.

Í fasteignamatinu 1916 kemur eftirfarandi fram í kafla um Stóru-Giljá:

> Að sögn áb. hefir undanfarin ár verið framfleytt á jörðinni [...] teljast hæfileg áhöfn, ef ekki er notað land það, er í fjarlægð liggur þ.e. á Sauðadal. [...] Rétt við túnið er foss í ánni, Giljá, sem þar ræður merkjum að sunnan. Landamerki þinglýst.[133]

Þorsteinn Konráðsson birti ritgerð um eyðibýli, eyðihjáleigur og eyðisel í Húnaþingi árið 1932. Þar segir hann: „Giljársel er kallað á Sauðadal. Á.M. getur þess ekki, en tóftabrot eru þar og helzt við þau nafnið. Óvíst allt um sel þetta.“[134]

5.2.1.2 Hnausar

Samkvæmt sóknarmannatali Þingeyraklausturs þá var búið í Hnausaseli á árunum 1878−1882.[135] Þar kemur ekkert fram um staðsetningu selsins.

---

[132] Skjal nr. 2(8).
[133] Skjal nr. 2(76).
[134] Þorsteinn Konráðsson, „Skrá yfir eyði-býli, -hjáleigur og -sel í Húnaþingi“, *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags* 44 (1932), bls. 68. Með Á.M. er átt við *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*.
[135] ÞÍ. Þingeyraklaustur. BC/7. Sóknarmannatal 1878-1887, án blaðsíðutals. Leitaðvar að Hnausaseli á manntalsvef ÞÍ (manntal.is).

Í landamerkjabréfi Hnausa, frá 20. júní 1883 og sem þinglýst var 28. maí 1889, kemur fram að landamerki jarðarinnar séu eftirfarandi:

> Að sunnan og vestan ræður áin eða Kvíslin, norður að skurði þeim, sem liggur úr Álptatjörn og vestur í Kvíslina, og úr Álptatjörn aptur ræður Markkelda norður beint í Þverkvísl, þá Þverkvísl austur í Árfar sem þá ræður suður að syðsta Heygarði á Slýjubakkanum, austan Árfars, þaðan aptur bein stefna í Markstein á Axlarbölum og Kerlingu á Axlarhjalla, að austan ræður sem vötnum hallar í vestur af fjallinu fram til Bæjargils, og þá Bæjargil og Bæjarlækur að sunnan niður í Skriðuvað, og svo sem Austurkvísl ræður. Þó er jörðinni Bjarnastöðum heimilt slægna-ítak í Lindartjörn og Slýjubakka, samkvæmt þinglesnu yfirlýsingarskjali, dags. 3. júní 1880.
>
> Landamerki Sauðadals, sem nú er sameign okkar Erlendar Eysteinssonar á Beinakeldu, eiganda Stórugiljár, eru samkvæmt lögfestu 24. maí 1875, þinglesinni að Tindum sama dag, og Miðhúsum 26. s. mán, þessi, sem nú skal greina: Að norðan og austan Sauðadalsár ráða svo kallaðar Skertlur, er skerast vestur úr Reykjanybbu, þaðan fram og austur á Svínadalsfjall, allt hvað vötn að draga til vesturs, fram móts við svo kallaðan klett Snagga, er stendur við Hrafnabjargakvísl, móts við Marðarnúpsmenn, þaðan rjettsýni vestur á Vatnsdalsfjall móti merkisteini þeim, er stendur í Gilár- eður í Marðarnúps-hlíð, þar vötnum veitir til austurs, þaðan norður háfjallið allt að Hjálpargili sem einnig er kallað Kötlunúpsgil, þaðan austur í Sauðadalsá.[136]

Þorvaldur Ásgeirsson eigandi Hnausa og hálfs Sauðadals skrifaði undir landamerkjabréfið 20. júní 1883. Það var samþykkt af eigendum og umráðamönnum jarða sem áttu land að Hnausum og Sauðadal. Um var að ræða Sigurð Hafsteinsson eiganda Axlar, Lárus Blöndal og Hjörl. Einarsson umráðamenn kristfjárjarðanna Másstaða, Hofs, Kötlustaða, Giljár og Marðarnúps, F. Guðmundsson eiganda Eyjólfsstaða og Bakka, Jósep Einarsson fyrir Grundarkot og Hjallaland, B. G. Blöndal eiganda Hvamms og umboðsmann fyrir Þingeyrarklaustursjörðunum Brekku og Brekkukots, Erl. Eysteinsson eiganda Stórugiljár og Beinakeldu, Kristján Kristjánsson eiganda Snæringsstaða, Þorstein Þorsteinsson eiganda Grundar, Svein Pjetursson eiganda Geithamra, St. M. Jónsson umráðamann Gafls í Svínadal og E. Halldórsson eiganda Reykja og Mosfells. Bréfið var einnig samþykkt af Jórunni Magnúsdóttur eiganda Bjarnastaða og Guðbjörgu Pjetursdóttur eiganda Ljótshóla en þær handsöluðu samþykki sitt.

Landamerkjabréf fyrir Hnausasel hefur ekki fundist við kerfisbundna gagnaöflun óbyggðnefndar.

Jörðin Hnausar var auglýst til sölu í Ísafold, 23. desember 1908, ásamt hálfum Sauðadal. Í auglýsingunni segir: „Jörðinni þarf ekki að lýsa; hún er eins og kunnugt er, ein af beztu jörðum sýslunnar: slægjur og hagaganga óþrjótandi og talsverð

[136] Skjal nr. 2(1).

silungsveiði rétt hjá túninu, og fleiri góðir kostir.“ Áhugasömum var bent á að semja við Steingrím Guðmundsson smið í Reykjavík.[137]

Í fasteignamatinu 1916 kemur fram, að hálfur Sauðadalur hafi verið keyptur undir Hnausa. Þar segir:

> Undir jörðina [Hnausa] hefir verið keyptur halfur Sauðadalur, og er það mikið og gott beitiland og talsverðar slægjur.[138]

5.2.1.3 Öxl

Í elsta hlutanum af Sigurðarregistri frá árinu 1525, sem hefur inni að halda máldaga Hóladómkirkju, þegar Jón biskup Arason tók við, máldaga klaustranna og nokkurra kirkna fyrir norðan land, er Öxl talin með jarðagóssi Þingeyraklausturs.[139]

Landamerkjabréf fyrir Öxl var útbúið 27. maí 1889 og þinglesið degi síðar:

> Að sunnan úr syðsta heygarði á Slíubakka austan Árfars beina stefnu í Markstein á Axlarbölum og Kerlingu á Axlarhala, og þá sömu línu til háfjallsins. Að norðan ræður Grásteinn niður undir Axlar- eða Brekkukvísl, og frá honum út og upp í vörðu vestan við svonefnt Tjarnstæði, fyrir sunnan Brekkukotsmel, frá þessari vörðu beint í stein upp á mýrunum, merktan L, og frá honum í vörðu á fjallabrúninni, og þaðan upp á há öxlina. Að austan eru merki há fjallið, en að vestan mitt Árfar og Axlarkvísl.[140]

Guðrún Einarsdóttir skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af B. G. Blöndal umboðsmanni Þingeyrarklaustursjarða, Magnúsi Steindórssyni eiganda Hnausa og J. Einarssyni skipuðum meðráðamanni hinna ómyndugu meðeigenda Axlar.

Í fasteignamatinu 1916 kemur fram að landamerki Axlar séu ekki ágreiningslaus. Þar segir:

> Landamerki þinglýst, en þó ekki ágreiningslaus með öllu.[141]

5.2.1.4 Beinakelda

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá árinu 1706 kemur fram að Beinakelda sé hjáleiga og afbýli frá heimajörðinni Stóru-Giljá. Þar segir ennfremur:

> Afrjettartolla af Sauðadal fær þessi afbýlismaður öngva. [...] Hagabeit hefur hann óskammtaða frí í Stóru Giljár landi og á Sauðadal.[142]

Landamerkjabréf fyrir Stóru-Giljá og Beinakeldu var útbúið 12. maí 1890 og því var þinglýst 26. maí 1891:

---

[137] „Jörðin Hnausar ...“, *Ísafold* XXXV. árg., 80. tbl. (23. desember 1908), bls. 319. Steingrímur hafði keypt jörðina af Magnús Bjarna Steindórssyni bónda á 14.000 kr., sbr. „Hnausar í Húnavatnssýslu ...“ *Ingólfur* V. ár, 1. blað (6. janúar 1907), bls. 2.
[138] Skjal nr. 2(76).
[139] Skjal nr. 2(84).
[140] Skjal nr. 2(3).
[141] Skjal nr. 2(76).
[142] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VIII. Húnavatnssýsla, bls. 306-307.

> Norður frá Beinakeldu er svo kallaður Þúfnalækur, sem landi skiptir að norðan frá fossi norður undan Beinakeldu og það vestur á Lestavað yfir lækinn norður undan Stórugiljá gagnvart miðju Lækjargili, þaðan í vestur beina línu í mitt Akurssýki, sem vísar á stein vestan undir sýkinu, og svo sem merkjavörður ráða eptir sömu línu til Húnavatns miðju, í austur frá Þúfnalækjarfossi beina línu til Helluvörðu, svo frá Helluvörðu í vörðu á Egilsholti, þaðan í Grástein austan á Stóramó, svo úr Grásteini í steina tvo í Vatnsgötu á Reykjabrautar vegi suður undan Langhóla enda, síðan beina línu norðaustan í há Skertlufjall, þaðan fram og austur á Svínadalsfjall, allt sem vötn að draga af fjallsengjum til vesturs, móts við klett, er stendur við Hrafnabjargakvísl, við Marðarnúps land, þaðan rjettsýni vestur á Vesturdalsfjall, móti merkisteini þeim, sem stendur á Giljár- eða Marðarnúps-hlíð, svo það vötnum veitir til austurs norður eptir öllu fjallinu út að Kötlunúpagili eða Hjálpargili, svo sem gil ræður í Sauðadalsá, ræður svo áin alla leið að merki því, er stendur á Giljár eyrum, vestan til við ána, suðvestur frá Stórugiljá, frá því merki svo beina línu eptir vörðum norðan við Hallstópt í mitt Kænuvik, og það svo gagnvart miðju Húnavatni, ræður svo lína eptir miðju vatni, móts við norður merkjalínu Stórugiljár og Beinakeldu. Norðurmerki Sauðadals er úr Skertlufjalli í Hjálpargili. Ofanskrifaðar jarðir eiga frían upprekstur á Auðkúluheiði.[143]

Erlendur Eysteinsson skrifaði undir bréfið. Það var samþykkt af Magnúsi Steindórssyni eiganda hálfs Sauðadals, Kristjáni Sigurðssyni meðeiganda Sauðadals, B. G. Blöndal umboðsmanni Þingeyraklaustursjarða, Þorsteini og Gísla Jónssonum eigendum Litlugiljár, Agli Halldórssyni eiganda Reykja, Jóni Jónssyni og Guðrúnu Jónsdóttur.

Í fasteignamatinu 1916 segir m.a. í umfjöllun um Beinakeldu:

> Beitiland fremur þröngt, en all-vel kjarngott. Gott til vetrarbeitar. Smalamenska hæg. Óskift beitiland milli Beinakeldu og Stóru-giljár.[144]

5.2.1.5 Brekka og Brekkukot

Landamerkjabréf fyrir þjóðjörðunum Brekku og Brekkukoti var útbúið 3. maí 1889 og þinglesið 28. maí sama ár:

> Að sunnan úr stórum steini niður undir Axlar- eða Brekku-kvísl, er nefnist Grásteinn og merktur er L, til landnorðurs að vörðu, er á melnum vestanvert við grasbolla, sem nefndur er Tjarnstæði, frá henni í stóran stein upp á mýrinni, sem einnig er merktur L, og frá honum sömu stefnu í vörðu á Hjallabrúninni, þá aptur frá henni uppá norðvesturhorn Axlarinnar, sem er norðurendi Vatnsdalsfjalls, þaðan beina stefnu suðaustur að Hjálpargili, og sem það ræður, þá frá því þvert niður til Gilár, ræður hún þá merkjum niður að Sellækjarós. Milli Brekku og Litlugilár eru þessi merki: Fyrir sunnan

[143] Skjal nr. 2(8).
[144] Skjal nr. 2(76).

> Sellækjarós eru tveir stórir steinar, og er annar þeirra merktur L, frá honum beina leið í miðjan Langadalsenda austari, og þá eptir honum miðjum niður til Krossdals, þar sem lækurinn fellur yfir göturnar, þá þaðan niður til Skriðugils, og eptir því, sem það ræður, þá frá merkjasteini í miðjum Skriðugilsenda neðri, eptir stefnu þeirri, er merkjavörður benda til, að vörðu við landnorðurenda Sortuviks, þá sem það ræður til suðvesturs að vörðu, er stendur við suðvesturenda þess, frá henni þvert yfir hólmann að vörðu, sem er vestur við Brekkukvísl, og ræður hún þá merkjum fram til fyrnefnds Grásteins, er merktur er L.[145]

Bréfið var samþykkt af B. G. Blöndal umboðsmanni Þingeyrarklaustursjarða, Þorsteini og Gísla Jónssonum eigendum Litlugiljár, Guðrúnu Einarsdóttur eiganda hálfra Axla og J. Einarssyni fjárhaldsmanni ómyndugra eigenda hálfra Axla.

5.2.1.6 Reykir

Landamerkjabréf fyrir Reyki var útbúið 25. maí 1891 og þinglesið degi síðar:

> Að austan, móts við Orrastaðaland, eru merki frá Jörundarþúfu til norðurs á vörðu, er stendur norðast á holtum milli Orrastaða og Reykja, síðan enn til norðurs á vörðu þá, er stendur skammt fyrir vestan svo kallað Hrísholt, þá liggja merkin til útvesturs í vörðu þá er stendur í miðjum Álptatanga, síðan liggja merkin þaðan í Torfalækjarós, þar sem hann fellur úr Torfavatni, svo eiga Reykir land ofan með Torfalæk að sunnan, móts við Meðalheims land, allt þar til kemur ofan að þverlæk, sem fellur í Torfalæk, og nú stendur varða hjá, svo er stefna rjett til vesturs í svo nefndan Grenshól, síðan til útvesturs í vörðu á Egilsholti, svo úr Egilsholti til útsuðurs í Grástein móts við Beinakelduland, svo ennþá í sömu stefnu og í steina tvo, sem standa í svo nefndum Vatnsgötum á veginum, rjett fyrir vestan Langhól, svo eru merkin til suðurs úr nefndum steinum, og sjónhending í há Skertlufjall, svo liggja merki til austurs og í miðja Jórunnarskál, svo ofan hóla þá, sem eru fyrir neðan skálina allt að melhorni því sem lengst gengur niður úr hólunum, svo eru merki að sunnanverðu, gagnvart Mosfellslandi, svo kölluð Merkjakelda og til vísa vörður með keldunni merkin allt að Svínavatni, síðan liggur land með Svínavatni allt að hinni fyrst nefndu Jörundarþúfu.[146]

Egill Halldórsson eigandi Reykja og Mosfells skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Erlendi Eysteinssyni eiganda Beinakeldu og Stórugiljár, Jórunni Erlendsdóttur eiganda Orrastaða, Lárusi Blöndal vegna kristfjárjarðarinnar Meðalheims og B. G. Blöndal umboðsmanni Þingeyraklaustursjarða.

Sætt náðist í landamerkjadeilu Mosfells og Reykja 20. júlí 1949 og var henni þinglýst níu dögum síðar:

[145] Skjal nr. 2(4).
[146] Skjal nr. 2(9).

> Landamerki milli jarðanna Mosfells og Reykja skulu vera bein sjónhending úr miðri Jórunnarskál í Svínavatn, um Jórunnarskálarmela og norðurjaðar steypts ræsis á Svínvetningabraut yfir læk, er kemur úr Jórunnarskálamelum og rennur í Svínavatn, sunnanvert við Kænutanga. Báðir aðilar skuldbinda sig til að hlaða í félagi merkjavörðu við Svínavatn, þegar á þessu ári, og halda henni við framvegis. Aðiljar greiða að jöfnu kostnað við athugun merkja, sem undirbúning að sáttagjörð þessari.[147]

Páll Kristjánsson og Júlíus Jónsson skrifuðu undir skjalið.

5.2.1.7 Mosfell

Landamerkjabréf Mosfells, frá 1. febrúar 1891, var þinglesið á manntalsþingi á Svínavatni 19. maí 1882. Þar kemur eftirfarandi fram:

> Að sunnan, móts við Geithamra land, eru merki úr vörðu, er stendur á bakkanum við Svínavatn og í stein rjett þar fyrir ofan er verða höggnir á stafirnir L.M.; svo liggja merki í lækjardrag rjett fyrir sunnan Einbúa, þaðan upp í Merkjalæk, sem fellur ofan Berjabrekku, svo úr Merkjalæk beina línu upp í há hnjúk, (Miðdegishögg); þá liggja merki til norðurs út háfjall og í miðja Jórunnarskál, svo ofan miðja hólana, sem eru fyrir neðan skálina; síðan eru merki ofan með Merkikeldu, eins og vörður til vísa, ofan til Svínavatns á móts við Reykjaland; liggur svo land með Svínavatni allt á móts við fyrst nefnda vörðu á vatnsbakkanum.[148]

Undir landamerkjabréfið skrifar E. Halldórsson eigandi Mosfells og Reykja og Þorsteinn Þorsteinsson umráðamaður Geithamars.

5.2.1.8 Geithamrar

Landamerkjabréf fyrir Geithamra var þinglesið 17. maí 1890:

> Að sunnanverðu gagnvart Grundarlandi ræður lækur, sem hefur upptök sín úr hinum svonefndu Þrílækjum uppí fjallsbrún, rennur lækur þessi ofan á milli bæjanna Grundar og Geithamra, þar til hann fellur fram úr þrengslum nokkru neðar en bæirnir standa, ræður svo merkjum bein stefna til austurs, og í þverlækinn, er fellur til norðurs fyrir ofan Grundar-beitarhús, síðan ræður lækur þessi merkjum til norðurs, þar til hann fellur í það sunnanvert við klett, sem kallaður er Einbúi, svo ræður lækur þessi merkjum að norðan, móts við Mosfellsland, upp fjallið, eptir Berjabrekkubrún, og svo beina stefnu til fjallsbrúnar, að vestanverðu frá greindu takmarki ræður fjallsbrúnin merkjum til suðurs allt að Þrílækjum.[149]

Sveinn Pjetursson eigandi og ábúandi Geithamra skrifaði undir bréfið. Það var samþykkt af Agli Halldórssyni eiganda og umráðamanni Mosfells og Þorsteini Þorsteinssyni eiganda Grundar.

[147] Skjal nr. 2(10).
[148] Skjal nr. 2(226).
[149] Skjal nr. 2(11).

5.2.1.9 Grund og Syðri-Grund

Landamerkjabréf fyrir jörðina Grund var þinglesið 17. maí 1890:

> Að sunnanverðu, gagnvart Snæringsstaðalandi, ræður bein stefna úr stóra Fornmannshól, er stendur vestanvert við Svínadalsá, í svokallaða Merkjaholt, svo úr því holti bein stefna í norðasta klettinn í Setaklettaendum, síðan í rjetta stefnu til vesturs uppá á há fjallsbrún, síðan ræður fjallsbrúnin merkjum, allt norður að Þrílækjum. Að norðanverðu, gagnvart Geithamralandi, ræður lækur, er hefur upptök sín úr áðurnefndum Þrílækjum, og rennur ofan fjallið eptir hinu svonefnda Hverfi, síðan fellur lækur þessi ofan í milli bæjanna Grundar og Geithamra, þartil hann fellur fram úr þrengslum og kvíslast út um flóann. Síðan ræður merkjum bein stefna til austurs, frá því lækurinn fellur úr áðurnefndu þrengsli, og í Þverlækinn, þarsem hann fellur til norðurs fyrir ofan Grundar-beitahúsin, svo ræður þverlækur þessi merkjum til norðurs þar til hann fellur í Vatnsvíkina fyrir utan og neðan Geithamra, svo ræður Svínavatn til austurs að norðanverðu frá lækjarósnum og austur í Svínadalsá, þarsem hún fellur í vatnið. Að austanverðu, móts við Auðkúlu- og Holts-lönd, ræður Svínadalsá frá Fornmannshól að sunnan og þartil hún rennur í Svínavatn austanvert við Grundarnes.[150]

Þorsteinn Þorsteinsson eigandi og ábúandi Grundar skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Sveini Pjeturssyni eiganda Geithamra og Guðmundi Þorsteinssyni eiganda Holts.

Þann 2. apríl 1952 var útbúinn landaskiptasamningur fyrir Grund:

> Við undirritaðir höfum skipt með okkur eignarjörð okkar Grund í Svínadal.
>
> Norðari hlutinn ber sitt fyrra nafn, Grund, en syðri hlutinn nafnið Syðri-Grund og er hann nýbýli. Landamerki eru þessi á milli býlanna:
>
> Vegurinn, sem liggur af Svínadalsvegi gegnt bænum á Grund austur að Svínadalsá. Í fjallinu ræður merkjum syðri Grundarlækurinn. Vatnsréttindi skiptast að jöfnu milli býlanna.[151]
>
> Þórður og Guðmundur Þorsteinssynir skrifuðu undir samninginn.

5.2.1.10 Snæringsstaðir

Landamerkjabréf fyrir Snæringsstöðum var útbúið 13. maí 1890 og þinglýst fjórum dögum síðar:

> Að sunnan eru merki sem að vötn að draga í svokölluðu Hólsárskarði í Svínadalsfjalli, og ræður svo Hólsá merkjum austur í Svínadalsá, að austan ræður Svínadalsá frá Hólsá norður á móts við stóra Fornmannshól, þar sem hann er hæstur að norðan, þaðan vestur í ytri enda norðara Háholts, og úr því sjónhending í vörðu norðan í svonefndum Ennahaus, þaðan beint í lítinn læk, sem rennur ofan úr fjallinu fyrir norðan lítinn klett, sem er fyrir norðan

[150] Skjal nr. 2(12).
[151] Skjal nr. 2(14).

> Setukletta-enda sunnanvert við svonefndan Miðdegis-stein, þaðan beina sjónhending fyrir norðan svokallaða Startjörn, og þaðan beina línu vestur til efstu fjallsbrúnar, sem ræður merkjum að vestan.[152]

Hallgrímur Hallgrímsson eigandi og ábúandi Snæringsstaða skrifaði undir bréfið. Það var samþykkt af Þorsteini Þorsteinssyni eiganda Grundar, Sigurði Árnasyni eiganda Rútsstaða og Jóni Jónssyni eiganda Ljótsstaða.

5.2.1.11 Ljótshólar

Landamerkjabréf fyrir Ljótshólum var útbúið 10. maí 1890 og þinglýst sjö dögum síðar:

> Að sunnanverðu ræður Seljaá, frá Svínadalsá til efstu brúnar í Seljaár-skarði, þaðan stefna í útsuður eptir svonefndum Seljaár-drögum til hæstu fjallsbrúnar, þaðan er bein stefna í norður eptir háfjallinu út í Hólsár-skarð, evo ræður Hólsá til Svínadalsár.[153]

Jón Jónsson eigandi Ljótshóla skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Hallgrími Hallgrímssyni eiganda Snæringsstaða, St. M. Jónssyni staðarhaldara (beneficiarius) Auðkúlu og Sigurði Árnasyni eiganda Rútsstaða.

5.2.1.12 Gafl í Svínadal

Landamerkjabréf fyrir Gafli var útbúið 29. apríl 1887 og því var þinglýst 18. maí 1889:

> Á móts við Marðarnúp ræður að sunnan sjónhending úr svokölluðum Snaga, kletti, er stendur niður við kvíslina, og beint í vestur upp í fjallsbrún, að austan ræður fyrst vesturkvíslin, og síðan Svínadalsá, þegar kvíslarnar sameinast út að Seljá, er ræður merkjum á fjall upp að norðan-verðu móts við Ljótshóla.[154]

Stefán M. Jónsson umráðamaður Gafls skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af eigendum aðliggjandi jarða þeim Lárusi Blöndal umráðamanni kirkjujarðarinnar Marðarnúps, Hjörl. Einarssyni og Guðbjörgu Pjetursdóttur eiganda Ljótshóla.

5.2.1.13 Marðarnúpur

Þann 11. september 1369 á Seltóptum fyrir Öxlum tók Eiríkur Þorleifsson eið af nokkrum mönnum varðandi Marðarnúp. Agata Jónsdóttir og Þorgerður Þórðardóttir sóru að þegar þær höfðu verið með Böðvari bónda Arnórssyni þá hafi hann haft: „[...] sellfor fyrer axlir hrisrif og grassa lestr sem rettr eignhar madr fra mardar gnupe atolulaust meir en xx vetra og hann kallade sina eighn.“ Þá sóru þeir séra Þórarinn Finnbjarnarson og Broddi Böðvarsson eftir fornra manna sögn að Marðarnúpur ætti:

[152] Skjal nr. 2(15).
[153] Skjal nr. 2(17).
[154] Skjal nr. 2(18).

„[...] jord alla til merke hols oc rettsyne vpp j gnipuna j fiallinu fyrer sunnan giana og riettsyne or holnum oc ofann j suinadalsaa enn aa red fyrer sunnan er fellr ath sunnanverdum oxlum.“[155]

Landamerkjabréf fyrir kristfjárjörðinni Marðarnúpi var útbúið 25. júlí 1890 og því var þinglýst 28. maí 1891:

Að sunnanverðu, gagnvart Guðrúnarstöðum, ræður merkjum lína úr grjótvörðu vestur undir Tunguá austanvert við Prestamýri, þaðan austur til marksteins neðarlega í hlíðinni milli Marðarnúps og Guðrúnarstaða, þá til Rauðahamars á Miðhjalla, þaðan austur í austasta Borgarhöfuð, vestanvert við Sauðdalslæk, þá bein sjónhending til marksteins austur við Selkvísl. Gagnvart Þórormstungu ræður merkjum Tunguá frá áðurnefndri grjótvörðu allt niður að grjótvörðu, sem stendur við upptök hins forna farvegs árinnar, vestan árinnar, eins og hún rennur, ræður svo farvegur þessi allt til Vatnsdalsár, og svo Vatnsdalsá til Myslingshólma (-tanga), sem er eign Þórormstungu. Að austan ræður merkjum Hrafnabjargakvísl. Að norðan ræður merkjum, gagnvart Gilá, Gilárgil á fjall upp, meðan til endist, þá bein stefna fyrir norðan Gilárfell í Fremstalæk, sem þá ræður merkjum beint í Snaga við Selkvísl. Þar sem Gilárlaut gengur úr Gilárfarveginum, ræður laut þessi merkjum allt vestur í Sýkiskrók, þá ræður sýkið til vörðu, sem stendur á sýkisbakkanum, og úr vörðunni bein stefna í Tunguá, sem ræður merkjum til Vatnsdalsár.[156]

Lárus Blöndal og Hjörl. Einarsson umráðamenn kristfjárjarðanna Marðarnúps og Giljár skrifuðu undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Bjarna Snæbjörnssyni eiganda Þórormstungu og Sigr. Þorkelssyni vegna Guðrúnarstaða.

Í fasteignamatinu 1916 kemur fram að Marðarnúpssel sé þá í byggð, og ennfremur í eigu Marðarnúps. Þar segir:

[...] [Á] jörðin [Marðarnúpur] stórt og mikið háls- og fjalllendi í fjarlægð, í Marðarnúpsseli, sem nú er bygt, en notað lítt frá heimajörðunni, sökum fjarlægðar. Smalamenska erfið.[157]

Landamerkjabréf fyrir Marðarnúpsseli hefur ekki fundist.

Marðarnúpssel fór í eyði skömmu eftir 1920.[158]

5.2.1.14 Gilá í Vatnsdal

Landamerkjabréf fyrir kristfjárjörðinni Gilá var útbúið 25. júlí 1890 og því var þinglýst 28. maí 1891:

Að sunnan ræður merkjum gagnvart Marðarnúpi Gilárgil á fjall upp, meðan til endist, þá bein stefna fyrir norðan Gilárfell í Fremstalæk, ræður þá lækur þessi beint í Snaga við Selkvísl. Að sunnan og neðan, þar sem Gilárlaut

[155] Skjal nr. 2(87).
[156] Skjal nr. 2(19).
[157] Skjal nr. 2(76).
[158] Þorsteinn Konráðsson, „Skrá yfir eyði-býli, -hjáleigur og –sel í Húnaþingi“, *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags* 44 (1932), bls. 67.

> gengur úr Giljárfarveginum, ræður laut þessi merkjum allt vestur í sýkiskrók, þá ræður sýkið til vörðu, sem stendur á sýkisbakkanum, og úr vörðunni bein stefna í Tunguá, sem ræður merkjum til Vatnsdalsár. Að vestan ræður Vatnsdalsá, allt að jarðföstum steini, sem er við veginn og merktur er bókstöfunum L.M. Að norðan ræður merkjum gagnvart Kötlustöðum bein stefna úr nefndum steini í markstein í Kötlustaðahlíð, þaðan í Illugjá, þar sem hún myndast í fjallsbrúninni, þá bein lína yfir Svartfell austur í Sauðadalslæk. Að austan ræður Sauðadalslækur, þar til hann beygist og nefnist Fremstilækur. Gilá á slægnaítök í Marðarnúpsengi vestan Tunguár, sem er afmarkað með 3 vörðum.[159]

Lárus Blöndal og Hjörl. Einarsson, umráðamenn kristfjárjarðanna Gilár, Marðarnúps og Kötlustaða, skrifuðu undir landamerkjabréfið.

5.2.1.15 Kötlustaðir

Landamerkjabréf fyrir kristfjárjörðinni Kötlustöðum var útbúið 25. júlí 1890 og því var þinglýst 28. maí 1891:

> Að sunnan eru merki gagnvart Gilá bein stefna úr jarðföstum steini við veginn, merktum L.M í markstein í Kötlustaðahlíð, og þaðan í Illugjá, þar sem hún myndast í fjallsbrúninni, þá bein lína yfir Svarfell austur í Sauðadalslæk. Að vestan ræður Vatnsdalsá, þar til Grjótá fellur í hana. Að norðan ræður Grjótá allt frá Vatnsdalsá upp í svo kölluð Þrengslin milli Svartfells og Sandfells, beint til austurs, eins og vötn að draga. Að austan ræður merkjum eins og vötn að draga.[160]

Lárus Blöndal og Hjörl. Einarsson, umráðamenn kristfjárjarðanna Gilár, Hofs og Kötlustaða, skrifuðu undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Magnúsi Steindórssyni eiganda hálfs Sauðadals.

5.2.1.16 Hof í Vatnsdal

Landamerkjabréf fyrir kristfjárjörðinni Hofi var útbúið 25. júlí 1890 og því var þinglýst 28. maí 1891:

> Að sunnan ræður Grjótá allt frá Vatnsdalsá upp í svo kölluð Þrengsli milli Svartfells og Sandfells, beint til austurs eins og vötn að draga. Að vestan ræður Vatnsdalsá að vestasta farveg eins og hún nú rennur. Að norðan eru merkin bein lína úr snidduhlaðinni vörðu á hólmanum fyrir vestan Kristínarbakka í markstein þann, sem settur er á bakka þennan og merktur er stöfunum L.M., þaðan ræður merkjum sjónhending í neðanverða Geitagjá, sem er efst á fjallsbrúninni. Að austan ræður merkjum eins og vötn að draga.[161]

[159] Skjal nr. 2(20).
[160] Skjal nr. 2(22).
[161] Skjal nr. 2(23).

Lárus Blöndal og Hjörl. Einarsson, umráðamenn kristfjárjarðanna Hofs og Kötlustaða, skrifuðu undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Magnúsi Steindórssyni eiganda hálfs Sauðadals og Jónasi Guðmundssyni eiganda Bakka.

5.2.1.17 Bakki í Vatnsdal

Landamerkjabréf fyrir Bakka í Vatnsdal hefur ekki fundist við kerfisbundna gagnaöflun óbyggðanefndar. Landamerkjum Bakka gagnvart Hofi að norðanverðu og Eyjólfsstöðum að sunnanverðu er lýst í landamerkjabréfum þeirra jarða og er landamerkjabréf Hof áritað af eiganda Bakka.

5.2.1.18 Eyjólfsstaðir í Vatnsdal

Landamerkjabréf fyrir Eyjólfsstöðum var útbúið 24. júlí 1890 og því var þinglýst 28. maí 1891:

> Að sunnan, milli Eyjólfsstaða og Bakka ræður merkjum Bakkalækur, og úr neðri enda lækjarins beina línu í flóðgarð á norðanverðri Bakkaeyri, og að ofan úr efsta fossi í Bakkalækjargili beina línu upp á fjallsbrúnina og þar austur á fjallið. Að vestan ræður Vatnsdalsá. En að norðan milli Eyjólfsstaða og Hvamms ræður merkjum stór steinn á gömlum heygarði sunnanvert við Stóranesið við árbakkann, og þaðan austur í annan stóran stein ofan á engjunum eða fjær ánni, þaðan beina línu í vörðu á Skinnhúfuklettum og þaðan upp á fjallsbrúnina austur á Vatnsdalsfjall, svo langt sem ýtrast vötn að draga, þá fram fjallið að fyrnefndri þverlínu milli Eyjólfsstaða og Bakka.[162]

Jónas Guðmundsson eigandi Eyjólfsstaða skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af B. G. Blöndal eiganda Hvamms.

5.2.1.19 Hvammur í Vatnsdal

Varðveitt er lögfesta fyrir Hvammi í Vatnsdal, dagsett þann 29. maí 1810 og þinglesin degi síðar. Hún hljóðar svo:

> Jeg underskrifadur Logfeste hérmed Þíngeyra Klausturs Jordena og mijna ábýlisjord Hvamm í Vatnsdal. Logfeste eg Tún og Eingjar, Holt og haga, votn og veidestade, og allar Landsnitjar sem nefndre jordu fylgja og fylgja eiga med réttu, til þeirra merkja sem adrer menn eiga á móti sér. En þaug ornefne sem ráda Landamerkjunum eru þesse: Logfeste eg sunnan til í tóft þá er stendur sydst i Stóranesinu, og þadann beint uppí Sydre grenjaklettaenda, ad nordannverdu rada Birgisteinar á Hjallanum og þadan Sjónhendíng vestur í Vatnsdalsá, nordann til vid Hnapphólman, frá Birgisteinum og grenjaklettaenda á Fjall austur til móts vid þá menn er Land eiga á Saudadal, enn ad nordanverdu skilur Vatnsdalsá. Logfeste eg ad ordfullu og logmali réttu, fyrerbjódandi hvorjum manne ad beita, bruka, eda í nockurn máta sér ad hagnýta þetta mitt hér Logfesta Leyguland án míns Leyfes, Hvar fyrer sá Samníngur, sem gjordur var þann 21[ta] Apr. 1808, mille Þorleifs Sál.

[162] Skjal nr. 2(24).

Þorleifssonar á Hjallalande og mín, er nú upp hafin og magtarlaus, so sem hann sjálfur med sér ber.

Til stadfestu er mitt under skrifad nafn, ad Hvammi þann 29da Maji 1810.

Jón Jónsson.

Lesin fyrir Manntalsþíngsrétti ad Breidabólstad þann 30ta Maii 1810.

Testerar S. Snorrason.[163]

Landamerkjabréf fyrir Hvamm var útbúið 31. júlí 1890 og því var þinglýst 28. maí 1891:

Að sunnan milli Hvamms og Eyjólfsstaða, eru merki í steini á gömlu heygarðs- eða tóptar- broti við Vatnsdalsá, sunnan til við Stóranes og í annan stein ofar eða fjær ánni, í merkjavörðu á Skinnhúfuklettum og svo sömu leið upp á Vatnsfjall. Að vestan ræður Vatnsdalsá merkjum sem hún sem hún fellur norður fyrir Stórhólma, þá í stein er stendur norðast á Stórhólmatá, þá í merkjastein norðanvert við Partskvísl, og frá honum í landamerkjavörðu á litlum melhól í fjallshlíðinni skammt fyrir ofan veginn, heldur þá áfram sama merkjalína upp á há Vatnsdalsfjall. Að austan er merkjalínan eptir háfjallinu sem vatn fellur til vesturs, milli áður greindra þverlína að sunnan og norðan.[164]

B. G. Blöndal eigandi Hvamms skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Jónasi Guðmundssyni eiganda Eyjólfsstaða.

Þann 17. desember 1902 seldi Benedikt G. Blöndal Hallgrími Hallgrímssyni jörðina Hvamm í Vatnsdal, 42,8 hndr. að dýrleika, fyrir 7000 kr. Þar sem Hallgrímur hafði uppfyllt alla skilmála kaupsamningsins þegar 10. júlí 1905 þá afsalaði Benedikt honum jörðina til eignar og umráða. Þetta var lesið fyrir manntalsþingsrétti Húnavatnssýslu að Ási 30. maí 1906.[165]

Þann 9. júlí 1973 gerðu eigendur Hvamms I og II með sér landskiptasamning:

Þar sem jörðinni Hvammi í Áshreppi, A-Húnavatnssýslu hefur verið skipt í tvær sjálfstæðar jarðir (helmingaskipti) gerum við undirritaðir eigendur og ábúendur þessara jarða, sem eru: Hvammur I Reynir Steingrímsson og Hvammur II Hallgrímur Guðjónsson, með okkur svofelldan

Landskiptasamning.

1. grein.

Landskipti þau á ræktuðu og ræktanlegu landi er gerð voru 22. okt. 1955, og færð eru inn í Landskiptabók sýslunnar, skulu standa óbreytt.

2. grein.

Hvammur 1 (R.S.) skal hafa eftirtalið land:

[163] Skjal nr. 2(64).
[164] Skjal nr. 2(25).
[165] Skjal nr. 4(147).

a. Land allt milli þjóðvegar og Vatnsdalsár, frá landamerkjum Hvamms og Eyjólfsstaða og Engjavegi.

b. Land allt frá Matarsteinum

(í syðriurð) austan vegskurðar, jarðaskurðar og Hvammstjarnar, að landamerkjum Hvamms og Hjallalands. Austurmörk þess sé Hjallabrún.

c. Land vestan jarðskurða. Suðurmörk þess er girðing og væntanlegur skurður úr Hólmakvísl í jarðskurð. Að vestan eru merki þess lands úr Hólmakvísl norður milli Jónasarhólma og Syðri miðhólma, um Miðhólmaþýfi og síðan austur Langabak að landmerkjum milli Hvamms og Hjallalands. Nánar verða þessi merki ákveðin væntanlegum skurði.

d. Afgirt land í fjallinu austan þjóðvegar, norðan Einbúagils, svo sem girðing nú liggur ofan við Olnbogalaut, norður fyrir Bæjargil og heim í tún

3. grein.

Hvammur 2 (H.G.) skal hafa eftirtalið land:

a. Alt land norðan Engjavegar, vestan vegskurðar og jarðskurðar að merkjum Hvamms 1, sbr. gr 2 lið C, og vestan þeirra að landamerkjum Hvamms og Hallalands. Vesturmörk þessa lands er Vatnsdalsá.

b. Land austan þjóðvegar svo sem landamerki Hvamms og Eyjólfsstaða ráða að Skinnhúfuklettum og þaðan í Einbúagil og vestur í túngirðingar.

c. Afgirt land í fjallinu austans túns og þjóðvegar, norðan við land Hvamms 1, sbr. grein 2 lið d, svo sem girðing nú ræður úr túni í Gedduhrygg. Þaðan ræður Hjallabrún að merkjum Hvamms1, sbr. gr. 2 lið c (Matarstein)[166]

Reynir Steingrímsson og Hallgrímur Guðjónsson skrifuðu undir samninginn.

5.2.1.20 Hjallaland í Vatnsdal

Landamerkjabréf fyrir Hjallaland var útbúið 18. júlí 1890 og því var þinglýst 27. maí 1891:

Að sunnan, milli Hjallalands og Hvamms, eru merki úr vörðu á litlum melhól í fjallshlíðinni, skammt fyrir ofan veginn, og beint vestur í merkjastein á Partskvíslarbakkanum, frá honum í annan merkjastein, sem nú stendur norðast á Stórhólmatá, frá fyr nefndri vörðu gengur línan beint í fjall upp, frá merkjasteini þeim, sem áður er nefndur á Stórhólmatá, ræður Vatnsdalsá, sem fellur fyrir vestan Hnappeyri, norður að hólma þeim, sem liggur milli Hjallalands og Helgavatns, og merkjasteinn stendur á, frá honum bein lína í merkjastein, sem stendur á austanverðri stóru Hnjúkseyri, og sem er hornmerki milli Hjallalands og Grundarkots, frá þessum merkjasteini gengur merkjalínan til austurs í gamalt garðlag, sem er í millum nýnefndra bæja, og þá áfram sömu stefnulínu á fjall upp, ræður þá háfjalllið, sem vötn að falla,

[166] Skjal nr. 2(26).

> fram til fyr nefndrar merkjalínu milli Hjallalands og Hvamms. Jörðin Hjallaland á beit og slægjur í Grundarkotslandi.[167]

Jósep Einarsson eigandi Hjallalands skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af B. G. Blöndal eiganda Hvamms og Magnúsi Steindórssyni eiganda hálfs Sauðadals.

5.2.1.21 Másstaðir

Landamerkjabréf fyrir Másstaði var útbúið 30. maí 1890 og því var þinglýst 27. maí 1891:

> Milli Mársstaða og Grundarkots eru þessi merki: Landamerkjaskurður frá flóðinu, upp undir flóajaðra, sem stefnir í lítið lækjargil í brekkunni fyrir ofan veginn, og þá sömu línu á fjall upp, úr fyr nefndum skurði, vestur í flóðið í stein, er þar stendur á merkjum milli jarðanna austan og vestan við flóðið, frá þessum steini norður að grjótvörðu í flóðinu, sem er hornmerki milli Mársstaða, Bjarnastaða og Vatnsdalsbolá, og er frá austur- og vestur-landi 330 faðmar að nefndri vörðu, frá þessari vörðu gengur merkjalínan í vörðu, sem er sunnarlega á Bjarnarstaðahólum nálægt veginum, þaðan í Tvífoss, upp í Nautaþúfu, ræður þá háfjallið, sem vötn að falla, millum greindra merkja sunnan og norðan.[168]

Lárus Blöndal og Hjörleifur Einarsson umráðamenn kirkjujarðarinnar Mársstaða skrifuðu undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Jósep Einarssyni eiganda Grundarkots og Magnúsi Steindórssyni eiganda að hálfum Sauðadal en hann skrifaði einnig undir sem umboðsmaður yfir Bjarnastöðum fyrir Jórunni Magnúsdóttur.

Landamerkjabréf fyrir Másstaðasel hefur ekki fundist.

Í fasteignamatinu 1916 kemur fram að landamerki Másstaða séu þinglýst en samt óglögg að hluta. Þar segir:

> Landamerki þinglýst, samt ógl. á einn veg í Flóðinu.[169]

5.2.1.22 Bjarnastaðir

Landamerkjabréf fyrir Bjarnastaði var útbúið 30. maí 1890 og því var þinglýst 27. maí 1891:

> Að norðan ræður merkjum svo kallaður Hrygglækur, er hefur upptök sín í svo kallaðri Skriðuskarðstjörn, fellur gegn um Bæjargil í austari Skriðuvaðskvísl. Að austan ræður háfjall frá fyr nefndri Skriðuskarðstjörn til svo kallaðrar Nautaþúfu, og ræður merkjum að sunnan bein lína frá henni í Tvífossa, þaðan bein stefna í vörðu eður stein sunnarlega í Bjarnastaðahólum, þaðan í lítinn markstein á Flóðbakkanum, þaðan í vörðu á Flóðinu, en sjónhending úr henni

[167] Skjal nr. 2(27).
[168] Skjal nr. 2(28).
[169] Skjal nr. 2(76).

> í miðjan Skriðuvaðsós ræður merkjum að vestan. Skriðuvaðshólminn liggur undir Bjarnastaði. Ennfremur eiga Bjarnastaðir ítök í Hnausalandi: Lindartjörn og Slýubakka austan árfars til allra slægna. Merkjum á hinu síðarnefnda ítaki ræður og vestan og sunnan, að austan svo nefndur efri Gunnlaugshylur, og úr honum bein stefna norður í Hnappa, en að norðan bein stefna úr Hnöppum vestur í Heygarð eður áfram. Túnrista er Hnausamanni heimil í ítakinu.[170]

Jórunn Magnúsdóttir eigandi Bjarnastaða handsalaði landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Magnúsi Steindórssyni eiganda Hnausa.

[170] Skjal nr. 2(29).

5.3 Auðkúluheiði

Á árunum 1511–1512 komust Auðkúla og Svínadalsjarðir í eigu Gottskálks Nikulássonar Hólabiskups. Þann 12. maí 1511 seldu þeir Ólafur Filippusson og Einar sonur hans, Gottskálki Hólabiskupi, jörðina Auðkúlu og var kaupgerningurinn bréfaður tveimur dögum síðar, þann 14. maí, eftirfarandi:

> Kaupbref vm audkulu og borger tuajr j vesturhopi.
>
> Þath giorum uer jon prestur þorgilsson [...] godum monnum uitanligt med þessu uoru opnu brefi þa er lidit uar fraa gudz burd þusund. fimm hundruth og ellefu aar. aa holum j hialltadal manudaginn nesta fyrir halluardzmesso worum ueer j hiá saaum og heyrdum á ord og handaband þessara manna. wors uerduga herra og andaligx fodur gothskalks med guds nad biskup(s) ath holum af einne alfu Enn olafs filiphussonar og einars olafssonar. sonar hans. af annare. aller j einu handabande. ath suo firir skildu. ath nefndur olafur sellde med samþycke uplagi og jayrde einars sonar sins fyrr greindum herra biskup Godskalk jordina alla audkulu er liggur j suinadal. med aullum þeim gognum og giædum sem þessare greindre jordu fylgir og fylgt hefer ath fornu og nyiu og fyrr nefndur Einarr sonur hans uar fremst eigande ath ordinn. j erfd epter solueigu biornsdottur modr modur sina. epter þui sem godra manna domur og logmanz urskurdur þar um giorr ut uisar til fvllrar eignar og efinligrar. og frials forredis undan sier og sinum erfingium. enn under biskup Godskalk og heilaga kirkiu. Hier aa motj sellde [...].[171]

Ári síðar, eða 11. maí 1512, seldu þeir Ólafur Filippusson og Einar sonur hans, Gottskálki biskupi á Hólum jarðirnar Hrafnabjörg, Ljótshóla, Snæringsstaði, Geithamra, Mosfell, Þremi tvenna og skóg í Blöndugili.[172]

Í Bréfabók Guðbrands biskups Þorlákssonar, kemur eftirfarandi fram um leiguskilmála jarðarinnar Auðkúlu. Bréfið er ársett 1579, og hljóðar svo:

> [1579]. [...] ec [Guðbrandur Þorláksson] hefe vnt og veitt Sijra Eirijke Magnussyne Domkirkiu(nnar) jord Audkulu j Suinadal [...] skal hann meiga bruka og bijhallda aullu þui sem þeirre jordu og heimalandi fylger. ad fratekinne jordunne litla Dal og þeim jordum sem kirkiunne a Audkulu tilheyra [...] og allre Kuluheide til ystu vmmerkia motz vid adra menn med lambatollum, veidum og aullum gagnsmunum sem þeirre heidi fylgt hefur ad fornu og nyiu [...] skal hann og hafa meiga landznytiar allar af Slettardal halfum, nema so mikid sem þeim þarfar sem j Litladal byr, fyrer sitt bu vetur og sumar, þar j stadinn skal hann bijhallda þeirre selstödu fyrer sitt bu sem nu er j Hrafnabiargarlandi og verit hefur ad fornu með fienadar rekstrum fyrer austan Suinadalsaa. [...].[173]

[171] Skjal nr. 2(323).
[172] Skjal nr. 2(324).
[173] Skjal nr. 2(172).

Dómur Jóns lögmanns Jónssonar, er gekk á Sveinsstöðum þann 26. október 1583 og bréfaður var á Þingeyrum þann 11. apríl 1584, um rekstra og Forsæludalsheiði og Kúluheiði, er svohljóðandi:

Domur Jons logmanns um rekstra á Dals og Kulu heidar.

Ollum monnum sem þetta bref sia edur heyra senda Jon Gudmundsson. Jon Gijslason. Jon Jonsson, Illugi Jonsson, Rafn Einarsson og Þorsteinn Tumason, kvediu gudz og sinna kunnigt giorandi arum epter gudz burd M. D. Lxxx og iij, Laugardæginn næstann fyrer allra heilagra messu, a Sveinstödum í Vatnzdal, þriggia hreppa þingi, vorum vær til doms nefnder af Joni Jonssyni sem þa hafdi kongsins syslu i Hunavatnsþingi, ad skoda og rannsaka og med skynsemi epter logum dom á ad leggja, hvernenn nidur skylldi setjast sá agreiningur, sem var þar með sveitarmönnum um lambarekstur á vor til Dalsheidar af Vatnsdalshreppum hinum fremra og nedra, og Kuluheidar af Asamonnum og Svindælingum. Klögudu sig þar þá fyrer valldzmanninum Sijra Eyrekur Magnusson. sem hiellt Audkulu stad, og Olafur Liotzson sem var buandi á kongdomsins jördu Forsæludal, sem lambatollinn attu ad taka vegna sagdra iarda, Dals og Audkulu, og badust þar doms á, þeir feingi ecki sina tolla, og rekstrarner væri nidurfellder, af allmörgum og rekið til annara afrietta sem þeim sialfum likadi, og þar tollurinn golldinn. Höfdu hier adur domar um geingid, og litt halldner vered, baru menn þar vitni um epter sier elldre monnum, ad þetta være gamler vanarekstrar, til greindrar Audkuluheidar og Forsæludalsheidar, utan til skammrar stundar hafi þessi agreiningur og tvidrægni imist við geingist, og fundu þeir það til varna. er ecki villdu þangað reka. að þessar heidar væri bædi eyddar ad landgiædum og seintækar á vorenn, en höfdu ecke epter lögum adgiætt edur a ridið og meta latið, hvað londinn formætti, helldur villdi hver sinn þotta og vilia fyrer fullnad hafa og nægia lata. Stendur svo í vorri landzlaga bok, þar skulu rietter vera sem ad fornu hafa verid, og svo langt til reka, J ödrum stad, J hvert sinn er logriett skal vera, og skal svo skipta göngum, sem hreppstiorar giöra rad fyrer, sekur er sa halfri mörk við kong, er eigi geingur svo, og abirgist saudi vid þa er eigu, alla þa er i hanns leit voru siedner, þar er hann atti göngu(u) um. Jtem j þridiu grein, aller þeir menn sem afriett eigu samann, skulu reka fie sitt i midia afriett, þa er viij vikur eru af sumri, i fiorda máta, um gielldfiar rekstur á vor til afriettar og fiallgöngur a haustinn, hvern tima ad vera skal, og hveriu bygdarlægi hæfer, því að eigi hæfer það einn veg i ollum bygdarlogum. Nu er eigi svo giort þa [sekist iij aurum, hver er þann afriett á, [hafi kongur halft, enn halft þeir ed næster bua, J fimmtu grein, xij bændur þeir ed næster bua, skuli telia fie i afrétt, eða haga, svo þeir ætli ad eigi muni feitara, þo ad færra sie, þvi fyrer þessar greiner laganna og þær fleire sem i logmalinu standa, og oss og þennann vorn dom styrkia, ad so profudu og fyrer oss kommu og ad heilags anda nad med oss tilkalladri dæmdum vier med fullu doms adkvædi alla menn i þessum tveimur Vatnsdalshreppum, og so þa i Svijnadalshrepp og Asahrepp skyllduga sinum rekstrum uppi ad hallda og til

þeirra afrietta ad reka, sem ad fornu verid hefur af gamalli tid, og Bijvijsad verdur af Brefum, edur sannenda vitnisburdum, af gomlum og skilvisum dandismönnum, ad haft og halldid hefur verid epter logum. So þangað veniuliga tolla ad giallda, er med riettu afriett eiga edur svari slikum sektum sem vid liggia, og a ofann, iiij, morkum við kong i domrof, hver þrioskast vill og eigi sinum riettum lögskilum uppi hallda, án logligra forfalla.

Lögsamdi og samþykti þennan dom med oss adurnefndum kongs valldzmadur Jon Jonsson, og setti sitt innsigli med vorum fyrrnefndra domsmanna insiglum fyrer þetta domsbref, er skrifad var á Þingeyrum i Vatnzdal, laugardaginn fyrstann i sumari, á ari sidr enn fyrr seigir.[174]

Í vitnisburði um Kúlusel og landeign Hrafnabjarga, dagsettum 12. júlí 1587, segir m.a. að jörðin Auðkúla hafi haft til forna selstöðu á Sléttárdal. Vitnisburðurinn hljóðar svo:

Witnisburdur wmm Kulusel og landeign Hraffnabiarga.

Suofelldan witnisburd, berum wid Besse Oddsson, og Biarne Jonsson, ad wid hoffum wppalest j Suijnadal, og hier leingst wered wmm ockar æffe, og vid vitum fýrer sannendi og effter gamallra manna sogn, ad jórdenn Audkula j Suijnadal, hafe hafft thil forna selstodu, á Sliettárdal allt þar thil býskup Gottskalk keipte Kulu, og Suijnadals jarder, þá hafdi býskup skipad ad giora sel j Raffnabiargalandi og so war seled flutt framm j giled sem alldrei hafdi sel ádur wered. Willdi þá eingenn madur vr þui bua a jordunni, edur gjallda effter hana landskulld, slijka sem adur war, vegna beitar og atrodnings. Nockrum arum seirna hafdi býskup Jón bu á Kulu, og logdust Hrafnabiorg þá j eýde j morg ar, enn þegar býskup siláffur kom thil stadarins bigdust Hrafnabiorg aptur med minni landskulld, enn thil forna war hun bigd. Þetta er land jardarennar j motz vid Rufsstadi, wt j Hróssagroff, og austur a Bungur, og so sudur effter, og sudur j Huannbungur, og suo sudur j Karitingatiorn, rædur þa vr tiornenni Suijnadalsa. Og ofann ad Hrossagröff. Og thil sannenda hier wmm setium vid ockar jnnsigle fýrer þetta bref. Huort ed skriffad war á Hraffnabiorgum. Þann 12. dag Julij. 1587.[175]

Varðveittur er vitnisburður Bjarna Jónssonar á Snæringsstöðum og Bjarna Jónssonar á Geithömrum, um landeign Auðkúlustaðar, dagsettur þann 10. febrúar 1591. Hann hljóðar svo:

Svo felldann vitnisburd berum vid Biarne Jonsson buandi á Snæringsstödum og annar Biarne Jonsson buandi a Geithömrum, umm stadarins Audkulu Landeign, sem hier efter skrifad stendur, J fyrstu allur halfur Sliettaardalur á mots vid Dal og so rett lynis framm i fiskilæk, so ur fiskilæk í vallgil, so þar fram frá alla heide millum Blondu og Burfialla i motz vid Forsæludal, hefur þetta allt land verid kaullud Kuluheide i ochar minne med Lambarekstur ur

[174] Skjal nr. 2(92).
[175] Skjal nr. 2(91).

Svinavatnshrepp og giliaarhrepp a aullum þeim Bæiumm sem liggia a Kolkumyrum og a aasum og i Svinadal, og umm ockar daga hefur þetta land verid halldinn Kuluheide, og tollur golldinn aarliga Kulumonnum og þar alldrei tvimæle a leika, ad audrum jordum hafe verid greint land Eygnad enn Kulustad, og hofum vid uppalist og verid i Svinadal umm ochar æfe, og erum vid nær sextugir menn, þar vid hofum vitad þetta land lied audrumm monnum til veida og annara naudþurfta og hvorke eignad Eldjanstodum [svo] nie Eydstodum, nema nu i haust af Þorkiele Gvondssyne og Ecke hofum vid vitad Eignad Eydstodum leingra enn leingst i Haugamyre og i Gilsaa: þar med hofum vid vitad Lambarekstur hafa verid yfir Sandaa, þa gott er i aare, En a Blondu Gile, þa hart er i are, En tollur goldinn Kulumonnum.

Jtem haufumm vid heyrt merke Kululandeygnar f(yrer) vestann framm ur Svinadalsaa og framm i Karittingatiorn kollud er, Enn þar haufumm vid og heyrt greinelega sundurdeilt med Dalsmonnum og Kulumonnum, utann Kulumenn hafa Eygnad sier alla eidavik, enn Dalsmenn halfa, utann hvorier hafa veidt i þeirre vijk, sem ad hafa komid, og eche til stors agreinings komid svo vid vitum fyrr enn i haust, og eche haufumm vid þad heijrt nie vitad ad nockrum jordum hafe veidevotn verid eignud i greindu takmarke audrum enn Kulu fyr enn i haust af nefndrumm Þorkele Gudmundssyne, hvorke af ockar forelldrum, nie audrumm þeim elldre monnum, sem til hefur kunnugt verid og hier efter vilium vid sveria ef þurfa þætte, og til sannenda hier umm, setium vid ochar innsigle f(yrer) þetta ockar vitnisburdar bref, skrifad a Holltastodum i Langadal, þann tiunda dag February manadar, þa lided var fra gudzburd 1591.

(L.S.) (L.S.)

Framan skrifud Copie er samhlioda sinum original a kalfsskynne med hangande innsiglum.

Testerar

Jon Biornsson

Pr(estur) t(il) Audk(ulu) Benef(icatio).[176]

Varðveittur er vitnisburður Björns Guðmundssonar, um landeign Auðkúlustaðar, frá mánudeginum í annarri viku páska, árið 1598. Hann hljóðar svo:

So felldann vitnisburd ber eg Biorn Gudmundsson, umm stadarins Landeign Audkulu, sem hier efter skrifad stendur; J fyrstu allur halfur Sliettárdalur, a motz vid Dal, og so rett synis framm i fiskelæk, svo ur fiskelæk i vallgil, svo þar framm fra alla Heide milli blondu og Burfialla, i motz vid Forsæludal, hefur þetta allt Land verid kollud Kuluheide i minu mynni, sydann eg tilvisse, med lambarekstrum ur svinavatnshrepp, og giliaarhrep, a ollum þeim bæjum sem liggia a Kolkumyrum og a aasum og i svinadal og i þesse xxxi aar, sem eg hefe verid f(yrer) vestann vatnsskard, 4 a Kulu, tvo a spakonufelle, og xxv

[176] Skjal nr. 2(175) a-b.

a Eyvindastodum, hefur þetta Land verid halldinn Kuluheide, og tollur golldinn Kulumonnum, og þar alldrei tvimæle a leika, ad odrum jordum hafe vered greint land Eygnad, enn Kulustad, svo og hefe eg vitad þetta land lied odrum monnum til veida og annara naudþurfta, Enn hvorke eignad Eystodum, Elldjanstodum nie Þromum, nema af Þorkiele Gudmundssyne nylega, svo og hefe eg heyrdt, ad Eydstader ætte leingst i Haugamyre og i gilaa; hafa lambarekstrar verid yfer Sandaa þa gott er i aare, enn a blondugile þa hart er i aare, Enn tollur golldinn Kulumonnum.

Jtem hefe eg heyrt merke Kululand Eygnar fyrer vestann framm ur svinadalsaa, og framm i Karittingatiorn Kollud er, Enn þar framm fra i austustu kvisl, a medann hun rennur riett, og framm i Burfioll, Enn a millum Karittingatiarnar og austustu kvislar, hefe eg eche heyrt greinelega sundur greint, med Dalsmonnum og Kulumonnum, utann Kulumenn hafa eignad sier alla eydevik, Enn dalsmenn halfa, utann hvoriu hafa veidt i þeirre vik sem ad hafa komid, og eche til stors agreinings komid, so eg vite. Svo og hefe eg heyrt Olafur heitinn Jonsson sem var Radzmadur a Kulu hafe tollad vestara Fremundarvatn fyrer Kroks j Halld.

Og til sanns merkis hier umm, sett eg mitt inn sigle fyrer þetta mitt vitnisburdar bref, er skrifad var a Eyvindastodum i Blondudal, manudaginn i annare viku paska, þa lided aar fra gudzburd 1598.

Biorn Gudmundsson med eiginn hend.

(L.S.)

Ofanskrifad samhlioda sinum original, med hangande inn sigle Testerar

Jon Biornsson

Pr(estur) t(il) Audk(ulu) Benef(icatio).[177]

Varðveitt er eftirrit af ódagsettum vitnisburði séra Magnúsar Einarssonar sem hélt Auðkúlu 1596−1650, og mun vitnisburður þessi vera frá miðri 17. öld. Magnús vitnar þar um landamerki Auðkúlustaða og heiðar hennar og nefnir einnig jarðirnar Eiðstaði og Eldjárnstaði varðandi Auðkúlustaðaheiði og getur ýmissa landamerkja. Skjalið hljóðar svo:

(1652/4)

Svo felldan Vitnisburd ber eg Magnus Eirekson sem var Beneficiator á Audkulustödum í fimmtýge og 4 ar; enn nu fyrir tveimur árum hann aflagt og frá mér géfid um landeign nefnds stadar sem eg hefi heirt af gømlum dugande mønnum, og eftir því hallded og brúkad eptir skipun og befalnúngu míns yfer mans, þess fróma, Sáluga yfer Mans herra Gudbrands.

J fyrstu allur hálfur Sljettaardalur á móts vid Stóradal og so Réttsýnes framm í Fiskilæk svo úr Fiskelæk í Vallgil, svo þar framm frá alla heide milli Bløndu

[177] Skjal nr. 2(176) a-b.

og Búrfjalla, framm á mitt Kjalarhraun móts vid Sunnlendínga ad sunnan, en firer vestan framm móts vid Forsæludal, svo þetta land hefur vered kallad Kúlu heide, med Lamba Rekstri, úr Svýnadals Repp og Giljar Repp, á øllum þeim bæum sem liggja á Kolku mýrum og á Asum og Í Svýnadal, og um alla mína æfi sem er LXXII Ár hefur þetta Land vered halldenn Audkúlu Stada heide, og fjallatollur golldinn Kúlu-Mønnum Arlega, og hefe eg alldrei heirt nein tvímæli á leika ad ødrum Mønnum edur Jørdum hafe vered greint land eignad, enn Audkúlustödum, utan af Þorkjel Gudmundss. í missættum sem urdu millum hanns og míns fødurs sem hjelt adur nefndan stad, svo og hefi eg ljed og vitad fir mig ødrum Mønnum ljed og leigt þetta Land, ádur nefnda Kulu heidi til veida og annara gagnsemda enn hvørki eignad þeim Jørdum sem á Bug liggja né neinum ødrum; svo og hefe eg heirt Eidstödum eignad leingst upp í haugamýre og í Gilsá, og í minu minne sáust aungvar hus tótter né Sel tótter frá Elldjárnstødum né Eidstødum neinstadar á fjalli, á greindre Kuluheide.

Hefe eg og eirnen heirt af elldri mønnum; ad frá Audkúlustødum hafe Fiskelækur leigdur vered ádur firer xx álner, þar med var Lamba rekstur framm yfer Sandá, af þessum tveimur fyrnefndum Reppum árlega þá gott var í áre, enn á hørdum árum á Bløndugil, og tollur gollden samt til Audkúlustadar. Jtem hefe eg heirt merki þráttgreindrar jardar framm svo sem Svínadals á heldur framm í Karittínga tjørn sem áenn rennur úr og þar framm frá í austustu kvísl á medan hún rennur rétt og ekki krókótt, svo þadan beint framm í Burfjø; En á millum Karittínga tjarnar og austustu kvíslar þar sem kvíslin bugar hefe eg ecki heirt greinelega í sundurdeilt millum Dals og Audkúlu vera, hvad þráttnefndum stad var eignud øll Rydavík, enn Dalsmenn eignudu sér hana sjálfa, og hafa því hvoru tveggju veitt úr þeirri Ridavík sem þá hafa adkomid og eingin Lagavegur þar á geingid medan eg hefe til vitad, og þetta allt fyrgreint land hefe eg hallded á medan eg hjellt.

Þessi framarskrifud afskript er rett skrifud epter mér sýndri gamalli og defekt afskript.

Vitnar Blondahl.[178]

Í kaflanum um Svínavatnshrepp í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* árið 1706 kemur fram að Auðkúlustaðir eigi afrétt á Kúluheiði. Þar segir svo:

> Afrjett á staðurinn á Kúluheiði og toll fyrir þá rekstra, sem úr þessari sveit og af Asum mega þángað gánga. Lítt nýtur presturinn þessa, því mjög er afrjettin afrækt undir 20 ár.[179]

Varðveitt er bréf séra Gísla Einarssonar, sem var prestur á Auðkúlu 1708−1747, um upprekstur á Kúluheiði. Bréfið er dagsett þann 3. maí 1709 og hljóðar svo:

[178] Skjal nr. 2(66) a-b.
[179] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VIII. Húnavatnssýsla, bls. 332-333.

Þad giöre eg underskrifadur vitanlegt bændumm og búföstumm mönnumm j Sujna vatnss og torfalækiar þjngsóknumm ad mier er J mjnu bestallningar brefe uppa lagt öllu þuj under audkúlu presta kall ad hallda sem þuj ad fornu fylgt hefur og med Riettu filgia ber, sömuleidis [...] alla vissa og ovissa sama presta kalls Jnntekt og hluninde uppbera huorss vegna mjn vinsamleg begerjng er til ydar allra samtlyga j ofanskrifudu takmarke búfastra manna, ad þier Einjngarsamlega villdud uppe hallda Rekstrumm á Kúluheide og so lángt og vjda tilreka sem sidvanalegtt hefur verid efter landsleigubalke 49 Capitula.

Sömuleidiss ad þier ad gaungumm fared sosem lög votta þegar lögriett skal vera á haust efter Ráde hreppstiornarmanna. J þridia máta ad þier Rekid so lángtt á heidina sem lög skipa so ad aungvum viliandi j þessumm Rekstre verdi skadi giör. Hier j mót tilbjd eg mig fornumm Riettumm uppi ad hallda soog heidina af melröckumm efter Eiginn efle og gódra manna tilstirk Eyda láta. Sömuleidiss vidbjst eg veniulega forlykun audsjna vid bændur þá er næster búa heidinne efter gamallre sydveniu. Enn sieu þeir nokrer sem meina ad heidinn sie ecke fiárhelld einhuorra ordsaka vegna þá tilbjd eg ydur ad þier nefnid sex o parttjska dánumenn af ydar hendi, Enn eg adra sex af minni hende til ad meta efter lögumm þad sama efne.

Til merkiss underskrifad nafn ad Sujnavatns settu manntals þjnge d. 3. Maj anno 1709.

Gisle Einarsson

Junior mpp

Þetta var upplesed ad þynglausnum a Svyna vatne. Til merkes underskrifad nafn sama stad ar og dag sem firr seiger.

[...]

Framann skrifad bréf upplesed a Torfalækiar manntals þynge A^{o} 1709 d. 4. Maij huar umm til merkis vor nofn under skrifud A^{o}, ut supra.[180]

Varðveitt er annað bréf séra Gísla Einarssonar, áhrærandi umkvörtun um vanrækslu við upprekstur á Kúluheiði. Bréfið er dagsett þann 24. júní 1721 og hljóðar svo:

Eg under skrifadur gief til vitundar, ad eg formerke ad búfast folk hier J sueit, sem eiga veniu afriett og skilldu afriett a kulu heyde, vilia nu j ár sem firre afrækia þessa afriett, og leita ad koma firer synumm lömbumm hier og huar j hieradinu j ödrumm stödum, sem eche eru löglegar eda veniulegar afrietter, huoriu ieg ölldungiss mótmæle og er osamþickur þujlykumm olöglegumm lamba rekstre sem eg seirna mun frama opinnberlega hafa tiltals, þar med veit eg eche huert leife búfast folk hier j sueit hefur af ödrum land eigendum til ad giöra þeirra lönd ad afriett, sem eche vera eiga med riettu. Enn jafnframt til byd eg mig ad frág[eng]num dyra tollum hreppsins efter sem tala rennur til ad

[180] Skjal nr. 2(151) a-b.

láta afriettena hreinsa, sem forsuaranlegt er og vera má. Til vitniss underskrifad nafn ad Audkúlustodum þann 24. Juny A^{o} 1721.

Gisle Einarsson.[181]

Þann 16. apríl 1722 var rætt um fjárupprekstur á Auðkúlustaðarafrétt (um þinghaldsstað og tegund þings er ekki vitað), og það gert að samkomulagi, að allir þessarar sveitar innbúendur skyldu koma sér saman um fjárupprekstur eftir fornri venju. Í dómabókinni segir:

> Hier effter er ummtalad fiárupprekstur á Audkulustardar afriett og heide j vidurvist heidarlegs Soknar Prestsens S^{ra} Gisla Einarssonar sem þetta fyrer Riette i tal leider vegna sins Beneficij, og kirkiunnar, Og er fyrer tilhlutan Syslumansens uppá Embætte sins vegna, þad samkomulag giört og skipad, ad allir þessarar Sveitar Jnnbuendur sameigennlega skule sier samannkoma fyrer hreppstiórnarmanna nidurradan og skipan ad landsens lögmálz, til fiár upprekstur effter fornre veniu, og skiölum þeim sem openberud eru, til þess, ad þeir faer sem þessa afriett rækia, skule Ecke Lyda þar fyrer oþolannlegann skada, eda Presturenn missa sins tilkalls kirkiunnar vegna, þar umm firrgreint afriettar eda fiárupprekstramál, verdur ecke i þetta sinn dæmt, vegna þess, ad ei fæst so filleleg underriettíng sem tilhlyder, og med kenna þarumm ei annad ad greina, enn hvad ymislega vidgeinged hefur, fyrer utann vitnesburde þá sem af Prestenum frammlagder eru i giær á Torfalækiar Manntalsþinge þann 15 Aprilis þessa árs, Enn þeir sem vilia vanrækia þenna fiárupprekstur, ad so undertöludu og skipudu, sem hier er tiad, eda sig þar frá med imislegu móte afsaka, skulu skyllder þeirra ummkvörtun i so máta gjörda ad gefa greinelega og skriflega til vitundar, i þvi skine, ad þá næsta árs ~~verde~~, eda sydar, verde med frekare laga skýrslu út giört umm. Einnig þá sem af þessum fiárupprekstre orsakast ef ecke annars fá med löglegum úrskurde þeirra, sem af yfervalldsens forlage, og effter skylldu Embættesens ber þar umm ad álikta, ad frammkomenne þeirre upplýsing i málenu sem framast verda kann. […]
>
> […] Kemur so ei framar af þing sóknarennar hálfu i þetta sinn fyrer Riett ad framm færa.[182]

Á manntalsþingi, höldnu að Svínavatni þann 10. maí 1735, voru sveitarmenn áminntir að halda uppi fjallgöngum og fjárrekstri á Kúluheiði, hverju þeir lofuðu og var eftirfarandi fært til bókar:

> Þuj næst proponerade Stadarhalldarenn til Audkulu stadar Sr Gisle Einarsson ad hreppsmenn forsomudu fiarupprekstur a afrett þá er Stadnumm tilheyre og kallast Kuluheide, og beiddest hann nú fyrer Rettenumm ad Sveitarennar

[181] Skjal nr. 2(152) a-b.
[182] Skjal nr. 2(97) a-b.

innbúendur reglulega uppehallde hier efter fiallgaungum og fiar rekstre a greindre afrett, hvöriu Sveitarmenn lofudu.[183]

Á manntalsþingi, höldnu að Svínavatni þann 10. maí 1735, var upplesin lögfesta séra Gísla Einarssonar fyrir Auðkúlustaðarlandi sem kallast Kúluheiði. Inntak hennar kemur ekki fram í dómabókinni og aðeins er gerð grein fyrir lögfestunni með svohljóðandi hætti:

> 2° Var upplesenn lögfesta prestsins Sr Gisla Einarssonar fyrer Audkulustadar lande sem kallast Kuluheide til ummmerkia og baud presturenn hvöriumm sem atelia villde lögfestuna, ad leggia fimtarstefnu i móte henne.[184]

Á manntalsþingi, höldnu að Torfalæk þann 9. júní 1758, var ályktað að Auðkúlustaðarheiði hefði til forna þénað og skyldi hér eftir þéna sem lögafrétt Svínavatns- og Torfalækjarhreppa. Þar kom eftirfarandi fram:

> 3° Kom fyrer Rettenn S^{ra} Jon Biornsson prestur til Audkúlu Stadar Beneficii og yfer klagade þeirre forsómun sem nú árlega skede i þvj ad marger bændur afræktu Audkulustada afrett sem ad fornu alment brúkud verid hafe af Svinavatns og Torfalækiarhreppa innbyggiurumm hvad hann bevysar med efterskrifadra manna vitnesburdumm.
>
> 1° Biarna Jonssonar a Snæringsstödum og Biarna Jonssonar a Geithömrum dat. 10 February 1591 med þeirra hángandi innsiglum 2° Biörns Gudmundssonar med hans innsigle dat. 1598 3° S^{ra} Magnúsar Eyrikssonar dat. 12 Júny 1652 voru aller þesser vitnesburder hier nú fyrer Rette upplesnir hvörir sameiginnlega þad sanna ad Audkulustadaheide hafe greindumm tveimur hreppumm fyrer almennilega afrett þenad og fialltollar af þeim goldist til prestsins a Audkúlu óskar nú S^{ra} Jon Biörnsson Rettarens adkvæda umm þad ad same upprekstur alment brúkest þó þar i nockur forsómun sked hafe a fyrerfarande árumm, þar hann hvörke vilie nie meige mót sinu veitingar brefe láta nockur herlegheit gánga undann sinu tiltrúudu Beneficio tveir hreppstiórar i Svinadal Sveirn Bergsson og Jon Biarnason klaga eirnenn yfer sins hrepps vegna ad þesse afrett sie þeim ómissande enn verde ej leitud til gagns og þeir lide Skada a fe sinu þar Torfalækiarhrepps innbuendur forsóme ad reka enn afrettenn sie nóg og þienannleg fyrer báda hreppana enn hvörge hier i nánd adra afrett hentuga ad fá sem ad lögumm kunne þar til brúkast nema þessa alleina hier til svara bændur i Torfalækiar hrepp ad þeim þike lángt ad brúka upprekstur i Audkulu afrett enn lited fe i hreppnumm efter nilega afstadinn hardinde og vilie þeim til kostnadar horfa enn aungrar nitseme upprekstur ad brúka a fyrsagda afrett. Hier uppá er Rettarens alyktan ad Audkúlustadar heyde hefur efter frammlögdumm vitnesburdumm til forna þienad og skal hier effter þiena fyrer lögafrett Svinavatns og Torfalækiar hreppa Inbiggiurumm, og kunna þessa hrepps manna ádur innfærdar

[183] Skjal nr. 2(98) a-b.
[184] Skjal nr. 2(00) a-b.

afsakaner ej ad præjuduera Audkulustadar Beneficii rettugheitumm nie heldur Svinavatns hrepps Inbuendur taka skada a sinu fe fyrer þeirra vanrægt a upprekstrenumm heldur a hier nu ad haldast sem ad fornu efter kongl. Majts lögumm. ad þetta so frammfared hafe vitna underskrifader.[185]

Á manntalsþingi, höldnu að Svínavatni þann 27. apríl 1759, var lesin dómsslútning framfarin á Torfalækjarþingi þann 9. júní 1758 að Auðkúlustaðarheiði þéni hér eftir fyrir lögafrétt fyrir Torfalækjar- og Svínavatnshreppa. Eftirfarandi var fært til bókar í dóma- og þingbók sýslunnar:

4o Domsslútning frammfarenn á Torfalækiar þinge þann 9da Juny 1758 ad Audkúlu stadaheyde þiene hier effter fyrer lögafriett fyrer Torfalækiar og Svinavatns hreppa Jnnbyggendur.[186]

Á sama þingi að Svínavatni þann 27. apríl 1759 var lögfesta séra Jóns Björnssonar fyrir Auðkúlustöðum einnig upplesin. Í dóma- o

g þingbók segir:

1o Lögfesta Sr Jons Biörnssonar fyrer Audkulustödum til ummmerkia af þessa dags dato.[187]

Umrædd lögfesta séra Jóns Björnssonar fyrir Auðkúlu hljóða svo:

Jeg Jon Biornsson Beneficiator a Audkulustodum Logfeste Hier i dag Audkulu stadar Heimaland og Heide, med ollumm þeim gognum og giædum, hlutum og hlunnendum, votnum og veidestodum, sem þvi lande fylgt hefur ad fornu og nyu i mots vid adrar Jarder, effter þeim Skiolum sem þar fyrer liggia; tiltek eg þesse Landa merke, J fyrstu halfann Sliettardal mots vid Dal, og svo Rettsynis framm i Fiskelæk, þadann i Vallgil, sydann rædur Blanda til Jökla framm; Enn ad Vestann verdu ur Karittingatiorn og i austustu qvisl og rett synes sudur i Burfioll; fyrer byd Eg hvorium manne nefnt land ad yrkia, beyta edur bruka innann tiltekenna takmarka, Edur nochrar nitiar af ad hafa, fyrer utann mitt leyfe og samþycke, under þær Frekustu sekter, sem log þeim a hendur segia, er hier a mote giora; til skil eg ad þesse min Logfesta stande i fullum myndugleika næstkomandi tolf manude, og þad leingur, sem log eche i mote mæla, hvoru til stadfestu Eg skrifa mitt nafn Hier under ad Svinavatne þann 27. Aprilis, Anno 1759.

Jon Biornsson.[188]

Á héraðsþingi að Torfalæk þann 26. maí 1759, var uppsagður dómur um fjallskil og fjalltolla á Auðkúlustaðarheiði, að allir búendur sem eigi 10 lömb eða fleiri séu skyldugir að reka á afréttina. Dómurinn hljóðar svo:

[185] Skjal nr. 2(99) a-b.
[186] Skjal nr. A6b.7a-b. 27. apríl 1759. Hún. V.06. 1756-1760, bls. 233-234. Sbr. Skjal nr. 2(99) a-b.
[187] Skjal nr. 2(177) a-b.
[188] Skjal nr. 2(177) a-b.

> Eirnenn upplesenn umkvörtun og klögun prestsins Sr Jons Biornssonar umm forsómun a upprekstre a Audkulustadarheide a fyrer farande Sumre ad sumer hafe ei reked a heidena sumer ei helldur geinged nie golded fialltoll, og so sem þessar klaganer hafa fyrerfalled i fleyrumm hreppumm Þa ad fyrer koma slykre misbrúkan og oveniu er þar umm so latande domur fyrer Rette afsagdur sem efterfylger. Aller buendur og búlauser sem hafa lögafrett og eyga 10 lömb eda fleyre skulu skylduger ad reka lömb sin a afrett a sumrum arlega so langt sem venia hefur vered ad fornu og gialda fialltoll eitt lamb hvör sem reka a, þeir skulu og ynna fiallskil af hende og senda mann i fiallgaungur a haustenn sem ei sie yngre enn 18 vetra og so fær ad fe gete geinged og rided sem þörf giörest, ma ei eirn madur fara fyrer fleyre enn eirn þo þar þykest fatt eyga, ei helldur ma þad gylda þo bændur leite afrettena enn reke ei so sem fiar fædenn giörer skada og vanhöld þeim er reka, og hiner ei truanleger ad leita so dyggelega sem þörf er, þar eyga eckert fe, skulu fiallgaungur vera a þeim tima umm haust sem hreppstiorum og afrettarbonda þyker hentugast, Enn til efterleita sidar nefne hreppstiorar þa er forverks menn hafa og þa er flest reka. Hreppstiore eirn eda fleyre sem sveitarmenn til kiosa skal rida a fiall og skipa gaungunne samt hafa tilsion umm hvörsu trúlega menn leita, sekur er hvör halfre mörk til hreppstiora sem ryfur þeirra skickan i slikumm erindum afrettar bonde er skyldugur ad lata byggia afrett fiarhellda uppa sinn kost til ad retta fed i þar sem hreppstiorum vyrdest hentast og vidhallda henne sidann, enn bændur bygge sialfer dilka sem þeir þykiast þurfa til ad draga i fe sitt, og hafe heimila til þess stungu og ristu nalægt rettenne an betalings þar sem ei skadar tun nie eingiar hvor sem ryfur þennann dom gialde tvær merkur i domrof til kongs og skal þesse domur gylda fyrer Audkulustadar afrett og allar lögafretter i Hunavatns Syslu, enn þad eru lögafretter sem dæmdar hafa vered ad fornu og nyu, og a so langt og vida til ad reka sem þeir domar akveda. ad þetta so framfared hafe vitna underskrifader.[189]

Á manntalsþingi, höldnu að Svínavatni þann 2. maí 1763, var upplesin klögun Guðmundar Bjarnasonar á Eiðsstöðum um að hreppsmenn reki of skammt á Auðkúluafrétt. Hún var bókuð á eftirfarandi hátt:

> 5° Upplesenn klögun Gudmundar Biarnasonar á Eydsstödum ad hrepps menn Reke of skamt á Audkúlu afriett, nefner hann helldst til þess hier i sveit bændur á Jtre Langamyre, Tungunese og Karastödum, ad so hafe giört á fyrer farande are, og Lömb þeirra hafe skada giört á sinne Málnytu, hvörs vegna hier med til seigest hrepps mönnumm ad giöra bot á þessu og Reka Lömb þeirra i veniulegt takmark af Riettarinnar, sem kallast Rietter edur Leingra sosem ad fornu verid hefur, so bygdar menn Aungvann skada þar vid lyde. Ad þetta So fram farid hafe vitna under skryfader Actum ut Supra.[190]

[189] Skjal nr. 2(100) a-b.
[190] Skjal nr. 2(201) a-b.

Varðveitt er lögfesta séra Jóns Björnssonar fyrir Auðkúlustaðarheiði, sem og heimalandi Auðkúlustaðar, dagsett þann 3. maí 1766, þinglýst á tveimur manntalsþingum sama ár. Lögfestan er svohljóðandi:

> Logfesta
>
> af 3. Maj 1766
>
> Jeg Jón Biornsson Beneficiator Audkulustadar Logfeste Hier i dag Audkulu stadar Heide og Heimaland, med ollumm þeim gognum og giædum, hlutum og hlunnendum, votnum og veidestodum, sem þvi lande fylgt hefur ad fornu og niju i mots vid adrar jarder, efter þeim Skiolum sem þar fyrer liggia.
>
> Tiltek eg þesse Landa merkje; J fyrstu halfann Sléttardal mots vid Dal, og so réttsijnis framm i Fiskjalæk, þadann i Vallgil, sijdann rædur Blanda til Jökla framm; Enn ad Vestann verdu ur Karittíngatiörn og i austustu qvisl og réttsynis sudur i Burfioll.
>
> Fijrerbyd Eg hvörjum manne nefndt land ad ijrkia, beita edur bruka innann tiltekinna Takmarka, Edur nochrar nijtiar af ad hafa, hvar med allra helst meint er veideskapur í votnum og lækjum, Eggia tekja og alfta veide, samt Hrís Rif og kolagiord fyrer utann mitt leijfe edur Samþijckje under þær frekustu Sekter sem Log þeim a hendur seigia, sem hér á móte giora.
>
> Tilskil eg ad þesse mín Logfesta stande i fullum myndugleika næstkomande 12 mánudi, og þad leingur, sem log ej i móte mæla.
>
> Hvorju til stadfestu jeg skrifa mitt nafn hér under ad Svínavatni þann 3. Maji Anno 1766.
>
> Jón Biornsson
>
> Upplesid fyrer Manntalsþyngs Rettinum á Svínavatni þann 3ia Maji 1766.
>
> Biarni Halldórsson
>
> Upplesid fijrer Rettinum a Ass manntalsþijngie þann 3. Junii 1766.
>
> Biarne Halldorsson
>
> Rétt afskrifad vitnar
>
> Jón Jónsson.[191]

Við prófastsvísitasíu að Auðkúlu, þann 1. júní 1773, eru tíundaðar ýmsar heimildir og skjöl kirkjunnar sama staðar. Þar segir:

> Kyrkiunnar Document Eru þesse Eitt ä Kälfskinne med 2 hängande Innsiglumm Tvó ónnur Vitnisburdarbref ä Papier [strikað yfir, med] vidvykiande Kyrkiunnar Mäldaga, Veitingiabref Hr. Gudbrands, bref Vidvykiande Rekstre ä Audkulu hejde Þvj filger og dömur Sysslumannsens Sal. Biarna Halldorssonar af Dato 1758 hid sama Ahrærande. Item filger 3 logfestur fyrer Heÿdenne heimalande og Gabl Kote. Eigner Kÿrkiunnar Effter

[191] Skjal nr. 2(178) a-b.

Mäldaga Peturs og Olafs biskupa, Hun ä land ä Sliettardal Reka allan ä Häfamól, hälfa Saudahofn i Bölstadarhlyd.[192]

Varðveitt er lögfesta séra Ásmunds Pálssonar fyrir Auðkúlustaðarheiði, sem og heimalandi Auðkúlustaðar, dagsett þann 30. maí 1774, þinglesin á manntalsþingi að Svínavatni sama dag. Hún hljóðar svo:

Logfesta Audkulu

1774

Sr Asmundar

Paulsonar

Jeg Asmundur Paulsson Beneficiatus á Audkulustodum, Logfeste hier i dag Audkulstadar Heide og Heimaland allt med ollum þeim gognum og giædum, Hlutum og hlynnindum, votnum og veidestodum sem þvj Lande fylgt hefur ad fornu og Nyu; Mots vid adrar Jarder, effter þeim domum, Skiolum og Skilrikium, Sem þar fijrer Liggia: Tiltek Eg þesse Landamerke: J fyrstu Hálfann Slettárdal móts vid Dal, og So Riettsynis frammi Fiskelæk, þadann i Vallgil, Sidann rædur Blanda til Jökla framm. Enn ad Vestannverdu ur Karittingatjorn og i austustu Kvisl og Riettsynis Sudur i Burfioll.

Fyrerbijd Eg Hvorjum Manne Hier greint Land ad yrkia, beita edur bruka jnnann tiltekenna Takmarka, eda nockrar Nytiar af ad hafa, hvar med Einkannlegast meint er Veideskapur J votnum og Lækium, Eggiatekia og alfta veide, Samt Hrís Ryf og Kolagiord fyrer Utann Mitt Leyfe og Samþycke, Under frekustu Sekter sem Log þeim a hendur Seigia, sem hier á móte giora.

Tilskil Eg ad þesse Min Logfesta Stande J fullum Myndugleika Umm næstkomande Tólf Mánude, og þad Leingur, sem Log og Riettende eige J Mote Mæla; Hvorre til Stadfestu Jeg Skrifa mitt Nafn Hier Under ad Svinavatne d. 30ta Maji 1774.

Asmundur Paulsson

Upplesed og Uppaskrifad fyrer Manntals Þings Rettenum ad Svinavatne þann 30. Maii 1774.

Test^{r} M. Gislason.[193]

Á manntalsþingi, höldnu að Svínavatni þann 12. júní 1775, var lesinn upp dómur um upprekstur á Auðkúlustaðarheiði frá 9. júní 1758, sem tilheldur öllum Svínavatns- og Torfalækjarhreppa innbyggjurum að reka sín lömb þangað. Dómurinn hljóðar svo:

7° Var upplesenn dómur Sál. Sysslumannsens Biarna umm upprekstur á Audkulustadar heide dateradur 9da Junii 1758 sem til heldur so vel Svinavatns

[192] Skjal nr. 2(145) a-b.
[193] Skjal nr. 2(179) a-b.

sem Torfalækiar hreppa Jnnbyggiurumm ad reka syn lömb þangad fyrer veniulegann Toll. Enn hier nálæger þingsoknar Menn ummbidia Æruverdugann Beneficiatum nu verande S[r] Asmund Paulsson syna Ástædu effter greindumm dóme ad milda, sökum fienadarens bágs ástands þetta ár, hvad Velnefndur presturenn og so giörer med þvj móte ad hver Bónde i þessum hrepp gialde hálfann ~~dýra~~ lamba Toll, hveriu aller sameigennlega fyrer Rettenum Játa. Med þvj eckert fleyra frammkemur, sluttast þesse þings Act med Sysslumannens og tilkvaddra þingsvitna nöfnum Actum ut Supra.[194]

Þann 15. júní 1782, skýrði séra Ásmundur Pálsson frá því, að upprekstur á Kúluheiði hefði legið niðri, síðan fjárpestin 1765 gekk yfir, og kenndi fjárfæð og fátækt manna um. Þar segir:

Extract

Herhia er þess ad geta ad sidan árid 1765 ad fjárpestin fell yfer þessar Sveitir inntil þessa dags, hefur ei fjár eda lamba upprekstur á þessa Kuluheidi verid brukadur, bædi vegna fiárfædar og fólks fatæktar, og þótt nú á þessari tíd og framvegis sie fiármegn hiá flestum buendum komin til loglegs upprekstur á þessa heidi. So virdist þad hreint aftækt vegna þess yfirgángs er skedur af grasatektar fólke arlega her á Kulu heidi og þess hestabeit, er uppetur alla skástu haga á heidenne, frá því ad fyrst er grasatækt og fram um midt Sumar, sem er úr 7 hreppum her i Hunavatns Syslu, og fjölde ur Hegranes Syslu; hefer slik grasatektar Kostgiæfne og áfergia í mesta máta aukist, almennt Vor og haust, nú Skamt sidan sá nýi höndlunarmáti kom og folki er flestöll lifsbiorg á landenu ógnarlega dyrkeypt ordin, sem allir finna og þeckia er til Sveita búa. Hlytur því Audkulu stadarhalldari ad tapa soleides heidarinnar gagne, medan so stendur, og varla ad Sveitarmenn hafi þar óhullta hrossa gaungu. En ei hafa þad menn til vita fyrr eda sídar adrer menn asælst ad eigna ser af heidarinnar Landi.

Audkulu d. 15. Julii 1782.

Asmundur Paulsson

p. t. minist: coll: Audkul: et Svinav:.[195]

Í vísitasíu að Auðkúlukirkju, þann 13. maí 1789, kemur fram að fjáruppreksturá á Auðkúluheiði hafi aflagst um mörg undanfarin ár en sé nú að takast upp aftur. Þar segir:

Audkúlu kyrkia

Anno 1789 Þann 13 Maji Var Kyrkiann ad Audkúlu, af Herads Prófastenum Visiterud,

[...]

[194] Skjal nr. 2(101) a-b.
[195] Skjal nr. 2(185) a-b.

> 6 Kÿrkiunnar Kúg. (þad fulla antal) eru nu til á þessu Beneficio i Skickanlegu Stande. Ødrum sinum Eygnum og Rettugheitum beheldur Kyrkiann, Gaflkot er i Eyde, lyka sem fiölde annara Jarda, saker undangeingens Hallæres og Folkfellers. Skyldu Fiáruppreksturumm mörg undann farinn ar af lagdur á Audkulu Heyde enn nu ecke saker alMennra bágenda og Penings fædar afftur upptekinn.[196]

Þann 1. ágúst 1790 í vísitasíu á Auðkúlu óskaði Sigurður Stefánsson biskup þess að presturinn myndi gera sitt besta í því að koma eyðikotinu Gafli í byggingu á ný, og myndi auk þess tala fyrir því að fjárupprekstur bænda í Torfalækjar- og Svínavatnshreppum kæmist aftur í samt brúk. Í vísitasíubókina sjálfa er ritað:

> Þessu næst anmoedar Biskupinn Stadarhalldarann hann vildi giöra sitt besta til ad Bygging mætti afftur komast á kyrkiunnar núverandi Eydikot Gabl, sem og einnig vigilere fyrer ad Fiáruppreksturur Bænda i Torfalækiar- og Svinadals-hreppum komi aftur i Brúk og tídkist, so þvílík Prestakalllsins Herlegheit gángi ecki undan því edur abalienerest fyrer þeirra eintómis óvilia edur orsakalítil undanbrögd.[197]

Varðveitt er bréf Ásmundar Pálssonar Auðkúluprests um upprekstur á Auðkúlustaðarheiði. Þar segir að Auðkúlustaðaheiði sé margfaldlega tilskilin og brúkuð lögafrétt fyrir Torfalækjar- og Svínavatnshreppa. Bréfið er dagsett þann 23. maí 1793 og hljóðar svo:

> Jeg underskrifadur giöre hier med vitannlegt hreppstiórum og búande mönnum J Torfalækiar hrepp, ad so sem Audkulustadar heide er margfaldlega tilskilinn og brúkud lögafrett fyrer Torfalækiar og Svinavatns hreppa til lamba og gieldfiár upprekstursarlega; og nu lifande mönnum er kunnug sú týdkan, sem og þar uppá vyrkelega geingenn Dómur af sál. sysslumanne Biarna Halldorssyne á Torfalæk þann 9da Juny 1759, hvared dæmest efter frammlogdum skiölum: ad Audkulustadar heide skal hier eftir sem til forna þiena fyrer logafrett Svinavatns og Torfalækiar hreppa Jnnbiggurum, og kunna þessa hreppsmanna afsakaner ej ad præjudicera Audkulustada Beneficia Rettugheitum, nie helldur Svinavatns hrepps Jnnbuendur taka skada á sinu fie fyrer þeirra vanrækt á upprekstrinum etc. Sömuleidis er af Hr. Biskupenum Sigurde mier giörd aminnig i hans Visitations act hier, af 1ta Aug. 1790 ad Eg ummsiáe ad fiár upprekstur bænda i Torfalækiar og Svinadals hreppumm komi aftur i brúk og tidkest, so ad þvjlik prestakallsins herlegheit gangi ei undann fyrer þeirra óvilia edur ordsakalitil undannbrogd. Nu hefi Eg umm minn 20 ára hierverutima þessa prestakallsins gagnsmuna mátt alldeilis Jmissa, utann hvad tvjgang medtok af þessa hrepps folke halfann fiallatoll, fyrer upprekstursEfterlatsseme. So giörest nu hier med min vinsamleg bón og fullkominn avisun til Jnnbiggenda Torfalækiar hrepps ad þeir aller, sem ad lögum ber lamba upprekstur á afrétt, reke nu á þessu

[196] Skjal nr. 2(122) a-b.
[197] Skjal nr. 2(158) a-b.

Jfirstandande sumre Einingarsamlega sin lomb á Audkulustadar heide, med gódra og kunnugra manna tilsion uppá timann og takmörk Platsins, so hverke tálmest upprekstur sveitarmanna hier, nie Eg lide so allt jafn skadann af forsomunenne, og so neidast þurfe slikt til sekta ad logsækia fyrer Jfervaldsens Retti. Óska Eg þienustusamlega hier upp áteiknist vidkomenda greinelegt andsvar mier ~~mier~~ til Efterrettingar og fullvissu frammvegis. Hier ásamt med óska Eg og ákved ad Torfalækar hrepps folk sem ad undannförnu hefur hvad frekast tidkad grasatekt hier á Kulu lande og heidenne, án alls mins leifis, edur þóknun þar fyrer, vilie nu aftra sier þar frá fyrst umm sinn þett ár, so ad su litla tingun fiallgrasa, sem nu siest, mætte fá ad ná betra vexte mönnum til nota, enn ej upprætast strax til almennings stóreblis skada. Þessu til stadfestu er mitt nafn hier underskrifad ad Audkulustad d. 23ia Maji 1793. Asmundur Paulsson

Upplesed fyrer mantalsþings Rettenum ad Torfalæk þann 24 Maii 1793, og afsaka þingsoknar menn sig med allsslags ohægd, heldst mann- og hestleise, ~~til~~ frá ad reka lömb sin á Audkulu heide; berande einnig f(yrir) ad þeir eige enn ecke fleira geldfe eda lamba von flest aller, enn ad þad gete öllum skadlaust vered i heimahögum hvöriu nálægur hreppstióre samsinner.

Ut supra. Jsl. Einarsson.[198]

Á manntalsþingi, höldnu að Svínavatni þann 25. apríl 1795, var lesin lögfesta fyrir Auðkúlustaðarlandi og heiði. Einnig dómur eða skikkun frá 9. júní 1758 að allir í Svínavatns- og Torfalækjarhreppum reki geldfé sitt á Auðkúlustaðaheiði. Eftirfarandi var fært til bókar í dóma- og þingbók sýslumanns:

8. Lögfesta S.T. prestsins Sr Asm. Paulssonar fyrer hönum lents Beneficii Audkulustadar heimalande og heide ogso af þ. dags dato. Og áfriar engin þessar lögfestur, vidar enn hvad ~~ovíst~~ eingen kannast vid adur aviken Sand, nema so heite einhver melur á há halsenum mille Storadals og Langamýrar.

9o Upplesen dómur eda skickun Syslumanns Sal. Biarna Haldorssonar af 9da Junii 1758 ad aller i Svinavatz og Torfalækiar hreppum reke sitt geldfe á Audkulustadar heide.[199]

Umrædd lögfesta séra Ásmundar Pálssonar fyrir Auðkúlu 25. apríl 1795 hefur varðveist. Hún eftirfarandi:

Logfesta Audkulu 1795 Sr Asmundar Paulss.

Jeg Asmundur Paulsson Beneficiatus á Audkulustodum, Logfeste hier i dag Audkulstadar Heide og Heimaland allt med ollum þeim gognum og giædum, Hlutum og hlynnindum, votnum og veidestodum, Sem þvj Lande fylgt hefur ad Fornu og Nyu; Mots vid adrar Jarder, effter þeim dómum, Skiolum og Skilrikium, Sem þar fyrer Liggia: Tiltek Eg þesse Landamerke, J Fyrstu

[198] Skjal nr. 2(153) a-b.
[199] Skjal nr. 2(208) a-b.

Hálfann Slettárdal móts vid Dal, og So Rettsynis frammi Fiskelæk, þadann i Vallgil, Sydann rædur Blanda til Jökla framm. Enn ad Vestannverdu ur Kárittínga Tiorn i austustu Kvisl og Riettsynis Sudur i Burfioll.

Fyrerbyd eg Hvorium Manne Hiergreint Land ad yrkia, beita edur bruka Jnnann tiltekenna Takmarka, eda nockrar Nytiar af ad hafa, hvar med einkannlegast meint er: Veideskapur i Votnum og Lækium, Eggiatekia og Svanafiadra og Alfftaveidi, Samt Hrísrif og Kolagiord; fyrer utann mitt leife og Samþycke, undir frekustu Sekter sem Logenn þeim a hendur Segia, sem Hier á móte giora. Tilskil Eg ad þesse Min Logfesta Standi J fullum Myndugleika umm næstkomande tolf Mánude, og þad Leingur, sem Log og Rettindi eigi J Móte Mæla.

Lika afbid Eg óþarfa grundvallslaust tilkall og Logfestur uppa Audkulustadar Land; einkum Prestsins S^{ra} Biorns Jonssonar á Bólstadarhlid sem nu er ummbodshalldare vegna Stólsins Jfer Svinadals ummbodi, og nockud ókennelega fortelst hafa á næstlidna Sumri Logfest undir Þröm framm Jfer þad sem Audkulustadar Skiol herma.

Til stadfestu mitt nafn hier underskrifad ad Svinavatne d. 25ta Aprilis 1795.

Asmundur Paulsson.[200]

Í prófastsvísitasíu að Auðkúlukirkju, þann 8. nóvember 1799, kemur fram að „lítið lag“ sé komið á fjárupprekstur á Auðkúluheiði. Þar segir:

Lited lag er enn nu komed á Fiáruppreksture á Kuluheide jafnvel þó Beneficiarius hafe vid þvj leitast þar flester Búendur einkumm i Torvalækiar Hrepp tiá sig þar til miög oviluga, hvar í valla sinist nockrar Leydrettingar ad vænta án vidkomande veralldlegs Yfervalds serdeiles Tilhlutunar.[201]

Þann 23. júlí 1802 var Auðkúlukirkja vísiteruð af prófasti og kom fram eftirfarandi um upprekstur á Auðkúluheiði:

Kyrkian beheldur enn sinumm Rettugheitum, so eckert er med lagadómi undangeingid. Upprekstur lamba og geldfiár a Audkúlu Heydi, sem tekin var ad komast i nockurt lag, hefur nu eckj stad sökumm yfergeysandi stórhardinda, og Fiárfellirs.[202]

Varðveitt er lögfesta séra Jóns Jónssonar fyrir Auðkúlustaðarheiði, sem og heimalandi Auðkúlustaðar, dagsett þann 29. júlí 1803. Lögfestan var þinglesin samdægurs á manntalsþingi á Tindum, og aftur 5 árum síðar á sama stað. Hún hljóðar svo:

Logfesta, 1803.

Sr Jóns Jonss.

[200] Skjal nr. 2(180) a-b.
[201] Skjal nr. 2(123) a-b.
[202] Skjal nr. 2(124) a-b.

29 Juli

Eg Jon Jonsson Beneficiator á Audkulustodum, Logfeste her í dag Audkulstadar Heide og Heimaland allt med ollumm sínumm gognumm og giædumm, Votnum og Veidestodum, sem þvj Lande fylgt hefr ad fornu og Nyu eptir þeim Skiolumm Sem fyrir því liggia: Tiltek eg þesse Landamerke, Fyrst halfann Sliettardal sem áenn takmarkar og so rettlínis í Fiskelæk, þadann i Vallgil, sydann rædr Blanda til Jökla framm; Enn ad Vestann ur Karittinga tiorn og í austustu Kvísl, frá henne rettsynis sudr í Burfioll.

Fyrerbyd eg Hveriumm Manne þetta Land ad yrkia, bruka edr beita, edr nockrar nitiar, af ad hafa, hvar med serdeilislega meinast Veide skapr i Votnumm edr Lækiumm, Eggia tekia og Alfftaveide samt Hrísrif og Kolagiord, an þess ad Mitt Leife þar tilkome; og þetta undir þær Sektir sem Log þeim akveda er í oheimilld brukar.

Her til aftek eg og fyrirbíd hverium Manne grasatekiu í mínum Bufiarhogum hvar undir eg skil þetta Plats Sokalladar Borgir og Borgartogl sem mínu Lande tilheirer án míns Leifes en ef nockr á móti giorer so vite hann ad svara og lída sem fyrir oheimildar yrkingu.

Þesse Mín Logfesta stande í fullumm Krafte epter sem Log leifa, Hverre til Stadfestu eg underskrifa mitt Nafn, Staddr á Tinda Þingstad d. 29da Julii 1803.

Jón Jónsson

Upplesinn firir Mantalsþings Réttenum á Tindum þann 29da Jul: 1803.

J. Oddsson sem Const.

Lesed fyrer Manntalsþíngsrétti af Tindumm þann 20ta Junii 1808 vitnar

J. Jonsson.[203]

Í jarðamatinu 1804 kemur fram að jörðin Auðkúla hafi um 5 ríkisdali tekjur árlega af afrétti sem tilheyri jörðinni. Þar segir:

Jorden har afret, hvorfor betales af fremmede aarlig omtrent 5rd.[204]

Björn Bjarnason (1789−1859) á Brandsstöðum í Blöndudal tók saman annál yfir árin 1783−1858 sem kenndur er við bæ hans. Annállinn er til í eldri og yngri gerð og er talsverður orðamunur og þ.a.l. einhver efnismunur á gerðunum tveimur. Í annál sínum segir Björn við árið 1804:

Nú var byggð upp Kúlurétt niður við Litladalsá og aukinn upprekstur á Kúluheiði. Höfðu í mörg ár ei rekið á hana utan Blöndudalur að vestanverðu og frá Dölunum [Stóra- og Litladal], Kúlu, Rútsstöðum og Hrafnabjörgum, og réttuðu þessir við Blöndu hjá Eiðsstöðum. Útsveitin rak á Sauðadal, Svíndælir að Geirhildarkirkju. Gengu þeir og Ásamenn Sauðadalsfjöllin og fram fyrir Engjalæk og réttuðu í Giljárrétt fremri. Hafði Ólafur Tómasson stúdent á

[203] Skjal nr. 2(181) a-b.
[204] Skjal nr. 2(74).

> Giljá lambatolla marga, en nú kallaði séra Jón [Jónsson á Auðkúlu], nýbúinn að fá brauðið, eftir upprekstri á Kúluheiði, og litlu síðar fóru allir Ásamenn að reka á heiðina. Ár þetta fór Oddur [Stefánsson] notarius frá Þingeyrum að Giljá og deyði þar, og féll þá niður upprekstur á dalinn, er góðkunnur vinur margra, Ólafur, fór að Þingeyrum.[205]

Í eldri gerð Brandsstaðannáls segir á sama stað:

> Eftir brunafellinn [Skaftáreldar 1783-1784] aflagðist upprekstur á Kúluheiði. Fóru þá allir í Tindaþingsókn að reka á Sauðadal, en þegar fé fjölgaði, fóru fáeinir að reka á heiðina, svo sem á Langamýrunum og þar fyrir framan, Stóra- og Litladal, Kúlu og Hrafnabjörgum. Þessir fáu menn gátu gengið heiðina. Ekki sendu þeir ónýtasta manninn frá sér til þess, heldur trúðu sér bezt og fóru því sjálfir. Hinir allir dembdu fé sínu á Sauðadal. Þar gekk það í örtröð, varð ullarljótt og rýrara en af heiðinni. Verri heimtur, því bítir var þar, og jafnvel að sumir væri hræddir við ómilda. Nú var séra Jón fyrri orðinn prestur á Kúlu í góðri vinsemd við alla, og að hans bón ráku nú allir Svínavatnshreppsmenn og nokkrir af Ásum á Kúluheiði og byggðu rétt nýja við Litladalsá að vestanverðu, því gamla réttin var aflögð og orðinn þar grænn flötur, skammt upp frá kvíslinni, en Kúluheiðarmenn drógu áður sundur við Blöndu. En Giljárrétt, sem var við ána skammt fyrir ofan veginn, fór nú að niðurleggjast. Kvíslamenn réttuðu í rananum framan Forsæludal, en nú var farið að rétta í Tungu heima við túngarðinn og færikvíarnar áfast við heimaréttina. Þangað fóru 6 Svínadalsmenn og höfðu Kvíslagöngur. Sauðadalsmenn fóru og svo að reka fá fram að Tungurétt. Í Grímstungu var réttað út við garðinn dilklaust. Drógu Þingmenn út stund, þá Vatnsdælingar aðra stund, svo þeir austan yfir ána hina stund og Kvíslamenn í fjórða lagi. En í Tungu var líkt. Gerðust dilkar af færikvíum, þá rýmdist í réttinni, og gekk þar hálfu fljótara og fé þar miklu meira, en þar var dregið út í tvö söfn undireins og Bjarni í Tungu [Bjarni Steindórsson í Þórormstungu] árvakur og ötull foringi og hans fylgjarar.[206]

Í prófastsvísitasíu að Auðkúlukirkju, þann 16. desember 1805, kemur fram að presturinn hafi komið fjáruppreksti í betra stand, með ærnum tilkostnaði. Þar segir:

> Fiár uppresktur á AudKuluHeydi hefur hann og allareidu med ærnum umm kostnadi til nirrar Rettar upphledslu komid i betra Stand, enn var umm mörg umlidin ár.[207]

Þann 12. apríl 1806, lögfesti Bjarni Steindórsson eignarjörð sína Þórormstungu. Landamerkja er getið, þar á meðal til móts við Marðarnúp. Lögfestan var lesin upp fyrir þingsrétti að Breiðabólstað þann 25. apríl sama ár og að Tindum þann 20. júní 1808 en þar var lögfestunni mótmælt vegna Auðkúluheiðar:

[205] Björn Bjarnason, *Brandsstaða annáll.* Reykjavík 1941, bls. 47-48.
[206] Björn Bjarnason, *Brandsstaða annáll.* Reykjavík 1941, bls. 48-49 neðanmáls.
[207] Skjal nr. 2(126) a-b.

Logfesta fyrir Þórormstúngu 1806

Jeg undirskrifadr Logfeste hér med Eignar Jord mína, Þórormstúngu, liggjandi í Grímstúngu Kirkju Sókn og Vatnsdal innann Húnavatns Sýsslu. Logfeste eg tjedrar Jardar Tún og Eingjar, Hollt og Haga, Votn og Veidistadi og allar Landsnytjar, sem henne fylgt hafa og fylgja eiga med réttu, til þessara ummmerkja, er adrir menn eiga í móti mér, nefnelega: Millum Mardarnúps og Þórormstúngu skilr Land Túnguár forni farvegr, sem hverfr ad nordannverdum Síkislæk þeim, er Mislíngr heitir og kémr í vatnsdalsá fyri nordann Mislíngstánga, rædr sídann Tunguá allt til Úlfkels upptaka, þadann eptir midjum fridmundarhofda, sidann í Austr qvísl hjá Kólkahól, þadann í Upptok á fellaqvísl og so beinleides til Jokla. Ad Vestann verdu rædr Vatnsdalsá framm ad Merkedæli í Sunnuhlíd, er liggr framannverdt vid Túnguklif og so uppá Hálsinn, eptir því sem hallar frá á bádar Hendr, eptir þeim gotum, sem liggja á há-Hálsinum, og sídann á þær gotr, er liggja framm á millum Hallarvatna, sidann Réttsýni í Eyjarvatnsbúngu og þadann beint eptir Heidumm framm til Jokla. Logfeste eg bæde ad Ordfullu og Logmáli réttu, fyrirbjódandi hverjum Manne, ad yrkja, beita, edr brúka, ellegar sér ad nytja, utann mitt sje leyfi til, undir vidliggjandi Sektir. Skal þessi mín logfesta gylda um nærstu Tólf Mánude, sem laga Skjal fyrir Þórormstúngu Landi og, ef eingi átelr á þeim Tíma, þá æfennlega upp þadann, hverri til fullkomins Kraptar og Stadfestu er mitt nafn og Signet ad Þórorms túngu þann 12ta Aprilis 1806.

Biarne Steindorsson.

Upplesid fyrer Manntalsþingsrette ad Breidabolstad þann 25. April 1806, testerar J. Benediktsson, Syslum. Snorrasonar Fullmegtugur.

Upplesid fyrir Manntalsþíngsrétti ad Tindum þann 20ta Junii 1808, en ad því leiti mótmælt, sem logfestan gengur uppá Audkúlu Heidi, til Kólkuhóls, eptir því sem Audkúlu skjol tiltaka, ad Audkúla egi frá Kárittinga Tjörn og í austustu qvísl, medan hún fellur rétt, þad Prestinum Séra Jóni Jónssyni á Audkúlu, hvorju Bjarni aptur mótsegir, svosem hann vill ega frá Kárittinga Tjörn eptir því sem votn ad haga til austustu qvíslar.

Vitnar S. Snorrason.[208]

Varðveitt er hvatning Jóns Jónssonar, dagsett 12. júní 1807, þess efnis að menn reki á Auðkúluheiði samkvæmt dómi frá árinu 1758. Hvatning Jóns var þinglesin á manntalsþingi að Tindum degi síðar og er svohljóðandi:

Upphvatníng af 1807 til ad Reka á Audkulu heidi eptir dóme.

Líka sem þad er mér í Kongsins Háa Nafne tilsagt ad halda vid fullkomna Hefd og magt i einu sem odru mer tiltrúudu Beneficio, med ollu því réttelega tilheirande, og ad ecke líde ad nockud sem undir þad liggr edr liggia á, sie þad

[208] Skjal nr. 2(61) a-b.

gots Eygnir edr Herlegheit, undann því gánge edr Óloglega frá hverfist, sem mitt Veitingar Bref af 9da Martii 1803 klárlega fyrir samt hinna geistlegu yfirvalda Ordinarie visitatiur endrnya vid Beneficiatos; þa hefe eg fundid, og finn enn nu skyldu mína, ad upp hvetia vinsamlega alla þá sem ad Logumm ega fie til afrettar ad reka innan Svínavatns og Torfalækiar hreppa, þad þeir forsome ecke geldfiár og Lamba upprekstr á Audkulustadar Heide, edr nockra þar ad lutande Skyldu sem algeing Log, venia og Almennings Gagnsmunir Kvedia til, ad hverke eg nie adrir sem upprekstre sæta á áminst Pláts, líde þar vid nockurn Skada edr Fiármissu. Get eg ej fundid ad Torfalækiar hrepps Jnnbyggendr, hiá hverium heldst hefr forsómun fundist í aminnstu Efne (Þo nockud sie nu umm 2ia Ara Tíma lagfært) Kunne med gyldumm Roksemdumm ad afsaka sig her frá, Þá Þeir þo til annara afretta sækia og hafa ej siálfir fiall land fyrir pening sinn, án eginn og annara Skada (utann ef í einstoku Stad mætte so ad orde komast ad naudsin hlite ad brióta Log, sem menn segia; hveriumm eg meina ad Þó ætte fyrst vid mig ad accordera) med Því ad eirn áákiærdr dómr af 1758, sídann nockrumm sinnumm authorizeradr og Hlutadegendumm optsinnis sem nu auglístr fyrir þeirra Skyldu. Hér med er einasta litid til þeirra af mer sem óviliuga og forsomunarsama hafa auglíst sig í áminnstu Efne, edr trega til nockur Skil ad sína þessu vidvíkiande, hvad eg óska godlátlega lagfærist J tillite til Heidarennar siálfrar, ad þótt ad hennar ásigkomulag syndest þvílíkt, ad þá hún hefde mikinn fiár Þunga ad bera hlite hun ad adnióta annara samliggiande Heidar Landa, þá vyrdist mér þad einasta mér til koma eptir rímelegu Samkomulage vid Hlutadeigendur ad gott giora og afbetala, sem eg vil og so tia mig reidubuenn til godlatlega.

Eg tilmælist þvi vinsaml(ega) her med, ad ollum buendumm á Ásum, og eptir Skiolunumm, sokolludumm Kolkumyrum innann Torfalækiar Hrepps ad þeir innfinne sig, so vel sem Svínavatns Hrepps menn her eptir tilbærelega til sameginnlegs upprekstrar á nefnda Audkulustadar Heide giætande í einu sem odru þess er þeim byriar og her ad lítr, so ad aungra umkvortun framar edr adrar Ogedfeldare adgiorder, þurfe her til ad leida. Á móte því vil eg af ítrístu Kröptumm giæta Skyldu minnar, sem mér Loglega giorist og eptir Sanngiarnleika, í Tillite til Heidar Hreinsunar og annars þar ad Lutande, og ej hardlega til Verks ganga í Fialla tolla tekiu vid þa fatækustu.

Audkulustodum d. 12ta Junii 1807.

J. Jonsson

Upplesid fyrir manntalsþings rettinum ad Tindum þann 13da Junii 1807. Vitnar S. Snorrason.[209]

Á manntalsþingi, höldnu að Breiðabólstað þann 17. júní 1807, var upplesin kvörtun frá Bjarna Steindórssyni á Þórormstungu vegna átroðnings á Dalskvíslum af fé sem rekið sé til Auðkúluheiðar. Kvörtunin hljóðar svo:

[209] Skjal nr. 2(186) a-b.

15. Var upplesid eitt Promemoria frá Biarna Steindorssyne á Þorormstungu, hvar inne hann kvartar um þann þunga, sem hann lide á sinnar ábylis- og eignar Jardar afrettar lande Dalskvislum kölludu, af þvj fie, sem rekid sie til Audkuluheidar á þá einu – og Grímstungu heidar á þá adra Sjdu, oskande þvj Réttarins urskurdar um hvört hann ej mætte leifa svo mörgum mönnum upprekstur á ofannnefndt platz, sem óumfljanl(ega) þurfa til ad gánga téd plátz á haustum, og er þvj réttarins meining þar um þessi: ad jafnvel þó rétturinn kannist vid, ad dómar seu fyrir Lamba upprekstre á ofannnefndar 2^{r} heidar, edur Grimstungna- og Audkulu-heidar frá 4^{m} nærliggiande hreppum Aass, Sveinstada, Torvalækiar og Svinavatns, hvör dómur þá, vegna timanna margbreitilega asigkomulags kann, sem hvör önnur politie Lög lika ad vera underorpinn umbreitingu, þess heldur, sem þeir tiltaka eckert um roskins edur géldfiár upprekstur á ofannefndar heidar, hvar til þær þó ad undannfornu hafa brukadar verid, og þess vegna ad líkum mátt fleyta stærre og annars fjár þunga, Enn nefndir dómar hafa nockurntjma rad fyrir giördt; hvar vid bætiz, ad þessi réttur gétur ecke sjed, ad þad sie edur skule nockrum vera fyrirmunad, ad nota sér eign sína til brukunar, uppá löglegann máta, allraheldst ef þad, sem i nærverande tilfelle, ecke er mögulegt ad gyrda fyrir þackkarlausa enn þó gagnlausa brukun ennar sömu af ödrum, so kunna fyrrgreindir dómar Réttskildir og i Sameiningu vid tídarinnar ásigkomulag, ecke ad hrinda Biarna frá, að telia i þetta sér til heyrande landzplátz á móti Audkulu- og Grimstungna- afréttar plátzsum, ad þvj ádur skodudu, hvad margt fie umgétnar Qvisler bera kinnu móti hinum heidunum, ellegar þá eftir jnnbyrdis Samkomulage vid hvertvegge hlutadeigendur, þá hann i þessu tilfelle þó ber ad annast hreinsun og gaungur umgétins plátz.[210]

Þann 23. júní 1810 var haldinn lögregluréttur að Stóru-Giljá vegna umkvörtunar séra Jóns Jónssonar á Auðkúlu yfir óheimilli brúkun manna á landi Auðkúlu „So nefndri Kúluheidi“. Lögregluréttúrinn var haldinn í kjölfar bréflegra mótmæla séra Jóns yfir þessu háttalagi frá 15. maí sama ár á manntalsþingi að Tindum. Við lögregluréttinn kom fram:

Anno 1810 þann 23. Jun. 1810 setti syslumadur Sigurdur Snorrason einn Politii Rétt ad heimili sínu Stórugilá med 2^{r} undirskrifudum eidsvörnum þíngvitnum út af fylgjandi Tilefni: Presturinn Sr Jón Jónsson á Auðkúlu hefir í einu bréfi af 15da næstl. mánadar lesid fyrir manntalsþíngsretti að Tindum sama dag gjördt umqvörtun yfir óheimilri brúkun fólks á Auðkúlu Beneficii landi svonefndri Kúluheidi vid grasatekju. Studiosus Mr. Thomas Thomasson á Stóru Ásgeirsá hreppstjóri í Þorkellshólshrepp hefur sömuleidis í einu P(ro) m(emoria) af 2^{m} þ. m. lesid fyrir manntalsþíngrétti ad Stóruborg þann 6ta næsteptir framfærdt sömu umqvörtun í tilliti til likrar og fleiri slags óreglu brúkunar af einu landstycki heyrandi undir hans ábýlis og Eignar Jördu nefnda Stóru Ásgeirsá en liggjandi á Arnarvatnsheidi milli tilgreindra

[210] Skjal nr. 2(102) a-b.

ummerkja, sem og einnig bóndinn Mr. Bjarni Steindórsson á Þórormstungu, þad snertir landeign hans, svonefndar Dalsqvíslir. Í bréfi einu af 28. Maii þ. a., sem lesid er fyrir manntalsþingsrétti ad Breidabólstad þann 30ta næstl. mán. – Uppá framanskrifadra manna umqvartanir[211] var þá fyrir Réttinum afsögd svofeld ályktan, Politii-ályktan: Það er ómótmælt að Audkúlustadar prestakalli tilheyrir þad land á svonefndri Kúluheidi, sem lögfesta prestsins Sra Jóns Jónssonar sama stadar af 15da nærstl. mánadar og sama dag lesinn fyri manntalsþíngs Rétti ad Tindum, tiltekur og greinir ummerki ad, og undir eins öll þau hlunnindi innann sömu ummerkja liggja, hverra not og brúkun lögin hafa tileinkad Eigandanum. Nú þar vor gylldandi landslög, Jónsb. landl. bálks 58. kap. samanborinn vid 19. kapit. helga Eigandanum einum öll þau not og útilokandi brúkun þeirra gæda og landsnytja á lód hans falla, hverju nafni sem heita, svo gétur öll heimilldar og leyfislaus brúkun þeirra sömu af ödrum útí frá ecki annad en álitist lögum gagnstæd, fyrir utan hvad hún hin sama líka mögulega opnar dyr fyri frekari óradvendni og spillir jafnvel þenkíngarhætti þeirra midur upplýstu. Þessi Rettur álitur því brúkun allra þeirra landsnytja og gæda, sem fyrrnefndur landsl. bálks 58. kapit. uppreiknar og helgar Eigendum einum, óheimila og lögum gagnstæda og á hverki ad æfaz án leyfis hlutadeigandi Eignarmanna, né heldur betalíng edur þóknunarlaust, þegar Eigendurnir ecki vilja fráfalla hinum sama. Þó er þad þessa Réttar, hvad grasatekju, sem almenníngi í mestalagi gagnsamann útveg áhrærir, vafalaus meining, ad eins og hún kann ecki ad æfast án hlutadeigandi Eignarmans leyfis á honum tilheyrandi landi edur lód, svo hlýtur og þó betalíngurinn fyri slíka notkun, ad vera í mestalagi sanngjarn og ecki hár í þeim plátsum sem fjarlægt liggja Eigandanum og sem hann ecki[212] sjálfur vel gæti notad sér ad öllu leiti, hvad hid sama líka mætti gyllda um hrís- og vidar Rif, hvar fyrir þó eins og fyri grasatekjuna betalíngur yrdi og ætti ad áqvardast eptir Tiltölu þess, sem aflad er. Þessvegna verdur þessa Réttar úrskurdur, hvad grasatekjun í annara landi og lód snertir hér innann sýslu svofelldur. Fyrir hvern grasahest edur 4 tunnur grasa, skal landeiganda greidast 1½ al. í óframfærdu edur landaurum, edur svo mikid í Peníngum, sem einnar alinar, þeirra virdi[213] eptir medalverdi reiknast til, og þar hiá hann gjöre þockabót fyrir Hagatoll þeirra Hesta sem fólk med sér hefir medan þad er ad grasaleitinni, hverr betalíngur verdur ad vera kominn undir Tímalengdinni og samkomulagi milli Eganda og þeirra sem slíks útvegar leita vilja. En séu grös tekin í óleyfi, tvígylldist Eganda og þar hiá landnám, edur Halfmörk. Og séu Egg tekinn edur fuglar veiddir, þeim fráskildum sem lögin í nefndum kap. hafa undantekid, bætist Egg og fugl fullu verdi Eganda fyrir utann landnám. Hvad adra brúkun snertir á annars lód, svo sem Hrís- og vídir Rif, Hvannaróta og alptarfjadratekju, sem og einnig veidi fyrir og í annara landi hverja vor landslög líka bannad hafa, medhöndlist slíkar athafnir, sem óheimilar eptir lögunum og þeirra

[211] *umqvartanir*, ofan línu.
[212] *ecki*, ofan línu.
[213] *einnar alinar* yfirstrikað, en *þeirra virði* skrifað ofan línu.

áqvördunum til bóta og sekta af þeim sem slíkt í óleyfi og án Heimildar brúka ydka. Hverr sá sem brýtur á móti þessari ályktan eptir ad hún er af hlutadeigandi Egnarmönnum afréttar- og Heidarlanda hér innann syslu og lýst sem gjört hafa umqvörtun fyri mer um yfir lögbanadri brúkun og ágangi á landeign þeirra, regluliga auglýst, bæti 48 s. til sveitar fátækra, sem vid Execution úttakist úr Búi ens brotlega af Hlutadeigandi Hreppstjóra eptir Rádstöfun sýslumans þegar brotid er fyrir hönum uppvíst gjördt.

[...]

Actum ut supra.

Hannes Hannesson S.Snorrason Gudmundur Þorkelsson.[214]

Á manntalsþingi, höldnu að Tindum þann 24. maí 1811, var lesin aðvörun hreppstjórans Arnljótar Illugasonar að menn reki geldfé sitt forsvaranlega til Auðkúlustaðarheiðar. Eftrifarandi var fært til bókar:

7. Var lesed advörun hreppstjóranns Arnljótar Illugasonar af 22. þ. m. til þeirra manna, er upprekstur brúka ad Audkuluheidi, ad þeir reki gjeldfje sitt forsvaranl. til heidarinnar, en láti þad ecki sleppa frá sér á vorinn, hvar af þeim sem nærstir búa heidinni orsakiz átrodningur og skadi.[215]

Á manntalsþingi að Stóruborg þann 20. júní 1812 var upplesin útskrift af lögregluþingsréttinum sem fram fór að Stóru-Giljá þann 23. júní 1810 vegna umkvörtunar séra Jóns Jónssonar á Auðkúlu yfir óheimilli brúkun manna á landi Auðkúlu „So nefndri Kúluheidi“.[216]

Þann 13. júní 1818 var haldinn lögregluréttur um upprekstur og fjallgöngur Torfalækjar-, Svínavatns-, Ass- og Sveinsstaðahreppa. Bæjum var úthlutaður afréttur til upprekstrar svo rekstur yrði sem skemmstur. Ákvörðunin var lesin upp á manntalsþingi að Tindum þann 30. maí 1836:

Politie Rettar Atest

Um 3 heidarlondinn

Af 1818 – Lit A

Árid 1818 þann 13. Junii hiellt Sysslumadur Jón Jónsson einn Politie Rétt á Beinakelldu, med underskrifudum Logteknum Vitnum, til ad giora eptir begiering ályktun um Upprekstur og Fiallgaungur fyri Torfalækiar-Svínavatns-Ass- og Sveinsstada Hreppa. Voru hier til stadar Hlutadeigendur til þeirra Heida og Fiall Landa, sem upp frá Hreppunum liggia, ásamt med Hreppstiórunum i nefndum Hreppum. Frammlagdi svo presturin Sira Jón Jónsson Hierads Þíngsdóm af 9. Junii 1758, ad Audkulustadar Heidi skuli þiena fyrir Log Afriett Svínavatns- og Torfalækiar-Hreppa Jnnbyggiurum, hver Alyktan á, sem óhnekkt, vid Makt ad standa, Þad er ad sonnu uppastadid

[214] Skjöl nr. 2(103) a-b og 2(60) a-b.
[215] Skjal nr. 2(209) a-b.
[216] Skjal nr. 2(60) a-b.

af nokkrum Torfalækiar Hrepps Jnnbúum, ad þeir megi reka fie sitt á Saudadal, enn af Egendum þessa dals lagt i Réttarins valld, ad álykta þarum, eptir því sem hann finnur Almenníngi hentugast. Nú vyrdist þad ad ef einn eda fleiri fengiu eda tækiu sier Leyfi þar til, þá mundu Lángtum fleiri, helst af Nábúum i nærliggiandi Hreppum, breyta eptir þeim, og orsaka þannig stóra Óreglu; Þessvegna ályktar Rétturinn: Ad nefndur Saudadalur egi einganvegin ad brúkast fyrir gelldfiár Log-Afriett.

Þad er Hlutadegenda Vilie, ad hver Lietti undir med ödrum, med Upprekstur og Fiallskil, enn nú ályktad eptir sameginlegu Undirlagi, ad frá eptirskrifudum bæum skuli rekast á þessi Pláts: [...]

Á Kuluheidi ega ad reka: Allir bæir i Svínavatns Hrepp, og af Ásunum: Kolldukinn, Smirlaberg, Hurdarbak, Kagarhóll og Reykir.

Þetta Hlutadegendum til hægdar, svo ad sem skemst verdi leidin. Þeir af Hlutadegendum sem ega 1^{c} [hundrað] Fiar ad Lömbum medtoldum i afriett, skyldast til ad lata til 2 Menn i gaungur. Annars ega Hreppstiorar ad rádstafa Fiallgaungum eins sem odru ad fiallskilum Lútandi og hinir ad Hlýdnast þeirra skipunum, undir vidliggiandi Sektir. Þad er siálfsogd Skylda þeirra, sem ega eda Umrad hafa yfie Afréttunum, ad Hreinsa edur Láta Hreinsa þær vel og trúlega. Vitanlegt er, ad Sekt mót Hreppstióranna Logmætum Skipunum er hálf Mork, eda 1rd Sp: ad af ádurtoldum bæum verdi árlega tekin nægilegur fólks fioldi til ad Leita Saudadalin, skal vera undir Hlutadegandi Hreppstióra Rádstöfun, eptir ásigkomulagi, nú og sidar.

Actum ut supra

J. Jónsson

Jón Ólafsson, Sigurdur Þórarinsson

Rétt eptir Húnavatns Sýsslu Justitz Protocol, test^{r} J. Jónsson

Til

Hreppstiorans Sgr. O. Biornssonar á Beinakelldu, Sgr. Þorleifs Þorkelss. á Stóradal, Prests Síra Jóns Jónssonar á Audkúlu, Prests Síra Sigvallda Snæb:s: á Grímstúngu, Hreppst: Sgr. Jóns Jónss: á Hvammi, og H^{ra} Administr. B. Olsen.

Lesed fyrer manntalsþíngs Rette á Tindum þann 30ta Maii 1836, og þínglysingin borgud med 36^{s}, skrifa Þrjátíu og sex Ríkisbánka skildingum Sijlfurs.

Blondahl.[217]

Þann 25. janúar 1819 sendi séra Jón Jónsson á Auðkúlu fyrirspurn til sýslumannsins í Húnavatnssýslu um upprekstur á Auðkúluheiði og fjallatolla þess

[217] Skjal nr. 2(187) a-b.

vegna. Fyrirspurnin var lesin fyrir manntalsþingum á Tindum, árin 1819 og 1836, og hljóðar svo:

> Fyrer spurn til Sysslumans
>
> Um upprekstur á Audkuluheidi
>
> Af 1819 – Lit A
>
> Med Jtrekun bréfs míns til Herra Sýsslumannsins af 20. Augusti, f. á.[218] Tek eg mier enn þau Fríheit, Þénustuskylldugast ad beidast skýlausrar og afgiörandi Urlausnar um, hvert sú er Meiníng Politie Alyktunarinnar af 13. Junii, nærstlidna, ad Audkúlustadar Beneficiatus missi sinn Riett til Fiallatolla af bæum þeim, á Ásum eda Kólkumýrum i fyrndinni nefndum, sem eptir Háttnefndri Ályktun nú skulu reka i Dalsqvíslir? Eda: Hvert Þessir eru ej, eptir dóminum af 9. Junii, 1758, enn nú skyldugir ad giallda Heidartoll Audkúlustadar Presti, eins og þeir rækiu á hanns Heidi, hvert helldur þeir, sier til sannrar eda meintrar hægdar, reka, eptir Leyfi Alyktunarinnar af 13. Junii, i Dalsqvíslir, eda móti hennar Atqvædi, á Saudadal?
>
> Audkúlu, þann 25. Januar: 1819.
>
> Jón Jónsson
>
> Þad var aldeiles ecke Meiníng Politie Ályktararinnar af 13. Junii nærstlidins Árs ad Audkúlustadar Beneficiatus misse sinn Rétt til Fiallatolla á Bæum þeim á Ásum eda Kolkumýrum sem nú skule reka á Dalsqvíslar, heldur eru þeir epter Dóminum af 9. Junii 1758, enn nú skylduger ad gialda Heidartoll Audkulustadar Presti.
>
> Tindum þann 26. Januar 1819.
>
> J. Jónsson
>
> Lesed fyrer Manntals Þíngs Retti á Tindum þann 3. Maii 1819.
>
> J. Jónsson
>
> Lesed fyrir Manntalsþíngsrétte á Tindum þann 30ta Maii 1836 og borgad med 36$^{sk:}$ skrifa þrjátíu og sex skildíngum sijlfurs.
>
> Blondahl
>
> Til Herra Sýsslumanns J: Jónssonar.[219]

Á manntalsþingi, höldnu að Tindum þann 3. maí 1819, var lesinn upp dómur um afrétt á Auðkúlustaðarheiði frá 9. júní 1758. Í dómabók sýslumanns var eftirfarandi fært til bókar:

> 9. Dómur um afrétt á Audkulustadarheidi, þann 9. Junni 1758. [220]

[218] Bréf þetta hefur ekki fundist við kerfisbundna gagnaöflun óbyggðanefndar.
[219] Skjal nr. 2(188) a-b.
[220] Skjal nr. 2(227) a-b.

Varðveitt er lögfesta séra Jóns Jónssonar, prófasts í Húnavatnssýslu, fyrir Auðkúlustaðarheiði, sem og heimalandi Auðkúlustaðar, dagsett 24. apríl 1819, þinglesin á þremur manntalsþingum á sama ári. Hún hljóðar svo:

> Eg Jon Jonsson Prófastur i Húnavatnssysslu og prestur á Audkulustad, Logfesti hier med Audkulustadarheidi og Heimaland allt, med öllum gögnum og giædum, sem því Landi fylgt hafa ad fornu og nýu, eptir Skiolum þeim sem fyrir því til eru, med þessum takmörkum tilgreindum: Fyrst Halfan Sliettárdal, sem áin takmarkar, svo rettsynis í Fiskilæk, þadan i Vallgil, sídan rædur Blanda til Jökla framm; Enn ad Vestanverdu úr Karittingatiorn, og í austustu qvísl, frá henne riettsynis Sudur í Burfioll.
>
> Fyrerbýd eg Hverium Manni hier tiltekid Land ad yrkia, beita edur brúka, edur nokkrar Nytiar, af ad hafa, til Veidiskapar, Álftaveidar, Eggiatekiu, Fiadralesturs, grasatekiu, Hrísrifs eda Kolagiördar, fyrir utan mitt edur umbodsmanna mina Leyfe, undir frekustu Sektir, sem Landslogin þeim a hendur segia, er annara Manna Land Heimilldarlaust yrkia.
>
> Standi þessi mín Lögfesta i fullum Krapti um nærstu tólf Mánudi, og þad Lengur sem log og Riettindi Leyfa. Eru mín skylldug tilmæli vid Herra Sysslumannin Jón Jónsson, ad hann upplesi þessa mína Lögfestu á nærst halldandi Manntalsþíngum. Ad Vindhæli, Engihlíd, Bólstadarhlíd og Tindum. Hier hiá kinni þad þeim til eptirriettingar, sem vita vilia, ad i Vindhælis og Engihlídar Hreppum má grasatekiuleyfis á Kúluheidi leita til prestsins á Höskulldsstödum síra Jóns Péturssonar, og Hreppstiórans Sgr. Vorms Bech á Geitaskardi, og þeim sömu afgreida þann i Politie alyktun af 23. Junii, 1810, áqvardada grasa- og Haga- Toll.
>
> Audkúlustad, þann 24. April, 1819.
>
> Jón Jónsson
>
> Lesed fyrer Manntals þíngsrette á Vindhæle þann 26. april 1819
>
> Á Bolstadarhlíd þann 1ta og á Tindum þann 3 Maii sama árs. Vitnar J. Jónsson
>
> Upplesid Hoskuldsstadar-Sóknar-fólke á heyrandi, Eptir afstadna h: þiónustu giord þann 22an augusti 1819.
>
> Vitna
>
> Jón Gudmundsson, Jón Jónsson medhialpari.
>
> Lögfesta Audkulu
>
> 1819
>
> Sa Jons Jonssonar
>
> Prófasts.[221]

[221] Skjal nr. 2(182) a-b.

Varðveitt er sameiginleg lögfesta fyrir Auðkúluheiði, Þórormstungu- og Forsæludalsland, Grímstungu- og Haukagilsheiði. Lögfestan er dagsett þann 16. júní 1820 og er hún svohljóðandi:

> Hiermed lögfestum vid undirskrifadir eptirskrifud, i okkar sumpart umsión, sumpart Eigu verandi fiall-lönd, nefnil: Audkúluheidi, Þórormstungu og Forsæludalsland, Grímstungu og Haukagilsheidarlönd, einkum i tilliti til grasatekiu, og þaraf rísandi ýmislegs órádvands umgángs – Og fyrirbiódum hiermed einum og sierhverium grasatekt i tiedum löndum, nema leitad sie þarum leyfis til okkar, hvers fyrir sitt land, og finni sig í ad giallda, þann med Dómi af 23. Junii 1810, áqvedna grasa og beitartoll. Hid sama er okkar forbod á um hrísrif. – Mega allir þeir, sem i leyfisleysi ydka grasatekt eda hrísrif móti forbodi þessu i greindum löndum, vidbúast ad mæta tiltali til Lagasekta eptir málavöxtum; enn herra sýslumadur J. Jónsson umbidst þénustuskylldugast ad upplesa þetta forbod, fyrir nú nærst halldandi Breidabólsstadar, Tinda, Vindhælis, Engihlídar og Bólstadahlídar manntalsþíngs Rétttum.
>
> Þórormstungu, þann 16. Junii 1820.
>
> Jón Jónsson Sigvalldi Snæbiörnsson
>
> *L.S.* *L.S.*
>
> Uppá eiginn og Eckjunnar Gudrunar Þorarinsdottir vegna
>
> Biarni Steindorsson
>
> *L.S.*
>
> Lesed fyrir manntalsþíngs Rétte á Breidabólstad þann 22. Jun. 1820.
>
> J.Jónsson
>
> Dito á Tindum þ. 26. Juni 1820.
>
> J.Jónsson
>
> Dito á Bólstadarhlid þ. 28. Jun. 1820.
>
> Dito á Eingihlid þ. 30. Juni 1820. J.Jónsson
>
> V. BechEiríkur Helgason
>
> Jon Arnason
>
> Upplesid á mantals þíngs Rietti á Vindhæli þann 3ia Julj 1820 vitna i forfollum hra sislumanns Jonssonar David Gudmundsson
>
> Arne Olafsson Hannes Jonsson.[222]

Þann 21. júní 1820 mætti séra Jón Jónsson á Auðkúlu fyrir sáttanefnd á Reykjum og kærði þau óskil sem hann hafði liðið á lambatollum frá nokkrum bæjum í Torfalækjarhrepp undanfarin þrjú ár. Bæirnir sem um ræðir voru Akur, Skinnastaðir, Torfalækur, Húnstaðir, Holt, Hjaltabakki, Hnjúkar, Sauðanes, Hamrakot, Orrastaðir,

[222] Skjal nr. 2(150) a-b.

Hurðarbak, Meðalheimur og Kringla. Til að styðja mál sitt benti hann á gamlan dóm frá 9. júní 1758, polite ályktun frá 13. júní 1818 sem birt var líkt og úrskurður sýslumanns frá 26. janúar 1819 á manntalsþingi 3. maí 1819. Eigendur ofannefndra jarða eða umboðsmenn þeirra mættu fyrir sáttanefndina og loks komst á svohljóðandi samkomulag:

> ad allir þessir gjalldi Prófastinum árlega Lambatolla, hvörr fyri sig eitt lamb, en þótt þeir reki í Qvíslar Fje sitt; en þeir fjár-ríkustu, sem reka 50 Lómb i Qvíslar og þar yfir, þócknist Bjarna í Þórormstungu hvórr med Lambi árlega, en þá fyrir þrjú undanfarin ár ógolldnu Lambatolla eptergefur Prófasturinn óllum fyrir tvó þaug fyrri, enn uppástendur ad þeir betur megandi betali til sín 10 fiska hvórr fyrir þad sídasta, en eptirgefur þeim Fátækari þad einsog hitt nefnilega: Rannveigu á Skinnastódum, Sigurdi á Akri, Jónasi á Kríngluu, Páli í Hamrakoti, Kristjáni á Hurdarbaki, Sveini á Hnúkum og Jóni á Húnstódum. Lambatollarnir fyrir eptirkomandi Tíd gjalldist í Réttum á hvórju Hausti, en umgjetnir 10 Fiskar lúkist innan útgaungu yfirstandandi mánadar.[223]
>
> Hlutaðeigendur skrifuðu nöfn sín undir ofangreint samkomulag.

Staðfestur útdráttur af sættagerð þessari hefur einnig varðveist og er eftirfarandi:

> Arid 1820 þann 21. Juni voru eptir kjæruskjali frá Profasti Joni sal. Jonssyni á Audkulu innkalladir fyrir sattanefndina í Tinda Sátta Umdæmi, bændurnir í Torfalækarhrepp [svo] frá Akri, Skinnastodum, Torfalæk, Húnstodum, Holti, Hjaltabakka, Hnjukum, Saudanesi, Hamrakoti, Orrastodum, Hurdarbaki, Medalheimi og Kringlum sokum þess ad þeir ei hofdu gjort Profastinum skil fyrir fjallatollum þa i 3 ár þar ed þeir hefdu rekid fé sitt i Kvíslar
>
> verdur þá sú sætt, ad þessir allir lofudu ad borga Profastinum eptir leidis fjallatoll hvör med einu Lambi í Rettum enn Profastur eptergaf öllum þeim innstefndu fjallatolla þá sem vöntudu fyrer 2 ár og þeim fatækare og fyrer hid 3^{ia} arid, enn þeir efnadre lofudu ad borga honum 10 fiska fyrer hid 3^{ia} arid.
>
> Rett utdregid af Tinda Sátta umdæmis Sattabok
>
> vottar O.Gudmundsson
>
> Þessara bænda i Torfalæ[j]kar Hrepp er ei getid nl. Frá Stórugilja, Beinakeldu, Reikjum, Koldukinn og Kagarholi, enn hvers vegna er mér óljóst.
>
> O.G.[224]
>
> Í biskupsvísitasíu að Auðkúlu í Svínadal, þann 19. ágúst 1833, segir:
>
> [H]ún [þ.e. kirkjan að Auðkúlu] á eptir Máldögum Land í Slettárdal [...].[225]

[223] Skjal nr. 2(300) a-b.
[224] Skjal nr. 2(189) a-b.
[225] Skjal nr. 2(316) a-b.

Í prófastsvísitasíu að Auðkúlukirkju, þann 20. ágúst 1835, kemur eftirfarandi fram:

> Eptir máldögum á Kyrkjann Heimaland allt, Land í Slettárdal ásam<t> þar vidfostu audkulustadar Heidarlandi.[226]

Á manntalsþingi, höldnu að Tindum þann 30. maí 1836, var upplesinn dómur um upprekstur á Auðkúluheiði frá 9. júní 1758. Í dómabók sýslumanns var eftirfarandi fært til bókar:

> 7. Ditto [upplesinn] Dómur fyrir upprekstri á Audkúlu heidi, dat. 9da Junii 1758. [227]

Í sóknarlýsingu Hjaltabakkasóknar, frá árinu 1839, skrifar séra Einar Guðbrandsson eftirfarandi í kafla um afréttarland í sókninni:

> **32. Afréttarland.** Auðkúluheiði, og réttin Kúlurétt kölluð. Á sömu heiði og fleiri fjöllum eru grös að umbeðnu leyfi sótt. Mótak er hér hvergi brúkað.[228]

Í úttekt að Auðkúlu, þann 6. júní 1841, vegna prestaskipta kemur eftirfarandi fram:

> Hún á eptir maldogum, Heimaland allt, Land á Sliettardal, ásamt þar vid föstu Audkúlustadar Heidar landi.[229]

Þann 8. september 1843, var gerður svofelldur samningur um silungsveiði á Auðkúluheiði:

> Samníngur
>
> Bóndenn Mr. Biörn Gudmundsson á Þorólfstungu i Vatnsdal hefur med vinsamlegre bón farid þess á leit vid mig, ad eg leifde honum silungs veide á votnum þeim á Heidinni sem tilhejra Audkulu stad. Þá, þar sem velnefndur Bóndi brúkade þessa Rádvandne manna adferd, ad taka leife fyrer þessari veide, enn vilde ecke nýta hana ófriálslega ad forspurdu, þá leife eg underskrifadur prestur á Audkulu ofann nefndum manne ad veida silung i tédum votnum á Kúluheide og ad taka med sér i samfélagskap tvo edur þria af radvöndum mönnum þar i sveit, enn ecke fleire, þegar hann siálfur leifer þeim og stiórnar veide mátanum.
>
> Her á móte áskil eg þann skilmála
>
> 1. Ad ofannefndur Bónde betale mér árlega einhvörn sannsynelegann Toll, sem mér og honum kémur samann um vinsamlega.
>
> 2. Ad bæde eg siálfur og sóknar menn úr Audkulu og Svínavatnssóknum, enn adrer ecke, hafi – þar sem vötnin eru nógu Rumstór – frelsse til ad reina í þeim silungs veide, ef þeir giætu komed þvi vid.

[226] Skjal nr. 2(128) a-b.
[227] Skjal nr. A6b.17a-c. 30. maí 1836. Hún. V.20. 1835-1837, bls. 331, 333-334.
[228] *Sýslu- og sóknalýsingar Húnavatnssýslu 1839-1873* I, (1950), bls. 80.
[229] Skjal nr. 2(129) a-b.

3. Ad hann sem nefndur er og vötnin eru leigd, hafi athugasamlegt Tillyt, med tilstyrk hans samfélags manna i þessare nefndu veide, til þess ad Audkuluheidenn ad vestanverdu, verde hér epter ej skémd af hans sveitar mönnum med hris Rife i óleife, og ad hann sem trúverdugur og frómur madur studle til þess sem hann gétur ad óleifilegt hrisrif hyndrist á þessu plasse og mér verde strags j stad tilkyndt ef þad Tilfelle kynne ad koma fyrer sem er ill sök.

Um fiadratekju á hér nefndri heide skal, sidar verda talad, líka um þá sök, sem áhrærer álta og áltar unga drap, hvöria fugla löginn fridhelga þar, hvar þesser fuglar verpa.

Af þessu samnings brefe éga ad vera tveir génpartar og liggur sinn genpartur hiá hvörjum hlutadeigenda underskrifadur af þeim bádum þegar tækjefære géfst. Og séu hér greindir skilmálar haldner, so sem sked gétur, þá stendur þesse samningur óraskanlegur medan honum er ecke uppsagt af bádum hlutadeigendum med þeirra samþyckje.

Audkulu þann 8. September 1843.

S.Sigurdsson

sem samþyckur

Björn Gudmundarson.[230]

Þann 29. maí 1844, bannaði séra Sigurður Sigurðsson á Auðkúlu, grasatekt á Auðkúluheiði. Banninu var þinglýst á þremur manntalsþingum sama ár, og hljóðar svo:

Forbod á óleyfdri

grasatekiu og hrísrifi

af 29. Maji 1844

Þared Fiallagrasa tekia á dolum og Heidum, bæde hefur verid og enn þá er allstadar á landinu álitinn ecke medal þeirra sídstu Land Nytia, sem loginn banna ad brúka Heimildar Laust, þá vilde eg vænta þess, ad einginn allra síst utann Sóknar Fólk, án míns leyfis, fare til grasa tekju og ejge heldur til Hrís rifs á so nefnda Kuluheidi, edur í þad Land sem Audkúlu Kyrkju til heirir, þad er bæde, ad Cancell: Bref af 18. Maji þ.a., og Stifts yfer valdanna af 26. Augusti banna alvarlega öllum kyrkju forverjurum ad lída Heimildar Lausa brúkun á kyrkna Eignum, og líka siá þad allir hvílíkur Skadi þad er fyrer þá, sem grasa landsins eíga ad nióta, ef adrer enn þeir, mættu yria þad og uppræta, hvör epter sinne vild, so annad hvört verdur ardlíted edur ardlaust. Þetta vona eg ad gott Fólk varist ad giora og þessa mína Advorun bid eg audmiúklega Herra Sysslumannin Blondahl ad upplesa, á Tinda-, Bólstadahlídar- og Eingehlidar- manntals þyngum.

[230] Skjal nr. 2(155) a-b.

Audkúlu þann 29. Maji 1844.

S. Sigurdsson

Lesed á Tindamanntalsþyngie þann 30ta Maji 1844.

Blondahl

Lesed á Bólstadahlidar manntalsþynge þann 31ta Maji 1844.

Blondahl

Lesed á Eingehlidar manntals þynge þann 3ia Junii 1844.

Blondahl

Þynglysing á 3 þyngstodum kostar 1rd 12 s, Ein Ríxdal og Tolf Rbd skyldin[g]a, hvar af borgader eru 81 s.

Blondahl

Rétt afskrifad vitnar

Jón Jónsson.[231]

Á árinu 1844 voru Biskupstungnamenn í Árnessýslu farnir að huga að því að reka fé á afrétt norður yfir Jökulkvísl og Hvítárvatn. Því var presturinn á Auðkúlu séra S. Sigurðsson mjög mótfallinn. Hann segir m.a. svo frá í bréfi til sýslumanns Húnavatnssýslu þann 30. nóvember 1844:

> Efter því sem menn géta nærst komest hafa Sunnlendingar átölulaust i manna minne notað sér sydsta part fiallanna einasta til fiallagrasa og Rótatekju og þad jafnvel nordar enn hvar landamerki kynnu ad vera edur fiórdungamót Enn nordlendingar hafa eins leinge brúkad átölulaust áminstann sydsta landspart til saudfiárbeitar og þad yfer 100 ár, frá aldaödle. Þad er því ockar meining og áliktan, ad so sem þad hefur brúkad verið, so verde þad ad vera frammveigis sem hingad til, nefnel. þar so lángsamt þeigiande samþyckje hefur árlega varad á bádar sídur – og so leinge ad ecke eru betur enn giördt er, sannadar ástædur sunnlendinga og á bádar sidur, þá verdur eckert samþyckt af ockur um saudfiáruppreksturad sunnann nordur fyrer Hvítarvatn, þar lika þad samþyckje yrde ad koma ej alleina under samþyckje og álit þeirra yfer 40 búenda hvörjum ad er optar enn eitt sinn dæmdur upprekstur á Audkuluheide heldur og under urskurd háyfervaldanna.
>
> Biskupstúnga menn annadhvört gátu ecke eda vildu ecke syna sendemönnum ockar saudfiár Réttina á fiöllum er sanna átte fornann fiáruppreksturvard því eckert af samningi enn mælt ad þeir ad sunnan hafi sagst ecke bregda fyrerætlan sina ad reka nordur á fiöllin hvad sem nordlendingar töludu þar um.[232]

[231] Skjal nr. 2(190) a-b.
[232] Skjal nr. 2(319) a-b.

Þann 8. janúar 1845 fjallaði sýslumaðurinn í Húnavatnssýslu um þennan ágreining Húnvetninga og Biskupstungnamanna um afréttinn norðan Jökulkvíslar og Hvítarárvatns. Bréfið er eftirfarandi:

> Eptir að eg meðtekið hafði Herra Kammerráðsins heiðraða Bréf af 24da Junii þ. A. með þessum fylgiskjölum sendi eg þetta Hreppstjóranum í Svínavatnshrepp, og mæltist undireins til að hann annaðhvort vildi sjálfr fara, eðr senda til fundar við Biskupstúngnamenn 2 greinda og skynsama Menn af Hreppsins Bændum til að tala við þá, á þeim af hinum ákveðna Tíma. hvarmeð eg bæði vildi fullnægja yðar Velbyrðugheita Tilmælum í fyrnefndu Bréfi, og líka ímyndaði eg mér, að ské kynni, að Biskupstúngnamenn mundu máské fyrir samtal við þessa Menn á sjálfum staðnum, sannfærast um þá Meinbugi er þar á lægi, og lata af fyrirtæki sínu með fjárupprekstr norðr yfir Jökulkvísl og Hvítárvatn, hvorn eg en verð að álíta skaðlegan, bæði fyrir þá sjálfa, og hina, sem Afrétt eiga hér að norðan móts við þetta Landspláts. Þessum mínum Tilmælum fullnægði Hreppstjórinn, og sendi 2 Bændr tilað mæta Biskupstúngnamönnum á téðu Landsplátsi í nærstl. Septembermánuði, án þess að nokkrt samkomulag um upprekstrinn, fjallgaungur eðr Réttir gæti á milli þeirra á komist, og síðan hefi eg nú meðtekið hérviðlögð Bréf frá velnefndum Hreppstjóra og Prestinum Síra S. Sigurðarsyni á Auðkúlu af 2um og 30ta Novembr. síðstl. af hverjum ráða má að þeir öldúngis ekki vilja samþykkja þessa upprekstrar fyrirætlun Biskupstúngnamanna, bæði vegna þess, að þessir haa alls enga Heimild sýnt fyrir því Landi er þeir ætli sér að taka til Afréttar, og að auk allrar þeirrar óhægðar og skaða sem af því leiði, nuni fjársýkin úr Árnesssýslu, eptir öllum Líkindum, þarmeð flytjast híngað norðr.
>
> Eg neita því ekki, að eptir þeim Skilríkjum, sem enn eru framkomin, virðist mér Eignarréttr Biskupstúngna kirkna á þessum Landsparti standa á ofrveikum fótum, því þó það yrði sannað, sem þessara kirkna fyrirráðendr segja að Vilchins Máldagi eigni kirkjum þessum Afrétt fyrir norðan Vötn, þá gét eg ómögulega séð að þar af fljóti, að hér sé talað um allt Landsplátsið frá Hvítárvatni og Jökulfallinu norðr á Fjórðúngsmót, máské af því að eg ekki sé með heilu Viti, því Biskupstúngna Kirkna fyrirráðendr vilja í Bréfi þeirra af 22um Apr. f. A. ekki láta neinn heilvita Mann efast um að það sé þetta Land, sem Máldaginn umtali, og ekkert annað, en meðan eg ei hefi annað séð, en það sem þeir tilfært hafa úr þessum Máldaga, verð eg þá annaðhvort að efast um, að þar sé verið að tala um allt það hérgreinda Landspláts eðr géfa minn skilníng fángin undir Hlýðni við þessara Manna Orð, og vel eg þá heldr það fyrra, en þótt það, eptir því sem ráða er, kunni að baka mér það, að eg fái hér eptir ekki að heita nema Hálfviti hjá þessum vissu Mönnum.
>
> Það veit eg ekkert hvonær Jökullinn hefir fallið framí Hvítárvatn, sem Kirkna Umboðsmenn umtala, og vel gét eg trúað því að fyrir þá Tíð, kunni að hafa verið sendir Menn norðr fyrir Hvítárvatn tilað skygnast eptir, hvort Sauðfénaðr sunnan úr Afréttum hefði eig þángað runnið, en hitt ætla eg víst

að þeir aldrei sannað fái, sem þeir hafa eptir þeim 85 Ára gamla Eyvindi á Höfða, sem dáið skal hafa 1839, að Réttir hafi staðið á Fjórðúngamótum í hans Tíð, og fé Norðlendínga og Biskupstúngnamanna hafi verið þar í sundr dregið, því í Svínavatnshrepp lifir en Maðr, semhefir nokkur Ár yfir nírædt, og var lengi sá fjárríkasti Bóndi í Svínavatnshrepp og viet hann ekkert til né heldr nokkr annar af eldstu Mönnum þar í Sveit, að þessar Réttir hafi þar nokkrntíma til verið, og ei heldr hafa þeir heyrt þess gétið af feðrum þeirra, og hefðu þessar Réttir til verið á seinni Hluta 18du Aldarinnar, eðr allt framundir seinustu Aldamótin, hlytu margir ennnú lifandi Menn hér norðanlands til þess að muna, og einhvorjar Leifar þessara Rétta ennú að sjást.

Kirkjunnar Umboðsmenn sýnast líka sjálfir síðar í Bréfinu, að mótsegja því að þessar Réttir hafi svo seint til verið, þegar þeir segja: „að Sauðfé Norðlendínga sé nýlega farið að gánga takmarkalítið suðryfir Fjórðúngamót, sem eg held satt vera.

Heldr ískyggilegt sýnist það líka vera, að ennú er ekki að sjá að fengið sé Leifi Skálhollts Kirkjueiganda til þessa Upprekstrs, enþótt hinna Kirknanna Umboðsmenn hafi Hreppstjórana þar til hvatt. Máske Skálholts Kirkjueigandanum hafi ekki þókt Kirknanna Réttr til þessa Landspláts vera eins vafalaus og hinum, og þessvegna ei viljað géfa þetta Leifi. En hvornig sem öllu þessu er varið, þá verð eg þó að álíta Dóm Prófessors Viborgs í Bréfi hans til þess konúnglega Rentukammers af 27da Marti f. A. um Pestnæmi þeirrar fjársýki sem gengið hefir, og ennnú viðvarir í Árnesssýslu og víðar í Sunnlendíngafjórðúngi, miklu áreiðanlegri, en allt það, sem Biskupstúngna-menn hafa þarum sagt, þar Dómr hans er grundvallaðr á nákvæmum Lýsíngum Sjúkdómsins, er honum hafa sendur verið, og eg gét ei efast um, að hann hafi betra Skynbragð á þesskonar sjúkdómum, en allir Biskupstúngnamenn til samansteknir, og þessvegna finn eg skyldu mína að gjöra allt, hvað í mínu valdi stendr, til að fyrirbyggja, að Drepsótt þessi flytjist ei híngað norðr til Húnavatnssýslu og í þeim Tilgángi hefi eg í Dag skrifað Amtmanninum yfir Norðr- og Austramtinu um þetta Málefni, og sett það til hans Velþóknunar hvort hann ei findi nauðsynlegt með Bréfi til Amtmannsins yfir Suðramtinu, að gjöra Tilraun til að fá þessum áformaða upprekstri Biskupstúngnamanna afstýrt, ámeðan að fjársýkin er þar ekki með öllu upprætt, þar eg einkanlegast frá þessari Síðu verð að álita hann mjög svo voðalegan fyrir alla Húnavatnssýslu, hvör sem svo ætti það Landspláts, sem til Afréttar á að brúka, og um er verið að þrasa.

Hvammi þann 8da Januar 1845. Blondahl.[233]

Þann 10. febrúar 1845 skrifaði amtmaðurinn í Norður- og austuramti stiftamtmanni um ágreining Húnvetninga og Árnesinga um fjárupprekstur Biskupstungnamanna norður yfir Jökulkvísl og Hvítárvatn. Hann segir m.a. í bréfinu:

[233] Skjal nr. 2(318) a-b.

Et i forgaars hertil indkommet Andragende fra Sysselmand Blondahl, hvori han begjærer Amtets Assestand til, at det af nogle Boygdelav i Arnæsssyssel tilkjendegivne forehavende, at afbenytte en nogle Kirker i bemeldte Syssel formentlig tilhörende „Afret“ beliggende nordenfor „Jökulfall“ nord ud efter „Kjalhraun“ i Nærheden af Skjellet mellem „Sönder“ og Norderfjerdinger, maatte ved Stiftamtets foranstaltning vorde standset, i det mindste for det förste, dat, 8de f. m. med tilhörende 7 Stp. Bilage har jeg den Fire vedlagt tjenstskyldigst at tilsende Deres Höjvelbaarenhed, med Önske om derover at modtage Deres behagelige Erklæring saasnart muligt, i det man tillige lader fölge en Gjenpart af den af Amtet under Dags Dato afgivne Erklæring paa en allerunderdanigst Anhægning fra Pastor Sivert Sivertsen til Audkule paa egne og hans Sognemænds vegne, i samme Anledning, hvilken Anhægning igaar hertil indlöb.[234]

Umsögn amtmanns um málið dagsett sama dag, þ.e. þann 10. febrúar 1845, er eftirfylgjandi:

Gjenpart.

Upaatvivlelig er denne allerunderdanigste Ansögning, som af Sysselmand Blondahl i forestaaende Erklæring er bemærket fremkalldt ved den af nogle Districter i Arnæss-Syssel, under Sönder Amt, tagne Beslutning, at drive deres faar til Sommergræsning paa en „Afret“ (formentlig tilhörende nogle Kirker i Arnæss-Syssel) der skal være beliggende paa den i Midten af Landet udstrakte höje fjældryg, i Nærheden af Skjællet mellem Sönderlands- og Nordlands- fjerdinger, og som skal stöde til en Audkulekirke tilhörende „Afret“ der om Sommeren afbenyttes af Beboerne af Audkule og Svinevands-Sogne inden Hunevands-Syssel til deres faars Græsning, samt ved de, i denne Anledning, i de tvende nærmest foregaaende Aar stedfundne Underhandlinger saavel imellem vedkommende Sysselövrigheder, som imellem Delegerede fra de respective Boygdelav, der have holdt et Aasteds Möde paa Afretterne.

Da nemlig Arnæss-Syssel, i de senere Aar, har i en meget betydelig Grad, og saandt vides, i et stort Omfang, været angrebet af den Sygdom blandt faarene, der kaldes „Bradsot“ eller „Miltebrand“ og hvorom handles i en Skrivelse fra Professonr Viborg til Deres Majestæts Rentekammer af 27de Martii f. A. der i islandsk Oversættelse er uddelt her i Landet, og hvori denne Sygdom er erklæret for „smitsom“ i större eller mindre Grad, saa befrygte supplicanterne at smitten, ved hint foretagende og den Beröring faarene der ved komme i med hinanden paa fjældene, skal forplante sig til Hunevands-Syssel, som hidtil skal have været fri for den omhandlede faresygdom. Om denne iövrigt allene er contagiens, eller den tillige kan antages for endemisk ligger udenfor min Indsigt og Amtets Bedömmelse; men betænkeligt turde det dog vel være at tilstede Samgang af faar fra smittede Egne, med dem der komme fra Districter der ej endnu ere angrebne.

[234] Skjal nr. 2(320) a-b.

Imidlertid, i den almindelighed supplicanterne have taget Sagen, er der formentlig intet ved denne at giöre. Ef saadant almindeligt forbud, som det ansögte, maatte medföre den vistnok höjst skadelige og uretfærdige virkning, at de Districter, hvor Milterbranden, om og kun paa enkelte Steder, havde yttret sig, derved blive udelukkede fra at afbenytte de Afretter, de hidtil med god föje have brugt, og nödvendig maa bruge til deres Faars Græsning om Sommeren.

Men, noget anderledes synes sagen at stille sig, naar Talen er om en ny Optagelse af Afretter der, efter hvad der maa antages oplyst, ikke have været afbenyttede i alles 100 aar, og hvortil Adkomsterne vel og kunne være noget tvivlsomme, og især naar saadanne „Afretter" optages af Boygdelav, hvor faaresygen, i lang Tid, har grasseret, og naar de grændse til Afretter, der besöges af faar fra ubefængte Districter.

Om eller hvorvidt nu den Frygt, [...]

[...]

Isl. Norder- og Öster Amt paa Frederiksgave i 10de febr. 1845.

Allerunderdanigst. Johnsson.[235]

Þann 2. maí 1845, bannaði séra Sigurður Sigurðsson á Auðkúlu, grasatekt á Auðkúluheiði. Banninu var þinglýst á fjórum manntalsþingum í Skagafirði sama ár. Bannskjalið er eftirfarandi:

Bonnud grasatekt ollum oleifd á Audkuluheide 1845.

Sosem þad er ollum Heilvita monnum audsært ad so nefnd Fialla gros á dölum og Heidar londum, meiga ej einasta teljast med bestu lands nytjum heldur eru þaug talin medal logskipadra Landaura i hvörs árs Capitals Taxta, so gétur þad ecke heitid nein smá Sok edur litil yfersión, være þad satt ad giordt være, ad gánga á annars mans Land til ad hripsa i burtu heimilldrlaust þessu biargrædis medali, sem Forsióninn hefur ætlad Landeiganda edur landsumradanda til nota, og i fridhelgi byriar ad standa, so sem sér hvör jardar avöxtur óhultur fyrer gripe. Og eins og sú lióta adferd er ómannleg, sem valla nockur Heidvyrdur Heidingi vildi leggia inní Samvitsku sína edur láta um sig med sonnu talad, ad giora sig sekann í þeirre vanvyrdu, ad hnupla þeim jardar gróda, sem saklaus Eignar madur þarf siálfur ad nota sér, eins banna loginn alvarlega þetta Ránglæte, þar þad siá allir ad litil grasa tekia mune verda á því lande, þad ár eda leingur, hvar margt fólk hefur upptínt þad sem nást má, auk þess sem hrossa fiolde grasa Folks skemme miög beytar land a heidum og þess umgángur stygger afréttar féd sem þar a ad vera med makt, so þad tvístrast víds vedar [svo] til óhagnadar.

Enn þar sem eg underskrifadur prestur á Audkulu sem umrád hefe yfer allre so nefndri Kuluheidi framm til Jökla, hefe fyrer satt, ad Fólk, jafnvel úr

[235] Skjal nr. 2(321) a-b.

ödrum Sveitum hafe á undan förnum árum í íllri Heimild farid til Fialla grasa tekju á nefndt Heidar land, og lika so skémt þad, ad þar fást nú lítil fiallagros handa Eignar og nærstu innsveitar monnum, þá i Tillyti til þess, ad Cancellíets brefid af 18. Maii 1843 sem og Stifts yfer valda bref af 26. Aug^{ti} s.a. banna alvarlega öllum kyrkna Forsvarsmönnum ad lida frammveigis alla heimildar og leyfis lausa brukun á kyrkna Eignum. Þá er min audmiuk og inneleg bón til ydar velbyrdigheita, sem Sysslu yfervalds i Skagafiardar Sysslu, ad ydur mættu þócknast fyrer manntalsþyngs Rette, á þyngstodum er ~~honum~~ synest henta best, ad upplesa þetta mitt velmeinta advörunar bref, i hvörju eg fyrerbyd öllum mönnum óleyfda grasa tekju og hrís Rif á Audkúluheidi, under þær ytrustu Sekter, sem lögin áqvarda, auk útláta allra sem leida kynne af þeirri Sok. Þá þeir nærstu bændur heidenna vilia so ijtarlega og optlega láta Rannsaka hana, so þad verde uppvist, ef nockurt fólk i óheimild fer yfer hana til grasa tekju eda ad rífa þar hris.

Audkúlu þann 2. Maji 1845

S. Sigurdsson

Lesed fyrer Manntalsþíngsrétti (á Stóruökrum þann 31. Maii, á Lítíngsstodum þann 2^{an} Junii, á Stóruseilu þann 4da Junii, á Ríp þann 9da Junii) 1845.

Thorarensen.[236]

Þann 26. maí 1845, lögfesti séra Sigurður Sigurðsson, prestur á Auðkúlu, Auðkúluheiði og heimaland allt. Lögfestan er svohljóðandi:

Lögfesta

Eg Sigurdur Sigurdarson prestur a Audkúlustad lögfesti hér i dag Audkuluheidi og heimaland alt, med öllum gögnumm og giædum, sem þvi landi fylgt hafa ad fornu og nyu, epter skiölum þeim, sem fyrer þvi til eru, med þessum takmörkum Tilgreindum: Fyrst hálfan Sléttárdal, sem áinn takmarkar, svo réttsynis í Fiskilæk, þadan i Vallgil, sidann rædur Blanda til Jökla fram. Enn ad vestann verdu úr Karittínga Tiörn og i austustu Qvisl, frá henne réttsynis sudur i Búrfiöll.

Fyrerbýd eg hvörjum manne hér tilteked land ad yrkia, beita edur brúka edur nockrar nytiar af ad hafa, til veideskapar, altaveidar, fiadra lesturs, grasatekju, hrísrifs og kola gerdar, fyrer utann mitt leife under þær sekter, sem landslögin þeim á hendur seigia, er annara manna land heimildarlaust yrkia. Standi so þessi mín lögfesta i fullum krafti um nærstu Tólf mánude, og þvi leingur, sem lög og Rettindi leyfa.

Staddur á

Tinda þyngstad þann 26. Maji 1845

S.Sigurdsson

[236] Skjal nr. 2(191) a-b.

Lesin fyrir mantalsþingsretti á Tindum þann 26ta og Vindhæli þann 31ta Maii 1845 vitnar

Blondahl.[237]

Þann 25. ágúst 1845 svaraði stiftamtmaður erindi amtmannsins í Norður- og austuramti vegna ágreinings Húnvetninga og Árnesinga um fjárupprekstur á landspartinn norðan Jökulkvísla og Hvítárvatns. Bréf hans er eftirleiðis:

Efter Modtagelsen af deres höjvelbaarenheds behagelige Skriv. af 10. Febr. d. A. med bilage, angaaende det af Vedkommende i Hunevand Syssel yttrede Önske om, at det i det mindste i nogen Tid maatte stilles i bero med Udförelsen af det af nogle Bygdelav i Arnæs Syssel paatenkte forehavende, at afbenytte Sommergræsningen paa en nordenfor Jökulfall beliggende, adskillige Kirker i Biskopstunga Rep tilhörende Afret, har jeg over samme indhentet en Erklæring fra Sysselmanden i Arnæs Syssel, kammerraad Melsted af hvilken hoslagt följer en Afskrift.

Jdet jeg maa tiltræde hvad der af kammerraaden heri er yttret, kan jeg ikke antage, at der med föie kan gjöres Jndvendinger fra Hunevand Syssels Side imod den omhandlede Afbenyttelse af hin Afret, men det vil af samme Erklæring derhos dog behageligen sees, at Udförelsen af det indenderede forehavende er stillet i bero et Aars Tid. Med hensyn til den til det kongel. Rentekammer angaaende bemeldte Sag indsendte allerunderdanigste Ansögning, har jeg anset det for rigtigst ogsaa at tilstille bemeldte Collegium en Afskrift af nysnævnte Erklæring hvilket herved tjenstligst og ærbödigst meddeles til b(e)h(a)g(elig) Efterretning, idet jeg lader följe tilbage Sysselmand Blondahls Skrivelse til Nord- og Österamtet af 8da Januar, d. A. med 7 Bilage.[238]

Þann 21. janúar 1846, sendi Björn Blöndal, sýslumaður Húnvetninga, séra Sigurði Sigurðarsyni á Auðkúlustöðum bréf um notkun nokkurra byggðarlaga í Árnessýslu á landinu norðan Jökulfalls. Það hljóðar svo:

Amtmanden over Nord- og Österamtet har den 20de Dec. sidstl. communiceret mig Stiftamtets Skrivelse til ham af 25de Aug. f. A. saaledes lydende:

„Efter Modtagelsen af Deres Höjvelbaarenheds behagelige Skrivelse af 10de Febr. d. A. med Bilage, angaaende det af Vedkommende i Hunevandssyssel yttrede Önske om, at det idetmindste i nogen Tid maatte stilles i Bero med Udförelsen af det af nogle Bygdelag i Arnæs-Syssel paatænkte Forehavende, at afbenytte Sommergræsningen paa en norden for Jökulfall beliggende, adskillige Kirker i Biskopstunga-Rep tilhörende Afret, har jeg over samme inhentet en Erklæring fra Sysselmanden i Arnæs-Syssel, Kammerraad Melsted af hvilken hoslagt följer en Afskrift.

[237] Skjöl nr. 2(149) a-b og 2(183) a-b.
[238] Skjal nr. 2(322) a-b.

Jdet jeg maa tiltræde hvad der af Kammerraaden heri er yttret, kan jeg ikke antage at der med Föje kan gjöres Jndvendinger fra Hunevands-Syssels Side i mod den omhandlede Afbenyttelse af hin Afret, men det vil af samme Erklæring derhos dog behageligen sees, at Udförelsen af det indtenderede Forehavende er stillet i Bero et Aars Tid. Med Hensyn til den til det kongelige Rentekammer angaaende bemeldte Sag indsendte allerunderdanigste Ansögning, har jeg anset det for rigtigst ogsaa at tilstille bemeldte Collegium en Afskrift af nysnævnte Erklæring hvilket herved tjenstligst og ærbödigst meddeles til behagelig Efterretning, idet jeg lader fölge tilbage Sysselmand Blondahls Skrivelse til Nord- og Österamtet af 8da Januar, d. A. med 7 Bilage.“

Jdet jeg i fölge Amtets Befaling herved communicerer Deres Velærværdighed det foranstaaende til behagelig Efterretning, tilstilles Deres Velærværdighed ligeledes en Afskrift af der medfölgende Gjenpart af Kammerraad og Sysselmand Melsteds Skrivelse til Stiftamtet af 20de Maii f. A. hvorhos jeg tjenstligst maa bide Dem om behageligen at gjöre Repstyrer Gudmund Arnljotsen bekjendt med disse Skrivelses Jndhold.

Hvamme den 21de Januar 1846.

Blondahl.[239]

Þann 25. maí 1846, kvörtuðu ábúendur þeirra jarða er næst liggja Auðkúluheiði yfir ágangi stóðs og geldfénaðar. Ábúendurnir báðu afréttarbóndann og prestinn, séra Sigurð Sigurðsson á Auðkúlu um að styrkja sig í málinu. Kvörtunin var upplesin fyrir manntalsþingi að Tindum samdægurs og hljóðar svo:

Umqvortun Yfer Stóds ágange og geldfiár 1846

Vid undirskrifaðir sem búum á þeim jördum sem nærst liggia Audkúluheiði, so sem Stóradal, Litladal, Auðkúlu, Holti, Rútstoðum, Hrafnabjorgum og Gabli, og Svínavatni, hofum að undanfornu og þó helst nú i nokkur undan farin ár, liðið mikin skaða, af yfirgánge og átroðníngе Trippastóðs og líka Géldfjár utan af Torfulækjar hreppsmönnum og sumum Ása bæum, bæði ótamin Hross og Geldfé hefur verið látið greinarlaust gánga sjálft hér framm í Dalin í beitarlond, Eingi og Tún til skaða og líka ekki verið forsvaranlega so lángt á afréttina rekið sem átte að vera, heldur eptir skilið annaðkvört í eður of nærri Bufjárhögum, so það er valla möguligt, að meta þan[n] skaða og tión, er þettað Geldfé og Stóð hefur ollað, Eingi og beitarlandi, og hvílíka mæðu okkur að reka það lángt fram á Heiði svo yðuglega.

Þessa okkar umkvörtun gétum við bevísað sanna, og áskiljum nú hér með alvarlega og vinsamlega, að allir þeir Bændur, sem reka Géldfé og Stóðhross á Auðkúluheiði, að þeir sjái til að fari ekki órekið, líka að það sé ey rekið firri, en hægin se so komin þar, að það uni, og i þriðjamáta, rekið nógulangt, sem fyrir sagt verid hefir.

[239] Skjal nr. 2(156) a-b.

> Annars geti ey komist lagfæring á þettað malefni fyrir góð orðvör, þá neiðunst vér til, að brúka þá aðferð sem lögin leifa í nauðsfalli:
>
> Biðjum við því vinsamlega afréttar Bóndan Prestin síra Sigurð Sigurðsson á Auðkúlu að stirkja þettað efni og audmjúklega Herra Síslumannin B. Blondahl að upplesa þessa viðvorun á Tinda manntals Þingi.
>
> Jngibjörg GuðmundsDóttir, Gudmundur Helgason
>
> S. Sigurdsson, A. Jllugason, J. Skaptason
>
> Johannes Ogmundsson, Jón Jónsson
>
> Lesid fyrir Manntalsþíngsretti ad Tindum þann 25ta Maí 1846,
>
> Blondahl.[240]

Í Jarðatali Johnsens frá árinu 1847 segir svo um Auðkúlu:

> Auðkúla [...] Eptir selstöðu og afréttarland kirkjunnar gjaldast árlega 24 fjallatollar, á 10 f. hver. Í fjalllandinu er og nokkur grasatekja, álptaveiði og fjaðratekja, sem leigist við 40 f. eptirgjaldi.[241]

Þann 9. júní 1848 var undirritaður samningur milli Biskupstungnahrepps og fjögurra kirkna í Árnesþingi, þ.e. Skálholts-, Bræðratungu-, Haukdals- og Torfustaðakirkna, um nýtingu landspartsins fyrir norðan Hvítárvatn. Takmörk landsins eru tilgreind í 1. grein samningsins, eftirfarandi:

> Biskupstúngna hreppsmenn Skulu meiga fyrstumm Sinn, unds nákvæmara verdur útkljád hvört Ytrahreppsmenn eyga nockurt tilkall til landssins, fyrir Nordann eda innann Jökulkvils [svo í hdr.] eda ecki, meiga nota alt landid fyrir innann Hvítárvatn milli Jökla nordur ad Fjórdúngamótum og Sudrad Jökulkvíls til Trippagaungu Grasa og róta teku og allra annara nitja móti 4ra rbd. árlegu eptirgialdi af Sveitinni er deilist til Jafnadar milli kyrknanna.[242]

Hrunamenn virðast einnig hafa gert tilkall til afréttarins norðan vatna en við þá var gerður samningur 19. október 1848, „um brúkun lands þess sem liggur fyrir norðan Jökulkvísl og Hvítárvatn.“ Í samningnum segir svo:

> Eptir að allir hlutadeígendur höfdu rætt um þetta mál, gjörist umm þad svolátandi samníngur fyrir alda og óborna, – ad Ytrahrepps menn sleppa tilkalli til ofannefnds Lands, ad svo miklu leiti sem beit og uppregstur snertir, enn þar á móti komu hluteígendur – Forsvarsmenn kyrknanna uppá Stiptsyfirvaldanna væntanlegt samþicki sér samann umm ad bædi Ytrahrepps og Biskupstúngna menn sameiginnlega hér eptir noti Land þettad til róta, Grasa, kola, Fugla og Fjadratekju.[243]

Í jarðamatinu 1849 segir eftirfarandi um Auðkúlu og Kúluheiði:

[240] Skjal nr. 2(193) a-b.
[241] Skjal nr. 4(60).
[242] Skjal nr. 2(325) a-b.
[243] Skjöl nr. 2(326) a-b og 2(331) a-b.

> Jörðinni fylgir heiðarland, kallað Kúluheiði, sem nær til jökla suður, en er mjótt á hinn veginn, er þetta afrjett fyrir nokkurn geldfjenað, og gefur sanngjarnlega nokkra afrjettartolla af sjer árlega; hefur Kúlu-maður tilgreint, að ágóði þessa heiðarlands megi árlega reiknast 20 rbd., og væri þetta hið minnsta, en samt vildu matmenn eigi reikna hinn rjetta ágóða af þessari afrjett meira en 16 rbd., sökum þess að afrjettarfje, sem þangað er rekið, gengur með fram í annari afrjett, og að Kúluheiði sjálf ekki ber mikinn fjölda afrjettarfjár, og hvergi nærri allrar sveitarinnar hjer, þegar Torfalækjar hrepps fje er þar með, og svo mikill kafli, í miðri heiði, er sandflá, bjarglaus.[244]

Þann 18. september 1850 var gefinn út konungsúrskurður um að kirkjunum fjórum í Árnesþingi væri heimilt að selja afréttinn norðan vatna. Þar segir:

> Derfor indstilles:
> „at det allernaadigst maa tillades, at indbemeldte Torfastaða, Skálholt, Bræðratúnga og Haukadals Kirker í Arnæs Syssel tilhörende, nordenfor de saakaldte Vötn (Hvítárvatn) beliggende Stykke Fjeldfælled afhændes for en Kjöbsum af 80 Rbd., til Fordeel for Kirkerne, saaledes, at den hver Kirke især tilfaldende Andeel af Kjöbesummen foranstaltes indsat i Jordebogskassen til Forrentelse, som en de respektive Kirker tilhörende Capital.“[245]

Árið 1851 seldu kirkjurnar fjórar í Árnesþingi þ.e. Skálholts-, Bræðratungu-, Haukadals- og Torfustaðakirkjur, Biskupstungnahreppi afréttinn „fyrir norðan Vötn.“ Afsalið var gefið út þann 26. apríl 1851 og upplesið að manntalsþingi að Vatnsleysu 30. maí sama ár. Þar segir:

> Vér undirskrifaðir eignar- og umráðamenn Skalholts, Brædratúngu, Haukadals, og Torfastaða kirkju, konnumst við og gjörum hermed heyrum kunnugt, ad vér höfum selt og afhendt med afsöludum odals- og innlausnarrétti, eins og vér með þessum afsalsbréfi voru, seljum og afhendum afrétt þann, sem tédum kirkjum, eptir Vilchins og Gisla biskups máldögum tilheyrir fyrir nordan Vötn – um hvers eignarrétt, brúkun og takmörk ad samningar hafa gjördir verid að Torfastödum þann 9da Júni 1848 og að Hjálmholti þann 19da October s. a., sem hér med fylgja – samkvæmt oss þartil gefnu leyfi kirkjustjórnar herrans – dagsettu 23ja Sept. 1850.[246] – Byskupstungnahreppi fyrir umsamid kaupverd 80rd., segjum áttatíu ríkisbankadali reidi silfurs, hvörjir áttatíu ríkisbankadalir reidi silfurs ad oss eru greiddir úr Biskupstungnahrepps sveitarsjódi, samkvæmt Innanrikisrádherrans þartil gefnu leyfi dagsettu 23ja Sept. 1850.[247]

[244] Skjal nr. 2(75).
[245] *Lovsamling for Island* XIV, bls. 581-582. (Kongelig Resolution ang. Salget af nogle Kirkers Fjeldfælled i Arnæs Syssel til Biskopstungna Rep. Frederiksborg den 18. September 1850).
[246] Rétt er 18. september 1850.
[247] Skjöl nr. 2(330) a-b og 2(327) a-b.

Um 1850 tók Björn Bjarnason á Brandsstöðum saman skýrslu um Kúluheiði, takmörk hennar, örnefni þar og ásigkomulag. Í skýrslunni, fjallar Björn einnig um upprekstur á heiðina, réttir og göngur, vegi og hrossagöngur. Skýrslan hljóðar svo:

Skýrsla Björns Bjarnasonar á Brandsstöðum um Kúluheiði skr. um 1850.

Um Kúluheiði skrifað af Byrni Bjarnasyni á Brandstöðum

Milli 1720 og 1760 bió Biarni Jónsson (efna maður og leingi fremsti hreppst(jóri) í Svínav(atns) hr(eppi)) á Hrafnabiörgum, síðan Jón sonr hans á sama bæ, Pietr á Geithömrum skinsamr maður, og Biarni í Holti, leingi hreppst(jóri) (faðir minn) allr þessir brædr biuggu milli 30 og 40 ár. Pietur fór siðast til föður míns eptir aldamótin, og þá heirði eg þá seigia bæði mier og öðrum eptir reinslu og vissu sinni þetta eptirfilgjandi

1. Um Takmörk,

að austan: ræður Blanda og Blöndukvísl fram og austr undir Hofs Jökul, en Eivindarstaða heiði liggur alla leið hins vegar með henni, þaðan með Hofs Jökli suður að Jökulfalli, en það ræður vestur að Hvitá og í Hvítárvatn sem er fast við Lángjokul, er nokkrir kalla þar Regnbúðarjökul, það er fláki sá er liggur suðaustr úr Lángjökli, þá að vestan norðr með Lángjokli, og norður á Öldur. Þar tekur við Dalskvísla land, sem á allar öldur að norðan verðu, og er líkast til að griótdrag það er liggur vestanfrá Sandi norðaustr að Hanskafelli og so í Sandá ráði þar merkium. Síðan til norðurs ráði Fellakvíslar drag og Fellakvísl þar beint liggur vestan fellin riett norður að Karitlínga Tiörn þar vestur og fremsta kvísl Svínadalsár kemur úr. Þá tekur Hrafnabiargaland við úr tieðri tiörn austr í Þorarins vötn so í Hrafnabiarga Tiörn, og up á Hvannlækiar bungu, so eptr hábungunum norður á há borgir. Þar er Kúlu Selland rimi að Sliettá og frá henni í Ashildar Tiörn með merkium Stóradals og Guðlaugstaða lands. Nefnd Tiörn er gegnt Hrafnab(iargar)tiörn og birjar heiðin þar firir framan, að Ashildar læk er rennur austur i Fiskilæk og þá i Vallgil, eptr lögfestu frá Kulu, en Þramar land var þó kallað i allan Fiskilæk fram i Þremundr vatn, og er Þórdísar sel á því svæði austan lækin, það er kient við Þórdísi er þar bió firir Sandfallið 1766.

2. Örnefni og ásigkomulag eptr sögn sömu manna.

Heiðini má skipta í 3 parta, 1. Svæði milli Joklanna. 2. Fram heiðin. 3. Útheiðin.

1. Framan blöndukvísl með Hofsjökli eru sandar og hagleisi, á miðiu því svæði er Kialhraun, allstórt, það hefr ei náð burtrás af sliéttlendi því er það nær ifir, í því má siá strítur margar, en milli haugana má hestum koma, því griótið er sliett skorpa með smá bárum, í því eru fiárhagar góðir. Sunnan það er Svartá er rennr suðr í hvítárvatn og hagar með henni einkum í so kölluðum bugum, vestar kiemr fúlakvísl úr Jöklinum hia þiófadal, hún er straung efra og fellur sömu leið, norðan vatnið er afar mikið graslendi er líkist besta Eingi. Þar er nú nauta afriett Biskupstúngnamanna. Einka vel til fallin, ásamt

hrossaganga, þar kallast gránunes, og hvítárnes suður við ána er hún fellr suðaustur úr vatninu, norðan Jökulfallið er kiemur austan frá Hofsjökli nálægt Verunum, sunan það eru Kiellingarfiöll og Hreppamanna afriett, það er allmikið vatnsfall og ílt ifirferðar, vestan vatnið er heingijökull og ófæra ifirferðar, því hann er þar miög brattur og hár. Vestan hraunið er Kialfell, milli þess og Jökuls eru þiófadalir, einn dalur er í forntíð nefndist Hvinveriadalur, af norskum vetursetu mönnum, án þess menn viti að þiofar hafi þar haldist við, þó gömul trú væri að þeir hieldist við meðal Jöklanna, en það sögðu áðrnefndir bræður ónátturlegt og ómögulegt að hafa þar bigð. enfremr er þar Dúfþaksfell (grufufell), vestn kialveg, og Rauðkollr sunan kialfell, og nú kolluð fagrahlíð, vestan hraunið er hrútafell, og miðdalur utan þiofadal sem er litill blettr, utan þiofadal mindast mikill fiallgarður austan Langjökul, setur fellum skörðum og gilium, er liggur alt norður nær því að Kráki á Sandi, milli Jökuls og fiallana eru hundadalir sem eru að öllu haglausir, fiöllin heita Búrfiöll, þo aldrei hafi þar málnit verið, en mikil voru þar hagagiæði norðan hraunið austan miðfiöllin eru Tiarnardalir. Það eru sliettir vellir, og flatir melar að austan, þar liggia 3 gil í fiöllin, Oddníargil og hvannavallagilin, kvíslar ur þeim koma saman, og giöra þeianda, sú kvísl rennur so norður í Beljanda. austar og norðan til við hraunið eru hverirnir, á Kili á bergi flötu, samsettu af smáskielia eðr flögu grióti, þar spitir upp um nokkur op sióðandi vatni, enn aðal hverin er stór opin brunnur, með grænuvatni sióðandi, og buldri miklu niður i berginu. Litlu sunnar er soðhver með tæru vatni. Síður hann sem mest í potti, en Brennisteinsbragð verður að því þar er soðið, frá honum rennur Laugarlækur, með honum er góður grasblettur sem lítt festir snió á, á berginu má fá rauðan og grænan farva, og því ekki Brennistein? Þeir eru þess verðir að skoðast af náttúrufróðum, þarna hafðist Arnes við með Eivindi og Höllu, er lögðust út, og þar var hann tekin af Birni í Hagakoti, og Guðmundi á ásum, hier um 1762, bigðu þeir skálatopt sunan hverina, en þar er gott griót til hleðslu; Reikir af hverunum siást miög lángt til, líka ríkur sumstaðr suður í hrauninu up hiá hraungrítinu.

Austan þeianda eru Biskupstúngur alt að blöndu, itst i þeim biskups áfangi og biskupsþúfa, þar kialvegr liggur ifir blöndu. Þar var fagurt sliettlendi, hagar eru ei all litlir í tungunum, en sandfok eikur þar á hagleisi í nánd. Beliandi fellur í austur frá Búrfiöllum og neðar eikr hann uppspretta, norðar kiemur í hann Seiðisá, hun kiemr úr smá lækjum er spretta up í Seiðsárdrögum, austan Búrfiallahala, en vestan Kúlu Sandfell, rennr hun suðr firir það í suðaustur, tekur nafn af smásilu[n]g sem er i henni. Gömul munnmæli voru að Kúla ætti aðeins landið framan Kúlufell og 12 hiónafæði í Beljanda, en hvað leingi, og hvernin notað? og hvað þar unnið? alt óviss sögn. og hvergi siest þar til skálatoptar.

2. Framheiði kallast milli Seiðsár og Sandár, það svæði er nú að mestu orðið haglaust vegna sandfoks, vatnsleisi er þar ifir mikla auðn, og áfangastaður hvergi, utan við Kúlukvísl, er rennr i austr, austan Kúlufell, hiá henni er

allgott haglendi, alt það svæði með blöndu er flatt og sifeldr sandar og melar eða hrióstur, nokkrir fiárhagr hiá Díabrekkum og blöndu tiörnum, áin rennr þá leið á breiðum söndum i morgum kvíslum, líkt og í miðjum Lángadal, er flæðir ifir þá hún er mikil. Þá hverirnr eru 10 milur frá bigð er þetta svæði á 5^{tu} mílu, á því eru nokkur allstór fell; fremst áðurnefnt Kulusandfell það er stórt og breidt að mestu haglaust, út og austr frá því er arnarbæli, lítið fell, á miðri heiðinni er Helgufell, tekur nafn af grasastúlku er viltist og dó þar. Það er lángt og breidt en ei hátt þar voru mikið góðir hagar sem nú þrióta óðum, vestast og við áðrnefnda þverlínu á öldunum er Hanskafell, það er ei stort, norðan það er Sauðafell lángt og hátt á því eru klittur nokrar, en ei hinum, þar þókti góð sauðagánga, norðast á hala þess liggur Skagfirðingavegur vestr frá blonduvöðum, og vestur á öldur, um þær er su alkénda margbreitta baga: 18 öldur undir Sand eru frá Sauðafelli, öldur þessar liggia allar fram af Dalskvisla landi, en Sandur undan Grimstúngu og Haukagils landi, itst er áfángafell allstórt, tekr nafn af áfángaflá, suðaustan það, og öðrum við fellakvísl vestan það, austan það fellur Sandá út og austur i blöndu liggia þar drög að henni framan með Sauðafelli, sem umveltast miög i leisingum, eitt drag að henni liggur vestan frá sandi, og úr sama stað liggur drag í strau[n]gu kvísl sem er vestust af Dalskvíslum; er allar falla í Vatnsdalsá.

3. Á útheiðinni eru hagar hver vetna, hún er flatlend með víðsíni landslag þar eru móaflesjur, bungur, og flár, ásamt stórvötnum, norðan Sandá er Kólkuflói, er nær fram og vestr að áður nefndri áfangaflá, hann er viðlendur og siest ei ifir hann, nema af áfangafelli sem er vestan hann, í honum hefr verið best grasapláts, og vetrargánga firer hross, eirarblettir við Sandá og framan hana er ullarflói litill um sig, og ullarbúnga. Norðan Sandá austast á heiðinni er sandfoks blettr mikill er árlega fer vagsandi, eins og á framheiðinni, firir 50 árum var þar Lambasteinsdrag fögur graslág, sem nú er öll filt með foksand, líkt og Hanskafellsflá á fram heiðinni, austr við Blöndu og framan til við gilið kallast Riettir, þar er krókur á ánni til austrs er kallast Lángitángi áður en hún fellir í gilið, sem er fiaska diupt og þraungt með háum biörgum og ógaungum, en hagablettum í giám og hillum á milli. Grettirshlaup kallast nær miðiu þess, þar eru standbiörg beggia meigin neðan miðhlíðis, en gott að gánga ofan að þeim, þar skildi Grettir hafa hlaupið ifir með 4 hrúta krækta saman á hornunum og borið í bak og firir, en ei munu menn þó kasta þar steini ifir úr hendi sier, fleiri örnefni eru í því omerkilegri, svo sem hvannabásar, en þeir geima þær, fálkagiár, grámóruhillur, tindabiörg og [...][248] Leingd á því mun alt að þriðjung frá hverunum. Austr heiðin nærst vestur frá Gilinu er hrióstrug og haglítil. Þá er að biria aptr að framan, norðr af áfángafelli er hali mikill, austan fellakvísl, og eirar nes með henni utan tialdhól, kallast krókar, forn áfángastaðr lestamanna, og gángnamanna, norðan halan er Kólkuhóll, og Kólkukvísl sunan undir honum, og er þar gulmórauðt liótt síki, hún kiemr úr útvestur horni flóans, og rennr hún vestur í fellakvisl, sem eptr það beigist

[248] Hér eyða í handriti fyrir svo sem eitt orð.

vestur að miðkvislar og straungukvíslamótum sem allar giöra vatnsdalsá; Skamt frá Kólkuhól er nibigður skáli handa hrossaleitar mönnum við tieða kvísl, norðan hana og neðan hólin er olbogaflá á landamerkium, austan hana liggur mióavatnsás, en norðr af honum þremundar vatnsás, og eru merkin eptir honum, storvötn eru á miðheiðinni, 1. mióavatn, það liggur út og suður alllángt norðr frá kólkuflóa, og eru þar flesjur miklar á milli, að austan liggur fram í það Lángitangi, þar var og svo riettað fie. 2. Þrístikla, tekr nafn af 2 vikum, fram af því, og austur, og liggr lángs út og suðr austan mióavatn, hvergi sier út ifir alt vatnið, það er stort og diupt, ekki rennur úr því nie í það, utan leisingarvatn, i því er ei veiði stunduð, þar skildi vera öfuguggi, loðsilúngur, og ókindur banvænar, ásamt flóð og fiara, en ei vitum vier af þessum abla að seigia. Skamt út frá þrístiklu er smalatiörn hún er lítil, þar skildi þramar konan hafa drepið smalan sinn því hann slepti af ánum. Draughóll er líka vestan mióavatn, og var forðum haldið reimt á þessu svæði. Austr er 3^{ia} Galtarból, lítið vatn veiðilaust og ekki rennr úr því, þaðan er skamt að blöndu. Lángt utan mióavatn er 4^{ða} þremundarvatn vestara, það tekr nafn af friðmundi er bigði Forsæludal, það er miög stort og veiðivatn mikið, norðrendi þess kallast Riðavík, - þar hefur og verið stunduð mikil haustveiði (eptr vetrnætr). Vestur úr vatninu rennur friðmundará og í vatnsdalsá skamt firir sunnan forsæludal. Þar upp að vatninu þikir liklegt sú Jörð eigi land, að sunnann en túnga að norðan, sem er þó vík í áðrnefnda línu. Þremundarhöfði er þar norðr undan árósnum, og hefur Þórormstúnga átt greni vestan í hofðanum, hægt er að veita vatni þessu í blöndu en það mundi þó kallast kraptaverk. 5ta austan það er austara þrem. vatn, það er miklu minna en þó gott veiðivatn, eiði sem er á milli þeirra hallar í austur í einum stað, úr því rennur fiskilækur útí gilsvatn. Það eiga mest Eldjarnst. og Guðlaugstaðr.

Skálar hafa verið við votn þessi, svo sem Grunnaskáli, vestan austara vatn, það er grunt og hefr opt frosið þar silúngr á grunni. Norðan riðavík og við þrem.árós er Dalsskali, og austan mióavatn eru og hafa leingi verið veiðiskálar, þó misjafnt sie viðhald þeirra. Tiarnir eru, norðan vestara vatnið, Leirtiörn, og Deildartiörn, og leingra út og austr, kúputiörn, þá í röð austr, kárittingatiörn og tvö Þórarinsvötn og Hrafnabiargatiörn á Landamerkium þeirrar Jarðar, og ashildartiörn við gudlaugst.land, en á forsæludalslandi er Eiavatn, fram og vestr fra þrem.vatni, og tvo melbrigði vestan mióavatn, þá eru búngurnar kiendar við votnin, mióavatnsbúnga milli þess og þrístiklu, í henni að vestan eru bestu hagar með vatninu, þá galtarbólsbúnga austan það, og norðar fannlækjarbúnga, hann er þur griótfarvegur framan frá þristiklu, og út giegnt austaravatni og að blondugili, þá er austaravatnsbúngan framan það, og tialdavellr suðaustan hana, það var fallegr flötr nú sandorpin, þá suðvestar þrem: vestari bungan, og milli þeirra norðast vatnabúngan, þá eru flár þessar, mióavatnsflá norðan það, og rauðumerarflá, þar rennr mióav. lækur útí þrem.vatn, með honum er grasmikið, þá Leirtiarnarflá norðan þr.m.vatn, Fiskilækjarflá utan austara vatnið, þar hann rennr úr því í Gilsvatn, og stuttalækiarflá framan þrem v. austara, Lomatiarnir og arnarhöfði er út og

austr frá austara vatni. Og eru svo talin flest örnefni á þessari viðlendu heiði, en vel væri að kunugir menn fiölguðu þeim því allmikið er en ónefnt.

3. Um upprekturinn

að fornu og níu og athugasemdr þar við það heirði ieg þá bræður seigia að allr í Svínavatns hrepp og austur ása menn hefði firri part 18^{du} aldar rekið fie sitt á Kuluheiði, en vestr ása menn jmist á heiðina eða í Botina eða á Sauðadal, og flestr hefði goldið lamb, þó hefði siera Gísli[249] alltíð verið mildr í tekium, og eptirgiefandi. A þeirri tíð voru gaungr giorðar Jökla á milli að Hvítárvatni og Jökulfalli, þá voru Riettir uppi við Blöndu og á Riettarhól í Dalskvíslum til að draga sundr Kúluheiðar og Vatnsdalsfie, siðan var dreigið sundur í rananum, við Þrem(undar)á framan dal, en Kúlu Riett var á ræktar bletti þeim er Ingibiörg hæverska bigði síðast og kallað var Kúlusel, og er þar góður gamall ræktarblettur, velbiggilegur.

Árið 1754 var mikill fellirs vetur og þá aflagðist upprekstur að öllu, þó kolfeldu hier ei allir, en stórum var þó skorið, og vorið 55 átti afi minn 80 – 100 ær eða roskið fie og fór með það útað Kúlu og hielt því þar á Jörð manuðartíma, en skar þó mikið haustið áður, og öll lömb. Fiarfæð þessi varði nokkur ár, en heiðar eigendur töpuðu ágóða af landinu. Þó bar þeim að hreinsa það af Refum, en óviðráðanlegur bítir óx þá á því fáa fie í Sveitini, sem eignað var uppkomu Dírana á heiðunum og skeitingar lausri hreinsan. Nálægt 1758 feingu afriettr Eigendur vestan Blöndu upprekstrardóma hiá sislumanni Biarna Haldórssini, er allir skipuðu bændum, eptr því sem áður var viðtekið að reka lömb á afriettina og gialda lamb af – Rekstri (Vidid(als)túngu) lamb af 20, toll af 10, sögðu Vatnsdælir. Og varð það siðan að Reglu að gialda lamb hverium búanda hvert hann átti margt fie eða fátt. Á þeim tíma er nefndr Dómar voru útgefnir voru ei sauðir til, enda voru þeir ei nefndir, eða búist við þeir kiæmust upp aptur. Og þókti þetta ei framsíni, eða ætli þeir hafi hugsað að geima sier Riett að tala um geldfieð síðar? Alla tíð þottist Forsæludalsmaður afskiptur milli prestana og hafa geingið um það ímsir samningar, en aldrei honum ánægianlegir. Firir Sandfallið 1766 var aptr fiáreign orðin mikil, og eptr það til 1770. Stundum var fiártaka firir gaungur (því frémr fóru kaupmenn að sínum hagnaði enn landsmanna) þá var fie af efnamönnum í flítir rekið að áðrnefndum Riettum og tekið frá kaupstaðarfieð, en gaungr voru avalt giörðar í 21. viku sumars. Síðan kom faraldrið sem loks feldi alt fie 1777 og 8. Lagðist þá en af allur upprekstur, og þó aptur fiöldgaði nokkuð til 1783 fiell alt fie að kalla 1784, so að flest fie lifði þá hiá Pietri á Geithömrum 40, og siera Asmundi[250] á Kúlu 27, en þegar nú loks komst fie upp aptur varð mestur upprekstur á Sauðadal, svo að ei ráku á Kúlu heiði utan Blönddælingr frá Dölunum, Kúlu og Hrafnabiörgum, og giörðu þessir 10

[249] Gísli Einarsson var prestur á Auðkúlu 1708-1747, sbr. Sveinn Níelsson, Prestatal og prófasta á Íslandi. 2. útgáfa. Reykjavík 1950, bls. 231.
[250] Ásmundur Pálsson var prestur á Auðkúlu 1772-1803, sbr. Sveinn Níelsson, Prestatal og prófasta á Íslandi, bls. 231.

menn gaungr eptr fie sínu eins góðar og síðar þó 30 væri. Hinir allir ráku á Sauðadal, og giekk þar fie miög i örtröð um alda mótin þá þangað ráku 44 bændur, en tvíbíli voru þá valla til.

1802 varð enn víða lambalaust, enda kom þá ei gróðr á framheiðar, og ei fært frá fie en í 12. viku sumars, og því slept fie i heima löndum. 1803 var þó fiárfæðin mest því sauðr voru flestir skornir og eingin lömb sett á. 1804 var siera Olafr[251] er þá var student, komin frá Giliá, vinsæll maður, so fólk giekk vel að hans viðskiptum, en siera Jón[252] komin að Kúlu, vel meðtekin og honum til vilia hófst nú aptr almennur upprekstr á Kúluheiði. En nú var breitt þeirri gömlu Reglu að reka fie í miðia afriett, þá flestr ráku framfirir Sandá, þeir áðr nefndu 10 ráku í Kólkuflóa, en þó allmargr eptir þetta sem þó óðum fækkuðu ræki þángað, varð mestur upprekstur á vestr jaðar heiðarinar i Olbogaflá, Mióavatnsflá og utan Þrem(undar)vötn. Þetta olli því að helft fiárins fór strags í land Vatnsdæla, og allmikið af hinu í heimalönd Svínavatns hrepps manna. Þó aptr á móti helftin af því fáa Vatnsdæla fie er og svo var óreglulega rekið nær landamerkium austan Miðkvísl, legði á Kúluheiði, en eingum var nú ætlandi að reka fram firir Sandá því Sandfokið fór sifelt vagsandi milli hennar og Beljanda, en þess hafði lítið sem ekkert giætt firir 1754, en mesta orsök til þess var gaddurin sem lá á heiðini 1802. Á móti austri þá um haustið var meira hvítt en svart að siá vestur á fram heiðina að sögn gangna manna á Eivindrst(aða)heiði. Þá fúnuðu sendnir og hrióstrugir hagablettir og lingmóar, skurðir miklir voru komnir á þesskins jörð, so veðrið nam meir og mier af börmum þeirra þá grasvegurin var fúin og sundur losnaður. Hier til hiálpaði mikið leisingar vatns gangurin sem gróf skurði og færði sandin langt til. Síðan færðist sandrokið frá hverri biriun áfram og filti graslægðir og móa langt ifir þar til með tíma leingdinni alt það svæði varð samtaka, sem uptökin voru á, og ei er að vita hvað sandrokið orkar að nálægiast bigðina.

Nú eru hagar á út heiðini ekki að giæðum og vart að víðáttu við þá haga sem eru á fremsta stikkinu, sem er í Seiðsár drögum, við Kúlukvísl, í Biskupstungum, Tiarnardölum, Búrfiöllum, Þiófadölum og hrauninu. Hier með er þar ei hrossa nagið sem miög geingur nærri besta graslendinu á út heiðini. Það er siáanlega langt að reka lömb fram á tið heiðarland, en það er þó ei leingra en firir Langdælinga að reka i Guðlaugstungur, og fá þaðan betri heimtr en af út heiðini, því þar er minni bítir en í fremstu heimalöndum og sama mundi reinast á Kúluheiði. Menn ganga þessi öræfi vandlega og þar er altíð fie þó ei sie þángað rekið, þó hraunið sie af lent mundi gangandi mönnum hægt að giora það sauðlaust. Almæli er að sauðir verði bestir í Þiófadölum og Búrfiöllum og það fie er þángað kiemst ungt, ratar þángað jafn

[251] Hér er átt við séra Ólaf Tómasson (1777-1834) sem bjó á Stóru-Giljá 1799-1803, sbr. Íslenzkar æviskrár frá landnámstímum til ársloka 1940 IV. Tínt hefir saman Páll Eggert Ólason. Reykjavík 1951, bls. 88.

[252] Jón Jónsson var prestur á Auðkúlu 1803-1817, sbr. Sveinn Níelsson, Prestatal og prófasta á Íslandi, bls. 231.

vel heiman að aptr, og þannig hafa eldri sauðir vanið þá ingri með sier fram í haga giæði þessi. Af þessu er auðsieð að heiði þessi er vanbrúkuð, bæði þeim er upprekstur eiga, og hinum sem land eiga að afriettinni að vestan og norðan til ómetanlegs skaða.

Hvað viðvíkur Kirkna Eign Biskupstungna, þá höfðu áðrnefndir bræður ekkert af því að seigia, og mundu nú hafa álitið kröfu þeirra tilslátt og án efa hefðu Biskupar nefnt Hvítárvatn, en eigi einungis vötn hefði þeir verið að helga sier land norðan það. En um brúkun austan manna til grasatekiu þokti eðlilegt því allar heiðar álitast sem almeníngr til þess, en hiermeð fóru þeir á Rótafiall, því alt graslendi framan Kúlufell var blomgvað af hvanngrasi, ei var um það feingist þá þeir tæki Ræturnar heldur um hitt að þeir stungu upp Jörðina og umveltu henni (ekki til að laga hana og slietta) heldur til að ónita og svívirða fögrustu rióður, lágar og lækiarbakka, fór sumt í flag en það mesta varð ósliett og liótt ásíndar.

Þetta þokti óþolandi Landnám. Þó aldrei væri það áfríað, vegna þess landið liggr so langt frá bigð og lítið eða ekkert notað.

Samníngur austan og norðan manna sínist mikið sanngiarnlegur þegar þeir eru í afriettar skorti, en hinr gieta ei notað víðáttu land sitt sem vera biriar; að þeir haldi stórgripum sínum hrossa og nautafiölda í þar til hagkvæmum högum norðan Hvitárvatn, sem ekkert hindrar að nota upprekstr fremst á Kúluheiði, eptr vild og þörfum norðan manna, en að Biskupstungna menn fiellu frá fiár upprekstri norður firir fór i mörgu betur eins og tíðin síðan hefr í liós leiðt.

4. Um Riettir og Gaungur.

Við faraldurs skurðin aflögðust og eiðilögðust Riettir, og þegar fie fór að fiöldga eptr 1790, var eingin Kúlu Riett og dróu þeir áðurnefndu 10 menn fie sitt sundur við Blöndu hiá Eiðstöðum eða Guðlaugst(öðum) og var það þó allmargt um aldamótin, en þá upprekstur hófst 1804 var Riett bigð með allmörgum dilkum við Litladalsá, en þó miög lítil því þá var fiárfátt. Sóktu þá Svíndælingr kvíslafie í Tungu Riett sem var giörð með færikvíum við túngarðin, og í flokki Kvíslamanna er voru hier um átta af austur Vatnsdælum, í Grímstungu riett sem þá var diklalaus hestariett utan til við túnið, og dró út flokkur manna í senn.

1808 var Tunguriett bigð vestur á Eirunum og 1809 Grímstungu riett framan til við Eingiarnar. Kúluriett skiemdi áin og forardammur varð að henni, því var hún færð í Dalsnes og bigð stór og skipulega. Hier um 1840 var Tunguriett óþarflega aflögð, og Kvíslafie rekið að Grímstungu riett, áttu þar Svínvetningar skildudilk, en ása menn á sinn kostnað. 1853 var Grímstunguriett án allra viðeigandi orsaka og flestum mót vilia utan þingmönnum, færð útá Undirfells eingi, og bigð þar sierlega vel og skipulega svo óvíst er að eins góð Riett hafi til verið hier á Landi. Það var líka tekin til þess sliettur og góður Eingiapartur, sem mörgum síndist of góður til þess. Gaungum var svo hagað eptr aldamótin, að á sunnudag í 21. viku sumars fóru

menn hier á allar heiðar í Hunav(atns)sislu, Kúluheiðr og Kvíslamenn að Áfangafelli, á mánudag geingu Kvíslamenn allr öldur og kvíslar, þriðiud(ag) Bótina og hálsana, á miðv(iku)d(ag) var Riettað í allri vestr sisluni. Ráku þá Svínvetningar fie sitt austr ifir fiall að kvöldi, en Kúluheiðarmenn geingu á mánudag fram Seiðsárdrög og Búrfiöllin, og vöktuðu fie það við Seiðá, og hvar best þokti henta, en náttstaðr flestra var í Þiófadölum, en 6 menn fóru áður og voru þá búnir að kanna alt stikkið þar firir framan. Þókti þetta ervidt hier um 20 mönum, en altíð þurfti að leggia til helmíng af Kúluheiðar mönnum í Kvíslar og á Sauðadalin. Á þriðiud(ag) geingu þeir alla framheiðina að Sandá, og er það lángr áfángi, á miðv(iku)d(ag) til Riettar, og á fimtudag Riettað. Sauðadalur varð þá geingin fram eptr og fieð rekið að Kúluriett en Giliárriett aflögð. Dalin geingu ásamenn þeir fiár færri. Bændur sóktu helst siálfir fie sitt í Vatnsdalin, en meðan þeir 10 voru um Kúluheiði fóru þeir siálfir í gaungur og trúðu sier best, utan presturin sem og svo var ei mikill ferðamaður. Þegar fram úr skarandi velmeigun breiddist ifir Svínvetninga góðu ári eptr 1817, fiölgaði miög fie, og jókst tala Kúluheiðr gangnamanna alt að 30, afbili sættu þá meðfram Sauðdælinga göngum, og Kvíslamönum var fækkað frá 20 til 16. Vonda sumarið 1835 var viðtekin gangnafærsla sem síðan hefr haldist, að gaungr birji firir sunudagin i 22. viku, og nokkru síðar svo til breitt að Kvíslamenn gángi fiöllin frá Þiófadölum, en alt fie út á Öldur og þar með helft af Kvíslafie gangi að Kúlu Riett, en helftin ofan í Vatnsdal, sem þó er miög til óhægðar en fáum í hag. Flestalt Kvíslafie er af Kúluheiði, og þeir fáu Vantsdælir sem reka í Kvíslar, verða að sækia sitt meiripart í Kúluriett, en siáanlegt er að haganlegast væri að draga sundr Kvíslafie og Sauðadals, við Þremundará, á þriðjudagin, svo sem fæst þirfti að reka ofan i aðra sveit til hraknings og firirhafnar. Og því heldur þá breitt var Riettadögum, svo að á miðv(iku)d(ag) hefr verið riettað i Kuluriett eins og i Vatnsdal. Eitt er enn að minnast á að hægðar vegna eru bestu heiðar löndin síst notuð til upreksturs, so er um Lambatúngur og Tunguna vestan Miðkvísl, og milli Jöklanna, og annað það, nú sínist sem sie úr lögum tekið að Bændur fari siálfir i gaungur, eða sæki fie sitt i Vatnsdalin, en opt hefur, so tilborið að Húsbóndans auga sier best.

[...]

6. Um Hrossagaungu

Það sögðu þeir bræður að hrossa upprekstur, og leit eptir þeim hefði verið í mestu óreglu. Stóðmerar sumar geingu á heiðum einhverstaðar ár eptir ár, sumar komu siálfar til bigðar með hiski sitt, þá haga þraut, og vandist margt við að leita sier biargar þar best þókti að vera. Annars fóru 2 eða 3 í senn að sækia sitt, einkum fola til að vana, en vel var sieð um að reka stóð úr heimalöndum, og mestur fiöldi þeirra giekk í Kvíslum. Helst voru samtök giörð firir fardaga, eða um krossm(essu) að reka saman stóðin, til að marka trippin með sem minstu marki, og nokkuð var aldrei markað, raka af því og taka frá til tamningar, en tamin hross voru um töðusláttin rekin itst á heiðina

og heimalöndin. Annars var fiöldi hrossa firir fellirs veturin 1754, og aptur firir 1784, en eptir það var ei stóð til muna þar til eptir 1818, og ei mátti það margt kalla fir en eptir 1845, en mikið vantar en til að góð Regla sie brúkuð við upp og aðrekstr, mörkun og vetrgaungu þess.[253]

Þann 10. júní 1852, kvartaði séra Sigurður Sigurðsson á Auðkúlu yfir óleyfilegum rekstri á Auðkúluheiði sem og óleyfilegri grasatekju þar. Kvörtunin var þinglesin á manntalsþingi að Tindum degi síðar og hljóðar svo:

> Jafnvel þó þad verde sannad, af gomlum skiolum og tveimur óhnectumm dómum, ad so kollud Audkúlu heidi til heijre ad Eignar rétte einunges Audkulustad, enn aungvum odrum jordum ad nockru jtake eda parte, samt hafa þó nockrer búendur í sér siálf giordu heimildar Skyne en óleife brúkad til fialla grasatektar og Stod hrossa beitar helst um Sumartíma ádur nefnt Heidarland móte logfestu banne á jmsum stödum upplesnum á Þijngum, so þesse óleifda brúkun hefur oftlega bonnud verid, enn aldrej leifd, utan fyrer Saudfé móte bijllegum fiártolle, og þó eg underskrifadur hafe, ecke án um qvortunar vitad þessa óreglulegu breitni, hefur samt aldurdómur minn og lasburdir, framar enn hijrduleise ad giæta Kyrkiunnar og Stadar Réttugheita efter Skijldu, hijndrad mig frá þvi, ad takast á hendur ad hefia málssókn móte Sveitar monnum, og þó nú hafe so fram farid fá ár i afskifta leise af minne hende, þar lika nockrer Sóknar bændur eru af mér aldeilis óákiærdir í þessu Efne, Enn i tillite til annara enn þessara stragsnefndu, þá giore eg hérmed heijrendum kunnugt, ad Sveitar menn og sist utann Sveitar, meiga ecke taka þad fijrer Þeigiande Samþickie af mér, þó eg hafe ecke openberlega ákiært þá fyrer óleijfda brúkun á tedre heijde, þar hun vinnur aldrej sanna Heimild, þar og hefe lika á nockrum þijngstodum fijrer nordann Blondu,[254] láted banna i óleijfe nockra brúkun á Audkuluheide.
>
> Her ad aukje hlít eg ad minnast þess ad vegna þess ad geldfé er of stutta leid reked á Heide og eins Stód Hross flest i óleife, á ordsakast þar af ólídande Skade bæde á Einge og beitarlande á ollum þeim bæjum, sem liggia nærst Heidinne, og hlitur sú Sok, ad takast fyrer enn framar, eins Réttar Stæde i Audkulu land, þar hun hefur ecke vered af mer samþyckt ad vera i Stóradals nese, hvar ecke fæst Efne til Fiár Rettar giordar, utann arlega ad tefiast vid hennar adgiord monnum til vinnu Skada. Þetta mitt vinsamlega bref, bid eg audmiúklega, ad Velbyrdugum Herra Sysslu manne A. Arnesen mætte þócknast ad upplesa fijrer manntals Þijngs Rétte ad Tindum á nærst komande Þijnge.
>
> Audkulu þann 10. Junii 1852. S. Sigurdsson
>
> Þinglýst ad Tindum 11. Júní 1852.
>
> A. Arnesen

[253] Skjal nr. 2(157) a-b.
[254] *fijrer nordann Blondu*, ritað á spássíu.

Þingl. 36 ^{s}

Þrjátíu og sex sk. borg.

A. Arnesen.[255]

Á manntalsþingi, höldnu að Tindum þann 2. maí 1853, var þinglýst lögfestu séra S. Sigurðssonar fyrir Auðkúluheiði, dags. 26. maí 1845. Í dóma- og þingbók sýslumanns var eftirfarandi bókað því til vitnis:

> 15. Þínglýst logfestu sjera S. Sigurðarsonar fyrir Audkúluheiði og heimalandi dags. 26. Maí 1845, þingl. 36$^{S.}$.[256]

Húnvetningar smöluðu Auðkúluheiði einir fram yfir miðja 19. öld en Biskupstungnamenn höfðu um hríð rekið hross og nautgripi norður yfir Hvítá með samþykki Kúluheiðarmanna. Þegar Biskupstungnamenn vildu reka geldfé þangað líka þá var settur fundur á Kili og mættu sex menn úr sitthvorri sýslunni til að ríða á mörkin. Við það tækifæri var samið eftirfarandi áreiðarskjal:

> Ar 1853 þann 18. og 19. Juli vorum vid undirskrifadir til stadar i Tiarnárdölum á Audkúluheidi, samkvæmt radfirir gjördu i undanngeingnum briefum, til ad rádgast um hvurninn hagannlegast mundi ad haga fjarleitum á haustin, eptir ad Biskupstungna menn birja ad reka geldfé sitt nordur yfir Hvitá. Vorum vid allir utbunir med leidarbrief frá Syslumönnum okar til þessarar ferdar. Einnig höfdum ver med ferdis Markatöflur ur badum Syslunum til samanburdar.
>
> Vér Arnesingar lögdum framm heimildar skjal okar fyrir afrétti þeim er sveit okar (Biskupstungnahreppi) tilheirir firir nordann vötn nl. Kaupbréf fyrir þessum afrétti dagsett 26ta April 1851. Enn af því ekert er tiltekid i Kaupbriefi þessu um takmörk landsins, heldur einungis tilnemdur afriettur fyrir nordann vötn, þokti okur Hunvetningum tvisint edur einginn vissa firir, hvad langt afriettur þessi nær nordeptir, þvi þott Arnesingum þyki sjalfsagt ad hann hljoti ad ná nordur á fjordungamot, og þad i sjalfu sier ei virdist ósanngiarnt, höfum ver samt einga vissu fyrir hvar fjordungamotin eru.
>
> A adra hlid þokti okkur Hunvetningum sialfsagt ad þar sem Biskupstungna menn nu ætla sier ad taka upp nja brukun á landi þessu nl. ad reka i þad geldfie sem ei hefur verid giört fyrri so vér til vitum, enn land þettad ávalt verid leitad af Kuluheidar mönnum, se þad vafalaus skilda þeirra austannmanna ad sanna hvad lángt þessi þeirra nýkeipti afréttur nái nordur eptir edur i þad minsta hvar fjordungamotinn séu, enn vér álitum okur aungann mindugleika edur heimild hafa til ad afgera þetta.
>
> Hitt kom okur öllum samann um ad sanngiarnast mund og badum haganlegast ad leitar takmorkin séu um há Kialhraun, so ad sunnanmenn leiti alt plassid þar firir sunnan, og reki alt fé sem af því kemur ad rétt þérri er þér ætla ad

[255] Skjal nr. 2(192) a-b.
[256] Skjal nr. A6b.18a-c. 2. maí 1853. Hún. V.23. 1850-1855, bls. 247-249.

bigga i Svartárbugum vestrundann njrdri Skuta. Nordari partr af þessum afrietti skal leitast á laugardæinn i 22ri viku sumars og alt fje af hönum sudur ad Hvitá riettast sama dag i Svartarbugum, til stirktar vid austann menn senda Hunvetningar 4 greinda og markglögga menn til ad leita afriettinn og taka fé Hunvetninga i réttinni.

Sunnan af hakialhrauni og frá Blöndu upptökum alt nordur ad Seidisá leiti Hunvetningar á Sunnudæginn og rietta alt þad fé sem af þessu plássi kemur á Sunnudagskvöldid i rett þerri sem þeir bigga i áfangastad vid nemda á. Til þessarar leitar leggia Biskupstungumenn 4 greinda og markglögga menn sem taka fé sitt i riettinni.

Þad greindi menn á um, hvört þeir af nordann mönnum so nemdu þiofadalir sudur ad fulukvisl af (austannmonnum Middalir) skildu gangast af nordann edur sunnann mönnum. Vildu sunannmenn álita ad plass þettad liggji firir sunnann fiordungamot og þvi fá ad ganga þad til sydri riettarinar. Nordann menn aptur a moti efudust um ad so væri þar þeir aldrei höfdu heirt nokurt tvimæli á þvi leika ad pláss þettad til heirdi Audkuluheidi. Sunnann menn kvadust ei betur vita enn afgert hefdi verid um takmörk afriettanna i briefum þeim sem firir nokurum árum sidan hefdu geingid millum Sudur og Nordur amtsins áhrærandi þettad malefni, enn mindu nu ei giörla hvar takmorkin hefdu verid til tekin.

Eptir langar umrædur her um og midlunar tilraunir a badar hlidar vard þad af öllum samþikt ad nordann menn gángi alla þiofadali sudur ad fulukvisl og reki allt þad fé sem fyrir kémur á þessu plássi, til Réttarinnar vid Seydisá i þaug firstu 2, tvö haust eptir ad sunnan menn birja ad reka nordryfir. A þessu tíma bili, ætlum vér til ad hlutadeigendur uppá hagkvæmasta máta, komi sér saman um landamerkin og sié uppfrá því geingid eptir þeim takmörkum er sett verda og nákvæmlega þurfa þá ad til takast. Enn skildi svo ólíklega fara, ad ekki yrdi útkljád um þaug ádur umræddu takmörk á þessu til greinda tímabili, þá gánga austanmenn þettad pláss aptur í tvö ár til Réttar sinnar í Svartárbugum.

Sunnan menn afhenda nú nordan mönnum Markatöflu yfir Biskupstungnahrepp. Þessa töblu ætla Húnvetningar ad bera saman vid töblur sínar, og fá alla búlausa, í sveit sinni er sammert eyga vid sunnan menn, til ad breyta útaf mörkunum, ad því búnu lofa Húnvetníngar svo snema í vetur sem kostur er á ad senda Túngnamönnum markatöblu yfir alt þad pláss ad nordan sem samgángna von er frá svo þeyr géti lagad eptir því mörk sín, einnig lofa sunnanmenn ad senda Húnvetníngum markatöblu ad austan yfir alt þad pláss er naudsínlegt er til samanburdar vid nordan morkin.

Þessi samníngur er skrifadur í tvennu lægi og hafa Biskupstúngnamenn annann partinn med siér, en Húnvetníngar annann og til stadfestíngar undirskrifum vér allir báda partana med eíginn höndum.

J Tjarnardölum á Audkúluheidi ad kvöldi þess 19da Júli 1853.

Húnvetníngar	Biskupstúngnamenn
Olafur Jónsson Hreppstjóri	Egill Pálsson
Jón Sveinsson Hreppstjóri	Sigurdur Pálsson
J. Palmason bóndi	Eyulfur Gudmundsson[257]

Eftir á voru íbúar Svínavatnshrepps og Bólstaðarhlíðarhrepps í Húnavatnssýslu óánægðir með samninginn sem gerður var í Tjarnardölum sumarið 1853 og mótmæltu honum við amtmanninn í Norður- og austuramti. Málinu var skotið til stiftamtmanns. Svar hans, dags. 12. október 1854 var svohljóðandi:

> Hvad málefnid siálft snertir virdist mér þad vera í augum uppi, ad þar sem Biskupstúngnamenn eru ordnir loglegir eigendur ad afréttinum, þá verdi ekki brúkunar retti þeirra hnikkt nema med lögum og dómi. Ad sönnu hefir herra amtmadur i fyrsta áliti rétt ad mæla ad því leyti þér meinid takmörk afréttarins ad nordan vera öldúngis óviss, þar fjórdúngamótin einnig séu þad, en þad er aptur á hinn bóginn adgætandi ad hinn keypti afréttur er hinn sami, sem Biskupstungna og jafnvel Hrunamanna hrepps innbúar hafa um lángan aldur brúkad til sumar gaungu handa hrossum, einnig til róta-, grasa-, kola-, fugla- og fjadratekju, og ad þessi brúkun hefir ad undanförnu verid álitin sem *servitus* er hvíldi á afrétti 4 kirkna í Biskupstúngum, móti lítilfjörlegu endurgjaldi; en móti þessari brúkun afréttarins vita menn ekki til ad Húnvetníngar hafi haft neitt ad mæla, og í annanstad hafa Biskupstúngnamenn sýslumanns og 8 meddóms manna dóm af 9. Juni 1798 fyrir sig ad bera um þad, ad Audkúluheidi nái á midt Kjalhraun á móts vid Sunnlendínga.[258] Ad húnvetníngar í fjárleitum sínum á haustum hafa leitad þenna afrétt gétur útaf fyrir sig ekki haft neina verkun til ad helga þeim brúkun afréttarins, þar sem þeir engin eignarskjöl hafa fyrir sig ad bera, en þvísídur virdist þad geta gefid þeim nokkra heimild til ad fyrirmuna Biskupstungna mönnum, sem eptir hinu upplysta bædi hafa heimild fyrir eignarrétti og takmorkum afréttarins, ad brúka hann eins og þeir hafa fyrirhugad.
>
> Eg verd því med tilliti til hins framantalda ad vera samdoma syslumanninum í Arnesssýslu um þad, ad vilji húnvetníngar fyrirmuna Biskupstungnamonnum hina fyrir ætludu brúkun afréttarins, þá hljóti þeir þarum ad leita dómstolanna.
>
> Med tilliti til fundarins í Tjarnardölum er þad af sýslumanninum í Árnesssýslu upplýst, ad hann er ekki, eins og ydar hávelborinheitum hefir verid frá skyrt, stofnadur eptir tilstudlann sýslunefndarinnar í hunavatns Sýslu, heldur eptir rádstöfun og rádagjörd sýslumannanna í húnavatns og árnesssýslum, og virdist hann því ad uppruna sínum til ad vera lögmætur; en hvad efni og innihald hans snertir, þá sýnist samkomulag þad, er þar vard ad

[257] Skjal nr. 2(328) a-b.
[258] *og í annanstad ... Sunnlendínga*, ritað neðanmáls.

lyktum, meiga mida til ad tryggja eignarrétt hverttveggja sýslubúa, ef hinu ályktada er med dugnadi forsjá og gætni framfylgt.[259]

Björn Bjarnason (1789−1859) á Brandsstöðum segir frá samningum Húnvetninga og Biskupstungnamanna um upprekstur á Auðkúluheiði í Brandsstaðaannál við árið 1853 um merkilegar sveitarfréttir:

> Biskupstungnamenn hafa að undanförnu rekið hross og naut norður fyrir Hvítá með samkomulagi við Kúluheiðarmenn, en nú vildu þeir semja um fjárrekstur á land þetta, er þeir sögðu eign fjögra kirkna sinna, og nú keypt til almennings. Varð nú samningsfundur 20. júlí. Mættu þar 3 kosnir menn að norðan: Jón Pálmason á Sólheimum, Jón Sveinsson á Sauðanesi og Ólafur Jónsson á Sveinsstöðum, og 3 að sunnan. Samdist þetta vel með þar að lútandi reglum. Eftir á reisti séra Sigurður [Sigurðsson] á Kúlu og flokkur manna beggja megin Blöndu afsögn á fjárrekstrinum og fengu amtmann til að framfæra það við stiptamtmann. Datt þá þetta mál niður, hvorutveggjum líklega til betra.[260]

Þann 4. janúar 1855, fór fram sættargerð um fjáruppreksturog fjalltolla á Auðkúluheiði og Kvíslar, og er hún svohljóðandi:

> Árið 1855 þann 4da Janúar áttu fund með sér að Sveinsstöðum í Húnaþingi Jón prófastur Jónsson á Steinnesi, og Jón hreppstjóri Sveinsson á Sauðanesi, til að semja góðmótlega sín á milli um eptirskrifað málefni, sem so er undirkomið, að vorið 1853 ljet presturinn á Auðkúlu S^{ra} Sigurður Sigurðarson hér upp á Tinda manntalsþingi áður tvívegis þar upplesna lögfestu fyrir Auðkúlu kirkju afrjettarlandi, sem kallað er Auðkúluheiði, og sem jafnan hefir verið brúkuð til fjáruppreksturar á sumrum af búendum í Svínavatns og Torfalækjar hreppum, samkvæmt fornri venju, og dómum, móti afrjettartolli til presta á Auðkúlu. Nefnda lögfestu skildi hreppstjórinn í Torfalækjar hreppi og hreppsbændur hans so, að hlutaðegandi prestur vildi meina þeim sinn venjulega fjáruppreksturá Auðkúlu heiði, og gekkst því hreppstjórinn fyrir því, að útvega sér og hreppsbúum sínum upprekstrarland nefnt sumar í Kvíslum, og ráku allir búendur í tjeðum hreppi þángað lömb sín og gjeldfjenað vorið 1853, að ráði og fyrirmælum hreppstjóra síns, og færðust því undan að gjalda prestinum á Auðkúlu sinn venjulega afréttartoll í Auðkúlu rjettum haustið 1853. Yfir þessu kvartaði presturinn S^{ra} S. Sigurðarson á Auðkúlu í bréfi til Stiftsyfirvaldanna 14. Febrúar 1854,[261] og beiddist þess að þau réttu sér beneficium processus gratuiti til að áfría þau kreinktu réttindi Auðkúlu prestakalls í áminnstu upprekstrar- og heiðarkallsmálefni, og til að halda því framm tilhlýðilegann réttargángsveg fyrir hlutaðegandi dómstólum.

[259] Skjal nr. 2(329) a-b.
[260] Björn Bjarnason, Brandsstaða annáll. Húnavatnsþing I. Reykjavík 1941, bls. 184.
[261] Þetta bréf hefur fundist við kerfisbunda gagnaöflun óbyggðanefndar.

Þann 10da Marts 1854 sendi herra biskupinn yfir Íslandi hið nefnda bréf prestsins á Auðkúlu hlutaðegandi prófasti, og beiddist álits hans og athugasemda því viðvíkjandi. Fannst prófastinum æskilegt, að mál þetta gjæti jafnast með góðu milli hlutaðegenda, so komist yrði hjá bæði óhugnaði milli þeirra, óreglu í brúkun afréttarlandanna, og óþörfum málskostnaði á almenningi. Fór því prófasturinn þess á leit bæði við velnefndann Beneficiarium Auðkúlukirkju, og hreppstjórann í Torfalækjarhreppi, að þeir vildu taka sanngjarnri sátt í máli þessu, so það þyrfti ekki leingra að reka. Tóku þeir því báðir góðfúslega, og gaf Sra S. Sigurðarson á Auðkúlu prófastinum munnlega umboð til, að semja sín vegna sætt við velnefndann hreppstjóra.

Samkvæmt þessu undirlagi gjöra þeir þá, Jón hreppstjóri Sveinsson vegna sín og hreppsbúenda sinna, og Jón prófastur Jónsson vegna Beneficiarii Auðkúlu kirkju Sra S. Sigurðarsonar, solátandi *Sætt*:

1. Að þó síra S. Sigurðarson álíti sig ega rétt til fjallatolla af öllum þeim úr Torfalækjarhreppi er ráku fje sitt í Kvíslar vorið 1853, þá eptirgéfur hann samt einn þriðjúng af nefndum tollum, og áskilur að þeir fátækustu fái að njóta þessarar eptirgjafar eptir samkomulagi prófasts og hlutaðegandi hreppstjóra; álíta þeir til þess maklegasta Þorlák á Akri, Olaf á Kringlu, Benedict á Hamrakoti, Jón á Hnjúkum, Jacob á Smirlabergi og Þórunni á Hæli.

2. Þarámóti lofar hreppstjóri Jón Sveinsson að annast um að hinir tveir þriðjupartar af tollunum, haustið 1853 verði greiddir skilvíslega, hvör tollur með 1rbd til prófastsins, fyrir næstkomandi 1ta Febrúar; enn prófasturinn stendur síðan skil á þessum tollum til síra S. Sigurðarsonar.

3. Þareð presturinn á Hjalltabakka síra O. Guðmundsson, og bændurnir S. Sigurðarson á Reykjum, Gísli Jónsson á Köldukinn og Björn Hjálmarsson á Akri eru búnir að gjöra síra Sigurði þau skil, er hann hefir gjört sig ánægðann með í bréfi til prófastsins 4. Nov. síðstl., þá nær það sem talað er um í 1tu og 2i grein aðeins til tollanna frá hinum öðrum búendum í Torfalækjarhreppi, að undanskildum bændunum á Stórugiljá, sem hafa verið tollfríir.

4. Hvað áhrærir eptirkomandi tíma, þá lofar prófasturinn, í nafni síra S. Sigurðarsonar á Auðkúlu, að hann skuli um sína tíð þar í eingann máta amast við fjáruppreksti á heiðina úr Torfalækjar hreppi (eins og hann hefir sagt prófastinum, að það hafi aldrei verið ásetningur sinn). Þarámóti lofar hreppstjóri Jón Sveinsson, að Torfalækjar hrepps búendur skuli frammvegis, meðan hann hafi þar hreppstjórn á hendi, brúka Auðkúlu heiði fyrir fjárafrétt, gjöra öll þaraf fljótandi lögleg skil, og gjalda prestinum tregðulaust tilhlýðilega afréttartolla á hausti hvörju.

5. Ennfremur lofar Jón hreppstjóri Sveinsson, fyrir bón prófastsins, að ámálga við þá búendur í Torfalækjar hreppi, sem enn ega ógoldinn fjalltoll til síra Sigurðar fyrir haustið 1854, að þeir sem allra fyrst greiði þetta skyldugjald til

velnefnds prests; enn yfir þá, sem búnir eru að borga, afhendir nú prófasturinn velnefndum hreppstjóra lista.

Tollarnir haustið 1853 úr Torfalækjar hreppi vóru 22; þar frá gánga, samkvæmt 3 grein, 4 tollar; eru eptir 18; þaraf niðurfalla 6 þeirra fátækustu; verða eptir 12, sem opt velnefndur hreppstjóri hefir samstundis greidt prófastinum með 12^{rbd}, og kvitterar prófasturinn hérmeð fyrir þá vegna síra S. Sigurðarsonar.

Að öðru leiti skal þessi privat forlíkun hafa eitt og hið sama gyldi sem löggjöfin hefir tillagt þeim forlíkunum, er gjörðar eru fyrir reglulegum sættanefndum; fær síra Sigurður frumrit hennar, enn hreppstjóri J. Sveinsson staðfest eptirrit, til að kunngjöra hlutaðegendum í hreppi sínum.
Actum ut supra.

Jón Jónsson Jón Sveinsson.[262]

Í sóknalýsingum Auðkúlu- og Svínavatnssókna, frá árinu 1857, skrifar séra Jón Þórðarson eftirfarandi um sel og afrétt sóknanna:

31. Sel. Auðkúla og Stóridalur eiga selstöður. Frá Stóradal hefur selstaða verið brúkuð í 19 ár, en selstaðan frá Auðkúlu er niðurlögð fyrir ca. 40 árum, og óvíst hvort hún hefur verið brúkuð áður að staðaldri. Svínavatn þykist og eiga selstöðu á Sléttárdal, og hefur hún verið notuð 1 eða 2 ár í manna minnum, en bæði hún og selstaðan frá Auðkúlu eru að líkindum aflagðar sökum örðugleika.

32. Afréttir. Auðkúluheiði er afrétt, og á hana Auðkúlukirkja. Á hana reka Svínadals- og Torfalækjarhreppar, og hafa þeir eina fjárrétt sameiginlega í Stóradalsnesi, sem haldin er 22 vikur af sumri.[263]

Í *Sýslu- og sóknalýsingum Húnavatnssýslu*, er varðveitt lýsing Björns Bjarnasonar á Brandsstöðum á Auðkúluheiði. Er lýsing Björns með hendi séra Jóns Þórðarsonar á Auðkúlu, og dagsett í febrúarmánuði 1873.[264] Þar segir meðal annars eftirfarandi um Auðkúluheiði:

Lýsing á Auðkúluheiði.

Samin af Birni Bjarnasyni á Brandsstöðum, sem var kunnugastur allra manna á Auðkúluheiði.

Auðkúluheiði liggur fram af Svínadal til jökla fram, og eru takmörk hennar þessi eftir lögfestunum: Að austan af Sléttárdal réttsýnis fram í Fiskilæk, þaðan í Vallgil, og svo ræður Blanda til jökla fram; en að vestanverðu úr *Karitlíntjörn*, sem er fram undan Svínadalsfjalli, og í austustu kvísl af Vatnsdalsá og réttsýnis suður í Búrfjöll. Nú er almennt álitið, að Kúlumaður eigi ekki nema mitt á Kjalhraun, en áður vildi þó Kúlumaður eiga suður að

[262] Skjal nr. 2(154) a-b.
[263] *Sýslu- og sóknalýsingar Húnavatnssýslu 1839-1873* I, (1950), bls. 93.
[264] *Sýslu- og sóknalýsingar Húnavatnssýslu 1839-1873* I, (1950), bls. 101-104.

> Hvítá, og mun það réttara, nl. suður með Hofsjökli suður að Jökulfalli, sem ræður vestur að Hvítá, og í Hvítárvatn, sem er fast við Langjökul, er nokkrir kalla þar *Regnbúðarjökul* (Það er fláki, sem liggur suðaustur úr Langjökli.); þá að vestan norður með Langjökli og norður á Öldur.
>
> Heiðinni má skipta í þrjá hluti: 1. Svæðið millum jöklanna (Hofs- og Langjökuls), 2. Framheiðin, 3. Útheiðin.[265]

Í viðbæti við sóknarlýsingu Hjaltabakkasóknar frá árinu 1873 skrifar séra Pál Sigurðsson eftirfarandi um afréttarland sóknarinnar:

> 32. **Afréttarland** sóknarinnar er á Auðkúluheiði, sem liggur undir Auðkúlu í Svínadal. Eiga þar upprekstur bæði Svínadals- og Torfalækjarhreppar. Réttir eru haldnar að Svínavatni, hinar fyrri á miðvikudaginn í 23. sumarviku. Þangað sækja Svíndælingar og Ásamenn. Þess utan er sent þangað árlega bæði úr Vatnsdal, Þingi og Blöndudal.[266]

Í sóknarlýsingu Auðkúluprestakalls, frá árinu 1873, skrifar séra Jón Þórðarson eftirfarandi um afrétt sóknarinnar:

> **32.** ...Afréttarpeningi er réttað í Kúlurétt, sem stendur í Stóradalsnesi, og er réttarstæðið leigt af Kúlumanni fyrir landspart á Sléttardal. Réttardagur er miðvikudaginn í 22. viku sumars.[267]

Aftan við sóknalýsingar séra Jóns Þórðarsonar á Auðkúlu- og Svínavatnssóknum, frá árinu 1857, er fært inn staðfest afrit af dómi um afrétt á Auðkúluheiði frá 9. júní 1758.[268] Afritið er samhljóða frumtextanum sem sjá má í þeirri dómabók sem vísað er til.[269] Dómurinn sjálfur hljóðar svo:

> Dómur
>
> um afrétt á Auðkúluheiði, fram farinn á Torfalækjarþingi þann 9. júní anno 1758.
>
> No. 3.
>
> Kom fyrir réttinn sr. Jón Björnsson, prestur til Auðkúlustaðar beneficii, og yfirklagaði þeirri forsómun, sem nú árlega skeði í því, að margir bændur afræktu Auðkúlustaðarafrétt, sem að fornu almennt brúkuð verið hafi af Svínavatns- og Torfalækjar-hreppa innbyggjurum. Hvað hann bevísar með eftirskrifaðra manna vintinsburðum: 1° Bjarna Jónssonar á Geithömrum, dat. 10. febr. 1591, með þeirra hangandi innsiglum; 2° Björn Guðmundssonar, með hans innsigli, dat. 1598; 3° Sr. Magnúsar Eiríkssonar, dat. 12. júí 1652. Voru allir þessir vitnisburðir hér nú fyrir rétti upp lesnir, hverjir sameiginlega það sanna, að Auðkúlustaðarheiði hafi greindum tveimur hreppum fyrir

[265] *Sýslu- og sóknalýsingar Húnavatnssýslu 1839-1873* I, (1950), bls. 101.
[266] *Sýslu- og sóknalýsingar Húnavatnssýslu 1839-1873* I, (1950), bls. 85.
[267] *Sýslu- og sóknalýsingar Húnavatnssýslu 1839-1873* I, (1950), bls. 98.
[268] *Sýslu- og sóknalýsingar Húnavatnssýslu 1839-1873* I, (1950), bls. 95-96.
[269] Skjal nr. 2(99) a-b. Í skjalinu sjálfu er talað um „réttarins ályktan.“

almennilega afrétt þénað, og fjalltollar afgoldizt til prestsins á Auðkúlu. Óskar nú sr. Jón Björnsson réttarins atkvæða um það, að sami upprekstur almennt brúkist, þó þar í nokkur forsómun skeð hafi á fyrirfarandi árum, þar hann hvorki vilji né megi mót sínu veitingabréfi láta nokkur herlegheit ganga undan sér tiltrúuðu beneficio. Tveir hreppstjórar í Svínadal, Sveinn Bergsson og Jón Bjarnason, klaga einnig yfir, síns hrepps vegna, að þessi afrétt sé þeim ómissandi, en verði ei leituð til gagns og þeir líði skaða af fé sínu, þar Torfalækjarhrepps innbúendur forsómi að reka, en afréttin sé nóg og þénanleg fyrir báða hreppana. En hvergi hér í náND aðra afrétt hentuga að fá, sem að lögum kunni þar til að brúkast nema þessa alleina. Hér til svara bændur í Torfalækjarhrepp, að þeim þyki langt að brúka upprekstur í Auðkúluafrétt, en lítið fé í hreppnum eftir nýlega afstaðin harðindi, og vilji þeim til kostnaðar horfa, en engrar nytsemi, upprekstur að brúka í fyrr sagða afrétt.

Hér upp á réttarins ályktun: að Auðkúlustaðarheiði hefur eftir framlögðum vitnisburðum til forna þénað og skal hér eftir þéna fyrir lögafrétt Svínavatns- og Tærfalækjarhreppa innbyggjurum, og kunna þessa hrepps manna afsakanir ei að prejudicera Auðkúlustaða beneficii réttugheitum né heldur Svínavatnshrepps innbúendur taka skaða á sínu fé fyrir þeirra vanrækt á upprekstrinum, heldur á hér um að haldast sem að fornu eftir Kongl. Majst. lögum.

Actum ut supra.

Bjarni Halldórsson.

Jón Hafliðason. Kristján Björnsson. Einar Gíslason.

Hákon Erlingsson. Guðmundur Jónsson. Bergur Einarsson.

Jón Sigurðsson. Árni Pálsson.

Rétt útskrifað af Húnavatnssýslu héraðs protocol testr.

Bjarni Halldórsson (L.S.)[270]

Í prófastsvísitasíu að Auðkúlukirkju, þann 12. maí 1878, kemur eftirfarandi fram:

Kirkjan heldur eignum þeim og ítökum óátöldum, sem upp eru talin í Biskupsvísitazíu 1833 og sem eru: land í Sljettárdal, reka allan á Háfumöl, hálfa saudahöfn í Bólstadahlíd; jardir hennar eru Gafl og Litlidalur; hún á 6 málnytukúgildi, 4 heima og sitt á hverri kirkjujörd.[271]

Í bréfi, dags. 12. maí 1879, fóru oddvitar Svínavatns- og Torfalækjarhreppa þess á leit við Stiptsyfirvöldin á Íslandi að fá Auðkúluheiði keypta vegna ýmis ágreinings og óánægju sem upp var komin með upprekstur og nýtingu heiðarinnar.

[270] Skjal nr. 2(121) a-b.
[271] Skjal nr. 2(317) a-b.

Jafnframt segjast þeir hafa komist að samkomulagi við Auðkúluprest. Bréfið er svohljóðandi:

> Eftir gömlum dómum og venju eiga búendur í Svínavatns og Torfalækjarhreppum upprekstur á Auðkúluheiði fyrir sauðfé á sumrum, móti því að hver búandi greiði lamb í fjallatoll, ef hann á 10 lömb að minnsta kosti á fjalli, en aftur hefur heiðarráðandi annazt um heiðarhreinsun og lagt til réttarstæði. En af þessu fyrirkomulagi hefur leitt ýmsan ágreining og óánægju. Bændur hafa skilið rétt sinn til heiðarinnar á þá leið, að hún væri þeim heimil gegn fjallatollinum til hverrar notkunar sem vera skyldi, svo sem til hrossaupprekstur, grasatekju o.s.frv. en umráðandi heiðarlandsins hefur aftur álitið, að réttur bænda til heiðarinnar næði eingöngu til lambaupprekstur og í ýtrasta lagi til geldfjárreksturs; svo hefur hann og látið í ljósi, að það mundi raunar engin lagaskylda sín að kosta vinnslu á melrakkagrenjum þeim, er finnast árlega í heiðarlandinu.
>
> Þótt þessi ágreiningur hafi enn eigi valdið misklíð eða lagadeilu milli hlutaðeigenda, er það við búið, að slíkt kunni að verða efni til sundurþykkju síðar eður málaferla, sem þó að líkindum færa hvorugum málsparti sanna hagsmuni.
>
> Til þess að fyrirbyggja slíkt og svo til þess að koma málinu í sem eðlilegast horf og samkvæmast þörf og vilja allra hlutaðeigenda, hefur mönnum virzt eina ráðið það, að sveitir þær er hlut eiga að máli, sem eru Svínavatns og Torfalækjarhreppar, fái heiðina keypta og þar með full umráð hennar til almenningsþarfa; væri þá um leið afnuminn ójöfnuður sá, sem nú er á gjaldi fjallatollsins með tilliti til efna og ástæðna hvers eins, þareð hverjum eftirleiðis mundi gjörast að borga tiltölulegt heiðargjald samkvæmt efnahag sínum og notkun hins umrædda heiðarlands.
>
> Eftir það er leitað hafði verið álits almennings í hlutaðeigandi hreppum sem og álits viðkomandi sóknarprests, áttu kosnir menn úr báðum sveitum fund með sér að Auðkúlu hinn 28. apríl síðastl., til þess að ræða og koma sér saman um kaup á Auðkúluheiði við núveranda umráðanda Jón prófast Þórðarson á Auðkúlu. Hlutaðeigendur komust fyrir sitt leyti að svofelldum samningi, að Auðkúluheiði skal föl fyrir 3.000 krónur og skal Auðkúluprestur þó leggja til hæfilegt réttarstæði framvegis, og er gengið að þessu fyrir hönd sveitanna. Til grundvallar fyrir greiðslunni lögðu fundarmenn tölu jarðarhundraða í báðum hreppum og skal, að fengnu leyfi viðkomanda amtsráðs, borgunin fara fram þannig. Svínavatnshreppur, sem telur 636,8 hndr., borgar fyrir heiðina að sínum hluta 1.847 kr. 58 aura, en Torfalækjarhreppur, sem á 397,2 hndr., borgar 1.152 kr. 42 a. Svínavatnshreppur borgar með jörðunum Meyjarlandi að dýrl. 14,2 hndr. liggjandi í Sauðárhreppi innan Skagafjarðarsýslu, og Efrilækjardal, að dýrl. 6,8 hndr. í Engihlíðarhreppi hér í sýslu, þannig, að af andvirði þeirra 2.000 kr. gangi 1.847 kr. 58 a. í hluta Svínavatnshrepps af heiðarverðinu. Afgangurinn

152 kr. 42 a. skal lánaður Torfalækjarhreppi uppí hans hluta; en að öðru leyti gefur Torfalækjarhreppur Auðkúlu prestakalli skuldabréf fyrir 1.000 kr. með lagarentu fjórum af hundraði og veðsetur jafnframt allan sinn part úr Auðkúluheiði.

Það eru nú auðmjúk tilmæli vor til hinna háu stiftsyfirvalda, að þeim mætti þóknast að gjöra sitt til þess að koma málefni þessu áleiðis, með því að bera það undir alþingi það er haldið verður í sumar, og leggja því meðmæli sín við þing og stjórn, að kaupin á Auðkúluheiði geti framfarið á þann hátt, sem tiltekið er hér að framan.

Svínavatns og Torfalækjar hreppum 12. maí 1879.

J. Pálmason oddviti. Hallgrímur Erlendsson oddviti.[272]

Þann 16. maí 1879 skrifaði presturinn á Auðkúlu, séra Jón Þórðarson, Stiptsyfirvöldum vegna beiðni hreppsnefnda Svínavatns- og Torfalækjarhreppa um kaup á Auðkúluheiði. Séra Jón mælir með að hrepparnir fái að kaupa heiðina og tilgreinir eftirfarandi ástæður:

J hérmeðfylgjandi bréfi til hinna háu Stiptsyfirvalda frá 12. þ. m. hafa hreppsnefndaroddvitar í Svínavatns- og Torfalækjar hreppum, eptir undangengið fundarhald, borið þá bæn fram, að hreppar þessir fengju Auðkúluheiði keypta fyrir 3.000 kr. og leyfi eg mér, sem núverandi umráðamaður téðrar heiðar, að leiðbeina þessu bréfi með fylgjandi athugasemdum.

Það sem fyrst liggur fyrir er þá, að athuga, hvort hin framboðnu kaup eru prestakallinu í hag, samanborin við það afgjald, eða heiðartollana, er að undanförnu hefur fengist af heiðarlandinu.

J báðum hreppunum eru 47 lögbýli og nú sem stendur aðeins tvíbýli á einu, svo lambatollar ættu að vera að tölu 48, en frá þessari tölu dragast 6, sem eptir venju eru orðin fjallatollsfrí, af því þau ega lönd, sum víðlend, sem liggja til heiðarinnar og þykjast því ábúendur leggja land til heiðarpeningi, og þó þetta kynni að lögum að vera ástæðulaust, þá er sú venja orðin gömul og þó eg hafi krafið ábúendur þessara jarða um fjallatolla hafa þeir skorst undan og borið fyrir sig venjuna, svo leiðrétting þessa máls mundi ei fást, nema ef það yrði með lögsókn og dómi.

Þá er þarnæst, að sumir búendur, sér í lagi í Torfalækjarhrepp, eru svo fátækir, að eg ekki hefi getað krafið þá um lambatoll, þegar þeir aðeins hafa átt örfáar kindur á fjalli, og hafa þannig sumir sloppið með öllu, sumir goldið fáeina skildinga eða lamb fyrir fleiri ár og má með þessum hætti telja, að sjálfsagt 3–4 fjallatollar gangi frá og verða þá fjallatollarnir, er telja má til inngjalda hérumbil 38–40. Þessir fjallatollar eru goldnir með haustlambi, sem gera má hvert 4 kr. eptir gangverði og verður þá verð fjallatollanna hérumbil

[272] Skjal nr. 2(332) a-b.

160 kr. á ári. En frá þessari upphæð dregst kostnaður fyrir hreinsun heiðarinnar og grenjavinslu, sem hvílir á umboðsmanni heiðarlandsins, sem að meðaltali hefur verið á ári 30–40 kr. og leyga fyrir landspart sem léður er Stóradalsábúanda fyrir réttarstæði, og sem hæfilega sýnist metin til 16 kr. eptirgjalds, samt fríun ábúandans frá fjallatolli 4 kr. Verða þá útgjöldin um 60 kr. og verður því ágóðinn af heiðarlandinu árlega ekki reiknaður meir en hérumbil 100 kr., svo í því tilliti virðist skaðlaust fyrir prestakallið að heiðin yrði seld fyrir það verð er nú býðst, af hverju vextirnir svara til 120 kr.

Hvað nú heiðarhreinsuninni viðvíkur, eru aðvísu tvímæli á hvert heiðarbóndi er skyldur að borga á gren þau er finnast í heiðarlandinu, heldur aðeins leita þeirra einsog í heimalandi, en að dýravinslan sjálf sé borguð af dýratollssjóði hreppsins. En sú venja er ákomin og hefur haldist víst síðan fyrir seinastl. aldamót, að heiðarumráðamaður hér kostaði hvorutveggja, og þessari venju, þó röng kunni að vera, verður ekki héðanaf afkomið nema með lögsókn og dómi. Væri nú heiðin seld félli þetta af sjálfu sér, þar bændur taka þá að sér alla umsjón og hreinsun heiðarlandsins, en meðan heiðarhreinsun og grenjavinsla hvílir á umráðamanni heiðarinnar verður að draga hana sem útgjöld frá arði heiðarinnar.

Það er og eptir venju, að heiðarbóndi er skyldur til að leggja til réttarstæði með tilþurfandi stúngu og ristu, og stóð þannig Kúlurétt áður í Kúlulandi, en þegar hún hrundi af árbroti, fékk Kúlumaður, um árið 1820, réttarstæði í Stóradalslandi og leygði ábúandanum ámóti landspart til beitar og slægna úr sellandi Auðkúlu, og hefur það síðan haldist, en nú er umsamið, að heiðin, verði hún seld, seljist með þeim skilmála, að réttin verði flutt, er hún næst þarf endurbyggingar, á ákveðinn stað í Kúlulandi, sem eg álít Kúlumanni skaðlaust, og hverfur þá landsparturinn aptur til Kúlumanns; en vilji hreppsbúar þá ekki nota sér hið nú ávísaða réttarstæði, ega þeir sjálfir að sjá sér fyrir því.

Það sem ennfremur hefur verið ágreiningur um, er trippatollur. Heiðarumráðamaður hefur jafnan álitið, að lambatollurinn væri aðeins borgun fyrir geldfjárupprekstur, en bændur ættu að borga sérstaklega fyrir stóðhross; en bændur þar í móti álitið, að þeir með borgun lambatollsins ættu frítt fyrir allar sínar skepnur og þess vegna ekki viljað borga fyrir stóðhross sín eða grasatekju. En þó nú trippatollurinn eptir hugmyndinni hefði kunnað að vinnast, verður það þó héreptir mjög tvísýnt og að líkindum ómögulegt, að það geti orðið til ávinnings fyrir umráðamann Kúluheiðar þar þessir tveir hreppar ásamt Áss- og Sveinsstaða hreppum, eru í undirbúningi með að kaupa afréttarland, svokallaðar Kvíslar, er liggur millum Kúlu og Grímstúngu heiða, og ætla það stóðhrossum sínum. Fyrir grasatekju og silungsveiði hefur ekkert goldist og heiðin hefur í því tilliti verið álitin sem almenningur.

Hvað heiðinni í sjálfu sér viðvíkur, þá er hún að sögn farin að blása upp, sér í lagi um miðbikið, en þó ímynda eg mér ekki, að þau brögð séu að því, að það hafi áhrif á fjallatollagreiðsluna fyrst um sinn, þó sveitarmenn telji það sem

ástæðu fyrir því, að þeir verði að bæta hálfum Kvíslum við Kúluheiði; en óvíst væri nema bændur með tímanum vildu draga það af tollgjaldinu til Kúlumanns, er þeir þurfa að borga fyrir Kvíslar, og beita þeirri ástæðu, að Kúluheiði bæri eigi pening sinn, en um það, hvort Kúlumaður sé fyrir lambatollinn einan skyldur til að láta í té nægilegt land fyrir pening bænda, hvað margur sem hann kynni að verða, má margt segja, en hér sýnist ei ástæða til að ransaka.

Það sem óviðfeldnast er við þessar og þvílíkar kirkjueignir er innheimtan, er presturinn verður að hafa á hendi, því allir slíkir tollar eru óvinsælir og ekki síst þegar tollurinn er eins ósanngjarn og þessi, er hinn fátækasti á að gjalda jafnt og hinn ríkasti og sú hefur reynd á orðið, að eg sumpart hefi orðið að gefa eptir fjallatolla og sumpart orðið þau vanskil á þeim, að eg ekki hefi getað reiknað mér í ávinning af heiðinni meir enn 80 kr. og álít eg það því stórum hag fyrir prestakallið, að fá hana selda fyrir það verð, að vextirnir árlega svari 120 kr. og æskilegt fyrir prestinn að losast við umsjónina og innheimtuna, því þarmeð er girt fyrir þá óánægju, er hið núveranda fyrirkomulag mun jafnan hafa í för með sér, er bændur vilja hafa öll þau not af heiðarlandinu, sem þeir geta, fyrir einan lambatollinn, en þesskonar óánægja og ágreiningur raskar tíðum því sambandi sem á að vera millum prests og sóknarmanna og stafar vinsældum prestsins í hættu, og því virðist það hagkvæmast og eðlilegast, að sveitirnar kaupi heiðina og hún þannig verði almenningur, sem hver bóndi hreppanna getur notað eptir þörfum átölulaust og verður þá jafnframt afnuminn sá ójöfnuður, sem nú er á tollgjaldinu, einsog skýrt er tekið fram í bréfi oddvitanna.

Einsog tekið er fram í bréfi oddvitanna er þegar talað um borgunarmátann, en sem ekki virðist þörf á að útlista hér, þar hérmeð er einungis sókt um leyfi til þess, að heiðin megi seljast hreppnum fyrir ákveðna verðupphæð, sem heyra mun undir löggjafarvaldið, en borgunarmátinn mun falinn Stiptsyfirvöldum eptirá.

Af framanskrifuðum ástæðum leyfi eg mér undirgefnast, að láta í ljósi það álit mitt, að það sé hagfeldast fyrir alla hlutaðegendur og prestakallinu í hag að Svínavatns- og Torfalækjarhreppar fái leyfi til að kaupa Auðkúluheiði fyrir ákveðið verð 3.000 kr. og borga hana með jarðagóssi og peningum, sem verði prestakallsins eign, og samþykkt verður af stjórnendum kirkjumálefnanna.

Auðkúlu dag. 16. maí 1879.

J. Þórðarson.[273]

Þann 31. maí 1879 skrifaði prófasturinn í Húnavatnssýslu, séra Eiríkur Briem, umsögn sína til Stiptsyfirvalda vegna beiðni hreppsnefnda Svínavatns- og Torfalækjarhreppa um kaup á Auðkúluheiði. Hann mælti einnig með sölunni. Umsögn hans er eftirfarandi:

[273] Skjal nr. 2(333) a-b.

Hjermeð nýt eg þess heiðurs að senda hinum háu Stiptsyfirvöldum brjef, dags. 12. þ. m., frá hreppsnefndaroddvitunum í Svínavatns og Torfalækjarhreppum, hvarí þeir skýra frá, að kosnir menn úr tjeðum sveitum hafi, eptir að álits almennings í þeim hafði verið leitað, komist að svofelldum samningi við umráðamann Auðkúluheiðar, præpos. hon. J. Þórðarson, að tjeð heiði skuli vera föl fyrir 3.000 kr. og skuli Auðkúlu prestur þó leggja til hæfilegt rjettarstæði framvegis; auk þess þvínæst að skýra frá skiptingu borgunarinnar milli hreppanna og hinum fyrirhugaða borgunarmáta, hafa þeir óskað að hin háu stiptsyfirvöld vildu bera málefni þetta undir alþingi það, er haldið verður í sumar og leggja því meðmæli sín við þing og stjórn. Fyrgreint brjef hefur nefndur síra J. Þórðarson sent mjer með álitsskjali, dags. 16. þ. m., er einnig fylgir hjermeð.

Um leið og eg sendi skjöl þessi, vil eg virðingarfyllst leyfa mjer að taka þetta fram:

Hvað málefnið sjálft snertir, þá er í greindu álitsskjali skýrt bæði greinilega og að því leyti mjer er kunnugt, rjett frá hagsmunum þeim, er Auðkúlu prestar nú um langan aldur hafa að öllu samtöldu haft af Kúluheiði, og verð eg eptir því yfirhöfuð að vera á sama máli sem beneficiarius, að umrædd kaup mundu eigi vera prestakallinu í óhag, jafnvel þótt eg geti ímyndað mjer að verð á lömbum kunni að fara vaxandi og mjer þyki mjög vafasamt, að af beneficiarius verði að lögum krafist, að kosta grenjavinnslu á heiðinni; en að arður heiðarinnar gæti vaxið við að heimta toll fyrir tryppagöngu, grasatekju og silungsveiði þykir mjer næsta tvísýnt, því þótt rjetturinn til þessa væri engum vafa undirorpinn, þá mundi sönnunin fyrir tollskyldunni í hinum einstöku tilfellum verða mjög erfið og einatt ómöguleg, þarsem önnur heiðalönd liggja jafnhliða, og innheimtan kosta mikla fyrirhöfn. Að því er rjettarstæðið snertir, þá byggir beneficiarius á því, að það sje „nú ávísað“ á tilteknum stað í Kúlulandi, þar sem hann álítur Kúlumanni það skaðlaust, en gjörir þó einsog ráð fyrir, að hreppsbúar á sínum tíma muni ef til vill eigi vilja nota það; en í brjefi oddvitanna er tiltekið, að Kúluprestur leggi til „hæfilegt rjettarstæði“; eg er eigi svo kunnugur, að eg viti, hvort þessi munur er annað en ónákvæm orðabreyting hjá þeim, en hún getur haft töluverða þýðing, því verið gæti, að á sínum tíma yrði, líkt og virðist hafa verið, þegar rjettin var færð að Stóradal, hvergi í Kúlulandi álitið hæfilegt rjettarstæði, nema ef til vill í Kúlunesi, sem er engi og þar sem rjettin væri til mikils meins.

Viðvíkjandi borgunarmátanum, sem hlutaðeigandi beneficiarius leiðir hjá sjer að lýsa áliti sínu á, vil eg geta þess, að þar sem mjer þykir ekkert ísjárvert við að borgunin úr Torfalækjarhreppi standi um alllangan tíma að mestu inni hjá honum móti 4% rentu, þótt æskileg væri nokkur lítil afborgun smámsaman, þá er eg svo alveg ókunnugur jörðum þeim, er Svínavatns hreppur vill láta af hendi fyrir 2.000 kr. að eg eigi get neitt sagt um, hvort það muni vera sanngjarnt verð eður eigi.

> Eg vil eigi láta þess ógetið, að eg hefi munnlega látið hlutaðeigendum í ljósi, að eg áliti, að stiptsyfirvöldin eigi gætu sem stjórnarvöld borið málið fram á næsta alþingi, en, að annarhvor þeirra sem alþingismaður findi sjer skylt, að gjöra málið að uppástungu sinni, þætti mjer vafasamt, einsog mjer einnig virtist eðlilegra, að einhver embættis alþingismaður, sem málið að öðru leyti væri óviðkomandi, tæki það að sjer.
>
> Eiríkur Briem.[274]

Þann 28. júní 1879 sendu Stiptyfirvöldin ofangreind bréf hreppsnefndanna í Svínvatns- og Torfalækjarhreppum, prestsins á Auðkúlu og prófastsins í Húnavatnsprófastsdæmi, varðandi söluna Auðkúluheiðar til Landshöfðingja og báru undir hann hvort ekki væri ástæða til að bera málið undir alþingi:

> Um leið og vjer hjer með virðingarfyllst sendum herra Landsh(öfðingja) þessi skjöl skulum vjer geta þess, að bæði hefur hjeraðsprófasturinn og viðkomandi sóknarprestur í brjefi 16. f. m., sem einnig fylgir, fremur lagt það til, að þessi beiðni hreppanna mætti verða tekin til greina, og vjer getum heldur eigi sjeð prestakallinu búinn óhag að því. Fyrir því leyfum vjer oss virðingarfyllst að skjóta því til herra Landshöfðingjans, hvort ekki sje ástæða til að bera málið undir alþing, verði það eigi útkljáð á umboðslegan hátt.[275]

Frumvarp um sölu á Auðkúluheiði (ásamt Grímstunguheiði) var lagt fyrir Alþingi sumarið 1879 af fyrsta þingmanni Húnavatnssýslu. Það náði hins vegar ekki í gegn og var fellt af þinginu.[276]

Lýsing á takmörkum Auðkúluheiðar var útbúin 4. september 1886 og þinglýst 17. maí 1890. Lýsingin hljóðar svo:

> N° 130.
>
> Takmörk Auðkúluheiðar
>
> Að austan ræður Blanda og Blöndukvísl fram og austur undir Hofsjökul, þaðan með Hofsjökli suður að Jökulfalli, en það ræður merkjum vestur að Hvítá, og í Hvítárvatn, sem er fast við Langjökul, þá að vestan norður með Langjökli, og norður á Öldur, þar tekur við Dalskvíslaland.
>
> Auðkúlu, 4. sept. 1886
>
> Stefán M. Jónsson (L.S.)
>
> Lesið upp á manntalsþingi að Svínavatni, hinn 17. maí 1890, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N° 130, fol. 68.
>
> Vottar: Lárus Blöndal.[277]

[274] Skjal nr. 2(334) a-b.
[275] Skjal nr. 2(335) a-b.
[276] *Alþingistíðindi* 1879. Fyrri partur: Þingskjölin. Reykjavík 1879, bls. v og 156; Alþingistíðindi 1879. Síðari partur: Umræðurnar. Reykjavík 1879, bls. 923-928.
[277] Skjal nr. 2(45).

Þann 26. ágúst 1889 var gerð áreið á heiðar og upprekstrarlandið Dalskvíslar vegna upptöku nýbýlis að Réttarhóli. Tekið var fram að presturinn séra Stefán Jónsson, sem umráðamaður Auðkúluheiðar væri samþykkur ummerkjum nýbýlislandsins að austan. Í dómabókina er ritað:

> Ár 1889 mánudaginn hinn 26. ágúst var sýslumaður í Húnavatnssýslu Lárus Blöndal staddur að býlinu Rjettarhóli í Dalskvíslum ~~sem~~ samkvæmt skipunarbrjefi amtmannsins í Norður og Austuramtinu dags. 17. október f. á. ásamt fjórum tilkvöddum áreiðar og matsmönnum, þeim bændunum Birni Sigfússyni í Grímstungu, Birni Guðmundssyni á Marðarnúpi, Gísla Guðlaugssyni í Forsæludal og Guðmundi Þorsteinssyni í Holti, til þess eptir fyrirmælum í tilskipun 15. apríl 1776 að gjöra áreið á heiðar og upprekstrarlandið Dalskvíslar, sem áður tilheyrði jörðunum Þórormstungu og Forsæludal, en sem bóndinn Björn Eysteinsson á Rjettarhóli hefur keypt af eigendum tjeðra jarða og að undangengnum lögformlegum undirbúningi ~~hefir~~ óskað að upptaka sem nýbýli.
>
> Þess er að geta, að sýslumaður hefur með nægum fyrirvara boðað til áreiðargjörðar þessarar, eigendur og umráðamenn jarða þeirra, sem liggja að Dalskvísla landi, þá bændurna Bjarna Snæbjarnarson í Þórormstungu, Hannes Þorvarðarson á Haukagili, og prestinn sjera Stefán Jónsson á Auðkúlu, sem allir eru persónulega mættir. Bóndinn Björn Eysteinsson var og persónulega viðstaddur, og sýndi heimildarskjal sitt eða afsalsbrjef fyrir Dalskvíslum, dags. 14. janúar 1882. [...][278]

Þá var merkjum væntanlegs nýbýlis lýst eftirfarandi í dómabókinni:

> Samkvæmt fyrrgreindu afsalsbrjefi fyrir Dalskvíslalandi eru merki þess: að utan yfir Bótarfjall vestur að Vatnsdalsá, til austurs yfir Eyjavatn utan til austur á reiðgötur, þaðan til suðurs sem vötn að draga til Vatnsdalsár, að vestan ræður Vatnsdalsá og Strangakvísl.
>
> Sýslumaður og hinir tilkvöddu áreiðarmenn gjörðu þá ályktun að af hinu afsalaða Dalskvíslalandi skyldi bóndanum Birni Eysteinssyni útvísað nýbýlisland með þessum ummerkjum: að austan ræður sjónhendíng frá svokallaðri Karittingatjörn (Karyrlingatjörn) í krókinn á Fellakvísl vestanvert þar sem Kolkukvísl fellur í hana; úr því ræður Fellakvísl til upptaka, en þaðan sjónhending í norðari Búrfjallahala, að sunnan sjónhending frá Fellakvísl um Áfangafell til Stóra-steins við Miðkvísl; að vestan ræður Miðkvísl til Vatnsdalsár, og þaðan Vatnsdalsá út á móts við Bótarfjall, að utan (norðan) eru merkin: úr Vatnsdalsá yfir Bótarfjall til austurs yfir Eyjavatn utan til, austur á reiðgötur. Það skal sjerstaklega tekið fram, að presturinn sjera Stefán Jónsson er, sem umráðamaður Auðkúluheiðar samþykkur ummerkjum nýbýlislandsins að austan.[279]

[278] Skjal nr. 2(10) a-b.
[279] Skjal nr. 2(104) a-b.

Landamerkjabréf Auðkúlu var útbúið 17. maí 1890 og því var þinglýst sama dag:

> Að norðan ræður Svínavatn, sunnan frá svonefndum Dældarenda í Auðkúluskógi út í Svínadalsárós, ræður síðan áin að vestan merkjum millum Grundar og Auðkúlu, þar til kemur á móts við graslaut vestantil í svonefndu langholti, er liggur millum Auðkúlu og Holts. Graslaut þessi, sem nefnd er Merkjalaut, er andspænis vörðu á vesturbakka Svínadalsár, og ræður hún merkjum milli Holts og Auðkúlu austur í Fornmanna kol, er sjást í Langholti, þaðan í vörðu á Hrísbrún. Þaðan í vörðu á vestanverðri há Kúlunni, sem nefnd er Miðsmorgunsvarða frá Holti. Frá þessari vörðu liggur Auðkúlu land fram allan hálsinn, milli Svínadals og Sljettárdals, greinir þar Auðkúluland og Holtsland bein sjónhending frá áðurnefndri Miðsmorgunsvörðu fram á há Hornás, af Hornás sjónhending í vestanverða svo nefnda Tjarnarborg, þaðan beinleiðis í miðja Klaufarhæðir, fram í upptök lækjar í Rútsstaðaklauf, þaðan beinleiðis í há Hvannlækjarbungu, þar fyrir framan tekur við Auðkúluheiði. Þessi beina lína utanfrá Rútsstaðaklauf, fram á Hvannlækjarbungu greinir og Auðkúluland vestanvert frá Rútsstaða- og Hrafnabjargalöndum austanverðum. Að austan ræður merkjum Auðkúlulands áðurnefnd Dæld í Auðkúluskógi, liggur hún frá Svínavatni framanverðu, milli Litlalands og Auðkúlu, upp í hálsbrúnina, þaðan frá svonefndum Dældarhaus, fram austurbrún hálsins, þar til kemur að vörðu á brúninni uppundan læk þeim, er rennur ofan af hálsi næst fyrir utan svo nefnt Ingibjargarsel á Sljettárdal, lækur þessi, sem er takmörk Litladals að sunnan, rennur ofan í Sljettá, og fylgir Auðkúluland honum til árinnar ofan frá vörðunni á hálsbrúninni upp undan læknum. Úr því að Sljettá er komið ræður hún merkjum um Auðkúlulands að austan og Stóradals að vestan til upptaka hennar, suður á vörðu á Bungnaás, þaðan suður í Áshildartjörn og Áshildarlæk, austur í Fiskilæk, þaðan í Vallgil, og að Blöndu, er síðar ræður merkjum heiðarlandsins að austan.[280]

Stefán M. Jónsson staðarhaldari (beneficiarius) skrifar undir bréfið. Það var samþykkt af I. Salome Þorleifsdóttur vegna Stóradals, Guðm. Þorsteinssyni vegna Holts, eigendum Guðlaugsstaða þeim Jóni Guðmundssyni og Elínu Arnljótsdóttur, Sigurði Árnasyni eiganda Rútsstaða, Benedikt Helgasyni eiganda Hrafnabjarga, Þorsteini Þorsteinssyni eiganda Grundar og Jóni Davíðssyni eiganda Þramar.

Í frumvarpi til reglugjörðar um notkun afrétta í Húnavatnssýslu frá árinu 1894 kemur eftirfarandi fram um afréttarnot íbúa Svínavatnshrepps annars vegar og Torfalækjarhrepps hins vegar á Auðkúluheiði:

FRUMVARP FRÁ 1894

til reglugjörðar um notkun afrétta

í Húnavatnssýslu.

[280] Skjal nr. 2(48).

[...]

IV. Svínavatnshreppur.

Allir íbúar Svínavatnshrepps skulu eiga upprekstur á Auðkúluheiði.

V. Torfalækjarhreppur.

Búendur Torfalækjarhrepps skulu eiga upprekstur á Auðkúluheiði, nema þessir bæir: Stóra-Giljá, Beinakelda, Kringla, Skinnastaðir, Húnstaðir, Hjaltabakki, Akur, Holt og Torfalækur, sem skulu eiga upprekstur í Forsæludalskvíslar.

[...]

Á aukanefndarfundi á Blönduósi 24. febr. 1894.

B.G. Blöndal. Pjetur Pjetursson.

Þ. S. Þorláksson. Þorvaldur Bjarnason.

Af þeim ástæðum sem enn skulu undir umræðum málsins á sýslufundi framteknar, er

Ósamþykkur

Á. Á. Þorkelsson[281]

Í fasteignamatinu 1916 kemur eftirfarandi fram í kafla um Auðkúlu:

Upprekstur á Auðkúluheiði, sem er eign jarðarinnar. Heiði þessi, sem allir búendur í Svínavatnshreppi og Torfalækjahreppi eiga rétt til upprekstur á virðist mega skoða, sem sérstaka eign og verður hún því metin sér.[282]

Í fasteignamatinu 1916 kemur eftirfarandi fram í kafla um Auðkúluheiði:

Eigandi: Kirkjujarðasjóður. Notendur fjáreigendur í Svínavatnshreppi og Torfalækjarhreppi.

Heiðarland þetta er mjög víðáttumikið, en meiri hluti þess hrjóstrugt: sandar og hraun, þó eru nokkrir partar vel grösugir, sérstaklega það, sem fjarst liggur bygð, svosem Sandkulufellsfláki, Seyðisárdrög og Biskupstungur. Enn fremur svonefndir Tjarnardalir eða Miðdalir. Allir fjáreigendur í Svínavatnshrepppi og Torfaækjarhreppi eiga samkvæmt dómi rétt til upprekstur fyrir geldfé sitt á heiðarland þetta og eiga samkvæmt gamalli venju að gjalda fjallatoll fyrir það, lamb af hverjum búanda.

Samkvæmt upplýsingum frá hlutaðeigandi umráðamanni, prestinum Stefáni M. Jónssyni á Auðkúlu, eiga árl. að gjaldast 40 lömb í fjallatolla, en aftur

[281] Skjal nr. 2(287) a-b.
[282] Skjal nr. 2(76).

kostar umráðamaður dýravinnslu á heiðina, sem er töluvert kostnaðarsöm, svo nettó tekjur hafa orðið, eftir sögn umráðamanns, 50 - 60 kr árl.

Silungsveiðivötn eru nokkur á heiðinni, en þau eru flest langt frá bygð, svo örðugt er að nota þau veiði.

Heiðarland þetta er all gott afréttarland, fyrir hæfilega margan pening og einungis nothæft til þess, en örðugt til dýravinslu og smölunar, vegna víðáttu og landslags. Í heiðarlandi þessu eru 2 leitarmannaskálar. Annar við Sandkúlufellskvísl en hinn á Kólkuhól, nýbygðir og eign upprekstarfélagsins. Veggir eru hlaðnir úr grjóti og torfi, trégrind og járn undir torfþaki.

Þó nettótekjur af heiðarlandi þessu, hafi eigi verið meiri en að ofan getur, þá er það kunnugt, að umráðamaður hefir sum ár leigt það fyrir rúmar 100 kr, sem ætla má, að hafi verið miðað við það, sem má hafa í tekjur árl. og virðist því hæfilegt að meta heiðarland þetta á kr. 2600.[283]

Í fasteignamatinu 1916 segir eftirfarandi í kafla um Þröm:

Beitiland víðlent, liggur að afrétt.[...] Upprekstur á Auðkúluheiði, sem er kirkjueign.[284]

Í fasteignamatinu 1916 segir eftirfarandi í kafla um Eldjárnsstaði:

Upprekstur á Auðkúluheiði sem er kirkjueign.[285]

Í fasteignamatinu 1916 segir eftirfarandi í kafla um Eiðsstaði:

Upprekstur á Auðkúluheiði.[286]

Í fasteignamatinu 1916 segir eftirfarandi í kafla um Guðlaugsstaði:

Sá hluti landsins, sem er sunnan félagsgirðingar, notast aðeins sem upprekstrarland, enda hefir jörðin undanfarin ár, verið laus við fjallatoll greiðslu, eftir Auðkúluheiði, en á þó rétt til upprekstur þar.[287]

Í fasteignamatinu 1916 kemur eftirfarandi fram í kafla um Stóradal:

Upprekstur á Auðkúluheiði, sem er kirkjueign.[288]

Í fasteignamatinu 1916 kemur eftirfarandi fram í kafla um Ytri-Löngumýri:

Upprekstur á Auðkúluheiði, sem er kirkjueign.[289]

Í fasteignamatinu 1916 kemur eftirfarandi fram í kafla um Hrafnabjörg:

Afréttargirðing, sem er félagseign liggur yfir land jarðarinnar og á jörðin mikið land framan þeirrar girðingar, sem lítið notast, nema til upprekstur

[283] Skjal nr. 2(76).
[284] Skjal nr. 2(76).
[285] Skjal nr. 2(76).
[286] Skjal nr. 2(76).
[287] Skjal nr. 2(76).
[288] Skjal nr. 2(76).
[289] Skjal nr. 2(76).

fyrir pening jarðarinnar, enda hefir hún lengi verið laus við fjallatollagreiðslu. [...] Upprekstur á eigin landi. [290]

Í fasteignamatinu 1916 kemur eftirfarandi fram í kafla um Gafl:

Ágangur mikill af afréttarfé, enda liggur jörðin fast við afréttinn. [...]

Upprekstur á jörðin á Auðkúluheiði og greiðir fjallatoll [...].[291]

Í fasteignamatinu 1916 kemur fram að Mosfell eigi upprekstur á Auðkúluheiði. Þar segir:

Upprekstur á Auðkúluheiði, sem er kirkjueign og þangað greiddur fjallatollur. [...]. Landamerki þinglýst.[292]

Í fasteignamatinu 1916 kemur eftirfarandi fram um Geithamra:

Jörðin á rétt til upprekstur á Auðkúluheiði, sem er kirkjueign og þangað greiddur fjallatollur.[293]

Í fasteignamatinu 1916 kemur fram að Grund eigi upprekstur á Auðkúluheiði.[294]

Í fasteignamatinu 1916 kemur fram að Snæringsstaðir eigi upprekstur á Auðkúluheiði.[295]

Í fasteignamatinu 1916 kemur fram að Ljótshólar eigi upprekstur á Auðkúluheiði.[296]

Í fasteignamatinu 1916 kemur fram að Gafl eigi upprekstur á Auðkúluheiði.[297]

Í almennum athugasemdum fasteignamatsins 1916 fyrir Torfalækjarhrepp kemur eftirfarandi athugasemd fram:

Allar jarðir í þessum hreppi, eiga rétt til upprekstur á Auðkúluheiði, sem er kirkjueign. Undanþegnar fjallatollagreiðslum munu vera nú sem stendur Stóra-giljá og Beinakelda.[298]

Í símskeyti Fossanefndar, dags. 3. apríl 1918, til allra sýslumanna um vatnsréttindi í afréttum kemur fram að nefndin telji vatnsréttindin ótvíræða almenningseign. Símskeytið er svohljóðandi:

Fossanefndin hefir skýrt Stjrinu frá því, að hún hafi komist að þeirri niðurstöðu, að vatnsrjettindi sjeu ótvírætt almenningseign, þó að einstakir menn einn eða fleiri eigi beitirjett þar, og telur nefndin alla þá sölusamninga ólögmæta, sem hreppafjelög, er eiga afrjett í óbyggðum, kynnu að hafa gjört

[290] Skjal nr. 2(76).
[291] Skjal nr. 2(76).
[292] Skjal nr. 2(76).
[293] Skjal nr. 2(76).
[294] Skjal nr. 2(76).
[295] Skjal nr. 2(76).
[296] Skjal nr. 2(76).
[297] Skjal nr. 2(76).
[298] Skjal nr. 2(76).

> um rjettindi, er þau telja sig eiga til vatns og vatnsafla í afrjettum sínum. Samkvæmt þessu skal yður hjermeð tjáð til leiðbeiningar og birtingar fyrir sýslunefndinni (unum) í umdæmi yðar, að landsstjórnin vegna landssjóðsins gjörir tilkall til allra vatnsrjettinda á afrjettum, þar sem tveir eða fleiri eiga eða hafa átt saman sumarbeit og geldfjárbeit.[299]

Með bréfi dagsettu 19. mars 1918 fóru þeir Jón Jónsson, oddviti Svínavatnshrepps, Þórarinn Jónsson, oddviti Torfalækjarhrepps, og F.J. Jónsson, oddviti Blönduóshrepps, fram á það við Stjórnarráð Íslands að fá keypt upprekstrarlandið Auðkúluheiði. Þeir sögðust vera tilbúnir að greiða það ákvæðisverð sem umráðamaður heiðarinnar ákveði og mæli með eða það verð sem virðingarmenn ákveði telji sýslunefndin ástæðu til þess að láta virðingu fara fram. Oddvitarnir létu fylgja með bréfi sínu umsögn og meðmæli umráðamanns Auðkúluheiðar séra Stefáns M. Jónssonar á Auðkúlu.[300]

Umrædd umsögn séra Stefáns er dagsett 22. mars 1918. Þar segir hann að stjórn upprekstrarfélags Svínavatns- og Torfalækjarhrepps hafi beðið sig um að láta umsögn sína varðandi kaup á afréttarlandinu Auðkúluheiði fylgja kaupbeiðni félagsins og hvaða verð honum þætti hæfilegt. Í umsögn sinni segir Stefán:

> Get ég þess þá fyrst, að mér hefir alltaf fundist og finnist enn öll sjálfseign í landinu eðlilegust og blessunarríkust en leiguliðnotkun neyðarkjör og óeðlilegt ástand fyrir báða aðlja, og sömu neyðarkjör tel ég það, er eignarrétturinn er þeim takmörkunum bundinn að eigandinn hefir eigi full not eignar sinnar, öðrum meinalaust. Má skoða upprekstrarfélagið sem leiguliða jarðarábúandans á Auðkúlu, þar sem afrétturinn er hluti af jörðinni Auðkúlu og talinn í hundraðstali hennar, en er þó að hinu leytinu svo takmörkuð eign, að öll afnot hans eru öðrum léð. Gamlir samningar, sem ég að vísu hefi aldrei séð, og veit eigi hvar eru, munu mæla svo fyrir, að upprekstrarfélagið reki geldfé sitt á nefndan afrétt að vorum og fái þar haga handa því að sumrum, fyrir þenna rétt ber hverjum búanda uppr.félagsins að gjalda jarðarábúanda lamb á hausti hverju. Búendatala í uppr.félaginu, hefir verið kringum 50 að jafnaði, en sá vani hefir komist á að 7 býli hafa orðið lambatollsfrí af því þau eiga lönd víðlend, er liggja að heiðinni og hafa ábúendr þessara jarða þókst leggja heiðarpeningi [strikað yfir, til] land til beitar. Nú er fyrir nokkru þessi ástæða burtfallin með öllu, þar sem nú er, á kostnað nokkurra ábúenda í Svínav.hr., lögð girðing fyrir framan bygðina til varnar ágangi á heimalöndin af heiðarpeningi; en gömlum venjum, þó ólöglegar séu, mun erfitt að snúa í rétt horf, og því lítt kleyft að ná heiðartolli af þessum býlum hér eftir. Ennfremur hefir sú venja eða óvenja komizt á, um margt áraskeið, að ábúandinn á Auðkúlu láti, á sinn kostnað hreinsa heiðina að refum gegn lambatollinum; hefir sá kostnaðr numið á stundum all háu gjaldi til frádráttar tekjunum, sem hann hefir haft af heiðinni. Óefað er þetta lögleysa ein, að

[299] Skjal nr. 4(1).
[300] Skjal nr. 2(229).

afrétturinn hafi átt að vera dýrfriðaðr leigðr til beitar, en þetta hefir hver presturinn af öðrum látið hafa sig til friðsemdar vegna, og mun illt að koma því í annað horf án ósamlyndis við marga heiðarnotendr, sem flestir eru sóknarbörn prestsins á Auðkúlu. Enn má geta þess, að síðan 1820, að fjárréttin var í Auðkúlulandi, hefir presturinn orðið að taka á leigu land fyrir réttina handa uppr.félaginu.

Vafalaust hefir heiðarlandið aldrei verið leigt til beitarafnota handa öðrum peningi en geldfé bænda; allar ær voru þá heima yfir sumarið og um stóðhross var ekki að tala, er á fjall væri rekin. Nú er öldin önnur, ærnar með lömbunum allar reknar á heiðina, svo þó nú sé fátt um sauði, er nú miklu fleira fé á heiði en áðr, ærnar fleiri en sauðirnir voru, og lömbin því einnig fleiri, en þó þessum fjárfjölda mismun sé sleft, og lambatollurinn nái til alls sauðfjársins, gat hann aldrei verið gjald fyrir stóðhrossin, sem tiltölulega nýlega eru orðin afréttarpeningr, enda er viðurkenning fyrir þessu sú, að þar til um 1890 var presturinn að miklu leyti laus við gangnaskil á haustin, í notum þess að stóðhross bænda fengi að ganga á afréttinum að sumrum; en nú fyrir 20-30 árum, keypti uppr.félagið, ásamt uppr.fél. Áss og Sveinst.hrepps, svokallað Kvíslaland, heimaland frá Forsæludal í Áshr., sem liggur að Auðkúluheiði að vestan, með það fyrir augum, að stóðhrossin gengi þar yfir sumarið; var þá um leið dembt á ábúandan í Auðkúlu fullum gangnaskilum, en á heiðinni ganga stóðhrossin einsog áðr og fjölgar árlega.[301]

Næst ræðir Auðkúluprestur um þau hlunnindi sem hafa má af heiðinni en þar er fjöldi fiskivatna með silungi í og allt krökkt af fjallagrösum:

Á Auðkúluheiði er fjöldi fiskivatna (silungs), og krökt er þar af fjallagrösum, þessi hlunnindi hafa orðið prestinum hér að litlum, og má segja engum notum; heiðin, hvað þetta snertir, skoðuð sem almenningr, en grös hafa nú lítið verið tekin um nokkr ár. Til endurgjalds fyrir öll þessi not af dýrfriðaðri heiðinni, hefir lambatollurinn einn átt að nægja, sem auðvitað upphaflega hefir verið fyrir geldfjárhagan einan; enda hefi ég rekið mig á í blöðum eftir einn prest hér fyrir og um miðja n.l. öld, að hann hefir gjört sérstaka kröfu til endurgjalds fyrir hvern grasahest úr heiðarlandinu og hvert stóðhross á heiðinni; já jafnvel ómerkinga, er af afréttinni koma álítur hann sína eign; en þreyttr mun hann hafa orðið á þeirri innheimtu, og næsti prestur á eftir honum, treystist eigi til að ná nokkru gjaldi fyrir grös og veiði (sbr. bréf hans til stiftsyfirvalda 16. maí 1879 með umsókn þáverandi uppr.fél. um kaup á heiðinni); fyrir stóðhross fékk hann, einsog áðr er sagt, lítilfjörl. þóknun. Um flest af þessu má segja með nokkrum sanni, að eftirgangsleysi eða meinleysi prestanna sé um að kenna, að þeir hafi ekki haft meira gegn af heiðarlandinu, en hægra er um að tala en í að komast, að lagfæra ákomið ólag; og sérstaklega

[301] Skjal nr. 2(229).

er þetta erfitt fyrir það, að samningsskjölin eru ekki í höndum ábúandans, og lög um þetta efni óljós og úrelt.[302]

Auðkúluprestur segir að af ofansögðu virðist sem heiðarland þetta ætti að geta fært jarðarábúanda Auðkúlu álitlegar tekjur ef hagatollur væri skilvíslega greiddur og sanngjarnt gjald væri sett á önnur not á heiðinni. Hinsvegar muni fáir prestar vilja sinna því umstangi og óánægju sem slíkri innheimtu fylgi, ekki síst þegar haft er í huga að aðaltekjulindin, þ.e. lambatollurinn er afar óvinsælt gjald. Hann segir það einnig ranglátt að allir búendur gjaldi jafnt, þ.e. 1 lamb, óháð fjölda fjár á heiði enda hafi það jafnan gengið svo að 1 lamb eða lambsverð hefur verið hámark gjaldsins. Hinir fátækari hafi borgað eftir samkomulagi hluta af lambsverði og sumir ekki neitt. Öll lömb sem nú ganga á fjalli eru dilkar en lambatollurinn varð til á þeim tíma er aðeins var um fráfærð lömb að ræða, þá vanalega 4-5 kr. en nú er hver dilkur 15-20 kr. virði og mun mönnum ekki lítast á að þurfa að greiða svo mikið fyrir. Auðkúluprestur segir að þeim sé nokkur vorkunn í því enda sé fyrir mun fleira fé að gjalda nú en áður. Hins vegar verði því ekki neitað að heiðarlandið sem er talið stór og góður afréttur sé upprekstrarfélaginu svo nauðsynlegt að segja mætti að öll sauðfjárrækt hlutaðeigandi sveita standi og falli með því.

Auðkúluprestur telur að það liggi ljóst fyrir hversu mikil vandkvæði séu á að umrætt heiðarland veiti staðarhaldaranum á Auðkúlu tilætlaðan arð eins og sakir standa. Þá telur hann eðlilegast og hentugast að hvert upprekstrarfélag hafi sjálft veg og vanda af afrétti sínum. Við sölu heiðarinnar munu öll vandræði, misrétti og óánægja sem leiðir af núverandi fyrirkomulagi hverfa. Einnig hverfi sú hætta, sem margt bendir til að allt stefni í, sem er að litið verði á heiðina sem almenning. Þá muni með sölunni komast á eini rétti mælikvarðinn á heiðartollana, þ.e. að víst auratal komi á hverja skepnu er á heiðinni gengur og að ekki aðeins bændurnir þurfi að standa straum af gjaldinu heldur einnig vinnumenn, húsmenn og lausamenn sem hingað til hafi haft notin en engin útgjöld þrátt fyrir að eiga fjölda af fé og hrossum á heiðinni. Fari svo að Stjórnarráðið heimili ekki sölu heiðarinnar þá segist Auðkúluprestur ekki sjá að hjá því verði komist að gera nýja samninga um notin, eða setja ný skýr lög um gjöld fyrir notin. En flestir afréttir munu nú vera komnir í eigu upprekstrarfélaga.

Hvað verðið varðar þá finnst Auðkúlpresti ekki rétt að líta á hvað hafa mætti uppúr landinu á spekúlanta eða braskara vísu. Þá ætti ekki heldur að miða við hið óeðlilega verð hins óeðlilega ástands nútímans heldur fara sem næst sannvirði á eðlilegum tíma. Lægsta verð sem hann telur að eigi að selja heiðina á er 3,500 kr. en með 5% vöxtum sé það mjög nærri því gjaldi sem presturinn hefði átt að hafa upp úr skilvísri greiðslu hinna gömlu fjalltolla sér að kostnaðarlausu. Verð þetta sé aðeins 500 kr. hærra en boðið var í heiðina árið 1879 og vísar í bréf til stiftsyfirvalda, frá 16. maí 1879,[303] því til staðfestingar. Hann hvetur því stjórnvöld að selja heiðina fyrir

[302] Skjal nr. 2(229).
[303] Skjal nr. 2(333) a-b.

minnst 3,500 kr. og að Auðkúlupresti verði greidd, í stað heiðartolls og endurgjalds fyrir notkun heiðarinnar, árleg upphæð sem samsvarar 5% af vöxtum söluverðsins. Þá skuli Auðkúluprestur einnig njóta ókeypis upprekstur fyrir fénað sinn á afréttinn og allar þær kvaðir sem hingað til hafa hvílt á honum, sem ábúanda og umráðamanni Auðkúlu, heiðarinnar vegna skuli færast yfir á upprekstrarfélagið.[304]

Í framhaldi af þessu voru matsmenn fengnir til að virða afréttarlandið Auðkúluheiði og er virðingargerð þeirra dagsett 6. maí 1918. Þar segir:

> Heiðarland þetta er mjó landspilda, er liggur frá heimalöndum Svínavatnshrepps, suður á há-Kjalhraun; eða eptir því sem vötn að draga. Á alllöngu svæði um miðbik þess, mun það vera nálægt hálfri mílu á breidd, en fer svo smábreikkandi til fremstu grasa. Norðasti hluti heiðarinnar er allgott beitiland fyrir fé, en lítið um hrossahaga. Miðbik hennar er gróðurlítið hálendi, og sandauðnir sem altaf eru að færast út. En mikið af syðsta hlutanum, er allgott haglendi fyrir hross og fé. – Viðvíkjandi notagildi heiðarinnar skal þess getið, að hún er mjög ervið til afnota þar besta land hennar liggur um dagleið frá byggð.
>
> Til samanburðar um verðmæti Auðkúluheiðar skal það tekið fram, að hliðstæð afréttarlönd sem nylega hafa verið seld t.d. Forsæludalskvíslar seldar á kr 1200,00 – að okkar áliti sem 2/3 af Auðkúluheiði. Grímstunguheiði með hálfum Lambatungum seld: kr. 1700,00 – að okkar áliti jafngild Auðkúluheiði. Haukagilsheiði með hálfum Lambatungum seld: kr. 500,00 að okkar áliti sem [strikað yfir, einn þ] 1/3 af Auðkúluheiði.
>
> Með tilliti til þess, að þessi afréttarlönd vóru seld áður en fasteignir stigu verulega í verði, ályktum við sannvirði nú á Auðkúluheiði: kr. 2600,00 (tvö þúsund og sex hundruð kr.).[305]

Stjórnarráðið seldi Svínavatns-, Torfalækjar- og Blönduóshreppi afréttarlandið Auðkúluheiði fyrir 3,500 kr. og er afsalið dagsett 5. júlí 1918. Tvö afrit að uppkasti afsalsins er að finna í skjalasafni Stjórnarráðsins og eru samhljóða fyrir utan handskrifaða klausu. Þar er kveðið á um að umráðamaður Auðkúlustaðar skuli við söluna leystur undan öllum skyldum og kvöðum sem hingað til hafi á honum hvílt vegna afréttarlandsins og að þær skuli færast yfir á kaupandann. Þá skuli sóknarpresturinn að Auðkúlu hafa gjaldfrjálsan upprekstur í nefnda afréttt fyrir allt sitt sauðfé.[306]

Á manntalsþingi, höldnu að Svínavatni þann 28. maí 1919, var þinglýst afsali fyrir afréttarlandinu Auðkúluheiði, dags. 5. júlí 1918, þar sem Ráðherra Íslands selur Svínavatns-, Torfalækjar- og Blönduóshreppum heiðina. Eftirfarandi var innfært í dómabók sýslunnar:

[304] Skjal nr. 2(229).
[305] Skjal nr. 2(229).
[306] Skjal nr. 2(228).

II. Þinglesin þessi skjöl

1. Afsal, dags. 5/7 1918. Ráðherra Íslands selur Svínavatns-, Torfalækjar- og Blönduóshreppum afrjettarlandið Auðkúluheiði. Verð 3500 kr.[307]

Með bréfi dagsettu þann 29. desember 1919, óskaði Stjórnarráð Íslands eftir skýrslu frá sýslumönnum um þau svæði sem talin væru til almenninga eða afrétta innan sýslna hvers og eins sýslumanns.[308]

Í svarbréfi sýslumannsins í Húnavatnssýslu, dags. 28. apríl 1920, til Stjórnarráðsins vegna fyrirspurnarinnar frá 29. desember 1919 um almenninga og afrétti, kemur fram að sýslumaður hafi aflað umsagna hjá hlutaðeigandi hreppstjórum og telji hann engin landsvæði í umdæmi sínu falla undir þá skilgreiningu nema hina svonefndu Almenninga í Skagaheiði.[309]

Svar hreppstjóra Svínavatnshrepps, dagsett 22. febrúar 1920, vegna fyrirspurnar sýslumanns um almenninga og afréttarlönd í Húnavatnssýslu hljóðar svo:

> Hreppsstjóri Svínavatnshrepps.
>
> Litladal, 22. febr. 1920
>
> Með brjefi dags. 30. f. m., hafið þjer, háttvirti sýslumaður spurst fyrir um hvort innan Svínavatnshrepps sjeu nokkur svæði, „sem eru almenningar, svo og um afrjettarlönd, sem ekki sannanlega hafi tilheyrt, eða nú tilheyra nokkru lögbýli.
>
> Fyrirspurn þessari svarast ákveðið neitandi.
>
> Afrjettarland það – Auðkúluheiði – sem liggur hjer að bygð, nær alla leið að fjórðungsmótum á há Kili og hefir Auðkúluheiði tilheyrt prestsetrinu Auðkúlu hjer í hreppi frá ómuna tíð þangað til 1918, að hún var seld Upprekstrarfjelagi Auðkúluheiðar.
>
> Bjarni Jónasson.[310]

Í ritinu *Göngur og réttir* II, frá árinu 1949, kemur eftirfarandi fram í kafla um göngur á Auðkúluheiði:

> Allt þetta tímabil, frá 1750 og fram yfir aldamót 1800 höfðu ekki nema örfáir bændur fé sitt á Auðkúluheiði, og smöluðu þeir því sjálfir og drógu það í sundur hjá Eiðsstöðum í Blöndudal. Nokkrir sveitarbúar höfðu kindur sínar að sumrinu í heimahögum, en flestir ráku á Sauðadal og smöluðu hann og réttuðu í Giljárrétt við Giljá, skammt fyrir ofan Stóru-Giljá.
>
> Á þessum árum munu engir fjallatollar hafa goldizt til Auðkúlu, þar sem þeir fáu menn, sem notuðu heiðina, voru þeir, sem áttu víðlend heimalönd, sem lágu að heiðinni, og voru því fjallatollsfríir.

[307] Skjal nr. 2(223) a-b.
[308] Skjal nr. 4(3).
[309] Skjal nr. 4(4).
[310] Skjal nr. 4(8).

Aftur munu nokkrir hafa goldið fjallatolla til Ólafs Tómassonar, er þá bjó á Stóru-Giljá og átti Sauðadal.[311]

Í ritinu *Göngur og réttir* II, frá árinu 1949, segir eftirfarandi um landamerki Auðkúluheiðar:

Landamerki Auðkúluheiðar eru samkvæmt fornum skjölum Auðkúlustaðar:

Að austan frá Vallgili sunnan við Þramarland ræður Blanda og Blöndukvísl merkjum til upptaka sinna vestan í Hofsjökli, svo suður með Hofsjökli til upptaka Jökulfalls, sem er allstórt vatnsfall, er kemur úr Hofsjökli norðan Kerlingarfjalla. Ræður svo Jökulfjall merkjum þar til það fellur í Hvítá. Að sunnan ræður svo Hvítá og Hvítárvatn merkjum til Langjökuls.

Að vestan eru merkin frá norðri til suðurs: Úr Karyrðlingatjörn í há-Friðmundarhöfða, þaðan bein lína í Fellakvísl, þar sem Kolkukvísl fellur í hana, svo eftir því sem Fellakvísl ræður til upptaka hennar. Þaðan bein lína í Búrfjallahala norðari og þaðan í Langjökul.

Eins og að ofan getur, eru þessi merki samkvæmt fornum Auðkúluskjölum, en síðan um 1870 hafa Biskupstungnamenn notað fyrir sinn afréttarpening landið frá Hvítárvatni og Jökulfalli norður á há-Kjalhraun og vilja eigna sér land svo langt norður sem vötn falla til suðurs.

Samkvæmt Auðkúluskjölum voru merki að norðan ekki fastákveðin á milli heiðar og heimalands Auðkúlu. En þegar heiðin var seld frá heimajörðinni, munu merkin hafa verið talin frá Vallgili til vesturs um há-Helluvörðuháls í Karyrðlingatjörn.[312]

Árið 1950 skrifar Páll Kolka m.a. eftirfarandi um Auðkúluheiði:

Fram yfir síðustu aldamót [1900] lá Auðkúluheiði undir Auðkúlupresta, sem fengu lambatolla af öllu upprekstrarsvæðinu.[313]

Árið 1950 skrifar Páll Kolka ítarlegan kafla um Auðkúluheiði. Hann hljóðar svo:

AUÐKÚLUHEIÐI.

Norðurmörk Auðkúluheiðar eru talin frá Vallgili, sem gengur þvert í Blöndugil nyrzt, og beint í Eystra-Friðmundarvatn, sem er í hásuður frá Sléttárdal. Úr því rennur, sem fyrr er sagt, Fiskilækur í Gilsvatn, en Gilsá úr því milli Heygarðsáss og Eldjárnsstaðabungu norður og austur í Blöndu. Örstutt leið er frá Eystra-Friðmundarvatni að Vestara-Friðmundarvatni, en þar eru þó vatnaskil, því að úr vestara vatninu rennur Friðmundará niður í Forsæludal. Vestara vatnið er miklu stærra. Vestan við það og norðan við Friðmundará er Friðmundarhöfði, sem er snarbrattur að sunnan og blasir við

[311] Bragi Sigurjónsson, *Göngur og réttir* II, (1949), bls. 112-113.
[312] Bragi Sigurjónsson, *Göngur og réttir* II, (1949), bls. 98.
[313] Páll V. G. Kolka, *Föðurtún*, (1950), bls. 158.

af Hveravallavegi. Fyrir utan þessi vötn eru Hálsarnir. Þar er allt gróið land, hrískendi og flóar, og heldur svo fram niður í Svínadal og Sauðadal.

Hveravallavegur liggur fast með austurbakka Eystra-Friðmundarvatns. Sunnan við það er Vatnabunga, sem farið er yfir, og taka þá við þrjú vötn frá vestri til austurs, Mjóavatn, Þrístikla og Galtaból, sem er austur undir Blöndugili. Tvö þau síðastnefndu eru án afrennslis, og er farið milli þeirra. Mikil silungsveiði er í öllum þessum vötnum, sem nú hafa verið nefnd.

Suður af Mjóavatni eru Fellin, sem liggja frá norðri til suðurs. Nyrzt er Áfangafell, en svo Sauðafell, og er Sauðafellsflá á milli þeirra. Þá tekur við Hanzkafell, sem er minnst um sig, og allmiklu sunnar Sandkúlufell, sem er þeirra hæst, 836 m. Sandá kemur úr Sauðafellsflá og rennur austur í Blöndu lítið eitt norðar en gegnt Galtará. Farið er yfir hana og lítið eitt sunnar yfir Ullarkvísl, sem í hana rennur að austan og hefur því öfuga stefnu við allar aðrar ár á þessari leið. Austur við Blöndu eru hæðir, og er þar nyrzt Sandárhöfði, sunnan við Sandá, nokkuru sunnar Helgufell, sem er á móts við Sauðafell og Hanzkafell og stærst um sig allra Fellanna. Suður af því er Arnarbæli, háls með smáfellum á, og liggur Hveravallavegur eftir því. Þaðan er gott útsýni austur yfir Blöndu, og sést þaðan vel yfir Álfgeirstungur og Guðlaugstungur, Sáta og Bláfell norður af Hofsjökli, fjallaröðin austur af framanverðum Skagafirði, en Mælifellshnjúkur í norðri. Í góðu skyggni sést Kerling upp af Eyjafirði lengst til austurs. Arnarbæli er austur af Sandkúlufelli.

Kúlukvísl kemur undan Sandkúlufelli og rennur austur í Blöndu fyrir sunnan Arnarbæli.

Vestur af Sauðafelli eru Öldur, sandorpið land og grúðurlítið, enda tekur Stórisandur við vestur og suður af þeim. Öldurnar eru taldar 18, eins og segir í þessum vísuhelmingi, sem botnaður hefur verið af gangnamönnum á marga vegu, og eru sumir þeir botnar ekki prenthæfir:

Átján öldur undir Sand
eru frá Sauðafelli.

Skagfirðingavegur lá yfir Öldur og norðan við Sauðafell til Blönduvaða, sem eru nokkuð fyrir norðan Helgufell.

Búrfjöll eru allhár og mjög tindóttur fjallaklasi, sem gengur frá suðri til norðurs og er á milli Sandkúlufells og norðausturhala Langjökuls. Austur af þeim, en sunnan við Sandkúlufell, eru Seyðisárdrög, stór og grasi vaxin flatlendisbreiða. Úr þeim og Búrfjöllum kemur Seyðisá, sem rennur austur í Blöndu, og er mest af þveránum þeim megin, enda renna í hana Beljandi frá vestri og Þegjandi frá suðri. Hveravallavegurinn nýi, sem Húnvetningar ruddu haustið 1948, liggur yfir ár þessar rétt ofan við staðinn, þar sem þær renna saman í eitt. Beljandi dregur nafn sitt af fossum og flúðum, en Þegjandi rennur lengi í stokk og er lygn. Hann kemur alla leið sunnan úr Rjúpnafelli, og rennur í hann lækur af Hveravöllum. Alkunn er þessi vísa:

Þrettán lækir í Þegjanda,
Þegjandi í Beljanda,
Beljandi í Blöndu þó,
en Blanda rennur út í sjó.

Ekki getur þetta þó talizt rétt lýsing, nema því aðeins að neðri hluti Seyðisár hafi áður verið talinn til Beljanda. Í öllum þessum ám er bergvatn nema í Hvannavallakvísl, sem kemur vestan úr Langjökli milli Búrfjalla og Þjófadalafjalla og rennur í Þegjanda nokkuð fyrir norðan Hveravelli.

Auðkúluheiði er hrjóstrug milli Sandár og Kúlukvíslar, en frá Kúlukvísl og allt suður undir Kjalhraun er graslendi mikið, einkum í Biskupstungum, sem liggja milli Blöndu og Þegjanda. Þar heitir Biskupsáfangi, er Þegjandi rennur í Seyðisá, og er þar haglendi ágætt. Suður af Biskupstungum eða syðst í þeim er Dúfunesfell, en suður af því eru rennisléttir sandar að Rjúpnafelli, sem er miklu stærra og liggur í norðausturjaðri Kjalhrauns. Sandbreiða þessi heitir Dúfunefsskeið, síðan Þórir dúfunef reyndi þar Flugu sína í kappreið við Örn, sem um getur í Landnámu. Þetta er því eitthvert elzta örnefnið á Auðkúluheiði.

Svæðið milli Langjökuls og Hofsjökuls heitir – sem alkunnugt er – Kjölur, því að þaðan hallar bæði til Norðurlands og Suðurlands. Kjalhraun tekur yfir mikinn hluta þessa svæðis, en þó eru milli þess og Hofsjökuls allbreiðir sandar, sem vegurinn milli landsfjórðunganna liggur nú um. Sunnan til í miðju hrauninu er Kjalfell, 1000 m. hátt yfir sjó, en norður af því eru Strýtur, og eru þar gosstöðvar hraunsins. Samkvæmt þinglesnum skjölum eiga Húnvetningar afrétt alla á Kili, allt suður að Jökulfalli, eins og það ræður, til Hvítár og Hvítárvatns, þar með talið allt Hvítárnes og Fróðárheiði norðan vatnsins. Leituðu þeir og land þetta allt áður fyrr, eða fram yfir miðja síðustu öld, og var fé þeirra og Sunnanmanna dregið sundur í Hvítárnesi. Síðan mun það hafa orðið að samkomulagi, að Árnesingar fengju afnotarétt af því svæði, sem liggur sunnan við Hákjöl, og var þá farið að draga sundur við Seyðisá og í Gránunesi, sem er við Svartá suður af Kjalfelli. Þetta tókst af, er mæðiveikisgirðingin var lögð yfir heiðarnar langt fyrir norðan Kjöl og Húnvetningum var þann veg varnað að nota afréttarlönd sín fyrir sunnan girðinguna.

Norðaustan við Kjalfell er Beinhóll, þar sem Reynistaðabræður urðu úti 1780, en þar lá Kjalvegur áður yfir hraunið. Síðan var vegurinn færður vestur fyrir það meðfram Þjófafelli, en nú er komin bílfær leið yfir Kjöl eftir söndunum fyrir austan hraunið. Náði hún til Hveravalla, sem eru fyrir norðan hraunið, syðst á Auðkúluheiði. Sumarið 1948 var ruddur bílfær vegur upp frá Auðkúlurétt til Hveravalla um 70 km. leið, að mestu fyrir frjálst samskot Húnvetninga, sem vígðu veginn með því að fara hann á 14 bifreiðum í einum hóp og draga sýslumerki Austur-Húnvetninga, birnuna með húnana, á stöng á Hveravöllum.

> Hveravellir eru eitt af mestu jarðhitasvæðum landsins og það langmesta í Húnavatnssýslu. Einkennilegustu hverirnir eru Bláhver, sem er víður og heiðblár að lit, og Öskuhver, sem gýs eintómri gufu með miklum hvin. Vestan við hverasvæðið er Eyvindartóft, þar sem kofi Fjalla-Eyvindar var, en það er lítil hraungjóta, sem hlaðið hefur verið að og reft yfir eða byrgt með hellum. Framan við hana er Eyvindarhver, þar sem útlaginn sauð mat sinn, en Eyvindur hafðist um skeið við á Hveravöllum, sem kunnugt er. Fleiri örnefni á þessum slóðum eru kennd við útlaga, því að skammt fyrir norðan Beinahól er Grettishellir, þar sem talið er, að Grettir hafi hafzt við.
>
> Vestur af Hveravöllum og Kjalhrauni eru Þjófadalfjöll í beinu áframhaldi suður af Búrfjöllum. Hæstu hnjúkarnir þar, Oddnýjarhnjúkur og Rauðkollur, eru um 1050 m. háir. Austan við Þjófadalafjöll er Þjófafell eða Hrútfell, tengt við þau að norðan af Þröskuldi. Milli Þjófadalafjalla og hraunjaðarins eru Tjarnardalir, og rennur lækur úr þeim norður í Hvannavallakvísl, en þegar farið er upp úr þeim yfir Þröskuld, sér ofan í Þjófadal eða Hvinverjadal, sem er opinn til suðurs og mjög grösugur. Þar er sæluhús Ferðafélagsins og annað stærra á Hveravöllum. Sunnan við Þjófadalafjöll gengur fjallarani austur úr Langjökli, og heitir suðurhlíð hans Fagrahlíð, enda er hún mjög grösug, en sunnan við kvísl þá, sem rennur við rætur hennar, rís jökulbreiðan. Kvíslar þær, sem koma úr austurenda Langjökuls, sameinast í Fúlukvísl, sem rennur suður í Hvítárvatn. Í hana rennur og lækur úr Hvinverjadal, svo að Þröskuldur ræður vatnaskilum milli Blöndu og Hvítár.[314]

Páll Kolka lýsir heiðum í Húnavatnssýslu í þar til gerðum kafla í riti sínu *Föðurtúnum* árið 1950. Þar segir svo:

> Vestan Blöndu er fyrst Auðkúluheiði, sem er mjó, en nær alla leið suður á miðjan Kjöl. Þá taka við Forsæludalskvíslar hið næsta byggðinni, og ná þær vestur að Vatnsdalsá, en síðan Grímstunguheiði vestur að Álftaskálará og Haukagilsheiði þaðan að Heiðamótaás suður af Víðidalsfjalli. Suður af þeim eru Öldur og Stórisandur. Upp af vestursýslunni er fyrst Víðidalstunguheiði, sem nær vestur að Fitjaá, en suður af henni er Arnarvatnsheiði, fyrir vestan Stórasand. Þá er Aðalbólsheiði eða Lambatungur. Núpsheiði, Húksheiði og Staðarafrétt, sem liggur næst Hrútafjarðará. Þessi síðastnefndu afréttarlönd mynda norðurhluta Tvídægru.[315]

Páll Kolka skrifar svo um Auðkúluheiði í kafla um Forsæludalskvíslar árið 1950:

> FORSÆLUDALSKVÍSLAR.
>
> Fellin eru talin vesturjaðar Auðkúluheiðar, en fyrir vestan þau taka við Forsældalskvíslar frá Friðmundará suður að Öldum. [...]

[314] Páll V. G. Kolka, *Föðurtún*, (1950), bls. 425-429.
[315] Páll V. G. Kolka, *Föðurtún*, (1950), bls. 421-422.

> Upprekstur á Auðkúluheiði eiga Svínavatns-, Torfalækjar- og Blönduóshreppar. Göngur á heiðina tóku heila viku, meðan gengið var suður í Gránunes, enda voru ýmis sæluhús og gangnamannakofar á heiðinni og í Kvíslum, svo sem á Hveravöllum, við Kúlukvísl, á Kolkuhóli norðan við Kolkukvísl, Réttarhóli í tungunni milli Fellakvíslar og Miðkvíslar, og við Riðavík norður úr Vestara-Friðmundarvatni.[316]

Eftirfarandi sala til Upprekstrarfélags Auðkúluheiðar átti sér stað þann 31. desember 1963:

> Jósef Sigurvaldason og Georg Sigurvaldason eigendur Eiðsstaða í Svínavatnshreppi, Ingimar Sigurvaldason og Þorsteinn Sigurvaldason eigendur Eldjárnsstaða í sama hreppi selja hér með og afsala Upprekstrarfélagi Auðkúluheiðar þann hluta af landi jarðanna, er liggur framan heiðargirðingar, vestan línu er dregin sé af næstu brún austan Eiðsstaðahliðs í beina sjónhending á há Þramarhaug.
>
> Kaupverðið er ákveðið kr. 25.000.- -tuttugu og fimm þúsund krónur -. Auk þess fá ábúendur Eldjárnsstaða til eignar og umráða hjá Upprekstrarfélagi Auðkúluheiðar, þann hluta af Þramarlandi, er liggur norðan línu nyrst úr Þramarhaug í svokallaðan Landsenda við Blöndu.
>
> Seljendur skulu hafa sama rétt til beitar á landinu ásamt veiðirétti í Gilsá og Gilsvatni eins og verið hefur, meðan þeir búa á jörðunum.
>
> Upprekstrarfélag Auðkúluheiðar lofar að halda við girðingu þeirri, er liggur úr austara Friðmundarvatni í Blöndugil, meðan seljendur búa á áðurnefndum jörðum.
>
> Kaupin á landinu miðast við fardaga vorið 1962, og er kaupverðið þegar að fullu greitt.
>
> Til staðfestu nöfn seljenda og oddvita viðkomandi hreppa í viðurvist tveggja vitundarvotta.[317]

Undir samninginn skrifuðu Jósef, Ingimar, Georg og Þorsteinn Sigurvaldasynir auk Guðmundur B. Þorsteinssonar oddvita Svínavatnshrepps og Torfa Jónssonar oddviti Torfulækjarhrepps.

Svínavatnshreppur seldi fjallskilasjóði Torfalækjar- og Blönduóshrepps jörðina Þröm og er afsalið dagsett 31. desember 1963. Afsalið var ónákvæmlega orðað og leiddi það til leiðréttingar síðar en það er svohljóðandi:

> Svínavatnshreppur selur hér með fjallskilasjóði Torfalækjar og Blönduóshrepps jörðina Þröm í Svínavatnshreppi eins og hún kemur fyrir. Kaupverðið er ákveðið kr. 10550.oo – tíu þúsund fimmhundruð og fimmtíu krónur og er það allt greitt.

[316] Páll V. G. Kolka, *Föðurtún*, (1950), bls. 429-430.
[317] Skjal nr. 2(46).

> Kaupin á jörðinni miðast við 31. des. 1962, og leggst jörðin þar með undir Auðkúluheiði.[318]

Guðmundur B. Þorsteinsson oddviti Svínavatnshrepps og Torfi Jónsson oddviti Torfalækjarhrepps skrifuðu undir afsalið. Því var svo þinglýst á manntalsþingi að Dalsmynni 29. október 1964.

Þann 31. desember 1963 seldu þeir Jósef Sigvaldason og Georg Sigvaldason, eigendur Eiðsstaða í Svínavatnshreppi og Ingimar Sigurvaldason og Þorsteinn Sigurvaldson, eigendur Eldjárnsstaða í Svínavatnshreppi:

> [...] Upprekstrarfélagi Auðkúluheiðar þann hluta af landi jarðanna, er liggur framan heiðargirðingar, vestan línu er dregin sé af næstu brún austan Eiðsstaðahliðs í beina sjónhending á há Þramarhaug.
>
> Kaupverð er ákveðið kr. 25000,oo – tuttugu og fimm þúsund krónur -. Auk þess fá ábúendur Eldjárnsstaða til eignar og umráða hjá Upprekstarfélagi Auðkúluheiðar, þann hluta af Þramarlandi, er liggur norðan línu nyrst úr Þramarhaug í svokallaðan Landsenda við Blöndu.
>
> Seljendur skulu hafa sama rétt til beitar á landi ásamt veiðirétti í Gilsá og Gilsvatni eins og verið hefur, meðan þeir búa á jörðunum.
>
> Upprekstarfélag Auðkúluheiðar lofar [lofar, ofan línu] að halda við girðingu þeirri, er liggur úr austara Friðmundarvatni í Blöndugil, meðan seljendur búa á áðurnefndum jörðum.[319]

Undir afsalið skrifa Guðmundur B. Þorsteinsson oddviti Svínavatnshrepps, Torfi Jónsson oddviti Torfalækjarhrepps, Jósef Sigurvaldason, Ingimar Sigurvaldason, Georg Sigurvaldason og Þorsteinn Sigurvaldason. Afsalið var lesið upp á manntalsþingi að Dalsmynni 29. október 1964.

Í *Árbók Ferðafélags Íslands* frá árinu 1964 segir svo frá Auðkúluheiði:

> **2. Auðkúluheiði**
>
> [...]. Að norðan ræður sjónhending úr Káritlingatjörn austur í Vallgil við Blöndu. Er sú vegalengd aðeins 8.5 kílómetrar. Frá Vallgili ræður Blanda suður í Hofsjökul.
>
> Suðurtakmörk Auðkúluheiðar voru frá fornu fari talin suður í Hvítárnesi. Á manntalsþingi að Svínavatni 17. Maí 1890 var lesin af L. Blöndal sýslumanni og skráð í landamerkjabók Húnavatnssýslu eftirfarandi landamerkjaskrá Auðkúluheiðar: „Að austan ræður Blanda og Blöndukvísl fram og austur undir Hofsjökul, þaðan með Hofsjökli suður að Jökulfalli, en það ræður merkjum vestur að Hvítá og í Hvítárvatn, sem er fast við Langjökul, þá að vestan norður í Öldur. Þar tekur við Dalkvíslaland.
>
> Auðkúlu 4. Sept. 1886.

[318] Skjal nr. 4(177).
[319] Skjal nr. 4(178).

Stefán M. Jónsson.“.[320]

Þann 21. júní 1984 lýsti Guðmundur Guðjónsson afréttarmörkum milli Auðkúlu- og Grímstunguheiðar eftirfarandi:

> Mörkin eru dregin úr Fellakvísl um Búrfjallahala upp í Langjökul á milli Hundavatna.
>
> Með hliðsjón af mörkum Borgfirðinga sem eru í Lyklafell er réttara að draga ofannefnda línu ofar í Búrfjallahala, þannig að suðurhluti hennar færist austar. Mörkin verða þá um nesið sem gengur suður í austara Hundavatn og í Lyklafell. Þaðan er svo bein lína upp í jökul og á Auðkúluheiði þar land á móti Borgfirðingum.
>
> Austurmörk Kvíslalands eru Strangakvísl að upptökum og þaðan í Búrfjallahala.[321]

Eftirfarandi auglýsing um bann við upprekstri hrossa á Auðkúluheiði í Austur-Húnavatnssýslu var birt í B-deild Stjórnartíðinda 1984:

> Nr. 329. 14.júlí 1984.
>
> Auglýsing um bann við upprekstri hrossa á Auðkúluheiði í A.-Húnavatnssýslu.
>
> Landbúnaðarráðuneytið hefur skv. heimild í 5. mgr. 23. gr. laga nr. 17/1965 um landgræðslu, sbr. 2. gr. laga nr. 42/1982, ákveðið að banna upprekstur hrossa á Auðkúluheiði í Austur-Húnavatnssýslu, þ.e. sameiginlegan afrétt Torfalækjarhrepps, Blönduóshrepps og Svínavatnshrepps. Bann þetta tekur til svæðis, sem afmarkast af Blöndu að austan, að norðan af afréttargirðingu, sem liggur frá Blöndu sunnan Eiðsstaða í Vatnsdalsá, að vestan af afréttarmörkum Auðkúluheiðar og Grímstunguheiðar og sauðfjárveikivarnagirðingu á Kili að sunnan.
>
> Bannið gildir frá og með 15. júlí n.k. og til ársloka 1984.
>
> Um brot gegn banni þessu fer eftir ákvæðum 42. gr. laga nr. 17/1965 um landgræðslu sbr. 40. gr. laga nr. 10/1983.
>
> Landbúnaðarráðuneytið, 14. júlí 1984.[322]

Í ódagsettri skrá yfir afrétti frá 1985 frá sýslumanninum í Húnavatnssýslu er afréttarmörkum Auðkúluheiðar lýst svo:

> Norðurmörkin eru sjónhending úr Káratungutjörn austur í Vallgil í Blöndugljúfrum (8,5km). Þaðan ræður Blanda suður í Hofsjökul.[323]

Austurmörkum Grímstunguheiðar er lýst eftirfarandi í sömu skrá:

[320] *Árbók Ferðafélags Íslands*, (1964), bls. 188.
[321] Skjal nr. 4(10).
[322] Skjal nr. 4(53).
[323] Skjal nr. 4(9).

> Austurmörkin liggja úr Káratungutjörn suður af Svínadalshálsi í beina stefnu s-a að mótum fellakvíslar og kólkukvíslar norðan undan Áfangafelli. Síðan fylgja mörkin Fellakvísl suður á Öldur vestan undir Sauðafelli og þaðan sjónhending í Búrfjallahala norð-vestan undan Langjökli.[324]

Þann 7. september 1985 var aukadómþing Árnessýslu sett í húsi Ferðafélags Íslands á Hveravöllum og gerð eftirfarandi sátt um afréttarmörk á Kili milli Biskupstungnaafréttar í Árnessýslu og Auðkúluheiðar í Húnavatnssýslu:

> Afréttarmörk á Kili milli Auðkúluheiðar í Austur Húnavatnssýslu og Biskupstungnafréttar í Árnessýslu liggja í grundvallaratriðum um vatnaskil, og eru sem hér segir:
>
> Frá Strýtum (Hnit: X 488653.9, Y-560060.2 hæð 834 m.) eru merkin bein lína til austurs að Grettishelli (Hnit: X 485389.0, Y-562037.4 hæð 670 m). Þaðan bein lína að Hringsjá á Fjórðungsöldu (Hnit: X-478609.0, Y-562901.6 hæð 681 m). Frá hringsjá eru merkin bein lína til austurs í Hofsjökul, sem er framhald hugsaðrar línu frá Strýtum um hringsjána. Til vesturs frá Strýtum eru merkin bein lína í grjóthól á fjallseggjum, ofan við vatnaskil í Sóleyjardal (Hnit: X-495204.1, Y-559390.7 hæð 946 m). Þaðan eru merkin bein lína í Oddnýjarhnjúk (Hnit: X-497136.1,Y-561183.4 hæð 1.057 m), og áfram í sömu stefnu í jökulruðning (mórena) og síðan eftir jökulruðningnum í Langjökul.
>
> Upplesið, staðfest rétt bókað.[325]

Undir sáttina skrifuðu fyrir hönd Biskupstungnahrepps: Gísli Einarsson, Sigurður Þorsteinsson, Sigurður Erlendsson, Arnór Karlsson, Róbert Róbertsson og Sveinn Skúlason, fyrir hönd Svínavatnshrepps: Sigurjón Lárusson og fyrir hönd Torfalækjarhrepps og Blönduóshrepps Torfi Jónsson.

Í landamerkjabók Húnavatnssýslu, frá árinu 1986, er að finna samhljóða afrit af sömu sátt um afréttarmörk á milli Auðkúluheiðar og Biskupstungnaafréttar.[326]

Þann 20. febrúar 1989 sendi Félagsmálaráðuneytið öllum sveitarstjórnum á Íslandi bréf og spurðist fyrir um upprekstrarrétt og afrétti sveitarfélaga o.fl. þar að lútandi.[327] Oddviti Torfalækjahrepps, Torfi Jónsson, svaraði bréfi ráðuneytisins 25. sama mánaðar. Í svari Torfa kemur fram að sveitarfélagið eigi upprekstrarrétt á Auðkúluheiði. Mörk afréttarins eru sögð liggja um Blöndu, Kjalhraun og Forsæludalskvíslar. Íbúar Blönduós og Svínavatnshrepps áttu einnig upprekstrarétt í sama afrétt en ekki höfðu sveitarfélögin komið sér formlega saman um til hvaða sveitarfélags afrétturinn skyldi teljast.[328]

[324] Skjal nr. 4(9).
[325] Skjal nr. 4(14).
[326] Skjal nr. 2(47).
[327] Skjal nr. 4(16).
[328] Skjal nr. 4(20).

Svarbréf oddvita Auðkúluhrepps við fyrirspurn félagsmálaráðuneytisins um afrétti sveitarfélaga er ódagsett og stutt, eftirfarandi: „Á ekki við hjá okkur.“ Undir kvittar Hallgr. Sveinsson oddviti.[329]

Í bráðabirgða afréttaskrá sem Skipulag ríkisins sendi félagsmálaráðuneytinu í nóvember 1989 er Auðkúluheiði talin upp meðal afrétta í Austur-Húnavatnssýslu. Svínavatnsog Torfalækjarhreppur, ásamt Blönduósi eru sagðir eiga upprekstrarrétt í afréttina en afréttin sögð teljast stjórnsýslulega til Svínavatnshrepps.[330]

Jóhann Guðmundsson í Holti, skrifaði ítarlegan þátt um Auðkúluheiði sem birtist í ritinu *Húnaþing* III, árið 1989.[331] Í sérstökum kafla um nytjar af Auðkúluheiði kemur eftirfarandi fram í þætti Jóhanns:

> Sem áður segir var heiðin fyrrum í eigu Auðkúlustaðar og samkvæmt gömlum heimildum var bændum úr Svínavatns- og Tærfalækjarhreppum skylt að reka búsmala sinn á heiðina, sem líkast til hefur að mestum hluta veri verið sauðir og fráfærnalömb. Einnig má telja víst að eitthvað af lambám hafi gengið á heiðinni. Þá munu hross hafa gengið þar og ef til vill eitthvað af geldneytum. Fyrir þennan upprekstur var hverjum bónda gert að greiða lambstoll til prestsins á Auðkúlu auk þess sem fjáreigendur voru skyldir að smala heiðina. Ekki munu allir bændur alltaf hafa verið ánægðir með að þurfa að nota heiðina með þessum skilmálum, og á sumum tímum munu ýmsir bændur ekki hafa rekið búpening á heiðina. Til þess hafa eflaust legið ýmsar ástæður, t.d. þær að bændum úr Torfalækjarhreppi þótti langt að nota upprekstur á heiðina. Stundum hefur verið fátt fé í þessum hreppum eftir harðæri og svo hefur mörgum eflaust þótt hár skattur að borga fjallatollinn til prestsins á Auðkúlu. Eðlilega vildi Auðkúluprestur ekki una því að bændur nýttu ekki heiðina því að þá varð hann af miklum tekjum. Svo langt gekk óánægja prests við bændur út af upprekstrarmálum að þau komu fyrir rétt og þann 9. júní anno 1758 var uppkveðinn á Torfalækjarþingi dómur um afrétt á Auðkúlustaðarheiði. Í niðurstöðum dómsins segir meðal annars: „... að Auðkúlustaðarheiði hefur eftir framlögðum vitnisburðum til forna þénað og skal hér eftir þéna fyrir lögafrétt Svínavatns- og Torfalækjarhreppa innbyggjurum... .“ Og þar sem margir bæjir voru í þessum tveim hreppum voru það drjúgar tekjur sem runnu til prestsins á Auðkúlu í formi heiðatollsins.
>
> Eftir að Svínavatns-, Torfalækjar- og Blönduóshreppar keyptu heiðina og stofnuðu Upprekstrarfélag Auðkúluheiðar hafa allir fjáreigendur greitt félaginu skatt af hverri kind, og fram til ársins 1984 af hverju hrossi. Fara þessar greiðslur til þess að standa straum af öllum kostnaði sem af heiðinni er, svo sem fjallskilum, girðingum, refaveiðum og fleiru.

[329] Skjal nr. 4(21).
[330] Skjal nr. 4(23).
[331] Jóhann Guðmundsson, Holti, „Auðkúluheiði“. *Húnaþing* III, (1989), bls. 68-101. Jóhann ritaði þennan þátt í febrúarmánuði árið 1985.

Miklar líkur finnst mér vera á að nú hin síðari ár hafi til jafnaðar gengið meiri peningur á heiðinni en áður fyrr. Á þessum tíma hefur heyfengur stóraukist með stækkun túna og öðrum breyttum búskaparháttum og af því hefur leitt að búpeningi hefur fjölgað mjög á flestum jörðum. Af þessu leiðir stóraukin ásókn í sumarhaga, og þá ekki síst í heiðalöndin. Fyrr á öldum þegar heyfengur var lítill valt búfjáreign meira á tíðarfarinu en nú. Vitaskuld fjölgaði skepnum í góðærum, en fækkaði síðan óskaplega í harðærum. Þannig hélst oft í hendur uppskera landsins og gangandi fé í högum sem gerði það að verkum að gróðurlendinu var síður ofgert með beit í köldum uppskerurýrum árum. Nú á tímum höfum við aftur á móti möguleika til að halda búpeningi okkar lifandi þótt við fáum harða vetur sem fyrr á tímum hefðu kostað felli. Ekki síst þegar þannig árar þurfum við að gæta þess að ganga ekki á heiðalandið. Síðustu árin hefur upprekstur á vorin verið bundinn við það að nægur gróður væri kominn á heiðar að mati gróðurverndarnefndar og hrossaupprekstur oftast verið bundinn við 15.-25. júlí. Þó hefur hrossaupprekstur verið alveg bannaður á Auðkúluheiði frá og með sumrinu 1984. Upprekstrarbann þetta gildir að minnsta kosti í fimm ár.

Fé er smalað til Auðkúluréttar um miðjan september. Fyrri gangnamenn, sem eru 28 talsins, mæta á Hveravöllum á mánudagskvöldi, og smala norður heiðina næstu daga og koma með fjársafnið til Auðkúluréttar síðdegis á föstudag þar sem það er réttað daginn eftir. Seinni gangnamenn, sem eru 11 talsins, mæta á Kolkuhóli næsta miðvikudagskvöld á eftir aðalréttardegi, og smala heiðina í þrjá daga og koma til byggða á laugardagskvöld. Síðan er farið í eftirleit einhvern tíma seinna og tekur hún oftast einn til tvo daga. Er þá farið á bílum og leita sumir menn gangandi en aðrir taka með sér hesta á vörubíl eða í kerru. Í fyrri og seinni göngum er öll heiðin leituð á hestum, Sameiginlegt mötuneyti er í fyrri og seinni göngum og má telja aðbúnað gangnamanna mjög góðan nú orðið.

Fjallagrös eru mjög víða á heiðinni, sums staðar prýðilega gróskumikil. Margar sagnir eru um það að fólk fór á grasafjall á Auðkúluheiði. Var þá jafnvel farið með marga hesta og safnað birgðum til ársins. Ýmislegt gat gerst í þessum ferðum. Fólk gat villst og jafnvel orðið úti. Einnig eru sagnir um að það hafi hitt útilegumenn. Frægasta sagan um villu í sambandi við grasaferð er líkast til sagan um Oddnýju í Oddnýjargili sem áður er greint frá. Ekki er mér ljóst hvað fólk sótti til grasa af stóru svæði, að minnsta kosti hefur það farið héðan úr hreppunum, en einnig sótt eitthvað austan yfir Blöndu, samanber söguna um Ólaf frá Blöndudalshólum, sem drukknaði í Ólafstjörn, og fleiri sagnir.

Silungur er í öllum vötnum á heiðinni. Um langt skeið hefur verið stunduð veiði í Gilsvatni frá Guðlaugsstöðum og af Bugsbæjum, enda vatnið að verulegu leyti í eigu þeirra jarða. Einnig hefur lengi verið veitt í Austara-Friðmundarvatni frá Bugsbæjum. Í Vestara-Friðmundarvatni hefur um langt skeið, þó sennilega með hléum, verið veitt frá bæjum í framanverðum

> Vatnsdal. Í öðrum vötnum heiðarinnar hefur sennilega lítið verið veitt þar til nú á seinni árum vegna þess hve langt var að sækja. Þó mun Björn Eysteinsson hafa veitt töluvert er hann bjó á Réttarhóli. Þá er frá því greint í umsögn um Auðkúlu í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns að veiði sé í heiðavötnum en nýtist misjanflega.
>
> Fyrir nokkrum árum stofnuðu eigendur heiðarinnar veiðifélag um vötnin og eru þau nú leigð út. Í vötnunum er eingöngu bleikja sem virðist breytileg að gæðum. Besti silungurinn er talinn fást úr Galtabóli, en þar er jafnframt minnst af honum. Í hinum vötnunum er mergð silungs, nema nokkuð er óljóst með Þrístiklu. Þó er líklegt að þar sé mikill silungur líka. Þjóðsagan segir að í Þrístiklu hafi átt að vera öfuguggi, og hann væri eitraður. Því var sú trú lengi að þar mætti ekki veiða. Þetta mun svo nútíminn hafa afsannað, þarna hafa veiðimenn enga öfugugga fundið.
>
> Í Seyðisá gengur sjóbirtingur á sumrin og er þar stundum einhver stangveiði, en netaveiði bönnuð. Mér er ekki kunnugt um að veiði hafi verið stunduð í Blöndu eftir að fram fyrir byggð kemur.[332]

Jóhann Guðmundsson í Holti, skrifaði ítarlegan þátt um Auðkúluheiði sem birtist í ritinu *Húnaþing* III, árið 1989.[333] Þar kemur m.a. eftirfarandi fram um landamerki Auðkúluheiðar:

> SAMKVÆMT fornum skjölum Auðkúlustaðar eru landamerki Auðkúluheiðar þessi: Að austan frá Vallgili sunnan við Þramarland ræður Blanda og Blöndukvísl fram og austur undir Hofsjökul, þaðan með Hofsjökli suður að Jökulfalli, en það ræður merkjum vestur að Hvítá og í Hvítárvatn, sem er fast við Langjökul. Að vestan eru merkin frá norðri til suðurs: Úr Karyrðlingatjörn í há Friðmundarhöfða, þaðan bein lína í Fellakvísl, þar sem Kolkukvísl fellur í hana, svo eftir því sem Fellakvísl ræður til upptaka hennar. Þaðan bein lína í Búrfjallahala og þaðan í Langjökul. Þegar heiðin var seld frá heimajörðinni munu norðurmerkin hafa verið talin frá Vallgili til vesturs um Helluvörðuás í Karyrðlingatjörn.
>
> Við landamerkjabréf Auðkúlustaðar er það að athuga, að það var eingöngu undirritað af norðanmönnum, og þá Auðkúlupresti sem landeiganda. Ljóst er að í uppsveitum Árnessýslu voru aðrar hugmyndir um suðurmörk Auðkúluheiðar. Þann 25. apríl 1851 var gert kaupbréf þar sem Biskupstungnahreppur kaupir land „fyrir innan Vötn“, eins og það er orðað, af kirkjum þar syðra. Mun þarna vera átt við land sem liggur norðan við Hvítárvatn, Hvítá og Jökulfall. Eigi er landstærðin tilgreind, en Biskupstungnamenn töldu land þetta ná allt til vatnaskila á há Kili. Lengi vel var óljóst hvort norðanmenn eða sunnanmenn hefðu eignarráð á landi þessu og hittust aðilar oft til þess að ræða málin án þess að niðurstaða fengist. Loks kom þó þar að hreppsnefndarmenn úr Upprekstrarfélagi Auðkúluheiðar og

[332] Jóhann Guðmundsson, Holti, „Auðkúluheiði“. *Húnaþing* III, (1989), bls. 92-95.
[333] Jóhann Guðmundsson, Holti, „Auðkúluheiði“. *Húnaþing* III, (1989), bls. 68-101.

> Biskupstungnahreppi hittust á fundi í Borgarnesi í nóvember 1979. Á þeim fundi var samþykkt að vatnaskil skyldu ráða heiðamörkum. Síðan gerðist það að fulltrúar sömu hreppa hittust á Kili haustið 1983 ásamt dómara og var þá endanlega gengið frá merkjunum og þau merkt inn á landakort. Samkvæmt því eru suðurmörk Auðkúluheiðar úr Blágnípu í Hofsjökli um Fjórðungsöldu, Grettishelli og Strýtur. Þaðan liggja þau í öldu sem er skammt norðan við Þröskuld og þaðan upp á Þjófadalafjöll. Síðan norður eftir Þjófadalafjöllum þar til kemur að vatnaskilum bak við Oddnýjarhnjúk, og þaðan eftir vatnaskilum upp í Langjökul.
>
> [...] Þá ber þess að geta að Upprekstrarfélag Auðkúluheiðar hefur keypt og lagt undir heiðina hluta af Þramarlandi, Eldjárnsstaðalandi, Eiðsstaðalandi og Hrafnbjargalandi, einnig Marðarnúpsselsland.
>
> Um Auðkúluheiði er sérstakt sameignarfélag, Upprekstrarfélag Auðkúluheiðar. Félagið er í eigu þriggja hreppa og skiptast eignarhlutar þannig að Svínavatnshreppur á 50%, Torfalækjarhreppur 40% og Blönduóshreppur 10%.[334]

Þann 18. janúar 1990 útskýrðu oddvitar hreppsnefnda Svínavatns- og Torfalækjarhrepps, ásamt bæjarstjóra Blönduóss orðalag afsalsbréf frá 31. desember 1963. Í yfirlýsingunni kemur fram að með afsalinu hafi Svínavatnshreppur selt Torfalækjarhreppi og Blönduóshreppi hálfa jörðina Þröm í Svínavatnshreppi. Þessi hluti átti að leggjast undir Auðkúluheiði sem hrepparnir áttu saman, Svínavatnshreppur að hálfu og Torfalækjar- og Blönduóshreppur að hálfu. Orðalag afsalsins var hins vegar ónákvæmt og mátti skilja þannig að það tæki til allrar jarðarinnar. Yfirlýsingin var gerð til að staðfesta að eignarhald Þramar sem var Svínavatnshreppur að hálfu og Torfalækjar- og Blönduóshreppur saman að hálfu. Þess er getið í yfirlýsingunni að þetta sé réttur skilningur afsalsins frá 31. desember 1963 og hafði aldrei verið véfengt af hreppsnefndum Torfalækjar- og Blönduósshrepps. Þá er þess getið að með afsali einnig dagsettu 31. desember 1963 hafi framangreindir hreppar selt:

> [...] eigendum jarðarinnar Eldjárnsstaða í Svínavatnshreppi þann hluta af Þramarlandi er liggur „norðan línu nyrst úr Þramarhaug í svokallaðan Landsenda við Blöndu.“ Sá hluti sem þá stendur eftir af jörðinni Þröm eiga hrepparnir í óskiptri sameign í eftirgreindum hlutföllum:
>
> | | |
> |---|---|
> | Svínavatnshreppur | 50% |
> | Torfalækjarhreppur | 40% |
> | Blönduóshreppur (bær) | 10%[335] |

Þann 13. febrúar 1990 var gerður grundvöllur að samningi á milli þriggja aðila, þ.e. 1) eigenda og ábúenda Eldjárnsstaða og ábúenda Eiðsstaða, 2)

[334] Jóhann Guðmundsson, Holti, „Auðkúluheiði“. *Húnaþing* III, (1989), bls. 68-69.
[335] Skjal nr. 4(194).

Svínavatnshrepps, Torfalækjarhrepps og Blönduósbæjar vegna Auðkúluheiðar og 3) Landsvirkjunar sem virkjunaraðila við Blöndu og eiganda Eiðsstaða. Ákvæði samningsins eru svohljóðandi:

1. Til að mæta röskun á beit af völdum miðlunarveitu og inntakslóns veitir Upprekstarfélagið Eiðsstöðum og Eldjárnsstöðum beitarrétti í landi afréttarins, norðan vatnagirðingar, er markast af miðlunarveitu Blönduvirkjunar. Rétturinn er bundinn við núverandi ábúendur [núverandi ábúendur, handskrifað ofan línu; strikað yfir: ábúð] á jörðunum og hefðbundinn búskap, og er ekki framseljanlegur.

2. Til að mæta spjöllum á veiðirétti í Gilsvatni og Gilsá greiðir Upprekstrarfélagið ábúendum Eldjárnsstaða og Eiðsstaða í bætur kr. 1.600.000,-, sem er hluti þeirra bóta, sem þeir hafa tryggt með samningi við Landsvirkjun. Í greiðslunni felast bætur vegna allrar röskunar og réttindaskerðingar af völdum miðlunarveitu og inntakslóns, sem ekki er bætt með öðrum hætti.

3. Til að greiða fyrir samkomulagi tekur Landsvirkjun þátt í bótum til Eldjárnsstaða og Eiðsstaða með viðbótargreiðslu, kr. 500.000,-. Í greiðslunni felast á sama hátt bætur vegna allrar röskunar og réttindaskerðingar, með meðtöldum bótum vegna röskunar meðan á framkvæmdum stendur.

4. Eigendur afréttarlandsins og eigendur og ábúendur Eldjárnsstaða og Eiðsstaða ganga frá yfirlýsingu um hlunnindi jarðanna á grundvelli þeirra eigendaskipta, sem fram fóru skv. afsali frá 31. des. 1963, þar sem fram komi eftirfarandi, m.a.:

a. Eignarhluti hreppanna úr jörðunum heyrir undir Auðkúluheiði. Um veiðirétt í og fyrir því landi (í Gilsvatni og Gilsá, að meðtöldu inntakslóni) gilda ákvæði afsalsins.

b. Öll veiði í Blöndu og Gilsá fyrir landi jarðanna tilheyrir jörðunum einum.

c. Öll vatnsréttindi í Blöndu og Gilsá tilheyra jörðunum einum.

d. Staðfest verður að girðing milli afréttarlandsins og jarðanna sé ekki á merkjum að öllu leyti, og að eignarréttur landeigenda fari eftir merkjum.

e. Rétt landamerki jarðanna verða staðfest með lýsingu og vörðum.

5. Eigendur afréttarlandsins og eigendur og ábúendur Eldjárnsstaða og Eiðsstaða ganga frá yfirlýsingu um hlunnindi jarðarinnar Þramar á grundvelli þeirra skipta á landi jarðarinnar, er fram fóru skv. afsölum 31. des. 1963, þar sem fram komi eftirfarandi, m.a.:

a) Hlutur hreppanna úr jörðinni heyrir undir Auðkúluheiði og er lagður undir afrétt.

b) Hlutur Eldjárnsstaða í Þramarlandi heyrir undir Eldjárnsstaði og er eignarhlutdeild á ábyrgð eigenda.

c) Veiði í Blöndu fyrir Þramarlandi skiptist milli Eldjárnsstaða og afréttarlandsins eftir mældri bakkalengd hvors hluta úr landinu (annarsvegar frá Þramarklifi að girðingu við Landsenda og hinsvegar þaðan að Vallgili).

d) Vatnsréttindi í Blöndu fyrir hluta Eldjárnsstaða úr Þramarlandi tilheyra þeirri jörð. Vatnsréttindi fyrir hluta hreppanna tilheyra eigendum afréttarlandsins.

Landsvirkjun staðfestir, að hún muni ekki mótmæla vatnsréttindum fyrir landi Þramar á þeim grundvelli, að jörðin sé ekki lengur lögbýli, þannig að báðir aðilar eigi tilkall til endurgjalds fyrir fallréttindi til Blönduvirkjunar samkvæmt fyrrgreindri skiptingu.[336]

Undir samninginn skrifa Jónatan Sveinsson hrl., fyrir hönd sveitastjórnar og með fyrirvara um samþykki hennar og Hjörtur Torfason hrl., fyrir hönd Landsvirkjunar og einnig með fyrirvara. Sigurjón Lárusson skrifaði undir fyrir hönd Svínavatnshrepps og Torfi Jónsson fyrir hönd Torfalækjarhrepps. Erfitt er að lesa úr undirskrift þess sem skrifar undir fyrir hönd eigenda og ábúenda Eldjárnsstaða og Eiðsstaða en það hefur væntanlega verið einhver á vegum Landsvirkjunar. Loks skrifar Jósep Sigurvaldason undir samkvæmt umboði fyrir hönd ábúenda Eiðsstaða allra eigenda Eldjárnsstaða.

Bæjarstjórn Blönduósbæjar seldi, með afsali dagsettu 24. mars 1990, hreppsnefnd Svínavatnshrepps og hreppsnefnd Torfalækjarhrepps alla eignarhlutdeild bæjarins í Upprekstrarfélagi Auðkúluheiðar og afréttarlandinu á Auðkúluheiði. Eignarhlutdeildin var 10% á móti 50% hlutdeild Svínavatnshrepps og 40% hlutdeild Torfalækjarhrepps og jókst því eignarhlutdeild hvors hrepps um 5%, þannig að hlutdeild Svínavatnshrepps varð 55% en Torfalækjarhrepps 45%. Hlutur bæjarins var seldur með öllum réttindum, gögnum og gæðum, eignum og mannvirkjum sem um var að ræða og hann náði til í afréttarlandinu. Afsalið tók til hlutdeildar í öllum löndum og landareignum sem lágu undir afréttinn í Auðkúluheiði eins og sjá má af eftirfarandi:

a). Afréttarlandið Auðkúluheiði, er afsalað var til Svínavatnshrepps, Torfalækjarhrepps og Blönduóshrepps frá landssjóði 5. júlí 1918.

b). Hluti úr landi jarðarinnar Hrafnabjarga í Svínavatnshreppi, sem afsalað var til Svínavatnsshrepps, Torfalækjarhrepps og Blönduóshrepps 17. mars 1923.

c). Hlutar úr landi jarðarinnar Marðarnúps í Áshreppi, sem afsalað var til Upprekstarfélags Auðkúluheiðar 25. júlí 1951.

d). Land jarðarinnar Þramar í Svínavatnshreppi, sem afsalað var til Svínavatnshrepps með afsali 1. ágúst 1951 og frá honum að hálfu til Torfalækjarhrepps og Blönduóshrepps 31. desember 1962, að frátöldum þeim

[336] Skjal nr. 4(193).

hluta af landinu, sem afsalað var til ábúenda Eldjárnsstaða frá hreppunum þremur (Upprekstrarfélagi Auðkúluheiðar) 31. desember 1963.

e). Hluti úr landi jarðarinnar Eldjárnsstaða í Svínavatnshreppi, er afsalað var til Upprekstrarfélags Auðkúluheiðar 31. desember 1963.

f). Hluti úr landi jarðarinnar Eiðsstaða í Svínavatnshreppi, sem afsalað var til Upprekstrarfélags Auðkúluheiðar 31. desember 1963.

g). Land í Foræsludalskvíslum.

Til hins selda telst einnig full hlutdeild í öllum réttindum, eignum og mannvirkjum utan afréttarins, er tilheyra afréttinum eða Upprekstrarfélagi Auðkúluheiðar, þ.m.t. hlutdeild í Auðkúlurétt.[337]

Hlutur bæjarins var seldur með öllum kvöðum, ítökum og takmörkunum sem á honum kynni að hvíla. Kaupendur staðfestu að hvorugur þeirra mundi selja eða ráðstafa sínum hluta eða annarri eignarhlutdeild í afréttarlandinu eða Upprekstrarfélaginu án samþykkis hins aðilans enda skyldi sá aðili eiga forkaupsréttinn.

Undir afsalið skrifa Hilmar Kristjánsson og Ófeigur Gestsson, fyrir hönd Blönduósbæjar, Sigurjón Lárusson, Jóhann Guðmundsson og Sigurgeir Hannesson, fyrir hönd Svínavatnshrepps, og Torfi Jónsson og Páll Þórðarson fyrir hönd Torfalækjarhrepps. Afsalinu var þinglýst 26. mars 1990.

Sama dag, þann 24. mars 1990, gerðu bæjarstjórn Blönduóss og hreppsnefndir Svínavatnshrepps og Torfalækjarhrepps með sér svofelldan samning um afnot sauðfjáreigenda á Blönduósi af Auðkúluheiði:

1. Með vísan til samnings ofangreindra sveitarfélaga við Landsvirkjun um breytta veituleið vegna gerðar Blönduvirkjunar sbr. samning dags. í dag, 24. mars 1990, gera sveitarstjórnirnar með sér samkomulag um afnot sauðfjáreigenda á Blönduósi, vestan Blöndu af Auðkúluheiði.

2. Afnot sauðfjáreigenda á Blönduósi, vestan Blöndu, skulu vera með hefðbundnum hætti framvegis sem hingað til. Afnotin ná til Auðkúluheiðar og Auðkúluréttar svo sem verið hefur. Fjallskil skulu greidd samkvæmt sömu reglum og gilda um afnot annara sauðfjáreigenda á heiðinni á hverjum tíma. Þær takmarkanir sem kunna að verða settar skulu vera að jöfnu vegna þeirra og annara þeirra sem afnotin hafa.

3. Beitarréttindi samkvæmt ofanskráðu gilda fyrir núverandi sauðfjáreigendur á Blönduósi, vestan Blöndu.

4. Samkomulag er um það milli sveitarstjórnanna að komi til þess að óskað verði aukningar á beitarréttindum fyrir sauðfjáreigendur vestan Blöndu, á Blönduósi er vilji til að semja um þau réttindi.

[337] Skjal nr. 4(192).

5. Samkomulag þetta nær til núverandi búfjáreigenda á Blönduósi og grundvallast á forðagæsluskýrslu yfirstandandi vetrar.

6. Með vísan til ofangreinds samnings um breytta veituleið vegna gerðar Blönduvirkjunar og þessa samnings um afnot af beitarrétti og réttaraðstöðum vegna nýtingar á Auðkúluheiði og Auðkúlurétt gerir bæjarstjórn Blönduóss ekki tilkall til annara greiðslna vegna breyttrar veituleiðar en um er getið í 2. lið samningsins, þ.e. þeirrar greiðslu sem ákvörðuð hefur verið til Blönduóss fyrir eignarhlut í Auðkúluheiði sem verður eign Svínavatns- og Torfalækjarhrepps að jöfnu og er gert til að greiða fyrir samkomulagi um breytta veituleið.[338]

Undir samninginn kvittar fyrir hönd Svínavatnshrepps Sigurjón Lárusson, fyrir hönd Torfalækjarhrepps Torfi Jónsson og fyrir hönd Blönduóssbæjar Hilmar Kristjánsson.

Þann 8. september 2005 stofnuðu sveitarfélögin Svínavatnshreppur og Torfalækjarhreppur með sér sjálfseignarstofnun sem fékk heitið Sjálfeignarstofnuni Auðkúluheiði. Við stofnunina lögðu sveitarfélögin fram eignarhluti sína í eftirtöldum fasteignum:

a) Auðkúluheiði 100%, sbr afsal dags. 5. júlí 1918 og kaupsamning dags. 5. júlí 1918.
b) Forsæludalskvíslar ¾ hlutar, sbr. kaupsamning dags. 24. nóvember 1890.
c) Þröm í Svínavatnshreppi, sbr. kaupsamning og afsal dags. 1. ágúst 1951 með breytingu vegna makaskipta við Eldjárnsstaði og Eiðsstaði, sbr. afsal og kaupsamning dags. 31. desember 1963.
d) Austurhluti Marðarnúps (Marðarnúpssel), sbr. kaupsamning dags. 25. júlí 1951.
e) Hluti af Hrafnabjargalandi, sbr. kaupsamning dags. 13. desember 1922, og afsal þinglesið 20. júní 1923.[339]

Við stofnunina skuldbatt sjálfseignarstofnunin sig til að veita búfjáreigendum í Svínavatns- og Torfalækjarhreppi, „rétt til upprekstrar í lönd stofnunarinnar með sama hætti og verið hefði, ef löndin hefðu áfram verið eign sveitarfélaganna.“

Í *Árbók Ferðafélags Íslands*, frá árinu 2007, segir eftirfarandi um Auðkúlustaði og Auðkúluheiði:

Í Landnámu er sagt að Eyvindur auðkúla hafi numið allan Svínadal og búið á Auðkúlustöðum. Á miðöldum bjuggu hér oft stórhöfðingjar, síðar varð jörðin prestssetur en um miðja 20. öld hófst nýtt landnám á vegum Landnáms ríkisins og þá var jörðinni skipt í þrjár bújarðir.

Prestar hér nutu margvíslegra hlunninda, silungsveiði í Svínavatni og fjallavötnum, hvanna-, róta- og grastekja á fjalli. Loks er afréttin,

[338] Skjal nr. 5(5).
[339] Skjöl nr. 4(74) og 6(8).

> Auðkúluheiði, sem náði fram til jökla en lambatollurinn fyrir upprekstur á heiðina var drýgst tekjulind klerkanna.[340]

Í *Árbók Ferðafélags Íslands*, frá árinu 2007, segir m.a. eftirfarandi í kafla um Auðkúluheiði:

> **Auðkúluheiði**
>
> Norðurmörk heiðarinnar eru frá Vallgili við Blöndugil, vestur um Helluvörðuás að Karyrðlingatjörn. Blanda heldur að heiðinni að austan en að vestan móts við Grímstunguheiði eru mörkin miðuð við Friðmundarhöfða (517 m) og Fellakvísl og þaðan sjónhending til Búrfjallahala og í Langjökul. Forsæludalskvíslar mestallar tilheyra einnig upprekstrarlandi Auðkúluheiðar. Suðurmörkin eru á Kili. Hefur norðanmenn og Árnesinga nokkuð greint á um mörk þar en með samningi haustið 1983 var endanlega gengið frá merkjum og þau færð á kort. Miðast þau við Blágnípu í Hofsjökli, Fjórðungsöldu, Grettishelli og Strýtur, þaðan rétt norðan við Þröskuld upp á Þjófadalafjöll, síðan norður eftir þeim að vatnaskilum bak við Oddnýjarhnjúk (1067 m). Sauðfjárveikivarnargirðingin liggur nokkru norðar, úr Blágníðu norðan við Kjalhraun í Langjökul. Heiðin telst um 60 km að lengd frá fremstu bæjum að Kili. Víða er hún fremur mjó, breiðust fram undir jöklum.[341]

Í bréfi dags. þann 19. nóvember 2008 óskaði sveitarstjóri Húnavatnshrepps þess við sýslumanninn á Blönduósi að skráningu á eftirtöldum eignum sem skráðar voru eign Húnavatnshrepps yrði breitt þannig að þær verði skráðar eign Sjálfseignarstofnunar Auðkúluheiðar:

213-7812 Þröm (jörð)	Eignarhluta Húnavatnshrepps, ásamt þeim löndum sem eignaskiptasamningur nr. 14327 kveður á um.
213-7813 Þröm (veiðihlunnindi)	Eignarhluta Húnavatnshrepps.
213-7814 Auðkúluheiði (land)	100%
213-7815 Auðkúluheiði (veiðihlunnindi)	100%[342]

Undir bréfið kvittar Jens Pétur Jensen sveitarstjóri Húnavatnshrepps. Með beiðninni til sýslumanns fylgdi ljósrit af skipulagsskrá fyrir Sjálfseignarstofnunina Auðkúluheiði staðfest 8. desember 2005.

Auk þeirra gagna sem hér hafa verið rakin liggja fyrir í máli þessu ýmis fleiri skjöl heldur en þau sem þegar hafa verið rakin sem tengjast réttindum Landsvirkjunar á Auðkúluheiði vegna Blönduvirkjunar. Þau skjöl verða ekki rakin í þessum kafla, en fjallað er um þau í kafla 6.4.4 eftir því sem við á vegna úrlausnar um kröfur

[340] *Árbók Ferðafélags Íslands*, (2007), bls. 92.
[341] *Árbók Ferðafélags Íslands*, (2007), bls. 219.
[342] Skjöl nr. 5(19) og 6(9).

Landsvirkjunar um réttindi á svæðinu. Að því er varðar umrædd skjöl vísast að öðru leyti til skjalaskrár á fylgiskjali III með úrskurði þessum.

5.3.1 Aðliggjandi og tengd svæði

5.3.1.1 Auðkúla

Í kaflanum um Svínavatnshrepp í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* árið 1706 kemur fram að Auðkúlustaðir eigi afrétt á Kúluheiði. Þar segir svo:

> Afrjett á staðurinn á Kúluheiði og toll fyrir þá rekstra, sem úr þessari sveit og af Asum mega þángað gánga. Lítt nýtur presturinn þessa, því mjög er afrjettin afrækt undir 20 ár.[343]

Í prófastsvísitasíu að Auðkúlu, þann 22. maí 1803, má lesa eftirfarandi:

> Kyrkiunnar skiöl sem áhræra hennar og Prestakallsins Eygnir Itök og Rettugheit frammviisast nu og teiknast sem effterfilgir. 1° Tveggia manna Vitnisburdur á pergamenti med hangandi Insyglum umm Audkulustadar landEygn. 2 Vitnisburdir á Pappir med sínu hángandi Insygli hvór. 2° Bréf Biskups Herra Gudbr. utgefid Sr Eyriki Magnussyni, rotid. 3° Máldagi umm Reka á Háu Möl og Nockrir Vitnisburdir Þar uppa hliódandi. Sömuleidis Stiftamtm. Todals, Biskups Gisla Magnussonar og StiftProfasts Mag. H. Einarssonar bref sama reka Itaki Vidvikiandi. 4to Document innihaldandi 2 þingsvitni vidvikiandi upprekstri á Kúlu Heydi, og Domur 1759 sem hliódar uppa sama. 5to Nockrar Logfestur Sr Gisla Einarssonar og Sr Asmundar Sal. Paulssonar og Önnur fleiri bref flest af minna verdi, Audskulustada landi og Fiárupprekstri á Kúluheidi, samt Rekanum á Háu möl vidvikiandi og þar i bland Eginhandar bref Prestsins Sal. Sr Jons Magnussonar á Mælifelli til Sr Hannesar Sál. á Audkulu sem sinir og sannar ad hinn hafi tilstadid þessum, og ej Viliad reingia Audkulukyrkiu RekaItak á Háuröl fyrir Asbúdalandi á Skaga. Öll hier mentionerud Prestakallsins Skiöl afhendast nú ásamt ödrum hennar kirkiunnar [kirkiunnar, ofan línu] Framanskrifudum Bókum hennar nálægum nía Curatori. Kyrkian beheldur sinum Jördum Litladal og Gaflkoti bádum byggdum þeirri fyrrnefndu riett vel skilrikum Efnamanni hvar og so filgir med 1 kyrkiunnar kúgyldi nl. 6 ær. En Húsin i Gafli eygnar ábúandin sier sem þaug hefur siálfur uppfært efftir þad Kotid hafdi mörg ár i eydi legid, ruinerad ad Húsum.[344]

Í jarðamatinu 1849 segir eftirfarandi um Auðkúlu og Kúluheiði:

> Jörðinni fylgir heiðarland, kallað Kúluheiði, sem nær til jökla suður, en er mjótt á hinn veginn, er þetta afrjett fyrir nokkurn geldfjenað, og gefur sanngjarnlega nokkra afrjettartolla af sjer árlega; hefur Kúlu-maður tilgreint, að ágóði þessa heiðarlands megi árlega reiknast 20 rbd., og væri þetta hið

[343] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VIII. Húnavatnssýsla, bls. 332-333.
[344] Skjal nr. 2(125) a-b.

minnsta, en samt vildu matmenn eigi reikna hinn rjetta ágóða af þessari afrjett meira en 16 rbd., sökum þess að afrjettarfje, sem þangað er rekið, gengur með fram í annari afrjett, og að Kúluheiði sjálf ekki ber mikinn fjölda afrjettarfjár, og hvergi nærri allrar sveitarinnar hjer, þegar Torfalækjar hrepps fje er þar með, og svo mikill kafli, í miðri heiði, er sandflá, bjarglaus.[345]

Landamerkjabréf Auðkúlu var útbúið 17. maí 1890 og því var þinglýst sama dag:

Að norðan ræður Svínavatn, sunnan frá svonefndum Dældarenda í Auðkúluskógi út í Svínadalsárós, ræður síðan áin að vestan merkjum millum Grundar og Auðkúlu, þar til kemur á móts við graslaut vestantil í svonefndu langholti, er liggur millum Auðkúlu og Holts. Graslaut þessi, sem nefnd er Merkjalaut, er andspænis vörðu á vesturbakka Svínadalsár, og ræður hún merkjum milli Holts og Auðkúlu austur í Fornmanna kol, er sjást í Langholti, þaðan í vörðu á Hrísbrún. Þaðan í vörðu á vestanverðri há Kúlunni, sem nefnd er Miðsmorgunsvarða frá Holti. Frá þessari vörðu liggur Auðkúlu land fram allan hálsinn, milli Svínadals og Sljettárdals, greinir þar Auðkúluland og Holtsland bein sjónhending frá áðurnefndri Miðsmorgunsvörðu fram á há Hornás, af Hornás sjónhending í vestanverða svo nefnda Tjarnarborg, þaðan beinleiðis í miðja Klaufarhæðir, fram í upptök lækjar í Rútsstaðaklauf, þaðan beinleiðis í há Hvannlækjarbungu, þar fyrir framan tekur við Auðkúluheiði. Þessi beina lína utanfrá Rútsstaðaklauf, fram á Hvannlækjarbungu greinir og Auðkúluland vestanvert frá Rútsstaða- og Hrafnabjargalöndum austanverðum. Að austan ræður merkjum Auðkúlulands áðurnefnd Dæld í Auðkúluskógi, liggur hún frá Svínavatni framanverðu, milli Litlalands og Auðkúlu, upp í hálsbrúnina, þaðan frá svonefndum Dældarhaus, fram austurbrún hálsins, þar til kemur að vörðu á brúninni uppundan læk þeim, er rennur ofan af hálsi næst fyrir utan svo nefnt Ingibjargarsel á Sljettárdal, lækur þessi, sem er takmörk Litladals að sunnan, rennur ofan í Sljettá, og fylgir Auðkúluland honum til árinnar ofan frá vörðunni á hálsbrúninni upp undan læknum. Úr því að Sljettá er komið ræður hún merkjum um Auðkúlulands að austan og Stóradals að vestan til upptaka hennar, suður á vörðu á Bungnaás, þaðan suður í Áshildartjörn og Áshildarlæk, austur í Fiskilæk, þaðan í Vallgil, og að Blöndu, er síðar ræður merkjum heiðarlandsins að austan.

Auðkúla á rekapláss: Svo nefnda Háumöl fyrir Ásbúðarlandi á Skaga.[346]

Stefán M. Jónsson staðarhaldari (beneficiarius) skrifar undir bréfið. Það var samþykkt af I. Salome Þorleifsdóttur vegna Stóradals, Guðm. Þorsteinssyni vegna Holts, eigendum Guðlaugsstaða þeim Jóni Guðmundssyni og Elínu Arnljótsdóttur, Sigurði Árnasyni eiganda Rútsstaða, Benedikt Helgasyni eiganda Hrafnabjarga, Þorsteini Þorsteinssyni eiganda Grundar og Jóni Davíðssyni eiganda Þramar.

[345] Skjal nr. 2(75).
[346] Skjal nr. 2(48).

5.3.1.2 Þröm

Landamerkjabréf Þramar var útbúið 12. maí 1890 og því var þinglýst fimm dögum síðar:

> Að sunnan er merki Vallgil og samnefndur lækur beint vestur að Fiskilæk, sem er merki að vestan norður að Gilsvatni, merki að norðan er kelda austur frá suðurenda Gilsvatns, rjett austur í vörðu á Grendalsbrún, frá henni í hæstalæk á Þramarklifi að Blöndu, og er hún merki að austan suður að áður nefndu Vallgili.[347]

Jón Davíðsson skrifaði undir bréfið. Það var samþykkt af Jóni Sigurðssyni og St[efáni] M. Jónssyni staðarhaldara (beneficiarius) Auðkúlu en þeir áttu lönd að Þröm.

Þann 31. desember 1963 seldi Svínavatnshreppur hálfa jörðina Þröm Torfalækjarhreppi og Blönduóshreppi og átti sá hluti að leggjast undir Auðkúluheiði. Hinn helmingur jarðarinnar var seldur Eldjárnsstöðum.

5.3.1.3 Rugludalur

Landamerkjalýsing fyrir jörðinni Rugludal í Bólstaðarhlíðarhreppi, austan Auðkúluheiðar, var útbúin 12. apríl 1883 og þinglýst 20. maí 1886. Lýsingin hljóðar svo:

> No. 37
>
> Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Rugludal í Bólstaðarhlíðarhreppi í Húnavatnssýslu.
>
> Að austan ræður alfaravegur á, er liggur fyrir austan Rugludal, norðan frá Háuskriðu, sem ræður landamerkjum að norðan allt til suðurs í Rugludalsmynnið, eða gil, það sem liggur austur úr dalnum syðst, og sem kallað er Syðri Austurdalur, þaðan sunnanvert við Rugludalsbungu beint vestur til Kolluhvammsgrens, þaðan í Blöndugil. Þaðan ræður Blanda norður á móts við fyrstnefnda Háuskriðu.[348]

Ólafur Sigurðsson í Ási (umoðsmaður Reynistaðaklausturs, vegna Rugludals) skrifaði undir landamerkjaskránna. Hún var svo samþykkt af Gísla Ólafssyni á Eyvindarstöðum og Guðmundi Gíslasyni á Bollastöðum, sem eiganda sellands þess, „er land á norðan að hjer nefndum landamerkjum.“

5.3.1.4 Eyvindarstaðaheiði

Landamerkjabréf fyrir Eyvindarstaðaheiði, austan Auðkúluheiðar, var útbúið 28. september 1886 og þinglýst 20. maí 1889. Það hljóðar svo:

> No. 81
>
> Landamerkjabrjef fyrir Eyvindarstaðaheiði, sem liggur undir Eyvindastaði.

[347] Skjal nr. 2(49).
[348] Skjal nr. 2(224).

> Að norðanverðu milli Rugludals og Eyvindarstaðaheiðar eru merki við Blöndu frá syðra Kolluhvammsgreni, þaðan beint austur, sunnanvert við Rugludalsbungu í svokallaðan syðri Austurdal, þaðan rjettsýni austur í Hanzkafell, þar sem það er hæst, þaðan í Hlóðarstein, þann er stendur á Fossadalsbrún að vestan, þaðan beina stefnu í Hólmarmýrarvatn, þaðan í austur beina stefnu í Aðalsmannsvatnalækjarós, ræður svo lækurinn til Svartár, ræður svo áin fram í Svörtutjörn, þaðan beina stefnu í suðaustur upp að Hofsjökli, ræður svo jökullinn alla leið til Blöndu upptaka, en Blanda ræður að sunnan og vestan merkjum gagnvart fyrstskrifuðu syðra Kolluhvammsgreni.[349]

Gísli Ólafsson og Jóhann P. Pétursson eigendur Eyvindarstaða og Eyvindarstaðaheiðar skrifuðu undir bréfið. Það var svo samþykkt af Ólafi Sigurðssyni umboðsmanni Reynistaðaklausturs vegna Rugludals, Birni Jónssyni vegna Bergsstaðakirkjujarðarinnar Fossa og Bjarna Ólafssyni vegna Stafns.

5.3.1.5 Hrafnabjörg

Landamerkjabréf Hrafnabjarga var útbúið 17. maí 1890 og því var þinglýst samdægurs:

> Milli Hrafnabjarga og Rútstaða ræður bein lína úr Merkjavörðu ofan í vörðu milli Merkishóla, og þaðan með sömu stefnu ofan tvær vörður, sem standa þar ofan undan, og vísa þar til, að glöggur lækur byrjar, sem rennur ú Svínadalsá. Milli Hrafnbjarga og Auðkúlu úr há Klaufarhæð bein lína í þúfu á há Hvannlækjarbungu ytri, og þaðan beina línu í Helluvörðuás og þaðan í Karyrðlingatjörn, síðan ræður Kvísl ofan í Svínadalsá, sem aðskilur Guðrúnarstaða- og Marðarnúpsland frá Hrafnabjargalandi. Svo ræður Svínadalsá, sem skiptir Gafls- og Hrafnabjargalandi.[350]

Benedikt Helgason eigandi og ábúandi að Hrafnabjörgum skrifaði undir bréfið. Það var samþykkt af Elínu Arnljótsdóttur eiganda Guðrúnarstaða, Stefáni M. Jónssyni staðarhaldara (beneficiarius) Auðkúlu og Lárusi Blöndal umboðsmanni Marðarnúps.

Hreppsnefndir Svínavatns-, Torfalækjar- og Blönduóshrepps keyptu framhluta Hrafnabjargalands af Sigvalda Þorkelssyni þann 13. desember 1922. Þar sem Sigvalda hafði verið að fullu greitt lýsti hann, 17. mars 1923, ofannefndar hreppsnefndir rétta eigendur að landinu samkvæmt ummerkjum sem fram koma í landamerkjaskrá frá 13. desember 1922. Yfirlýsing hans var lesin upp fyrir manntalsþingsrétti að Svínavatni 20. júní 1923.[351]

Partur af Hrafnabjargarlandi, var seldur hreppsnefndum í Svínavatns og Torfalækjarhreppi 13. desember 1922. Sölunni var þinglýst 20. júní 1923:

> No. 312

[349] Skjal nr. 2(225).
[350] Skjal nr. 2(54).
[351] Skjal nr. 4(164)

Landamerkjaskrá fyrir parti af Hrafnabjargarlandi í Svínavatnshreppi er selt er hreppsnefndum í Svínavatns og Torfalækjarhreppi.

Að norðan eru merkin úr svonefndum Snaga við Selkvísl í þúfu á ytri hólnum norðan við Selásenda, þaðan í lítinn hól með vörðubroti á rétt við Hálsagirðingu, þaðan í Stórueyrar-hlið, svo eins og Hálsagirðing ræður beint austu í merki milli Auðkúlu og Hrafnbjarga. Að austan eru merkin samkvæmt merkjaskrá fyrir Hrafnbjargalandi frá áður nefndum stað við Hálsagirðingar í þúfu á há Hraunlækjarbungu yfir og þaðan beina línu í Hellivörðuás. Að sunnan eru merkin úr Hellivörðuás í Karyrðlingatjörn. Að austan ræður lækur úr Karyrðlingatjörn útí Selkvísl sem ræður merkjum að Snaga.

Hrafnabjörgum 13. des. 1922

Sigr. Þorkelsson

Vitundarvottar:

Halldór Halldórsson

P. Jónsson.

Lesið fyrir manntalsþingrjetti Húnavatnssýslu að Svínavatni 20. júní 1923 og innf. í landamerkjabók sýslunnar Nr. 312, fol. 168b-169.

Vottar:

B. Brynjólfsson.

Þingl.- og stimpilgjald

4-fjórar-krónur

Greitt BB.[352]

5.3.1.6 Guðrúnarstaðir

Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Guðrúnarstöðum í Vatnsdal, með hjáleigunni Vöglum, var útbúin 28. febrúar 1888 og henni var þinglýst 29. maí 1889:

Að norðan eru merki þannig: Grjótvarða vestur undir Tunguá, austanvert við Prestamýri, þaðan austur til marksteins, neðarlega í hlíðinni milli Marðarnúps og Guðrúnarstaða, svo til Rauðahamars á Miðhjalla, og eru þessi merki í líkri stefnu, þaðan austur á austasta Borgarhöfuð, vestanvert við Sauðadalslæk, þá beina sjónhending til Marksteins austur við Selkvísl, þá liggja merkin í suður með kvíslinni og beinustu stefnu suður að Karyðlingatjörn, þá enn í suður að Skammbeinstjörn, svo í vestur að Úlfkellsvatni sem Skammbeinslækur ræður, og úr þeim lækjarósi í Úlfkellshöfða, frá Úlfkellshöfða eru merkin eptir hæsta hálsinum í norður fyrir vestan Vagli, norður í Grástein, vestur undan Vöglum, þá sjónhending niður Landamerkjalág niður til Vaglakvíslar sunnan við

[352] Skjal nr. 2(59).

Káradal, svo ræður Vaglakvísl niður að Tunguá, og þá Tunguá niður að vörðu þeirri, er upphaflega um getur að sje austanvert við Prestmýri.[353]

Elín Arnljótsdóttir eigandi Guðrúnarstaða og Magnús B. Steindórsson eigandi Vagla skrifuðu undir bréfið. Það var samþykkt af Lárusi Blöndal umráðamanni kristfjárjarðarinnar Marðarnúps, Bjarna Snæbjarnarsyni eiganda Þórormstungu, Hjörl. Einarssyni umráðamanni kirkjujarðarinnar Káradalstungu og Stefáni M. Jónssyni umráðamanni Auðkúluheiðar.

5.3.1.7 Þórormstunga (Tunga, Neðri-Tunga, Þóroddstunga, Vatnsdalstunga)

Landamerkjabréf fyrir Þórormstungu var útbúið 28. júlí 1890 og þinglesið 28. maí 1891:

> Að austanverðu ræður merkjum forn farvegur, er liggur í Vatnsdalsá austanvert við Mislingstanga við Tunguárós, að skilur nefndur farvegur Mislingstanga, þar til hann slitnar á litlum kafla, sem Vatnsdalsá er búin að brjóta af fyrir fáum árum, síðan byrjar nefndur farvegur aftur, og liggur í Tunguá hjá Merkjavörðu norðan við Sljettabakka, svo ræður Tunguá merkjum fram að Tungusporði, og þaðan Úlfkelskvísl fram í Úlfkelsvatn, úr Úlfkelsvatni eptir Skammbeinslæk, í Skammbeinstjörn og þaðan beint í austur, þar til hittir merkjalínu Auðkúluheiðar að vestan, (sem er úr Karyrðlingatjörn í Fellakvísl, þar sem Kólkukvísl rennur í hana,) svo eptir þeirri línu fram fremst á Friðmundarhöfða, þaðan byrja aftur merkin að vestan, beina línu í hól, sem er vestan á há Úlfkelshæðinni, svo í stóra grasþúfu, sem er á ásnum, fyrir vestan austara Hallarvatnið, og þaðan í Dalsbungu, þar sem hún er hæst, úr henni í vörðu sem er hornmerki milli Forsæludals og Torfustaða, svo beint út í Klapparþúfu, og þaðan eptir há Múlanum, þar til kemur Merkjadæld í Sunnuhlíð, og eptir henni ofan í syðri enda Tunguklyfs, þaðan ræður Vatnsdalsá norður fyrir Haukagilsrjettarhólma, þaðan norður eptir, þar til Saurbæjarland þrýtur, ræður bein lína úr rjettarbroti norðan í hólmanum í vörðu á Ásbrekku, frá Saurbæjarlandi norður og austur að Tunguósi, ræður Vatnsdalsá, (eða fá farvegur, sem hún rennur nú í,) merkjum milli Áss og Þórormstungu. Heimil er Forsæludals ábúanda beit fyrir kví-fé sitt í Þórormstungu heimalandi fyrir framan beina línu af Dalsbungu í Úlfkelskvísl, þar sem Hallavatnslækur kemur í hana, þegar ábúandi Þórormstungu ekki brúkar það sjálfur, sömuleiðis hefur Forsæludals ábúandi allar slægjur á austari Hallarvatnsflánni, fyrir framan og vestan vatnið, en ábúandi Þórormstungu hefur hana til beitar vetur og vor, og sömuleiðis er Þórormstungu ábúanda heimil beit fyrir framan Friðmundará hvenær sem hann vill. Silungsveiði í Friðmundará, Tungnalæk og vötnunum Friðmundarvatni og Eyjavatni, eptir því sem veiðirjettur jarðama Þórormstungu og Forsæludals getur náð til tjeðra vatna, eiga báðar jarðirnar

[353] Skjal nr. 2(57).

jafnt. Þórormstunga á selstæði í Káradalstungu landi, og fjárupprekstur í Dalskvíslar.[354]

Bjarni Snæbjörnsson eigandi Þórormstungu skrifaði undir bréfið. Það var samþykkt af Sigvalda Þorkelssyni vegna Guðrúnarstaða, Guðmundi Jónssyni vegna eiganda Áss, T. Hannessyni vegna eigna- og umráðamanns Forsæludals, Haukagils og Saurbæjar, Hjörleifi Einarssyni umráðamanni Undornsfellskirkjujarða, Káradalstungu og Torfustaðakots og umráðamönnum kirkjujarðarinnar Marðarnúps þeim Lárusi Blöndal og Hjörl. Einarssyni.

5.3.1.8 Forsæludalur

Landamerkjabréf fyrir Forsæludal var útbúið 29. júlí 1890 og þinglesið 28. maí 1891:

> Að norðan ræður, neðan frá Rjettarkletti nýr merkjagarður, þaðan upp á há hálsinn í merkjavörðu sem hlaðast á á hornmerki Torfustaðakots og Forsæludals. Að norðaustan og austan ræður, bein lína frá áður nefndri vörðu upp á há Dalsbungu, þaðan beina leið í stóra þúfu á ásnum fyrir vestan austara Hallarvatnið, og þaðan beina leið suðaustur í háan hól upp á svo nefndri Úlfkelshæð, og beina sjónleið þaðan um suðvesturhöggið á Friðmundarhöfðanum í merkjalínu þá, sem skilur land milli Auðkúluheiðar og Þórormstungu, Forsæludals og Dalskvísla, er liggur beina sjónleið úr Karyrðlingatjörn í Fellakvísl, þar sem Kólkukvísl rennur í hana. Að sunnan ræður bein lína frá vörðu á há Bótarfjalli austur um norðanvert Eyjavatn, miðja vega frá tanga þeim, sem gengur lengst í suður fyrir austan vík þá, er Túnalækur fellur úr, og hólma sem er ú vatninu. Í vestur frá vörðunni af Bótarfjalli ræður bein lína til Vatnsdalsár móti Svínavatnslækjarós. Að vestan ræður Vatnsdalsá merkjum. Til sumarbeitar fyrir kvífje (ásauði) hefur ábúandinn í Forsæludal endurgjaldslaust úr heimalandi Þórormstungu land það, sem liggur fyrir sunnan þá línu, sem miðuð er af há Dalsbungu í Hallarvatnslækinn, þar sem hann fellur í Hólkotskvísl, hverja þá stund, sem ábúandinn í Þórormstungu er notar hana sjálfur. Ennfremur hefur Forsæludalur þann hluta af flánni fyrir vestan og sunnan austara Hallarvatnið, sem er innan merkjalínunnar, til slægna endurgjaldslaust. Aptur á móti hefur ábúandinn í Þórormstungu endurgjaldslaus Jafnrjetti við ábúandann í Forsæludal til veiði í Friðmundará, Túnalæk, Friðmundavatni og Eyjavatni, einnig endurgjaldslaust hrossagöngu framan Friðmundarár á öllum tímum árs, sömuleiðis á flánni kring um austara Hallavatnið frá veturnóttum til krossmessu (vinnuhjúaskildaga.) Forsæludalur á fjárupprekstur í Dalskvíslar.[355]

J. Hannesson skrifaði undir bréfið vegna eignaumráðamanns Forsæludals. Það var samþykkt af Bjarna Snæbjörnssyni eiganda Þórormstungu og Hjörl. Einarssyni umráðanda Undornfells-kirkjujarðarinnar Torfustaðakots.

[354] Skjal nr. 2(58).
[355] Skjal nr. 2(35).

Í fasteignamatinu 1916 segir eftirfarandi í kafla um Forsæludal:

> Silungsveiði talsverð í vötnum í fjarlægð, kostnaðarsöm en þó til búbætis.[356]

Í afsali frá 30. júní 1975 stendur:

> Við eigendur Forsæludals, Sigríður Sigfúsdóttir, Sigríður Ragnarsdóttir, og Ólafur Sigfússon, seljum og afsölum hér með til Upprekstrarfélags Ás- og Sveinsstaðahrepps, þann hluta af heimalandi Forsæludals, sem liggur framan núverandi heiðargirðingu, frá Vatnsdalsá að Friðmundarvatni, ca. 12 ferkm. að stærð.
>
> Undanskilið er þó hluti Forsæludals í Friðmundarvatni og eyjarvatni, ásamt 20 m. breiðri landræmu meðfram bökkum vatnanna. Einnig Tungulækur framan girðingar með 10 m. breiðri landræmu meðfram hvorum bakka.
>
> Hvorugur aðili hefur þó rétt til að krefjast girðingar til að girða af fyrrnefndar landræmur, og skal kaupandi hafa óskertan beitarrétt á landinu, einnig þessum umræddu landræmum.
>
> Landið selst með þeim skyldum og réttindum, sem því tilheyra. Seljendur áskila sér rétt til að ryðja veg um landið að veiðistöðum, og frjálsa umferð um landið.
>
> Söluverð er þegar greitt.[357]

Ólafur Sigfússon, Sigríður Sigfúsdóttir og Sigríður Ragnarsdóttir skrifuðu undir samninginn.

[356] Skjal nr. 2(76).
[357] Skjal nr. 2(37).

5.4 Forsæludalskvíslar

Þann 6. júní 1536 útnefndi Páll Grímsson sýslumaður sex menn í dóm vegna ákæru Ljóts Arngrímssonar þess efnis að bændur og almúgi vildu ekki reka lömb á Dalsheiði, milli Giljár og Gljúfrár. Dómurinn hljóðar svo:

> Dömvr vm Lambarekstvr.
>
> Þeim Godum monnum sem þetta Bref sia edur heira. sender Jon Olafsson. Brandur Olafzson. Þorgilz Jonsson. Þorgrijmur Asgrymsson. Olafur Oddzson og Jon Einarson. [kuediu Gudz og wora kunnugt giorandi) med þessu voru opnu brefe ad þa lidit var fra Gudz burd 1536 i aase i Vatzdal þridiudaginn næstan epter Erasmi Episcopi vm vorid. vorum vier af ærligum manne Päle Grimssyne i dom nefnder ad skoda og Ransaka og fullnadar dömz adkuædj aa ad leggia vm þa akiæru. er liotur Arngrimsson bar fram fyrer oss. ad bændur og almugie villdi ecki reka sijn lomb a sijna heijdi eptter gomlum vana. og onguan toll giallda. Nu af þvi vor Landzlaga Bok vottar ad suo skulu Rekstrar vera sem ad fornu hafa verid. og suo langt og vijda til Reka. þaa dæmdum vier fyrrgreinder domsmenn adurnefndan liot Arngrijmsson skýlldugan ad leida ij loglig vitni ad þad hefdi verid haftt oc halldit skylldu rekstur aa dalsheijdi aa millum Gijliar og Gliufurär xx vetur og þadan af leingur er þeir mundu til. og ad vitnum leiddum dæmdum vier huorn mann skylldugan j greindu takmarkj ad Reka aa daalzheijdi er ætti. x. lomb. edur og giallda gillt lamb i tollinn af x lombum edur fleirum. Enn huor sem ecki villdi giallda. giallde saudinn med alldre. enn fullrietti aa huorium þreuetrum saud. skal huor madur skylldugur ad rijda a heidina er aa xx lomb edur fleijre. Og einginn af þeim fare firir fleyre enn sialfan sig edur suare domrofe.
>
> Samþycktti.[358]

Dómur Jóns lögmanns Jónssonar, er gekk á Sveinsstöðum þann 26. október 1583 og bréfaður var á Þingeyrum þann 11. apríl 1584, um rekstra og Forsæludalsheiði og Kúluheiði, er svohljóðandi:

> Domur Jons logmanns um rekstra á Dals og Kulu heidar.
>
> Ollum monnum sem þetta bref sia edur heyra senda Jon Gudmundsson. Jon Gijslason. Jon Jonsson, Illugi Jonsson, Rafn Einarsson og Þorsteinn Tumason, kvediu gudz og sinna kunnigt giorandi arum epter gudz burd M. D. Lxxx og

[358] *DI*, X. b. nr. 49, dags. 6. júní 1536. Dómur Páls Grímssonar um lambarekstur á Dalsheiði, bls. 72-73 og b. *DI*, XI. b. nr. 110, dags. 6. júní 1536. Dómur um lambarekstur á Dalsheiði, 116-117. Hið síðarnefnda afrit þessa dóms mun vera samið á árabilinu 1600-1620.

iij, Laugardæginn næstann fyrer allra heilagra messu, a Sveinstödum í Vatnzdal, þriggia hreppa þingi, vorum vær til doms nefnder af Joni Jonssyni sem þa hafdi kongsins syslu i Hunavatnsþingi, ad skoda og rannsaka og med skynsemi epter logum dom á ad leggja, hvernenn nidur skylldi setjast sá agreiningur, sem var þar með sveitarmönnum um lambarekstur á vor til Dalsheidar af Vatnsdalshreppum hinum fremra og nedra, og Kuluheidar af Asamonnum og Svindælingum. Klögudu sig þar þá fyrer valldzmanninum Sijra Eyrekur Magnusson. sem hiellt Audkulu stad, og Olafur Liotzson sem var buandi á kongdomsins jördu Forsæludal, sem lambatollinn attu ad taka vegna sagdra iarda, Dals og Audkulu, og badust þar doms á, þeir feingi ecki sina tolla, og rekstrarner væri nidurfellder, af allmörgum og rekid til annara afrietta sem þeim sialfum likadi, og þar tollurinn golldinn. Höfdu hier adur domar um geingid, og litt halldner vered, baru menn þar vitni um epter sier elldre monnum, ad þetta være gamler vanarekstrar, til greindrar Audkuluheidar og Forsæludalsheidar, utan til skammrar stundar hafi þessi agreiningur og tvidrægni imist við geingist, og fundu þeir það til varna. er ecki villdu þangað reka. að þessar heidar væri bædi eyddar ad landgiædum og seintækar á vorenn, en höfdu ecke epter lögum adgiætt edur a ridið og meta latið, hvað londinn formætti, helldur villdi hver sinn þotta og vilia fyrer fullnad hafa og nægia lata. Stendur svo í vorri landzlaga bok, þar skulu rietter vera sem ad fornu hafa verid, og svo langt til reka, J ödrum stad, J hvert sinn er logriett skal vera, og skal svo skipta göngum, sem hreppstiorar giöra rad fyrer, sekur er sa halfri mörk við kong, er eigi geingur svo, og abirgist saudi vid þa er eigu, alla þa er i hanns leit voru siedner, þar er hann atti göngu(u) um. Jtem j þridiu grein, aller þeir menn sem afriett eigu samann, skulu reka fie sitt i midia afriett, þa er viij vikur eru af sumri, i fiorda máta, um gielldfiar rekstur á vor til afriettar og fiallgöngur a haustinn, hvern tima ad vera skal, og hveriu bygdarlægi hæfer, því að eigi hæfer það einn veg i ollum bygdarlogum. Nu er eigi svo giort þa sekist iij aurum, hver er þann afriett á, hafi kongur halft, enn halft þeir ed næster bua, J fimmtu grein, xij bændur þeir ed næster bua, skuli telia fie i afrétt, eða haga, svo þeir ætli ad eigi muni feitara, þo ad færra sie, þvi fyrer þessar greiner laganna og þær fleire sem i logmalinu standa, og oss og þennann vorn dom styrkia, ad so profudu og fyrer oss kommu og ad heilags anda nad med oss tilkalladri dæmdum vier med fullu doms adkvædi alla menn i þessum tveimur Vatnsdalshreppum, og so þa i Svijnadalshrepp og Asahrepp skyllduga sinum rekstrum uppi ad hallda og til þeirra afrietta ad reka, sem ad fornu verid hefur af gamalli tid, og Bijvijsad verdur af Brefum, edur sannenda vitnisburdum, af gomlum og skilvisum dandismönnum, ad haft og halldid hefur verid epter logum. So þangad veniuliga tolla ad giallda, er med riettu afriett eiga edur svari slikum sektum sem vid liggia, og a ofann, iiij, morkum við kong i domrof, hver þrioskast vill og eigi sinum riettum lögskilum uppi hallda, án logligra forfalla.

Lögsamdi og samþykti þennan dom med oss adurnefndum kongs valldzmadur Jon Jonsson, og setti sitt innsigli med vorum fyrrnefndra domsmanna

insiglum fyrer þetta domsbref, er skrifad var á Þingeyrum i Vatnzdal, laugardaginn fyrstann i sumari, á ari sidr enn fyrr seigir.[359]

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, sem tekin var í fremri Vatnsdalshrepp 16.-21. október 1706, kemur fram að Forsæludalur sé í konungseigu og tilheyri jarðaumboðinu Vatnsdalsjörðum. Þar segir:

> Afrjett á jörðin þar sem heitir Dalsbót; á þann afrjett hefur að fornu rekið mestur hluti Vatnsdals, og galst tollur fyrir, lamb af hverjum rekstri, til ábúanda. Nú í margt ár hafa allfáir, og oft öngvir, afrjettina brúkað, nema ábúandi einn.[360]

Í kaflanum um jörðina Litlu-Giljá í Neðri Vatnsdalshreppi segir svo um afrétt Forsæludalslands í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* árið 1713:

> Í tíð Guðmundar Hákonarsonar var upprekstur úr allri þessari sveit millum Gljúfrár og Giljár í Forsæludalsland, þar sem kallað er Dalsbót, nema af fáeinum bæjum í Fremra Vatnsdalshrepp, sem ráku á Grímstúnguheiði. En því lagðist af sú afrjett á Dalsbót, að fjárgöngur voru úr máta erfiðar og er síðan enginn viss afrjettur sveitarinnar.[361]

Bjarni Steindórsson í Þóromstungu keypti Forsæludal þegar Vatnsdalsjarðir voru boðnar upp 10. júlí 1804. Sjá nánar í kafla um Forsæludal.

Þann 12. apríl 1806, lögfesti Bjarni Steindórsson eignarjörð sína Þórormstungu. Landamerkja er getið. Lögfestan var lesin upp fyrir þingsrétti að Breiðabólstað þann 25. apríl sama ár og að Tindum þann 20. júní 1808 en þar var lögfestunni mótmælt vegna Auðkúluheiðar:

> Logfesta fyrir Þórormstúngu 1806
>
> Jeg undirskrifadr Logfeste hér med Eignar Jord mína, Þórormstúngu, liggjandi í Grímstúngu Kirkju Sókn og Vatnsdal innann Húnavatns Sýsslu. Logfeste eg tjedrar Jardar Tún og Eingjar, Hollt og Haga, Votn og Veidistadi og allar Landsnytjar, sem henne fylgt hafa og fylgja eiga med réttu, til þessara ummmerkja, er adrir menn eiga í móti mér, nefnelega: Millum Mardarnúps og Þórormstúngu skilr Land Túnguár forni farvegr, sem hverfr ad nordannverdum Síkislæk þeim, er Mislíngr heitir og kémr í vatnsdalsá fyri nordann Mislíngstánga, rædr sídann Tunguá allt til Úlfkels upptaka, þadann eptir midjum fridmundarhofda, sidann í Austr qvísl hjá Kólkahól, þadann í Upptok á fellaqvísl og so beinleides til Jokla. Ad Vestann verdu rædr Vatnsdalsá framm ad Merkedæli í Sunnuhlíd, er liggr framannverdt vid Túnguklif og so uppá Hálsinn, eptir því sem hallar frá á bádar Hendr, eptir þeim gotum, sem liggja á há-Hálsinum, og sídann á þær gotr, er liggja framm á millum Hallarvatna, sidann Réttsýni í Eyjarvatnsbúngu og þadann beint eptir Heidumm framm til Jokla. Logfeste eg bæde ad Ordfullu og Logmáli

[359] Skjal nr. 2(92).
[360] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VIII, bls. 286.
[361] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VIII. Húnavatnssýsla, bls. 269.

réttu, fyrirbjódandi hverjum Manne, ad yrkja, beita, edr brúka, ellegar sér ad nytja, utann mitt sje leyfi til, undir vidliggjandi Sektir. Skal þessi mín logfesta gylda um nærstu Tólf Mánude, sem laga Skjal fyrir Þórormstúngu Landi og, ef eingi átelr á þeim Tíma, þá æfennlega upp þadann, hverri til fullkomins Kraptar og Stadfestu er mitt nafn og Signet ad Þórorms túngu þann 12ta Aprilis 1806.

Biarne Steindorsson.

Upplesid fyrer Manntalsþingsrette ad Breidabolstad þann 25. April 1806, testerar J. Benediktsson, Syslum. Snorrasonar Fullmegtugur.

Upplesid fyrir Manntalsþíngsrétti ad Tindum þann 20ta Junii 1808, en ad því leiti mótmælt, sem logfestan gengur uppá Audkúlu Heidi, til Kólkuhóls, eptir því sem Audkúlu skjol tiltaka, ad Audkúla egi frá Kárittinga Tjörn og í austustu qvísl, medan hún fellur rétt, þad Prestinum Séra Jóni Jónssyni á Audkúlu, hvorju Bjarni aptur mótsegir, svosem hann vill ega frá Kárittinga Tjörn eptir því sem votn ad haga til austustu qvíslar.

Vitnar S. Snorrason.[362]

Á manntalsþingi, höldnu að Breiðabólstað þann 17. júní 1807, var lesin upp kvörtun frá Bjarna Steindórssyni á Þórormstungu vegna átroðnings á Dalskvíslum, af fé sem rekið sé á Auðkúlu- og Grímstunguheiðar, og telur rétturinn ekki hægt að hrinda Bjarna frá því að telja í þetta sér tilheyrandi pláss. Kvörtunin var bókuð með eftirfarandi hætti í dómabók sýslunnar:

15. Var upplesid eitt Promemoria frá Biarna Steindorssyne á Þorormstungu, hvar inne hann kvartar um þann þunga, sem hann lide á sinnar ábylis- og eignar Jardar afrettar lande Dalskvislum kölludu, af þvj fie, sem rekid sie til Audkuluheidar á þá einu – og Grímstungu heidar á þá adra Sjdu, oskande þvj Réttarins urskurdar um hvört hann ej mætte leifa svo mörgum mönnum upprekstur á ofannnefndt platz, sem óumfljanl(ega) þurfa til ad gánga téd plátz á haustum, og er þvj réttarins meining þar um þessi: ad jafnvel þó rétturinn kannist vid, ad dómar seu fyrir Lamba upprekstre á ofannnefndar 2r heidar, edur Grimstungna- og Audkulu-heidar frá 4m nærliggiande hreppum Aass, Sveinstada, Torvalækiar og Svinavatns, hvör dómur þá, vegna timanna margbreitilega asigkomulags kann, sem hvör önnur politie Lög lika ad vera underorpinn umbreitingu, þess heldur, sem þeir tiltaka eckert um roskins edur géldfiár upprekstur á ofannefndar heidar, hvar til þær [þær, ofan línu] þó ad undannfornu hafa brukadar verid, og þess vegna ad líkum mátt fleyta stærre og annars fjár þunga, Enn nefndir dómar hafa nockurntjma rad fyrir giördt; hvar vid bætiz, ad þessi réttur gétur ecke sjed, ad þad sie edur skule nockrum vera fyrirmunad, ad nota sér eign sína til brukunar, uppá löglegann máta, allraheldst ef þad, sem i nærverande tilfelle, ecke er mögulegt ad gyrda fyrir þackkarlausa enn þó gagnlausa brukun ennar sömu af ödrum, so kunna

[362] Skjal nr. 2(61) a-b.

fyrrgreindir dómar Réttskildir og i Sameiningu vid tídarinnar ásigkomulag, ecke ad hrinda Biarna frá, að telia i þetta sér til heyrande landzplátz á móti Audkulu- og Grimstungna- afréttar plátzsum, ad þvj ádur skodudu, hvad margt fie umgétnar Qvisler bera kinnu móti hinum heidunum, ellegar þá eftir jnnbyrdis Samkomulage vid hvertvegge hlutadeigendur, þá hann i þessu tilfelle þó ber ad annast hreinsun og gaungur umgétins plátz.[363]

Á manntalsþingi, höldnu að Tindum þann 20. júní 1808, var upplesin kvörtun frá Bjarna Steindórssyni á Þórormstungu vegna átroðnings á Dalskvíslum, sem árið áður var auglýst fyrir manntalsþingi að Breiðabólstað.[364]

Þann 5. maí 1809 lögfesti Bjarni Steindórsson eignarjarðir sínar Þórormstungu og Forsæludal. Landamerkja er getið og minnst á Marðarnúp. Lögfestan var upplesin fyrir þingsrétti að Breiðabólstað dagana 15. og 26. maí sama ár, 5. maí 1819 og 17. maí 1824. Einnig var lögfestan lesin að Tindum þann 15. júní 1809. Hún hljóðar svo:

Logfesta fyrir Þorormstúngu og Forsæludal pro 1809

Jeg underskrifadur Logfesti Hérmed Eignar Jarder mínar Þorormstúngu og Forsæludal, Bádar liggjandi, i Grímstúngu Kirkiu Sókn i Vatnsdal, innann Húnavatns sijsslu. Logfesti eg tiedra Jarda land sameiginnliga, sem filger Tún og Eingiar, Holt, og Haga, Vötn og Veidistadi, og allar landsnitiar, sem her tilteknumm Jördumm filgt hafa, filgia ber, og filgia eiga med réttu, til þessara ummmerkia, er adrir Menn eiga í móti mér. Nefniliga ad austannverdu skilur áenn, sem nefnist Túnguá, land í millumm, Mardarnúps og Þórormstúngu, eptir fornumm farveg, sem firir nokkrum Árumm, er af Grióti sumstadar uppfilltur, enn þó siáannligur, hvor farvegur, liggur útí Vatnsdalsá, firir austann Mislíngstánga. Tunguá rædur framm til Úlfkélls upptaka, eptir midiumm Fridmundar Höfda. Þadann, i austustu Qvísl, eptir sem vötn ad draga, framm til Jökla. Ad vestannverdu rædur Vatnsdalsá framm ad Merkidæli i Sunnhlijd, er liggur framan verdt vid Tunguklif, og svo uppá Hálsin, eptir þvi sem hallar frá á bádar hendur, eptir þeim götumm sem liggia á há Hálsinum, J millumm Torfustada og Forsæludals, af Hálsinumm ofann í Vatnsdalsa, eptir þvi sem Grímstúngu Máldagar tiltaka. Rædur svo Vatnsdalsá, til sinna upptaka, fram til Jökla ad undannteknu þvi sem Hiáleigunni Dalkoti ber med Réttu ad lögumm. Lögfesti jeg bædi ad ordfullu, og lögmáli Réttu, firirbiódandi hveriumm Manni ad yrkia, Beita edur Brúka, ellegar sier ad nytia utann mitt ~~mitt~~ sié Lof, edur leifi til, innann gre[i]ndra merkia, under vidliggiandi Laga sektir.

Þessi Lögfesta er bigd, á fornumm og nijumm skiölumm, sem eg hefi i Höndumm, samt Hefd og Brúkun. Vilie nokkur þessa mína Lögfestu áfría, hann hinn sami, hver hellst vera kann, óska jeg þad giöri hér strax istad, og leggi vid fimtarstefnu annars þénar hún mér, sem fullkomid lagaskial og stadfestist med minni hönd og hiá þrikktu signeti.

[363] Skjal nr. 2(102) a-b.
[364] Skjal nr. 2(113) a-b.

Þórormstúngu þann 5ta Mii 1809.

Biarne Steindorsson.

Upp lesin fyrir manntals þings Retti ad Breidabólstad þann 15da maii 1809, vitnar S. Snorrason.

Upp lesin fyrir manntals þings Rette ad Tindum þann 15da Junii 1809. Vitnar S. Snorrason.

Framan skrifud Logfesta var lesin fyrir Man<n>tals þings réttinum á Breidabólstad þann 26ta Maii 1815. Testerar B. Olsen.

Lesid fyrir Manntalsþings Rétti á Breidabólstad þann 5. Maii 1809. J. Jónsson.

Upplesid fyrir manntalsþings rétti á Breidabólstad þann 17da Maii 1824.

Blondahl.[365]

Á manntalsþingi, höldnu á Breiðabólstað þann 30. maí 1810, framlagði Bjarni Steindórsson á Þórormstungu umkvörtun varðandi skaða sem hann segir heiðarland sitt, kallað Kvíslar, verða fyrir af fólki sem fari til grasa. Umkvörtunin var færð til bókar með eftirfarandi hætti:

10. Framlagdi Mr. Bjarni Steindórsson á Þorormstungu eina umqvörtun af 28. þ. m. áhrærande þann skada, sem hann tjáir ad sitt heidarland, kallad Qvislar, verdi fyrir af folki sem fari til grasa, bædi med því ad grenlægjur þar vid styggiz og yfirgefi heimkynni sin og Jnni.[366]

Þann 23. júní 1810 var haldinn lögregluréttur að Stóru-Giljá vegna umkvörtunar þriggja manna, þ.á m. Bjarna Steindórssonar í Þórormstungu yfir óheimilli notkun manna á Dalskvíslum. Við lögregluréttinn kom fram:

Anno 1810 þann 23ia Júnii setti Sýslumadr Sigurdr Snorrason einn Politie Rétt ad Heimili sínu, Stóru Gilá, med 2n undirskrifandi eidsvörnum þíngvotnum út af fylgjandi Tilefni: Presturinn Sra Jón Jónsson á Audkúlu hefir í einu bréfi af 15da nærstl: mánadar, lesnu fyri Mantalsþíngs Rétti ad Tindum sama dag, gjört umqvörtun yfir óheimilri Brúkun Fólks á Audkúlu Beneficii Landi, So nefndri Kúluheidi, vid grasatekju. Stúdiósus Mr. Thómas Thómasson á Stóru Ásgeirsá, Hreppstjóri í Þorkelshóls Hrepp, hefir sömuleidis í einu prómeria af 2m þ:m: lesnu fyri manntalsþíngs Rétti ad Stóruborg þann 6ta marz eptir, framfærdt somu umqvortun í Tilliti til líkrar og fleiri slags Óreglu Brúkunar af einu Landstycki, heyrandi undir hans ábýlis- og Eignar Jörd, nefnda Stóru Ásgeirsá, enn liggjandi á Arnarvatnsheidi, milli tilgreindra ummmerkja; sem og einninn Bóndinn Mr. Bjarni Steindórsson á Þórormstúngu, þad snertir Landeign hans í svonefndar Dalsqvíslir, í bréfi einu af 28da maji þ:a: sem lesid er fyrir Manntalsþíngs Rétti ad Breidabólstad þann 30ta nærstl: Mánadar. Uppá framann skrifadra manna ummqvartanir, var þá fyri Réttenum afsögd

[365] Skjal nr. 2(62) a-b
[366] Skjal nr. 2(114) a-b.

svofelld Pólitie-ályktan: þad er ómótmælt, ad Audkúlustadar prestakalli tiheyrir þad Land, á svonefndri Kúluheidi, sem lögfesta prestsins S^{ra} Jóns Jónssonar samastadar af 15da nærstl: mánadar og sama dag lesinn fyri manntalsþíngs Rétti ad Tindum, tiltekr og greinir um merki ad og undir eins öll þau Hlunnindi, innann sömu ummmerkja liggja, þeirra not og Brúkun loginn hafa tileinkad Eigandanum. Nú þar vor gylldandi Landslog Jónsbókar Landsleigu Bálks 58 Kapit: samannborinn vid 19 Kapit: helga Eigandanum einum öll þau not og útilokandi Brúkun þeirra gæda, og Landsnytja, á Lód hans falla, hverju nafni, sem heita; svo gétr öll Heimildar- og leyfislaus Brúkun þeirra sömu, af ödrum útifrá, ecki annad enn álitist lögum gagnstæd, fyrir utann hvad hin sama líka mogulega opnar dyr fyri frekari Órádvendi og spillir jafnvel þenkíngarhætti þerra midr upplýstu. Þessi Réttr álítr því Brúkun allra þeirra landsnytja og gæda, sem fyrrnefndr Landsl: b. 58 Kapituli uppreiknar og helgar Eigendum einum óheimila og Lögum gagnstæda, og á hverki ad æfazt án Leyfis Hlutadeigandi Eignarmanna, né helldr Betallings, edr þócknunarlaust, þegar Eigendurinir ecki vilja fráfalla hinum sama. Þó er þad þessa Réttar, hvad grasatekjuna, sem almenníngi í mestalagi gagnsamann Útveg, áhrærir vafalaus Meiníng, ad eins og hún kann ecki ad æfaz[t] án Hlutadeigandi Eignar Mans Leyfis, á honum tilheyrandi Landi edr Lod, svo hlýtr þó Betalíngurinn fyri slíka Notkun, ad vera í mesta Lagi sanngjarn og ecki hár, í þeim Plátsum, sem fjærlægt liggja Eigandanum og sem hann ecki sjálfr vel gæti notad sér ad öllu leiti, hvad hid sama líka mætti gyllda um Hríss- og Vídir- Rif, hvarfyri þó, eins og fyri grasatekjuna, Betalíngr yrdi og ætti áqvardaz[t] eptir Tiltölu þess, sem aflad er.

Þess vegna verde þessa Réttar úrskurdr, hvad grasatekju á annara Landi og Lod snertir hér innann Sýsslu, svofelld: Fyrir hvern Grasa Hest, edr 4 Tunnr Grasa skal Landeiganda greidast 1 ½ alin í óframmfærdu, edr Landaurum, edr svo mikid í Peníngum sem þerra virdi, eptir medalverdi reiknast til og þar hjá sanngjörn þockabót fyrir Hagatoll þeirra Hesta, sem Fólk med ser hefir, medann þad er ad Grasaleitinni, hverr Betaíngr verdr ad vera kominn undir Tímalengdinni og samkomulagi milli Eganda og þeirra, sem slíks Útvegs leita vilja. En séu Grös tekinn í Óleyfi, tvígylldiz Eganda og þar hjá Landnám, edr Hálfmörk: og séu Egg tekinn, edr fuglar veiddir, þeim fráskildum, sem Loginn í nefndum Kapitula hafa undantekid, bætiz[t] Egg og Fugl fullu verdi Eganda, fyrir utann Landnám.

Hvad adra Brúkun snertir á annars Lod, svo sem Hrís- og vídir- Rif, Hvannaróta- og Álptar fjadra tekju, sem og einnig veidi fyrir og í annara Landi, hverja vor Landslog líka bannad hafa, med hondliz[t] slíkar athafnir, sem óheimilar, eptir logunum og þeirra Áqkvordunum til Bóta og sekta af þeim sem slíkt í Óleyfi og án heimildar ydka. Hverr sá sem brýte á móti þessari Ályktan, eptir ad hún er af Hlutadeigandi Eignar monnum afréttar og Heidar Landa hér innann sýsslu, sem gjort hafa umqvortun fyri mér, yfir bannadri Brúkun og Ágángi á Landeign þeirra, regluliga auglýst, bæti 48

fiska til sveitar fátækra, sem vid Execution úttakiz[t] úr Búi ens brotlega, af hlutadeigandi Hreppstjóra, eptir Rádstofun sýslumans, þegar Brotid er fyrir honum uppvíst gjört.

[...]

Rétt útskrifad af Justits Protokollen vitnar med Hendi og Signeti, Snorrason.

Lesid fyrir manntalsþíngsrétti ad Stóruborg þann 20ta Junii 1812, testr Snorrason.[367]

Á manntalsþingi, höldnu að Breiðabólstað þann 28. maí 1811, var lesin ályktun sýslumanns þar sem ákvarðaður var tollur fyrir grasatekju á annarra lóð og fyrir aðra notkun annars lands, sérstaklega hvað snerti landeign Bjarna Steindórssonar í Þórormstungu, kallað Dalskvíslar. Af þessu tilefni var eftirfarandi klausa færð inn í dómabók sýslunnar:

5° Lesin politie ályktun sýslumans S. Snorrasonar af 23. Jun. f. a., hvar vid áqvardadur er Tollur fyri grasatekju á annara lód, sérílagi þar sem fjarlægt liggur Eigendunum, 1½ al. í landaurum edur þeirra virdi í peníngum fyrir hvörjar 4 tunnur grasa, en fyri adra notkun annars lands beint fylgdt landslögunum og þeirra áqvördunum. Þetta hvad snertir landeign Mr. Bjarna Steindórssonar í Þórormstungu, Dalsqvíslir kallað.[368]

Á manntalsþingi, höldnu að Breiðabólstað þann 26. maí 1815, var upplesinn dómur frá 17. júní 1807 fyrir Dalskvíslarafréttarlandi.[369]

Þann 13. júní 1818 var haldinn lögregluréttur um upprekstur og fjallgöngur Torfalækjar-, Svínavatns-, Ass- og Sveinsstaðahreppa. Bæjum var úthlutaður afréttur til upprekstrar svo rekstur yrði sem skemmstur. Ákvörðunin var lesin upp á manntalsþingi að Tindum þann 30. maí 1836:

Politie Rettar Atest

Um 3 heidarlondinn

Af 1818 – Lit A

Árid 1818 þann 13. Junii hiellt Sysslumadur Jón Jónsson einn Politie Rétt á Beinakelldu, med underskrifudum Logteknum Vitnum, til ad giora eptir begiering ályktun um Upprekstur og Fiallgaungur fyri Torfalækiar-Svínavatns-Ass- og Sveinsstada Hreppa. Voru hier til stadar Hlutadeigendur til þeirra Heida og Fiall Landa, sem upp frá Hreppunum liggia, ásamt med Hreppstiórunum i nefndum Hreppum. Frammlagdi svo presturin Sira Jón Jónsson Hierads Þíngsdóm af 9. Junii 1758, ad Audkulustadar Heidi skuli þiena fyrir Log Afriett Svínavatns- og Torfalækiar-Hreppa Jnnbyggiurum, hver Alyktan á, sem óhnekkt, vid Makt ad standa, Þad er ad sonnu uppastadid af nokkrum Torfalækiar Hrepps Jnnbúum, ad þeir megi reka fie sitt á

[367] Skjöl nr. 2(60) a-b og 2(103) a-b.
[368] Skjal nr. 2(212) a-b.
[369] Skjal nr. A6b. 35a-b. 26. maí 1815. Hún. V.13. 1812-1818, bls. 118-119.

Saudadal, enn af Egendum þessa dals lagt i Réttarins valld, ad álykta þarum, eptir því sem hann finnur Almenníngi hentugast. Nú vyrdist þad ad ef einn eda fleiri fengiu eda tækiu sier Leyfi þar til, þá mundu Lángtum fleiri, helst af Nábúum i nærliggiandi Hreppum, breyta eptir þeim, og orsaka þannig stóra Óreglu; Þessvegna ályktar Rétturinn: Ad nefndur Saudadalur egi einganvegin ad brúkast fyrir gelldfiár Log-Afriett.

[...]

En í Dalsqvíslir: 1. Forsæludalur, 2. Dalkot, 3. Þórormstúnga, 4. Kárdalstúnga, 5. Vaglir, 6. Gudrúnarstadir, 7. Kotlustadir, 8. Hof, 9. Bakki, 10. Eyólfstadir, 11. Hvammur, 12. Biarnastadir, 13. Stóra Gilá, 14. Beinakellda, 15. Kringla, 16. Akur, 17. Skinnastadir, 18. Torfalækur, 19. Húnstadir, 20. Hollt, 21. Medalheimur, 22. Hialltabakki, 23. Saudanes, 24. Hniúkar, 25. Orrastadir, 26. Hamrakot, 27. Hæli.

[...]

Þetta Hlutadegendum til hægdar, svo ad sem skemst verdi leidin. Þeir af Hlutadegendum sem ega 1^{c} [hundrað] Fiar ad Lömbum medtoldum i afriett, skyldast til ad lata til 2 Menn i gaungur. Annars ega Hreppstiorar ad rádstafa Fiallgaungum eins sem odru ad fiallskilum Lútandi og hinir ad Hlýdnast þeirra skipunum, undir vidliggiandi Sektir. Þad er siálfsogd Skylda þeirra, sem ega eda Umrad hafa yfir Afréttunum, ad Hreinsa edur Láta Hreinsa þær vel og trúlega. Vitanlegt er, ad Sekt mót Hreppstióranna Logmætum Skipunum er hálf Mork, eda 1rd Sp: ad af ádurtoldum bæum verdi árlega tekin nægilegur fólks fioldi til ad Leita Saudadalin, skal vera undir Hlutadegandi Hreppstióra Rádstöfun, eptir ásigkomulagi, nú og sidar.

Actum ut supra

J. Jónsson

Jón Ólafsson, Sigurdur Þórarinsson

Rétt eptir Húnavatns Sýsslu Justitz Protocol, test^{r} J. Jónsson

Til

Hreppstiorans Sgr. O. Biornssonar á Beinakelldu, Sgr. Þorleifs Þorkelss. á Stóradal, Prests Síra Jóns Jónssonar á Audkúlu, Prests Síra Sigvallda Snæb:s: á Grímstúngu, Hreppst: Sgr. Jóns Jónss: á Hvammi, og H^{ra} Administr. B. Olsen.

Lesed fyrer manntalsþíngs Rette á Tindum þann 30ta Maii 1836, og þínglysingin borgud med 36^{s}, skrifa Þrjátíu og sex Ríkisbánka skildingum Sijlfurs.

Blondahl.[370]

[370] Skjal nr. 2(187) a-b.

Þann 23. mars 1820 ráðstafaði Bjarni Steindórsson eignarjörðum sínum Þórormstungu og Forsæludal með Dalkoti, á svofelldan hátt:

> Þar eg undirskrifadur nú [á] 87da Aldursári giöri Rád fyrir ad Æfidagar mínir munisnart vera á Enda vildi eg ádurenn fráfell giöra þá Rádstöfun ad sem minstur Agreiningur yrdi um þær Eignir sem eg eptir mig kynni ad láta, því giöri eg nú med fríum Vilia og fullkomnri Ráddeild þá Rádstöfun um þad Heidarland sem tilheirir Jördunum Þórormstúngu og Forsæludal og alment kallast Dalsqvíslir, ad 4/9 partar af þessu Heidarlandi skuli frammvegiss tilheira Þórormstúngu og 5/9 partar Forsæludal med Dalkoti, og áskil eg þessi skipti á Heidarlandinu haldist þadanaf hvör helst sem Eigandi Jardanna frammvegis verda kann, og eins þó Jardirnar kynni héreptir verda nidursettar ad Hundradatali, svoleidis ad af öllu því afgialdi og ardi yfirhöfud, hvorju nafni sem heitir, er téd Heidarland af sér géfur tilheiri framveigis 4/9 partar þaraf Þórormstúngu, 4/9 partar Forsæludal og 1/9 partur Dalkoti, enn á medann eg lifi áskil eg mér ad hafa öll not af tédu Heidarlandi hvörjum sem eg svo byggi ádurnefndar Jardir.
>
> Þessari minni Rádstöfun til Stadfestu er mitt ásent, tilkvaddra Votta undirskrifud Nöfn og hiásett Signet. Staddur ad Hvammi þann 23ia Martz 1820.
>
> Bjarni Steindorsson
>
> Hieldt um pennann Ad framam skrifud Radstofun sé af Mr. Bjarna Steindorssyni giord med fullri skinsemi vitna um nærstaddir.
>
> Blondahl, G. Guttormsson.[371]

Varðveitt er sameiginleg lögfesta fyrir Auðkúluheiði, Þórormstungu- og Forsæludalsland, Grímstungu- og Haukagilsheiði. Lögfestan er dagsett þann 16. júní 1820 og er hún svohljóðandi:

> Hiermed lögfestum vid undirskrifadir eptirskrifud, i okkar sumpart umsión, sumpart Eigu verandi fiall-lönd, nefnil: Audkúluheidi, Þórormstungu og Forsæludalsland, Grímstungu og Haukagilsheidarlönd, einkum i tilliti til grasatekiu, og þaraf rísandi ýmislegs órádvands umgángs – Og fyrirbiódum hiermed einum og sierhverium grasatekt i tiedum löndum, nema leitad sie þarum leyfis til okkar, hvers fyrir sitt land, og finni sig í ad giallda, þann med Dómi af 23. Junii 1810, áqvedna grasa og beitartoll. Hid sama er okkar forbod á um hrísrif. – Mega allir þeir, sem i leyfisleysi ydka grasatekt eda hrísrif móti forbodi þessu i greindum löndum, vidbúast ad mæta tiltali til Lagasekta eptir málavöxtum; enn herra sýslumadur J. Jónsson umbidst þénustuskylldugast ad upplesa þetta forbod, fyrir nú nærst halldandi Breidabólsstadar, Tinda, Vindhælis, Engihlídar og Bólstadahlídar manntalsþings Rétttum.
>
> Þórormstungu, þann 16. Junii 1820.

[371] Skjal nr. 2(63) a-b.

Jón Jónsson Sigvalldi Snæbiörnsson

L.S. *L.S.*

Uppá eiginn og Eckjunnar Gudrunar Þorarinsdottir vegna

Biarni Steindorsson

L.S.

Lesed fyrir manntalsþíngs Rétte á Breidabólstad þann 22. Jun. 1820.

J.Jónsson

Dito á Tindum þ. 26. Juni 1820.

J.Jónsson

Dito á Bólstadarhlid þ. 28. Jun. 1820.

Dito á Eingihlid þ. 30. Juni 1820. J.Jónsson

V. BechEiríkur Helgason

Jon Arnason

Upplesid á mantals þíngs Rietti á Vindhæli þann 3ia Julj 1820 vitna i forfollum hra sislumanns Jonssonar David Gudmundsson

Arne Olafsson Hannes Jonsson.[372]

Þann 21. júní 1820 fór fram sáttargjörð bænda í Torfalækjarhreppi um greiðslu fjallatolls til Auðkúlu, vegna reksturs á Kvíslar. Í staðfestum útdrætti úr Tindasáttabók segir:

> Arid 1820 þann 21. Juni voru eptir kjæruskjali frá Profasti Joni sal. Jonssyni á Audkulu innkalladir fyrir sattanefndina í Tinda Sátta Umdæmi, bændurnir í Torfalækarhrepp [svo] frá Akri, Skinnastodum, Torfalæk, Húnstodum, Holti, Hjaltabakka, Hnjukum, Saudanesi, Hamrakoti, Orrastodum, Hurdarbaki, Medalheimi og Kringlum sokum þess ad þeir ei hofdu gjort Profastinum skil fyrir fjallatollum þa i 3 ár þar ed þeir hefdu rekid fé sitt i Kvíslar
>
> verdur þá sú sætt, ad þessir allir lofudu ad borga Profastinum eptir leidis fjallatoll hvör med einu Lambi í Rettum enn Profastur eptergaf öllum þeim innstefndu fjallatolla þá sem vöntudu fyrer 2 ár og þeim fatækare og fyrer hid 3ia arid, enn þeir efnadre lofudu ad borga honum 10 fiska fyrer hid 3ia arid.
>
> Rett utdregid af Tinda Sátta umdæmis Sattabok
>
> vottar O.Gudmundsson
>
> Þessara bænda i Torfalæ[j]kar Hrepp er ei getid nl. Frá Stórugilja, Beinakeldu, Reikjum, Koldukinn og Kagarholi, enn hvers vegna er mér óljóst.
>
> O.G.[373]

[372] Skjal nr. 2(150) a-b.
[373] Skjal nr. 2(189) a-b.

Í sóknarlýsingu Grímstungukirkjusóknar, frá árinu 1844, sem samin var af séra Sigvalda Snæbjarnarsyni, kemur eftirfarandi fram í kafla um afréttir:

> **32. Afréttir.** Grímstunguheiði og svokallaðar Dalsqvíslar [þ.e. Forsæludalslvíslar] ásamt Haukagilsheiði. Engir almenningar. Upprekstur fjár á þessar heiðar er fyrir Áss- og Sveinsstaðahreppa. Réttað fé í Grímstungurétt, þá 22. vikur eru af sumri.[374]

Í kafla um Forsæludal og Dalkot segir svo í jarðamatinu 1849 um Dalskvíslar:

> Jörðin [þ.e. Forsæludalur] á 4/9 hluta í afrjettar landinu Dalskvíslum, og metast þeir sjer í lagi 80 rbd. [...] Kotið [þ.e. Dalkot] á 1/9 hlut úr Dalskvíslum metin á parti 20 rbd.[375]

Í kafla um Þórormstungu í jarðamatinu 1849 segir eftirfarandi um afréttarlandið Dalskvíslar:

> Jörðinni fylgir afrjettarland sem er partur í svokölluðum "Dalskvíslum" er þetta heiðarland tilheyrandi jörðunum Þórormstungu Forsæludal og Dalkoti, og liggur suður og upp frá þeim fram til öræfa, að svokölluðum "Öldum„; er Kúluheiði að austanverðu fram með Dalskvíslum, og miklu lengra suður og fram fyrir þær, en Grímstunguheiði að vestan fram með; eru 4/9 hlutir afrjettarlandsins, eða Dalkvísla eign þessarar jarðar, og metast með henni og útaf fyrir sig 80 rbd.[376]

Á manntalsþingi, höldnu að Miðhúsum þann 6. maí 1850, var lesin friðlýsing fyrir ágangi af stóði í Dalskvíslum, Kornsárlandi, Víðidalsfjalli, Grímstungna- og Haukagilsheiðum. Inntaks er ekki getið en eftirfarandi færslu í dómabók sýslunnar er til merkis um friðlýsinguna:

> 10. Lesin friðlýsíng fyrir ágangi af stóði í Dalskvíslum, Kornsárlandi, Víðidalsfjalli, Grímstungna- og Haukagilsheiðum. Þínglýsing 36^{S} bet.[377]

Inntak fyrrgetinnar friðlýsingar er frá 6. maí 1850, eins og fyrr getur, og greinir frá leyfislausum ágangi og upprekstri hrossa í Dalskvíslir, Kornsárland og Víðidalsfjall í stað Grímstungna- og Haukagilsheiðar. Friðlýst var fyrir óheimilum ágangi hrossa en rekstur var heimilaður gegn sanngjörnu eftirgjaldi. Þessu var þinglýst á manntalsþingi að Miðhúsum tvívegis þetta sama ár. Inntak friðlýsingarinnar hljóðar svo:

> Afskrift
>
> Þad hlytur ad vera herstöddum þyngheimi fullkunnugt ad því meir, sem ótaminn Hross fiolga og annar peningur Eijkst, þess meire landusla giorir þetta Stód, og vegna þess ad aungri Reglu er fylgt med ad reka þad til afrétta á vorin, edur ad koma því fijrer hiá þeim sem eiga edur til um ráda hafa

[374] *Sýslu- og sóknalýsingar Húnavatnssýslu 1839-1873* I, (1950), bls. 74.
[375] Skjal nr. 2(75).
[376] Skjal nr. 2(75).
[377] Skjal nr. 2(211) a-b.

afretter og Vídlend Heimalond, ordsakast her af hinn meste ojofnudur og yfergángur, þar ed stod opt þyrpist i einstok lond og búfiarhaga til mesta Skada, sem er þvi tilfinnannlegri fyrer þá er lond Þesse eiga edur hafa til umráda, sem flester ein grid borga og einkum meta þennan usla, sem er hid fliotasta medal til ad eideleggia þaug pláss, sem mest fyrer þessu verda. Þar vid underskrifader i fleijre og færre ár hofum sætt mesta ágange af stóde annara fyrer sárlitlar þacker, enn þó enn minne borgun, knyr þad oss til ad fyrerbióda einum og sérhvorjum, ad reka edur láta Stód sitt i leyfisleise i Dalsqvísler, Kornsárland, Vídidalsfiall frá Rófuskardi í stad Bruna á Grimstungna- og Haukagilsheidar. Þeir sem hér á móte brióta kénne sialfum sér þann halla, er þeir kynnu þar af ad hafa, þvi vér mundum verda samtaka i ad tedri óreglu, ójöfnude og yfergánge verde afstyrt, og fridlísum þvi ádur nefndum londum til ytstu ummerkia fyrer ollum óheimiludum hrossa ágángje.

Enn þared vér á hinn boginn siáum ad buendur géta ecke án mesta Tións fyrer sig og nágranna sina hafdt Stodhross sín heima ad Sumrum viljum vér tiá oss fúsa til ad ljena buendum i Áss og Sveinsstada Hreppum upprekstur i adur nefnd lond ockar móte sanngiornu Eftergialde, og hlióta þeir sem slíkt kynni ad gyrnast, ad halda ser til ockar þar um, annad hvort Strags hér á þyngenu edur fyrer næstu Fardaga, þvi vid munnum jafna nidur af hvad morgum bæjum hvor ockar meige hross taka: og oskum vid ad fá ad vita aldur, tolu og einkenne á þeim Hrossum er vid verdum bednir fyrer, so vid getum deylt þaug frá þeim i londum ockar, kynne ad finnast i þvi so nefnda Bessa leyfe.

Fyrer manntals þyngs Rette ad Midhúsum, 6. maji 1850.

B.M. Olsen

B. Gudmundsson, Fr. Schram

Jon Eyriksson, J. Skulason

S. Snæbiornsson

Þynglyst ad Midhusum 12. Maji 1850.

Þínglising 36^{s}, bet.

A. Arnesen.[378]

Um 1850 tók Björn Bjarnason á Brandsstöðum saman skýrslu um Kúluheiði, takmörk hennar, örnefni þar og ásigkomulag. Í skýrslunni, fjallar Björn einnig um upprekstur á heiðina, réttir og göngur, vegi og hrossagöngur. Þar er minnst nokkrum sinnum á Dalskvíslar. Skýrslan hljóðar svo:

Skýrsla Björns Bjarnasonar á Brandsstöðum um Kúluheiði skr. um 1850.

Um Kúluheiði

skrifað af Byrni Bjarnasyni á Brandstöðum

[378] Skjal nr. 2(194) a-b.

Milli 1720 og 1760 bió Biarni Jónsson (efna maður og leingi fremsti hreppst(jóri) í Svínav(atns) hr(eppi)) á Hrafnabiörgum, síðan Jón sonr hans á sama bæ, Pietr á Geithömrum skinsamr maður, og Biarni í Holti, leingi hreppst(jóri) (faðir minn) allr þessir brædr biuggu milli 30 og 40 ár. Pietur fór siðast til föður míns eptir aldamótin, og þá heirði eg þá seigia bæði mier og öðrum eptir reinslu og vissu sinni þetta eptirfilgjandi

Um Takmörk,

að austan: ræður Blanda og Blöndukvísl fram og austr undir Hofs Jökul, en Eivindarstaða heiði liggur alla leið hins vegar með henni, þaðan með Hofs Jökli suður að Jökulfalli, en það ræður vestur að Hvitá og í Hvítárvatn sem er fast við Lángjokul, er nokkrir kalla þar Regnbúðarjökul, það er fláki sá er liggur suðaustr úr Lángjökli, þá að vestan norðr með Lángjokli, og norður á Öldur. Þar tekur við Dalskvísla land, sem á allar öldur að norðan verðu, og er líkast til að griótdrag það er liggur vestanfrá Sandi norðaustr að Hanskafelli og so í Sandá ráði þar merkium. Síðan til norðurs ráði Fellakvíslar drag og Fellakvísl þar beint liggur vestan fellin riett norður að Karitlínga Tiörn þar vestur og fremsta kvísl Svínadalsár kemur úr. Þá tekur Hrafnabiargaland við úr tieðri tiörn austr í Þorarins vötn so í Hrafnabiarga Tiörn, og up á Hvannlækiar bungu, so eptr hábungunum norður á há borgir. Þar er Kúlu Selland rimi að Sliettá og frá henni í Ashildar Tiörn með merkium Stóradals og Guðlaugstaða lands. Nefnd Tiörn er gegnt Hrafnab(iargar)tiörn og birjar heiðin þar firir framan, að Ashildar læk er rennur austur i Fiskilæk og þá i Vallgil, eptr lögfestu frá Kulu, en Þramar land var þó kallað i allan Fiskilæk fram i Þremundr vatn, og er Þórdísar sel á því svæði austan lækin, það er kient við Þórdísi er þar bió firir Sandfallið 1766.

[...]

Um upprekstur inn

að fornu og níu og athugasemdr þar við það heirði ieg þá bræður seigia að allr í Svínavatns hrepp og austur ása menn hefði firri part 18^{du} aldar rekið fie sitt á Kuluheiði, en vestr ása menn jmist á heiðina eða í Botina eða á Sauðadal, og flestr hefði goldið lamb, þó hefði siera Gísli[379] alltíð verið mildr í tekium, og eptirgiefandi. A þeirri tíð voru gaungr giorðar Jökla á milli að Hvítárvatni og Jökulfalli, þá voru Riettir uppi við Blöndu og á Riettarhól í Dalskvíslum til að draga sundr Kúluheiðar og Vatnsdalsfie, siðan var dreigið sundur í rananum, við Þrem(undar)á framan dal, en Kúlu Riett var á ræktar bletti þeim er Ingibiörg hæverska bigði síðast og kallað var Kúlusel, og er þar góður gamall ræktarblettur, velbiggilegur.

Árið 1754 var mikill fellirs vetur og þá aflagðist upprekstur að öllu, þó kolfeldu hier ei allir, en stórum var þó skorið, og vorið 55 átti afi minn 80 – 100 ær eða roskið fie og fór með það útað Kúlu og hielt því þar á Jörð

[379] Gísli Einarsson var prestur á Auðkúlu 1708-1747, sbr. Sveinn Níelsson, Prestatal og prófasta á Íslandi. 2. útgáfa. Reykjavík 1950, bls. 231.

manuðartíma, en skar þó mikið haustið áður, og öll lömb. Fiarfæð þessi varði nokkur ár, en heiðar eigendur töpuðu ágóða af landinu. Þó bar þeim að hreinsa það af Refum, en óviðráðanlegur bítir óx þá á því fáa fie í Sveitini, sem eignað var uppkomu Dírana á heiðunum og skeitingar lausri hreinsan. Nálægt 1758 feingu afriettr Eigendur vestan Blöndu upprekstrardóma hiá sislumanni Biarna Haldórssini, er allir skipuðu bændum, eptr því sem áður var viðtekið að reka lömb á afriettina og gialda lamb af – Rekstri (Vidid(als)túngu) lamb af 20, toll af 10, sögðu Vatnsdælir. Og varð það siðan að Reglu að gialda lamb hverium búanda hvert hann átti margt fie eða fátt. Á þeim tíma er nefndr Dómar voru útgefnir voru ei sauðir til, enda voru þeir ei nefndir, eða búist við þeir kiæmust upp aptur. Og þókti þetta ei framsíni, eða ætli þeir hafi hugsað að geima sier Riett að tala um geldfieð síðar? Alla tíð þottist Forsæludalsmaður afskiptur milli prestana og hafa geingið um það ímsir samningar, en aldrei honum ánægianlegir. Firir Sandfallið 1766 var aptr fiáreign orðin mikil, og eptr það til 1770. Stundum var fiártaka firir gaungur (því frémr fóru kaupmenn að sínum hagnaði enn landsmanna) þá var fie af efnamönnum í flítir rekið að áðrnefndum Riettum og tekið frá kaupstaðarfieð, en gaungr voru avalt giörðar í 21. viku sumars. Síðan kom faraldrið sem loks feldi alt fie 1777 og 8. Lagðist þá en af allur upprekstur, og þó aptur fiöldgaði nokkuð til 1783 fiell alt fie að kalla 1784, so að flest fie lifði þá hiá Pietri á Geithömrum 40, og siera Asmundi á Kúlu 27, en þegar nú loks komst fie upp aptur varð mestur upprekstur á Sauðadal, svo að ei ráku á Kúlu heiði utan Blönddælingr frá Dölunum, Kúlu og Hrafnabiörgum, og giörðu þessir 10 menn gaungr eptr fie sínu eins góðar og síðar þó 30 væri. Hinir allir ráku á Sauðadal, og giekk þar fie miög i örtröð um alda mótin þá þangað ráku 44 bændur, en tvíbíli voru þá valla til.

1802 varð enn víða lambalaust, enda kom þá ei gróðr á framheiðar, og ei fært frá fie en í 12. viku sumars, og því slept fie i heima löndum. 1803 var þó fiárfæðin mest því sauðr voru flestir skornir og eingin lömb sett á. 1804 var siera Olafr er þá var student, komin frá Giliá, vinsæll maður, so fólk giekk vel að hans viðskiptum, en siera Jón komin að Kúlu, vel meðtekin og honum til vilia hófst nú aptr almennur upprekstr á Kúluheiði. En nú var breitt þeirri gömlu Reglu að reka fie í miðia afriett, þá flestr ráku framfirir Sandá, þeir áðr nefndu 10 ráku í Kólkuflóa, en þó allmargr eptir þetta sem þó óðum fækkuðu ræki þángað, varð mestur upprekstur á vestr jaðar heiðarinar i Olbogaflá, Mióavatnsflá og utan Þrem(undar)vötn. Þetta olli því að helft fiárins fór strags í land Vatnsdæla, og allmikið af hinu í heimalönd Svínavatns hrepps manna. Þó aptr á móti helftin af því fáa Vatnsdæla fie er og svo var óreglulega rekið nær landamerkium austan Miðkvísl, legði á Kúluheiði, en eingum var nú ætlandi að reka fram firir Sandá því Sandfokið fór sifelt vagsandi milli hennar og Beljanda, en þess hafði lítið sem ekkert giætt firir 1754, en mesta orsök til þess var gaddurin sem lá á heiðini 1802. Á móti austri þá um haustið var meira hvítt en svart að siá vestur á fram heiðina að sögn gangna manna á Eivindrst(aða)heiði. Þá fúnuðu sendnir og hrióstrugir hagablettir og lingmóar,

skurðir miklir voru komnir á þesskins jörð, so veðrið nam meir og mier af börmum þeirra þá grasvegurin var fúin og sundur losnaður. Hier til hiálpaði mikið leisingar vatns gangurin sem gróf skurði og færði sandin langt til. Síðan færðist sandrokið frá hverri biriun áfram og filti graslægðir og móa langt ifir þar til með tíma leingdinni alt það svæði varð samtaka, sem uptökin voru á, og ei er að vita hvað sandrokið orkar að nálægiast bigðina.

Nú eru hagar á út heiðini ekki að giæðum og vart að víðáttu við þá haga sem eru á fremsta stikkinu, sem er í Seiðsár drögum, við Kúlukvísl, í Biskupstungum, Tiarnardölum, Búrfiöllum, Þiófadölum og hrauninu. Hier með er þar ei hrossa nagið sem miög geingur nærri besta graslendinu á út heiðini. Það er siáanlega langt að reka lömb fram á tieð heiðarland, en það er þó ei leingra en firir Langdælinga að reka i Guðlaugstungur, og fá þaðan betri heimtr en af út heiðini, því þar er minni bítir en í fremstu heimalöndum og sama mundi reinast á Kúluheiði. Menn ganga þessi öræfi vandlega og þar er altíð fie þó ei sie þángað rekið, þó hraunið sie af lent mundi gangandi mönnum hægt að giora það sauðlaust. Almæli er að sauðir verði bestir í Þiófadölum og Búrfiöllum og það fie er þángað kiemst ungt, ratar þángað jafn vel heiman að aptr, og þannig hafa eldri sauðir vanið þá ingri með sier fram í haga giæði þessi. Af þessu er auðsieð að heiði þessi er vanbrúkuð, bæði þeim er upprekstur eiga, og hinum sem land eiga að afriettinni að vestan og norðan til ómetanlegs skaða.

Hvað viðvíkur Kirkna Eign Biskupstungna, þá höfðu áðurnefndir bræður ekkert af því að seigia, og mundu nú hafa álitið kröfu þeirra tilslátt og án efa hefðu Biskupar nefnt Hvítárvatn, en eigi einungis vötn hefði þeir verið að helga sier land norðan það. En um brúkun austan manna til grasatekiu þokti eðlilegt því allar heiðar álitast sem almeníngr til þess, en hiermeð fóru þeir á Rótafiall, því alt graslendi framan Kúlufell var blomgvað af hvanngrasi, ei var um það feingist þá þeir tæki Ræturnar heldur um hitt að þeir stungu upp Jörðina og umveltu henni (ekki til að laga hana og slietta) heldur til að ónita og svívirða fögrustu rióður, lágar og lækiarbakka, fór sumt í flag en það mesta varð ósliett og liótt ásíndar.

Þetta þokti óþolandi Landnám. Þó aldrei væri það áfríað, vegna þess landið liggr so langt frá bigð og lítið eða ekkert notað.

Samníngur austan og norðan manna sínist mikið sanngiarnlegur þegar þeir eru í afriettar skorti, en hinr gieta ei notað víðáttu land sitt sem vera biriar; að þeir haldi stórgripum sínum hrossa og nautafiölda í þar til hagkvæmum högum norðan Hvitárvatn, sem ekkert hindrar að nota upprekstr fremst á Kúluheiði, eptr vild og þörfum norðan manna, en að Biskupstungna menn fiellu frá fiár upprekstri norður firir fór i mörgu betur eins og tíðin síðan hefr í liós leiðt.

Um Riettir og Gaungur.

Við faraldurs skurðin aflögðust og eiðilögðust Riettir, og þegar fie fór að fiöldga eptr 1790, var eingin Kúlu Riett og dróu þeir áðurnefndu 10 menn fie

sitt sundur við Blöndu hiá Eiðstöðum eða Guðlaugst(öðum) og var það þó allmargt um aldamótin, en þá upprekstur hófst 1804 var Riett bigð með allmörgum dilkum við Litladalsá, en þó miög lítil því þá var fiárfátt. Sóktu þá Svíndælingr kvíslafie í Tungu Riett sem var giörð með færikvíum við túngarðin, og í flokki Kvíslamanna er voru hier um átta af austur Vatnsdælum, í Grímstungu riett sem þá var diklalaus hestariett utan til við túnið, og dró út flokkur manna í senn.

1808 var Tunguriett bigð vestur á Eirunum og 1809 Grímstungu riett framan til við Eingiarnar. Kúluriett skiemdi áin og forardammur varð að henni, því var hún færð í Dalsnes og bigð stór og skipulega. Hier um 1840 var Tunguriett óþarflega aflögð, og Kvíslafie rekið að Grímstungu riett, áttu þar Svínvetningar skildudilk, en ása menn á sinn kostnað. 1853 var Grímstunguriett án allra viðeigandi orsaka og flestum mót vilia utan þingmönnum, færð útá Undirfells eingi, og bigð þar sierlega vel og skipulega svo óvíst er að eins góð Riett hafi til verið hier á Landi. Það var líka tekin til þess sliettur og góður Eingiapartur, sem mörgum síndist of góður til þess. Gaungum var svo hagað eptr aldamótin, að á sunnudag í 21. viku sumars fóru menn hier á allar heiðar í Hunav(atns)sislu, Kúluheiðr og Kvíslamenn að Áfangafelli, á mánudag geingu Kvíslamenn allr öldur og kvíslar, þriðiud(ag) Bótina og hálsana, á miðv(iku)d(ag) var Riettað í allri vestr sisluni. Ráku þá Svínvetningar fie sitt austr ifir fiall að kvöldi, en Kúluheiðarmenn geingu á mánudag fram Seiðsárdrög og Búrfiöllin, og vöktuðu fie það við Seiðá, og hvar best þokti henta, en náttstaðr flestra var í Þiófadölum, en 6 menn fóru áður og voru þá búnir að kanna alt stikkið þar firir framan. Þókti þetta ervidt hier um 20 mönum, en altíð þurfti að leggia til helmíng af Kúluheiðar mönnum í Kvíslar og á Sauðadalin. Á þriðiud(ag) geingu þeir alla framheiðina að Sandá, og er það lángr áfángi, á miðv(iku)d(ag) til Riettar, og á fimtudag Riettað. Sauðadalur varð þá geingin fram eptr og fieð rekið að Kúluriett en Giliárriett aflögð. Dalin geingu ásamenn þeir fiár færri. Bændur sóktu helst siálfir fie sitt í Vatnsdalin, en meðan þeir 10 voru um Kúluheiði fóru þeir siálfir í gaungur og trúðu sier best, utan presturin sem og svo var ei mikill ferðamaður. Þegar fram úr skarandi velmeigun breiddist ifir Svínvetninga góðu ári eptr 1817, fiölgaði miög fie, og jókst tala Kúluheiðr gangnamanna alt að 30, afbili sættu þá meðfram Sauðdælinga göngum, og Kvíslamönum var fækkað frá 20 til 16. Vonda sumarið 1835 var viðtekin gangnafærsla sem síðan hefr haldist, að gaungr birji firir sunudagin i 22. viku, og nokkru síðar svo til breitt að Kvíslamenn gángi fiöllin frá Þiófadölum, en alt fie út á Öldur og þar með helft af Kvíslafie gangi að Kúlu Riett, en helftin ofan í Vatnsdal, sem þó er miög til óhægðar en fáum í hag. Flestalt Kvíslafie er af Kúluheiði, og þeir fáu Vantsdælir sem reka í Kvíslar, verða að sækia sitt meiripart í Kúluriett, en siáanlegt er að haganlegast væri að draga sundr Kvíslafie og Sauðadals, við Þremundará, á þriðjudagin, svo sem fæst þirfti að reka ofan i aðra sveit til hraknings og firirhafnar. Og því heldur þá breitt var Riettadögum, svo að á miðv(iku)d(ag) hefr verið riettað i Kuluriett eins og i

Vatnsdal. Eitt er enn að minnast á að hægðar vegna eru bestu heiðar löndin síst notuð til upreksturs, so er um Lambatúngur og Tunguna vestan Miðkvísl, og milli Jöklanna, og annað það, nú sínist sem sie úr lögum tekið að Bændur fari siálfir i gaungur, eða sæki fie sitt i Vatnsdalin, en opt hefur, so tilborið að Húsbóndans auga sier best.

[...]

6. Um Hrossagaungu

Það sögðu þeir bræður að hrossa upprekstur, og leit eptir þeim hefði verið í mestu óreglu. Stóðmerar sumar geingu á heiðum einhverstaðar ár eptir ár, sumar komu siálfar til bigðar með hiski sitt, þá haga þraut, og vandist margt við að leita sier biargar þar best þókti að vera. Annars fóru 2 eða 3 í senn að sækia sitt, einkum fola til að vana, en vel var sieð um að reka stóð úr heimalöndum, og mestur fiöldi þeirra giekk í Kvíslum. Helst voru samtök giörð firir fardaga, eða um krossm(essu) að reka saman stóðin, til að marka trippin með sem minstu marki, og nokkuð var aldrei markað, raka af því og taka frá til tamningar, en tamin hross voru um töðusláttin rekin itst á heiðina og heimalöndin. Annars var fiöldi hrossa firir fellirs veturin 1754, og aptur firir 1784, en eptir það var ei stóð til muna þar til eptir 1818, og ei mátti það margt kalla fir en eptir 1845, en mikið vantar en til að góð Regla sie brúkuð við upp og aðrekstr, mörkun og vetrgaungu þess.[380]

Þann 4. janúar 1855, fór fram sættargerð um fjáruppreksturog fjalltolla á Auðkúluheiði og Kvíslar, og er hún svohljóðandi:

Árið 1855 þann 4da Janúar áttu fund með sér að Sveinsstöðum í Húnaþingi Jón prófastur Jónsson á Steinnesi, og Jón hreppstjóri Sveinsson á Sauðanesi, til að semja góðmótlega sín á milli um eptirskrifað málefni, sem so er undirkomið, að vorið 1853 ljet presturinn á Auðkúlu Sra Sigurður Sigurðarson hér upp á Tinda manntalsþingi áður tvívegis þar upplesna lögfestu fyrir Auðkúlu kirkju afrjettarlandi, sem kallað er Auðkúluheiði, og sem jafnan hefir verið brúkuð til fjáruppreksturar á sumrum af búendum í Svínavatns og Torfalækjar hreppum, samkvæmt fornri venju, og dómum, móti afrjettartolli til presta á Auðkúlu. Nefnda lögfestu skildi hreppstjórinn í Torfalækjar hreppi og hreppsbændur hans so, að hlutaðegandi prestur vildi meina þeim sinn venjulega fjáruppreksturá Auðkúlu heiði, og gekkst því hreppstjórinn fyrir því, að útvega sér og hreppsbúum sínum upprekstrarland nefnt sumar í Kvíslum, og ráku allir búendur í tjeðum hreppi þángað lömb sín og gjeldfjenað vorið 1853, að ráði og fyrirmælum hreppstjóra síns, og færðust því undan að gjalda prestinum á Auðkúlu sinn venjulega afréttartoll í Auðkúlu rjettum haustið 1853. Yfir þessu kvartaði presturinn Sra S. Sigurðarson á Auðkúlu í bréfi til Stiftsyfirvaldanna 14. Febrúar 1854, og beiddist þess að þau réttu sér beneficium processus gratuiti til að áfría þau

[380] Skjal nr. 2(157) a-b.

kreinktu réttindi Auðkúlu prestakalls í áminnstu upprekstrar- og heiðarkallsmálefni, og til að halda því framm tilhlýðilegann réttargángsveg fyrir hlutaðegandi dómstólum.

[...]

Samkvæmt þessu undirlagi gjöra þeir þá, Jón hreppstjóri Sveinsson vegna sín og hreppsbúenda sinna, og Jón prófastur Jónsson vegna Beneficiarii Auðkúlu kirkju S^{ra} S. Sigurðarsonar, solátandi *Sætt*:

1. Að þó síra S. Sigurðarson álíti sig ega rétt til fjallatolla af öllum þeim úr Torfalækjarhreppi er ráku fje sitt í Kvíslar vorið 1853, þá eptirgéfur hann samt einn þriðjúng af nefndum tollum, og áskilur að þeir fátækustu fái að njóta þessarar eptirgjafar eptir samkomulagi prófasts og hlutaðegandi hreppstjóra; álíta þeir til þess maklegasta Þorlák á Akri, Olaf á Kringlu, Benedict á Hamrakoti, Jón á Hnjúkum, Jacob á Smirlabergi og Þórunni á Hæli.

2. Þarámóti lofar hreppstjóri Jón Sveinsson að annast um að hinir tveir þriðjupartar af tollunum, haustið 1853 verði greiddir skilvíslega, hvör tollur með 1^{rbd} til prófastsins, fyrir næstkomandi 1ta Febrúar; enn prófasturinn stendur síðan skil á þessum tollum til síra S. Sigurðarsonar.

3. Þareð presturinn á Hjalltabakka síra O. Guðmundsson, og bændurnir S. Sigurðarson á Reykjum, Gísli Jónsson á Köldukinn og Björn Hjálmarsson á Akri eru búnir að gjöra síra Sigurði þau skil, er hann hefir gjört sig ánægðann með í bréfi til prófastsins 4. Nov. síðstl., þá nær það sem talað er um í 1^{tu} og 2^{i} grein aðeins til tollanna frá hinum öðrum búendum í Torfalækjarhreppi, að undanskildum bændunum á Stórugiljá, sem hafa verið tollfríir.

4. Hvað áhrærir eptirkomandi tíma, þá lofar prófasturinn, í nafni síra S. Sigurðarsonar á Auðkúlu, að hann skuli um sína tíð þar í eingann máta amast við fjáruppreksti á heiðina úr Torfalækjar hreppi (eins og hann hefir sagt prófastinum, að það hafi aldrei verið ásetningur sinn). Þarámóti lofar hreppstjóri Jón Sveinsson, að Torfalækjar hrepps búendur skuli frammvegis, meðan hann hafi þar hreppstjórn á hendi, brúka Auðkúlu heiði fyrir fjárafrétt, gjöra öll þaraf fljótandi lögleg skil, og gjalda prestinum tregðulaust tilhlýðilega afréttartolla á hausti hvörju.

5. Ennfremur lofar Jón hreppstjóri Sveinsson, fyrir bón prófastsins, að ámálga við þá búendur í Torfalækjar hreppi, sem enn ega ógoldinn fjalltoll til síra Sigurðar fyrir haustið 1854, að þeir sem allra fyrst greiði þetta skyldugjald til velnefnds prests; enn yfir þá, sem búnir eru að borga, afhendir nú prófasturinn velnefndum hreppstjóra lista.

Tollarnir haustið 1853 úr Torfalækjar hreppi vóru 22; þar frá gánga, samkvæmt 3 grein, 4 tollar; eru eptir 18; þaraf niðurfalla 6 þeirra fátækustu; verða eptir 12, sem opt velnefndur hreppstjóri hefir samstundis greidt

prófastinum með 12rbd, og kvitterar prófasturinn hérmeð fyrir þá vegna síra S. Sigurðarsonar.

Að öðru leiti skal þessi privat forlíkun hafa eitt og hið sama gyldi sem löggjöfin hefir tillagt þeim forlíkunum, er gjörðar eru fyrir reglulegum sættanefndum; fær síra Sigurður frumrit hennar, enn hreppstjóri J. Sveinsson staðfest eptirrit, til að kunngjöra hlutaðegendum í hreppi sínum.

Actum ut supra.

Jón Jónsson Jón Sveinsson.[381]

Þeir Björn Guðmundsson bóndi í Þóromstungu og Brynjólfur Brynjólfsson bóndi í Forsæludal settu saman auglýsingu sem dagsett er 1. desember 1857. Hún birtist í blaðinu *Norðra* 28. febrúar 1858 og hljóðaði svo:

> Vegna þess að vjer, ráðendur heiðarlandsins Dalskvísla – sem að stærð og gæðum er álitið nægilegt fyrir 8–10 býli – höfum að engu verið sæmdir með borgun fyrir þann afarfjölda sauðfjár og stóðhrossa sem af báðumegin aðliggjandi heiðum hefur yfirtroðið þær –, þá bjóðum vjer nú hverjum sem girnist nýbýli, að koma sem fyrst og semja við oss um byggingu í nefndum Dalskvíslum, sem orðið getur næstum óslitin byggð frá Vatnsdalnum; og til merkis um, að menn ei þurfa að fráfælast þetta, þá gjörum vjer vitanlegt, að 2 dugandismenn hjer í grenndinni sem þekkja landið, hafa þegar tjáð sig mjög viljuga til þessa fyrirtækis, [...][382]

Síðar sama ár, 15. september 1858, birtist önnur auglýsing sem dagsett er 17. júlí 1858 og aðeins Brynjólfur skrifar undir. Hún er á þessa leið:

> Áhrærandi auglýsinguna í 6. ári Norð<r>a, bls. 16. um að byggja í heiðarlandinu Dalskvíslum, gjöri jeg þeim vitanlegt, sem hafa sent oss brjefleg eða munnleg orð um vilja sinn í þessu, og jafnframt þeim, sem framvegis kunna að vilja aðhyllast það boðna, að eigendur kjósa heldur að selja landið á leigu með sem aðgengilegustum skilmálum, en að afhenda það til eignar, jafnvel þó jeg eigandi 5/9 hluta þess, tjái mig ekki öldungis óviljugan til þess, móti álitlegri borgun.[383]

Á manntalsþingi, höldnu að Tindum þann 28. júní 1859, var þinglýst banni gegn brúkun á Dalskvíslarlandi. Ekki er getið nánar um inntak bannsins sem fært er með eftirfarandi hætti í dómabók sýslunnar:

> 11. Þinglyst banni gegn brúkun á Dalskvislalandi.[384]

Þann 18. desember 1864 seldi Brynjólfur Brynjólfsson, eignar- og óðalsjörð sína Forsæludal með hjáleigunni Dalkoti. Kaupandi var fyrrverandi hreppstjóri Jón

[381] Skjal nr. 2(154) 1-b.
[382] „Auglýsingar. [...]“, *Norðri* 6. ár, 3.–4. (28. febrúar 1858), bls. 16.
[383] „Auglýsingar.“, *Norðri* 6. ár, 20.–21. (15. september 1858), bls. 84.
[384] Skjal nr. 2(214) a-b.

Skúlason í Haukagili. Í kaupbréfinu er tekið fram að með í kaupunum fylgi 5/9 hlutar úr heiðarlandinu Dalskvíslum eða eins og segir í bréfinu:

> [...] ásamt með öllum þeim gögnum og gæðum, eignum og ítökum á vatni og landi, sem þessari jarðeign með réttu tilheyra og þar á meðal 5/9 hluta úr heiðarlandinu Dalskvíslum – að afsöluðum öllum óðals- og innlausnarrétti af minni og erfingja minna hálfu, fyrir umsamið kaupverð, Eitt þúsund sexhundruð sjötíu og tvo ríkisdali ríkismyntar [...].[385]

Þann 20. apríl 1874 var aukaréttur Húnavatnssýslu settur og gerður samningur þar sem Svínavatns-, Torfalækjar-, Sveinsstaða- og Ásshreppar taka Dalskvíslar til leigu til 10 ára. Í dómabók sýslunnar var eftirfarandi innfært um téðan samning:

> Ár 1874 mánudaginn hinn 20. dag aprílmánaðar var aukaréttur Húnavatnssýslu settur og haldinn af undirskrifuðum sýslumanni, B. E. Magnússyni í viðurvist þeirra hreppstjóranna Jónasar Erlendssonar á Tindum og Egils Haldórssonar á Reykjum og umráðenda hinna svonefndu Dalskvísla Bjarna bónda Snæbjarnarsonar í Þórormstúngu og Hannesar bónda Þorvarðssonar í Forsæludal, til þess að koma samningi á milli þeirra og hreppanna Svínavatns, Torfalækjar, Sveinsstaða og Ásshreppa um leigu Dalskvíslarlands, sem tilheyrir jörðunum Þórormstungu og Forsæludal í Vatnsdal. Þareð eigendur og umráðamenn þessa afréttarlands eigi um mörg ár hafa notið neinna fjallatolla fyrir átroðning þann og usla, er það verður fyrir á sumrum af afréttarpeningi hreppa þessara, sem hér um ræðir, og er rekinn á heiðar þær, er að Dalskvíslum liggja, hefir það virzt sanngjarnt og réttvíst, að óréttlæti þetta yrði í lag fært, svo eigendurnir fengju nokkuð fyrir sitt, og hefir því hlutaðeigendum í þessu augnamiði verið stefnt til samfundar þessa, svo að sátt og samningur gæti komizt á í þessu efni sem viðkemur búendum þeirra 4 hreppa, sem að framan er getið. Þareð hreppstjórarnir úr Áss og Sveinsstaðahreppum eigi eru mættir og var þó réttarfundi þessum frestað langt fram yfir nónbil, með því nærvera þeirra var nauðsynleg, til þess að fullkominn og bindandi samningur í þessu málefni gæti á komizt, var (sá) samningur gjörður fyrir réttinum af hreppstjórunum Jónasi Erlendssyni og Egli Haldórssyni fyrir Svínavatns og Torfalækjarhreppa við eigendur og umráðamenn Dalskvísla Bjarna Snæbjarnarson í Þórormstungu og Hannes Þorvarðsson í Forsæludal uppá væntanlegt samþykki hreppstjóranna í Sveinsstaða og Ásshreppum á þá leið: „Að Svínavatns, Torfalækjar, Sveinsstaða og Ásshreppar taki „Dalskvíslar“ á leigu um 10 – tíu ár gegn því að greiða fyrir öll afnot þeirra 24 ríkisdali á ári hverju, þó

[385] Skjal nr. 2(72).

þannig að eigendur og umráðamenn Dalskvísla standist kostnað þann allan, er af hreinsun og grenjavinnslu leiðir í Dalskvíslum.

Samningur þessi, sem þannig er gjörður uppá væntanlegt samþykki hlutaðeigenda í Áss og Sveinsstaðahreppum, á að gilda með ofangreindum skilmálum frá fardögum 1874 til sama tíma 1884 eður hin næstu 10 ár, og á leigan sem eptir niðurjöfnun sýslumannsins í Húnavatnssýslu á að jafnast niður á hreppana, að greiðast hlutaðeigendum að fullu fyrir nýtt ár á ári hverju.[386]

Árið 1878 var sett bann við upprekstri stóðhrossa á Grímstunguheiði, Haukagilsheiði og Dalskvíslar nema gegn tolli, og er bannið svohljóðandi:

Eins og kunnugt er hefi jeg undirskrifaður Hjörl. Einarsson, samkvæmt fengnu leyfi stiptsyfirvaldanna, boðið Áss- og Sveinsstaðahrepps búum Grímstunguheiði til brúkunarnota handa sauðfé og hrossum fyrir ákveðið árlegt eptirgjald. En sökum þess að téðar sveitir hafa enn ekki gengið að þessu boði mínu, en nú er kominn sá tími, að óumflýjanlegt er að fara að reka geldfjenað og stóðhross til afrjettar, þá lýsum vjer undirskrifaðir því hérmeð yfir, að vjer leyfum engum manni stóðhrossa upprekstur á afréttarlönd vor Grímstungu og Haukagilsheiðar og Dalskvíslar, nema því að eins að fyrir hvert trippi sje goldinn tollur að upphæð 75 aur. Leyfi til upprekstursins uppá þenna hátt fæst hjá hverjum okkar sem vill, og óskum vér að hver einn ákveði tölu á trippum þeim, er hann þannig vill reka um leið og hann fær upprekstarleyfið. En verði afrjettir vorar framveigis notaðar til hrossaupprekstur í leyfisleysi, meiga þeir búast við, að vjer meðhöndlum hross þeirra sem þann pening er í heimildarleysi gengur í löndum vorum.

Undirfelli 8. d. júním. 1878

Hjörl. Einarsson Þorsteinn Eggertsson

Hannes Þorvarðsson

Lesið upp fyrir manntalsþingsrétti Húnavatnssýslu að Miðhúsum hinn 8. júní 1878.[387]

Björn Eysteinsson (1848–1939) ritaði sjálfsævisögu sína veturinn 1913–1914.[388] Þar kemur fram að um vorið 1882 hafi Hannes Þorvarðsson ætlað að flytja að Haukagili og verið boðin jörðin til kaups og vildi því selja Forsæludal. Björn kemur að máli við Hannes sem býðst til að selja honum Dalinn fyrir 3600 kr. með 5/9 pörtum af Dalskvíslum en 4/9 partar lágu undir Þórormstungu.[389] Árið 1882 er Björn fluttur í Forsæludal en um sumarið rekur hann fé suður til Reykjavíkur til að selja John Coghill skoskum sauðakaupmanni og notar peningana til að borga verslunarskuldir og til að festa kaup í Dal. Eftir eitt ár í Dal þá keypti hann um sumarið:

[386] Skjal nr. 2(115) a-b.
[387] Skjal nr. 2(70).
[388] *Sjálfsævisaga Björns Eysteinssonar*. Björn Þorsteinsson bjó til prentunar. [Akureyri 1958], bls. 5.
[389] *Sjálfsævisaga Björns Eysteinssonar*, bls. 61–62.

> [...] þá fjóra níundu parta, er Bjarni [Snæbjarnarson] í Þórormstungu átti, og tók sameiginlegt kaupbréf fyrir þeim öllum hjá Hannesi og Bjarna, sem ég ekki sá eftir seinna, og fæ borgunina út úr reikningi mínum hjá Óla Möller, 900 krónur, því ég verzlaði við hann.“[390]

Veturinn 1885–1886 segir Björn að hafi verið erfiður og mikið skepnufall. Hann segir:

> Kvíslalandið brúkuð hrepparnir sem hefð og þóttust ekki þurfa þess og guldu ekkert eftir það.[391]

Birni leiðist nú veran í Forsæludal sem hann taldi hafa farið hraklega með sig. Hannes á Haukagili leggur til að Björn byggi tengdasyni sínum Jakobi Hanssyni Dalinn. Björn gerir það og vegna þess hversu búskapur hans hafði dregist saman í fjárfellisárunum þá byggir hann frammi í Kvíslum á Réttarhóli 1886 en þar fór frost ekki úr jörðu fyrr en í tíundu viku sumars. Það sem herti þó hvað mest á Birni varðandi þessa ráðstöfun var:

> [...] að koma ekki öðrum upp á að brúka landið alls fyrir ekki neitt og láta þá svo hælast um og Erlendi [Pálmasyni] í Tungunesi, sem spanaði mest Svínavatnshrepp til að borga ekkert, en hafa þó langmest notin bæði fyrir stóð og fé, því Kvíslar eru hjartað úr heiðunum.[392]

Árið 1887 var enn hart í ári og Björn neyðist vegna skulda að segja Dalnum upp og tapa þar með því sem hann var búinn að borga í honum en þá voru jarðir mikið að lækka í verði. Björn skuldaði 1400 kr. við Hólanesverslun og svo 700 kr. við hina og þessa. Hólanesverslun Ole Möllers brann 1884 og voru skuldir verslunarinnar seldar og gengið mjög hart eftir þeim. Innifalið í þessari 1400 kr. skuld við Hólanesverslun var Kvíslarlandið sem samsvaraði 900 kr.[393] Björn greinir frá því að Bugsmenn, fremstu bæir vestan Blöndu nefnast Bugur, hafi haft hross sín á heiðinni meðan einhver von var á þau fyndu þar eitthvað að bíta. Þeir lágu þá í skála en eftir að Björn byggði þá skaut hann skjólshúsi yfir þá og þeir vitjuðu um hrossinn á hálfsmánaðarfresti þegar fært var. Þessir menn voru Jón frá Þröm og Jón frá Eldjárnsstöðum og einn ónefndur frá Eiðsstöðum.[394]

Þegar Björn var kominn að Réttarhóli og búinn að byggja upp tók hann sér nýbýlisrétt sem þýddi að hann var undanskilinn greiðslu tíundar í 20 ár. Hann bjó á Réttarhóli árin 1886–1890 og fjórða sumarið sem hann var þar var gerð áreið á landið og merki ákveðin. Við áreiðina voru staddir seljendur, þeir sem áttu heiðarland að, sýslumaður og eiðsvarnir matsmenn. Smám saman fjölgar skepnunum og skuldirnar þverra. Björn segir:

---

[390] *Sjálfsævisaga Björns Eysteinssonar*, bls. 64–65.
[391] *Sjálfsævisaga Björns Eysteinssonar*, bls. 66.
[392] *Sjálfsævisaga Björns Eysteinssonar*, bls. 67.
[393] *Sjálfsævisaga Björns Eysteinssonar*, bls. 70.
[394] *Sjálfsævisaga Björns Eysteinssonar*, bls. 73–74.

> Nú fóru Svínhreppingar að sjá, að ekki mundi ég drepast þarna út af, eins og Erlendur í Tungunesi var búinn að telja þeim trú um, að Kvíslar væru jafnlausar fyrir því, þar gæti enginn lifað, og fé og stóð leitaði nú til sveitar meir en nokkru sinni áður, og æ því meir eftir því sem fjölgaði hjá mér; óx þá meir umferðin og ég þurfti meira pláss. Svo fimmta veturinn, sem ég var, leggja þeir að mér að fá landið keypt, og þeir, sem að okkur stóðu á báðar hliðar, þóttust ekki geta sofið á nóttunni fyrir því, að við mundum liggja þarna dauð lengst frammi á heiði. [...] Hefði ég beðið svo sem tveggja ára tíma lengur, þá hefði ég fengið mikið meira verð fyrir landið. Þeir vildu nú ekki gefa meir en 300 krónum meira en ég keypti.[395]

Sóknarmannatal Undirfellskirkju var tekið í desember árið 1886 en Björn býr þá Réttarhóli þó það sé ekki nefnt því nafni af Undirfellspresti. Árin 1887–1890 er svo talað um Réttarhól í sóknarmannatalinu.[396]

Björn Eysteinsson auglýsti jörðina Forsæludal að fráskildu afréttarlandinu Kvíslum til sölu í landsmálablaðinu Þjóðólfi 8. október 1886. Auglýsingin er svohljóðandi:

> Jörðin FORSÆLUDALUR í Vatnsdal í Húnavatnssýslu er til sölu, að undanskildu afrjettarlandinu Hvíslum. Kaupandi getur fengið jörðina til ábúðar í næstu fardögum. Hver sem kynni að vilja kaupa jörðina er beðinn að snúa sjer til Björns Eysteinssonar á Rjettarhól í Dalshvíslum.[397]

Þann 12. apríl 1887 gerðu þeir Hannes Þorvarðarson og Björn Eysteinsson með sér svohljóðandi samning:

> [...] jeg Hannes Þorvarðarson tek hjer með brjefi þessu á móti jörðinni Forsæludal í Vatnsdal að dýrleika 28 ½ hndr. sem með brjefi af 9. febrúar 1883 hefir staðið í veði til mín mót skuldarupphæð 2958 krónum, eins og hún nú kemur fyrir í næstkomandi fardögum með 2 kúgildum að húsum sem tjeðri jörð fylgdi samkvæmt afsalsbrjefi af 10. april 1882. Jörðin Forsæludalur er þannig með brjefi þessu afhent velnefndum Hannesi að fráskildu Hvíslalandi, sem með sjerstöku afsalsbrjefi af 14. janúar 1882 er selt og afhent nefndum Birni Eysteinssyni, með þeim skilmálum að jeg Björn Eysteinsson lofa hjermeð að greiða velnefndum Hannesi Þorvarðarsyni 200 (tvö hundruð) krónur sem greiðist að nokru leyti með fjárhúsum sem standa á jörðunni, eptir óvilhallra manna mati, en það sem ekki þannig greiðist af tjeðri upphæð borgist fyrir árslok 1888. Ennfremur lofa jeg Björn Eysteinsson að greiða ársrentu 4% af 2958 krónum eða að upphæð 118 (hundrað og átján) krónur í peningum á næstkomandi hausti 1887.

[395] *Sjálfsævisaga Björns Eysteinssonar*, bls. 81–82, 139.
[396] ÞÍ. Undirfell. BC/3. Sóknarmannatal 1872–1894, án blaðsíðutals.
[397] „Jörðin FORSÆLUDALUR ...“, *Þjóðólfur* XXXVIII. árg., nr. 45 (8. október 1886), bls. 180.

> Sömuleiðis er hjermeð áskilið að samþykkt að Forsæludalsábúandi hafi framvegis sem hingað til fullan rjett til að reka lömb sín á Hvíslaland fyrir vestan Miðhvísl.[398]

Þessi samningur var lesin upp fyrir manntalsþingsrétti að Ási og færður inn í afsals- og veðmálabók Húnavatnssýslu 9. júlí 1887.

Björn Eysteinsson skrifaði amtmanni, 12. febrúar 1887, og greindi honum frá því að hann hafði keypt jörðina Forsæludal nokkrum árum áður. Í kaupunum fylgdi heiðarlandið, Dalskvíslar, sem liggur á milli Auðkúluheiðar og Grímstunguheiðar. Hann flutti að Forsæludal sama vor en þar sem að heiðarlandið varð hvorki:

> [...] notað þaðan heimanað, sökum fjarlægðar, nje heldur er þess þörf, þar eð landrými er þar nægilegt, þá gaf jeg næstu hreppum kost á að taka Dalskvíslar á leigu sem afrjettarland. Hrepparnir urðu ekki ásáttir um þetta, og sumir vildu ekkert gjalda, varð því niðurstaðan sú, að sum árin fjekk jeg alls enga leigu eptir landið, en hin árin lítilfjörlega þóknun úr tveimur hreppum. – Jeg get nú ekki lengur unað við að eiga land þetta – sem bæði er gott og víðlent – einungis mjer til byrði, og vita það liggja undir ágangi afrjettarpenings, svo að jeg næstliðið vor leigði Forsæludal öðrum en flutti mig búferlum fram í Dalskvíslar og húsaði þar bæ sem jeg nefndi á Rjettarhól. – Á landi þessu hefur aldrei fyrr byggð verið svo menn viti.[399]

Björn upplýsir amtmann um að ekki sé um að ræða land sem nokkur annar, hvorki einstaklingur né almenningur, eigni sér. Þar sem landið var skýlaus eign Björns þá taldi hann óþarfa og ekki eiga við sínar aðstæður að auglýsa þá áætlun sína að taka þar upp nýbýli. Hann biður því amtmann að hlutast til um að hann hljóti þau réttindi og hlunnindi sem nýbýlatilskipunin frá 15. apríl 1776 veiti honum eins fljótt og auðið er.

Amtmaður skrifaði sýslumanni, 14. apríl 1887, og greindi honum frá áformum Björns. Hann spurði sýslumann hvort byggð Björns í Dalskvíslum ætti e.t.v. heldur að skoðast sem afbýli samkvæmt rentukammerbréfi frá 26. febrúar 1842. Amtmaður vísaði erindinu til sýslumanns og leitaði umsagnar hans.[400] Eitthvað tafðist hjá sýslumanni að svara og amtmaður skrifaði honum 31. október 1887 og minnti hann á veita sér umsögn um nýbýlastofnunina.[401]

Í bréfi til amtmanns, frá 8. nóvember 1887, segir sýslumaður:

> [...] Dalskvíslar hafa í ómunatíð verið óbyggt heiðarland, notað til upprekstur, og tilheyrandi jörðunum Forsæludal og Þórormstungu, en afmarkað frá heimalöndum jarða þessara, og er það þannig selt Birni Eysteinssyni með ákveðnum ummerkjum allt í kring; þó hjer sje því ekki að ræða um nýbýli, þar sem byggð hefir lagst í eyði í ómunatíð (sbr. tilskipun 15.

[398] Skjal nr. 4(139).
[399] Skjal nr. 2(278) a-b.
[400] Skjal nr. 2(271) a-b.
[401] Skjal nr. 2(280) a-b.

> april 1776, 5. gr.) svo að hin fyrirskipaða auglýsing um upptekning nýbýlis~~ins~~ samkv. 4. gr. tjéðrar tilskipunar mætti burtfalla, þá virðist eigi að síður slík auglýsing ekki vera nauðsynleg eða viðeigandi, þar sem hjer er spurning um afmarkað heiðarland, er nýlega hefir verið selt sækjanda undan tveim jörðum, sem frjáls og átölulaus eign jarða þessara.
>
> Hvað þvínæst það atriði snertir hvort byggð sækjanda í Dalskvíslum eigi megi öllu fremur álítast afbýli, þá fæ jeg ekki sjeð að svo verði álitið, með því þetta umrædda heiðarland hefir alls ekki verið notað frá jörðum þeim, sem það lá undir, nema til upprekstur, og jarðir þessar halda landsnytjum sínum óskertum að öllu, svo dýrleiki þeirra og leigumáli hlýtur að haldast óbreyttur, þótt heiðarland þetta sje undan þeim selt.[402]

Amtmaður svaraði bréfi sýslumanns, 3. janúar 1888, þar sem hann biður um að Birni Eysteinssyni verði tilkynnt að ekki sé unnt að:

> [...] verða við þessari beiðni hans, þótt hann sje eigandi heiðarlands eða afrjettarlands þess, sem spursmál er um, og það sje selt undan áðurnefndum jörðum með ákveðnum ummerkjum, með því hjer er eigi spursmál um nýbýli, þar sem byggð hefir legið í eyði frá ómunatíð, heldur um afrjettarland, sem bæði ábúendur nefndra jarða og sveitarfjelög þau, sem sækjandinn segist áður hafa leigt eða reynt til að leigja afrjettarlandið, kynni að þykjast hafa nokkurt tilkall til, sbr. tilsk. 15. apríl 1776, 4. gr. [...][403]

Amtmaður segir ennfremur að það að framfylgja þessu formsatriði sé hvorki kostnaðar- né fyrirhafnarsamt fyrir Björn. Þá getur hann þess að þegar Björn sýni fram á að umrætt auglýsing hafi verið birt þá sé ekkert því til fyrirstöðu að amtið hlutist til um að sýslumaður ásamt tilkvöddum mönnum ríði á umrætt land.

Sýslumaður tilkynnti Birni um þessa niðurstöðu amtmanns honum til athugunar og eftirbreytni með bréfi dagsettu 13. febrúar 1888.[404] Björn gerði það sem fyrir hann var lagt og eftirfarandi auglýsing var lesin upp í landsyfirdómi 19. mars 1888:

> Jeg undirskrifaður gjöri kunnugt, að jeg hefi tekið upp nýbýli á eignarlandi mínu Dalskvíslum milli Auðkúluheiðar og Grímstunguheiðar, og hefi eg þegar farið þess á leit, að mjer verði veitt þau rjettindi og hlunnindi, sem tilsk. 15. apríl 1776 ákveður. Ef nokkur kynni að þykjast eiga tilkall til þessa lands, skora jeg á hann að lýsa tilkalli sínu fyrir amtmanninum yfir norður- og austur-amtinu, innan 4 mánaða frá birtingu þessarar auglýsingar, sem einnig verður lesin í landsyfirdóminum.
>
> Rjettarhóli í Dalskvíslum, 2. marz 1888

[402] Skjal nr. 2(267) a-b.
[403] Skjal nr. 2(273) a-b.
[404] Skjal nr. 2(268) a-b.

Björn Eysteinsson[405]

Þinglýsingin kostaði 1,75 kr. og var auglýsingin færð inn í auglýsingabók landsyfirdóms.

Sýslumaður skrifaði amtmanni, 6. ágúst 1888, og tilkynnti honum um að Björn Eysteinsson á Réttarhóli hafði afhent sér auglýsingu um upptekt nýbýlis í Dalskvíslum. Auglýsingin hafði verið árituð af skrifara landsyfirdóms til staðfestingar um að hún hafi verið lesin upp þar hinn 19. mars 1888.[406]

Í bréfi, dagsettu 17. október 1888, fyrirskipaði amtmaður sýslumanni að annast áreið á Dalskvíslar vegna upptekt nýbýlis Björns Eysteinssonar þar. Í bréfinu kemur fram að Björn hafi óskað eftir að:

> [...] að sér verði útvísað land til nýbýlis í svonefndum Dalskvíslum, sem er heiðarland og upprekstrarland milli Auðkúluheiðar og Grímstunguheiðar, og sem hefir tilheyrt eignarjörð hans Forsæludal og jörðinni Þórormstungu, en er talið keypt af honum sérstaklega með ákveðnum ummerkjum, og með því nefndur Björn Eysteinsson hefir, eftir vottorði sýslumannsins í Húnavatnssýslu, látið auglýsa í hinum konunglega, íslenzka landsyfirrétti 19. marz þ.á. [19-þ.á., ofan línu] og í blaði því, sem löggilt er til að birta í almennar auglýsingar (Ísafold, XV.16, 4. apríl 1888, 64), að hann hafi farið þess á leit, að hann mætti taka upp nýbýli á nefndum stað, án þess nokkur annar hafi gagnvart amtinu, komið fram með eignartilkall til áðurnefnds lands síðan, þá hefi eg skipað og skikkað, eins og eg hérmeð skipa og skikka sýslumanninum í Húnavatnssýslu til þess ásamt fjórum af honum tilkvöddum óvilhöllum og valinkunnum mönnum, sem vinni honum eið að því, að þeir í öllum gjörðum sínum, sem hér að lúta, skuli breyta eftir beztu vitund, og eins og þeir skynja réttast og sannast, að gera áreið á nefnt land, og eftir löglegan undirbúning gera ályktun um það, hvort þetta land skuli útvísað til nýbýlis, allt eftir þeim fyrirmælum, sem tilskipun 15. apríl 1776, um fríheit fyrir þá, sem vilja upptaka eyðijarðir eða óbyggð pláz á Íslandi, hefir inni að halda, sbr. sér í lagi 1.-4. gr. og 6. og 7. gr. nefndrar tilskipunar, og ennfremur að meta hvort áðurnefndar jarðir, Forsæludalur og Þórormstunga, haldi landsnytjum sínum og dýrleika óskertum að öllu leyti, þótt áminnzt land verði upptekið sem nýbýli.[407]

Hann var jafnframt beðin um að tilkynna Birni Eysteinssyni þetta.

Sýslumaður skrifaði þeim Birni Sigfússyni í Grímstungu, Birni Guðmundssyni á Marðarnúpi, Gísla Guðlaugssyni í Forsæludal og Guðmundi Þorsteinssyni á Holti 21. ágúst 1889. Í bréfinu skipaði hann þá til að vera áreiðar- og matsmenn við áreið sem fara átti fram á heiðar- eða upprekstrarlandið Dalskvíslar þann 26. sama mánaðar og vænti hann þess að þeir mættu að Réttarhóli í Kvíslum á hádegi umræddan dag.[408]

[405] Skjal nr. 2(277) a-b.
[406] Skjal nr. 2(269) a-b.
[407] Skjal nr. 2(270) a-b.
[408] Skjal nr. 2(270) a-b.

Þessir sömu menn mættu að Réttarhóli umræddan dag og skrifuð nöfn sín undir eið þar sem þeir sóru að bæði í ályktun sínum og gerðum í fyrirhugaðri áreið og útvísun mundu þeir breyta eftir bestu vitund.[409]

Þann 26. ágúst 1889 var gerð áreið á heiðar og upprekstrarlandið Dalskvíslar vegna upptöku nýbýlis að Réttarhóli. Landamerki tilgreind. Um þetta hermir dómabókin eftirfarandi:

> Ár 1889 mánudaginn hinn 26. ágúst var sýslumaður í Húnavatnssýslu Lárus Blöndal staddur að býlinu Rjettarhóli í Dalskvíslum ~~sem~~ samkvæmt skipunarbrjefi amtmannsins í Norður og Austuramtinu dags. 17. október f. á. ásamt fjórum tilkvöddum áreiðar og matsmönnum, þeim bændunum Birni Sigfússyni í Grímstungu, Birni Guðmundssyni á Marðarnúpi, Gísla Guðlaugssyni í Forsæludal og Guðmundi Þorsteinssyni í Holti, til þess eptir fyrirmælum í tilskipun 15. apríl 1776 að gjöra áreið á heiðar og upprekstrarlandið Dalskvíslar, sem áður tilheyrði jörðunum Þórormstungu og Forsæludal, en sem bóndinn Björn Eysteinsson á Rjettarhóli hefur keypt af eigendum tjeðra jarða og að undangengnum lögformlegum undirbúningi ~~hefir~~ óskað að upptaka sem nýbýli.
>
> Þess er að geta, að sýslumaður hefur með nægum fyrirvara boðað til áreiðargjörðar þessarar, eigendur og umráðamenn jarða þeirra, sem liggja að Dalskvísla landi, þá bændurna Bjarna Snæbjarnarson í Þórormstungu, Hannes Þorvarðarson á Haukagili, og prestinn sjera Stefán Jónsson á Auðkúlu, sem allir eru persónulega mættir. Bóndinn Björn Eysteinsson var og persónulega viðstaddur, og sýndi heimildarskjal sitt eða afsalsbrjef fyrir Dalskvíslum, dags. 14. janúar 1882.
>
> Eptir að hinir tilkvöddu áreiðarmenn höfðu unnið hinn lögboðna eið, var gjörð áreið á áðurnefnt Dalskvíslaland. Enginn hefur gjört eignar tilkall til lands þessa annar en Björn bóndi Eysteinsson og enginn hafið mómæli gegn útvísunargjörðinni.
>
> Þar sem Dalskvíslaland alls ekki hefur verið notað nje verður notað frá jörðunum Þórormstungu og Forsæludal, er það samhuga álit sýslumanns og áreiðarmanna, að jarðir þessar, þrátt fyrir afsal lands þessa, og útvísun á því til nýbýlis, haldi landsnytjum sínum óskertum þannig að jafnmikil áhöfn geti eptir sem áður framfleytst á þeim og leigumálinn verið hinn sami, jafnvel þótt hugsanlegt væri, að dýrleiki jarða þessara kynni við nýtt jarðamat að lækka lítið eitt (í notum þess að jörðunum báru fjallatollar nokkrir fyrir upprekstra í Dalskvíslalandi, en fjallatollar þessir hafa ekki goldizt um langan tíma.
>
> Samkvæmt fyrrgreindu afsalsbrjefi fyrir Dalskvíslalandi eru merki þess: að utan yfir Bótarfjall vestur að Vatnsdalsá, til austurs yfir Eyjavatn utan til austur á reiðgötur, þaðan til suðurs sem vötn að draga til Vatnsdalsár, að vestan ræður Vatnsdalsá og Strangakvísl.

[409] Skjal nr. 2(270) a-b.

> Sýslumaður og hinir tilkvöddu áreiðarmenn gjörðu þá ályktun að af hinu afsalaða Dalskvíslalandi skyldi bóndanum Birni Eysteinssyni útvísað nýbýlisland með þessum ummerkjum: að austan ræður sjónhendíng frá svokallaðri Karittingatjörn (Karyrlingatjörn) í krókinn á Fellakvísl vestanvert þar sem Kolkukvísl fellur í hana; úr því ræður Fellakvísl til upptaka, en þaðan sjónhending í norðari Búrfjallahala, að sunnan sjónhending frá Fellakvísl um Áfangafell til Stóra-steins við Miðkvísl; að vestan ræður Miðkvísl til Vatnsdalsár, og þaðan Vatnsdalsá út á móts við Bótarfjall, að utan (norðan) eru merkin: úr Vatnsdalsá yfir Bótarfjall til austurs yfir Eyjavatn utan til, austur á reiðgötur. Það skal sjerstaklega tekið fram, að presturinn sjera Stefán Jónsson er, sem umráðamaður Auðkúluheiðar samþykkur ummerkjum nýbýlislandsins að austan.
>
> Verður þannig óúthlutað til nýbýlis af Dalskvíslalandi svæðið frá Áfangafelli, fram á svokallaðar Öldur, sem er mjög ófrjótt land og landið milli Miðkvíslar og Ströngukvíslar, sem jarðirnar Forsæludalur og Þórormstunga hafa frían upprekstur í.
>
> Nýbýlislandið er öldótt heiðarland með víðlendum móa- og melbungum, og allstórum ljósastarar og brokflám, sem víða eru allgóðar til slægna; málnytuhagar eru góðir. Til hlunninda má telja nokkra silungsveiði og hæga grasatekju.
>
> Er svo áreiðar- og matsgjörð þessari hjermeð lokið og til staðfestu undirrituð af hlutaðeigendum.[410]

Sýslumaður sendi amtmanni afrit úr dómsmálabók sýslunnar af skoðunar- og útvísunargjörðinni vegna nýbýlisins Réttarhóls 7. október 1889 auk reiknings vegna kostnaðar.[411] Amtmaður skrifaði sýslumanni aftur 17. október 1889 og sendi nýbyggjarabréf sem hann bað sýslumann um að afhenda Birni Eysteinssyni.[412] Nýbyggjarabréfið er svohljóðandi í uppkasti amtmanns:

> Julíus Havsteen, amtmaður yfir Norður- og Austuramtinu r. af dbr. [strikað yfir: Gjörir] Kunngjörir: að með því Björn Eysteinsson, samkvæmt tilsk. 15. april 1776, hefir með skoðunargjörð, er framkvæmd var af sýslumanninum í Húnavatnssýslu með fjórum tilkvöddum, óvilhöllum mönnum, 26. ágúst þ.á., fengið útvísað land til nýbýlis í svonefndum Dalskvíslum eða Kvíslalandi, með þessum ummerkjum: Að austan ræður sjónhending frá svokallaðri Karittlingatjörn (Karyrtlingatjörn) í krókinn í Fellakvísl vestanvert, þar sem Kolkukvísl [strikað yfir: rennur, fellur ofan línu] fellur í hana; úr því [því, tvítekið] ræður Fellakvísl til upptaka, en þaðan sjónhending í norðari Búrfjalla hala; að sunnan sjónhending frá Fellakvísl um Áfangafell til Stórasteins við Miðkvísl; að vestan ræður Miðkvísl til Vatnsdalsár og þaðan Vatnsdalsá [strikað yfir: fyrir yfir] út á móts við Bótarfjall; að utan (norðan)

[410] Skjal nr. 2(104) a-b.
[411] Skjal nr. 2(284) a-b.
[412] Skjal nr. 2(274) a-b.

> [strikað yfir: eru merkin:] úr Vatnsdalsá yfir Bótarfjall til austurs yfir Eyjavatn utan til, austur í reiðgötur, [strikað yfir: Er úthlutað til nýbýlis af Dalskvíslalandi svæðið frá Áfangafelli framá svokallaðar Øldur og landið milli Miðkvíslar og Ströngukvíslar.] – þá veitist nefndum Birni Eysteinssyni hjermeð nýbyggjararjettur yfir hinu tilgreinda landi með þeim skyldum og rjettindum og undanþágum, sem í ofangreindri tilskipun [strikað yfir: eru] eru heimilaðar. [strikað yfir: þó að óskertum rjetti sjerhvers annars manns ef sannaður verður][413]

Sýslumaður fleytti nýbyggjarabréfinu svo áfram til Björns með bréfi dagsettu 29. október 1889.[414] Amtmaður skrifaði einnig landshöfðingja, 17. október 1889, svo að sýslumaður og tilkvaddir matsmann fengju greiddan útlagðan kostnað sinn úr ríkissjóði.[415] Landshöfðingi sendi svo amtmanni ávísun, 9. nóvember 1889, og hann kom henni svo áfram til sýslumanns með bréfi dagsettu 28. nóvember 1889.[416]

Hópur manna kom saman að Blönduósi 24. nóvember 1890 til að ræða um kaup á Dalskvíslalandi fyrir hönd fjögurra sveitarfélaga, þ.e. Svínavatns-, Torfalækjar-, Ás- og Sveinsstaðahrepps. Þeir komust að þeirri niðurstöðu að kaupa landið fyrir 1200 kr. sem skiptist þannig á milli sveitarfélaganna að Svínavatns- og Torfalækjarhreppur greiddi 900 kr. og Ás- og Sveinsstaðahreppur 300 kr. Fulltrúar Svínavatns- og Áshrepps tóku það fram að þeir gangi að kaupunum með þeim fyrirvara að sveitarbúar þeirra samþykki þau og allir fundarmenn settu fram þann fyrirvara að sýslunefndin yrði að samþykkja kaupin á næsta fundi sínum.[417]

Á þessum sama fundi var Erlendur Eysteinsson á Beinakeldu mættur, sem umboðsmaður Björns bróður síns, til að selja ofannefndum hreppum Dalskvíslaland. Í kaupsamningnum, sem er dagsettur, 24. nóvember 1890, segir:

> 1. Jeg Erlendur Eysteinsson sel ofannefndum sveitarfjelögum í Svínavatns, Torfalækjar, Áss og Sveinsstaðahreppum hið svokallaða Dalskvíslaland í Áshreppi með öllum rjettindum og skyldum sem landsparti þessum fylgir, eins og jeg hefi keypt hann nefnilega: að Forsæludalur og Þórormstunga eigi frían upprekstur á geldfje sitt, að undanteknu stóði. – Viðir í húsum eru ekki með í kaupinu.
>
> 2. Kaupverðið er 1200 – tólf hundruð – krónur og greiðist það mjer á næsta vori um leið og jeg flyt burtu, sem verða skal 14 maí næstkomandi.
>
> 3. Seljandi skal gefa kaupanda afsalsbrjef strax og kaupverð er greitt.
>
> 4. Kostnað þann sem leiðir af kaupgjörningi þessum skal kaupandi greiða en seljandi svarar til lagariptinga.

[413] Skjal nr. 2(285) a-b.
[414] Skjal nr. 2(272) a-b.
[415] Skjal nr. 2(285) a-b.
[416] Skjal nr. 2(286) a-b.
[417] Skjal nr. 2(275) a-b.

5. Kaupendur ganga að þessum kaupum uppá væntanlegt samþykki hreppsbúa, og sýslunefndar.[418]

Undir samninginn skrifa auk Erlends eftirfarandi menn sem kjörnir höfðu verið af hreppsnefndunum í Svínavatns-, Torfalækjar-, Ás- og Sveinsstaðahreppum: Jón Guðmundsson á Guðlaugsstöðum, Brynjúlfur Gíslason í Litladal, Pjetur Sæmundsson á Blönduósi; J.G. Möller á Blönduósi, Páll Ólafsson á Akri, Jón Hannesson á Haukagili, Benedikt G. Blöndal í Hvammi, Björn Gunnlaugsson í Haga og Jósef Einarsson á Hjallalandi.

Pétur J. Sæmundsson verslunarstjóri á Blönduósi skrifaði sýslumanni, sem jafnframt var oddviti sýslunefndar, 2. desember 1890 fyrir hönd hreppsnefndar Torfalækjarhrepps. Þar greinir hann frá því að á hreppsnefndarfundi, 28. október 1890, hafi verið samþykkt að kaupa Dalskvíslaland af Birni Eysteinssyni á 1200 kr. en þar af kæmi 350 kr. í hlut Torfalækjarhrepps. Þar sem hann var oddviti hreppsnefndarinnar var honum falið að athuga hvort aðrar hreppsnefndir hefðu áhuga á að taka þátt í kaupunum. Áhugi reyndist fyrir því og á fundi 24. nóvember 1890 var gengið frá kaupunum en hann sendi sýslumanni afrit af fundargerðinni og kaupsamningnum. Þá samdist einnig um hvernig þeim 900 kr. skyldi skipt niður á milli Svínavatns- og Torfalækjarhrepps en það var gert eftir hlutfalli og skyldi Torfalækjarhreppur borga 345 kr. og 73 aura. Pétur fór loks fram á það fyrir hönd hreppsnefndarinnar að sýslumaður legði málið fyrir næsta sýslufund svo sýslunefndin gæti samþykkt kaupin og fengi leyfi hennar til að taka lán fyrir kaupverðinu með 10−15 ára afborgunum.[419]

Þeir Jón Guðmundsson, Ingvar Þorsteinsson og Þorsteinn Þorsteinsson skrifuðu sýslumanni, sem oddvita sýslunefndar, þann 3. janúar 1891 fyrir hönd Svínavatnshrepps. Í bréfi þeirra segir:

> Sökum þess að nú um nokkur ár, hefur verið búið í Dalskvíslum af eiganda þeirra Birni bónda Eysteinssyni, er hreppsbúum hjer virðist mjög skaðlegt, fyrir þau upprekstrarfjelög er afrjetti nota, sem liggja að Kvíslalandi á baðar hliðar, vegna ónæðis er afrjettar peningurinn verður fyrir af ábúandanum, sem einsog vonlegt, er ver land sitt fyrir honum, og er ekki ólíklegt, að það eigi nokkurn þátt í hinum illu [strikað yfir: heimtum] fjárheimtum, sem nú eru haust eptir haust, og enda ástæða til að ætla, að sauðfje af þessum afrjettum muni verða vænna, ef það mætti vera ónæðislaust þann tíma, er því er ætlað að vera á afrjettunum, því hefur oss komið saman um, að æskilegt væri, að þau upprekstrarfjelög er reka á Auðkúluheiði og Grímstunguheiði kaupi Kvíslalandið, svo búnaður legðist þar niður, og vissa yrði fengin fyrir að þar yrði ekki reist byggð framar [...][420]

[418] Skjal nr. 2(275) a-b.
[419] Skjal nr. 2(275) a-b.
[420] Skjal nr. 2(275) a-b.

Þeir greina frá fundinum á Blönduósi og að þar hafi verið gengið frá kaupum á Dalskvíslalandi fyrir 1200 kr. Samið hafði verið um að Björn skyldi flytja þaðan burt næsta vor um leið og kaupverðið hefði verið greitt. Að lokum biðja þeir sýslumann að leggja þetta erindi fyrir sýslunefndarfund til samþykkis. Fyrir neðan undirskriftir ofangreindra manna hefur séra Stefán M. Jónsson á Auðkúlu skrifað að hann sé með öllu mótfallinn kaupunum á Kvíslalandinu.

Jón Hannesson skrifaði sýslumanni, 29. janúar 1891, fyrir hönd hreppsnefndar Áshrepps. Hann greindi frá því að fyrirhugað væri að Svínavatns-, Torfalækjar-, Sveinsstaða- og Áshreppar myndi kaupa heiðarlandið Forsæludalskvíslar á næstkomandi vori fyrir 1200 kr. Það sé álit hreppsnefnda fyrrgeindra hreppa að það sé hagkvæmt fyrir sveitarfélögin að eignast umrætt heiðarland. Því fari hreppsnefnd Áshrepps þess á leit við sýslunefndina að hún samþykki kaup á 1/8 hluta heiðarlandsins auk 150 kr. bankaláns til kaupanna sem greiðast skyldi á 15-20 árum.[421]

Þorsteinn Konráðsson tók saman upplýsingar um Réttarhól sem birtust á prenti 1932. Þar segir:

> 21. Réttarhóll er inni í óbyggðum sunnan-vert við Fellakvísl, 3 ½ tíma ferð frá fremstu bæjum. Landið var keypt undan Forsæludal og Þórormstungu 1883; verð 900 krónur. Á Réttarhól var fyrrum leitarmannaskáli (1840). Síðar smárétt, notuð við sundurdrátt á fé, og fékk hólinn nafn af henni.

Árið 1886 byggði Björn Eysteinsson yfir sig á hólnum og bjó þar í 5 ár. Síðan fór Réttarhóll í auðn; landið keypt af upprekstrarfélögum. Túnmál er þar ekkert. Rústir glöggar.[422]

Í annarri grein eftir Þorstein sem birtist 12 árum síðar hefur hann eftirfarandi að segja um Réttarhól:

> Inn á heiðinni fyrir botni Vatnsdals er hátt fell, og heitir það Bótarfjall. Af því er víðsýni mikið á alla vegu. Mót suðri blasa við kvíslarnar. Þar eru við fjallakvísl rústirnar af Réttarhól. Hann á sér sérkennilega sögu, og skal hennar getið að nokkru. Upprunalega fékk hann nafnið af því, að þar var um tíma fjárrétt, rekið saman fé og réttað. Síðar var þar leitarmannaskáli, en lagðist niður vegna reimleika, að því er þjóðsögn hermir. Árið 1886 byggði Björn Eysteinsson þar bæ og bjó þar í fimm ár. Þaðan flutti hann að Skárastöðum í Miðfirði, er hann hafði keypt. Tún ræktaði hann ekkert. Þegar Björn fór frá Réttarhóli, seldi hann landið og bæinn til rifs.
>
> Síðan hefir Réttarhóll verið í eyði. Bæjarhúsa- og peningshúsarústir eru glöggar þar. Til þess að sýna aðstöðuna við búskap á Réttarhóli, skal þessa getið: Þaðan og til fremsta bæjar í Vatnsdal er 4 ½ tíma ferð, 6 tíma ferð á

[421] Skjal nr. 2(275) a-b.
[422] Þorsteinn Konráðsson, „Skrá yfir eyði-býli, -hjáleigur og -sel í Húnaþingi“, *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags* 44 (1932), bls. 66. Hvað Þorstein varðar, sjá S.N. „Þorsteinn Konráðsson - minning“, *Morgunblaðið* 46. árg., 228. tbl. (16. október 1959), bls. 11.

kirkjustað og 16 tíma ferð í kaupstað. Landið keypti Björn undan Þórormstungu og Forsæludal. [...]

Uppdrátt af rústunum á Réttarhóli gerði ég 16. september 1920. Hann er nú varðveittur í Landsbókasafni.[423]

Stjórnarráð Íslands sendi öllum sýslumönnum landsins bréf 29. desember 1919. Þar var þeim greint frá þingsályktun um rétt ríkisins til vatnsorku í almenningum frá 27. september 1919. Þeir voru beðnir um að skila skýrslu við fyrsta tækifæri um þau svæði í sýslum þeirra sem töldust vera almenningar svo og um afréttarlönd sem ekki hafi sannanlega tilheyrt eða tilheyri nú nokkru lögbýli.[424]

Bogi Brynjólfsson sýslumaður svaraði með bréfi dagsettu 28. apríl 1920. Hann segist hafa aflað sér upplýsinga um málið með því að óska eftir umsögnum hreppstjóra og geti sagt að í sýslunni sé ekkert slíkt svæði að finna nema Almenningur í Skagaheiði. Sýslumaður segir ennfremur: „Umsagnir 10 hreppstjóra um nefnt málefni fylgja hjer með og skal tekið fram að umsagnir hreppstjóra Blönduóss-, Torfalækjar-, Ás- og Fr. Torfustaðahrepps um málið fylgja ekki, en að ekki er, hvað hreppa þessa snertir, um neitt af hinum umspurðu svæðum að ræða.“[425]

Í frumvarpi til reglugjörðar um notkun afrétta í Húnavatnssýslu frá árinu 1894 kemur eftirfarandi fram um afréttarnot íbúa Torfalækjarhrepps annars vegar og Áshrepps hins vegar, á Forsæludalskvíslum, með meiru:

FRUMVARP FRÁ 1894

til reglugjörðar um notkun afrétta

í Húnavatnssýslu.

[...]

V. Torfalækjarhreppur.

Búendur Torfalækjarhrepps skulu eiga upprekstur á Auðkúluheiði, nema þessir bæir: Stóra-Giljá, Beinakelda, Kringla, Skinnastaðir, Húnstaðir, Hjaltabakki, Akur, Holt og Torfalækur, sem skulu eiga upprekstur í Forsæludalskvíslar.

VII. Áshreppur.

Búendur í Áshreppi skulu eiga upprekstur á Grímstunguheiði, nema bæirnir Ás, Saurbær og Haukagil með Gilhaga skulu eiga upprekstur á Haukagilsheiði, og bæirnir Forsæludalur, Þórormstunga, Kot, Vaglar og Guðrúnarstaðir skulu eiga upprekstur í Forsæludalskvíslar.

[...]

[423] Skjal nr. 2(339) a-b.
[424] Skjal nr. 4(3).
[425] Skjal nr. 4(4).

Á aukanefndarfundi á Blönduósi 24. febr. 1894.

B.G. Blöndal. Pjetur Pjetursson.

Þ. S. Þorláksson. Þorvaldur Bjarnason.

Af þeim ástæðum sem enn skulu undir umræðum málsins á sýslufundi framteknar, er

Ósamþykkur

Á. Á. Þorkelsson[426]

Í ritinu *Göngur og réttir* II, frá árinu 1949, segir eftirfarandi um upprekstur Ás- og Sveinsstaðahreppa á afréttarlönd suður af Vatnsdal:

> Suður af Vatnsdal eru góð og víðlend afréttarlönd, sem Ás- og Sveinsstaðahreppar eiga sameiginlega upprekstur á. Þessi sameiginlegu réttindi kallast Upprekstrarfélag Grímstunguheiðar. Auk hins sameiginlega afréttarlands fylgja stór heimalönd, er ná til hálsa og heiða, ýmsum jörðum fremst í Vatnsdal.
>
> [...]
>
> Þótt afréttarlöndin séu venjulega kölluð Grímstunguheiði, voru þau áður heimalönd ýmissa jarða. Austast eru Forsæludalskvíslar, sem fyrr voru heimalönd Forsæludals, en 1891 voru Kvíslar seldar upprekstrarfélagi Auðkúluheiðar og Grímstunguheiðar, sem á nú fjórða hluta landsins. Þar eru ágæt beitarlönd, einkum fyrir hross. Árið 1866 [svo] byggði Björn Eysteinsson, síðar bóndi í Grímstungu, býlið Réttarholt [svo] í Kvíslum. Bjó hann þar í 5 ár, og græddist vel fé. Er þar nærtækt til veiðifanga, bæði silungs og fugla, og landkostir ágætir. Björn var annálaður fyrir ratvísi og leitarferðir. Verður hans nánar getið síðar.
>
> Vestanvert við Forsæludalskvíslar er Grímstunguheiði og Lambatungur, sem fylgdu henni hálfar. Vatnsdalsá skilur Kvíslar og Grímstunguheiði, en Bríkarkvísl Grímstunguheiði og Lambatungur. Vestast er Haukagilsheiði. Henni fylgdu hálfar Lambatungur. Álftaskálará skilur Lambatungur og Haukagilsheiði. Merki milli Víðidalstunguheiðar og Haukagilsheiðar er lína, sem horfir frá Fremrihlíðarklettum að Bláfelli á Stórasandi.
>
> Fyrr á tímum voru heiðalönd þessi eign samnefndra jarða. Höfðu þá flestir búendur upprekstur á Grímstunguheiði og guldu Grímstungupresti og síðar Undirfellspresti, beitartoll, sem kallaðist fjallatollur. Varð það haustlamb frá hverjum búanda, sem fé átti. Var skattur þessi oft misvel af hendi leystur, og ekki laust við, að til óánægju drægi milli bænda og presta um greiðsluna.

[426] Skjal nr. 2(287) a-b.

> Eftir að Upprekstrarfélagið keypti afréttina af viðkomandi jarðareigendum, féll niður beitargjaldið frá bændum. Grímstunguheiði var keypt árið 1901 af Undirfellspresti, sem hafði allar tekjur af henni, eftir að Grímstungukall var sameinað Undirfelli árið 1881. Var kaupverðið 1700 krónur fyrir heiðina, ásamt leigulausum réttindum fyrir fjárréttarstæði á Undirfellseyrum við réttun sauðfjár. Um leið féll sú kvöð á upprekstrarfélagið að kosta eyðingu refa, sem prestakallið hafði áður borið kostnað af.[427]

Í ritinu *Göngur og réttir* II, frá árinu 1949, segir eftirfarandi um Forsæludalskvíslar í kafla um fyrirkomulag gangna á Grímstunguheiði:

> Miklar breytingar hafa orðið á ýmsu fyrirkomulagi gangna á ýmsum tímum, en þó hefir heildartilhögun haldizt svipuð síðan um seinustu aldamót.
>
> Helztu breytingarnar, sem gerðar hafa verið, hafa snert smölun heimalanda og réttun þess fjár, sem þar er rekið saman.
>
> Þessar breytingar eru helztar, er máli skipta:
>
> Fram til 1918 var sérstakur leitarmannahópur látinn smala Forsæludalskvíslar. Fóru fimm þeirra af stað föstudaginn í 22. viku sumars og höfðu náttstað með Auðkúluheiðarmönnum þá nótt í Seyðisárdrögum. Leituðu þeir svo með þeim austan Langjökuls Búrfjöll og Þjófadalafjöll til sunnudags. Höfðu þá náttstað hinn sama og fyrstu nótt, ásamt 3 mönnum, er komu þann dag úr byggð. Leituðu svo þessir 8 menn næsta dag norður Öldur og Kvíslar með náttstað við Illukeldu eða Bótarfjall og næsta dag til byggða norður Bót og Tunguháls, að Þórormstungu og þaðan til Undirfellsréttar. Nú eru Kvíslar leitaðar með samsmölun við Austurheiðarmenn og sameinað fjallsafni þeirra, en safnið af Bót og heimalöndum austan Vatnsdalsár er nú réttað Þórormstungu, og úrtíningur rekinn til aðalréttar.[428]

Páll Kolka lýsir heiðum í Húnavatnssýslu í þar til gerðum kafla í riti sínu *Föðurtúnum* árið 1950. Þar segir svo:

> Vestan Blöndu er fyrst Auðkúluheiði, sem er mjó, en nær alla leið suður á miðjan Kjöl. Þá taka við Forsæludalskvíslar hið næsta byggðinni, og ná þær vestur að Vatnsdalsá, en síðan Grímstunguheiði vestur að Álftaskálará og Haukagilsheiði þaðan að Heiðamótaás suður af Víðidalsfjalli. Suður af þeim eru Öldur og Stórisandur. Upp af vestursýslunni er fyrst Víðidalstunguheiði, sem nær vestur að Fitjaá, en suður af henni er Arnarvatnsheiði, fyrir vestan Stórasand. Þá er Aðalbólsheiði eða Lambatungur. Núpsheiði, Húksheiði og Staðarafrétt, sem liggur næst Hrútafjarðará. Þessi síðastnefndu afréttarlönd mynda norðurhluta Tvídægru.[429]

Páll Kolka skrifar m.a. svo um Forsæludalskvíslar árið 1950:

[427] Bragi Sigurjónsson, *Göngur og réttir* II, (1949), bls. 53-55.
[428] Bragi Sigurjónsson, *Göngur og réttir* II, (1949), bls. 61-62.
[429] Páll V. G. Kolka, *Föðurtún*, (1950), bls. 421-422.

> Fellin eru talin vesturjaðar Auðkúluheiðar, en fyrir vestan þau taka við Forsældalskvíslar frá Friðmundará suður að Öldum. Þar er ágætt afréttarland, sem er gengið af Kúluheiðarköppum og Grímstungugörpum í sameiningu. Þarna verður Vatnsdalsá til úr ótal kvíslum. Austust er Fellakvísl, sem rennur út með Sauðafelli og Áfangafelli. Í hana rennur að austan Kolkukvísl úr Kolkuflóa, sem er norðaustan við Áfangafell. Eftir þann samruna beygir Fellakvísl til vesturs og rennur saman við Miðkvísl, sem kemur undan Öldum, og Strangakvísl, sem kemur undan og báðar verða til úr fjölda smálækja. Straumvatn það, er myndast við það, að þessar þrjár kvíslar renna í eitt, heitir úr því Vatnsdalsá. Hún rennur norðvestur með Bótarfelli, en Bót heitir tungan milli Friðmundarár og Vatnsdalsár. Austur af Bótinni, norðan Kolkukvíslar og vestur af Mjóavatni, er mjög stór flá, sem heitir Melbrigðaflá.
>
> Upprekstur á Auðkúluheiði eiga Svínavatns-, Torfalækjar- og Blönduóshreppar. Göngur á heiðina tóku heila viku, meðan gengið var suður í Gránunes, enda voru ýmis sæluhús og gangnamannakofar á heiðinni og í Kvíslum, svo sem á Hveravöllum, við Kúlukvísl, á Kolkuhóli norðan við Kolkukvísl, Réttarhóli í tungunni milli Fellakvíslar og Miðkvíslar, og við Riðavík norður úr Vestara-Friðmundarvatni.[430]

Þann 29. apríl 1960 gerðu eigendur Forsæludals, Upprekstrarfélag Grímstunguheiðar og Upprekstrarfélag Auðkúluheiðar með sér samning:

> [...] um uppsetningu og viðhald girðingar milli heimalands Forsæludals og afréttarinnar Forsæludalskvísla:
>
> 1.gr. Girðingin er staðsett þar sem gamla varnargirðingin liggur úr Vatnsdalsá á móti
>
> Svínavatnslækjarósi suður og austur yfir Bót austur í Friðmundarvatn vestara. Á girðingunni séu þrjú hlið: eitt við Vatnsdalsá, annað á há Bót og það þriðja á Mosaás.[431]

Þeir Jónas Sigfússon og Ólafur Sigfússon, eigendur Forsæludals, tóku að sér að setja upp girðinguna en stofnkostnaðinn greiddu þær ásamt Upprekstrarfélögum Grímstunguheiðar og Auðkúluheiðar. Viðhald girðingarinnar, sem var 8 km að lengd, skiptist þannig að eigendur Forsæludals greiddu 3/8 hluta, Upprekstrarfélag Grímstunguheiðar 2/8 hluta og Upprekstrarfélag Auðkúluheiðar 3/8 hluta. Viðhaldinu var skipt á milli eigenda Forsæludals og Upprekstrarfélaganna sitt árið hvor en kostnaði skipt eins og áður segir. Í 5. grein samningsins segir:

> Meðan girðingunni er viðhaldið á framan greindum grundvelli haldist smölunar fyrirkomulag, óbreytt, frá því sem nú er sunnan hennar, en verði

[430] Páll V. G. Kolka, *Föðurtún*, (1950), bls. 429-430.
[431] Skjal nr. 4(176).

> breyting á eignahlutföllum afréttarlandsins er það eigendum Forsæludals óviðkomandi.[432]

Samningurinn átti að gilda í 10 ár að óbreyttum eignarhlutföllum en að þeim liðnum gat hvor aðilinn sagt honum upp með hálfs árs fyrirvara. Undir samninginn skrifa nöfn sín þeir Baldur Magnússon og Grímur Gíslason fyrir hönd Upprekstrarfélags Grímstunguheiðar, þeir Guðmundur B. Þorsteinsson, Sigurður Erlendsson og Hermann Þórarinsson fyrir hönd Upprekstrarfélags Auðkúluheiðar og loks Jónas Sigfússon og Ólafur Sigfússon eigendur Forsæludals. Samningurinn var lesin upp á manntalsþingi á Ásbrekku þann 16. ágúst 1960.

Í *Árbók Ferðafélags Íslands* frá árinu 1964 kemur eftirfarandi fram um Forsæludalskvíslar:

> Grímstungubær stendur í tungunni ofan við ármót Álftaskálarár og Vatnsdalsár. Staðurinn átti heiðina vestan Vatnsdalsár, og prestur fékk haustlamb í beitartoll af hverjum fjárbónda. Upprekstrarfélagið keypti Grímstunguheiði af Undirfellspresti árið 1901 fyrir 1700 krónur. Fylgdi því réttarstæði á Undirfellseyrum. Árið 1891 voru Forsæludalskvíslar (Dalskvíslarland) selt upprekstrarfélagi Auðkúlu- og Grímstunguheiðar. Á hið síðarnefnda fjórðung Kvíslarlandsins. Þar er grösugt mjög og silungsveiði í ám og vötnum.[433]

Í skrá yfir afrétti tekinni saman af Konráði Eggertssyni og Pétri Ólasyni f. h. sveitastjórna Ás- og Sveinsstaðahreppa, dagsett 4. maí 1981, er Upprekstrarfélag Auðkúluheiðar sagt eigendur að Dalskvíslum að ¾ hlutum og Upprekstrarfélag Ás- og Sveinsstaðarhreppa að ¼. Í skránni er merkjum Dalskvísla lýst svo:

> Dalskvíslar eru sunnan við Dalsland. Að austan er Auðkúluheiði. Að vestan ræður Vatnsdalsá, allt til hennar upptaka. Svo beint til suðurs til jökla.

Í sömu skrá er Dalslandi lýst svo:

> Dalsland er sunnan við afréttargirðinguna austan við Vatnsdalsá. Merki milli þess og Dalskvísla eru bein lína frá Vatnsdalsá, móts við Svínavatnslækjarós, í vörðu á há Bótarfelli. Þaðan austur um norðanvert Eyjavatn, miðja vega frá tanga þeim er gengur lengst í suður fyrir austan vík þá er Túnalækur fellur úr og hólma sem eru í vatninu. Að austan er Auðkúluheiði.[434]

Þann 20. febrúar 1989 sendi Félagsmálaráðuneytið öllum sveitarstjórnum á Íslandi bréf og spurðist fyrir um upprekstrarrétt og afrétti sveitarfélaga o.fl. þar að lútandi.[435] Oddviti Torfalækjahrepps, Torfi Jónsson, svaraði bréfi ráðuneytisins 25. sama mánaðar. Í svari Torfa kemur fram að sveitarfélagið eigi upprekstrarrétt á Auðkúluheiði. Mörk afréttarins eru sögð liggja um Blöndu, Kjalhraun og

[432] Skjal nr. 4(176).
[433] *Árbók Ferðafélags Íslands*, (1964), bls. 159.
[434] Skjal nr. 4(13).
[435] Skjal nr. 4(16).

Forsæludalskvíslar. Íbúar Blönduós og Svínavatnshrepps áttu einnig upprekstrarrétt í sama afrétt en ekki höfðu sveitarfélögin komið sér formlega saman um til hvaða sveitarfélags afrétturinn skyldi teljast.[436] Þá svaraði Hallgrímur Sveinsson, oddviti Auðkúluhrepps sama bréfi Félagsmálaráðuneytisins með ódagsettri klausu sem hann skrifaði á bréfið og sendi til baka. Þar segir: „Á ekki við hjá okkur.“[437]

Svohljóðandi landamerkjaskrá fyrir Dalskvíslar var gerð 26. ágúst 1985:

> Að norðan: Úr Vatnsdalsá, móts við Svínavatnslækjarós, ræður bein lína í vörðu í há
>
> Bótarfelli. Þaðan austur um norðanvert Eyjavatn, miðja vegu frá tanga þeim sem gengur lengst í suður fyrir austan vík þá er Túnalækur fellur úr og hólma sem eru í vatninu, alla leið austur í Káryrðlingatjörn og er það hornmerki að norðan og austan.
>
> Að austan: Úr Káryrðlingatjörn ræður sjónhending í Fellakvísl, þar sem Kolkukvísl fellur í hana. Þá ræður Fellakvísl til upptaka og þaðan bein lína í norðurenda Langjökuls og er það hornmerki að austan og sunnan.
>
> Að sunnan: Fjórðungsmörk ráða, en þau eru: Úr norðurenda Langjökuls ræður bein lína i Lyklafell. Úr Lyklafelli ræður sjónhending, fyrir norðan Álftavötn og Fljótadrög, í Réttarvatnstanga.
>
> Að vestan: Úr fjórðungsmörkum ræður bein lína til upptaka Strönguvíslar. Síðan ræður Strangakvísl til Vatnsdalsár. Þá ræður Vatnsdalsá alla leið til móts við Svínavatnslækjarós og er það hornmerki að vestan og norðan.[438]

Eigendur Dalskvíslar samþykktu ofangreinda landamerkjaskrá en fyrir hönd þeirra settu oddvitar Áshrepps, Sveinsstaðahrepps, Svínavatnshrepps og Torfalækjarhrepps nöfn sín. Þá voru eigendur og forsvarsmenn þeirra jarða og heiðarlanda sem land áttu að Dalskvíslum samþykkir þessari sömu landamerkjaskrá.

Árið 1989 birtist eftirfarandi kafli um Forsæludalskvíslar eftir Grím Gíslason í grein hans um Upprekstrarfélag Grímstunguheiðar í ritinu *Húnaþing* III. Þar segir:

> FORSÆLUDALSKVÍSLAR
>
> Áður fyrr tilheyrðu Forsæludalskvíslar jörðinni Forsæludal og var svo allt til ársins 1891 að Björn Eysteinsson bóndi á Réttarhóli seldi landið að ¼ hluta Upprekstrarfélagi Ás- og Sveinsstaðahrepps og að ¾ hlutum Upprekstrarfélagi Auðkúluheiðar fyrir 1.200 krónur og greiddist kaupverðið í sömu hlutföllum. Framanskráð upprekstrarfélög hafa átt landið síðan óskipt, en smalað það eftir samkomulagi stjórna upprekstrarfélaganna á hverjum tíma en leitarmörk verið nokkuð óljós og oft orðið að deiluefni. Það hefir orsakað öryggisleysi um smalanir að talið er, m.a. fyrir það að leitarflokkar hafa ekki

[436] Skjal nr. 4(20).
[437] Skjal nr. 4(21).
[438] Skjal nr. 7(12).

jaðrað saman. Kemur það einkum að sök þar sem leitarmörk eru engin frá náttúrunnar hendi framan til á landinu, úr því vötnum sleppir, inn til öræfanna.

Mörk Kvíslalandsins eru þannig: Að norðan jaðrar það við heimaland Forsæludals en það er vestan frá Vatnsdalsá, á móti Svínavatnslækjarósi á Grímstunguheiði, og þaðan bein lína í há Bótarfell. Þaðan til austurs sjónhending yfir Eyjavatn mitt á milli hólmans og tangans, sem er austan við Tungnalækjarós og þaðan austur í merki við Auðkúluheiði. Er það við sunnanvert Vestara-Friðmundarvatn en nokkur rönd af vatninu vestast er í heimalandi Forsæludals þar sem austurmörk hins upphaflega lands Forsæludals eru norðan frá úr Káryrðlingatjörn í Kolkukvíslarós, þar sem hún kemur saman við Fellakvísl, en þaðan til suðurs sjónhending í Búrfjallahala og til Langjökuls.

Að vestanverðu eru merkin milli Kvíslarlandsins og Grímstunguheiðar, Vatnsdalsá, fram um Stórakrók að ósi Miðkvíslar en þaðan heitir Strangakvísl. Hún kemur úr vestri sunnan Stórakróks, um skamman veg, en annars er höfuðstefna Ströngukvíslar úr suðri, undan Krákshrauni norðvestur af Búrfjallahala. Strangakvísl er vesturmerki Dalskvísla á Grímstunguheiði og frá upptökum kvíslarinnar þaðan til Langjökuls. Eru þessi merki mjög óljós en trúleg stefna til jökulsins er á milli Hundavatnanna um Lyklafell.

Ekki verður farið út í það hér að rekja örnefni í Dalskvíslum heldur vitnað þar um til örnefnaskrár gerðri að fyrirsögn Lárusar Björnssonar bónda í Grímstungu af Daða Davíðssyni á Gilá. Verður að ætla að tryggari heimild verði vart fundin þar sem Lárus er fæddur á Réttarhóli í Dalskvíslum og hefir búið í Grímstungu allt frá árinu 1910. Heiðin hefir í raun verið heimaland hans og ferðir hans óteljandi um heiðalöndin, við heimafénað meðan heimaland Grímstungu var ógirt og síðan í leitum vor og þó einkum haust en þess utan við refaveiðar og annan veiðiskap.

Dalakvíslarlandið verður að teljast fjölskrúðugusta afréttarsvæði Upprekstrarfélags Ás- og Sveinsstaðahrepps og það hlýlegasta. Þar eru grösug flóasvæði, svo sem Melbrigður, Hornflá og Ljósastaraflárnar. Kvíslar, ár og lækir veita skilyrði til samfellds gróðurs sem nýtist mjög öllum skepnum á ákjósanlegasta hátt bæði til beitar og fullnægju sumargleði í frelsi og sjálfræði.

Jarðvegsbygging í þurrlendisásum í Kvíslum sýnist öllu fíngerðari en þá er vestar dregur á heiðina. Hestlækjarbungur liggja tiltölulega hátt norðan frá Ströngukvísl sunnan Stórakróks og suður með kvíslinni að austan fram á móts við Svínafell sem er á Grímstunguheiði í norðaustur horni Stórasands. Þær eru að því leyti ólíkar ásunum vestur á heiðinni að mosaþembur eru þar ekki áberandi heldur er lynggróður ríkjandi. Gróður á Hestlækjarbungum verður mjög fyrir ásókn áfoks og stríðra vinda suðaustan af Kili og Búrfjöllum og sýnist sem hann fái ekki rönd reist við öræfastormunum. Mjög ber á því að

gróðurlaus flög eru sunnan í móti en lynggróðurinn þræðir aftur á móti þar sem nokkurt afdrep er. Verður að teljast að ef um gróðureyðingu er að ræða á þessu landi sé hún af völdum veðurs og vinda en ekki ágangi búfjár sem frekar ætti að verða til að þjappa og festa jarðveginn á tiltölulega myldnu landi Hestlækjarbungna en þær eru mjög greiðfærar og lítið grýttar.

Austur af Hestlækjarbungum og norður af Öldum er fíngerður votlendis- og umvarpagróður er verður stórgerðari er kemur norður í flár þær er áður eru nefndar.

Ekki eru önnur stöðuvötn í Kvíslum en Eyjavatn á mörkum þeirra og heimalands Forsæludals (sjá síðar um kaup á nokkrum hluta lands Forsæludals) en nokkrar tjarnir eru þar eins og Álftatjörn, Melbrigðutjarnir og Réttarhólstjörn. Kvíslaland er tiltölulega auðugt af kvíslum og lækjum þar sem er nokkuð af smásilungi, þó ekki til nytja, en veiði er í Eyjavatni en mun lítið stunduð á síðari árum.

Dalakvíslaland hefir fram til þessa lítt verið kunnugt öðrum en þeim er þar fara um í grenjaleitum og fjársmölunum því alfaraleið liggur ekki um það síðan lestaferðir og kaupafólks lögðust niður austan frá um Mosás, Eyjavatnsbungu og Lestavað á Vatnsdalsá og framar um Skagfirðingaveg vestur um norðanverðar Öldur í átt til Stórasands sunnan Tröllagils en það sker sandinn sunnan Svínafells.

Á síðari árum hafa þó orðið misjafnlega tíðar ferðir, eftir árferði, vestan frá Arnarvatni austur um Stórasand, Strönguvíslardrög og Öldur á Kjalveg vestan undir Arnarbæli en norðan Sandkúlufells. Þeir sem þá leið fara kynnast ekki nema úr fjarlægð afréttarlöndunum norðan öræfanna.

Af Bótarfellinu er í góðu skyggni mjög víðsýnt til allra átta. Kvíslalandið blasir þar við sjónum suður og inn til landsins fegurra að ýmsu leyti en nærliggjandi heiðalönd og krýnt hreinleika og tign þeirra jöfranna Hofsjökuls og Langjökuls með Krák á Sandi á hægri hönd og lengra til suðvesturs hin fagurgjörða Eiríksjökul.[439]

Í *Árbók Ferðafélags Íslands*, frá árinu 2007, segir svo um Forsæludalskvíslar:

Innsti bærinn í dalnum er Forsæludalur og sér þar ekki til sólar í þrjá mánuði. Hér var landnámsmaður Friðmundur og mun einnig hafa numið land til heiða, Friðmundarvötn og Friðmundarhöfði á Auðkúluheiði þá kennd við hann. Forsæludal fylgdi mikið land fram af byggðinni, Forsæludalskvíslar eða Dalskvíslar.[440]

Í þætti um Auðkúluheiði í *Árbók Ferðafélags Íslands*, frá árinu 2007, segir eftirfarandi um Forsæludalskvíslar:

Auðkúluheiði

[439] Grímur Gíslason, frá Saurbæ, „Upprekstrarfélag Grímstunguheiðar“. Húnaþing III, (1989), bls. 111-113.
[440] *Árbók Ferðafélags Íslands*, (2007), bls. 48.

> Norðurmörk heiðarinnar eru frá Vallgili við Blöndugil, vestur um Helluvörðuás að Karyrðlingatjörn. Blanda heldur að heiðinni að austan en að vestan móts við Grímstunguheiði eru mörkin miðuð við Friðmundarhöfða (517 m) og Fellakvísl og þaðan sjónhending til Búrfjallahala og í Langjökul. Forsæludalskvíslar mestallar tilheyra einnig upprekstrarlandi Auðkúluheiðar. Suðurmörkin eru á Kili. [...]
>
> Fram að Réttarhól í Færsludalskvíslum var um fjögurra tíma ferð frá fremstu bæjum í Vatnsdal. Hér var leitarmannaskáli frá fornu fari og mun nafnið dregið af sundurdrætti fjár í sambandi við smalamennskur. Björn Eysteinsson bjó hér í fimm ár, heyjaði í flánum og veiddi silung, hafði upp á eftirlegukindum og skaut refi. Síðar keypti Upprekstrarfélag Auðkúluheiðar kvíslarlandið af honum og lagðist það þannig undir Auðkúluheiði að miklu leyti.
>
> Hér eru enn allglöggar tóftir.[441]

Í skjali frá 28. október 2008 þar sem stofnuð er fasteignin Forsæludalskvíslar (Dalskvíslar) kemur fram að umrædd landeign sé tekin út úr landi Forsæludals. Landeigandi er sjálfseignarstofnunin Auðkúluheiði sem á 75% og sjálfseignarstofnunin Grímstungu- og Haukagilsheiði sem á 25% en um mörk og afnot segir:

> Forsæludalskvíslar (Dalskvíslar) eru sunnan við Forsæludalsland, sbr. kaupsamning, dags. 24. nóvember 1890. Að austan ráða vesturmörk Auðkúluheiðar sem afmarkast af sjónhendingu úr Karyrðlingatjörn í Fellakvísl þar sem Kolkukvísl fellur í hana, þaðan Fellakvísl til upptaka og þaðan bein lína í norðurenda Langjökuls. Að sunnan ráða fjórðungsmörk, en þau eru úr norðurenda Langjökuls bein lína í Lyklafell og þaðan sjónhending, fyrir norðan Álftavötn og Fljótadrög, í Réttarvatnstanga. Að vestan ræður Vatnsdalsá og þá Strangakvísl allt til hennar upptaka, þaðan beint til suðurs til Langjökuls.
>
> Landeigendur ráðstafar afnotarétt á lóðinni í samræmi við reglur og framkvæmd viðkomandi sveitarfélags þar um. Setning nánari skilmála er í höndum landeiganda/sveitarfélags.[442]

Undir stofnskjalið, sem var þinglýst 24. nóvember 2008, skrifa Jóhann Guðmundsson, Jón Gíslason, Ægir Sigurgeirsson og Björn Magnússon sem stjórnarmenn sjálfseignarstofnunarinnar Auðkúluheiði, Birgir Ingþórsson og Jón Leifsson sem stjórnarmenn sjálfseignarstofnunarinnar Grímstungu- og Haukagilsheiði. Bjarni Þ. Einarsson byggingarfulltrúi í Húnavatnshreppi og Jens P. Jensson sveitarstjóri í Húnavatnshreppi skrifa einnig nöfn sín undir skjalið.

[441] *Árbók Ferðafélags Íslands*, (2007), bls. 219, 221-222.
[442] Skjal nr. 7(6).

Yfirlýsing um landamerki milli Arnarvatnsheiðar í Borgarbyggð annars vegar og Grímstunguheiðar, Haukagilsheiðar/Lambatungna og Forsæludalskvísla í Húnavatnshreppi hinsvegar, var móttekin til þinglýsingar af sýslumannsembættinu á Blönduósi þann 5. júlí 2012. Samkvæmt yfirlýsingunni voru landamerki ofantalinna svæða hnitsett í samræmi við þá lýsingu sem fram kemur í landamerkjabréfi fyrir Arnarvatnsheiði, sem dagsett er þann 26. janúar 1886, sem og kaupsamningi fyrir Arnarvatnsheiði, sem dagsettur er þann 6. júlí 1901; landamerkjaskrá fyrir Grímstunguheiði sem dagsett er þann 10. júní 1890; stofnskjali fyrir Hakagilsheiði/Lambatungum, dagsettu þann 14. apríl 2008 og loks stofnskjali fyrir Forsæludalskvíslum, dagsettu þann 28. október 2008. Með yfirlýsingunni fylgir uppdráttur sem lýsir nánar legu landamerkjanna og er uppdrátturinn dagsettur þann 26. apríl 2012 og er sagður lýsa skilningi landeigenda á þeim tímapunkti á legu landamerkjanna. Yfirlýsingin sjálf er dagsett þann 20. júní 2012 og undirrituð sama dag í Borgarnesi fyrir hönd hlutaðeigandi. Vegna Arnarvatnsheiðar skrifar Snorri H. Jóhannesson undir (Arnarvatnsheiði og Geitland), vegna Grímstunguheiðar skrifar Björn Magnússon undir (Sjálfseignarstofnunin Grímstungu- og Haukagilsheiði), vegna Haukagilsheiðar/Lambatungna skrifar Björn Magnússon undir (Sjálfseignarstofnunin Grímstungu- og Haukagilsheiði), vegna Forsæludalskvísla skrifar Jóhannes Guðmundsson undir (Sjálfseignarstofnunin Auðkúluheiði) og þá Björn Magnússon (Sjálfseignarstofnunin Grímstungu- og Haukagilsheiði) og loks Skúli Þórðarson sveitarstjóri Húnaþings Vestra fyrir hönd síns sveitarfélags. Þórður Þórðarson (Landlínur ehf.) undirritar fyrir hnitsetningu og uppdrætti og Ólafur B. Óskarsson og Brynhildur Gísladóttir votta réttar undirskriftir og dagsetningu.[443]

5.4.1 Aðliggjandi og tengd svæði

5.4.1.1 Forsæludalur

Í hálfkirknatali í Húnavatnsþingi, sem ársett er 1461, segir meðal annar frá hálfkirkjum í Grímstunguþingum. Þar segir af hálfkirkju í Dal, eða Dalli, í Vatnsdal:

> J grimstungu þingum.
>
> Jtem a gudru(n)arstodum halfkirkia vppi.
>
> Jtem i dall halfkirkia vppi.
>
> Jtem j tungu bænhuss oc er nidre.
>
> Jtem a haukagili bænhuss oc er vppi.[444]

Dagana 24. og 25. maí 1542, seldi séra Gunnlaugur Arngrímsson, séra Birni Jónssyni, tíu hundruð í jörðinni Forsæludal í Vatnsdal, fyrir tíu hundruð í lausafé.[445] Kaupbréfið um Forsæludal er svohljóðandi:

[443] Skjal nr. 4(130).
[444] *DI*, V. b. nr. 310. 1486 [1461]. Hálfkirknatal i Húnavatnsþingi, bls. 352-354. Sjá registur sama bindis bls. 860, hvar segir „Dallr í Vatnsdal“.

Bref fyrir forsæludal.

Þat giore eg olafvr prestvr gvdmvndzson. Snore asgrimsson. ingemvndvr Marteinsson. einar gislason godvm monnvm kvnnigtt med þessv vorv opnv brefi. arvm epter gvdz býrd M d xlij aa asgeirsaa j videdal midvikvdeiginn næstan epter vpstigningardag vorvm vier j hia savm og heyrdvm aa ord og handaband þessara manna sira biarnar jonssonar af einne alfv. enn af annari sira gvnlavgs arngrimssonar. at svo fyrirskilldv. at greindvr gvnnlavgvr selldi sira birni x^{c} j jordinne forsælvdal j vatzdal j grimstvngna kirkiv sokn til fullrar eignar. med ollvm þeim gognvm og giædvm sem greindvm jardar parte aa med logvm at fyllgia vndan sier og sinvm erfingivm en vnder sira biorn og hans erfingia. en hier j mot gaf sera biorn x^{c} j þridivnga peningvm. malnytv. gelldfie og davdvm peningvm. Skyllde sira biorn hallda greindvm jardar parte til laga en sira gvnnlavgvr svara lagaripttingvm aa titt nefndvm jardar parte. Og til sanninnda hier vm sietivm vier fyrnefnder kavpavottar vor insigle fyrir þetta bref. er giortt var j sama stad og (are) deige sidar en fyrr seiger.[446]

Þann 18. ágúst 1542, galt Ljótur Arngrímsson öllu því tilkalli sem hann þóttist eiga til jarðarinnar Forsæludals í Vatnsdal, í vald séra Björn Jónssonar, og lofaði um leið að veita þar aldrei neitt ákall til.[447] Uppgjöf tilkallsins til Forsæludals var bréfað með svofelldum hætti:

Annad bref fyrir samri jordv [Forsæludal]

Þat giore ec þorfinnvr prestvr Sveinsson og einar gislason. þorlakvr jonsson godvm monnvm kvnnigtt med þessv voro opno brefi. arvm epter gvdz byrd Mdxlij ar. aa mel j midfirde. fostvdagenn næstan epter assvmtionis marie. vorum vier j hia savm og heyrdum aa ord og handaband Sira biarnar jonssonar oc liotz angrimssonar. at svo fyrir skilldv at liotvr gaf og gallt j valld Sira biarna(r) alltt þat tilkall sem hann þottizt eiga til jardarennar forsælvdal(s) j vatzdal J grimstvngna kirkiv sokn. lofadi fyrsagdvr liotvr at hann skyllde alldri hedan j fra nockvt akall veita eda veita lata vp aa greinda jord forsælvdal. og skillde hana vndan sier og sinvm erfingivm og vnder Sira biorn og hans erfingia. Og til sanninda hier vm setivm vier fyrnefnder menn vor innsi(g)le fyrir þetta bref. er skrifat var j sama stad sem fyr seiger.[448]

Í skipta- og testamentisbréfi séra Björns Jónssonar, sem hann gerði á milli barna sinna, kemur meðal annars fram að Forsæludalur skyldi falla í hlut Steinunnar Jónsdóttur, eftir hans dag. Skipta- og testamentisbréf þetta er dagsett þann 20. september 1549. Ákvæðið um hlut Steinunnar í því sama bréfi, hvað snertir Forsæludal, hljóðar svo:

[445] Sveinn Níelsson, *Prestatal og prófasta á Íslandi*, II. Reykjavík, 1950, bls. 228.
[446] *DI*, XI. b. 121, dags. 1542, 24. og 25. Maí 1542. Kaupbréf um Forsœludal, bls. 125.
[447] Sveinn Níelsson, *Prestatal og prófasta á Íslandi*, II. Reykjavík, 1950, bls. 218.
[448] *DI*, XI. b. nr. 152, dags. 18. Ágúst 1542. Uppgjöf tilkalls til Forsæludals, bls. 160-161.

> Jtem medkenist ec ad ec er skylldugur Steinune Jonsdottur c. hundrada oc [l] hundrud i jordu. þar fyrir skal hun eignazt jordina Fossæludal oc jordina Anastadi oc þar til lxx hundrud j smajordum þær sem hun vill sialf [...][449]

Í skrá um jarðeignir séra Björns heitins Jónssonar að Mel, sem tekin var saman nálægt 1. september 1552, er Forsæludals getið á meðal jarðeigna hans. Í skránni segir:

> Forsæludal. iij[c].[450]

Konungur tók að sér jarðeignir Jóns Arasonar Hólabiskups og sona hans séra Björns og Ara lögmanns en þeir voru hálshöggnir í Skálholti 7. nóvember 1550. Þar á meðal var Forsæludalur sem hafði tilheyrt séra Birni en varð hluti af jarðaumboði konungs sem kallaðist Vatnsdalsjarðir.[451]

Í próventugerningi Ljóts Arngrímssonar, sem dagsettur er þann 25. október 1564, er meðal annars minnst á Forsæludal. Þar segir:

> hier til gaf og gallt þrattnefndur Liotur optnefndum Jone syni sinvm alla þa fiemvne sem hann hefdi att epter i Forsæludal þa Jon þar vidtok. Enn hier j gen skylldi Jon faa sinvm fodur þær spennr sem honum hia hofdu verit vm tima. Og til sannenda hier vm setti Liotur sitt jnncigli med fyrgreindra manna jnciglum fyrir þenna giorning er skrifadur var j Glaumbæ j Skagafirdi deigi sidar en fyr seiger.[452]

Stefán Þórarinsson, amtmaður að norðan og austan, skrifaði W.F. Krog, sýslumanni í Húnavatnssýslu, 2. maí 1804. Hann tilkynnti um skrif rentukammers, frá 24. september 1803, þar sem honum var skipað að hafa forgöngu um að hinar svokölluð Vatnsdalsumboðsjarðir yrðu seldar á uppboði með sömu skilmálum og jarðir Hólastóls voru seldar. Amtmaður skipar því sýslumanni að bjóða þessar Vatnsdalsjarðir, ásamt innistæðukúgildum þeirra, upp á uppboði sem skyldi haldið í kringum Jónsmessu á Stóruborgarþingi. Þá brýnir hann fyrir honum að senda út auglýsingu um uppboðið bæði um Húnavatnssýslu og stóran hluta Skagafjarðarsýslu. Amtmaður sendi sýslumanni skilmála þá sem Hólastólsjarðir voru seldar eftir, útdrátt yfir Vatnsdalsumboðsjarðir úr þeirri jarðabók yfir konungseignir sem lá við amtið auk þess sem hann hafði beðið núverandi umboðsmann Benedikt Halldórsson Vídalín á Víðimýri að senda sýslumanni skrá yfir kúgildafjölda allra umboðsjarðanna. Að

[449] *DI*, XI. b. nr. 619, dags. 20. September 1549. Skipta- og testamentisbréf síra Björns Jónssonar, bls. 725-727.
[450] *DI*, XII. b. nr. 241, dags. nálægt 1. september1552. Jarðeignir síra Bjarnar Jónsson á Meli, bls. 462-464.
[451] *DI XII*. b. nr. 285, dags. 28. febrúar1553. Erindisbréf Ólafs Kalibs til Íslandsferðar, gefið út af Kristjáni konungi þriðja, bls. 516-519; „Biskupa-annálar Jóns Egilssonar". Jón Sigurðsson (útg.). *Safn til sögu Íslands og íslenzkra bókmenta að fornu og nýju* I. Kaupmannahöfn 1856, bls. 100 og 100 nm., 129-130. *Íslenzkar æviskrár* I. Reykjavík 1948, bls. 223-224.
[452] *DI*, XIV. b. nr. 218, dags. 25. Október 1564. Próventugerningur Ljóts Arngrímssonar, bls. 309-311.

uppboðinu loknu þá skyldi sýslumaður senda amtmanni uppboðsgerðina í tvíriti ásamt álitsgerð um hvort hæsta boð í hverja jörð væri fullnægjandi eða ekki.[453]

Sýslumaður hefur skrifað aftan á þetta bréf að það hafi ekki borist sér fyrr en 4. júní 1804 þegar hann var við að leggja af stað í ferðalag um sýsluna til að halda manntalsþing. Hann hafði frétt að opinber bréf frá amtinu væru á leið til sín en hann sendi mann yfir í Skagafjörð í leit af þeim og fundust þau ásamt fleiri bréfum heima hjá Benedikt Vídalín umboðsmanni á Víðimýri.[454]

Uppboð Vatnsdalsjarða var haldið á Stóruborgarþingstað 10. júlí 1804. Þar kemur fram að sýslumaður hafði auglýst það á manntalsþingum í sýslunni auk þess sem auglýsingar hafi verið sendar á flesta þingstaði í Skagafjarðarsýslu. Á uppboðinu lagði sýslumaður fram ofannefndan útdrátt yfir umboðsjarðirnar sem gerður var eftir jarðabók yfir konungseignir sem lá við amtið en þar kom fram dýrleiki og landskuld jarðanna. Þá var einnig lagt fram skrá Benedikts Vídalín umboðshaldara yfir innistæðukúgildin sem fylgdu umboðsjörðunum og skyldu einnig seljast við sama tækifæri. Þá voru uppboðsskilmálarnir, frá 13. mars 1802, lesnir upp og var svo hafist handa við að bjóða upp jarðirnar. Fram kemur í uppboðsgerðinni að Forsæludalur var 40 hndr. að dýrleika, landskuldin var 2 hndr. en matsverð jarðarinnar 320 ríkisdalir. Sá sem átti hæsta boð í Forsæludal var Bjarni Steindórsson í Þórormstungu en það var 350 ríkisdalir.[455]

Amtmaður skrifaði sýslumanni aftur, 18. júlí 1805, og tilkynnti honum að samkvæmt bréfi rentukammers, frá 4. maí 1805, þá hefði með konunglegri tilskipun, dagsettri 10. apríl 1805, verið gengið að þeim boðum sem gerðar höfðu verið í Vatnsdalsjarðirnar árið áður. Sýslumaður var beðinn um að tilkynna kaupendunum þetta og sömuleiðis að upplýsa þá um að innheimtumaður jarðarverðsins væri kaupmaður Schram á Skagaströnd.[456]

Landamerkjabréf fyrir Forsæludal var útbúið 29. júlí 1890 og þinglesið 28. maí 1891:

> Að norðan ræður, neðan frá Rjettarkletti nýr merkjagarður, þaðan upp á há hálsinn í merkjavörðu sem hlaðast á á hornmerki Torfustaðakots og Forsæludals. Að norðaustan og austan ræður, bein lína frá áður nefndri vörðu upp á há Dalsbungu, þaðan beina leið í stóra þúfu á ásnum fyrir vestan austara Hallarvatnið, og þaðan beina leið suðaustur í háan hól upp á svo nefndri Úlfkelshæð, og beina sjónleið þaðan um suðvesturhöggið á Friðmundarhöfðanum í merkjalínu þá, sem skilur land milli Auðkúluheiðar og Þórormstungu, Forsæludals og Dalskvísla, er liggur beina sjónleið úr Karyrðlingatjörn í Fellakvísl, þar sem Kólkukvísl rennur í hana. Að sunnan ræður bein lína frá vörðu á há Bótarfjalli austur um norðanvert Eyjavatn,

[453] Skjal nr. 2(302) a-b.
[454] Skjal nr. 2(302) a-b.
[455] Skjal nr. 2(301) a-b.
[456] Skjal nr. 2(302) a-b.

> miðja vega frá tanga þeim, sem gengur lengst í suður fyrir austan vík þá, er Túnalækur fellur úr, og hólma sem er í vatninu. Í vestur frá vörðunni af Bótarfjalli ræður bein lína til Vatnsdalsár móti Svínavatnslækjarós. Að vestan ræður Vatnsdalsá merkjum. Til sumarbeitar fyrir kvífje (ásauði) hefur ábúandinn í Forsæludal endurgjaldslaust úr heimalandi Þórormstungu land það, sem liggur fyrir sunnan þá línu, sem miðuð er af há Dalsbungu í Hallarvatnslækinn, þar sem hann fellur í Hólkotskvísl, hverja þá stund, sem ábúandinn í Þórormstungu er notar hana sjálfur. Ennfremur hefur Forsæludalur þann hluta af flánni fyrir vestan og sunnan austara Hallarvatnið, sem er innan merkjalínunnar, til slægna endurgjaldslaust. Aptur á móti hefur ábúandinn í Þórormstungu endurgjaldslaus Jafnrjetti við ábúandann í Forsæludal til veiði í Friðmundará, Túnalæk, Friðmundavatni og Eyjavatni, einnig endurgjaldslaust hrossagöngu framan Friðmundarár á öllum tímum árs, sömuleiðis á flánni kring um austara Hallavatnið frá veturnóttum til krossmessu (vinnuhjúaskildaga.) Forsæludalur á fjárupprekstur í Dalskvíslar.[457]

J. Hannesson skrifaði undir bréfið vegna eignaumráðamanns Forsæludals. Það var samþykkt af Bjarna Snæbjörnssyni eiganda Þórormstungu og Hjörl. Einarssyni umráðanda Undornfells-kirkjujarðarinnar Torfustaðakots.

Þann 26. maí 1896 seldi Hannes Hannesson húsmaður í Saurbæ Gísla Guðlaugssyni bónda á Forsæludal jarðarpart sinn í Forsæludal, sem var 9,5 hndr. að dýrleika, fyrir 650 kr. Hann var seldur með öllum gögnum og gæðum er jörðinni skyldi fylgja samkvæmt kaupsamningi frá 30. apríl 1894. Þar sem Gísli hafði uppfyllt öll ákvæðin í kaupsamningnum þá lýsti Hannes hann réttan eiganda að partinum með þeim ummerkjum sem kaupanda voru kunn. Hannes skrifaði undir afsalsbréfið á Snæringsstöðum 26. maí 1896 en það var svo lesið fyrir manntalsþingsrétti að Ási 26. maí 1896 og innfært í afsals- og veðmálabók.[458]

Jón Hannesson í Þórormstungu seldi Gesti Magnússyni 1/3 úr jörðinni Forsæludal fyrir 613 krónur með bréfi dagsettu 26. maí 1896. Jarðarparturinn var samkvæmt nýju mati 9 ½ hundrað að dýrleika og fylgdu með í kaupunum jarðarhús samkvæmt samningi gerðum þeirra í milli 14. mars 1895. Þar sem Gestur hafði uppfyllt öll skilyrði þess samnings þá lýsti Jón hann réttan eiganda að umræddum jarðarparti. Kaupbréf þetta var lesið upp fyrir manntalsþingsrétti 26. maí 1896 og fært inn í afsals- og veðmálabók sýslunnar.[459]

Jónas Jóhannsson á Kistu seldi Gesti Magnússyni bónda jarðarpart sinn, 9 hndr. að dýrleika, í Forsæludal með bréfi dagsettu 12. maí 1897. Með í kaupunum fylgdi eitt ásauðarkúgildi ásamt öllum gögnum og gæðum sem jörðinni átti með réttu að fylgja samkvæmt kaupsamningi frá 24. mars 1897. Kaupverðið var 666 krónur og

[457] Skjal nr. 2(35).
[458] Skjal nr. 4(141).
[459] Skjal nr. 4(202).

þar sem Gestur hafði uppfyllt öll skilyrði kaupsamningsins þá lýsti Jónas hann réttan eiganda ofannefnds jarðarparts. Kaupbréfið var lesið fyrir manntalsþingsrétti að Ási 15. maí 1897 og innfært í afsals- og kaupmálabók sýslunnar.[460]

Í afsals- og veðmálabók Húnavatnssýslu er eftirfarandi færsla færð til bókar 2. apríl 1904:

> Ár 1904, hinn 28. aprílmánaðar er innkomið til fyrirfram innritunar og þinglesturs á næsta vori afsalsbrjef Björns bónda Eysteinssonar í Grímstungu fyrir jörðinni Forsæludal í Áshreppi að dýrl. 28,5 hndr. til handa Jóni Lárussyni í Saurbæ í Áshreppi. Var brjefi þessu gefin viðeigandi áteiknun.[461]

Björn Eysteinsson í Grímstungu seldi Jóni Lárussyni jörðina Forsæludal 23. apríl 1904. Kaupsamningurinn er svohljóðandi:

> 1. Jeg Björn Eysteinsson sel herra Jóni Lárussyni eignarjörð mína Forsæludal í Húnavatnssýslu, 28,5 hndr. að nýju mati, eins og jeg hefi eignast hana að 2/3 pörtum með afsalsbrjefi Gests Magnússonar á Óspakseyri dags. 1. febr. 1904, og að 1/3 parti með afsalsbrjefi Gísla bónda Guðlaugssonar í Koti dagsett 20. þessa mánaðar. Í kaupinu eru öll bæjarhús, skemma, smiðjukofi, fjós og 1/3 af fjóshlöðu, tvídyrað hesthús, syðra samstæðu – fjárhús, og hús yfir 12 kindur (2 kúgildi) svo og 3 ásauðar kúgildi, og 1 kýrkúgildi. Álag fylgir þeim 2/3 hlutum jarðarinnar sem metið var til álags við síðustu úttekt. Einnig ber kaupanda rjettur til, að krefjast þess, að núverandi ábúandi jarðarinnar svari til allra þeirra kvaða viðvíkjandi jörðinni, sem honum er gjört að skildu að vinna af hendi í byggingarbrjefi hans fyrir 2/3 hluta tjeðrar jarðar dagsett 21. apríl 1900.
>
> 2. Kaupverðið allrar jarðarinnar er 2450 krónur og skal kaupandi greiða andvirðið þannig að hann: […][462]

Afsalaði Björn Jóni Forsæludal, 28,5 hndr. að dýrleik samkvæmt nýju mati, með öllum skyldum og réttindum eins og hann hafði átt hana. Þetta var lesið upp á manntalsþingi 25. maí 1904 og fært inn í afsals- og veðmálabók.

Í fasteignamatinu 1916, kemur eftirfarandi fram í kafla um Forsæludal:

> Silungsveiði talsverð í vötnum í fjarlægð, kostnaðarsöm en þó til búbætis.[463]

Landskiptagjörð fyrir Forsæludal var útbúin 26. desember 1959 og hún var þinglesin 16. ágúst 1960:

> [...]
>
> Við undirritaðir eigendur jarðarinnar Forsæludalur í Húnavatnssýslu, höfum komið okkur saman um svohljóðandi skipti á túni og ræktunarlandi jarðarinnar.

[460] Skjal nr. 4(144).
[461] Skjal nr. 4(146).
[462] Skjal nr. 4(149).
[463] Skjal nr. 2(76).

Jónas Sigfússon, eigandi Forsæludals I fær allt land neðan tún- og engja-girðinga frá Nauthólslæk að sunnan, norður að línu, sem markast þvert á landið, réttvísandi eftir norðurstafni núverandi íbúðarhúss.

Ólafur Sigfússon, Eigandi Forsæludals II fær allt land neðan núverandi túngirðingar frá áðurnefndri merkjalínu, sem miðast við norðurstafn íbúðarhússins norður að merkjum milli Forsæludals og Sunnuhlíðar.

Lóð undir núverandi íbúðarhúsi ásamt trjágarði einnig lóðir undir verkfærageymslu og fjósi, eru sameiginleg eign beggja aðila.

Annað land jarðarinnar eru óskipt eign beggja aðila að jöfnu, svo og öll veiðiréttindi, vatnsréttindi og öll önnur ónefnd hlunnindi.[464]

Ólafur Sigfússon og Jónas Sigfússon skrifuðu undir samninginn.

Þann 30. júní 1975 seldu eigendur Forsæludals, Upprekstrarfélagi Ás- og Sveinsstaðahrepps hluta af heimalandi Forsæludals. Í afsalinu segir:

Við eigendur Forsæludals, Sigríður Sigfúsdóttir, Sigríður Ragnarsdóttir, og Ólafur Sigfússon, seljum og afsölum hér með til Upprekstrarfélags Ás- og Sveinsstaðahrepps, þann hluta af heimalandi Forsæludals, sem liggur framan núverandi heiðargirðingu, frá Vatnsdalsá að Friðmundarvatni, ca. 12 ferkm. að stærð.

Undanskilið er þó hluti Forsæludals í Friðmundarvatni og eyjarvatni, ásamt 20 m. breiðri landræmu meðfram bökkum vatnanna. Einnig Tungulækur framan girðingar með 10 m. breiðri landræmu meðfram hvorum bakka.

Hvorugur aðili hefur þó rétt til að krefjast girðingar til að girða af fyrrnefndar landræmur, og skal kaupandi hafa óskertan beitarrétt á landinu, einnig þessum umræddu landræmum.

Landið selst með þeim skyldum og réttindum, sem því tilheyra. Seljendur áskilja sér rétt til að ryðja veg um landið að veiðistöðum, og frjálsa umferð um landið.

Söluverð er þegar greitt.[465]

Ólafur Sigfússon, Sigríður Sigfúsdóttir og Sigríður Ragnarsdóttir skrifuðu undir afsalið.

Afsalið var lesið upp á manntalsþingi á Ásbrekku 6. september 1976.

Afsal fyrir ¼ hluta Forsæludals er ódagsett en það var var lesið á manntalsþingi að Ásbrekku 10. september 1975.[466]

5.4.1.2 Þórormstunga (Tunga, Neðri-Tunga, Þóroddstunga, Vatnsdalstunga)

Bjarni Steindórsson í Þóromstungu keypti Forsæludal þegar Vatnsdalsjarðir voru boðnar upp 10. júlí 1804. Sjá nánar í kafla um Forsæludal.

[464] Skjal nr. 2(36).
[465] Skjal nr. 2(37).
[466] Skjal nr. 4(188).

Þann 12. apríl 1806, lögfesti Bjarni Steindórsson eignarjörð sína Þórormstungu. Landamerkja er getið. Lögfestan var lesin upp fyrir þingsrétti að Breiðabólstað þann 25. apríl sama ár og að Tindum þann 20. júní 1808 en þar var lögfestunni mótmælt vegna Auðkúluheiðar:

Logfesta fyrir Þórormstúngu 1806

Jeg undirskrifadr Logfeste hér med Eignar Jord mína, Þórormstúngu, liggjandi í Grímstúngu Kirkju Sókn og Vatnsdal innann Húnavatns Sýsslu. Logfeste eg tjedrar Jardar Tún og Eingjar, Hollt og Haga, Votn og Veidistadi og allar Landsnytjar, sem henne fylgt hafa og fylgja eiga med réttu, til þessara ummmerkja, er adrir menn eiga í móti mér, nefnelega: Millum Mardarnúps og Þórormstúngu skilr Land Túnguár forni farvegr, sem hverfr ad nordannverdum Síkislæk þeim, er Mislíngr heitir og kémr í vatnsdalsá fyri nordann Mislíngstánga, rædr sídann Tunguá allt til Úlfkels upptaka, þadann eptir midjum fridmundarhofda, sidann í Austr qvísl hjá Kólkahól, þadann í Upptok á fellaqvísl og so beinleides til Jokla. Ad Vestann verdu rædr Vatnsdalsá framm ad Merkedæli í Sunnuhlíd, er liggr framannverdt vid Túnguklif og so uppá Hálsinn, eptir því sem hallar frá á bádar Hendr, eptir þeim gotum, sem liggja á há-Hálsinum, og sídann á þær gotr, er liggja framm á millum Hallarvatna, sidann Réttsýni í Eyjarvatnsbúngu og þadann beint eptir Heidumm framm til Jokla. Logfeste eg bæde ad Ordfullu og Logmáli réttu, fyrirbjódandi hverjum Manne, ad yrkja, beita, edr brúka, ellegar sér ad nytja, utann mitt sje leyfi til, undir vidliggjandi Sektir. Skal þessi mín logfesta gylda um nærstu Tólf Mánude, sem laga Skjal fyrir Þórormstúngu Landi og, ef eingi átelr á þeim Tíma, þá æfennlega upp þadann, hverri til fullkomins Kraptar og Stadfestu er mitt nafn og Signet ad Þórorms túngu þann 12ta Aprilis 1806.

Biarne Steindorsson.

Upplesid fyrer Manntalsþingsrette ad Breidabolstad þann 25. April 1806, testerar J. Benediktsson, Syslum. Snorrasonar Fullmegtugur.

Upplesid fyrir Manntalsþíngsrétti ad Tindum þann 20ta Junii 1808, en ad því leiti mótmælt, sem logfestan gengur uppá Audkúlu Heidi, til Kólkuhóls, eptir því sem Audkúlu skjol tiltaka, ad Audkúla egi frá Kárittinga Tjörn og í austustu qvísl, medan hún fellur rétt, þad Prestinum Séra Jóni Jónssyni á Audkúlu, hvorju Bjarni aptur mótsegir, svosem hann vill ega frá Kárittinga Tjörn eptir því sem votn ad haga til austustu qvíslar.

Vitnar S. Snorrason.[467]

Þann 5. maí 1809 lögfesti Bjarni Steindórsson eignarjarðir sínar Þórormstungu og Forsæludal. Landamerkja er getið og minnst á Marðarnúp. Lögfestan var upplesin fyrir þingsrétti að Breiðabólstað dagana 15. og 26. maí sama ár, 5. maí 1819 og 17. maí 1824. Einnig var lögfestan lesin að Tindum þann 15. júní 1809. Hún hljóðar svo:

[467] Skjal nr. 2(61) a-b.

Logfesta fyrir Þorormstúngu og Forsæludal pro 1809

Jeg underskrifadur Logfesti Hérmed Eignar Jarder mínar Þorormstúngu og Forsæludal, Bádar liggjandi, i Grímstúngu Kirkiu Sókn i Vatnsdal, innann Húnavatns sijsslu. Logfesti eg tiedra Jarda land sameiginnliga, sem filger Tún og Eingiar, Holt, og Haga, Vötn og Veidistadi, og allar landsnitiar, sem her tilteknumm Jördumm filgt hafa, filgia ber, og filgia eiga med réttu, til þessara ummmerkia, er adrir Menn eiga í móti mér. Nefniliga ad austannverdu skilur áenn, sem nefnist Túnguá, land í millumm, Mardarnúps og Þórormstúngu, eptir fornumm farveg, sem firir nokkrum Árumm, er af Grióti sumstadar uppfilltur, enn þó siáannligur, hvor farvegur, liggur útí Vatnsdalsá, firir austann Mislíngstánga. Tunguá rædur framm til Úlfkélls upptaka, eptir midiumm Fridmundar Höfda. Þadann, i austustu Qvísl, eptir sem vötn ad draga, framm til Jökla. Ad vestannverdu rædur Vatnsdalsá framm ad Merkidæli i Sunnhlijd, er liggur framan verdt vid Tunguklif, og svo uppá Hálsin, eptir þvi sem hallar frá á bádar hendur, eptir þeim götumm sem liggia á há Hálsinum, J millumm Torfustada og Forsæludals, af Hálsinumm ofann í Vatnsdalsa, eptir þvi sem Grímstúngu Máldagar tiltaka. Rædur svo Vatnsdalsá, til sinna upptaka, fram til Jökla ad undannteknu þvi sem Hiáleigunni Dalkoti ber med Réttu ad lögumm. Lögfesti jeg bædi ad ordfullu, og lögmáli Réttu, firirbiódandi hveriumm Manni ad yrkia, Beita edur Brúka, ellegar sier ad nytia utann mitt ~~mitt~~ sié Lof, edur leifi til, innann gre[i]ndra merkia, under vidliggiandi Laga sektir.

Þessi Lögfesta er bigd, á fornumm og nijumm skiölumm, sem eg hefi i Höndumm, samt Hefd og Brúkun. Vilie nokkur þessa mína Lögfestu áfría, hann hinn sami, hver hellst vera kann, óska jeg þad giöri hér strax istad, og leggi vid fimtarstefnu annars þénar hún mér, sem fullkomid lagaskial og stadfestist med minni hönd og hiá þrikktu signeti.

Þórormstúngu þann 5ta Mii 1809.

Biarne Steindorsson.

Upp lesin fyrir manntals þíngs Retti ad Breidabólstad þann 15da maii 1809, vitnar S. Snorrason.

Upp lesin fyrir manntals þíngs Rette ad Tindum þann 15da Junii 1809. Vitnar S. Snorrason.

Framan skrifud Logfesta var lesin fyrir Man<n>tals þíngs réttinum á Breidabólstad þann 26ta Maii 1815. Testerar B. Olsen.

Lesid fyrir Manntalsþíngs Rétti á Breidabólstad þann 5. Maii 1809. J. Jónsson.

Upplesid fyrir manntalsþíngs rétti á Breidabólstad þann 17da Maii 1824.

Blondahl.[468]

[468] Skjal nr. 2(62) a-b.

Varðveitt er sameiginleg lögfesta fyrir Auðkúluheiði, Þórormstungu- og Forsæludalsland, Grímstungu- og Haukagilsheiði. Lögfestan er dagsett þann 16. júní 1820 og er hún svohljóðandi:

> Hiermed lögfestum vid undirskrifadir eptirskrifud, i okkar sumpart umsión, sumpart Eigu verandi fiall-lönd, nefnil: Audkúluheidi, Þórormstungu og Forsæludalsland, Grímstungu og Haukagilsheidarlönd, einkum i tilliti til grasatekiu, og þaraf rísandi ýmislegs órádvands umgángs – Og fyrirbiódum hiermed einum og sierhverium grasatekt i tiedum löndum, nema leitad sie þarum leyfis til okkar, hvers fyrir sitt land, og finni sig í ad giallda, þann med Dómi af 23. Junii 1810, áqvedna grasa og beitartoll. Hid sama er okkar forbod á um hrísrif. – Mega allir þeir, sem i leyfisleysi ydka grasatekt eda hrísrif móti forbodi þessu i greindum löndum, vidbúast ad mæta tiltali til Lagasekta eptir málavöxtum; enn herra sýslumadur J. Jónsson umbidst þénustuskylldugast ad upplesa þetta forbod, fyrir nú nærst halldandi Breidabólsstadar, Tinda, Vindhælis, Engihlídar og Bólstadahlídar manntalsþíngs Rétttum.
>
> Þórormstungu, þann 16. Junii 1820.
>
> Jón Jónsson Sigvalldi Snæbiörnsson
>
> *L.S.* *L.S.*
>
> Uppá eiginn og Eckjunnar Gudrunar Þorarinsdottir vegna
>
> Biarni Steindorsson
>
> *L.S.*
>
> Lesed fyrir manntalsþíngs Rétte á Breidabólstad þann 22. Jun. 1820.
>
> J.Jónsson
>
> Dito á Tindum þ. 26. Juni 1820.
>
> J.Jónsson
>
> Dito á Bólstadarhlid þ. 28. Jun. 1820.
>
> Dito á Eingihlid þ. 30. Juni 1820. J.Jónsson
>
> V. BechEiríkur Helgason
>
> Jon Arnason
>
> Upplesid á mantals þíngs Rietti á Vindhæli þann 3ia Julj 1820 vitna i forfollum hra sislumanns Jonssonar David Gudmundsson
>
> Arne Olafsson Hannes Jonsson.[469]

Þann 23. mars 1820 ráðstafaði Bjarni Steindórsson eignarjörðum sínum Þórormstungu og Forsæludal með Dalkoti, á svofelldan hátt:

> Þar eg undirskrifadur nú [á] 87da Aldursári giöri Rád fyrir ad Æfidagar mínir muni snart vera á Enda vildi eg ádurenn fráfell giöra þá Rádstöfun ad sem

[469] Skjal nr. 2(150) a-b.

minstur Agreiningur yrdi um þær Eignir sem eg eptir mig kynni ad láta, því giöri eg nú med fríum Vilia og fullkomnri Ráddeild þá Rádstöfun um þad Heidarland sem tilheirir Jördunum Þórormstúngu og Forsæludal og alment kallast Dalsqvíslir, ad 4/9 partar af þessu Heidarlandi skuli frammvegiss tilheira Þórormstúngu og 5/9 partar Forsæludal med Dalkoti, og áskil eg þessi skipti á Heidarlandinu haldist þadanaf hvör helst sem Eigandi Jardanna frammvegis verda kann, og eins þó Jardirnar kynni héreptir verda nidursettar ad Hundradatali, svoleidis ad af öllu því afgialdi og ardi yfirhöfud, hvorju nafni sem heitir, er téd Heidarland af sér géfur tilheiri framveigis 4/9 partar þaraf Þórormstúngu, 4/9 partar Forsæludal og 1/9 partur Dalkoti, enn á medann eg lifi áskil eg mér ad hafa öll not af tédu Heidarlandi hvörjum sem eg svo byggi ádurnefndar Jardir.

Þessari minni Rádstöfun til Stadfestu er mitt ásamt, tilkvaddra Votta undirskrifud Nöfn og hiásett Signet. Staddur ad Hvammi þann 23ia Martz 1820.

Bjarni Steindorsson

Hieldt um pennann Ad framan skrifud Radstofun sé af Mr. Bjarna Steindorssyni giord med fullri skinsemi vitna um nærstaddir.

Blondahl, G. Guttormsson.[470]

Í kafla um Þórormstungu í jarðamatinu 1849 segir um afréttarlandið Dalskvíslar:

Jörðinni fylgir afrjettarland sem er partur í svokölluðum "Dalskvíslum" er þetta heiðarland tilheyrandi jörðunum Þórormstungu Forsæludal og Dalkoti, og liggur suður og upp frá þeim fram til öræfa, að svokölluðum “Öldum,,; er Kúluheiði að austanverðu fram með Dalskvíslum, og miklu lengra suður og fram fyrir þær, en Grímstunguheiði að vestan fram með; eru 4/9 hlutir afrjettarlandsins, eða Dalkvísla eign þessarar jarðar, og metast með henni og útaf fyrir sig 80 rbd.[471]

Landamerkjabréf fyrir Þórormstungu var útbúið 28. júlí 1890 og þinglesið 28. maí 1891:

Að austanverðu ræður merkjum forn farvegur, er liggur í Vatnsdalsá austanvert við Mislingstanga við Tunguárós, að skilur nefndur farvegur Mislingstanga, þar til hann slitnar á litlum kafla, sem Vatnsdalsá er búin að brjóta af fyrir fáum árum, síðan byrjar nefndur farvegur aftur, og liggur í Tunguá hjá Merkjavörðu norðan við Sljettabakka, svo ræður Tunguá merkjum fram að Tungusporði, og þaðan Úlfkelskvísl fram í Úlfkelsvatn, úr Úlfkelsvatni eptir Skammbeinslæk, í Skammbeinstjörn og þaðan beint í austur, þar til hittir merkjalínu Auðkúluheiðar að vestan, (sem er úr Karyrðlingatjörn í Fellakvísl, þar sem Kólkukvísl rennur í hana,) svo eptir

[470] Skjal nr. 2(63) a-b.
[471] Skjal nr. 2(75).

> þeirri línu fram fremst á Friðmundarhöfða, þaðan byrja aftur merkin að vestan, beina línu í hól, sem er vestan á há Úlfkelshæðinni, svo í stóra grasþúfu, sem er á ásnum, fyrir vestan austara Hallarvatnið, og þaðan í Dalsbungu, þar sem hún er hæst, úr henni í vörðu sem er hornmerki milli Forsæludals og Torfustaða, svo beint út í Klapparþúfu, og þaðan eptir há Múlanum, þar til kemur Merkjadæld í Sunnuhlíð, og eptir henni ofan í syðri enda Tunguklyfs, þaðan ræður Vatnsdalsá norður fyrir Haukagilsrjettarhólma, þaðan norður eptir, þar til Saurbæjarland þrýtur, ræður bein lína úr rjettarbroti norðan í hólmanum í vörðu á Ásbrekku, frá Saurbæjarlandi norður og austur að Tunguósi, ræður Vatnsdalsá, (eða sá farvegur, sem hún rennur nú í,) merkjum milli Áss og Þórormstungu. Heimil er Forsæludals ábúanda beit fyrir kví-fé sitt í Þórormstungu heimalandi fyrir framan beina línu af Dalsbungu í Úlfkelskvísl, þar sem Hallavatnslækur kemur í hana, þegar ábúandi Þórormstungu ekki brúkar það sjálfur, sömuleiðis hefur Forsæludals ábúandi allar slægjur á austari Hallarvatnsflánni, fyrir framan og vestan vatnið, en ábúandi Þórormstungu hefur hana til beitar vetur og vor, og sömuleiðis er Þórormstungu ábúanda heimil beit fyrir framan Friðmundará hvenær sem hann vill. Silungsveiði í Friðmundará, Tungnalæk og vötnunum Friðmundarvatni og Eyjavatni, eptir því sem veiðirjettur jarðanna Þórormstungu og Forsæludals getur náð til tjeðra vatna, eiga báðar jarðirnar jafnt. Þórormstunga á selstæði í Káradalstungu landi, og fjárupprekstur í Dalskvíslar.[472]

Bjarni Snæbjörnsson eigandi Þórormstungu skrifaði undir bréfið. Það var samþykkt af Sigvalda Þorkelssyni vegna Guðrúnarstaða, Guðmundi Jónssyni vegna eiganda Áss, J. Hannessyni vegna eigna- og umráðamanns Forsæludals, Haukagils og Saurbæjar, Hjörleifi Einarssyni umráðamanni Undornsfellskirkjujarða, Káradalstungu og Torfustaðakots og umráðamönnum kirkjujarðarinnar Marðarnúps þeim Lárusi Blöndal og Hjörl. Einarssyni.

[472] Skjal nr. 2(58).

5.5 Grímstunguheiði

Í máldaga Auðunar biskups rauða Þorbergssonar fyrir Hólabiskupsdæmi frá árinu 1318, segir að Grímstungur eigi heimaland allt og Torfastaði og Sunhlíð með til Merkidælar, Grafarland, Saurteig í Saurbæjarlandi, veiðar allar og afrétt að helmingi við Þórhallsstaði. Sá er á stað býr í Grímstungum, skal veita afrétt ef hann vill, en ei sá er Þórhallsstaði á.[473]

Í máldögum Jóns biskups skalla Eiríkssonar fyrir Hólabiskupsdæmi, frá árunum 1360−1386, segir að kirkja í Grímstungum eigi allt heimaland. Í sama máldaga segir ennfremur:

> Hun a heima land allt og Torffustadi og Snudhlid ofann til merckidals. Grafarland. syrteyg. j saurbæiarland. þorhalldz stadi. og veydar allar og afriett er þorhalldzstodum hefur fylgt hallfar LambaTungur vid Haukagil. selland sudur a fialli.[474]

Í máldögum Péturs biskups Nikulássonar fyrir kirkjum í Hólabiskupsdæmi frá árinu 1394 og síðar, segir að kirkja á Grímstungum eigi allt heimaland. Í meginatriðum er vitnisburður þessa tiltekna máldaga sá sami og í máldaga Jóns biskups skalla. Í máldaga Péturs biskups segir svo:

> Hun á heimaland og Torffuastadi. og snudhlijd [svo] med til merckidæli. Grafuarland. saurteyg j saurbæiarland. Þorhallsstadi og veydar allar og afriett er þorhallsstodum hefur fylgt halfar lambatungur vid haukagil. selland sudur a fialli.[475]

Í máldögum Ólafs biskups Rögnvaldssonar um Hólabiskupsdæmi frá árinu 1461 og síðar, segir að kirkjan í Grímstungum eigi allt heimaland. Þá kemur fram, líkt og í fyrri máldögum, að kirkjan í Grímstungum eigi Þórhallsstaði, og afrétt þá er jörð þeirri hafi fylgt. Þar segir:

> hun aa allt heimaland [...] þorallzstadi oc veidar allar oc afrett er þoralzstodum hefer fylgt. halfar lambatungr vm haukagil. selland sydur a fialli.[476]

Í máldagaágripi fyrir Grímstungukirkju frá árinu 1562, kemur ekkert fram um afréttarmálefni.[477]

Í kirknareikningum fyrir prestssetur í Hólabiskupsdæmi, frá árinu 1569, kemur ekkert fram um afréttarmálefni í kirknareikningi Grímstungu. Um jarðeignir segir kirkjunnar segir svo:

> Kirkian j Grijmstungvm beneficium.

[473] Skjal nr. 2(78).
[474] Skjal nr. 2(79).
[475] Skjal nr. 2(81).
[476] Skjal nr. 2(83).
[477] Skjal nr. 2(305).

> Hun a jordina Kot. landskylld .c. Kalfsdalstungu. landskylld .x. aurar. Med þessum iordum er eckirtt kugilldi. Fæst eigi landskylld full af þeim, ef sa leggr eigi til kugillden sem stadinn helldur. [...].[478]

Um jörðina Grímstungu í Vatnsdalshreppi fremri segir svo í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* árið 1706:

> Afrjett á staðurinn, sem staðarhaldarinn ljær hvörjum er hann vill fyrir toll.[479]

Í kaflanum um jörðina Litlu-Giljá í Neðri Vatnsdalshreppi segir svo um Grímstunguheiði í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* árið 1713:

> Í tíð Guðmundar Hákonarsonar var upprekstur úr allri þessari sveit millum Gljúfrár og Giljár í Forsæludalsland, þar sem kallað er Dalsbót, nema af fáeinum bæjum í Fremra Vatnsdalshrepp, sem ráku á Grímstúnguheiði.[480]

Í vísitasíubók Steins biskups Jónssonar er eftirfarandi fært til bókar vegna vísitasíu að Grímstungukirkju þann 9. september 1725:

> Grims Tungur
>
> Anno 1725 þann 9 Septembris in ordinaria Visitatione VelEdla Hr. Biskupsens Magister Steins Jonssonar var älitenn og Upp Skrifud kyrkiann ad Grims Tungum, sem med Gude helgud er hinum H. Nicolao. Og er hun eins ä Sig komenn til Veggia, Vida og ornamenta sem hun var i Sjdustu Hr. Biskupsens Visitatiu 1715.
>
> [...]
>
> Kyrkiann ä Heimland allt Og Sunnhljd med, til Merkedælar, Saurteig i Saurbæarlande, veidar allar og afriett ad Helminge vid Þorhallastade, Sä er ä Stad bjr i grjmstungum skal Veita afriett ef hann vill, enn ei sä er Þorhallstade ä, So og ä hun effter Mäldógum 16 kugillde, og 60 alen i gielldfe, Item þessar Jarder Kot 20 hndr. og Kalfsdals Tungu 16 hndr.[481]

Afskrift máldaga kirkjunnar í Grímstungu eftir máldagabók Auðuns biskups 1398, ásamt lögfestum frá 10. maí 1726 og 16. júní 1779 voru lesnar upp fyrir manntalsþingsrétti 16. juní 1779:

> [...] Önnur logfesta fyrir Grimstungu Benificio
>
> Eg N.N. logfeste konunglegrar majest. Benificium Jordina Grímstungu liggandi í Ass þyngsókn innan Hunavatns syslu, at tilteknum þessum hennar vafalausum landamerkium. At Vestannverdu rædur á sú er Alftaskálará heiter, alt þar til Bríkarqvisl rennur frá sinnum upptökum. Enn ad austannverdu rædur Vatnsdalsá alt til sinna upptaka. Eirnig lögfeste eg Sundhlíd til Merkedældar, sem liggur fyrer austan

[478] Skjal nr. 2(306).
[479] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VIII. Húnavatnssýsla, bls. 284.
[480] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VIII. Húnavatnssýsla, bls. 269.
[481] Skjal nr. 2(159) a-b.

Vatnsdals á, og allar hálfar Lambatungur Vestan Brikarqvisl móts vid Haukagils menn, epter Grimstungu kirkiu máldögum. Lögfeste eg fyrnefndrar Jardar Tödur og Eingiar, holt og haga, Vötn og Veidestade og allar lands nytiar er því lande eiga at fylgia til ádur taldra ummerkia. Fyrerbíd eg hverium Manni her epter at brúka edur beita hrossum sínum, Vetur edur Sumar, edur í nockru sér ad nyta, hér nefnt land kirkiunnar í Grimstungu, nema mitt sé lof edur leife til. Enn þessarri lögfestu til frekari stadfestu –

Grimstungu þan 16 Junii 1779. (N.N.)

Upplesed fyrer manntalsþyngs Rettinum þann 16 Junii 1779

M. Gislason.[482]

Á manntalsþingi, höldnu að Ási í Vatnsdal þann 2. maí 1740, var opinberlega eftirspurt og þingsvitni tekin, um upprekstur og nýtingu á Grímstungnaafrétt. Af því tilefni var eftirfarandi fært til bókar:

Anno 1740 þann 2. May ad settu manntalsþingi ad Aase i Vatnsdal, voru effterskrifader menn til þingvitnis nefnder Jon Brandsson, Haldan Gudmundsson, Biorn Jonsson, Biorn Thomasson hreppstiorar, Þorarenn Ögmundsson, Jon Grimsson, Pall Halldorsson, Arne Þorvadsson, bændur i þessumm hrepp. Því nærst var upplesenn skrifleg begering Veleruverdugs Profastsens Sr Halls Olafssonar Stadarhalldara ad Grimstungumm hvar Jnne hann óskar Dóms og áliktunar um þad, hvorsu frammveigis fara skule umm Grimstungna afriett er kirkiunne þar tilheyre, hvörre til stadfestu hann frammlagde vidimeradar Copiur af gömlum kirkiunnar máldögumm, eirnenn vænest ad sú afriett hafe fra alldaödle brukud vered, af þessa hrepps Jnbiggiurum og fleirumm audrumm. En nu umm nockur ár af allmorgum forsomud. Var nu af syslumannenumm fyrer Riettenumm opennberlega epterspurt, 1° hvort samannkomner hrepps menn vissu nockra lögafriett, edur dæmda afriett þessumm hrepp tilheyra, sem sveitenne kynne þienanleg vera. Hvoriu þeir neitudu.

2° Hvort þeir vissu nockurt þad Landzpláts hier i námd, sem fyrer þenann hrepp kynne til afriettar þienanleg vera, enn Grimstungna heidj, og sogdust þeir ei þad vita.

3° Voru þeir eptir spurder hvad leinge Grimstungna afriett hefdj brukanleg vered? Hvar til þeir svorudu, sem hellst matte kunnugt umm vera, ad fra alldaödle, þad leingst menn til vita hafe sú afriett brukud vered, af Vatnsdals og Sveinsstada hreppa Jnnbiggiurumm, og fleirumm audrumm, allt þangad til rumt fyrer næstlidnumm tuttugu arumm, ad folk i Sveinsstada hrepp hafe aflagt þangad ad reka lömb sin. Enn þessar sveitar Jnnbúendur hafe sidann allt til þessa, samt þa afriett brukad, stundumm fleiri, stundumm færre, þo

[482] Skjal nr. 2(197) a-b.

umm nærst fyrerfarandi tuttugu ár, Jafnann færre enn adur þangad reked: Framar adspurder, hvor ordsok þar til vered hafe; Underrietta, ad illar fiarheimtur af heidenne hafe þvi vallded, er þeir meina sumpart orsakast hafe af þvi, ad fe gange af heidenne i aunnur hieröd, enn þo mestann part þar af, ad forsomad vered hafe Dyragren ad uppleita og vinna i afrettarlandenu. Hvors vegna, þar sem optnefnd Grimstungna afriett hefur so leinge ad nockru leite nidre leiged, er med Contract og samþicke Stadarhalldarans, og allra nálægra búenda i þessum hrepp sameigennlega undergeingest og stadfest ad presturenn lofar ad lata kostgiæfelega hreinsa afriettena nu i sumar, enn búendur aller lofa og undergangast ad reka lömb syn þangad og hallda uppi fiallskilum sem best og riettast verda kann, so umm þetta efne kunne þar epter frekare tilhlutan giörast, og kirkiann, samt hreppsins Jnnbúendur eckj sins riettar misse.[483]

Á manntalsþingi, höldnu á Sveinsstöðum þann 10. júní 1758, var dæmt og ályktað að Grímstunguheiði skuli hér eftir haldast fyrir lögafrétt fyrir alla í Vatnsdals- og Sveinsstaðahreppum og þeir skyldugir að reka lömb sín þangað. Eftirfarandi kom fram og var fært til bókar:

Anno 1758 þann 10 Juny ad settu manntalsþinge a Sveinstodum voru til þingvitnis nefnder Helge Arnason, Þorleifur Þorgrimsson, Magnus Þorgrimsson, Thomas Thomasson, Þordur Biarnason, Arngrimur Olafsson, Jon Sveinsson, Jon Thorsteinsson, var fyrertekid i Rettenumm ad rádslaga umm afrett og upprekstur fyrer Vatnsdals og Sveinstada hreppa sem nu i mörg ár hefur á ovissumm fótumm verid so hvör hefur giört þarumm effter sinne vild. Sumer rekid a imsar afretter nærre edur fiærre. Sumer geimt heima lömb sin, sumer rekid i annara heimalönd af hvöriu ósamhelde mörgum hefur skade hlotist. Voru nu til vidurmælis þessa hrepps Innbúendur eirnenn þrir hreppstiórar ur Vatnsdal hingad kallader uppa ádursagt efne. Og nálæger þingmenn sameiginnlega af Rettenumm adspurder og yferheyrder þarumm hvör afrett hentugust vera kunne fyrer þessar tvær sveiter sem liggia miög samann og ádur i gamla daga hafa eirn hreppur verid. Hvar til þeir svörudu ad þeir vissu aungva þennanlegre afrett enn Grimstunguheide hvör eirnenn til forna hafe almennilega brukud verid til upprekstra fyrer báda þessa hreppa. Hefur Ehruverdugur kennemann S^{ra} Eirikur Hallsson prestur til Grimstungu Beneficii hingad sendt innlegg nu fyrer Rettenumm upplesid hvar inne hann samþickur er ad Grimstunguland brukest fyrer afrett af þessumm hreppumm. Þar fyrer sosem naudsinlegt vyrdest og ómissande ad aller bændur hafe vissa afrett sem þeir kunne halda sig til, og þingmenn vita eckert annad land þenanlegra er hier med dæmt og áliktad ad Grimstunguheide skal hier effter haldast fyrer lögafrett fyrer alla Jnnbiggiara i Vatnsdals og Sveinstada hreppumm og þeir skilduger þángad lömb sin ad reka samt gialda fialltoll eitt lamb af rekstre efter almennumm landsvana samt haga so rekstrumm og

[483] Skjal nr. 2(105) a-b.

fiallgaungumm sem lög fyrermæla og hreppstiórar giöra ráð fyrer. Enn presturenn i Grimstungu sem afrettar bonde er skyldur ad láta giöra lögrett so stóra sem honumm med skinsamra manna ráde vyrdest þurfa til ad retta fed i a haustumm. Enn dilka giöre hvör fyrer sig sem naudsyn ber til.[484]

Afskrift máldaga kirkjunnar í Grímstungu eftir máldagabók Auðuns biskups 1398, ásamt lögfestum frá 10. maí 1726 og 16. júní 1779 voru lesnar upp fyrir manntalsþingsrétti 16. juní 1779:

[...]

Lögfesta sjra Halls Olafssonar

Þar fyrir logfeste eg Hallur prestur Olafsson Jordina alla Grimstungu, liggiande i Aashrepp, og siálfrar sinnar sinnar kirkiu sókn, ad tilteknum þessum hennar vafalausum landamerkium; Rædur ad vestannverdu Alftaskalará allt þar til Bríkarqvisl Rennur, og so lángt sudur sem greind Bríkarqvysl hefur sin Upptök. Enn ad austanverdu Rædur Vatnsdalsá Sudur a fiall til sinna Upptaka. Eirnin logfeste eg Sundhlyd til Merkedældar, sem liggur fyrer austan Watnsdals á, og allar halfar Lambatungur, vestan Brikarqvisl, móts vid Haukagils menn, epter Grimstungu kirkiu Maldögum.

Lögfeste eg fyrrnefndrar Jarder Tödur og Eingiar, holt og haga, vötn og veidestade, og allar lands nytiar er þvi lande eiga at fylgia, til ádur taldra ummerkia, fyrerbid eg hverium manni her epter at bruka edur beita hestum synum edur ödrum peningi, Vetur edur Sumar, eda i nockru ser at nyta, nema mitt sé lof edur leife til.

Enn þessarri minni lögfestu til meyri myndugheita skrifa eg mitt nafn hér under ad Grímstungu þann 10da Maii Anno 1726.

Hallur Olafsson

Önnur logfesta fyrir Grimstungu Benificio

Eg N.N. logfeste konunglegrar majest. Benificium Jordina Grímstungu liggandi í Ass þyngsókn innan Hunavatns syslu, at tilteknum þessum hennar vafalausum landamerkium. At Vestannverdu rædur á sú er Alftaskálará heiter, alt þar til Bríkarqvisl rennur frá sinnum upptökum. Enn ad austannverdu rædur Vatnsdalsá alt til sinna upptaka. Eirnig lögfeste eg Sundhlíd til Merkedældar, sem liggur fyrer austan Vatnsdals á, og allar hálfar Lambatungur Vestan Brikarqvisl móts vid Haukagils menn, epter Grimstungu kirkiu máldögum. Lögfeste eg fyrnefndrar Jardar Tödur og Eingiar, holt og haga, Vötn og Veidestade og allar lands nytiar er því lande eiga at fylgia til ádur taldra ummerkia.

[484] Skjal nr. 2(106) a-b.

Fyrerbíd eg hverium Manni her epter at brúka edur beita hrossum sínum, Vetur edur Sumar, edur í nockru sér ad nyta, hér nefnt land kirkiunnar í Grimstungu, nema mitt sé lof edur leife til. Enn þessarri lögfestu til frekari stadfestu –

Grimstungu þan 16 Junii 1779. (N.N.)

Upplesed fyrer manntalsþyngs Rettinum þann 16 Junii 1779

M. Gislason.[485]

Á manntalsþingi, höldnu að Ási í Vatnsdal þann 25. júní 1782, var ákveðið að bændur skyldu reka sauðfé sitt á þá dæmdu lögafrétt, Grímstunguheiði, en engan veginn til Haukagilsheiðar undir dómsrofssekt. Eftirfarandi var fært til bókar af þessu tilefni:

7° Var upplesed þad giörst hafde á Stadar, Torfustada og Þorkelshóls þyngum nu i ár umm hindran samgaungu saudfiárens vid Midfyrdinga yfer alla syssluna, og er þad sama Jnnbyggendum her under vidlagt straff tilsagt sier effterrettanlegt hallda. En so sem tiáest stór naudsyn fyrer velflesta bændur her ad reka til afrettar, skulu þeir reka sitt saudfe á þá dæmdu lög-afrett Grimstunguheyde, enn eingann veginn til Haukagils, under dómrofs sekt, og skal nuverande Stadarhalldare ad Grímstungu eiga þar á sök og sókn. Enn med þvj móte, má sá upprekstur ske í þetta sinn, ad þeir uppreka, skulu effter Reppstióra Tilsögn, tvisvar edur þrisvar á þessu sumre, rýda framm á heidina, til ad hindra saudfe vestur yfer þad Takmark gánga, hvar i þad reked verdur, sem skal vera þad, er betsta nátturleg gyrding álýtst effter Ráde Reppstióra og betstu vitund. Skal þetta gillda fyrer Aas og Sveinstada Reppa þetta sinn. Og þar eckert fleira fyrer fellur sluttast þesse þyngs act med sysslumannsens og tilkvaddra þyngvitna nöfnum.[486]

Á manntalsþingi, höldnu að Sveinsstöðum þann 6. maí 1790, var upplesinn dómur Bjarna Halldórssonar sýslumanns frá 10. júní 1758 um upprekstur á Grímstunguheiði, og staðfestur í öllum sínum atriðum (sjá inntak dómsins framar). Eftirfarandi var fært inn í dómabókina af þessu tilefni:

6. Var upplesenn Dómur syslumanns Bjarna Haldorssonar af 10da Junii 1758 um fiallupprekstur á Grimstungu heide sem nu var stadfestur i öllum sinum atridum og hreppsmenn tilskyldader effter honum ad lifa under vidliggjande sekter og Tiltal, utan hreppsmenn giete ödru vise samed vid nuverande Grimstungu Beneficiatum Profastenn S^{ra} Jon Jonsson. – Og þar ej flejra fyrer fiell, var þesse þingsact sluttadur med syslumannsens og utnefndra þingvitna nofnum, ut supra. [487]

[485] Skjal nr. 2(197) a-b.
[486] Skjal nr. 2(107) a-b.
[487] Skjal nr. 2(108) a-b.

Á manntalsþingi, höldnu að Ási þann 27. maí 1791, var upplesið bann prófasts séra Jóns Jónssonar að veiða eða taka álftarfjaðrir, egg eða eggversfugla á Grímstunguheiði og hálfum Lambatungum. Eftirfarandi var fært til bókar:

> 7. Upplesin [...] d. forbod profasts S[r] Jons Jonssonar ad veida eda taka alftar fiadrer, Egg, edur Eggvers fugla á Grim[s]tungu heide og hálfum Lambatungum, daterad þan 26[ta] maii 1791.[488]

Afrit af innihaldi ofangreinds banns prófastsins hljóðar svo:

> P.M.
>
> So sem þad er öllum vitanlegt, ad Grímstungu Prestakalle tilheyrer, allt þad gagn edur agode, sem hafast kann af Grímstunguheyde, asamt halfum Lambatúngum; þa banna eg hier med, hvörium manne, alla fugla tekiu i greindu Plátse, nefnelega þeirra sem reiknast kunna med Eggvers fuglum. Sierdeiles meinast álfter, þeirra ungar, Egg og fiadrer. Hafe nockur hönd a þessu, og vill sier Jnytia, an míns leyfes og vitundar; hvört heldur þad skedur af forsettu, edur af hendingu i ferd eda fiárgaungum a haust, þa má sa buast vid ad mæta Tiltale, under þær hördustu Sekter, sem log leyfa. Til merkes ad Grímstungu d. 26. Maji 1791.
>
> Jon Jonsson
>
> Upplesed fyrer manntalsþings Riette ad Ase i Vatnsdal þann 27[da] Maii 1791, vitna
>
> Jsl. Einarsson
>
> Jon Oddsson Þorleifur Þorleifsson.[489]

Á manntalsþingi, höldnu að Breiðabólstað í Vatnsdal þann 2. júní 1797, var klagað yfir gerðri skikkan um hrossarekstur undir Víðidalsfjall og öllum Sveinsstaðarhreppsmönnum skipað að reka lömb sín þá um sumarið á Grímstunguheiði. Klagan hljóðar svo:

> 11° Er klagad yfer ad her giördre skickan næstl. ar um hrossarekstur ur sveitenne under Videdalsfiall hafe ei vered effter lifad utan af Þingeyra klausturs heimabuendum og prestenum á Steinnese. Item klaga Midhops og Grafar ábuendur yfer ad lömben gange ur afrettenne, er aldrei hafe vered brukud ne se hæfeleg til lambagaungu, og giöre atrodning heima á sinu lande og jafnvel túnum og Eingium. Var þvi öllum Sveinstada hrepps mönnum skipad ad reka lömb sin nu í sumar fram ~~til~~ Grimstungu heide sem er þessara beggia hreppa lögafrett, enn geldfe eldra ma vera under nefndu fialle sosem var hagvant, þratt fyrer forbod Midhops og Grafar manna sem ecke ~~geta~~ hafa helgad ser nefnt afrettar land under Videdalsfialle, enn margar Jarder eda flestar i Sveinstada hrepp f(yrir) vestan Vatnsdalsá geta sannad sig eiga þar selstödur, einkum Þingeyra kl(austurs) Jarder med þeirre kongl. Jarda bok.

[488] Skjal nr. A6b.25a-c. 27. maí 1791. Hún. V.10. 1788-1796, bls. 86-88.
[489] Skjal nr. 2(148).

> Lika endurniast i fyrra giörd skickan ad aller i Nedre Vatnsdal f(yrer) vestan Qvisler reke ~~hross~~ öll ~~sin~~ onaudsinleg og otamen hross under fialled; enn Midhops, Grafar og Holabaks abuendur varne hrossunum heim ~~og~~ ur afrettenne og uppbere þar fyrer 16 s. af þeim sem reka eiga.[490]

Í vísitasíu í Grímstungur, í nóvember árið 1799, kemur fram, að kirkjan haldi þá á öllum sínum fornu réttindum á Grímstunguheiði. Þar segir:

> Kyrkiann beheldur öllum sínum Rettugheitum bæde á Grimstungu heide og nær epter framannskrifudu, hvar uppá hlióda hennar Máldagar Vitnesburder og Logfestur sem finnast her ad framann innfærder i Kyrkiustólnum.[491]

Í prófastsvísitasíu að kirkjunni í Grímstungu, þann 22. nóvember 1803, kemur fram að not af Grímstunguheiði taki mjög að þverra, sökum fjárfellis og hallæra síðustu tvö sumur, og ekki heldur varð slægur til eggja, fjaðra eða silungsveiði á sama tíma.[492]

Í jarðamatinu 1804 kemur fram að ábúandi jarðarinnar Grímstungu í Breiðabólsstaðarhreppi fái árlega greidda 10 ríkisdali fyrir sumarbeit utanaðkomandi búfjár í landi jarðarinnar. Þar segir:

> For fremmede kreaturers Indtagelse paa græsgang om Sommeren betales opsiddere 10rd. [493]

Með skjali dagsettu þann 28. maí 1810 lögfesti séra Sigvaldi Snæbjörnsson alla jörðina Grímstungu, sem og allar hálfar Lambatungur móts við Haukagilsmenn. Einnig Torfustaðaland og Sunnuhlíð alla. Landamerkja er getið. Þetta var lesið upp fyrir manntalsþingrétti að Breiðabólsstað tveimur dögum síðar og hljóðar svo:

> Jeg underskrifadur, Lögfesti hér med Jordina alla Grímstungu (sem er Benificium) liggande [í] Breidabólstadar þyngsókn i Vatnsdal, og siálfrar sinnar kyrkju sókn; ad tilteknum þessum hennar vafalausum Landamerkium. Rædur ad vestann verdu Alftaskálará, alt þar til Brikar kvísl i hana rennur, sidann rædur nefnd Brikarkvisl til sinna upptaka, svo til sudurs, eptir þvi sem Vötn ad draga; og so allar hálfar Lambatungur móts vid Haukagils menn. Enn ad austann verdu rædur Vatnsdalsá, alt frá Altaskálarár fornum farveg, sem liggur fyrer nordann Réttarhólmann, alt til sinna upptaka, og so til sudurs beinleidis til Jökla.
>
> Einnig lögfesti eg Torvustada land, sem nú er Kot kallad fyrer austann Vatnsdals á og Sunnhlíd alla ofann til Merkidældar, sem liggur framannverdt vid svokallad Tungu Klif og uppá hálsinn eptir þvi sem Vötn ad draga á þá sidu. Lögfesti eg tédrar Grímstungu, Tún og Eingi, Holt og Haga, Vötn og Veydistadi og allar lands nitiar er því lande eiga ad fylgia til ummerkia þeirra

[490] Skjal nr. 2(109)b a-b
[491] Skjal nr. 2(130) a-b.
[492] Skjal nr. 2(131) a-b.
[493] Skjal nr. 2(74).

er adrir menn eiga á móti mér. Lögfesti eg bæde ad ordfullu og Lögmáli réttu, fyrirbiódandi hverjum manni ad yrkia beita edur brúka ellegar ser i nockru nytia, utann mitt sé lof edur leifi til innann greindra Takmarka, undir vidliggiande Laga Sektir.

Til stadfestu er mitt underskrifad nafn, og hiá þrikt signet.

Grimstungu þann 28da Maii 1810.

Sigvalldi Snæbiörnsson

prestur sama stadar

L.S.

Lesid fyrir manntalsþingsretti ad Breidabólstad þann 30ta Maii 1810 –

test. S.Snorrason.[494]

Þann 13. júní 1818 var haldinn lögregluréttur um upprekstur og fjallgöngur Torfalækjar-, Svínavatns-, Ass- og Sveinsstaðahreppa. Bæjum var úthlutaður afréttur til upprekstrar svo rekstur yrði sem skemmstur. Ákvörðunin var lesin upp á manntalsþingi að Tindum þann 30. maí 1836:

Politie Rettar Atest

Um 3 heidarlondinn

Af 1818 – Lit A

Árid 1818 þann 13. Junii hiellt Sysslumadur Jón Jónsson einn Politie Rétt á Beinakelldu, med underskrifudum Logteknum Vitnum, til ad giora eptir begiering ályktun um Upprekstur og Fiallgaungur fyri Torfalækiar-Svínavatns-Ass- og Sveinsstada Hreppa. Voru hier til stadar Hlutadeigendur til þeirra Heida og Fiall Landa, sem upp frá Hreppunum liggia, ásamt med Hreppstiórunum i nefndum Hreppum. Frammlagdi svo presturin Sira Jón Jónsson Hierads Þíngsdóm af 9. Junii 1758, ad Audkulustadar Heidi skuli þiena fyrir Log Afriett Svínavatns- og Torfalækiar-Hreppa Jnnbyggiurum, hver Alyktan á, sem óhnekkt, vid Makt ad standa, Þad er ad sonnu uppastadid af nokkrum Torfalækiar Hrepps Jnnbúum, ad þeir megi reka fie sitt á Saudadal, enn af Egendum þessa dals lagt i Réttarins valld, ad álykta þarum, eptir því sem hann finnur Almenníngi hentugast. Nú vyrdist þad ad ef einn eda fleiri fengiu eda tækiu sier Leyfi þar til, þá mundu Lángtum fleiri, helst af Nábúum i nærliggiandi Hreppum, breyta eptir þeim, og orsaka þannig stóra Óreglu; Þessvegna ályktar Rétturinn: Ad nefndur Saudadalur egi einganvegin ad brúkast fyrir gelldfiár Log-Afriett.

Þad er Hlutadegenda Vilie, ad hver Lietti undir med ödrum, med Upprekstur og Fiallskil, enn nú ályktad eptir sameginlegu Undirlagi, ad frá eptirskrifudum bæum skuli rekast á þessi Pláts: Nefnilega: Grímstunguheidi:

[494] Skjal nr. 2(198) a-b.

1. Grímstunga, 2. Kot, 3. Haukagil, 4. Saurbær, 5. As, 6. Brúsastadir, 7. Undirfell, 8. Kornsá, 9. Gilsstadir, 10. Flaga, 11. Helgavatn, 12. Hniúkur, 13. Breidabólstadir, 14. Midhús, 15. Umsvalir, 16. Hólabak, 17. Hólar, 18. Sveinsstadir, 19. Hagi, 20. Steinnes, 21. Leysíngiastadir, 22. Geirastadir, 23. Mardarnúpur, 24. Gilá, 25. Hiallaland, 26. Grundarkot, 27. Márbut, 28. Hnausar, 29. Øxl, 30. Brekkukot, 31. Brekka.

[...]

Þetta Hlutadegendum til hægdar, svo ad sem skemst verdi leidin. Þeir af Hlutadegendum sem ega 1[c] [hundrað] Fiar ad Lömbum medtoldum i afriett, skyldast til ad lata til 2 Menn i gaungur. Annars ega Hreppstiorar ad rádstafa Fiallgaungum eins sem odru ad fiallskilum Lútandi og hinir ad Hlýdnast þeirra skipunum, undir vidliggiandi Sektir. Þad er siálfsogd Skylda þeirra, sem ega eda Umrad hafa yfir Afréttunum, ad Hreinsa edur Láta Hreinsa þær vel og trúlega. Vitanlegt er, ad Sekt mót Hreppstióranna Logmætum Skipunum er hálf Mork, eda 1[rd] Sp: ad af ádurtoldum bæum verdi árlega tekin nægilegur fólks fioldi til ad Leita Saudadalin, skal vera undir Hlutadegandi Hreppstióra Rádstöfun, eptir ásigkomulagi, nú og sidar.

Actum ut supra

J. Jónsson

Jón Ólafsson, Sigurdur Þórarinsson

Rétt eptir Húnavatns Sýsslu Justitz Protocol, test[r] J. Jónsson

Til

Hreppstiorans Sgr. O. Biornssonar á Beinakelldu, Sgr. Þorleifs Þorkelss. á Stóradal, Prests Síra Jóns Jónssonar á Audkúlu, Prests Síra Sigvallda Snæb:s: á Grímstúngu, Hreppst: Sgr. Jóns Jónss: á Hvammi, og H[ra] Administr. B. Olsen.

Lesed fyrer manntalsþíngs Rette á Tindum þann 30[ta] Maii 1836, og þínglysingin borgud med 36[s], skrifa Þrjátíu og sex Ríkisbánka skildingum Sijlfurs.

Blondahl.[495]

Varðveitt er sameiginleg lögfesta fyrir Auðkúluheiði, Þórormstungu- og Forsæludalsland, Grímstungu- og Haukagilsheiði. Lögfestan er dagsett 16. júní 1820 og er hún svohljóðandi:

Hiermed lögfestum vid undirskrifadir eptirskrifud, i okkar sumpart umsión, sumpart Eigu verandi fiall-lönd, nefnil: Audkúluheidi, Þórormstungu og Forsæludalsland, Grímstungu og Haukagilsheidarlönd, einkum i tilliti til grasatekiu, og þaraf rísandi ýmislegs órádvands umgángs – Og fyrirbiódum hiermed einum og sierhverium grasatekt i tiedum löndum, nema leitad sie

[495] Skjal nr. 2(187) a-b.

þarum leyfis til okkar, hvers fyrir sitt land, og finni sig í ad giallda, þann med Dómi af 23. Junii 1810, áqvedna grasa og beitartoll. Hid sama er okkar forbod á um hrísrif. – Mega allir þeir, sem i leyfisleysi ydka grasatekt eda hrísrif móti forbodi þessu i greindum löndum, vidbúast ad mæta tiltali til Lagasekta eptir málavöxtum; enn herra sýslumadur J. Jónsson umbidst þénustuskylldugast ad upplesa þetta forbod, fyrir nú nærst halldandi Breidabólsstadar, Tinda, Vindhælis, Engihlídar og Bólstadahlídar manntalsþings Rétttum.

Þórormstungu, þann 16. Junii 1820.

Jón Jónsson Sigvalldi Snæbiörnsson

L.S. *L.S.*

Uppá eiginn og Eckjunnar Gudrunar Þorarinsdottir vegna

Biarni Steindorsson

L.S.

Lesed fyrir manntalsþings Rétte á Breidabólstad þann 22. Jun. 1820.

J.Jónsson

Dito á Tindum þ. 26. Juni 1820.

J.Jónsson

Dito á Bólstadarhlid þ. 28. Jun. 1820.

Dito á Eingihlid þ. 30. Juni 1820. J.Jónsson

V. BechEiríkur Helgason

Jon Arnason

Upplesid á mantals þings Rietti á Vindhæli þann 3ia Julj 1820 vitna i forfollum hra sislumanns Jonssonar David Gudmundsson

Arne Olafsson Hannes Jonsson.[496]

Þann 17. ágúst 1833 vísiteraði Steingrímur biskup Grímstungur. Af því tilefni var eftirfarandi fært til bókar:

Grimstúngur i Vatnsdal

Anno 1833 þ: 17 Augusti visiteradi biskupinn Steingrimur Jonsson R. af D. kirkiuna ad Grimstungum i Vatnsdal, hún á eptir Máldögum alt Heimaland og Torfastadi og Sundhlid ofan til Merkidælar og Káldalstúngu [strikað yfir fs, í Kálfs; dals, ofan línu] er hr. Jón ábóti ad Þingeyrum seldi Sr Þorsteini Illhugasyni kirkiunnar vegna í Grímstúngum, fyrir greinda Jörd Káldalstúngu [strikað yfir fs, í Kálfs; dals, ofan línu], med öllum gögnum og giædum er henni hefr fylgt ad fornu og nyu, her í mót seldi Sr Þorsteinn Grafarland gamla kirkiu Eign i Grimstúngum; samþykkt stödugt og óbrygdilega þessi hvörutveggi Jardakaup Stadanna vegna Vyrdulegr hr biskup Olafur ad

[496] Skjal nr. 2(150) a-b.

> Hólum, Saurteig i Saurbæarlandi, Þórhallastadi og Veidar allar. – Afrett er Þórhallstödum hafa fylgt, hálfar Lambatúngur vid Haukagil, Selland sudur a fialli – Gengid hefur dómur um Grimstungna Afrett á Sveinstada þingi þ. 10 Junii 1758 sem innfærdr finnst i Kirkiubókina, og hvörs Ályktunarord eru þessi: Grimstunguheidi skal hereptir haldast fyrir Lögafrett fyrir alla Innbyggiara i Vatnsdal og Sveinsstada Reppum, og þeir skyldugir þángad Lömb sin ad reka, samt gialda fialltoll eitt Lamb af Rekstri eptir almennum Landsvana; samt haga svo Rekstrum og Fiallgaungum, sem lög fyrirmæla og Reppstiórar giöra Rád fyrir enn Presturinn i Grimstúngu sem afrettarbóndi er skyldur ad láta giöra Lögrett so stóra sem hönum med skynsamra manna Rádi vyrdist þurfa til ad Reka feit á haustum; enn dilka giöri hver fyrir sig sem naudsyn ber til.[497]

Í vísitasíu að kirkjunni í Grímstungu, þann 5. desember 1836, kemur eftirfarandi fram:

> Grímstúnga
>
> Arid 1836, þann 5ta Dec: visiteradi Prófastur i Húnavatns Sysslu Jón Petursson Kyrkjuna á Grímstungu. Hún á eptir máldögum allt Heima land, og Torfustadi (20 hndr.) og Sundhlíd, ofann til merkidæla, og Kalfdalstúngu (16 hndr.) er herra Jón ábóti ad Þíngeyrum seldi síra Þorsteini Illugasyni Kyrkjunnar vegna i Grímstungum fyrirgreinda Jord Kálfdalstúngu med öllumm gögnumm og giædum, er henni hefur fylgt ad fornu og nyu. Her i mót seldi Síra Þorsteinn Grafar Land gamla Kyrkjueign i Grímstúngum; samþickti stödugt og óbrygdilega þessi hvörutveggi Jardarkaup Stadanna vegna vyrdulegur herra Biskup Ólafur ad Hólum. Saurteig i Saurbæarlandi, Þórhallastadi, og veidar allar, afrett er ÞórHallastodum hefur fylgt; Hálfar Lambatúngur vid Haukagil. Selland Sudur á Fjalli – geingid hefur Dómur um Grímstúngna afrétt á Sveinsstada Þíngi þann 10da Jún. 1758, sem innfærdur finst i Kyrkjubókina, og hvörs álýktunar ord eru þessi: Grímstúngu Heidi skal héreptir haldast fyrir Lögafrett fyrir alla Innbyggara i Vatnsdal og Sveinstada Reppum, og þeir skyldugir þángad lömb sín ad reka, samt gialda Fialltoll, eitt Lamb af Rekstri, eptir almennum Landsvana, samt haga svo Rekstrum og Fiallgaungum, sem Lög fyrirmæla og Reppstiórar giöra rád fyrir. Enn Presturinn i Grímstúngum, sem afrettarbóndi, er skildur ad láta giöra Lögrétt, svo stóra sem hönum med skinsamra manna Rádi virdist þurfa, til ad reka Féd i á Haustum; enn Dilka giöri hvör fyrir sig, sem naudsyn ber til.[498]

Á manntalsþingi, höldnu á Stóru-Borg þann 6. maí 1839, var lesið bann móti heimildarlausri grasatöku og eggjanámi á Grímstunguheiði. Inntak bannsins sjálfs var ekki fært til bókar en fyrir því var gerð eftirfarandi grein í dómabók sýslunnar:

[497] Skjal nr. 2(160) a-b.
[498] Skjal nr. 2(133) a-b.

8. Lesid forbod prests Sira Sig. Snæbjarnarsonar, hr. studiosues J. Thorarensens, hreppstiora J. Skulasonar og forlíkunar Commissarii J. Jonsson moti heimildarlausri grasatoku og Eggjanámi[499] á Grímstungu, Vididalstungu, Kornsar og Haukagils heidum, dat. 18da april þ. a.[500]

Í sóknarlýsingu Þingeyrasóknar, frá árinu 1840, sem samin var af séra Jóni Péturssyni, kemur eftirfarandi fram í kafla um afréttir:

32. Afréttir. Allir bændur í þessari sókn reka geldfé á Þórormstungu, Grímstungna- og Haukagils-heiðar. Fáeinir á Víðidalstunguheiði.[501]

Í sóknarlýsingu Grímstungukirkjusóknar, frá árinu 1844, sem samin var af séra Sigvalda Snæbjarnarsyni, kemur eftirfarandi fram í kafla um afréttir:

32. Afréttir. Grímstunguheiði og svokallaðar Dalsqvíslar [þ.e. Forsæludalslvíslar] ásamt Haukagilsheiði. Engir almenningar. Upprekstur fjár á þessar heiðar er fyrir Áss- og Sveinsstaðahreppa. Réttað féð í Grímstungurétt, þá 22. vikur eru af sumri.[502]

Í Jarðatali Johnsens frá árinu 1847 segir svo um Grímstungu:

Grímstúngur, [...] Jörðin hefir landrými til fjalls og landkosti þar í betra lagi. Eptir dómi 10. Júní 1758 á staðurinn lamba-upprekstur til fjalls, og gjaldast presti árlega 20 fjallatollar, sem eru jafnmörg lömb.[503]

Í kafla um Grímstungu í jarðamatinu frá 1849 segir svo um Grímstunguheiði:

Jörðinni fylgir stórt afrjettarland, kallað Grímstunguheiði, sem nær suður og fram að Sandi og hefur afrjettina Dalskvíslar fyrir austan sig en Haukagilsheiði að vestan, og er grösugt land á millum, en hrjóstugt með pörtum; mezt það sjer í lagi 270 rbd., en öll jörðin með því, sameginlega metin: tólf hundruð og sextíu ríkisbankadali.[504]

Um Grímstunguheiði segir svo í kafla um Grímstungu í jarðamatinu 1849:

Jörðinni fylgir stórt afrjettarland, kallað Grímstunguheiði, sem nær suður og fram að Sandi og hefur afrjettina Dalskvíslar fyrir austan sig en Haukagilsheiði að vestan, og er grösugt land á millum, en hrjóstugt með pörtum; mezt það sjer í lagi 270 rbd., en öll jörðin með því, sameginlega metin: tólf hundruð og sextíu ríkisbankadali.[505]

Á manntalsþingi, höldnu að Miðhúsum þann 6. maí 1850, var lesin friðlýsing fyrir ágangi af stóði í Dalskvíslum, Kornsárlandi, Víðidalsfjalli, Grímstungna- og

[499] *og Eggjanámi*, ofan línu.
[500] Skjal nr. 2(210) a-b.
[501] *Sýslu- og sóknalýsingar Húnavatnssýslu 1839-1873* I, (1950), bls. 67.
[502] *Sýslu- og sóknalýsingar Húnavatnssýslu 1839-1873* I, (1950), bls. 74.
[503] Skjal nr. 4(60).
[504] Skjal nr. 2(75).
[505] Skjal nr. 2(75).

Haukagilsheiðum. Inntaks er ekki getið en eftirfarandi færslu í dómabók sýslunnar er til merkis um friðlýsinguna:

> 10. Lesin friðlýsíng fyrir ágangi af stóði í Dalskvíslum, Kornsárlandi, Víðidalsfjalli, Grímstungna- og Haukagilsheiðum. Þínglýsing 36^{S} bet.[506]

Friðlýsingin er frá 6. maí 1850, og greinir frá leyfislausum ágangi og upprekstri hrossa í Dalskvíslir, Kornsárland og Víðidalsfjall í stað Grímstungna- og Haukagilsheiðar. Friðlýst var fyrir óheimilum ágangi hrossa en rekstur var heimilaður gegn sanngjörnu eftirgjaldi. Þessu var þinglýst á manntalsþingi að Miðhúsum tvívegis þetta sama ár. Inntak friðlýsingarinnar hljóðar svo:

> Afskrift
>
> Þad hlytur ad vera herstöddum þyngheimi fullkunnugt ad því meir, sem ótaminn Hross fiolga og annar peningur Eijkst, þess meire landusla giorir þetta Stód, og vegna þess ad aungri Reglu er fylgt med ad reka þad til afrétta á vorin, edur ad koma því fijrer hiá þeim sem eiga edur til um ráda hafa afretter og Vídlend Heimalond, ordsakast her af hinn meste ojofnudur og yfergángur, þar ed stod opt þyrpist i einstok lond og búfiarhaga til mesta Skada, sem er því tilfinnannlegri fyrer þá er lond Þesse eiga edur hafa til umráda, sem flester ein grid borga og einkum meta þennan usla, sem er hid fliotasta medal til ad eideleggia þaug pláss, sem mest fyrer þessu verda. Þar vid underskrifader i fleijre og færre ár hofum sætt mesta ágange af stóde annara fyrer sárlitlar þacker, enn þó enn minne borgun, knyr þad oss til ad fyrerbióda einum og sérhvorjum, ad reka edur láta Stód sitt i leyfisleise i Dalsqvísler, Kornsárland, Vídidalsfiall frá Rófuskardi í stad Bruna á Grimstungna- og Haukagilsheidar. Þeir sem hér á móte brióta kénne sialfum sér þann halla, er þeir kynnu þar af ad hafa, því vér mundum verda samtaka i ad tedri óreglu, ójöfnude og yfergánge verde afstyrt, og fridlísum því ádur nefndum londum til ytstu ummerkia fyrer ollum óheimiludum hrossa ágángje.
>
> Enn þared vér á hinn boginn siáum ad buendur géta ecke án mesta Tións fyrer sig og nágranna sina hafdt Stodhross sín heima ad Sumrum viljum vér tiá oss fúsa til ad ljena buendum i Áss og Sveinsstada Hreppum upprekstur i adur nefnd lond ockar móte sanngiornu Eftergialde, og hlióta þeir sem slíkt kynni ad gyrnast, ad halda ser til ockar þar um, annad hvort Strags hér á þyngenu edur fyrer næstu Fardaga, því vid munnum jafna nidur af hvad morgum bæjum hvor ockar meige hross taka: og oskum vid ad fá ad vita aldur, tolu og einkenne á þeim Hrossum er vid verdum bednir fyrer, so vid getum deylt þaug frá þeim i londum ockar, kynne ad finnast i því so nefnda Bessa leyfe.
>
> Fyrer manntals þyngs Rette ad Midhúsum, 6. maji 1850.
>
> B.M. Olsen
>
> B. Gudmundsson, Fr. Schram

[506] Skjal nr. 2(211) a-b.

Jon Eyriksson, J. Skulason

S. Snæbiornsson

Þynglyst ad Midhusum 12. Maji 1850.

Þínglising 36^{s}, bet.

A. Arnesen.[507]

Í úttekt prófasts að Undirfelli, þann 4. maí 1860, vegna prestaskipta kemur eftirfarandi fram:

> Eignir Grímstúngu kirkju eru, auk sjálfrar heimajardarinnar med tilheyrandi afréttarlandi og ödrum hlunnindum og ítökum, kirkjujardirnar Kot og Káradalstúngu,.[508]

Hjörleifur Einarsson fékk Undirfellsprestakall 15. maí 1876 en frá árinu 1849 hafði Grímstungusókn heyrt undir það. Þann 10. janúar 1877 skrifaði hann stiftsyfirvöldum um Grímstunguheiði. Þar greinir hann frá því að hann hafi ekki gert sér ljóst hversu stór hluti af tekjum prestakallsins væru fjalltollar af Grímstunguheiði. Hann komst fljótlega að því að talsverð óregla hafi verið á greiðslu þeirra en margir gjaldi eftir eigin geðþótta og aðrir haldi að þeir þurfi ekkert að borga. Hann kannaði því skjalasafn prestakallsins og fann dóm, frá 10. júní 1758, sem hann sendir stiftsyfirvöldum afrit af með bréfi sínu. Þetta er eina skjalið sem hann fann sem skýrir frá greiðslumáta fyrir notkun á heiðinni. Samkvæmt því voru:

> [...] allir bæir í Áss- og Sveinstaðahreppum dæmdir til upprekstur á Grímstunguheiði, og 1 lamb ákveðið af hverjum rekstri eptir almennum landsvana og virðist það vera einhver ákveðin fjártala sem lamb eigi að gjalda af, og hefur sú meining að styðjast við hæstarjettardóm í Víðidalstunguheiðarmálinu, þarsem bændur hafa orðið að greiða 1 lamb af hverjum 12-60 fjár sem rekið er til heiðar þannig að 2 lömb er goldin af 72-160. o.s.frv.[509]

Hjörleifur segir óljóst hvernig gjaldtöku hafi verið háttað eftir 1758 en einhver breyting hafi orðið á fyrirkomulaginu frá 1818. Því þann 13. júní 1818 féll dómur á Beinakeldu sem ákvað nákvæmlega upprekstur frá öllum bæjum í Ás-, Sveinsstaða-, Torfalækjar- og Svínavatnshreppum. Þar kemur fram að 13 bæir í Ás- og Sveinsstaðahreppi eigi að reka í Dalskvíslar, heiðarland frá Þórormstungu og Forsæludal, að austanverðu við Vatnsdal og liggja til Auðkúluheiðar. Hann segir að svo sé að sjá að þessi úrskurður sem ákveði ekkert um borgun fjalltolla hafi aðeins verið í gildi í nokkur ár. Því síðastliðin 30-40 ár hafi ekkert verið borgað eftir

[507] Skjal nr. 2(194) a-b.
[508] Skjal nr. 2(132) a-b.
[509] Skjal nr. 2(238) a-b.

Dalskvíslar nema það sem eigendur þeirra hafa getað fengið frá þessum fjórum hreppum í sameiningu eftir því sem hver hefur borið sig eftir.[510]

Hins vegar hafi séra Sigvaldi sálugi Snæbjarnarson, prestur í Grímstungu 1800−1848, að sögn gert samning við Jón sáluga Skúlason á Haukagili, sem eiganda Haukagilsheiðar, að hann tæki 10 fjallatolla fyrir sitt heiðarland og sú venja tíðkist enn. Hjörleifur hefur áhyggjur af því að hér sé ekki fast land undir fótum og hver sem er geti komið á því fyrirkomulagi sem honum sýnist. Af þessu leiðir að nú um stundir sé nokkur vafi á því hvort Grímstunguheiði gefi nokkuð af sér brauðinu til handa. Það sjáist best á því að séu 10 bæir Haukagilseigandans dregnir frá þá eru aðeins 30 bæir sem borga fyrir notkun á Grímstunguheiði. Eftir þeirri venju sem nú tíðkast ættu hver og einn að borga eitt lamb eða andvirði þess sem þýðir 120 kr. fyrir 30 fjallatolla. Frá því dregst andvirði 15 fjallatolla, eða 60 kr., sem greidd er Grímstunguábúanda fyrir refavinnslu og hreinsun heiðarinnar. Þá dragast 8 fjallatollar, eða 32 kr., frá vegna átroðnings við réttina sem er í Undirfellsengjum. Þetta leiðir til þess að eftir standa einungis 7 fjallatollar, eða 28 kr., sem hreinar tekjur af heiðinni sem dugi tæpast fyrir vanhöldum. Hann segist því ekki sjá betur en að þessi tekjulind prestakallsins sé að mestu leyti eyðilögð.[511]

Hjörleifur segir að hann líti á það sem skyldu sína, samkvæmt embættisbréfi sínu, að greina stiftsyfirvöldum frá þessu og leggur eftirfarandi spurningar fyrir þau:

> 1. Hvort dómurinn frá 1758 muni vera enn gildandi lög fyrir upprekstur og afgjald af Grímstunguafrjett, og þá hvernig muni eiga að skilja orðin: rekstur eptir almennum landsvana.
>
> 2. Hvort samningur sá, sem síra Sigvaldi hefur gjört í sinni tíð við eigandann að Haukagilsheiðarlandi, eða venja sú, sem á hefur verið síðan með þann frádrátt frá tekjum brauðsins, geti verið lögleg eða gildandi fyrir prestakallið.
>
> 3. Þar um það er ekki talið með skyldum Grímstunguheiðar umráðanda í greindum dómi að hreinsa eða vinna refi á afrjettinni, hvort sú venja, sem nú er um það, muni hafa nokkuð löglegt við að styðjast og það því síður sem Víðidalstunguheiðareigandi hefur nýlega verið dæmdur frí við að hreinsa afrjett sína.[512]

Hann nefnir einnig að nú standi yfir hjá sýslunefnd Húnavatnssýslu vinna við að semja ákveðnar reglur um refavinnslu á afréttarlöndum. En þar sem flest bendi til að samkvæmt þeim reglum þá muni ekki eftir miklu að slægjast og að umráðendur heiðarinnar muni ekki sjá hag í slíku umboði. Með bréfinu fylgja 19. og 20. grein þessara reglna.[513]

[510] Skjal nr. 2(238) a-b.
[511] Skjal nr. 2(238) a-b.
[512] Skjal nr. 2(238) a-b.
[513] Skjal nr. 2(238) a-b.

Hjörleifur segir það nauðsynlegt að hið opinbera hlutist til um að koma reglu og föstu skipulagi á afnot heiðarlandsins brauðsins vegna. Hann segist sannfærður um að afnotin á heiðinni ættu að vera mun meiri en þau eru. Hins vegar muni breytingar á greiðslumáta tæpast hægt að koma á nema með lögsókn sem setti prestinn í óþægilega stöðu því þá yrði hann að höfða mál gegn sóknarbörnum sínum. Hjörleifur spyr því stiftsyfirvöld hvort nokkuð sé því til fyrirstöðu að bjóða hlutaðeigandi hreppum heiðarlandið til leigu með skuldbindandi árlegu eftirgjaldi sem yrði þá vissar tekjur fyrir brauðið.[514]

Stiftsyfirvöld brugðust við fyrirspurn séra Hjörleifs með því að fá umsögn Eiríks Briem setts prófast í Húnavatnsprófastsdæmi og skrifar hann þeim 27. febrúar 1877. Prófastur svaraði þrem spurningum séra Hjörleifs þannig:

> ad.1. Með því að dómurinn frá 1758 mun vera löglega til orðinn, og honum hefur mjer vitanlega aldrei verið breytt, þá get jeg eigi annað skilið, en að hann sje í fullu gildi; þetta mun og vera almennt viðurkennt; en viðvíkjandi þýðingunni á orðinu rekstur þá sje jeg mjer eigi fært að leysa úr því, en næst daglegu tali manna virðist það fara, að með því sje meint „fje það, er hver búandi rekur til afrjettar“, og styðst sú skoðun einnig við það, að í dómi um upprekstur á Kúluheiði frá sama tíma, og eptir sama mann, er fjallatollurinn að sögn hlutaðeigandi prests tiltekin lamb af hverjum bónda, og samkvæmt þessu er fjallatollurinn einnig almennt goldinn í sveitum þessum. Aptur á móti hef jeg heyrt sagt, að í skjölum Víðidalstungu kirkju sje tiltekið, að rekstur sje 60, en hvort með því er meint, að eigi sje færra fje en 60 rekstur, eða hitt, að rekstur sjeu hverjar 60 kindur, það veit jeg eigi; hinni síðari skoðun fylgdi Páll heitinn Vídalín fram að sögn eptir dómi þeim er síðar getur [að-getur, ofan línu], og urðu Víðdælingar að hlíta því hin síðari ár hans. Heyrt hef jeg ennfremur, að fyrrum hafi nokkrir efnamenn goldið prestinum í Grímstungu í rjettum í stað fjallatolls veturgamla kind eða sauð, en svo hefur mjer jafnframt verið sagt, að það hafi átt að vera í notum þess, að bæði þeir sjálfir og menn þeirra gistu hjá honum og nutu ýmsra góðgjörða.
>
> ad. 2 Þareð umræddur samningur aldrei mun hafa verið staðfestur af stiptsyfirvöldunum, þá get jeg eigi sjeð, að hann sje bindandi fyrir hinn núverandi prest að Undirfelli. En jafnframt leyfi jeg mjer að taka það fram, að Haukagilsheiði liggur fram fyrir vestan Álptarskálará suður að Sandi, og gengur afréttarpeningur eigi síður á henni en á Grímstunguheiði; fengi nú eigandi Haukagilsheiðar enga þóknun fyrir afnot hennar, þá mundi það án efa valda miklum deilum, er gæti haft ísjárverðar afleiðingar fyrir Undirfells prestkall. Að minni meiningu hafa sýslunefndirnar nú með sveitarstjórnarlögunum fengið vald til að breyta fornum upprekstarreglum, er óeðlilegar og óheppilegar þæktu, og gæti þetta því heldur komið hjer til greina sem Grímstunguheiði ein mundi að öllum líkindum verða álitin allt of lítil afrjett fyrir fje það, sem nú er til í Þingi og Vatnsdal.

[514] Skjal nr. 2(238) a-b.

> ad. 3. Um þetta efni hefur verið mikill ágreiningur milli bænda og heiðareiganda, og út af því reis mál það viðvíkjandi upprekstri á Víðidalstunguheiði, er presturinn drepur á; það mál mun hafa verið dæmt í landsyfirrjetti um 1858, en síðan komið fyrir hæstarjett. Dóm þennan hef jeg eigi sjeð, en Páll heitinn Vídalín byggði á honum þá skoðun, að sjer bæri eigi annað en að leita grenja á afrjettinni, svo sem í heimalandi, en að sveitin ætti að kosta grenjavinnsluna. En þótt þessi skoðun virðist mjög eðlileg, þá er það þó gömul venja, að heiðareigendur hafa hjer í sýslu, að minnsta kosti á Kúluheiði og Grímstunguheiði, kostað grenjavinnsluna. Til að sýna, hvað almenningur vill heimta af heiðareigendum hjer í sýslu í þessu tilliti, leyfi jeg mjer að leggja hjermeð útdrátt úr frumvarpi til reglugjörðar um ráðstafanir til að eyða refum í Húnavatnssýslu; frumvarp þetta er ætlast til að samþykkt verði 17. apríl þ.á.; ef það virtist fært að losa heiðareigendur að meiru eða minna leyti við kvaðir þær, sem þeim eru þar ætlaðar, þá væri það mikilsvert fyrir eigi aðeins Undirfells, heldur og Auðkúlu, Staðarbakka og Breiðabólstaðar prestaköll.[515]

Eiríkur prófastur segir að vissulega séu lítil not af Grímstunguheiði sem stendur og í brauðamatinu 1853 og 1868 séu engin not talin. Þá finnst honum að leiguliðinn í Grímstungu fá óþarflega mikið borgað fyrir grenjavinnsluna á heiðinni og að eigandi Haukagilsheiðar mundi líkast til sætta sig við færri fjallatolla ef á yrði látið reyna. Hann segir að átroðningur af réttinni stafi af vanhugsun þess prests sem leyfði að hún yrði færð ofan í Undirfellsengjar. Þar hafi stunga reynst mjög illa og réttin sé að falli komin en vilji virðist vera fyrir því að færa hana aftur fram í Grímstungueyrar. Prófastur minnir á að sú kvöð, sem getið er í upprekstrardóminum, að byggja réttina hafi úrelst og heiðareigandi sé aðeins talinn ábyrgur fyrir að leggja til réttarstæði.[516]

Loks telur hann æskilegt að leigja heiðina, eins og séra Hjörleifur hafði óskað eftir, ef það yrði tryggt að prestakallið missti ekkert við það. Hann sjái ekkert því til fyrirstöðu að presturinn semdi um slíka leigu en slíkur samningur yrði að fá æðra samþykki ef hann ætti að hafa einhverja varanlega þýðingu.[517]

Þann 12. júní 1877 skrifuðu fjórir menn, fyrir hönd Ás- og Sveinsstaðahrepps, séra Hjörleifi Einarssyni á Undirfelli. Í bréfinu kemur fram að á almennum fundum í nefndum hreppum hafi verið ákveðið að fara þess á leit við hann að fá Grímstunguheiði keypta svo að sveitafélögin megi framvegis hafa frjálsa notkun hennar bæði fyrir afréttarpening og til annarra afnota. Þeir séu tilbúnir að bjóða 2000 kr. án réttarstæðis því þeir hafi fengið loforð fyrir því hjá öðrum enda er hvorki hentugt að hafa það í landi Grímstungu né Undirfells. Fyrirhugaður greiðslumáti og landamerki eru tilgreind með eftirfarandi hætti:

[515] Skjal nr. 2(240) a-b.
[516] Skjal nr. 2(240) a-b.
[517] Skjal nr. 2(240) a-b.

> Svo lengi borgun fyrir nefnda heiði ekki er greidd, stendur andvyrði hennar í ábyrgð nefndra hreppa með 4% vöxtum um ár hvert. Þó viljum vjer mega borga heiðina smátt og smátt eða í termínum, og fjellu þá vextirnir að því skapi. -
>
> Merki milli heimalands í Grímstungu og heiðarlandi þess sem vjer hjermeð fölum til kaups, áskiljum vjer að sjeu þessi: Eptir því sem Selkvísl ræður frá Álptarskálará fram til Sýrsvatnslækjar, þá hann í Sýrsvatn og úr því austar í Sjónarhól og svo þaðan beint austur í Vatnsdalsár-gil.[518]

Að lokum biðja þeir um svar prestsins eftir að hann hafi leitað álits og samþykktar stiftsyfirvalda vegna sölu heiðarinnar.

Undirfellsprestur skrifaði prófasti degi síðar, 13. júní 1877, og lýsti kauptilboði hreppanna. Hann mælti með því að tilboðinu yrði tekið og benti á að í síðasta brauðamati hafi fjallatollar af Grímstunguheiði ekki verið reiknaðir til inntekta fyrir prestakallið og það ekki að ástæðulausu eftir því fyrirkomulagi sem rekið sé á heiðina. Þar sem prestakallið er leyst undan þeirri skyldu að útvega réttarstæði, enda ekki hægt að koma upp rétt í landi Grímstungu og Undirfells nema til skemmda, þá telur hann sanngjarnt af slegið sé af verðinu. Hann vill meta það til 750 kr. eða 30 kr. ársgjalds og þannig að verðið lækki úr 2750 kr, í 2000 kr. Greiðsluskilmálann telur hann sanngjarnan og að útfæra megi hann nánar síðar en hlutaðeigandi prestur yrði að eiga aðgang að oddvitum hvorrar hreppsnefndar fyrir sig varðandi útborgun rentunnar. Undirfellsprestur biður prófast að mæla með sölunni við stiftsyfirvöld og þar sem hann sé sjálfur á leið suður þá vildi hann helst geta fært þeim bréf hans.[519]

Prófastur sendi stiftsyfirvöldum erindi 15. september 1877 og lét einnig fljóta með kauptilboð hreppanna. Hann segir ástæðu þess að hann hafi ekki sent erindið fyrr vera þá að hann vissi til þess að Svínavatns- og Torfalækjarhreppur voru í samskonar hugleiðingum varðandi kaup á Auðkúluheiði. Þar sem þetta lá í loftinu ætlaði hann að senda bæði erindin saman enda tengjast þau en þar sem ekkert hafði orðið úr því sendi hann nú erindið. Hann bendir á dóminn frá 1758 en samkvæmt honum eru allir búendur Ás- og Sveinsstaðahrepps skyldugir til að reka lömb sín á Grímstunguheiði og greiða eftir almennum landsvana lamb af rekstri í afréttartoll gegn því að heiðarmaður byggi fullnægjandi fjárrétt. Samkvæmt því ætti presturinn að fá árlega eftir heiðina um 192 kr. sé miðað við 48 lömb, hvert á 4. kr. Þá á eftir að draga frá 30 kr. fyrir réttina, að mati prestsins, sem gerir 162 kr. Í rauninni séu afnotin þó miklu minni þar sem eigendur Dalskvísla hafa ekki greitt fjallatoll og eigandi Haukagilsheiðar hefur fengið 10 fjallatolla. Helmingurinn af þeim fjallatollum sem eftir standa hafa svo farið í það að borga grenjaleit og –vinnslu á heiðinni. Prófastur bendir því á að þar sem presturin hafi haft lítil afnot af heiðinni væri hagstæðara fyrir hann að fá vextina af þessum 2000 kr. sem boðið hefur verið í hana. Hann bendir hins

[518] Skjal nr. 2(236) a-b.
[519] Skjal nr. 2(235) a-b.

vegar á að það væri arðbærast ef að hægt væri með einhverjum hætti að tryggja prestinum þá tolla sem honum beri samkvæmt dómnum og er þá borgun fyrir hrossgöngu ekki tekin með í reikninginn. Hins vegar yrði því líkast til ekki komið á nema með málssóknum og dómi.[520]

Hann bendir á að sitt hvoru megin við Grímstunguheiði liggi afréttir sem hafi engan upprékstrarrétt en sem afréttarpeningur úr Ás- og Sveinsstaðahreppum gangi á eigi síður en Grímstunguheiði. En þar sem dómurinn frá 1758 sé svo óeðlilegur þá óttist hann að honum verði breytt með tímanum þannig að eigendur Haukagilsheiðar og Dalsvísla fái nokkra borgun fyrir afnot á landi þeirra. Þrátt fyrir það þá muni þó Grímstunguheiði vera nauðsynlegt afréttarland fyrir stóran hluta Ás- og Sveinsstaðahrepps bæði fyrir fé og hross. Prófastur getur þess í lokin að landamerki þau sem tiltekin séu fyrir heiðina séu þannig löguð að Grímstunga eigi nægilegt heimaland eftir. Loks lætur hann í ljós sitt álit sem hljóðar svo:

> Þegar eg þannig lít á það hvort Undirfells prestakalli sje hagur að sleppa afnotum af Grímstunguheiði fyrir 80 kr. árlega, þá virðist það fyrst vera komið undir því, hvort presturinn mundi með dómi verða ~~skyldaður til~~ losaður við að kosta grenjaleit og grenjavinnslu á heiðinni; í öðru lagi hvort því má treyst[a] að dóminum frá 1758 verði eigi breytt, nema eptir samkomulagi við eiganda Grímstunguheiðar og í þriðja lagi hvort heimta mætti sjerstakan afrjettartoll fyrir hross.[521]

Stiftsyfirvöld svöruðu bréfi prófasts 17. nóvember 1877. Þau bentu á sambærilegt mál varðandi afréttarland Víðidalstungu sem dæmt var í af hæstarétti 31. janúar 1861. Samkvæmt því töldu þau líklegt að dómstólar mundi ekki komast að þeirri niðurstöðu að rétturinn til að heimta afréttartolla væri bundinn því skilyrði að afréttareigandinn kostaði grenjavinnslu á heiðinni. Þá telja þeir að heiðareigandinn hafi fullan rétt til að heimta afréttartoll af hrossum sem rekin séu á Grímstunguheiði. Hins vegar töldu þau vafasamt að dómurinn, frá 1758, veiti heimild til að innheimta upprekstrartolla af öllum íbúum hreppanna óháð því hvort þeir noti afréttinn til upprekstur eða ekki. Því sé hætt við að þetta geti gert upphæð tollanna óvissa eins og reynst hafi. Þau segjast því vera hlynnt sölunni en hefðu helst viljað að heiðarlandið yrði leigt hreppunum til afnota í vissan tíma, t.d. 25 ár, fyrir ákveðna ársleigu sem svarði til u.þb. 4% af fyrirhugðuðu söluverði. En náist slíkir samningar ekki, þar sem hrepparnir taka að sér allar kvaðir sem annars hvíldu á eigandanum svo sem grenjaleitir og viðhald réttarinnar, þá munu þau mæla með sölu heiðarinnar fyrir umsamið verð. Slík sala yrði þá að fá konungsleyfi til að hún gæti gengið eftir. En áður en að stiftsyfirvöld leiðbeini þessu máli lengra með tillögum sínum verða kaupendur að undirbúa málið betur frá sinni hendi. Þannig verði beiðni um kaupin,

[520] Skjal nr. 2(234) a-b.
[521] Skjal nr. 2(234) a-b.

sem leggi framtíðar skuldbindingu á hlutaðeigandi hreppa, að koma frá hreppsnefndunum og sýslunefndin verður að samþykkja þau.[522]

Tveir menn skrifuð stiftsyfirvöldum, í umboði hreppsnefnda Ás- og Sveinsstaðahrepps, bréf sem dagsett er 27. júní 1879. Þar fara þeir fram á að séra Hjörleifi Einarssyni á Undirfelli fái leyfi til að selja umræddum sveitum Grímstunguheiði fyrir 2000 kr. Þá biðja þeir stiftsyfirvöldu um að mæla með því við Alþingi leyfi í sumar umrædda heiðarsölu.[523]

Sama dag skrifuðu sömu aðilar bréf til Ásgeirs Einarssonar og Páls Pálssonar alþingismanna Húnvetninga. Þar fóru þeir fram á það sama, þ.e. að séra Hjörleifi yrði leyft að selja Ás- og Sveinsstaðahreppi Grímstunguheiði fyrir 2000 kr. Auk þess sem þeir hvöttu alþingismenn sína til að sjá til þess að málið fái umræðu á þingi og verði samþykkt.[524]

Frumvarp um sölu á Grímstunguheiði og Auðkúluheiði var lagt fyrir Alþingi sumarið 1879 af fyrsta þingmanni Húnavatnssýslu. Það náði hins vegar ekki í gegn og var fellt af þinginu.[525]

Þann 18. apríl 1885, ritaði prófasturinn í Húnaþingi, séra Jón Þórðarson, bréf til stiftsyfirvaldanna, vegna óska Björns Sigfússonar þess efnis að fá keypta jörðina Grímstungu „með tilsvarandi heiðarlandi“. Bréf séra Jóns er ítarlegt og hljóðar svo:

> Til stiptsyfirvaldanna 18 april [1885]
>
> J hermedfylgjandi bréfi, stýludu til hinna háu Stiptsyfirv. frá 14. þ. m. hefur bóndinn á Hofi í Vatnsdal, Björn Sigfússon, óskað ad fá jordina Grímstungu, kirkjujord Undirfellspr.kalls, med tilsvarandi heidarlandi og því er henni fylgja ber, keypta fyrir 6,500 kr. Med tédu bónarbréfi hefur hann sent álita-skjal vidkomandi prests S. Hjorl. Einarssonar, dags. 16. þ. m. ásamt vottordum 2^{ggja} skilríkra bænda vidvíkjandi landbroti er Vatnsdalsá gjor á engi Grímst[ungu].
>
> Bónarbréfi þeirra leyfi eg mér að leiðbeina með fylgjandi athugasemdum.
>
> Vidkomandi prestur er í álita-skjali sínu medmæltur sölunni og hefur í því tilliti tekid fram þau atridi er þar til heyra og þad er eg álít að helst komi í sogdu efni til greina.
>
> Eg verd ad vera prestinum samdóma um lýsing hans á jördinni því þó hún sé kostajord hvad tún og hagrædi á sumrum snertir, þá er hagnýting hennar ýmsum erfidleikum bundin, svosem ordugleik vid heyaskap og langa fénadarferd, ágang af heidarpeningi og landhætt vid landbroti á heimaengid af Vatnsdalsá. [síðuskipti].

[522] Skjal nr. 2(233) a-b.
[523] Skjal nr. 2(231) a-b.
[524] Skjal nr. 2(232) a-b.
[525] Alþingistíðindi 1879. Fyrri partur: Þingskjölin. Reykjavík 1879, bls. v og 156; Alþingistíðindi 1879. Síðari partur: Umræðurnar. Reykjavík 1879, bls. 923-928.

En sér í lagi verð eg ad vera prestinum samdóma í því, hvad æskilegt þad væri ad presturinn losadist vid tollheimtu af Grímstunguheidi og umsjón hennar, þar slíkt má bædi í edli sínu fremur álítast bænda en presta starfi, og svo er tollgjald þad, er tídkast á heidum hér nordanlands ordid svo úrelt og fjarstætt réttri sanngirni, ad þad ollir mikillar óþægja midli greidenda og vidtakanda, þar greiðendur halda sér vid veigina, en e[i]gendum heidarlandanna þykir vera farid íkringum sig á marga vegu og veldur þetta tídum ágreiningi þar sem hann síst ætti ad eiga sér stad nl. millum prests og sóknarmanna.

Bændur vilja brúka heidarlondin nær sem almenninga en prestar kunna illa ad eignarréttinum sé tradkad; og svo hefi venjan gjo[r]t þad ad logum, sem óvíst er ad sé log, eins og prest[urinn] tekur fram ad umrádendur heidarinnar kosti grenjavinnslu, og svo má álíta þad mikid hagrædi fyrir Undirfells prest, ad losast vid réttina, sem stend[u]r í midju enginu, þar ekki vard annar stad[u]r fenginn þá hún var seinast uppbyggd.

Eptir því sem vidkomandi prestur nú reiknar heidartollana ad frádregnum kostnadi fyrir heidarhreinsun og réttarstædi, og landskuld og leggur af jordinni Grímstungu (nl. ágóda af heidinni adeins 56 kr og landsk. og leggur af Grímstungu 160 kr = 216 kr en rentan af hinu bodna kaupverdi yrdi 260 kr med 4% [...]), þá svarar rentan 4%, af kaupverdi því er beidandinn býdur, 44 kr meira á ári, og þó þad í sjálfu sér sýnist ei mikill tekjuauki, þá er á þad ad líta, ad heidartollagjaldid er ædimiklum vanskilum undirorpid, svo ad einn í hendinni er betri en margir á þakinu.

Hvad bodinu sjálfu vidvíkur 6,500 kr þá verdur þad ekki midad vid annad en núveranda [svo] afgjald jardarinnar og afrakstur heidarlandanna, og svo vid kaupverd jarda nú á tímum. Hvad afgjaldi jardarinnar vidvíkur, er naumast ad gera rád fyrir ad jordin leygist dýrara, sokum erfidleika hennar (og þar sýdur er ad búast vid bótum á þeim jordum, sem eins og þessi, eru adeins byggdar til óákvedins tíma), og hvad verdhædinni á hinn bóginn vidvíkur, borinni saman vid kaupverd jarda sem nú tídkast t.a.m. þjódjardanna, sem ábúendum nú er gefinn kost[u]r á ad kaupa, verd eg ad vera þeirrar meiningar, ad bodid sé hærra en verd jarda almennt gjorist. En þó boð Jóns heitins Skúlasonar í sinni tíd 1867 væri 500 kr hærra, en bod þad sem nú er gjort, þá hafdi þad þær sérstaklegar kringumstædur, ad hann, sem var audmad[u]r mikill, giptist ekkju, sem þá bjó á jordinni, og vildi ná eignarrádum hennar til þess ad ekkja hans hans ætti þar víst sæti ad ser látnum; en þegar hann fór ad reyna jordina, er mér kunnugt að hann idradist eptir bodid, og vard því feginn, ad geta látid þad nidurfalla, þegar stjórn[arráðið] vildi ei samþykkja sölu Grímstungu, nema hann jafnframt keypti kirkjujardirnar Kot og Káradalstungu med því verdi, ad rentan samsvaradi eptirgjaldi þeirra jarda, því þá var enn kirkja í Grímstungu. Og eg sem þá (bar) flutti þetta mál vottadi þá þegar, ad kunnugir og skynsamir menn, sem eg hefdi borid þetta mál undir, álitu jordina fullkeypta fyrir 6000 kr og eg er enn somu meiningar.

> Sú eina ástæda, sem höfd kynni ad vera á móti solunni er sú, ad hinar jardirnar, sem prestakallid ætti eptir, væru of lítilfjorlegar handa prestsekkju til ábúdar, en vidkomandi prestur hef[u]r tekid þad fram med réttu, ad jordin sé ekki vid hæfi margra prestekkna, og hef[u]r þetta sýnt sig á undanfornum árum, því prestsekkjur munu fáar [síðuskipti] finnast þær, eptir ad hafa svarad stad og kirkju, en gætu haft þann krapt er þarf til ad búa á Grímstungu svo vel sé, og væri því hentugra minna jardnædi.
>
> Þar buandinn er velfiadur og stendur til gódrar arfsvonar virdist alveg óhætt þó hann adeins í stad borgadi helming kaupverdsins, en hinn helmingurinn stædi óborgad[u]r gegn vedi í jordinni (þegar jordin væri ordin bændaeign, yrdi hún náttúrlega hád somu skyldum sem adrar bændaeignir).
>
> Ad framanskrifudum ástædum yfirvegudum verd eg ad vera vidkom[andi] presti samdoma um það, að sala jardarinnar fyrir hid ákvedna verð sé prestakallinu í hag, sér í lagi med tilliti hvad greidslan verdur vissari, og þessvegna leyfi eg mér undirgefnast ad mæla med því, ad hinum háu Stiptsyfirvoldum mætti þóknast ad bera þetta mál fram og útvega allrahærst samþykki H. H. Konungsins til þess: ad bóndinn Bjorn Sigfússon í Hofi fái Undirfells kirkjujord, Grímstungu keypta med tiheyrandi ítokum og heidarlandi, med skyldum og réttindum, sem þaruppá hlýda gagnvart upprekstrarfélaginu og þarámedal útvegun nýs réttarstædis, fyrir 6,500 kr sem ad helmingi greidist þegar í stad, en ad helmingi megi standa í hinni seldu jord gegn 1^{sta} vedrétti í henni og 4 af hundradi á ári í voxtu, og skuli af jordinni, eptir soluna, greidast tíund og opinber gjold sem af bændaeign.
>
> Vidkomandi prestur hefur lýst afstodu Grímst. heidar vid heidarlondin á bádar hlidar og tekid þad fram, ad eigi sé grunlaust um, ad Grímstunguheidi verdi álitin of lítil fyrir pening þann, er á hana skal rekinn eptir hinum fornu dómum og kynnu þá ad rýrna þau afnot, er pre[s]t[u]r hefur af heiðarlandinu ef presturinn yrdi ad midla fjallatollum til heiðare[i]gendanna til beggja hliða. [526]

Hugmyndir um sölu Grímstunguheiðar komust aftur á dagskrá er Björn Sigfússon bóndi á Hofi í Vatnsdal fór þess á leit að fá jörðina Grímstungu keypta ásamt afréttinni Grímstunguheiði fyrir 6500 kr. Þann 26. maí 1886 skrifað landshöfðingi stiftsyfirvöldunum vegna bænarskrár Björns og bað þau um að útvega virðingargjörð fyrir jörðinni með heiðinni og heiðinni út af fyrir sig. Síðan áttu þau að senda honum viðirngarnar ásamt áliti prófasts, prests og stiftsyfirvaldanna sjálfra. Þar sem það sem mæli helst með sölunni sé að losa Undirfellsprest undan þeim óþægindum að innheimta afréttartollinn af Grímstunguheiði þá óskar landshöfðingi álits stiftsyfirvalda á því hvort ekki sé skynsamlegra að selja heiðarlandið undan prestakallinu.[527]

[526] Skjal nr. 2(303) a-b.
[527] Skjal nr. 2(251) a-b.

Þann 20. ágúst 1886, ritaði séra Hjörleifur Einarsson, prófastur í Húnaþingi, bréf til stiftsyfirvaldanna, varðandi virðingargjörð á Grímstungu og Grímstunguheiði, sölu jarðarinnar og samnefnds heiðarlands. Nákvæm grein er gerð fyrir hvoru tveggja í bréfi prófasts.

Stiptsyfirvoldunum 20. ágúst [1886].

Eptir ad jeg hafdi medtekid brjef hinna háu Stiptsyfirvalda, dags. 7. júní næstl. um ad útvega reglulega virdingargjord á Grímstungum o.s.fr., hefur syslumadurinn í Húnavatnssýslu samkvæmt brjefi mínu til hans frá 14. f.m. útnefnt 2 virdingarmenn og sent mjer virðingargjörð þessa, dags 17. þ.m. og hjermeð fylgir.

Samkvæmt fyrirmælum í brjefi hinna háu stiptsyfirvalda vil jeg nú undirgefnast, bædi sem hlutadeigandi prestur og sem settur prófastur leyfa mjer ad segja alit mitt um virðingargjorð þessa.

Þá er ræda á um solu á Grímstungu med heidi eð[u]r heidinni sjerstaklega, þá verður ad mida vid þau afnot sem prestakall þetta al[l]t hefur nú af eigninni og líkindi eru til, að þad hafi framvegis.

Jordin er nú leigð fyrir 160 kr. og við þetta hafa virðingarmenn midað verð þad er þeir hafa sett á Grímstungu. En þó eptirgjald þetta sje ekki nema sanngjarnt þegar litið er bædi á dýrleika jardarinnar og marga góda kosti hennar, þá er engin vissa fyrir ad þetta verdi varanlegar tekjur fyrir prestakall þetta. Sjerlegar orsakir til þess eru [svo] fyrst sú, ad engi jardarinnar liggur undir skemmdum af landbroti sem med tíð og tíma getur ordid mikið, og óvíst ad hægt sje ad fyrirbyggja, nema þá sjálfsagt med afarkostnadi og hin [svo] sú, ad ábúd er svo óviss á jörðunni. Jördin er stór og umfangsmikil; þad þarf kjark og dugnad til ad hagnýta sjer gædi hennar og talsvert fje i adra hond. En vanti trygga ábúd á slíkum jordum, vilja eigi dugnadarmenn sitja þær. Þeir taka helst jorðina til ábýlis, sem ekki hafa med hana gjera en vid þad eignar álit og med tímanum afnot hennar, en sveitarfjelagid býður stóran skaða. Þar að auki mun vera óhætt ad ætla ad prestar þeir sem halda stadinn mundu allir heldur vilja 160 kr í peningum heldur en landauragjaldið, 10 saudi [o]g 100 merkur smjors þegar illa lætur í ári, sem opt er hjer nordanlands, falla landaurar og jafnvel eptirgjald eptir jardir, sem þó eru vissustu tekjurnar, gjaldast ekki nema med undandrætti.

Nú sem stendur gæti madur ekki reiknad landskuldina í Grímstungu meir en 60-70 kr eptir fjartoku-prísum sem kaupmenn hafa gefið í skyn ad muni verda á næsta hausti svo árferdid hefur hjer reist ~~landa~~ eptirgjaldid um 1/6.

Verd heiðarinnar hafa virdingarmenn sett 2200 kr. Þad er vandi ad segja hversu mikils virdi hún er í raun og veru, en þad er óhætt að staðhæfa, ad prestakall þetta hefur aldrei og mun aldrei uppbera þær tekjur af heiðinni sem svarar rentum af hofudstól þessum. Þó Grímstunguheidi sje kallad upprekstrarland i Sveinsstadi og Stekk þá liggja eins og jeg þegar hef frá skýrt

í ~~brjefi minu~~ álit[s]skjali mínu um mál þetta 16. apríl f.á. stór heiðarlond á bádar hlidar, austan og vestan, sem ad líkindum eru til samans einsmikid land og oll Grímstunguheidi. Þad er vitaskuld ad heiðarpeníngur gengur eins á þessum londum, enda eru gamlir dómar fyrir því, að upprekstur fjár sje á þessi lond; hafa og fjalltollar verið goldnir á ýmsum tímum eigendum þessara heiðarlanda [síðuskipti], eptir því sem hver hefur eptirgengið og verið hjeradsríkur til. Þannig hafdi formaður minn hjer í prestakallinu skuldbundid sig til að borga eiganda Haukagilsheiðar, ad vestan við Grímstunguheidi 10 fjallatolla án þess þó ad taka þátt i kostnadi vid rjettarstædi. Til skýringar um stærð þessa heidarlands skal þess getið, að Lambatungur ½ sem Haukagil hefur átt til móts við Grímstungur er ad kunnugra manna áliti hjerumbil 1/6 allrar Grímstunguheidar og eru þó ½ Lambatungur adeins lítill partur af Haukagilsheidi. Þad vita menn og að fyrir longu sídan voru 10 fjallatollar goldnir fyrir kvíslar eiganda Þorormstungu, Forsæludals. Nú er eigandi Kvísla að byggja þar bæ til að geta varid þetta land sitt, sem hann fær ekkert eptir, og getur þetta haft skaðleg áhrif á afnot þar, sem nú undanfarin ár hafa verið af Grímstunguheidi, því sá, sem tekur alla fjallatolla, hlýtur ad gjalda þess ef friðland er ekki fyrir heiðar pening. Til sonnunar því ad vart sje hugsanlegt að meira fáist fyrir Grímtunguheiði en virðingarmenn hafa metið, skal þess getið að heidarlondin til beggja heida hafa nýlega gengið mannsali, Kvíslar fyrir 700 kr. en Haukagilsheidi med hálfum Lambatungum fyrir 400 kr.

Eptir undirlagi minu fengu virdingarmenn einnig umbod til að segja álit sitt um, hvort tilrækilegra væri ad selja jordina med heiðinni eða heidina sjerstaklega til þess ad jeg, sem hlutadeigandi, væri ekki einn til frásagnar, og verd jeg ad vera alveg á þessu máli í þessu efni. Þad er vafalaust mikill hagur fyrir prestakallið að geta selt heiðina og þá sjerílagi fyrir prestinn í brauðinu eda [misritað] um~~boðs~~rádamann, ad losna vid alla þá fyrirhofn ~~sem~~ atrodning og vanþakkir sem þvi eru samfara an þess ad hafa i raun og veru nokkuð í adra hond. En þad er ad mínu áliti ómogulegt ad selja heidina nema med jördinni.

[Yfirstrikaður texti í skjali] Ætti madur ad fara ad undirbúa það yrdi ad ~~selja~~ tiltaka merki, sem engin hafa ~~um~~ verid milli heimalands og heidar, nema i ordi kvednu, en þar af leiddi, ad þad yrdi ad færa þau miklu nedar en þau hingad til hafa verid haldin, fleiri gren komu þá inn í heidarlandið og kostnadur vid grenjavinnslu yrdi talsvert meiri.

Þar sem ótal fyrir einn mundu vilja borga jördina betur ef heiðarlandid ekki fylgdi með. Upprekstrarfjelagid vildi ad vísu fyrir nokkrum árum kaupa, en iðraðist jafnskjótt eptir, og þegar málið kom aptur heim í hjerað til ad ganga til sýslufundar og alþingis neitudu þeir sem hofdu verid hvatamenn til kaupanna ad halda lengra áfram, enda mundi alþingi hafa neitað einnig solu á Auðkúluheidi. Meiningin er, ad upprekstrarfjelagid sjer eins og adrir ad verdi áreid gjord á heiðarnar, og fjallatollum jafnad nidur eptir stærd og gædum

hvers heidarlands muni Grímstungheidi ekki vera þess virdi sem menn hafa ádur ætlað, og var jeg einn þeirra á medan jeg var heiðunum ókunnugur.

Álit mitt er því ad þad mæli svo margt med því ad prestakallid geti losnað við heidina, að ekki sje áhorfsmál ad selja jordina Grímstungu með, enda sje jeg ekki þad sje neitt sjerlegt kappkosti að prestakallið eigi hana, þegar hún getur selst prestakallinu í hag. Jeg vil því sem fastlega mæla með því að beiðandinn Bjorn Sigfússon verði bænheyrður, og vona ad hinum háu Stiptsyfirvoldum mætti þóknast, ad yfirveguðum ollum ástædum, ad stydja sem best mál þetta.

Hjermed fylgia reikningar virdingarmanna yfir kostnad vid virdinguna og vildi jeg leyfa mjer ad gjora fyrirspurn til hins háa Stiptsyfirvalds hverjum beri að greiða hann.

Virðingarfyllst.[528]

Stiftsyfirvöld svöruðu með bréfi 22. september 1886 og sögðust hafa fengið virðingargjörð og umsögn prófasts. Í virðingunni hafi Grímstunga verið metin á 4000 kr. en heiðarlandið á 2200 kr. Það var álit prófasts, sem jafnframt var hlutaðeigandi sóknarprestur, að matið væri alls ekki of lágt. Hann áleit jafn framt að það væri stór hagur fyrir prestakallið að selja heiðarlandið fyrir svo sanngjarnt verð en taldi að það mundi aldrei seljast eitt og sér heldur aðeins með jörðinni. Þar sem tilboð Björn Sigfússonar í jörðina var hærra en virðingarverðið þá voru stiftsyfirvöld hlynnt því að honum yrði seld jörðin fyrir 6500 kr.[529]

Þann 6. nóvember 1886, skrifaði ráðgjafinn fyrir Ísland til landshöfðingjans yfir Íslandi um sölu á kirkjujörðinni Grímstungu ásamt afréttarlandinu Grímstunguheiði. Bréf ráðgjafans yfir Íslandi er svohljóðandi:

Samkvæmt allraþegnsamlegustu tillögum ráðgjafans, eptir að hafa fengið þóknanlegt brjef yðar, herra landshöfðingi, dags. 18. okt. þ. á., hefur hans hátign konunginum þóknast í gær allramildilegast að fallast á, að bóndanum Birni Sigfússyni á Hofi í Vatnsdal verði seld jörðin Grímstunga, eign Undirfells prestakalls í Húnavatns prófastsdæmi, ásamt afrjettarlandinu Grímstunguheiði, fyrir 6500 kr., sem að helmingi greiðist þegar í stað, en að hinn helmingur kaupverðsins megi standa í jörðinni gegn fyrsta veðrjetti í henni og 4% í vöxtu á ári, og með þeim skilyrðum, að kaupandi láti af hendi hæfilegt rjettarstæði í afrjettarlandinu, til þess að fjenu af Grímstunguheiði verði smalað þangað á haustin, og að hann enn fremur greiði tíund af jörðinni eptir kaupin og önnur opinber gjöld, sem á bændaeignum hvíla.

Þetta er eigi látið hjá líða hjer með þjónustusamlega að tilkynna yður, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar og til birtingar fyrir hlutaðeigendum.[530]

[528] Skjal nr. 2(304) a-b.
[529] Skjal nr. 2(250) a-b.
[530] Skjal nr. 4(57).

Í bréfi landshöfðingja til stiftsyfirvalda, 22. nóvember 1886, kemur fram að sér hefði verið tilkynnt af Íslandsráðgjafa (Íslandsráðherra) að konungur hefði samþykkt að Grímstunga ásamt afréttarlandinu Grímstunguheiði yrði seld Birni Sigfússyni fyrir 6500 kr. Björn skyldi borga helminginn strax en afgangurinn fengi hann að láni gegn fyrsta veðrétti í jörðinni og 4% vöxtum á ári. Þá skyldi hann láta af hendi hæfilegt réttarstæði í afréttarlandinu. Andvirði jarðarinnar skyldi svo biskup ávaxta sem fasta innistæðu Undirfellsprestakalls.[531]

Stiftsyfirvöld skrifuðu prófasti, 2. desember 1886, og tilkynntu honum um niðurstöðuna og hvernig fara skyldi með andvirði söluverðsins. Þá greindu þau frá því að þegar helmingur söluverðsins hefði verið greiddur þá mundu þau hafa milligöngu um að landshöfðingi gæfi út afsalsbréf fyrir jörðinni.[532]

Stiftsyfirvöld skrifuðu prófasti aftur, 13. september 1888, en þá voru tæp tvö ár síðan þau höfðu skrifað honum síðast og hvorki andvirði jarðarinnar skilað sér né yfirlýsing kaupandans um að hann væri hættur við. Þau skoruðu því á prófast að upplýsa sig um hvar á vegi málið væri statt og að tilkynna Birni að kaupin verði að fara fram sem fyrst eftir að leyfi hafi verið fengið að öðrum kosti eigi hann á hættu á að missa réttinn til kaupanna.[533]

Stiftsyfirvöld skrifuðu landshöfðingja, 21. febrúar 1889, og upplýstu hann um stöðu mála. Þá spyrja þau hvort ekki megi líta svo á að Björn hafi fyrirgert rétti sínum til kaupanna þannig að ef hann vilji kaupa jörðina aftur síðar þá verði hann að sækja um konungsleyfið að nýju. Þau segjast sammála prófasti um að óeðlilegt sé að Björn haldi kaupréttinum um óákveðinn tíma.[534]

Landshöfðingi svaraði bréfi stiftsyfirvalda, 28. febrúar 1889, og tilkynnti að þau skyldu setja Birni Sigfússyni hæfilegan frest til kaupanna. Ef ekkert verði af kaupunum áður en að hann er liðinn þá beri að líta svo á að hann hafi afsalað sér kaupréttinum.[535]

Stiftsyfirvöld tilkynntu prófasti þessa niðurstöðu með bréfi dagsettu 20. mars 1889. Þau ákváðu að frestur Björns til að kaupa jörðina skyldi vera til 1. október 1889 og báðu prófast um að tilkynna honum þetta.[536]

Stiftsyfirvöld skrifuðu prófasti 30. október 1889 og sögðust enn ekki hafa fengið svar frá honum varðandi sölu Grímstunguheiði. Þau óskuðu þess að prófastur upplýsti sig um stöðu mála.[537]

Björn Sigfússon virðist hafa dregið að svara prófasti en gerði það loks með bréfi dagsettu 31. desember 1889. Þar útskýrði hann að fyrst hann gat ekki svarað áður en að fresturinn rann út hafi honum þótt tilgangslaust að svara þó svo að hann sé

[531] Skjal nr. 2(249) a-b.
[532] Skjal nr. 2(248) a-b.
[533] Skjal nr. 2(247) a-b.
[534] Skjal nr. 2(246) a-b.
[535] Skjal nr. 2(245) a-b.
[536] Skjal nr. 2(244) a-b.
[537] Skjal nr. 2(241) a-b.

ósammála þeirri túlkun að hann hafi fyrirgert kauprétti sínum. Björn segir að fresturinn hafi verið of stuttur til að hann hafi getað gengið úr skugga um að hann hafi getað gengið að kaupskilmálunum. Þá kvartar hann yfir því að engin landamerkjaskrá hafi verið samin fyrir jörðina því þegar ráðist sé í svo stór kaup þá verði maður að vita hvað maður sé að kaupa. Loks segist hann ekki hafa viljað afsala sér kaupréttinum áður en að landamerkin yrðu ákvörðuð og samþykkt.[538]

Prófastur tilkynnti svo stiftsyfirvöldum um samskipti sín við Björn með bréfi dagsettu 6. janúar 1890. Hann segist hafa greint Birni frá afarkostum stiftsyfirvaldanna í tæka tíð en hann dregið að svara sem hafi frestað því að hann gæti skýrt þeim frá gangi mála. Prófastur segir að ástæður þær sem Björn gefi upp sem orsök þess að hann svaraði ekki fyrir tilskilinn tíma hafi verið sú að engin landamerkjaskrá hafi borist. Þetta segir prófastur vera tóman fyrirslátt því Björn viti vel að engar deilur séu um landamerki jarðarinnar og hann hafi sýnt honum fyrir löngu síðan vafalaus skilríki fyrir öllu Grímstungulandi. Þar sem nátturuleg takmörk greina bæði heimaland og heiðarland Grímstungu frá nágrannalöndum, þ.e. ár á tvær hliðar, þá hafi engin ástæðu verið til þess að telja landamörk óákveðin. Prófastur biður svo stiftsyfirvöld að leggja mat á hvort afsakanir Björns séu réttmætar eða ekki.[539]

Stiftsyfirvöld skrifuðu prófasti, 6. febrúar 1890, og tilkynntu honum að máli þessu væri lokið og að Björn Sigfússon hafði fyrirgert kauprétti sínum á Grímstungu og Grímstunguheiði.[540]

Landamerkjabréf fyrir Grímstungu var útbúið 10. júní 1890 og því var þinglýst sama dag:

> Að vestanverðu ræður Álptaskálará allt þar til Bríkarkvísl í hana rennur, síðan ræður Bríkarkvísl til sinna upptaka, og svo til suðurs, eptir því sem vötn að draga, svo allar hálfar Lambatungur móts við Haukagilsheiðar eiganda. Úr Álptaskálarárgili er stefnan eptir fornum farveg, er liggur fyrir sunnan svo nefndan Rjettarhólma, og stefnir til landnorðurs úr gilinu, og beint í Pollshamar austan Vatnsdalsár, er sá klettur niður við láglendið nokkru utar en Sauðarskjól. Að austanverðu ræður Vatnsdalsá allt til hennar upptaka, og svo beint til suðurs, til jökla.[541]

Málið komst aftur á dagskrá tíu árum síðar en 12. febrúar 1900 skrifaði prófastur Stiftsyfirvöldum og tilkynnti þeim að hreppsnefndir Ás- og Sveinsstaðahreppa hafi með samþykki hreppsbúa óskað eftir að fá Grímstunguheiði keypta. Hann nefndi að það væri eindregin ósk:

> [...] bæði hreppsnefndanna sem búenda í greindum hreppum, að fá keypta Grímstunguheiði, sem talin er að sé upprekstrar land hreppa þessara. Stafar það að miklu leyti af því, að beggja vegna við heiðarland þetta liggja önnur

[538] Skjal nr. 2(243) a-b.
[539] Skjal nr. 2(242) a-b.
[540] Skjal nr. 2(241) a-b.
[541] Skjal nr. 2(38).

> mikil heiðarlönd sem sé, að austan Dalskvíslar, sem Áss- og Sveinstaða-, Torfalækjar og Svínavatnshreppar hafa í sameiningu keypt af síðasta eigenda þeirra fyrir 1200 kr., og að vestan Haukagilsheiði með hálfum Lambatungum (sameign við Grímstunguheiði) sem upphaflega tilheyrði jörðinni Haukagili í Vatnsdal, en síðan var seld J. Sigurði Jónssyni bónda á Lækjamóti er síðan seldi hálft þetta land Áss- og Sveinstaða upprekstrarfélagi fyrir 250 kr.[542]

Til að gera mönnum grein fyrir umfangi þessara afréttarlanda í samanburði við Grímstungu þá bendir prófastur á að þegar skipað er í göngur á haustin þá þurfi um 27 menn til að smala Dalskvíslar og Haukagilsheiði með hálfum Lambatungum en 30 menn á Grímstunguheiði. Þá sé kunnugt um 11 tóugreni á Grímstunguheiði en 7 á hinum heiðunum.

Prófastur bendir á að upprekstrarfélagið hafi eignast víðlendar afréttir beggja vegna Grímstunguheiðar og því eðlilegt að þeir vilji festa kaup á henni líka. Enda hafi bæði eigendur heiðanna og þeir sem hafi þær til notkunar sannfærst um að það sé eðlilegast og affarasælast. Eigendum Dalskvísla og Haukagilsheiðar hafi sárnað að standa ekki jafnfætis umráðamanni Grímstunguheiðar hvað upprekstrarskyldu og fjallatolla varðar. Þeir hafi því selt heiðarlönd sín fyrir lágt verð því þeir höfðu lítil sem engin not af þeim í stað þess að sækja rétt sinn fyrir dómstólum. Lítil sigurvon var talin af dómsstólaleiðinni þar sem réttindi Grímstunguheiðar voru tryggð með dómi frá 1758 en réttindi hinna heiðarlandanna virðast hafa gleymst þó afréttarpeningur gangi þar jafnt á við Grímstunguheiði.

Það var út af þessu óréttlæti sem sýslunefnd Húnavatnssýslu tók sig saman árið 1893 og lét virðingarmenn gera skoðun á öllum heiðarlöndum sýslunnar. Þau voru metin eftir stærð þeirra og gæðum til afréttarskyldu án tillits til þess hvort þau höfðu rétt til fjallatolla eftir gömlum dómum og úrskurðum. Fimm menn voru kjörnir úr sýslunefndinni og sömdu þeir á aukanefndarfundi, 24. febrúar 1894, frumvarp til reglugerðar um notkun afrétta í Húnavatnssýslu. Prófastur vísar til bréfs síns til stiftsyfirvalda, 30. ágúst 1894, þar sem hann upplýsir að 10 bæir hafi gengið undan fjallatollsskyldu við umráðamann Grímstunguheiðar vegna ákveðinnar upprekstrarskyldu í Dalskvíslar og Haukagilsheiði. Hann mótmælti því vegna kirkna sem áttu heiðarlönd því engin tilraun var gerð til að leita samninga við umráðamenn kirknanna.

Prófastur greinir frá því hvernig málum var háttað áður en hann kom til prestakallsins en þá:

> [...] var Grímstunga byggð með heiðinni þannig, að ábúandinn fékk helming fjallatolla fyrir að leita grenja á heiðinni, en refavinning kom upp í landskuldina. Afréttarland, sem þá var talið á heiðinni var þá tiltölulega lítið og ógrasgefið, og öldungis ónægilegt fyrir þann afréttarpening, sem því var ætlað. Í samráði við ábúendur og helstu menn sveitarinnar færði eg því

[542] Skjal nr. 2(252) a-b.

> takmörk afréttararlandsins miklu norðar, þó þannig að Grímstunga hafði hið nægilegasta heimaland, og eru þessi merki tilgreind í fundargjörð hreppsnefndanna. En við það urðu 4 gren á útheiðinni innan afréttarlanda takmarka, sem ekki höfðu áður tilheyrt heiðinni, og sem tóur leggja vanalega í, og ef sá grenjakostnaður bætist á umráðanda heiðarinnar munar það miklu þá er um ágóða af heiðinni er að ræða. En það sem mestu munar í þessu tilliti er þó vafalaust það að eftir hæstaréttar dómi í máli milli J. Sigurðar Jónssonar í Lækjamóti og eiganda Víðidalstunguheiðar, þar sem hinn fyrnefndi er losaður við upprekstrarskyldu á Víðidalstunguheiði, er nú almennt litið svo á, að búendur þeir, sem fjalllönd eiga fram til heiða, og afréttarpeningur gengur að sjálfsögðu í, geti notað heimalönd sín fyrir afrétt og séu því ekki fjallatollaskyldir, enda er nú talsvert farið að bóla á þessu og hin nýja fjallskilareglugjörð sýslunnar hefur jafnvel ákvæði héraðlútandi.[543]

Hann bendir á að allt þetta hljóti að rýra til muna afnot heiðarinnar fyrir prestakallið. Heiðin var metin á 2200 kr. fyrir 14 árum en þá var gert ráð fyrir fjallatollsskyldu allra fjáreigenda á upprekstrarsvæðinu. Síðan þá hefur margt breyst í þessu efni og allt útlit fyrir að afnot prestakallsins af heiðinni fari minnkandi. Af þessum sökum telur hann eðlilegt að selja upprekstrarfélginu heiðina fyrir 1700 kr. Hún sé tæpast meira virði enda sé allur suðurhluti hennar mjög uppblásið og rýrt land. Auk þess sem afnotin muni aldrei svara meira en vöxtum af upphæðinni sem boðin hefur verið í heiðina. Það eina sem presturinn gangi að sem vísu fyrir hreinsun og refavinnslu heiðarinnar eru eftirgangsmunir og vanþakklæti og þegar kemur til innheimtu þá mætir hann gjaldtregðu og vanskilum. Þannig að gjaldið verður bæði að líkamlegu og andlegu harmabrauði fyrir hann. Hann bendir á bréf Jóns Þórðarssonar prófasts, frá 18. apríl 1885, þessu til staðfestingar og eigið bréf til stiftsyfirvalda frá 20. ágúst 1886.

Prófastur bendir á að þegar fyrst kom til tals að selja upprekstararfélagi Ás- og Sveinsstaðahrepps heiðina hljóðaði kauptilboðið uppá 2000 kr. Þáverandi prófastur mælti með kaupunum enda lá í loftinu að upprekstrarskyldunni yrði breytt vegna Dalskvísla og Haukagilsheiðar. Ekkert varð þó af kaupunum enda töldu hvatamenn málsins hafa boðið of mikið í heiðina og svo drógu afdrif Auðkúluheiðarmálsins á Alþingi úr áhuganum. Prófastur segist hafa leigt heiðina undanfarin ár fyrir 70 kr. en í fyrra fyrir 60 kr. til að koma í veg fyrir deilur vegna ofannefndra 4 grenja, auk þess sem margt benti til að menn mundu neita að greiða fjallatolla vegna heimalanda sem liggja til afrétta. Prófastur segir að það sé reynsla sín í þau 24 ár sem hann hafi verið umráðamaður heiðarinnar að afnot hennar fyrir prestakallið verði æ minni og hvimleiðari. Hann telur að Grímstunga muni seljast betur ef heiðin fylgdi ekki með. Loks mælir prófastur með því að Grímstunguheiði með hálfum Lambatungum verði seld fyrir 1700 kr.

[543] Skjal nr. 2(252) a-b.

Stiftsyfirvöld skrifuð prófasti, 10. mars 1900, og sögðust hafa kynnt sér þær bréfaskriftir um málið sem fram höfðu farið á árunum 1877−1886 og væru sammála honum um að hyggilegt væri að taka tilboðinu. Til þess að kaupin gætu farið fram þyrfti konungsúrskurð en sá prestur sem hafi umráð og afnot af heiðinni yrði að skrifa kounungi bænaskrá um málið þar sem færð eru fram rök fyrir sölunni. Þau segjast fús til að styðja málið með eindregnum meðmælum sínum og ráðleggja honum hvaða fylgiskjöl skuli fylgja bænaskránni. Þar verði einnig að koma fram að andvirðið skuli greiðast með 102 kr. í afborgun og vexti í 28 ár. Andviði sölunnar ætti að gera að fastri innistæðu prestakallsins sem Stiftsyfirvöld ávaxta á tryggilegan hátt í Söfnunarsjóði Íslands og ákveðinn hluti vaxtanna árlega lagður höfuðstólnum til aukningar.[544]

Prófastur skrifaði stiftsyfirvöldum, 19. september 1900, og tilkynnti að hann hafði samið bænaskrá um að mega selja Grímstunguheiði með hálfum Lambatungum undan Undanfellsprestakalli. Þá hafði hann einnig útvegað samþykki sýslumanns uppá væntanlegt samþykki sýslunefndar, samþykki héraðsfundar auk þeirra fylgiskjala sem þau höfðu ráðlagt honum að afla.[545]

Stiftsyfirvöld skrifuðu landshöfðingja, 18. október 1900, og sendu honum bænaskrána um sölu Undirfellsprestakalls á Grímstunguheiði og hálfum Lambatungum til upprekstrarfélags Ás- og Sveinsstaðahrepps fyrir 1700 kr. Þar eru talin upp öll fylgiskjölin og saga sölunnar rakin. Þau segjast hlynnt sölunni og skýra frá hvernig söluandvirðið verði ávaxtað.[546]

Landshöfðingi svaraði bréfi stiftsyfirvalda, 23. júlí 1901, og greindi frá því að Íslandsráðgjafinn hafi tilkynnt sér að konungur hafi samþykkt söluna.[547] Stiftsyfirvöld greindu prófasti frá þessari niðurstöðu í bréfi dagsettu 31. júlí 1901. Þau tilkynntu honum um að hann yrði að gera kaupbréf um söluna og láta kaupendur gefa út veðskuldabréf sem svo beri að þinglýsa. Þegar veðskuldabréfið er útgefið á réttan hátt má rita afsal á kaupbréfið. Prestur skal taka þá vexti sem honum ber af hinni árlegu afborgun en senda afganginn til biskups sem mun ávaxta hann í Söfnunarsjóði Íslands.[548]

Þann 23. júlí 1901, skrifaði landshöfðinginn yfir Íslandi til stiftsyfirvaldanna um sölu á kirkjueigninni Grímstunguheiði með hálfum Lambatungum, svo sem fyrr er getið. Bréf landshöfðingjans er svohljóðandi:

> Ráðgjafinn fyrir Ísland hefir í brjefi, dagsettu 27. f. m., skýrt mjer frá, að hans hátign konunginum hafi 18. s m. allramildilegast þóknazt að veita allrahæst samþykki til þess, að heiðarlandið Grímstunguheiði með hálfum Lambatungum, sem heyrir undir Undirfellsprestakall í

[544] Skjal nr. 2(253) a-b.
[545] Skjal nr. 2(254) a-b.
[546] Skjal nr. 2(255) a-b.
[547] Skjal nr. 2(256) a-b.
[548] Skjal nr. 2(257) a-b.

> Húnavatnsprófastsdæmi, verði seld Áss- og Sveinsstaðahreppum frá prestakallinu fyrir 1700 kr., sem ávaxist og afborgist á 28 árum með alls 6% eða 102 kr. um árið, og eru hjeraf vextir 4% af þeim hluta kaupverðsins, sem á hverjum tíma er óborgaður, en hitt afborgun. Ennfremur er það skilyrði sett, að jafnótt og kaupverðið er greitt, skuli það sett á vöxtu í Söfnunarsjóð Íslands sem óskerðanlegur höfuðstóll, er sje eign prestakallsins, og að 3 krónur af vöxtunum árlega leggist við höfuðstólinn, en að öðru leyti njóti benificiarius vaxtanna, og að nefnt heiðarland framvegis verði skoðað sem bændaeign, og því er alla skatta og skyldur snertir.
>
> Þetta er yður, herra amtmaður, og yður, herra biskup, með skírskotun til brjefs yðar 18. oktbr. f. á., hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari ráðstöfunar.[549]

Þeir Jón Hannesson oddviti í Áshreppi og Jón Kristmundur Jónsson oddviti í Sveinsstaðahreppi lýstu því yfir, 4. nóvember 1901, að þeir í umboði upprekstrarfélags Ás- og Sveinsstaðahreppa, með leyfi hreppanna, samþykki sýslunefndar og leyfi konungs hafi gert samning við Hjörleif Einarsson prófast um kaup á Grímstunguheiði og hálfum Lambatungum fyrir 1700 kr. Til tryggingar á greiðslu á höfuðstól og vöxtum þá veðsettu þeir með fyrsta veðrétti umboðsmanni Undirfellsprestakalls umrætt heiðarland þangað til að höfuðstóll og vextir yrðu að fullu greiddir. Loks tilgreina þeir að seljandi megi láta þinglýsa þessu veðskuldabréfi á kostnað kaupanda.[550]

Hjörleifur Einarsson prófastur og prestur á Undirfelli afsalaði sér Grímstunguheiði með hálfum Lambatungum til umboðsmanna Ás- og Sveinsstaðahreppa þar sem þeir höfðu samdægurs með veðskuldabréfi veðsett prestakallinu umrætt heiðarland til tryggingar skilvísri greiðslu.[551] Þá gerðu umræddir aðilar með sér kaupsamning sama dag, eða 4. nóvember 1901, sem var svohljóðandi:

> 1. Að ég prófastur, Hjörleifur Einarsson, sel Áss og Sveinstaðahreppum heiðarlandið Grímstunguheiði með hálfum Lambatungum, sem heyrir undir Undornfellsprestakall í Húnavatnsprófastsdæmi með öllum skyldum og réttindum, sem heiðarlandinu fylgja ber, gögnum og gæðum til lands og vatns.
>
> 2. Landamerki milli heiðarlandsins og heimalands Grímstungu eru þessi:
>
> Frá Vatnsdalsá ræður Sjónarhólslækur og þaðan bein lína í Sýrsvatn. Frá Sýrsvatni ræður Sýrsvatnslækur til Selkvíslar og þaðan Selkvísl til Álftaskálar ár.
>
> 3. Kaupverðið er 1700 – seytján hundruð – krónur, sem greiðist á 28 árum með 6% í rentu og afborgun eða 102 kr. hvert ár, sem greiðist prestinum í

[549] Skjal nr. 4(56).
[550] Skjal nr. 2(258) a-b.
[551] Skjal nr. 2(259) a-b.

Undornfellsprestakalli í síðasta lagi ár hver fyrir lok janúarmánaðar í fyrsta sinn 1903 og í síðasta sinn árið 1930.

4. Áss og Sveinstaðahreppar, sem eru eitt upprekstrarfélag, skulu hafa endurgjaldslaust nægilegt og hentugt fjárréttarstæði á Undornfellseyrum, svo og torfefni til réttarbyggingar, eins og með þarf, svo nærri réttinni sem unt er. Einnig ber upprekstarfélaginu, samkvæmt áðurgjörðum samningi, rettur til að hafa stóðrétt á Undornfellseyrum gegn 12 – tólf – króna árlegri borgun, og með sömu skilmálum, sem ákveðin eru um fjárréttina.

5. Er það tilskilið að presturinn í Undornsfellsprestakalli og ábúandi jarðarinnar Grímstungu eigi frían upprestur á nefnd heiðarlönd fyrir fé sitt og hross.

6. Verður nefnt heiðarland við eigendarskifti skoðað sem bændaeign að því er alla skatta og skyldur snertir.

7. Fyrir heiðarlandinu gefi kaupandi út veðskuldabréf í tveim samritum, þar sem það sé veðsett prestakallinu með fyrsta forgangsrétti fyrir kaupverðinu og vöxtum af höfuðstólnum, unz það er að fullu greitt, og haldi seljandi öðru samritinu en hitt sendist til stiftsyfirvaldanna.

8. Þegar veðskuldbréfið er útgefið í tilhlýðilegu formi skal rita afsal á kaupbréf þetta, sem sé í þrem samritum, eitt til að sendast Stifsyfirvöldunum, og eitt handa hvorum, kaupanda og seljanda.[552]

Prófastur skrifaði stiftsyfirvöldum, 4. nóvember 1901, og greindi þeim frá því að kaupin á Grímstunguheiði með hálfum Lambatungum hafi átt sér stað. Hann sendir þeim afrit af kaupbréfi og veðskuldabréfi og greinir þeim frá ástæðum fyrir töfum og seinkun á greiðslu.[553] Stiftsyfirvöld svöruðu bréfi prófasts, 25. nóvember 1901, og sögðust ekki hafa neitt við framkvæmdina að athuga og samþykktu hana fyrir sitt leyti.[554]

Árið 1878 var sett bann við upprekstri stóðhrossa á Grímstunguheiði, Haukagilsheiði og Dalskvíslar nema gegn tolli, og er bannið svohljóðandi:

Eins og kunnugt er hefi jeg undirskrifaður Hjörl. Einarsson, samkvæmt fengnu leyfi stiptsyfirvaldanna, boðið Áss- og Sveinsstaðahrepps búum Grímstunguheiði til brúkunarnota handa sauðfé og hrossum fyrir ákveðið árlegt eptirgjald. En sökum þess að téðar sveitir hafa enn ekki gengið að þessu boði mínu, en nú er kominn sá tími, að óumflýjanlegt er að fara að reka geldfjenað og stóðhross til afrjettar, þá lýsum vjer undirskrifaðir því hérmeð yfir, að vjer leyfum engum manni stóðhrossa upprekstur á afréttarlönd vor Grímstungu og Haukagilsheiðar og Dalskvíslar, nema því að eins að fyrir hvert trippi sje goldinn tollur að upphæð 75 aur. Leyfi til upprekstursins uppá þenna hátt fæst hjá hverjum okkar sem vill, og óskum vér að hver einn ákveði

[552] Skjal nr. 2(260) a-b.
[553] Skjal nr. 2(261) a-b.
[554] Skjal nr. 2(262) a-b.

tölu á trippum þeim, er hann þannig vill reka um leið og hann fær upprekstarleyfið. En verði afrjettir vorar framveigis notaðar til hrossaupprekstur í leyfisleysi, meiga þeir búast við, að vjer meðhöndlum hross þeirra sem þann pening er í heimildarleysi gengur í löndum vorum.

Undirfelli 8. d. júním. 1878

Hjörl. Einarsson Þorsteinn Eggertsson

Hannes Þorvarðsson

Lesið upp fyrir manntalsþingsrétti Húnavatnssýslu að Miðhúsum hinn 8. júní 1878.[555]

Á héraðsfundi á Sveinsstöðum þann 16. september 1885, var rætt um söluverð Grímstungu með Grímstunguheiði. Þar kom m.a. eftirfarandi fram:

5. Bar hinn setti prófastur undir fundinn, hvort hann áliti 6500 kr. nægilegt verð fyrir jörðina Grímstungu með Grímstunguheiði, og var eptir talsverðar umræður í einu hljóði samþykkt, að verðið væri full hátt.[556]

Þann 24. júlí 1886 var aukaréttur Húnavatnssýslu settur á skrifstofu sýslunnar og voru þá útnefndir menn til þess að virða til peningaverðs jörðina Grímstungu með undirliggjandi heiðarlandi, og Grímstunguheiði sérstaklega út af fyrir sig. Þetta var var bókað með eftirfarandi hætti í dómabók sýslunnar:

Ár 1886 laugardaginn 24. júlímánaðar var aukarjettur Húnavatnssýslu settur á skrifstofu sýslunnar, og haldinn af hinum reglulega dómara sýslumanni Lárusi Blöndal, var þá og þar í nærveru vottanna Halldórs Árnasonar og Kristjáns Magnússonar fyrirtekið að útnefna samkvæmt fyrirmælum ráðgjafa Íslands, tvo menn, til þess að virða til peningaverðs, jörðina Grímstungu, með undirliggjandi heiðarlandi, og Grímstunguheiði sjerstaklega út af fyrir sig, samt til þess, að kveða upp álit sitt um, hvort tiltækilegra sje eða betur tilfallið, að selja áðurnefnda jörð Grímstungu, með undirliggjandi heiðarlandi, frá Undirfellsprestakalli, eða aðeins Grímstunguheiði sjálfa, út af fyrir sig.

Rjetturinn útnefndi þá bændurna

1. hreppstjóra Jón Ólafsson á Sveinsstöðum og

2. Hannes Þorvarðarson á Haukagili

til að fyrirtaka umrædda virðingargjörð, og ber þeim þannig útnefndu virðingarmönnum, að framkvæma hana með samvizkusemi og eptir beztu þekkingu undir eið, ef krafist verður.[557]

Í frumvarpi til reglugjörðar um notkun afrétta í Húnavatnssýslu frá árinu 1894 kemur eftirfarandi fram um afréttarnot íbúa Sveinsstaðahrepps annars vegar og Áshrepps hins vegar á Grímstunguheiði, með meiru:

[555] Skjal nr. 2(70) a-b.
[556] Skjal nr. 2(134) a-b.
[557] Skjal nr. 2(110) a-b.

FRUMVARP FRÁ 1894

til reglugjörðar um notkun afrétta

í Húnavatnssýslu.

[...]

VI. Sveinsstaðahreppur.

Búendur Sveinsstaðahrepps skulu eiga upprekstur á Grímstunguheiði, að undanskildum þessum bæjum, Geirastöðum, Þingeyrum, Leysingjastöðum, Haga og Steinnesi, sem skulu eiga upprekstur á Haukagilsheiði.

VII. Áshreppur.

Búendur í Áshreppi skulu eiga upprekstur á Grímstunguheiði, nema bæirnir Ás, Saurbær og Haukagil með Gilhaga skulu eiga upprekstur á Haukagilsheiði, og bæirnir Forsæludalur, Þórormstunga, Kot, Vaglar og Guðrúnarstaðir skulu eiga upprekstur í Forsæludalskvíslar.

[...]

Á aukanefndarfundi á Blönduósi 24. febr. 1894.

B.G. Blöndal. Pjetur Pjetursson.

Þ. S. Þorláksson. Þorvaldur Bjarnason.

Af þeim ástæðum sem enn skulu undir umræðum málsins á sýslufundi framteknar, er

Ósamþykkur

Á. Á. Þorkelsson.[558]

Í fasteignamatinu 1916 kemur eftirfarandi fram í kafla um Grímstungu:

Nú er landið afgirt frá afrétt e. 3000 faðma langri gaddavírsgirðingu.[559]

Stjórnarráð Íslands sendi öllum sýslumönnum landsins bréf 29. desember 1919. Þar var þeim greint frá þingsályktun um rétt ríkisins til vatnsorku í almenningum frá 27. september 1919. Þeir voru beðnir um að skila skýrslu við fyrsta tækifæri um þau svæði í sýslum þeirra sem töldust vera almenningar svo og um afréttarlönd sem ekki hafi sannanlega tilheyrt eða tilheyri nú nokkru lögbýli.[560]

[558] Skjal nr. 2(287) a-b.
[559] Skjal nr. 2(76).
[560] Skjal nr. 4(3).

Bogi Brynjólfsson sýslumaður svaraði með bréfi dagsettu 28. apríl 1920. Hann segist hafa aflað sér upplýsinga um málið með því að óska eftir umsögnum hreppstjóra og geti sagt að í sýslunni sé ekkert slíkt svæði að finna nema Almenningur í Skagaheiði. Sýslumaður segir ennfremur: „Umsagnir 10 hreppstjóra um nefnt málefni fylgja hjer með og skal tekið fram að umsagnir hreppstjóra Blönduóss-, Torfalækjar-, Ás- og Fr. Torfustaðahrepps um málið fylgja ekki, en að ekki er, hvað hreppa þessa snertir, um neitt af hinum umspurðu svæðum að ræða.“[561]

Björn Sigfússon, umboðsmaður Þingeyraklaustursjarða, sendi Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu bréf, dagsett 27. desember 1924. Í því segir:

> Afrjettarland Ás- og Sveinsstaða- hreppa Grímstunguheiði, fylgdi áður Grímstungu-prestakalli, en fjell svo undir Undirfellsprestakall þegar brauðin voru sameinuð og Grímstungukirkja [kirkja, ofan línu] lögð niður. Bændur upprekstrarfjelagsins guldu fjallatolla eftir heiðina til prestanna, en sú kvöð fylgdi aftur prestsetrunum að leggja til endurgjaldslaust rjettarstæði, efni til veggjagerðar og nauðsynlegann haga fyrir afrjettarfjenaðinn meðan á rjettun stæði.
>
> Þannig stóð þetta, fyrst í Grímstungu og svo á Undirfelli þangað til heiðin var seld upprekstrarfélögum áðurnefndra hreppa, með kaupsamningi og afsalsbrjefi 4. nóv. 1901. Í þeim samningi er upprekstrafjelaginu áskilinn sami rjettur í Undirfellslandi, en tekið fram að greiða skuli 12 kr. árlega fyrir hrossarjettarstæði í sambandi við fjárrjettina.[562]

Björn segir að um þetta hafi aldrei verið neinn ágreiningur meðan prestanna naut við, hvorki í Grímstungu né á Undirfelli, og ekki heldur fyrstu árin sem núverandi ábúandi var á Undirfelli. Síðustu ár hafi þetta hins vegar valdið töluverði núningi milli ábúandans og hreppsnefndanna sem vilja halda fast í rétt sinn. Björn segist sammála hreppsnefndum Ás- og Sveinsstaðahreppa um það þetta sé skyldukvöð sem hvíli á Undirfelli, þ.e. að leggja til endurgjaldslaust réttarstæði á Undirfellseyrum (að undanskildum 12 krónum fyrir stóðrétt), efni til veggjagerðar sem jörðin gefur af sér og nauðsynlegan haga fyrir fé og hross réttarmanna eftir eldgamalli venju. Hann taldi því nausynlegt að tekið yrði fram við sölu Undirfells að umrædd kvöð hvíli á jörðinni annars sé hætt við að deilur kvikni.

Í ritinu *Göngur og réttir* II, frá árinu 1949, segir eftirfarandi um upprekstur Ás- og Sveinsstaðahreppa á afréttarlönd suður af Vatnsdal:

Afrétt Ás- og Sveinsstaðahreppa

> Suður af Vatnsdal eru góð og víðlend afréttarlönd, sem Ás- og Sveinsstaðahreppar eiga sameiginlega upprekstur á. Þessi sameiginlegu réttindi kallast Upprekstrarfélag Grímstunguheiðar. Auk hins sameiginlega

[561] Skjal nr. 2(4)
[562] Skjal nr. 2(263) a-b.

afréttarlands fylgja stór heimalönd, er ná til hálsa og heiða, ýmsum jörðum fremst í Vatnsdal.

[…]

Á öll hin víðlendari heimalönd eru gerð sameiginleg fjallskil af upprekstrarfélaginu.

Í sveitum Ás- og Sveinstaðahreppa, sem venjulega eru kallaðar Þing og Vatnsdalur, eru 45 jarðir. Af þeim eru nú 4 eyðijarðir, sem notaðar eru með öðrum jörðum. Ein jörðin er nýbýli.

[…]

Þótt sveitir þessar séu litlar að býlatöl, hefir verið framfleytt þar miklum fjölda búfjár. Hefir það krafizt mikillar vinnu bæði við leitir og réttir að koma fénaði til eigenda.

[…]

Lega og staðhættir afrétta

Grímstunguheiði og önnur afréttarlönd suður af Vatnsdal eru innan þess leitarkerfis, sem stærst er á Íslandi. Að austan er Auðkúluheiði, sem hafði samleit með Biskupstungnamönnum, þar til fjárpestargirðing var sett á Kili. Vestanvert er Víðidalstunguheiði, og að sunnan leitarsvæði Borgfirðinga.

Öll eru afréttarlönd þessi leituð eftir föstu, sameiginlegu skipulagi, sem einnig er bundið við aðrar nærliggjandi sýslur.

Þótt afréttarlöndin séu venjulega kölluð Grímstunguheiði, voru þau áður heimalönd ýmissa jarða. Austast eru Forsæludalskvíslar, sem fyrr voru heimalönd Forsæludals, en 1891 voru Kvíslar seldar upprekstrarfélagi Auðkúluheiðar og Grímstunguheiðar, sem á nú fjórða hluta landsins. Þar eru ágæt beitarlönd, einkum fyrir hross. Árið 1866 [svo] byggði Björn Eysteinsson, síðar bóndi í Grímstungu, býlið Réttarholt í Kvíslum. Bjó hann þar í 5 ár, og græddist vel fé. Er þar nærtækt til veiðifanga, bæði silungs og fugla, og landkostir ágætir. Björn var annálaður fyrir ratvísi og leitarferðir. Verður hans nánar getið síðar.

Vestanvert við Forsæludalskvíslar er Grímstunguheiði og Lambatungur, sem fylgdu henni hálfar. Vatnsdalsá skilur Kvíslar og Grímstunguheiði, en Bríkarkvísl Grímstunguheiði og Lambatungur. Vestast er Haukagilsheiði. Henni fylgdu hálfar Lambatungur. Álftaskálará skilur Lambatungur og Haukagilsheiði. Merki milli Víðidalstunguheiðar og Haukagilsheiðar er lína, sem horfir frá Fremrihlíðarklettum að Bláfelli á Stórasandi.

Fyrr á tímum voru heiðalönd þessi eign samnefndra jarða. Höfðu þá flestir búendur upprekstur á Grímstunguheiði og guldu Grímstungupresti og síðar Undirfellspresti, beitartoll, sem kallaðist fjallatollur. Varð það haustlamb frá hverjum búanda, sem fé átti. Var skattur þessi oft misvel af hendi leystur, og ekki laust við, að til óánægju drægi milli bænda og presta um greiðsluna.

Eftir að Upprekstrarfélagið keypti afréttina af viðkomandi jarðareigendum, féll niður beitargjaldið frá bændum. Grímstunguheiði var keypt árið 1901 af Undirfellspresti, sem hafði allar tekjur af henni, eftir að Grímstungukall var sameinað Undirfelli árið 1881. Var kaupverðið 1700 krónur fyrir heiðina, ásamt leigulausum réttindum fyrir fjárréttarstæði á Undirfellseyrum við réttun sauðfjár. Um leið féll sú kvöð á upprekstrarfélagið að kosta eyðingu refa, sem prestakallið hafði áður borið kostnað af.

Heiðalönd þessi eru ágæt beitarlönd, bæði fyrir hross og fé. Gróður er fjölbreyttur og víða mikill. Skiptast á ásar og mýrar, kvíslir og lækir, sem veita skilyrði til fjölbreytts gróðurs.

Á þurrlendinu á hæðum og ásum er grávíðirinn útbreiddastur, ennfremur er krækiberjalyngið víða mjög ríkjandi. Hinir stóru mýrarflóar, sem kallast flár og eru víða mjög blautir, eru víðast vaxnir broki og sjósastör. Í þessum heiðaflóum er oft urmull af gróðurlausum leir- og moldarhaugum, sem kallast rústir. Fylgja þessu tjarnarpollar og bleytur svo miklar, að tæplega er fært á sumum stöðum fyrir menn og sauðfé.

Langmestan hluta gróðrarins [svo] mynda hálfgrösin. Líka er mikið af língrösum með kvíslum og lækjum. Fjöldi fagurra blómjurta klæðir hæðir, holt og móa. Glitra þær með margs konar litum yfir hásumartímann.

Vötn og tjarnir eru víðs vegar um heiðarnar. Talsverð silungsveiði er í sumumm er var notuð mikið fyrr á tímum. Fuglalíf er fjölbreytt og mikið: mófuglar, endur, svanir, gæsir og helsingjar. Eru þeir síðasttöldu í tugþúsundatali um heiðarnar í september og október.

Grasatekja var mikil fyrrum, en eigi nema lítið hina síðari áratugi. Þó var allmikið tekið af grösum 1917-1919.

Mestur hluti þessara sumarhaga er 450−550 m yfir sjávarmáli.

Sunnanvert við Grímstunguheiði hækkar landið að mun, eru þar víðáttumikil, gróðurlítil og hrjóstrug öræfi, 600−850 m yfir sjó. Heita þau öræfi Stórisandur. Nær hann til Langjökuls suður og Fljótsdraga. Að norðan falla margar kvíslar og lækir frá Sandi. Stærstar eru Vatnsdalsá og Álftskálará. Falla þær saman fremst í Vatnsdal hjá Grímstungu. Stórisandur er mishæðóttur, stórgrýttur og óreglulegur að landslagi. Gróður er þar lítill, og sums staðar enginn. Vatn er þar hvergi í þurrkatíð. Þótt landið sé gróðursnautt, fer fé mikið um sandinn. Leitar það mikið til hinna grösugu haga í Fljótsdrögum, á Arnarvatnsheiði og víðar.

Í illviðratíð helzt fé þar lítt við. Snjór fellur þar snemma, og stormar eru tíðir, einkum þegar hausta tekur. Á Stórasandi eru örnefni fá og kennimörk mjög strjál. Skulu þó nokkur nefnd, er markverðust eru. Norðanvert við miðjan há-Sand er einkennileg strýta, sem nefndist Grettishæð, eigi mjög há, en sést langt að. Mun örnefni þetta frá dögum Grettis, samanber Grettissögu, 84. kapítula, en þar nefnd Grettisþúfa. Við Grettishæð liggur hinn forni

Sandvegur eða Skagfirðingavegur, er liggur um Mælifellsdal, Eyvindarstaðaheiði, yfir Blöndu á Blönduvöðum, vestur Auðkúluheiði norðan Sauðafells, vestur Öldur, á Stórasand við Svínafell, suðvestur Sand til Arnarvatns og sameinast þar Grímstunguheiðarvegi.

Sunnan Grettishæðar liggur Sanddalur, alldjúp dæld í Sandinn, með klettabelti að norðan. Þar er alveg gróðurlaust, enda þar sem Sandur er hæstur. Á þessum stað hittast leitarflokkar Vatnsdæla í göngum, svo sem síðar segir.

Á Sandi sunnanverðum er Bláfell, stórt og fallegt fell úr móbergi og mjög brunnu grjóti. Þar eru leitarmörk milli Víðdælinga og Vatnsdæla. Austar á Sandi eru nokkur há móbergsfell, er kallast Strýtur, einkennileg að lögun. Þar eru nokkur hraun með dálitlum kindahögum.

[…]

Þegar komið er suður af há-Sandi, lækkar landslagið og gróður fer vaxandi. Frá Bláfelli til Fljótsdraga kallast það Höllin. Þar eru kindahagar víða ágætir. Uppblásturs gætir þó víða í sunnanverðum Sandi.

Suðvestur af Bláfelli eru samfelldir hæðaásar, sem heita Langajörvi. Þar eru leitarmerki að sunnan fyrir Víðdælinga. Sunnan og suðaustan við Langajörva er víðáttumikið flatlendi, 500 m yfir sjávarmáli, sem heitir Fljótsdrög. Takmarkast þau af Langjökli og Hallmundarhrauni að austan og sunnan. Fljótsdrög eru víða blautlend mjög með gróðurmiklum flóum, tjörnum, lónum og jökulkvíslum, sem í vatnavöxtum flæða víðs vegar um sanda og aura. Gróður er þar mikill, og sækir sauðfé þangað mjög.

[…]

Veðursæld er óvenjuleg í Drögunum.

Um fjallskilaskyldu

Þar til seint á 19. öld hélzt sú venja, að allir búendur, sem kindur áttu, létu mann í fyrri göngur. Var þar eigi tekið annað tillit til fjárfjölda en að þeir fjárríkari sendu að auki í seinni göngur, útréttir og önnur smærri fjallskil. Þó var venja að láta gangnamenn frá fjárríkustu heimilum hafa verri göngur, þá er skipt var leitum.

Eftir að sveitarstjórnarlögin frá 1875 með skipun hreppsnefnda komu til framkvæmda, smábreyttist þetta fyrirkomulag í það, að hreppsnefndir jöfnuðu fjallskilum niður á fjáreigendur eftir framtali.

[…]

Fyrirkomulag gangna á Grímstunguheiði og lýsing þeirra

Göngur eru þessar: Fyrri göngur, bæði á heiðarnar og heimalönd, seinni göngur, þriðju göngur og eftirleitir.

Miklar breytingar hafa orðið á fyrirkomulagi gangna á ýmsum tímum, en þó hefir heildartilhögun haldizt svipuð síðan um seinustu aldamót.

Helztu breytingar, sem gerðar hafa verið, hafa snert smölun heimalanda og réttun þess fjár, sem þar er rekið saman.

[…]

Fram til 1918 var sérstakur leitarmannahópur látinn smala Forsæludalskvíslar. Fóru fimm þeirra af stað föstudaginn í 22. viku sumars og höfðu náttstað með Auðkúluheiðarmönnum þá nótt í Seyðisárdrögum. Leituðu þeir svo með þeim austan Langjökuls Búrfjöll og Þjófadalafjöll til sunnudags. Höfðu þá náttstað hinn sama og fyrstu nótt, ásamt 3 mönnum, er komu þann dag úr byggð. Leituðu svo þessir 8 menn næsta dag norður Öldur og Kvíslar með náttstað við Illukeldu eða Bótarfjall og næsta dag til byggða norður Bót og Tunguháls að Þórormstungu og þaðan til Undirfellsréttar. Nú eru Kvíslar leitaðar með samsmölun við Austurheiðarmenn og sameinað fjallsafni þeirra, en safnið af Bót og heimalöndum austan Vatnsdalsár er nú réttað í Þórormstungu, og úrtíningur rekinn til aðalréttar.

[…]

Árið 1900 var gerð gagngerð breyting á heiðargöngunum fyrir forgöngu Jóns Jónssonar, bónda á Hofi, sem var í áratugi gangnaforingi og hafði mikil áhrif um langan tíma á framkvæmd fjallskilamála. Fram til ársins 1900 fóru allir Grímstunguheiðarmenn 40 að tölu, af stað í fyrri göngur föstudaginn í 22. viku sumars. Fóru þeir hinn fyrsta dag Grímstunguheiðarveg og suður í Fossabrekku í Víðidalstunguheiði og höfðu náttstað þar með Víðdælingum.

[…]

Á laugardag hófst leit suður vestanverðan Sand til Fljótsdraga, og var hafður náttstaður í Fljótsdragatanga. Þá var venja að senda sex menn til Réttarvatns, er ásamt Víðdælingum, Miðfirðingum og Borgfirðingum réttuðu þar fé. Komu þessir sex síðan til Fljótsdraga.

Sunnudagsnóttina var vakað yfir fé og hestum á Tanganum.

[…]

Næsta dag, sem var sunnudagur, var leitað norður yfir Sand, og mönnum skipt í hópa til framhaldsleitar á heiðarnar.

[…]

Féð, sem fannst á Sandi sunnanverðum og Fljótsdrögum, var rekið norður yfir Sand. Ráku Lambatungumenn það.

[…]

Sú breyting, sem gerð var árið 1900 á fyrri göngum, þótti gefast betur. Var nú meiri samvinna fengin við Borgfirðinga um leit sunnan Sands og sundurdrátt á fé við Réttarvatn. Skal nú meir sagt frá þeirri tilhögun og farið með

lesandann í göngur, eins og þær hafa verið síðan um aldamót, og er Ágúst á Hofi, leitarforingi, leiðsögumaður ferðarinnar:

Fimmtudgainn í 21. viku af sumri leggja af stað 11 röskir menn úr Vatnsdal og Þingi til fjárleitar á Stórasand og í Fljótsdrög til samleitar með Borgfirðingum. Skulu þeir einnig hirða fé við Réttarvatn úr austurhreppnum.

[…]

Kl. 7 er lagt af stað og leið tekin að Stórasandi. Í fremstu högum, er nefnast Bríkarkvíslardrög, er stanzað.

[…]

Við Grettishæð er stanzað, […].

[…]

Nú er stefnan tekin til suðausturs og stefnt að Krák. Er nú farið allgreitt eftir föngum. Norðvestan við Krák er stanzað. Skal nú skipt til leitar suðvestur Sandinn. Tveir skulu leita austanvert við Krák suður að Langjökli og vestur með honum með hliðsjón af hinum. Vestustu mennirnir taka stefnu á Bláfell. Heldur nú leitarröðin suður Sandinn, suður fyrir Strýtur. Þar á hæð einni, sem nefnist Sunnlendingahæð, hittum við 6 menn úr Borgarfirði. Þrír félagar þeirra eru til leitar niður í Fljótsdrögunum.

[…]

Nú fer að halla suðvestur af Sandinum og meiri kindagróður að sjást. Nokkrar drifhvítar kindur sjást fara á spretti suður Sandinn. Þær hafa fengið styggð af vesturjaðri leitarmanna.

[…]

Nú gerast hestarnir sporléttari. Þeir hafa margir farið þessa leið áður og vilja nú hraða ferðinni til Draganna, sem veita þeim bæði vatn og gras.

Fénu fjölgar fram undan, það er styggt í byrjun. Má nú gæta þess vel að tapa því ekki á jökulstallana eða hraunið. Leitarmannahringurinn færist saman. Nú er komið til Fljótsdraga.

[…]

Í dag er Réttarvatn miðdepill stórra leitarsvæða. Þangað smala auk Fljótsdragamanna Víðdælingar, Miðfirðingar og annar leitarflokkur Borgfirðinga. Þegar allir eru komnir, verða hér um 80 menn.

[…]

Hestar okkar eru sporléttir. Nú vita þeir, að norðurferðin er hafin. Margir þeirra eru þrautreyndir og vitrir gangnahestar, sem í ýmislegt hafa komizt. Þessi ljúfi ferðavilji þeirra sameinar okkur þessum traustu og þolmiklu ferðafélögum okkar, sem við eigum svo margt sameiginlegt með. Stefnan er tekin sunnan við Bláfell, og farið hart. Við fellið sunnanvert er stanzað í síðustu grasbrekkunni áður en lagt er á Sand. Hún er að mestu vaxin gulvíði.

[…]

Stefnan er tekin norðaustur sandinn og stefnt á Sanddal. Þar eigum við að hitta 24 menn, sem koma til viðbótar í smölun norður heiðarnar. Foringi þeirra er Lárus í Grímstungu, þaulreyndur fjallagarpur og eftirleitamaður.

[…]

Þegar komið er í Sanddal eru Sandmenn komnir.

[…]

„Foringjarnir“ ganga afsíðis og skipta liði á heiðarnar.

[…]

Fljótlega heldur Lárus af stað með 13 menn, er eiga að smala forsæludalskvíslar og austurhluta Grímstunguheiðar. Kallast sá hópur Austurheiðarmenn.

Annar hópur jafnstór, sem leita á Lambatungur og Vestur-Grímstunguheiði, leggur því næst af stað.

Nú erum við fimm eftir, er skulum fara vestur og hafa samleit við Víðdælinga norður Sand og hitta félaga okkar, er féð ráku í Álkulón. Eiga þessir menn að smala norður Haukagilsheiði og Víðidalsfjalls. Nefnast þeir Haukagilsheiðarmenn.

Skipt er tafarlaust til leitar, og fara nú allir eftir nánari leitarreglum norður Sand og Öldur. Bráðlega sjáum við toppana á Vatnsdalsfjöllum. Nokkur reytingur af kindum sést, þegar hér er komið. Þær eru í fyrstu styggar, og gæta þarf þess vel, að leitarmenn fari rétt, svo að óþarfa eltingar þurfi eigi, því að hér er slæmur vegur og seinfarinn hestum.

Þegar fer að halla norður af Sandi, sést stór fjárbreiða í Álkulónum. Þar hefir Álftskálará upptök sín. Er sú fjárbreiða fé það, sem rekið var frá Réttarvatni af félögum okkar.[563]

Páll Kolka lýsir heiðum í Húnavatnssýslu í þar til gerðum kafla í riti sínu *Föðurtúnum* árið 1950. Þar segir svo:

Vestan Blöndu er fyrst Auðkúluheiði, sem er mjó, en nær alla leið suður á miðjan Kjöl. Þá taka við Forsæludalskvíslar hið næsta byggðinni, og ná þær vestur að Vatnsdalsá, en síðan Grímstunguheiði vestur að Álftaskálará og Haukagilsheiði þaðan að Heiðamótaás suður af Víðidalsfjalli. Suður af þeim eru Öldur og Stórisandur. Upp af vestursýslunni er fyrst Víðidalstunguheiði, sem nær vestur að Fitjaá, en suður af henni er Arnarvatnsheiði, fyrir vestan Stórasand. Þá er Aðalbólsheiði eða Lambatungur. Núpsheiði, Húksheiði og Staðarafrétt, sem liggur næst Hrútafjarðará. Þessi síðastnefndu afréttarlönd mynda norðurhluta Tvídægru.[564]

[563] Bragi Sigurjónsson, *Göngur og réttir* II, (1949), bls. 53-76.
[564] Páll V. G. Kolka, *Föðurtún*, (1950), bls. 421-422.

Páll Kolka skrifar m.a. svo um Grímstunguheiði árið 1950:

Strangakvísl er bæði vatnsmest og lengst af kvíslum Vatnsdalsár, því að hún kemur alla leið sunnan undan Krákshrauni og rennur fyrst á takmörkum Aldna og Stórasands, en síðan á mörkum Kvísla og Grímstunguheiðar eins og Vatnsdalsá, eftir að hún er til orðin. Vatnsdalsá fellur ofan í gljúfur mikil vestan undir Bótarfelli, og ná þau alla leið niður í botn Forsæludals. Á leið þeirri eru margir fagrir fossar, eins og skiljanlegt er, þegar hæðarmismunurinn á hálendinu og dalgrundinni er athugaður, því að hann mun vera 300-350 m. á 5 km. svæði, sem gljúfrin ná yfir. Gerðar hafa verið nokkurar undirbúningsathuganir um vatnsvirkjun á þessum slóðum, og er niðurstaðan sú, að stífla megi Vatnsdalsá efst, gera mikla uppistöðu úr Vestara-Friðmundarvatni og Melbrigðaflá, leiða vatnsmagnið á þann hátt í Friðmundará og virkja hana, þar sem hún fellur ofan í dalinn. Væri þá hægt að gera þarna eitt af stærstu orkuverum landsins.

[...]

Norðurhluti Grímstunguheiðar er ásaland með flóum og flám á milli, og renna þar um kvíslarnar, sem falla í Vatnsdalsá og Álku. Suðurhluti heiðarinnar tekur yfir Stórasand austanverðan og nær allt til Búrfjalla og norðurkjálka Langjökuls. Syðst á Sandi eru tvö stór fell, Krákur beint vestur af Búrfjöllum og Bláfell allmiklu vestar. Krákur á Sandi er hæstur allra fjalla í Húnavatnssýslu, 1167 m., og sést mjög víða að, t.d. af Holtavörðuheiði, austanverðu Vatnsnesi og Stóra-Vatnsskarði. Norður úr honum gengur Krákshali, og liggur Krákshraun þaðan í norðaustur. Milli Kráks og Búrfjalla eru Hundavötn, og er land umhverfis þau gróðurlítið, en suðvestur af Krák eru Fljótsdrög, milli Stórasands og Hallmundarhrauns. Þar koma upp margar kvíslar, sumar undan norðurkjálka Langjökuls, aðrar úr hrauninu og af Langajörfa, sem er suðurjaðar Stórasands, en allar sameinast þær í Norðlingafljóti, sem rennur vestur í Hvítá. Fljótsdrög eru hluti af afréttum Borgfirðinga, en eru gengin af þeim og Vatnsdælingum í sameiningu. Safninu af þessum svæði og af suðurhluta Miðfirðingaafrétta er smalaða að Réttarvatni og það dregið þar í sundur. Réttarvatn er austast á Arnarvatnsheiði, nokkuð í suðvestur frá Bláfelli. Skagfirðingavegur lá suður Sand rétt norðan við Bláfell og Réttarvatn og síðan niður með Norðlingafljóti, sem hefur dregið nafn sitt af vegfarendunum.

Stórisandur liggur hátt, meginhluti hans um eða yfir 700 m., lækkandi norður á við og á mikill fjöldi smákvísla upptök sín í norðurjaðri hans. Milli þeirra eru ásar og hálsar með fellum á víð og dreif. Austast eru Þjófahæðir, vestan við Ströngukvísl, nokkuru vestan Lambamannasandfell, í norðurjaðri Sands, og er það allhátt, eða um 700 m. yfir sjó, en í vesturjaðri Sands norðanverðum er Suðurmannasandfell, álíka hátt. Lengstu kvíslarnar eru Öldumóðukvísl, sem rennur austur í Ströngukvísl, og Bríkarkvísl, sem rennur til norðurs og vesturs í Álku. Landið milli hennar og Álku heitir Lambatungur. Norður á

heiðinni eru mörg smávötn og eru þau stærstu þeirra, talin frá austri til vesturs, Refkelsvatn, Galtarvatn, Svínavatn og Þórarinsvatn. Norður af þeim eru Svínavatnshæðir, en út í tungunni ganga Hestás norður með Vatnsdalsá og Skútuháls norður með Álku.[565]

Um skiptingu heiðarlanda í Húnavatnssýslu, frá landnámi fram undir aldamótin 1900, segir svo í *Árbók Ferðafélags Íslands*, árið 1962:

Frá því á landnámsöld og fram undir síðustu aldamót [1900] skiptust heiðarlöndin milli fárra bæja, sem voru næstir þeim. Norðurheiðarnar bera nöfn þeirra bæja, sem áttu þær. Austan við afrétt Hrútfirðinga er Húksheiði, hún ber nafn af Húki í Vesturárdal; þá kemur Núpsheiði, hún ber nafn af Efranúpi í Núpsdal; þá kemur Aðalbólsheiði, sem er kennd við Aðalból í Austurárdal; þá Víðidalstunguheiði, kennd við Víðidalstungu í Víðidal, og síðast Haukagilsheiði og Grímstunguheiði, kenndar við Haukagil og Grímstungu í Vatnsdal. Arnarvatnsheiði alla átti Kalmanstungubóndinn allt til 1884.[566]

Í *Árbók Ferðafélags Íslands* frá árinu 1964 segir svo frá Grímstunguheiði:

Grímstungubær stendur í tungunni ofan við ármót Álftaskálarár og Vatnsdalsár. Staðurinn átti heiðina vestan Vatnsdalsár, og prestur fékk haustlamb í beitartoll af hverjum fjárbónda. Upprekstrarfélagið keypti Grímstunguheiði af Undirfellspresti árið 1901 fyrir 1700 krónur. Fylgdi því réttarstæði á Undirfellseyrum. Árið 1891 voru Forsæludalskvíslar (Dalskvíslarland) selt upprekstrarfélagi Auðkúlu- og Grímstunguheiðar. Á hið síðarnefnda fjórðung Kvíslarlandsins. Þar er grösugt mjög og silungsveiði í ám og vötnum.[567]

Í kafla um heiðarlönd í *Árbók Ferðafélags Íslands* frá árinu 1964 segir svo um takmörk Grímstunguheiðar, að austan og vestan, með meiru:

1. Grímstunguheiði.

Vesturtakmörk hennar við Víðdalstunguheiði eru úr Kornsárvatni sunnan Víðidalsfjalls og beina sjónhending suður-suðaustur um Hraungarða í Bláfell á suðvesturjaðri Stórasands. Sú vegalengd er 34 km. Úr Bláfelli mundu mörkin liggja austur í Krák á Sandi og þaðan í norðurenda Langjökuls.

Austurmörkin við Auðkúluheiði eru úr Káritlingatjörn, suður af Svínadalshálsi, beina stefnu suðaustur að mótum Fellakvíslar og Kólkukvíslar, norðan undir Áfangafelli. Síðan fylgja þau Fellakvísl suður á *Öldur* vestan undir Sauðafelli og þaðan sjónhendingu í Búrfjallahala undir norðausturhorni Langjökuls. Allt svæði þetta er nálægt 820 km^2 að víðáttu. Þar af er tæpur helmingur, um 380 km^2, gróið land að mestu, en syðri hlutinn, um 440 km^2, að mestu leyti gróðurleysur eða hlaupahagar. Meginhluti

[565] Páll V. G. Kolka, *Föðurtún*, (1950), bls. 430-432.
[566] *Árbók Ferðafélags Íslands*, (1962), bls. 52.
[567] *Árbók Ferðafélags Íslands*, (1964), bls. 159.

Stórasands, sem er forn hraundyngja, verður innan takmarka Grímstunguheiðar. Það er örfoka land í 700-800 metra hæð, hraun og hrjóstur. Hinn forni *Skagfirðingavegur* frá Arnarvatni liggur þvert yfir Sandinn frá Bláfelli austur-norðaustur á Sauðafellshala á Auðkúluheiði, og er vegalengdin milli fellanna um 25 km.

Leiðin um Grímstunguheiði, frá Arnarvatni í Vatnsdal, er fullir 45 km og stefnir lítið eitt austan við hánorður frá Skammá. Er henni lýst í Árbókinni 1962.[568]

Þann 30. júní 1986 auglýsti landbúnaðarráðuneytið takmörkun á upprekstri hrossa og sauðfjár á Grímstungu- og Haukagilsheiðar, Víðidalsfjall og Sauðadal í Austur-Húnavatnssýslu. Auglýsingin hljóðar svo:

AUGLÝSING

Um takmörkun á upprekstri hrossa og sauðfjár á Grímstungu- og Haukagilsheiðar, Víðidalsfjall og Sauðadal í Austur-Húnavatnssýslu.

Landbúnaðarráðuneytið hefur samkvæmt heimild í 5 mgr. 23. gr. laga nr. 17/1965 um landgræðslu, sbr. 2. gr. laga nr. 42/1982, ákveðið að banna upprekstur hrossa á Grímstungu- og Haukagilsheiðar, Víðidalsfjall, þ. e. sameiginlegan afrétt Ás- og Sveinstaðahreppa í Austur-Húnavatnssýslu, svo og upprekstur hrossa úr Þverárhreppi í Vestur-Húnavatnssýslu á fyrrnefnda afrétti. Bann þetta gildir frá og með 1. júlí n.k. og til ársloka 1986.Ennfremur skal upprekstur hrossa á Sauðadal takmarkast við 100 hross á tímabilinu 15. júlí til 10. september 1986.

Jafnframt hefur ráðuneytið ákveðið að upprekstur sauðfjár á Grímstunguheiði verði fyrst heimill eftir 10. júlí n.k.

Um brot gegn banni þessu fer eftir ákvæðum 43. gr. laga nr. 17/1965 um landgræðslu, sbr. 40. Gr. laga nr. 10/1983.

Landbúnaðarráðuneytið, 30. júní 1986.

Jón Helgason.

Jón Höskuldsson.[569]

Árið 1989 birtist kafli eftir Grím Gíslason um Upprekstrarfélag Grímstunguheiðar í ritinu Húnaþing III. Þar segir m.a. svo um Grímstunguheiði:

Afréttarsvæðin takamarkast í heild af Auðkúluheiði að austan og Víðidalstunguheiði að vestan með tilgreindum merkjum en inn til landsins ná þau allt til Langjökuls en er honum sleppir, til vesturs, um fjórðungamörk

[568] *Árbók Ferðafélags Íslands*, (1964), bls. 188.
[569] Skjal nr. 4(54).

milli Húnvetninga og Borgfirðinga, sem er bein lína úr Lyklafelli (Krák á Sandi) norðan Langjökuls, vestur í Réttarvatnstanga.

Að norðan og næst byggðinni takmarkast heiðin af heimalöndum þeirra jarða er næst liggja en það er frá austri til vestur heimalönd Forsæludals, Grímstungu og Gilhaga (sem áður tilheyrði jörðinni Haukagili).

Til þess að gera sér nokkra grein fyrir stærð heiðalandsins þá mun sem næst 40 km bein lína frá heimalandi Grímstungu suður í Fljótsdrög eða nokkuð suður fyrir fjórðungamörk á móti Borgarfjarðarheiði og nokkuð mun svipað um vegalengd þvert yfir heiðalöndin frá austri til vesturs. Þannig að öll ættu heiðalöndin að vera um 1600 km^2 að umfangi. Til samanburðar má geta þess að áðurnefndar fjarlægðir eru svipaðar og bein lína frá Blönduósi að Grímstungu en bæta verður við vegalengdinni heiman frá Grímstungu fram að heiðargirðingu en sú leið mun vera fullir sjö km.

Ekki er fjarri lagi að áætla að um helmingur þessa heiðalands sé að meira eða minna leyti gróinn en hinn helmingurinn að mestu auðn og á Stórisandur þar mestan hlut, enda er hann um og yfir 650 m yfir sjávarmál en hæst rísa þar á miðri leið yfir sandinn Grettishæð (781 m) og sjálfur Krákur (1167 m). Heiðalöndin fyrir norðan Stórasand eru svo fyrir neðan þessi hæðarmörk en þó að mestu meira en 450 m yfir sjávarmál. Er Grímstunguheiðin nokkru hálendari en Dalskvíslaland að austan og Haukagilsheiði að vestan.[570]

Um málaferli og deilur vegna ítölu í upprekstrarlöndum Austur-Húnavatnssýslu, á árunum 1984−1990, er fjallað mjög ítarlega í ritinu *Héraðsstjórn í Húnaþingi*, frá árinu 1992. Þar segir m.a. eftirfarandi:

Sumarið 1984 krafðist Landgræðsla ríkisins þess að ítala yrði gerð fyrir nokkur upprekstrarlönd í Austur-Húnavatnssýslu. Kom krafan fram vegna þess að ekki var samkomulag meðal heimamanna um á hvern hátt ætti að standa að takmörkun beitar. Sýslumaður Húnvetninga skipaði Jóhannes Björnsson sveitarstjóra á Laugarbakka, Ólaf R. Dýrmundsson landnýtingarráðunaut og Svein Runólfsson landgræðslustjóra í ítölunefnd og skilaði hún af sér ítölugerðum í apríl 1985.

Í úrskurðum nefndarinnar var ákveðið hámark ærgilda í tveggja til tveggja og hálfsmánaðar sumarbeit á Grímstungu- og Haukagilsheiði og önnur afréttarlönd, eign Upprekstrarfélags Ás- og Sveinsstaðahreppa og Þverárhrepps í Vestur-Húnavatnssýslu, skyldi vera samtals 6000, þ.e.a.s. fullorðið fé og vorlömb að auki. Þar af mátti ekki sleppa meira en 2000 ærgildum á Grímstunguheiði. Beit fyrir stóðhross var metin þannig að á móti hverri hryssu með folaldi reiknuðust 10 ærgildi en á móti hverju geldhrossi sjö. Fékk Áshreppur 2750 ærgildi í sinn hlut, Sveinsstaðahreppur jafn mörg og Þverárhreppur 500. Ennfremur ákvað ítölunefndin að hámarkstala ærgilda

[570] Grímur Grímsson, frá Saurbæ, „Upprekstrarfélag Grímstunguheiðar“. Húnaþing III, (1989), bls. 103.

í jafn langa sumarbeit á Sauðadal skyldi vera 1600, og í Þingeyraselsland, Kornsárselsland og hálfa Fremri-Rófuskarðshlíð skyldi vera samtals 1800 ærgildi. Alla þessa úrskurði aleit nefndin að bæri skilyrðislaust að endurskoða að fjórum árum liðnum.

Ítalan var kynnt á almennum bændafundi í Flóðvangi í Vatnsdal 2. maí. Þar skýrði Ólafur Dýrmundsson frá því að gróðurmat RALA fyrir þessi svæði öll væri samtals 6827 ærgildi, en ítölunefnd hefði bætt við þá tölu 1873 ærgildum svo alls væru gerðar tillögur um 8700 ærgildi. Þetta táknaði mikl breytingu því um 16000 ærgildum var beitt á þessi lönd sumarið 1984, 60% í sauðfé en 40% í hrossum. Í máli hans kom líka fram að fé hafði fækkað um 20-25% í Áshreppi frá árinu 1977 en mjög lítið í Sveinsstaðahreppi. Hrossum hafði hins vegar fjölgað álíka mikið í báðum hreppunum á þessum árum. Niðurstaða ráðunautarins var sú að beit á afréttunum nægði fyrir það sauðfé, sem rekið var á fjall 1984, en hrossunum yrði að finna önnur beitilönd.

Annar frummælandi á Flóðvangsfundinum var Andrés Arnalds gróðureftirlitsmaður, sem m.a. færði rök að því að óbreyttur fjárfjöldi en engin hrossabeit, þýddi til lengri tíma litið eins kílós aukning á fallþunga. Sveinn Runólfsson talaði síðastur sunnanmanna. Hann gerði grein fyrir þeirri lagalegu skyldu Landgræðslunnar að grípa í taumana þegar land er ofnotað, og skyldum sveitarstjórna til að framfylgja ítölu.

Voru síðan lagðar fram sameiginlegar tillögur Landgræðslu ríkisins og Búnaðarfélags Íslands um aðgerðir í upprekstrarmálum í sumarbeitilöndum Ás- og Sveinsstaðahreppa sumarið 1985. Þær voru:

6. Sveitasjórnir kanni upprekstrarþörfina sem fyrst.
7. Farið verði eftir ábendingum Gróðurverndarnefndar A-. Húnavatnssýslu um upprekstur. Upprekstri verði dreift á lengri tíma. Tekið verði frá girðingum á haustin ef margt fé hefur safnast að þeim.
8. Dreifing fjárins í afréttunum verði bætt, t.d. með færslu og fjölgun sleppihólfa.
9. Engin hross verði rekin fram fyrir girðingu á Grímstungu- og Haukagilsheiði (heimilt skv. 16. gr. afréttarlaga).
10. Fjöldi hrossa í Víðidalsfjalli og á Sauðadal verði takmarkaður í samráði við landeigendur. Reglur verði settar um beitartíma og hrossin tekin í fyrstu göngum.

Við umræður kom fram ágreiningur á milli Vatnsdæla annars vegar og Sveinsstæðinga og Þverhreppinga hins vegar. Hafði hreppsnefnd Sveinsstaðahrepps mótmælt því árið áður að ítala færi fram og var lítið hrifin af því framtaki landgræðslustjóra að biðja um hana, þótt rétturinn væri ótvírætt hans megin. Agnar Levy oddviti Þverárhrepps gerði grein fyrir ítölum í land Þverhreppinga frá 1924, 1938 og 1940. Hann taldi enga þörf á

ítölu í þetta sinn því nú voraði vel. Mótmælti hann síðan skerðingu á ítölu hreppsins úr 110 í 50 hross og að sauðfjártala félli með öllu niður. Fleiri Þverhreppingar tóku til máls og var þungt í þeim, ekki síst í garð Vatnsdælinga. Framhald málsins hlaut samt sem áður að velta á afstöðu hreppsnefndar Sveinsstaðahrepps, en úr henni sat aðeins Magnús Ólafsson á Sveinsstöðum fundinn í Flóðvangi.

Rúmum mánuði síðar kom í ljós að ágreiningurinn var djúpstæður og stóð í vegi fyrir samkomulagi. Þann 11. júní var haldinn sameiginlegur hreppsnefndarfundur Ás- og Sveinsstaðahreppa að Ási. Fyrir fundinum lá samþykkt hreppsnefndar Áshrepps þess efnis að engin hross skyldi reka á Grímstungu- og Haukagilsheiði né heldur í Víðidalsfjall þetta sumar. Sauðfé yrði ekki rekið á afrétt fyrr en 28. júní, nema gróðurverndarnefnd mæli með upprekstri fyrr, og aukarétt yrði haldin síðasta sunnudag í ágúst.

Þórir Magnússon Magnússon í Brekku, oddviti Sveinsstaðahrepps, sagði hreppsnefnd Sveinstæðinga hafa gert tillögu um það til sýslunefndar að flýta göngum um eina viku og myndi það létta á heiðunum. Hann sagði hreppsnefnd Sveinsstaðahrepps ekki viðurkenna ítölugerðina og myndi hún stefna því máli til dóms. Þyrfti að láta reyna á það hvort Sveinn Runólfsson gæti ráðið einhverju um það hvenær bændur rækju fé sitt á fjall. Miklar og á köflum nokkuð harðar umræður urðu á fundinum. Lauk honum svo að tillögur Áshreppinga voru bornar undir atkvæði og felldar á jöfnum atkvæðum.

Eftir þetta færðist aukin harka í málið. Hreppsnefnd Áshrepps vildi ekki una þessum úrslitum og skaut ágreiningnum til tafarlauss úrskurðar sýslunefndar strax daginn eftir fundinn með Sveinsstæðingum. Áður en til hans kom hélt fjallskilanefnd sýslunefndarinnar fund með oddvitum hreppanna tveggja sem í deilum áttu, þeim Jóni B. Bjarnasyni í Ási og Þóri Magnússyni í Brekku. Í ítarlegri fundargerð kemur fram sú skoðun Þóris að forræði yfir afréttarlöndum sé í höndum bænda eða forsvarsmanna þeirra, en ekki landgræðslustjóra. Taldi hann líka að útlit gróðurs væri með þeim hætti að eðlilegt væri að halda sama beitarálagi og árið áður. Væri hann ekki tilbúinn til að gera neinar frekari takmarkanir á upprekstri en þá. Dró Þórir gildi ítölugerðarinnar í efa, sagði hreppsnefnd Sveinsstaðahrepps ekki viðurkenna hana og hefði hún vísað málinu til lögfræðings. Þá teldi hann óljóst hvern rétt sýslunefndin hefði til afskipta og úrskurðar í þessu máli, gera yrði greinarmun á fjallskilum og beitarmálum.

Jón í Ási lagði í málflutningi sínum mikla áherslu á að gróðurvernd yrði aukin og þess vegna mætti alls ekki reka hross á fjall á þessu sumri. Gróðurmatið hefði verið gert af viðurkenndum vísindamönnum og það væri hið eina sem unnt væri að byggja á. Lauk fundinum svo að ekki náðist samstaða um upprekstrarmálin þótt málamiðlunartillögur væru lagðar fram.

Mánudaginn 24. júní fór gróðurverndarnefnd sýslunnar ásamt þeim Sveini Runólfssyni og Guðbjarti Guðmundssyni héraðsráðunaut í skoðunarferð um

Grímstunguheiði. Komust ferðalangarnir að þeirri niðurstöðu að ástand heiðarinnar væri mjög alvarlegt, hrís víða að hverfa og landið tekið að opnast eftir ofbeit undanfarinna ára. Beitarálag yrði að minnka mjög verulega, en vegna þess hve gróður væri skammt á veg kominn væri ekki hægt að ákveða að sinni hvenær upprekstur yrði heimilaður.

Erindi hreppsnefndar Áshrepps frá 12. júní var síðan tekið fyrir á aukafundi sýslunefndarinnar þann 27. sama mánaðar. Auk nefndarmanna sat Andrés Arnalds starfsmaður Landgræðslu ríkisins fundinn að ósk sýslumanns. Úrskurð felldi sýslunefndin svohljóðandi:

2. Upprekturstími sauðfjár sé í samræmi við álit gróðurverndarnefndar A-Hún. og jafnframt sé stuðlað að dreifingu upprekturs á legri tíma en verið hefir í samræmi við tillögu gróðurverndarnefndar.
3. Sett verði upp fleiri sleppihólf til þess að stuðla að betri dreifingu fjárins um heiðarnar.
4. Þess sé gætt, að taka fé frá heiðargirðingum, ef það safnast verulega saman síðsumars. Náist ekki samkomulag, sé farið eftir tillögum gróðurverndarnefndar A-Hún.
5. Upprekstur hrossa fram fyrir girðingu á Grímstungu- og Haukagilsheiðar verði ekki heimilaður.
6. Takmarkaður verði verulega fjöldi hrossa í Víðidalsfjalli og á Sauðadal frá því, sem var s.l. ár, og upprekstur ekki heimilaður fyrr en þá, þ.e. 25. júlí.
7. Upprekstrarfélagið komi til móts við þarfir Þverhreppinga og útvegi þeim hagagöngu norðan heiðagirðingar, fyrir allt að 75 hross, frá 25. júlí.
8. Aðalfjárrétt verði viku fyrr á hausti komanda, en ákveðið er í gildandi fjallskilareglugerð.

Þessa niðurstöðu samþykktu allir sýslunefndarmenn, þar með talinn Ólafur Magnússon á Sveinsstöðum, fulltrúi Sveinsstaðahrepps, en sýslumaður lét bóka að hann greiddi ekki atkvæði.

Hákon Árnason hæstaréttarlögmaður kærði þennan úrskurð til félagsmálaráðuneytisins í umboði hreppsnefndar Sveinsstaðahrepps með bréfi dagsettu 8. júlí. Taldi hreppsnefndin að sýslunefndin hefði ekki úrskurðarvald í ágreiningsmálum hreppanna tveggja og engin lög heimiluðu nefndinni þær aðgerðir sem ákveðnar hefðu verið. Ítölunni hefði líka verið komið á með ólögmætum hætti. Auk þess skerti hún beitarafnot meira en búrekstur bænda í hreppnum þyldi í einni svipan og aðlögunartíma væri þess vegna þörf.

Ráðuneytið féllst ekki á málaleitan Sveinsstaðahrepps og taldi sýslunefndinni heimilt að úrskurða um ágreininginn. Sá úrskurður geti hins vegar ekki talist endanlegur og megi þess vegna skjóta honum til dómstóla. Í blaðaviðtali

kvaðst Þórir oddviti í Brekku munu hlíta þessari niðurstöðu þar til umsögn dómstóla lægi fyrir (Feykir 28. ágúst 1985).

[…]

Nú tók við löng bið eftir niðurstöðum dómstóla í þeim þrætumálum sem risin voru. Á meðan tókust menn nokkuð á í blaðagreinum um haustið 1985 og veturinn sem fór í hönd.

Jón Ísberg sýslumaður vék sæti í máli Sveinsstaðahrepps vegna ítölunnar og var Garðar Gíslason borgardómari í Reykjavík skipaður setudómari í hans stað. Hann kvað upp úrskurð 27. júní 1986. Í stuttu máli sagt, féllst dómarinn á þá skoðun hreppsnefndar Sveinsstaðahrepps að ekki hafi verið rétt að ítölunni staðið. Skylt hafi verið að fá samþykki bændafundar fyrir ítölu áður en hún var gerð. Það hafi hins vegar ekki verið gert og dæmdust ítölugerðirnar allar þar með ógildar og hreppsnefnd Sveinsstaðahrepps óskylt að framfylgja þeim. Hér höfðu Sveinsstæðingar haft nokkurn sigur en eftir sem áður var samþykkt sýslunefndarinnar þeim þyrnir í augum.

Aðeins þremur dögum eftir að Garðar kvað upp dóm sinn gaf landbúnaðarráðuneytið út auglýsingu um bann við upprekstri hrossa á Grímstungu- og Haukagilsheiðar og Víðidalsfjall. Gilti bannið frá og með 1. júlí og til ársloka. Jafnframt var fjöldi hrossa, sem mátti reka á Sauðadal, takmarkaður við töluna hundrað á tímabilinu 15. júlí til 10. september. Upprekstur sauðfjár á Grímstunguheiði var heimilaður eftir 10. júlí. –Má það merkilegt heita ef ekki voru einhver tengsl á milli dómsuppkvaðningarinnar og auglýsingar ráðuneytisins.[571]

Þann 20. febrúar 1989 sendi Félagsmálaráðuneytið öllum sveitarstjórnum á Íslandi bréf og spurðist fyrir um upprekstrarrétt og afrétti sveitarfélaga o.fl. þar að lútandi[572]. Oddviti Ásshrepps, Jón B. Bjarnason, svaraði bréfi ráðuneytisins 13. febrúar árið eftir. Í svari Jóns kemur fram að sveitarfélagið eigi upprekstrarrétt á Grímstunguheiði, Haukagilsheiði, Víðidalsfjall o.fl.[573] Með svari Jóns fylgir skrá yfir afrétti tekin saman af Konráði Eggertssyni og Pétri Ólasyni f. h. sveitastjórna Ás- og Sveinsstaðahreppa, dagsett 4. maí 1981. Þar er mörkum afréttarins fyrir hreppanna tvo lýst svo:

Mörk við Auðkúluheiði eru bein sjónlína úr Karyrðlingatjörn í Fellakvísl þar sem Kólkukvísl rennur í hana, þá Fellakvísl þar sem Kólkukvísl rennur í hana, þá Fellakvísl til upptaka og þaðan í Langjökul. Fjórðungsmörk að sunnan eru úr Réttarvatnstanga sjónhending fyrir norðan Álftavötn og Fljótadrög upp í Lyklafell (Krák á sandi). Úr Lyklafelli í Langjökulsenda.

Mörk við Víðidalstunguheiði eru af fjórðungsmörkum lína norður með Bláfelli að vestan, svo norður heiðina eins og vötnum hallar til vesturs, norður

[571] Bragi Guðmundsson, *Héraðsstjórn í Húnaþingi*, (1992), bls. 327-332.
[572] Skjal nr. 4(16).
[573] Skjal nr. 4(17).

á Hraungarða svo ráða þeir meðan endast, og úr norðurenda þeirra í Bergárvatn. Þaðan réttsýni í efstu Gljúfurárdrög.

Síðan er gerð frekari grein fyrir einstökum afréttum og eigendum þeirra. Þá er merkjum Grímstunguheiðar er lýst svo:

> Grímstunguheiði er vestan Vatnsdalsár. Merki milli Grímstungu og Grímstunguheiðar eru þessi: Frá Vatnsdalsá ræður Sjónarhólslækur til upptaka og þaðan bein lína í Sýrsvatn. Frá Sýrsvatni ræður Sýrsvatnslækur til Selkvíslar og hún þaðan til Álku. Merki að vestan eru Álka, þar til Bríkarkvísl fellur í hana. Þá Bríkarkvísl til upptaka og þaðan stysta leið suður á fjórðungsmörk.
>
> Eigendur: Upprekstrarfélag Ás- og Sveinsstaðahreppa.[574]

Í *Árbók Ferðafélags Íslands*, frá árinu 2007, er Grímstungu- og Haukagilsheiði m.a. lýst svo:

> Suðurmörk heiðanna eru Langjökull og síðan lína frá Krák á Sandi vestur í Bláfellstjörn en vesturmörkin eru fram af Víðidalsfjalli um Heiðmótaás og sjónhending til Bláfells norðan Langjökuls.
>
> Er þetta um 1600 km^2 flæmi. Má heita að helmingur þessa lands sé gróinn. Stærsti hluti auðnarinnar er Stórisandur, sem er um 700-800 metra yfir sjávarmáli. Þar rís hæst Grettishæð en Krákur er sunnar og austar. Annars eru heiðalöndin yfirleitt 450-500 metra yfir sjó.[575]

Skipulagsskrá fyrir sjálfseignarstofnunina Grímstungu- og Haukagilsheiði, sem staðfest var 8. desember 2005, hljóðar svo:

> Skipulagsskrá fyrir
>
> Sjálfseignarstofnunina Grímstungu- og Haukagilsheiði
>
> 1.gr.
>
> Nafn og heimilisfang
>
> Sveitarfélagið Sveinsstaðahreppur, kt. 640269-4489, stofnar hér með sjálfseignarstofnun sem heitir Sjálfseignarstofnunin Grímstungu- og Haukagilsheiði. Stofnunin starfar samkvæmt lögum nr, 19/1988. Heimili hennar og varnarþing er á heimili formanns stjórnar hverju sinni.
>
> 2.gr.
>
> Stofnfé og eignir
>
> Sveitarfélagið leggur við stofnun sjálfseignarstofnunarinnar fram eignarhlut sinn í eftirtöldum fasteignum með öllum gögnum og gæðum og tilheyrandi

[574] Skjal nr. 4(13).
[575] *Árbók Ferðafélags Íslands*, (2007), bls. 223.

réttindum sem fasteignunum fylgja og voru eign Sveinsstaðahrepps þegar eignirnar voru afhentar stofnuninni.

Helmings (50%) eignarhlutur í:

Grímsstunguheiði og ½ Lambatungur sbr. kaupsamningi, dags. 4. nóvember 1901

Haukagilsheiði og ½ Lambatungur sbr. afsal dags. 7. ágúst 1894, 19. apríl 1924 og 27. júní 1996.

¼ Forsæludalskvíslar, sbr. kaupsamningur, dags. 24. nóvember 1890

Fremrihlíð, sbr. gjafa og afsalsbréf, dags. 24. maí 1970 og kaupsamningur og afsal dags. 21. desember 1998

Dalsland, sbr. afsal dags. 30. júní 1975

Haukagilsland, sbr. afsal. dags. 1. nóvember 1971

Þrístapaháls, sbr. kaupsamning dags. 24. júní 1958

Eignarhlutur (100%) í:

1/8 Sauðadals, sbr. kaupsamningur og afsal dags. 2. október 2000.

Þá leggur sveitarfélagið fram 622.000 krónur sem er höfuðstóll bankareiknings sem sérstaklega var stofnaður við KB banka á Blönduósi í þessu skyni.

3. gr.

Tilgangur

Tilgangur sjálfseignarstofnunarinnar er að tryggja að fasteignir hennar nýtist með sama hætti og verið hefur íbúum og búfjáreigendum sem búa innan marka Sveinsstaðahrepps eins og þau eru þann 31. desember 2005.

4.gr.

Nýting eigna stofnunarinnar

Sjálfseignarstofnunin tekur við þeim fasteignaréttindum sem tilgreind eru í 2. gr. með þeirri kvöð að virða upprekstrarrétt og veiðirétt einstakra jarða í samræmi við ákvæði laga nr. 6/1986 um afréttamálefni, fjallskil o.fl. auk fjallskilareglugerða settra með stoð í þeim og laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, með sama hætti og verið hefði ef löndin hefðu verið áfram í eigu sveitarfélagsins:

Eftirtalin lögbýli eiga upprekstarrétt á lönd stofnunarinnar við stofnun hennar:

Litla Gilja, Brekka, Syðri Brekka, Brekkukot, Öxl 1, Öxl 2, Hnausar 1, Hnausar 2, Bjarnastaðir, Másstaðir, Hjallaland, Helgavatn, Hnjúkur, Breiðabólsstaður, Breiðabólsstaður II, Miðhús, Uppsalir, Hólabak,

Vatnsdalshólar, Sveinsstaðir, Steinnes, Hagi, Norðurhagi, Leysingjastaðir, Leysingjastaðir II og Þingeyrar.

Jafnframt skuldbindur sjálfseignarstofnunin sig til að veita þeim búfjáreigendum í Sveinsstaðahreppi, sem samkvæmt gildandi lögum um afréttamálefni, fjallskil o. fl. á hverjum tíma, eiga upprekstrarétt á afrétt sveitarfélags eða upprekstrarfélags innan sveitarfélagsins, rétt til upprekstrar í lönd stofnunarinnar með sama hætti og verið hefði, ef löndin hefðu áfram verið eign sveitarfélagsins. Með upprekstrarrétti er hér átt við beitarafnot fyrir búfénað með þeim takmörkunum sem gilda um nýtingu og meðferð beitarlands samkvæmt ákvæðum laga um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986 og lög um landgræðslu nr. 17/1965, ásamt síðari breytingum.

Þeim, sem upprekstrarétt eiga á afréttarlöndin er óheimilt að framleigja eða selja þann rétt sinn.

Stofnunin skuldbindur sig til að haga beitarafnotum af landinu þannig að áfram verði sjálfbær beitarafnot af landinu, þ.e. að beitarálag rýri ekki gæði beitarlandsins. Verði breyting á fjölda lögbýla á svæði sjálfeignarstofnunarinnar, er stjórn hennar heimilt að leggja til breytingar til samþykktar á árlegum fulltrúaráðsfundi stofnunarinnar.

Í veiðifélögum, sem nú eru starfandi eða stofnuð verða um veiði í ám og vötnum sem lönd sjálfseignarstofnunarinnar liggja að og um fuglaveiði í löndum stofnunarinnar, skulu eftirtalin lögbýli fara með atkvæðisrétt í félögunum vegna þessara veiðiréttinda:

Litla Gilja, Brekka, Syðri Brekka, Brekkukot, Öxl 1, Öxl 2, Hnausar 1, Hnausar 2, Bjarnastaðir, Másstaðir, Hjallaland, Helgavatn, Hnjúkur, Breiðabólsstaður, Breiðabólsstaður II, Miðhús, Uppsalir, Hólabak, Vatnsdalshólar, Sveinsstaðir, Steinnes, Hagi, Norðurhagi, Leysingjastaðir, Leysingjastaðir II og Þingeyrar.

Þurfi að öðru leyti að taka ákvarðanir vegna veiðiréttinda í ám og vötnum sem fylgja löndum sjálfseignarstofnunarinnar eða um fuglaveiði í þeim löndum, skulu þær teknar á fulltrúaráðsfundi sjálfseignarstofnunarinnar. Stjórn stofnunarinnar boðar til slíkra funda.

Sú takmörkun gildir á handhöfn lax- og silungsveiðiréttinda að framantalin lögbýli hafa komið fram sem rétthafar veiðiréttar í vötnum á umræddum landsvæðum og því haft atkvæðisrétt í veiðifélögum vegna þeirra, í samræmi við 5. gr, gildandi laga um lax- og silungsveiði. Mun sú sama skipan haldast eftir að fasteignaréttindum skv. 2 grein hefur verið afsalað til sjálfseignarstofnunarinnar. Sjálfseignarstofnunin tekur hins vegar alfarið við félagsaðild og atkvæðisrétti í þeim veiðifélögum þar sem sveitarfélagið hefur farið með slík réttindi.

Á hverjum tíma skulu vera bundnir fjármunir í stofnuninni sem að verðgildi á núverandi verðlagi skulu nema 622.000 krónum miðað við vísitölu neysluverðs þegar skipulagsskrá þessi er staðfest.

gr.

Tekjur og gjöld – ráðstöfun tekna

Tekjur stofnunarinnar eru frjáls framlög stofnaðila og annarra aðila, vaxtatekjur og aðrar tekjur sem kunna að verða af rekstri og arður, sem eignir stofnunarinnar kunna að gefa af sér.

Tekjum stofnunarinnar og vöxtum af stofnframlagi má stjórn ráðstafa til niðurgreiðslu fjallskilakostnaðar ásamt greiðslu rekstrarkostnaðar sjálfseignarstofnunarinnar. Þá getur stjórn ráðstafað tekjum í samræmi við tilgang stofnunarinnar með því að veita lán eða styrki með kaupum og sölu eigna.

Gjöld sjálfseignarstofnunarinnar eru kostanaður við að sinna verkefnum í samræmi við tilgang stofnunarinnar, samkvæmt samkvæmt 3. gr. og annar almennur rekstarkostnaður hennar.

Meðan kvöð um nýtingu á landi stofnunarinnar til upprekstrar samkvæmt 1. mgr. 4. gr. stendur óhögguð skal sá aðili sem lögum samkvæmt er fengin stjórn og umsýsla fjallskila í sveitarfélagi þeirra sem upprekstrarréttinn eiga, standa straum af öllum kostnaði við nýtingu landsins sem upprekstrarlands og fjallskila, þar með talið byggingu, viðhaldi og rekstri gangnamannahúsa og girðinga, vega, vegslóða og þá einnig girðinga sem gerð er krafa um að reistar verði á landamerkjum við aðliggjandi lönd. Sami aðili skal einnig standa skil á þeim hluta fasteignagjalda og annarra gjalda og skatta sem stofnuninni kann að verða gert að greiða og lagðar eru á landverð.

6.gr.

Stjórn

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð þremur mönnum og varamönnum þeirra. Hún skal kosin á sameiginlegum fundi fulltrúa frá þeim lögbýlum sem eru innan sjálfeignarstofnunarinnar. Jafnframt mynda þessir fulltrúar frá lögbýlunum fulltrúaráð sjálfseignarstofnunarinnar. Fulltrúaráðsfund skal halda fyrir 1. maí ár hvert og stjórn boða hann á tryggan hátt með minnst viku fyrirvara.

Á þeim fulltrúaráðsfundi og öðrum fer um atkvæðisrétt eins og hér segir: Eigandi eða ábúandi hvers lögbýlis sem á upprekstrarrétt í lönd sjálfseignarstofnunarinnar skal hafa eitt atkvæði. Ef eigendur og/eða ábúendur lögbýlis eru fleiri en einn skulu þeir gera með sér skriflegan samning um hver

fari með atkvæðissrétt lögbýlisins. Við afgreiðslu mála á fulltrúaráðsfundum ræður einfaldur meirihluti atkvæða.

Stjórnarmenn, ásamt varamönnum, skulu kosnir til þriggja ára í senn, einn á hverju ári. Allir skulu þeir vera búsettir á svæði því sem er innan marka sveitarfélagsins Sveinsstaðahrepps hinn 31. desember 2005. Þeir skulu vera sjálfráða og fjár síns ráðandi.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Meirihluti atkvæða ræður úrslitum í stjórn stofnunarinnar. Stjórnin er ekki ályktunarhæf nema tveir stjórnarmenn hið fæsta séu viðstaddir á fundi. Stjórn er heimilt að ráða starfsmann til að sinna umsjón með eignum og rekstri stofnunarinnar. Tveir stjórnarmanna skulu rita firmað fyrir hönd stofnunarinnar og fara með prókúru fyrir hana en einnig er stjórn heimilt að fela ráðnum starfsmanni að fara með prókúru fyrir stofnunina.

Stjórnarfundi skal halda a.m.k. ársfjórðungslega. Formaður stjórnar boðar til funda. Stjórnarfundir skulu skráðir í gjörðabók. Ekki er heimilt að veðsetja eignir stofnunarinnar til tryggingar lánum eða öðrum skuldbindingum nema með samþykki stjórnar og dómsmálaráðuneytisins sbr. 5. gr. laga nr. 19/1988, ásamt síðari breytingum.

Óheimilt er að binda eignir stofnunarinnar nokkrum veðböndum eða skuldbindingum sem óviðkomandi eru tilgangi stofnunarinnar.

7.gr.

Reikningar-endurskoðun-ársskýrslur-rekstraráætlanir

Starfsár og reikningsár stofnunarinnar er almanaksárið. Ársreikningur stofnunarinnar skal endurskoðaður af skoðunarmönnum þess sveitarfélags sem stofnunin hefur heimilisfang í skv. 1. gr. og reikningurinn, ásamt skýrslu um starfsemi undangengis starfsárs, skal birtur með ársreikningi sveitarfélagsins. Ársreikningur skal áritaður af skoðunarmönnum og stjórn og sendur Ríkisendurskoðun ásamt skýrslu stjórnar.

Stjórnin skal gera rekstaráætlun fyrir næsta reikningsár fyrir 1. desember yfirstandandi reiknin<g>sárs. Stjórnin skal gæta þess eftir fremsta megni að kostnaður sé í samræmi við rekstraráætlanir.

8.gr.

Breytingar á stofnsamþykktum og slit stofnunarinnar.

Verði verulegar breytingar á grundvelli stofnunarinnar m.a. vegna breytinga á notkun upprekstarréttar á landi sjálfseignarstofnunarinnar eða tekjumöguleikum af eignum hennar, er heimilt að breyta samþykktum þessum

eða leggja stofnunina niður. Gildi slíkra ákvarðana er háð samþykki allra stjórnarmanna og samþykki 2/3 hluta atkvæða á fulltrúaráðsfundi.

Komi til þess að stofnunin verði lögð niður skulu eigir hennar afhentar sveitarfélagi því sem núverandi Sveinsstaðahreppur er hluti af, til varðveislu og/eða rástöfunar þannig að sem best falli að markmiðum stofnunarinnar samkvæmt 3. gr.

9.gr.

Staðfesting dómsmálaráðherra

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari í samræmi við ákvæði laga nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. Skipulagsskráin skal birt í B-deild Stjórnartíðinda sem og allar breytingar á henni.

10. gr.

Ákvæði til bráðabirgða

Þrátt fyrir ákvæði 6. gr. skal á stofnfundi sjálfseignarstofnunarinnar við fyrsta stjórnarkjör kjósa alla 3 stjórnarmenn og varamenn þeirra og gengur síðan einn stjórnarmaður og varamaður út samkvæmt hlutkesti fyrstu tvö árin. Verði ágreiningur um þau lönd sem hrepparnir afhenda sjálfseignarstofnuninni lagður fyrir dómstóla, skuldbindur sá hreppur sem leggur landið fram sig til að bera þann kostnað sem fellur á stofnunina vegna slíkra málaferla, enda hafi sveitarstjórn samþykkt málshöfðunina, eigi stofnunin frumkvæði að henni.

Í hreppsnefnd Sveinsstaðahrepps

Björn Magnússon

Magnús Pétursson

Birgir Ingþórsson

Gunnar Ellertsson

Líney Árnadóttir.[576]

Þann 30. júní 2006, var birt auglýsing í B-deild Stjórnartíðinda, um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá fyrir Sjálfseignarstofnunina Grímstungu- og Haukagilsheiði sem staðfest var 8. desember 2005 nr. 1120. Þar segir:

Stjórn Sjálfseignarstofnunarinnar Grímstungu- og Haukagilsheiði hefur

[576] Skjal nr. 7(5).

samþykkt eftirfarandi breytingar á skipulagsskrá sjóðsins:

Við 2. gr. bætist ný málsgrein er orðist svo:

Sveitarfélagið Áshreppur, kt. 430169-2899, leggur fram sem viðbótarstofnfé, í Sjálfseignarstofnunina Grímstungu- og Haukagilsheiði, eignarhluti sína í eftirtöldum fasteignum með öllum gögnum og gæðum og tilheyrandi réttindum sem fasteignunum fylgja og voru eign Áshrepps, þegar eignirnar voru afhentar stofnuninni.

Helmings (50%) eignarhlutur í:

4. gr. orðist svo:

a. Grímstunguheiði og ½ Lambatungur, sbr. kaupsamning, dags. 4. nóvember 1901.

b. Haukagilsheiði og ½ Lambatungur, sbr. afsal dags. 7. ágúst 1894, 19. apríl 1924 og 27. Júní 1996.

¼ Forsæludalskvíslar, sbr. kaupsamning, dags. 24. nóvember 1890.

c. Fremrihlíð, sbr. gjafa- og afsalsbréf, dags. 24. maí 1970 og kaupsamning og afsal, dags. 21. desember 1998.

d. Dalsland, sbr. afsal, dags. 30. júní 1975.

e. Haukagilsland, sbr. afsal, dags. 1. nóvember 1971.

f. Þrístapaháls, sbr. kaupsamning, dags. 24. júní 1958.

Nýting eigna stofnunarinnar.

Sjálfseignarstofnunin tekur við þeim fasteignaréttindum sem tilgreind eru í 2. gr. með þeirri kvöð að virða upprekstrarrétt og veiðirétt einstakra jarða í samræmi við ákvæði laga nr. 6/1986 um afréttamálefni, fjallskil o.fl. auk fjallskilareglugerða settra með stoð í þeim og laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, með sama hætti og verið hefði ef löndin hefðu verið áfram í eigu sveitarfélagsins.

Eftirtalin lögbýli eiga upprekstrarrétt á lönd stofnunarinnar við stofnun hennar:

Hvammur I, Hvammur II, Eyjólfsstaðir, Bakki, Hof, Gilá, Marðarnúpur, Guðrúnarstaðir, Vaglir, Kárdalstunga, Þórormstunga, Sunnuhlíð, Forsæludalur, Grímstunga, Haukagil, Saurbær, Ásbrekka, Ás, Brúsastaðir, Snæringsstaðir, Undirfell, Nautabú, Kornsá, Kornsá II, Gilsstaðir, Flaga, Litla Giljá, Brekka, Syðri Brekka, Brekkukot, Öxl l, Öxl 2, Hnausar l, Hnausar 2, Bjarnastaðir, Másstaðir, Hjallaland, Helgavatn, Hnjúkur, Breiðabólsstaður, Breiðabólsstaður II, Miðhús, Uppsalir, Hólabak, Vatnsdalshólar, Sveinsstaðir, Steinnes, Hagi, Norðurhagi, Leysingjastaðir, Leysingjastaðir II og Þingeyrar.

Jafnframt skuldbindur sjálfseignarstofnunin sig til að veita þeim

búfjáreigendum í Áshreppi og Sveinsstaðahreppi, sem samkvæmt gildandi lögum um afréttamálefni, fjallskil o.fl. á hverjum tíma, eiga upprekstrarétt á afrétt sveitarfélags eða upprekstrarfélags innan sveitarfélagsins, rétt til upprekstrar í lönd stofnunarinnar með sama hætti og verið hefði, ef löndin hefðu áfram verið eign sveitarfélagsins. Með upprekstrarrétti er hér átt við beitarafnot fyrir búfénað með þeim takmörkunum sem gilda um nýtingu og meðferð beitarlands samkvæmt ákvæðum laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986 og lög um landgræðslu nr. 17/1965, ásamt síðari breytingum.

Þeim sem upprekstrarétt eiga á afréttarlöndin er óheimilt að framleigja eða selja þann rétt sinn.

Stofnunin skuldbindur sig til að haga beitarafnotum af landinu þannig að áfram verði sjálfbær beitarafnot af landinu, þ.e. að beitarálag rýri ekki gæði beitarlandsins.

Verði breyting á fjölda lögbýla á svæði sjálfeignarstofnunarinnar, er stjórn hennar heimilt að leggja til breytingar til samþykktar á árlegum fulltrúaráðsfundi stofnunarinnar.

Í veiðifélögum, sem nú eru starfandi eða stofnuð verða um veiði í ám og vötnum sem lönd sjálfseignarstofnunarinnar liggja að og um fuglaveiði í löndum stofnunarinnar, skulu eftirtalin lögbýli fara með atkvæðisrétt í félögunum vegna þessara veiðiréttinda: Hvammur I, Hvammur II, Eyjólfsstaðir, Bakki, Hof, Gilá, Marðarnúpur, Guðrúnarstaðir, Vaglir, Kárdalstunga, Þórormstunga, Sunnuhlíð, Forsæludalur, Grímstunga, Haukagil, Saurbær, Ásbrekka, Ás, Brúsastaðir, Snæringsstaðir, Undirfell, Nautabú, Kornsá, Kornsá II, Gilsstaðir, Flaga, Litla Giljá, Brekka, Syðri Brekka, Brekkukot, Öxl l, Öxl 2, Hnausar l, Hnausar 2, Bjarnastaðir, Másstaðir, Hjallaland, Helgavatn, Hnjúkur, Breiðabólsstaður, Breiðabólsstaður II, Miðhús, Uppsalir, Hólabak, Vatnsdalshólar, Sveinsstaðir, Steinnes, Hagi, Norðurhagi, Leysingjastaðir, Leysingjastaðir II og Þingeyrar.

Þurfi að öðru leyti að taka ákvarðanir vegna veiðiréttinda í ám og vötnum sem fylgja löndum sjálfseignarstofnunarinnar eða um fuglaveiði í þeim löndum, skulu þær teknar á fulltrúaráðsfundi sjálfseignarstofnunarinnar. Stjórn stofnunarinnar boðar til slíkra funda.

Sú takmörkun gildir á handhöfn lax- og silungsveiðiréttinda að framantalin lögbýli hafa komið fram sem rétthafar veiðiréttar í vötnum á umræddum landsvæðum og því haft atkvæðisrétt í veiðifélögum vegna þeirra, í samræmi við 5. gr. gildandi laga um lax- og silungsveiði. Mun sú sama skipan haldast eftir að fasteignaréttindum skv. 2. grein hefur verið afsalað til sjálfseignarstofnunarinnar. Sjálfseignarstofnunin tekur hins vegar alfarið við félagsaðild og atkvæðisrétti í þeim veiðifélögum þar sem sveitarfélagið hefur farið með slík réttindi.

Á hverjum tíma skulu vera bundnir fjármunir í stofnuninni sem að verðgildi á

núverandi verðlagi skulu nema 622.000 krónum miðað við vísitölu neysluverðs þegar skipulagsskrá þessi er staðfest.

6. gr. orðist svo:

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð þremur mönnum og varamönnum þeirra. Hún skal kosin á sameiginlegum fundi fulltrúa frá þeim lögbýlum sem eru innan sjálfeignarstofnunarinnar. Jafnframt mynda þessir fulltrúar frá lögbýlunum fulltrúaráð sjálfseignarstofnunarinnar. Fulltrúaráðsfund skal halda fyrir 1. maí ár hvert og stjórn boða hann á tryggan hátt með minnst viku fyrirvara.

Á þeim fulltrúaráðsfundi og öðrum fer um atkvæðisrétt eins og hér segir: Eigandi eða ábúandi hvers lögbýlis sem á upprekstrarrétt í lönd sjálfseignarstofnunarinnar skal hafa eitt atkvæði. Ef eigendur og/eða ábúendur lögbýlis eru fleiri en einn skulu þeir gera með sér skriflegan samning um hver fari með atkvæðissrétt lögbýlisins. Við afgreiðslu mála á fulltrúaráðsfundum ræður einfaldur meirihluti atkvæða.

Stjórnarmenn, ásamt varamönnum, skulu kosnir til þriggja ára í senn, einn á hverju ári. Allir skulu þeir vera búsettir á svæði því sem er innan marka sveitarfélaga, Áshrepps og Sveinsstaðahrepps hinn 31. desember 2005. Þeir skulu vera sjálfráða og fjár síns ráðandi.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Meirihluti atkvæða ræður úrslitum í stjórn stofnunarinnar. Stjórnin er ekki ályktunarhæf nema tveir stjórnarmenn hið fæsta séu viðstaddir á fundi. Stjórn er heimilt að ráða starfsmann til að sinna umsjón með eignum og rekstri stofnunarinnar. Tveir stjórnarmanna skulu rita firmað fyrir hönd stofnunarinnar og fara með prókúru fyrir hana en einnig er stjórn heimilt að fela ráðnum starfsmanni að fara með prókúru fyrir stofnunina.

Stjórnarfundi skal halda a.m.k. ársfjórðungslega. Formaður stjórnar boðar til funda. Stjórnarfundir skulu skráðir í gjörðabók.

Ekki er heimilt að veðsetja eignir stofnunarinnar til tryggingar lánum eða öðrum skuldbindingum nema með samþykki stjórnar og dómsmálaráðuneytisins, sbr. 5. gr. laga nr. 19/1988, ásamt síðari breytingum.

Óheimilt er að binda eignir stofnunarinnar nokkrum veðböndum eða skuldbindingum sem óviðkomandi eru tilgangi stofnunarinnar.

2. mgr. 8. gr. orðist svo:

Komi til þess að stofnunin verði lögð niður skulu eignir hennar afhentar sveitarfélagi því sem núverandi Áshreppur og Sveinsstaðahreppur er hluti af, til varðveislu og/eða ráðstöfunar þannig að sem best falli að markmiðum stofnunarinnar samkvæmt 3. gr.

Ofangreindar breytingar á skipulagsskrá fyrir Sjálfseignarstofnunina Grímstungu- og Haukagilsheiði staðfestast hér með samkvæmt lögum um

sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 30. júní 2006.

F.h.r.
Hjalti Zóphóníasson.

Fanney Óskarsdóttir.[577]

Í *Árbók Ferðafélags Íslands*, frá árinu 2007, segir svo um Grímstungu og Grímstunguheiði:

> Bærinn í Grímstungu stendur á tungunni milli Álku og Vatnsdalsár. Hér var lengi kirkjustaður og prestssetur og átti kirkjan Grímstunguheiði. Heiðasafnið kemur hér niður á haustin og var á fyrri tíð dregið sundur í Grímstungu áður en réttin var flutt að Undirfelli.[578]

Yfirlýsing um landamerki milli Arnarvatnsheiðar í Borgarbyggð annars vegar og Grímstunguheiðar, Haukagilsheiðar/Lambatungna og Forsæludalskvísla í Húnavatnshreppi hinsvegar, var móttekin til þinglýsingar af sýslumannsembættinu á Blönduósi þann 5. júlí 2012. Samkvæmt yfirlýsingunni voru landamerki ofantalinna svæða hnitsett í samræmi við þá lýsingu sem fram kemur í landamerkjabréfi fyrir Arnarvatnsheiði, sem dagsett er þann 26. janúar 1886, sem og kaupsamningi fyrir Arnarvatnsheiði, sem dagsettur er þann 6. júlí 1901; landamerkjaskrá fyrir Grímstungu sem dagsett er þann 10. júní 1890; stofnskjali fyrir Hakagilsheiði/Lambatungum, dagsettu þann 14. apríl 2008 og loks stofnskjali fyrir Forsæludalskvíslum, dagsettu þann 28. október 2008. Með yfirlýsingunni fylgir uppdráttur sem lýsir nánar legu landamerkjanna og er uppdrátturinn dagsettur þann 26. apríl 2012 og er sagður lýsa skilningi landeigenda á þeim tímapunkti á legu landamerkjanna. Yfirlýsingin sjálf er dagsett þann 20. júní 2012 og undirrituð sama dag í Borgarnesi fyrir hönd hlutaðeigandi. Vegna Arnarvatnsheiðar skrifar Snorri H. Jóhannesson undir (Arnarvatnsheiði og Geitland), vegna Grímstunguheiðar skrifar Björn Magnússon undir (Sjálfseignarstofnunin Grímstungu- og Haukagilsheiði), vegna Haukagilsheiðar/Lambatungna skrifar Björn Magnússon undir (Sjálfseignarstofnunin Grímstungu- og Haukagilsheiði), vegna Forsæludalskvísla skrifar Jóhannes Guðmundsson undir (Sjálfseignarstofnunin Auðkúluheiði) og þá Björn Magnússon (Sjálfseignarstofnunin Grímstungu- og Haukagilsheiði) og loks Skúli Þórðarson sveitarstjóri Húnaþings Vestra fyrir hönd síns sveitarfélags. Þórður Þórðarson (Landlínur ehf.) undirritar fyrir hnitsetningu og uppdrætti og Ólafur B. Óskarsson og Brynhildur Gísladóttir votta réttar undirskriftir og dagsetningu.[579]

[577] Skjal nr. 8(4).
[578] *Árbók Ferðafélags Íslands*, (2007), bls. 224.
[579] Skjal nr. 4(130).

5.5.1 Aðliggjandi og tengd svæði

5.5.1.1 Grímstunga

Í máldaga Auðunar biskups rauða Þorbergssonar fyrir Hólabiskupsdæmi frá árinu 1318, segir að Grímstungur eigi heimaland allt og Torfastaði og Sunhlíð með til Merkidælar, Grafarland, Saurteig í Saurbæjarlandi, 12 kýr, 33 ær, cccc vöru, veiðar allar og afrétt að helmingi við Þórhallsstaðir. Sá er á stað býr í Grímstungum, skal veita afrétt ef hann vill, en ei sá er Þórhallsstaði á.[580]

Í máldögum Jóns biskups skalla Eiríkssonar fyrir Hólabiskupsdæmi, frá árunum 1360−1386, segir að kirkja í Grímstungum eigi allt heimaland og hálfar Lambatungur við Haukagil, selland suður á fjalli.[581]

Í máldögum Péturs biskups Nikulássonar fyrir kirkjum í Hólabiskupsdæmi frá árinu 1394 og síðar, segir að kirkja á Grímstungum eigi allt heimaland og hálfar Lambatungur við Haukagil.[582]

Í máldögum Ólafs biskups Rögnvaldssonar um Hólabiskupsdæmi frá árinu 1461 og síðar, segir að kirkjan í Grímstungum eigi allt heimaland og hálfar Lambatungur um Haukagil..[583]

Þann 10. maí 1726, lögfesti Hallur prestur Ólafsson alla jörðina Grímstungu, liggjandi í Ásshreppi, og allar hálfar Lambatungur. Landamerkja er getið. Þessu var þinglýst sem og upplesið fyrir rétti að Ási í Vatnsdal sama dag. Í dómabók sýslunnar var þetta fært með eftirfarandi hætti til bókar:

> Med þvi eg underskrifadur, hefe i nockur næstlidenn ár, af annara manna peninge, nefnelega: hestum og hrossum, stórann baga og skada lided, hver þeirra hross yngre og Elldre, hafa hier i Grimstungu Stadarlande geinged, bæde sumar og vetur, á Sumrum i búfiárhögum, stundum og i Tödum og Eingium, Eirnenn á veturnar i veniulegum fiárbeitar högum, med stórum átrodninge, So fe mitt hefur þar fyrer matt lýda Stórann Skort, af grasmisser, og hagleise, og þó eg þar hafe adfunded vid Eigendurnar þessara hrossa, óskad þeir villde þaug burtreka, þá hefur þar Eingenn bót á vered giörd. Enn Sýdur nockur þocknun, edur betalingur, fyrer þvilykann ótilbærelegann ágáng og beit, komed edur sýndur vered. Þar fyrer lögfeste Eg Hallur prestur Olafsson Jördena alla Grimstungu, liggiande i Aass hrepp, og siálfrar sinnar kyrkiusokn, ad tilteknum þessum hennar vafalausum landamerkium. Rædur ad vestannverdu Alftaskála á, allt þar til Brykarkvýsl Rennur, og so lángt sudur, sem greind Brykarkvýsl hefur sýn upptök. Enn ad austannverdu Rædur Vatnsdalsá, sudur á fiall til sinna upptaka. Eirnenn lögfeste Eg Sunnhlýd til Merkedælldar, sem liggur fyrer austann Vatnsdalsá, og allar halfar Lambatungur vestann Brykarkvýsl, mótz vid Haukagils menn, efter

[580] Skjal nr. 2(78).
[581] Skjal nr. 2(79).
[582] Skjal nr. 2(81).
[583] Skjal nr. 2(83).

Grimstungukyrkiu máldögum. Lögfeste Eg fyrrnefndrar Jardar, Tödur, og Eingiar, hollt og haga, vötn og veidestade, og allar landznytiar, er þvi lande eiga ad filgia, til ádurtalldra ummerkia, fyrerbýd eg hverium manne hier efter ad brúka Edur beita, hestum synum, edur ödrum Peninge, vetur edur Sumar, eda i nockru sier ad nýta, nema mitt sie lof eda leife til.

Enn þessare minne lögfestu til meire myndugheita, skrifa Eg mitt nafn hier under ad Grimstungu þann 10da May Anno 1726.

Hallur Olafsson

Þinglyst og upplesenn fyrer Riette á Aase i Watnzdal föstudagenn þann 10da May Anno 1726.[584]

Afskrift máldaga kirkjunnar í Grímstungu eftir máldagabók Auðuns biskups 1398, ásamt lögfestum frá 10. maí 1726 og 16. júní 1779 voru lesnar upp fyrir manntalsþingsrétti 16. juní 1779:

[...] Önnur logfesta fyrir Grimstungu Benificio

Eg N.N. logfeste konunglegrar majest. Benificium Jordina Grímstungu liggandi í Ass þyngsókn innan Hunavatns syslu, at tilteknum þessum hennar vafalausum landamerkium. At Vestannverdu rædur á sú er Alftaskálará heiter, alt þar til Bríkarqvisl rennur frá sinnum upptökum. Enn ad austannverdu rædur Vatnsdalsá alt til sinna upptaka. Eirnig lögfeste eg Sundhlíd til Merkedældar, sem liggur fyrer austan Vatnsdals á, og allar hálfar Lambatungur Vestan Brikarqvisl móts vid Haukagils menn, epter Grimstungu kirkiu máldögum. Lögfeste eg fyrnefndrar Jardar Tödur og Eingiar, holt og haga, Vötn og Veidestade og allar lands nytiar er því lande eiga at fylgia til ádur taldra ummerkia. Fyrerbíd eg hverium Manni her epter at brúka edur beita hrossum sínum, Vetur edur Sumar, edur í nockru sér ad nyta, hér nefnt land kirkiunnar í Grimstungu, nema mitt sé lof edur leife til. Enn þessarri lögfestu til frekari stadfestu –

Grimstungu þan 16 Junii 1779. (N.N.)

Upplesed fyrer manntalsþyngs Rettinum þann 16 Junii 1779

M. Gislason.[585]

Landamerkjabréf fyrir Grímstungu var útbúið 10. júní 1890 og því var þinglýst sama dag:

Að vestanverðu ræður Álptaskálará allt þar til Búkarkvísl í hana rennur, síðan ræður Búkarkvísl til sinna upptaka, og svo til suðurs, eptir því sem vötn að draga, svo allar hálfar Lambatungur móts við Haukagilsheiðar eiganda. Úr

[584] Skjal nr. 2(147) a-b.
[585] Skjal nr. 2(197) a-b.

> Álptaskálarárgili er stefnan eptir fornum farveg, er liggur fyrir sunnan svo nefndan Rjettarhólma, og stefnir til landnorðurs úr gilinu, og beint í Pollshamar austan Vatnsdalsár, er sá klettur niður við láglendið nokkru utar en Sauðarskjól. Að austanverðu ræður Vatnsdalsá allt til hennar upptaka, og svo beint til suðurs, til jökla.[586]

Hjörleifur Einarsson skrifaði undir vegna prestakallsins en J. Hannesson vegna eiganda og umráðamanns Haukagils.

Þann 20. nóvember 1959 seldi Lárus Björnsson í Grímstungu þeim Eggert E. Lárussyni og Grími H. Lárussyni meginhluta jarðarinnar Grímstungu í Áshreppi. Í afsalinu segir:

> Undanskilið í kaupunum eru beitarhús á Sléttudal ásamt túni þar og [strikað yfir: beitarhúsum] girðingum. Sléttidalur og Fremridalur fram að Syðra-Selsskurði, sem fellur í Vatnsdalsárgil sunnan við Krummastall, ennfremur 1/3 hluti sameiginlegs beitilands og veiðirétti í Vatnsdalsá á móti Forsæludalslandi og vegaréttindi eftir engjavegi frá Grímsstungu fram á Beitarhús. Þá skal Lárus hafa endurgjaldslaus afnot af þrem herbergjum í íbúðarhúsi jarðarinnar. Eggert er eigandi að peningshúsum og heygeymslum öllum á heimajörðinni að hálfu á móti Grími, svo og 10 hekturum ræktunarlands innan engjagirðingar og hálfu öðru landi innan engjagirðingar á móti Grími. Þá á Eggert 1/3 hluta sameiginlegs beitilands jarðarinnar og veiðirétti til jafns við Grím. Grímur er eigandi að íbúðarhúsi jarðarinnar öllu, heygeymslum öllum og peningshúsum að hálfu á móti Eggert, heimatúni jarðarinnar öllu og helming lands innan engjagirðingar að undanskildum 10 hekturum, sem eru séreign Eggerts. Þá á Grímur 1/3 hluta sameiginlegs beitilands jarðarinnar og veiðirétt til jafns við Eggert. Eggert og Grímur eiga og að sjá um viðhald engjagirðingar og túngirðingar um heimatún. Lárus, Eggert og Grímur sjá um viðhald Ásendagagirðingar og afréttargirðingar að jöfnu.[587]

Fram kemur einnig að ef Grímur og Eggert vilji selja sinn hluta jarðarinnar eigi afkomendur Lárusar óskoraðan forkaupsrétt að eignarhlutum þeirra á fasteignamatsverði. Þá eigi þeir Eggert og Grímur forkaupsrétt að hluta Lárusar að honum látnum eða vilji hann selja hluta sinn. Undir afsalið skrifa Péturína B. Jóhannsdóttir, Lárus Björnsson, Eggert E. Lárusson og Grímur Lárusson. Afsalið var lesið upp á manntalsþingi á Ásbrekku 16. ágúst 1960.

Lárus Björnsson í Grímstungu seldi og afsalaði syni sínum Eggerti E. Lárussyni í Hjarðartungu jarðirnar Grímstungu og Kvisthaga í Áshreppi með bréfi dagsettu 19. apríl 1969. Fram kemur í bréfinu að seljandi hafi öll afnot af hinum seldu jörðum svo lengi sem hann nytjar þær sjálfur og óskar þess og tekur þar með allan arð af veiðihlunnindum. Þá er það tekið fram að ef jarðirnar Grímstunga og Kvisthagi

[586] Skjal nr. 2(38).
[587] Skjal nr. 4(174).

verði sameinaðar á ný þá skuli Grímstungunafnið haldast. Undir afsalið skrifa nöfn sín Lárus Björnsson, Péturína B. Jóhannsdóttir, Eggert E. Lárusson og Kristín Hjördís Líndal. Það var svo lesið upp á manntalsþingi 29. júlí 1969.[588]

5.5.1.2 Þórhallsstaðir (Þórhallastaðir)

Í máldaga Auðunar biskups rauða Þorbergssonar fyrir Hólabiskupsdæmi frá árinu 1318, segir að Grímstungur eigi afrétt að helmingi við Þórhallsstaði. Sá er á stað býr í Grímstungum, skal veita afrétt ef hann vill, en ei sá er Þórhallsstaði á.[589]

Í máldögum Jóns biskups skalla Eiríkssonar fyrir Hólabiskupsdæmi, frá árunum 1360−1386, segir að kirkja í Grímstungum eigi m.a. Þórhallsstaði. Þar segir:

> Hun a heima land allt og Torffustadi og Snudhlid ofann til merckidals. Grafarland. syrteyg. j saurbæiarland. þorhalldz stadi. og veydar allar og afriett er þorhalldzstodum hefur fylgt hallfar LambaTungur vid Haukagil. selland sudur a fialli.[590]

Í máldögum Péturs biskups Nikulássonar fyrir kirkjum í Hólabiskupsdæmi frá árinu 1394 og síðar, segir að kirkja á Grímstungum eigi m.a. Þórhallsstaði. Í meginatriðum er vitnisburður þessa tiltekna máldaga sá sami og í máldaga Jóns biskups skalla. Í máldaga Péturs biskups segir svo:

> Hun á [...] Þorhallsstadi og veydar allar og afriett er þorhallsstodum hefur fylgt halfar lambatungur vid haukagil. selland sudur a fialli.[591]

Í máldögum Ólafs biskups Rögnvaldssonar um Hólabiskupsdæmi frá árinu 1461 og síðar, segir að kirkjan í Grímstungum eigi Þórhallsstaði, og afrétt þá er jörð þeirri hafi fylgt. Þar segir:

> hun aa allt heimaland [...] þorallzstadi oc veidar allar oc afrett er þoralzstodum hefer fylgt. halfar lambatungr vm haukagil. selland sydur a fialli.[592]

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* yfir Vatnsdalshrepp fremri, frá árinu 1706, segir eftirfarandi um Þórhallsstaði:

> Þorhallastader.
>
> Eru almenn munnmæli að í staðarins Grímstúngu landi hafi að fornu bólstaður verið. Enginn veit rök til þess, nema bæjarnafnið og Grettissögu. Bæjarstæðið er öllum kunnugt og heldur það enn nafninu. Girðíngarnar hafa brattlendisskriður og Vatnsdalsá eyðilagt, og að manna meiníng aldrei bólstaður verið í 200 ár eður lengur. Það er nú átölulaust um aldur og æfi

[588] Skjal nr. 4(180).
[589] Skjal nr. 2(78).
[590] Skjal nr. 2(79).
[591] Skjal nr. 2(81).
[592] Skjal nr. 2(83).

> Grímstúngu land, og örvænt aftur að byggja, því skriður hafa töður og engjar öldungis eyðilagt.[593]

Þorsteinn Konráðsson birti ritgerð um eyðibýli, eyðihjáleigur og eyðisel í Húnaþingi árið 1932. Þar skrifar hann eftirfarandi um Þórhallastaði:

> 14. Þórhallastaðir (285). Býli þetta er eitt af þeim, sem talin eru landnámsbýli, svo sem Grettis-saga upplýsir um. Örnefni haldast enn: Glámsþúfa, Skessufoss o. fl. Flest er óljóst, er snertir Þórhallastaði. Túnummálið í vafa og rústir óglöggar.[594]

[593] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VIII. Húnavatnssýsla, bls. 285.
[594] Þorsteinn Konráðsson, „Skrá yfir eyði-býli, -hjáleigur og -sel í Húnaþingi“, *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags* 44 (1932), bls. 65.

5.6 Haukagilsheiði

Í máldögum Jóns biskups skalla Eiríkssonar fyrir Hólabiskupsdæmi, frá árunum 1360−1386, segir að kirkja í Grímstungum eigi allt heimaland og hálfar Lambatungur við Haukagil. Þar segir:

> Hun a heima land allt og Torffustadi og Snudhlid ofann til merckidals. Grafarland. syrteyg. j saurbæiarland. þorhalldz stadi. og veydar allar og afriett er þorhalldzstodum hefur fylgt hallfar LambaTungur vid Haukagil. selland sudur a fialli.[595]

Í máldögum Péturs biskups Nikulássonar fyrir kirkjum í Hólabiskupsdæmi frá árinu 1394 og síðar, segir að kirkja á Grímstungum eigi allt heimaland og hálfar Lambatungur við Haukagil. Í meginatriðum er vitnisburður þessa tiltekna máldaga sá sami og í máldaga Jóns biskups skalla. Í máldaga Péturs biskups segir svo:

> Hun á heimaland og Torffuastadi. og snudhlijd [svo] med til merckidæli. Grafuarland. saurteyg j saurbæiarland. Þorhallsstadi og veydar allar og afriett er þorhallsstodum hefur fylgt halfar lambatungur vid haukagil. selland sudur a fialli.[596]

Í máldögum Ólafs biskups Rögnvaldssonar um Hólabiskupsdæmi frá árinu 1461 og síðar, segir að kirkjan í Grímstungum eigi allt heimaland og hálfar Lamabtungur um Haukagil. Þar segir:

> hun aa allt heimaland [...] þorallzstadi oc veidar allar oc afrett er þoralzstodum hefer fylgt. halfar lambatungr vm haukagil. selland sydur a fialli.[597]

Á manntalsþingi, höldnu að Ási í Vatnsdal þann 25. júní 1782, var ákveðið að bændur skyldu reka sauðfé sitt á þá dæmdu lögafrétt, Grímstunguheiði, en engan veginn til Haukagilsheiðar undir dómsrofssekt. Eftirfarandi var fært til bókar af þessu tilefni:

> 7° Var upplesed þad giörst hafde á Stadar, Torfustada og Þorkelshóls þyngum nu i ár umm hindran samgaungu saudfiárens vid Midfyrdinga yfer alla syssluna, og er þad sama Jnnbyggendum her under vidlagt straff tilsagt sier effterrettanlegt hallda. En so sem tiáest stór naudsyn fyrer velflesta bændur her ad reka til afrettar, skulu þeir reka sitt saudfe á þá dæmdu lög-afrett Grimstunguheyde, enn eingann veginn til Haukagils, under dómrofs sekt, og skal nuverande Stadarhalldare ad Grímstungu eiga þar á sök og sókn. Enn med þvj móte, má sá upprekstur ske í þetta sinn, ad þeir uppreka, skulu effter Reppstióra Tilsögn, tvisvar edur þrisvar á þessu sumre, rýda framm á heidina, til ad hindra saudfe vestur yfer þad Takmark gánga, hvar i þad reked verdur, sem skal vera þad, er betsta nátturleg gyrding álýtst effter Ráde Reppstióra og

[595] Skjal nr. 2(79) a-b.
[596] Skjal nr. 2(81) a-b.
[597] Skjal nr. 2(83) a-b.

betstu vitund. Skal þetta gillda fyrer Aas og Sveinstada Reppa þetta sinn. Og þar eckert fleira fyrer fellur sluttast þesse þyngs act med sysslumannsens og tilkvaddra þyngvitna nöfnum.[598]

Þann 20. júní 1789 lögfesti Bjarni Guðmundsson jörðina Haukagil og svo hálfar Lambatungur til móts við Grímstungu og hálfar Kornsártungur til móts við Kornsá. Lögfestan hljóðar svo:

Logfesta fyrer Haukagile

Jeg under skrifadur Logfeste Hier i dag Jordena Haukagil, med Ollumm þeim gognumm og giædum sem greindre jordu filgt Hefur og filgia ber med Riettu, Logfeste jeg Hús, tún, todur og Eyngar, Hollt og Haga, votn og weijde stade, Egguarp og fuglueijdar, Hrys og allar Lands nitiar til ystu umm merkia, sem adrer menn Eyga a mote og gamler uitnes burder til vijsa ad fornu uered Hafe. Rædur fyrer austann Land greindrar Jardar AlftaSkalaá frá synumm upp tokumm sudur a Heide og þadann allt ofann j uatnsdalsá Huar Hun Hefur til forna Runned Lyted utar Enn a mote uid so kallad ytra Klif sem sa far vegur glogguast syner, þadann Rædur uatnsdalsa og Hennar Elldste far uegur fyrer austann Haukagils Hólma allt ut a mót uid merke Lág fyrer sunnann Saurbæ þadann Riett synes uestur i Klepps Kuijsl og effter sem Hun Rædur so Langt sem nær þadann framm effter Heidenne effter sem uotnumm hallar til austurs og uesturs mots uid Uijdedalstungu sudur á Hraun- [síðuskipti] garda og Effter þeim allt motz uid Sunnlendinga Landar Eygn. Hier fyrer utann Logfeste Eg med greindre jordu hálfar Lambatungur mótz uid Grijmstungu og halfar Kornsartungur motz uid Korns aa. Fyrer byd Eg huoriumm manne Hier nefndt Jardar Land ad yrkia, bruka Edur beita edur i nockurn mata sier þess gagnsemdar j nitia nema mitt sie Leife fyrer under þær sekter sem Log þar uid Leggia.

Aase settu manntals Þynge þann 20ta Junij 1789.

Biarne Gudbrandzson.

Upp Lesed og Proto Collerad fyrer manntals Þyngs Riette þann 20ta Junii 1789.

Tester

B. Jonsson.[599]

Varðveitt er sameiginleg lögfesta fyrir Auðkúluheiði, Þórormstungu- og Forsæludalsland, Grímstungu- og Haukagilsheiði. Lögfestan er dagsett þann 16. júní 1820 og er hún svohljóðandi:

Hiermed lögfestum vid undirskrifadir eptirskrifud, i okkar sumpart umsión, sumpart Eigu verandi fiall-lönd, nefnil: Audkúluheidi, Þórormstungu og Forsæludalsland, Grímstungu og Haukagilsheidarlönd, einkum i tilliti til

[598] Skjal nr. 2(107) a-b.
[599] Skjal nr. 2(65) a-b.

grasatekiu, og þaraf rísandi ýmislegs órádvands umgángs – Og fyrirbiódum hiermed einum og sierhverium grasatekt i tiedum löndum, nema leitad sie þarum leyfis til okkar, hvers fyrir sitt land, og finni sig í ad giallda, þann med Dómi af 23. Junii 1810, áqvedna grasa og beitartoll. Hid sama er okkar forbod á um hrísrif. – Mega allir þeir, sem i leyfisleysi ydka grasatekt eda hrísrif móti forbodi þessu i greindum löndum, vidbúast ad mæta tiltali til Lagasekta eptir málavöxtum; enn herra sýslumadur J. Jónsson umbidst þénustuskylldugast ad upplesa þetta forbod, fyrir nú nærst halldandi Breidabólsstadar, Tinda, Vindhælis, Engihlídar og Bólstadahlídar manntalsþíngs Rétttum.

Þórormstungu, þann 16. Junii 1820.

Jón Jónsson Sigvalldi Snæbiörnsson

L.S. *L.S.*

Uppá eiginn og Eckjunnar Gudrunar Þorarinsdottir vegna

Biarni Steindorsson

L.S.

Lesed fyrir manntalsþíngs Rétte á Breidabólstad þann 22. Jun. 1820.

J.Jónsson

Dito á Tindum þ. 26. Juni 1820.

J.Jónsson

Dito á Bólstadarhlid þ. 28. Jun. 1820.

Dito á Eingihlid þ. 30. Juni 1820. J.Jónsson

V. BechEiríkur Helgason

Jon Arnason

Upplesid á mantals þíngs Rietti á Vindhæli þann 3ia Julj 1820 vitna i forfollum hra sislumanns Jonssonar David Gudmundsson

Arne Olafsson Hannes Jonsson.[600]

Á manntalsþingi, höldnu að Lýtingsstöðum í Tungusveit þann 28. maí 1823, var ámálgað um upprekstrarbann á Haukagilsheiði. Af því tilefni var eftirfarandi fært inn í dómabók sýslunnar:

Ar 1823 þann 28da Maii ad settum venjulegum manntalsþingsretti ad Lytingstödum í Tungusveit med utnefndum undirskrifudum eyðteknum þingvottum, fór framm sama sem á nærsthöldnum Manntalsþingum.

[...]

og dto [upprekstrar forbod] munnlegt frá prof(asti) Sr Joni Konr(ads)s(syni), á Haukagilsheidi ámálgad.[601]

[600] Skjal nr. 2(150) a-b.
[601] Skjal nr. 2(202) a-b.

Á manntalsþingi, höldnu á Stóru-Borg þann 6. maí 1839, var lesið bann móti heimildarlausri grasatöku og eggjanámi á Grímstungu-, Víðidalstungu-, Kornsár- og Haukagilsheiðum. Ekki er getið um inntak bannsins, heldur er eftirfarandi færsla í dómabók sýslunnar látin nægja:

> 8. Lesid forbod prests Sira Sig. Snæbjarnarsonar, hr. studiosues J. Thorarensens, hreppstiora J. Skulasonar og forlíkunar Commissarii J. Jonsson moti heimildarlausri grasatoku og Eggjanami á Grímstungu, Vididalstungu, Kornsar og Haukagils heidum, dat. 18da april þ. a.[602]

Í sóknarlýsingu Þingeyrasóknar, frá árinu 1840, sem samin var af séra Jóni Péturssyni, kemur eftirfarandi fram í kafla um afréttir:

> **32. Afréttir.** Allir bændur í þessari sókn reka geldfé á Þórormstungu, Grímstungna- og Haukagils-heiðar. Fáeinir á Víðidalstunguheiði.[603]

Í sóknarlýsingu Grímstungukirkjusóknar, frá árinu 1844, sem samin var af séra Sigvalda Snæbjarnarsyni, kemur eftirfarandi fram í kafla um afréttir:

> **32. Afréttir.** Grímstunguheiði og svokallaðar Dalsqvíslar [þ.e. Forsæludalslvíslar] ásamt Haukagilsheiði. Engir almenningar. Upprekstur fjár á þessar heiðar er fyrir Áss- og Sveinsstaðahreppa. Réttað féð í Grímstungurétt, þá 22. vikur eru af sumri.[604]

Um Haukagilsheiði segir svo í kafla um Haukagil í jarðamatinu1849:

> Jörðin á afrjett, kallaða Haukagilsheiði, sem nær fram að Sandi og er í millum Grímstungu heiðar að austan og Víðidalstungu heiðar að vestan; mezt afrjettin á parti 120 rbd., en öll jörðin sameginlega metin af 4 matsmönnum að fráveknum Jóni Skúlasyni eigandanum,: eitt þúsund og fimmtíu ríkisbankadali.[605]

Á manntalsþingi, höldnu að Miðhúsum þann 6. maí 1850, var lesin friðlýsing fyrir ágangi af stóði í Dalskvíslum, Kornsárlandi, Víðidalsfjalli, Grímstungna- og Haukagilsheiðum.[606] Inntak friðlýsingarinnar hljóðar svo:

> Afskrift
>
> Þad hlytur ad vera herstöddum þyngheimi fullkunnugt ad því meir, sem ótaminn Hross fiolga og annar peningur Eijkst, þess meire landusla giorir þetta Stód, og vegna þess ad aungri Reglu er fylgt med ad reka þad til afrétta á vorin, edur ad koma því fijrer hiá þeim sem eiga edur til um ráda hafa afretter og Vídlend Heimalond, ordsakast her af hinn meste ojofnudur og yfergángur, þar ed stod opt þyrpist i einstok lond og búfiarhaga til mesta Skada, sem er því tilfinnannlegri fyrer þá er lond Þesse eiga edur hafa til

[602] Skjal nr. 2(210) a-b.
[603] *Sýslu- og sóknalýsingar Húnavatnssýslu 1839-1873* I, (1950), bls. 67.
[604] *Sýslu- og sóknalýsingar Húnavatnssýslu 1839-1873* I, (1950), bls. 74.
[605] Skjal nr. 2(75).
[606] Skjal nr. 2(211) a-b.

umráda, sem flester ein grid borga og einkum meta þennan usla, sem er hid fliotasta medal til ad eideleggia þaug pláss, sem mest fyrer þessu verda. Þar vid underskrifader i fleijre og færre ár hofum sætt mesta ágange af stóde annara fyrer sárlitlar þacker, enn þó enn minne borgun, knyr þad oss til ad fyrerbióda einum og sérhvorjum, ad reka edur láta Stód sitt i leyfisleise i Dalsqvísler, Kornsárland, Vídidalsfiall frá Rófuskardi í stad Bruna á Grimstungna- og Haukagilsheidar. Þeir sem hér á móte brióta kénne sialfum sér þann halla, er þeir kynnu þar af ad hafa, þvi vér mundum verda samtaka i ad tedri óreglu, ójöfnude og yfergánge verde afstyrt, og fridlísum þvi ádur nefndum londum til ytstu ummerkia fyrer ollum óheimiludum hrossa ágángje.

Enn þared vér á hinn boginn siáum ad buendur géta ecke án mesta Tións fyrer sig og nágranna sina hafdt Stodhross sín heima ad Sumrum viljum vér tiá oss fúsa til ad ljena buendum i Áss og Sveinsstada Hreppum upprekstur i adur nefnd lond ockar móte sanngiornu Eftergialde, og hlióta þeir sem slíkt kynni ad gyrnast, ad halda ser til ockar þar um, annad hvort Strags hér á þyngenu edur fyrer næstu Fardaga, þvi vid munnum jafna nidur af hvad morgum bæjum hvor ockar meige hross taka: og oskum vid ad fá ad vita aldur, tolu og einkenne á þeim Hrossum er vid verdum bednir fyrer, so vid getum deylt þaug frá þeim i londum ockar, kynne ad finnast i þvi so nefnda Bessa leyfe.

Fyrer manntals þyngs Rette ad Midhúsum, 6. maji 1850.

B.M. Olsen

B. Gudmundsson, Fr. Schram

Jon Eyriksson, J. Skulason

S. Snæbiornsson

Þynglyst ad Midhusum 12. Maji 1850.

Þínglising 36^{s}, bet.

A. Arnesen.[607]

Séra Hjörleifur Einarsson fékk Undirfellsprestakall 15. maí 1876 en frá árinu 1849 hafði Grímstungusókn heyrt undir það. Þann 10. janúar 1877 skrifaði hann stiftsyfirvöldum um Grímstunguheiði. Í bréfinu kemur m.a. fram að séra Sigvaldi sálugi Snæbjarnarson, prestur í Grímstungu 1800−1848, hafi að sögn gert samning við Jón sáluga Skúlason á Haukagili, sem eiganda Haukagilsheiðar, að hann tæki 10 fjallatolla fyrir sitt heiðarland og sú venja tíðkist enn [1877].[608]

Séra Hjörleifur lagði m.a. eftirfarandi spurningu fyrir stiftsyfirvöld:

2. Hvort samningur sá, sem síra Sigvaldi hefur gjört í sinni tíð við eigandann að Haukagilsheiðarlandi, eða venja sú, sem á hefur verið síðan með þann frádrátt frá tekjum brauðsins, geti verið lögleg eða gildandi fyrir prestakallið.

[607] Skjal nr. 2(194) a-b.
[608] Skjal nr. 2(238) a-b.

Séra Hjörleifur nefnir einnig að nú [1877] standi yfir hjá sýslunefnd Húnavatnssýslu vinna við að semja ákveðnar reglur um refavinnslu á afréttarlöndum. En þar sem flest bendi til að samkvæmt þeim reglum þá muni ekki eftir miklu að slægjast og að umráðendur heiðarinnar muni ekki sjá hag í slíku umboði. Með bréfinu fylgja 19. og 20. grein þessara reglna.[609]

Stiftsyfirvöld brugðust við fyrirspurn séra Hjörleifs með því að fá umsögn Eiríks Briem setts prófast í Húnavatnsprófastsdæmi og skrifar hann þeim 27. febrúar 1877. Prófastur svaraði ofangetinni spurningu séra Hjörleifs svo:

> ad. 2 Þareð umræddur samningur aldrei mun hafa verið staðfestur af stiptsyfirvöldunum, þá get jeg eigi sjeð, að hann sje bindandi fyrir hinn núverandi prest að Undirfelli. En jafnframt leyfi jeg mjer að taka það fram, að Haukagilsheiði liggur fram fyrir vestan Álptarskálará suður að Sandi, og gengur afréttarpeningur eigi síður á henni en á Grímstunguheiði; fengi nú eigandi Haukagilsheiðar enga þóknun fyrir afnot hennar, þá mundi það án efa valda miklum deilum, er gæti haft ísjárverðar afleiðingar fyrir Undirfells prestkall. Að minni meiningu hafa sýslunefndirnar nú með sveitarstjórnarlögunum fengið vald til að breyta fornum upprekstarreglum, er óeðlilegar og óheppilegar þæktu, og gæti þetta því heldur komið hjer til greina sem Grímstunguheiði ein mundi að öllum líkindum verða álitin allt of lítil afrjett fyrir fje það, sem nú er til í Þingi og Vatnsdal. [610]

Eiríkur prófastur segir að vissulega séu lítil not af Grímstunguheiði sem stendur og í brauðamatinu 1853 og 1868 séu engin not talin. Þá finnst honum að leiguliðinn í Grímstungu fá óþarflega mikið borgað fyrir grenjavinnsluna á heiðinni og að eigandi Haukagilsheiðar mundi líkast til sætta sig við færri fjallatolla ef á yrði látið reyna. Hann segir að átroðningur af réttinni stafi af vanhugsun þess prests sem leyfði að hún yrði færð ofan í Undirfellsengjar. Þar hafi stunga reynst mjög illa og réttin sé að falli komin en vilji virðist vera fyrir því að færa hana aftur fram í Grímstungueyrar. Prófastur minnir á að sú kvöð, sem getið er í upprekstrardóminum, að byggja réttina hafi úrelst og heiðareigandi sé aðeins talinn ábyrgur fyrir að leggja til réttarstæði.[611]

Árið 1878 var sett bann við upprekstri stóðhrossa á Grímstunguheiði, Haukagilsheiði og Dalskvíslar nema gegn tolli, og er bannið svohljóðandi:

> Eins og kunnugt er hefi jeg undirskrifaður Hjörl. Einarsson, samkvæmt fengnu leyfi stiptsyfirvaldanna, boðið Áss- og Sveinsstaðahrepps búum Grímstunguheiði til brúkunarnota handa sauðfé og hrossum fyrir ákveðið árlegt eptirgjald. En sökum þess að téðar sveitir hafa enn ekki gengið að þessu boði mínu, en nú er kominn sá tími, að óumflýjanlegt er að fara að reka geldfjenað og stóðhross til afrjettar, þá lýsum vjer undirskrifaðir því hérmeð

[609] Skjal nr. 2(238) a-b.
[610] Skjal nr. 2(240) a-b.
[611] Skjal nr. 2(240) a-b.

yfir, að vjer leyfum engum manni stóðhrossa upprekstur á afréttarlönd vor Grímstungu og Haukagilsheiðar og Dalskvíslar, nema því að eins að fyrir hvert trippi sje goldinn tollur að upphæð 75 aur. Leyfi til upprekstursins uppá þenna hátt fæst hjá hverjum okkar sem vill, og óskum vér að hver einn ákveði tölu á trippum þeim, er hann þannig vill reka um leið og hann fær upprekstarleyfið. En verði afrjettir vorar framveigis notaðar til hrossaupprekstur í leyfisleysi, meiga þeir búast við, að vjer meðhöndlum hross þeirra sem þann pening er í heimildarleysi gengur í löndum vorum.

Undirfelli 8. d. júním. 1878

Hjörl. Einarsson Þorsteinn Eggertsson

Hannes Þorvarðsson

Lesið upp fyrir manntalsþingsrétti Húnavatnssýslu að Miðhúsum hinn 8. júní 1878.[612]

Með bréfi dagsettu 8. ágúst 1883 seldi Hannes Þorvarðarson á Haukagili Sigurði Jónssyni á Lækjamóti Haukagilsheiði ásamt hálfum Lambatungum og hálfum Kornsártungum sem höfðu fram að því ætíð legið undir Haukagil. Mörk umræddsland svæðis voru svohljóðandi:

[...] að norðan Ytri Skútalækur frá Álptaskálará, meðan hann fellur beint úr vestri, þaðan frá vestur í Kleppukvísl, en fyrir vestan Kleppukvísl, hálft land móts við Kornsá vestur á heiðamót og fram til hraungarða, þaðan til suðurs á fjórðungamót, að austan ræður Álptaskálará út að Skútalæk ytri, og þar að auki fylgir heiðinni, eins og áður er áminnst, og eru í kaupinu hálfar Lambatungur.

Seljandi fékk kaupanda heiðina til frjálsar eignar og fullra afnota með tilheyrandi hlunnindum gegn 400 króna kaupverði. Þá áskildi hann sér að ábúendur Haukagils og Gilhaga mættu eiga:

[...] gjaldfríann upprekstur á heiðina fyrir þann geldfénað, sem framfleytist heima hjá þeim, og fría grasatekju, þar á mót skuldbindast áðurnefndir á Haukagili og Gilhaga að gjöra venjulega grenjaleit árlega á heiðina, og tilkynni ef gren finnst.

Fram kemur í afsalsbréfinu að Hannes hafi fengið kaupverð heiðarinnar að fullu greitt en því var þinglýst á manntalsþingi að Ási 8. júní 1885.[613]

Á manntalsþingi, höldnu að Ási þann 8. júní 1885, var þinglýst afsalsbréfi, dags. 8. ágúst 1883, þar sem Hannes Þorvarðarson selur Sigurði Jónssyni, Haukagilsheiði ásamt hálfum Lamba- og Kornsártungum fyrir 400 krónur. Af því tilefni var eftirfarandi fært til bókar, í dómabók sýslunnar:

[612] Skjal nr. 2(70).
[613] Skjal nr. 4(132).

4. Afsalsbrjef dags. 8. aug. 1883 með hverju bóndi Hannes Þorvarðarson selur Sigurði bónda Jónssyni Haukagilsheiði, ásamt hálfum Lamba- og Kornsártungum fyrir 400 krónur.[614]

Í landamerkjabréfi fyrir afrétti á Arnarvatnsheiði, dagsettu þann 26. janúar 1886 (þinglýst þann 20. maí 1889), er Sigurður Jónsson sagður vera eigandi Haukagilsheiðar.[615]

Þann 20. ágúst 1886, ritaði séra Hjörleifur Einarsson, prófastur í Húnaþingi, bréf til stiftsyfirvaldanna, varðandi virðingargjörð á Grímstungu og Grímstunguheiði, sölu jarðarinnar og samnefnds heiðarlands. Í þessu bréfi prófastsins, sem eðli málsins samkvæmt snýst fyrst og fremst um Grímstungu og Grímstunguheiði, kemur eftirfarandi fram um Haukakilsheiði:

[...]. Þannig hafdi formaður minn hjer í prestakallinu skuldbundid sig til að borga eiganda Haukagilsheiðar, ad vestan við Grímstunguheidi 10 fjallatolla án þess þó ad taka þátt i kostnadi vid rjettarstædi. Til skýringar um stærð þessa heidarlands skal þess getið, að Lambatungur ½ sem Haukagil hefur átt til móts við Grímstungur er ad kunnugra manna áliti hjerumbil 1/6 allrar Grímstunguheidar og eru þó ½ Lambatungur adeins lítill partur af Haukagilsheidi. Þad vita menn og að fyrir longu sídan voru 10 fjallatollar goldnir fyrir kvíslar eiganda Þorormstungu, Forsæludals. Nú er eigandi Kvísla að byggja þar bæ til að geta varid þetta land sitt, sem hann fær ekkert eptir, og getur þetta haft skaðleg áhrif á afnot þar, sem nú undanfarin ár hafa verið af Grímstunguheidi, því sá, sem tekur alla fjallatolla, hlýtur ad gjalda þess ef friðland er ekki fyrir heiðar pening. Til sonnunar því ad vart sje hugsanlegt að meira fáist fyrir Grímtunguheiði en virðingarmenn hafa metið, skal þess getið að heidarlondin til beggja heida hafa nýlega gengið mannsali, Kvíslar fyrir 700 kr. en Haukagilsheidi med hálfum Lambatungum fyrir 400 kr. [...].[616]

Þann 25. nóvember 1891 var kveðinn upp dómur í málinu, eigendur Víðidalstungueignar gegn óðalsbónda Sigurði Jónssyni í Lækjamóti. Sigurður var dæmdur til að greiða 50 kr. í vangoldna upprekstrartolla á Víðidalstunguheiði. Rétturinn taldi þýðingarlaust fyrir úrslit þessa máls, hvort stefndi hefði þau fjögur ár sem um ræðir, rekið geldfé sitt á Haukagilsheiði. Dómurinn hljóðar svo:

Dómur:

í gestarjettarmálinu

Eigendur Víðidalstungueignarinnar

gegn

óðalsbónda Sigurði Jónssyni á Lækjamóti

uppkveðinn hinn 25. nóvember 1891.

[614] Skjal nr. 2(215) a-b.
[615] Skjal nr. 2(315) a-b.
[616] Skjal nr. 2(304) a-b.

Mál þetta er höfðað af sameigendum Víðidalstungueignarinnar, emeritpresti sjera Benedikt Kristjánssyni frá Landakoti við Reykjavík, og prestsekkju Ragnheiði Jónsdóttur frá Hvammi í Norðurárdal, gegn Sigurði bónda Jónssyni á Lækjamóti, út af vangreiðslu á fjallatollum og á borgun fyrir grasatekju, og hefir nefndur emeritprestur sjálfs síns vegna, og í umboði fyrgreindrar prestsekkju, krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða sjer andviði 10 haustlamba með 50 kr., sem vangoldna fjallatolla fyrir upprekstur á Víðidalstunguheiði í 4 ár, og 12 kr. fyrir grasatekju á nefndri heiði um næstliðin 6 ár, samt að stefndi verður skyldaður til að lúka allan af málinu leiðandi kostnað, svo sem rjettargjöld, og þess utan 100 kr. til hans sjálfs, eða þá upphæð, sem dómarinn álíti hæfilega.

Hinsvegar hefir stefndi gjört þá aðal rjettarkröfu, að hann verði sýknaður af öllum kröfum sækjanda í máli þessu; og til vara krafist, að hann aðeins verði dæmdur til að greiða 1 lamb í fjallatoll fyrir hvert af þeim 4 árum er hann hafi rekið geldfjé sitt á Haukagilsheiðar, og verði að öðru leyti sýknaður af kröfum sækjanda; en hvernig sem úrslit málsins verða, krefst stefndi hæfilegs málskostnaðar.

[...]

Stefndi hefir fært þá aðalástæðu fyrir sýknun sinni, að hann þau 4 ár, sem hjer er um að ræða, nefnilega árin 1885, 1886, 1889 og 1890, hafi rekið geldfje sitt á Haukagilsheiði, sem hann þá hafði keypt, en eigendur Víðidalstunguheiðar gætu aðeins krafist fjallatolla af þeim fjáreigendum Þorkelshólshrepps er notuðu heiði þessa til upprekstur. En þó svo yrði álitið að hann ekki gæti fríast við að borga fjallatolla þessi áminnstu 4 ár, þá gæti honum ekki borið að greiða nema 1 lamb í fjallatoll hvert árið, með því hann, eins og allir aðrir búendur austan Víðidalsár, hafi að undanförnu rekið á svokallaða Ásgeirsár- eða Austurheiði, eins og venja hafi verið frá ómuna tíð, er ákvæði máldaga Víðidalstungukirkju hafi aldrei átt, og geti aldrei átt við nefndar heiðar.

[...]

Það er því að áliti rjettarins með öllu þýðingarlaust fyrir úrslit þessa máls, hvort stefndi hefir þau 4 ár, sem hjer er um að ræða, rekið geldfje sitt á Haukagilsheiði, eða á svokallaða Ásgeirsár- eða Austurheiði.

[...]

Því dæmist rjett að vera:

Hinn stefndi, Sigurður bóndi Jónsson á Lækjamóti, á að greiða sækjandanum, emeritpresti sjera Benedikt Kristjánssyni í Landakoti við Reykjavík, 50 kr. í vangoldna upprekstrartolla á Víðidalstunguheiði fyrir geldfje sitt árin 1885, 1886, 1889 og 1890, en vera að öðru leyti sýkn af kröfum sækjanda í máli þessu. – Málskostnaður falli niður.

Hið ídæmda ber að greiða innan þriggja sólahringa frá löglegri birtingu dóms þessa undir aðför að lögum.

Lárus Blöndal.[617]

Í frumvarpi til reglugjörðar um notkun afrétta í Húnavatnssýslu frá árinu 1894 kemur eftirfarandi fram um afréttarnot íbúa Sveinsstaða-, Ás- og Þorkelshólshreppa í á Haukagilsheiði:

FRUMVARP FRÁ 1894

til reglugjörðar um notkun afrétta

í Húnavatnssýslu.

[...]

VI. Sveinsstaðahreppur.

Búendur Sveinsstaðahrepps skulu eiga upprekstur á Grímstunguheiði, að undanskildum þessum bæjum, Geirastöðum, Þingeyrum, Leysingjastöðum, Haga og Steinnesi, sem skulu eiga upprekstur á Haukagilsheiði.

VII. Áshreppur.

Búendur í Áshreppi skulu eiga upprekstur á Grímstunguheiði, nema bæirnir Ás, Saurbær og Haukagil með Gilhaga skulu eiga upprekstur á Haukagilsheiði, og bæirnir Forsæludalur, Þórormstunga, Kot, Vaglar og Guðrúnarstaðir skulu eiga upprekstur í Forsæludalskvíslar.

VIII. Þorkelshólshreppur.

Búendur Þorkelshólshrepps skulu eiga upprekstur á Víðidalstunguheiði, að undanskildum bæjunum Miðhópi, Refsteinsstöðum, Enniskoti, Gröf, Jörfa, Titlingastöðum og Lækjamóti, sem skulu eiga upprekstur á Haukagilsheiði.

[...]

Á aukanefndarfundi á Blönduósi 24. febr. 1894.

B.G. Blöndal. Pjetur Pjetursson.

Þ. S. Þorláksson. Þorvaldur Bjarnason.

Af þeim ástæðum sem enn skulu undir umræðum málsins á sýslufundi framteknar, er

Ósamþykkur

Á. Á. Þorkelsson.[618]

[617] Skjal nr. 2(116) a-b.
[618] Skjal nr. 2(287) a-b.

Á manntalsþingi, höldnu að Þorkelshóli þann 14. júní 1894, var þinglýst afsalsbréfi Sigurðar Jónssonar á Lækjamóti fyrir ¼ hluta úr Haukagilsheiði, með ¼ úr hálfum Kornsártungum, dags. 28. okt. 1891. Þinglýsingin er færð til bókar á eftirfarandi hátt:

> 2. Afsalsbrjef Sigurðar bónda Jónssonar á Lækjamóti, dags. 28. oktbr. 1891 fyrir ¼ hluta úr svokallaðri Haukagilsheiði með ¼ úr hálfum Kornsártungum til handa Jósepi bónda Jónatanssyni á Miðhópi fyrir 125 kr.[619]

Umgetið afsalsbréf, frá 28. október 1891, er svohljóðandi:

> N 1942
>
> Hjermed gjöri jeg Jakop Sigurður Jónsson bóndi á Lækjamóti kunnugt ad jeg með brjefi þessu sel og afsala Jósep bónda Jónatanssyni í Miðhópi einn fjórða hluta heiðarlands þess sem kallast Haukagilsheiði með einum fjórða hluta úr hálfum svokölluðum Kornsártungum og einum fjórða hluta úr hálfum Lambatungum fyrir umsamið kaupverð 125 (eitt hundrað tuttugu og fimm krónur) sem greiðist nú að hálfu leyti samstundis, en hinn helmingurinn fyrir næstkomandi nýár.
>
> Ummerki á landi þessu í heild sinni, sem seldur er úr einn fjórði hluti: ad norðan Ytri-Skútalækur, frá Álptaskálará meðan hann fellur beint úr vestri þaðan frá vestur í Kleppukvísl. En fyrir vestan Kleppukvísl hálft land móts við Kornsá, vestur á heiðamót og fram til hraungarða; þadan til suðurs á fjórðungamót. Að austan ræður Álptaskálará út að Skútalæk ytri, og þar að auku fylgir heiðinni eins og áður er á minnst hálfar Lambatungur.
>
> Kaupandi heldur kaupi sínu til laga, en seljandi svarar til lagariptinga.
>
> Þessu til stadfestu er nafn mitt undirritað og tveggja viðstaddra (~~vitundar~~)votta.
>
> Lækjamóti 28. október 1891.
>
> J. S. Jónsson
>
> Jósep Jónatansson.
>
> Vitundarvottar:
>
> Daniel Sigurðsson
>
> Þorsteinn Þorsteinsson.
>
> Framanskrifuð upphæð, 125 krónur eru mjer nu að fullu borgaðar.

[619] Skjal nr. 2(216) a-b.

p.t. Miðhópi 27. desember 1891.

J. S. Jónsson.

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Húnavatnssýslu ad Ási hinn 23. Júní 1894, og innfært í afsals- og veðmálabók sýslunnar.

Ltr. D N° 1942 fol. 210.

[...]

Vottar Jóh. Jóhannesson.[620]

Þann 7. ágúst 1894, afsalaði og seldi Sigurður Jónsson á Lækjamóti Haukagilsheiði til Ás- og Sveinsstaðahrepps, fyrir 250 krónur, með svohljóðandi hætti:

Nr. 8348

Sigurdur Jónsson búandi á Lækjamóti Húnavatnssýslu gjöri kunnugt ad jeg med leyfi þessu sel og afsala Sveitarfjelögum Áss og Sveinsstadahreppa eign mina hálfa Svokallada Haukagilsheidi ásamt einum fjórda parti úr Lambatúngum med öllum gögnum og gæðum er landi því fylgir Samkvæmt Kaupsamningi dagsettum 1. október 1893.Samt med því skylirði [svo] ad ábúendur Haukagils og Gilhaga eigi gjaldfrian upprekstur á nefnda heidi fyrir þann gjeldfjenad sem framfleitist á ábilisjördum þeirra, og frya grasatekju, þar á mót skuldbindast ábúendur nefndra jarða, til ad gjöra venjulegar grenjaleitir árlega á heidina, og tilkinna ef gren finst, Samkvæmt afsalsbrjefi fyrir heidinni frá Hannesi Þorvarðarsyni, dags. 8. augúst 1883.

Med því hreppsnefndir ádurnefndra Sveitarfjelaga hafa nú fullnægt öllum þeim skyldögum sem þeim bar ad gjöra, med greidslu á 250 tvö hundrud og fimmtiu Krónum, þá segji jeg hjer med Sveitarfjelög Áss og Sveinsstaðahreppa vera rjetta eigendur ad hálfri Haukagilsheiði og einum fjórða úr Lambatúngum.

Merki lands þessa er ad nordanverðu ytri Skútalækur medan hann fellur beint úr vestri þadan frá vestur i Kleppukvisl, ad ödru leiti eru merki ad landinu eins og þau alla tið hafa verið.

Kaupendur haldi Kaupi sinu til laga enn jeg Svara til lagariftinga.

Þessu til staðfestu er nafn mitt og

innsygli svo og nöfn tilkvaddra vitundarvotta.

Lækjamóti 7. august 1894.

[620] Skjal nr. 4(197).

J. Sigurdur Jónsson

(L.S.)

Vitundarvottar

G. Gudmundsson

J. Sveinsson.[621]

Þann 12. febrúar 1900 skrifaði prófastur Stiftsyfirvöldum og tilkynnti þeim að hreppsnefndir Ás- og Sveinsstaðahreppa hefðu óskað eftir því, með samþykki hreppsbúa, að fá Grímstunguheiði keypta. Prófastur gat þess að það væri eindregin ósk bæði hreppsnefndanna sem og búenda í greindum hreppum, að fá keypta Grímstunguheiði, sem talin var upprekstrarland samnefndra hreppa. Í bréfi prófastsins er getið um eignarhald á Haukagilsheiði:

> [...]Stafar það að miklu leyti af því, að beggja vegna við heiðarland þetta liggja önnur mikil heiðarlönd sem sé, að austan Dalskvíslar, sem Áss- og Sveinstaða-, Torfalækjar og Svínavatnshreppar hafa í sameiningu keypt af síðasta eigenda þeirra fyrir 1200 kr., og að vestan Haukagilsheiði með hálfum Lambatungum (sameign við Grímstunguheiði) sem upphaflega tilheyrði jörðinni Haukagili í Vatnsdal, en síðan var seld J. Sigurði Jónssyni bónda á Lækjamóti er síðan seldi hálft þetta land Áss- og Sveinstaða upprekstrarfélagi fyrir 250 kr.[622]

Til að gera mönnum grein fyrir umfangi þessara afréttarlanda í samanburði við Grímstungu þá bendir prófastur á að þegar skipað er í göngur á haustin þá þurfi um 27 menn til að smala Dalskvíslar og Haukagilsheiði með hálfum Lambatungum en 30 menn á Grímstunguheiði. Þá sé kunnugt um 11 tóugreni á Grímstunguheiði en 7 á hinum heiðunum.[623]

Á aðalfundi hreppsnefndar Þverárhrepps, höldnum að Klömbrum þann 28. október 1903, var oddvita hreppsins falið að semja við Sigurð í Lækjamóti um kaup á Haukagilsheiði. Af því tilefni var eftirfarandi fært til bókar:

> Oddvita var falið að semja við Sigurð á Lækjamóti um kaup á Haukagilsheiði m. m., taka við afsalsbréfi og útvega peninga til greiðslu andvirðisins, ef þarf.[624]

Í útgjaldalið yfirlits yfir tekjur og útgjöld sveitarsjóðs Þverárhrepps, fyrir reikningsárið 1903−1904, kemur fram að keyptur hafi verið fjórðungur úr Haukagilsheiði fyrir 200 krónur. Þar segir:

> 15 Keyptur ¼ úr Haukagilsheiði með tilheyrandi.[625]

[621] Skjal nr. 4(126).
[622] Skjal nr. 2(252) a-b.
[623] Skjal nr. 2(254) a-b.
[624] Skjal nr. 2(220) a-b.
[625] Skjal nr. 2(221) a-b.

Í skýrslu yfir eignir Þverárhrepps í fardögum 1905 er fjórðungur úr Haukagilsheiði með hluta úr Lambatungum talinn fram. Þar segir svo:

> Skýrsla yfir eignir Þverárhrepps sem eigi gefa arð af sjer í fard(ögum) 1905.
>
> ¼ úr Haukagilsheiði með tilheirandi parta [svo] úr Lambatungum (kaupverð) 200 [krónur].[626]

Þann 9. janúar 1904 seldi og afsalaði Sigurður Jónson á Lækjamóti nokkrar landareigna sinna til Þverárhrepps. Þar á meðal var einn fjórði hluti „úr svokallaðri Haukagilsheiði“:

> N°. 2689
>
> Jeg Sigurður Jónsson bóndi á Lækjamóti
>
> Gjöri kunnugt: að jeg með þessu brjefi mínu sel og afsala hreppsnefndaroddvita Guðmundi Björnssyni á Klömbrum, er kaupir gjörir fyrir hönd hrepps síns, eign mína ¼ úr svokallaðri Haukagilsheiði með 1/8 úr Lambatungunni og 1/8 úr Kornsártungum fyrir umsamið kaupverð 200 – tvö hundruð krónur og með því velnefndur oddviti G. Björnsson hefur greitt mjer andvirðið 200 kr. að fullu, segi jeg hjermeð Þverárhrepp í Húnavatnssýslu rjettan eiganda tjeðra landspildu með þeim ummerkjum er jeg hef átt hana.
>
> Kaupandi heldur kaupi sínu til laga, en jeg svara til lagariftinga. Til staðfestu er nafn mitt og undirritaðra votta.
>
> P.t. Klömbrum 9. jan. 1904.
>
> Sigurður Jónsson.
>
> Vitundarvottar
>
> Jón Jónsson
>
> Jóhann Engilbertsson.
>
> Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Húnavatnssýslu að Stóruborgi 26. maí 1905.[627]

Á manntalsþingi, höldnu á Stóru-Borg þann 26. maí 1905, var þinglýst afsalsbréfi Sigurðar Jónssonar á Lækjamóti fyrir ¼ úr Haukagilsheiði með 1/8 úr Lambatungum og 1/8 úr Kornsártungum, dags. 9. jan. 1904, til handa sveitarsjóði Þverárhrepps. Eftirfarandi var fært til bókar:

> 6. Afsalsbrjef Sigurðar Jónssonar í Lækjamóti, dags. 9. jan. f. á. fyrir ¼ úr Haukagilsheiði með 1/8 úr ~~úr~~ Lambatungum og 1/8 úr Kornsártungum fyrir 200 krónum til handa sveitarsjóði Þverárhrepps.[628]

Í skýrslu um eignir Þverárhrepps í fardögum 1906 er fjórðungur úr Haukagilsheiði með hluta úr Lambatungum talinn fram. Þar segir svo:

[626] Skjal nr. 2(222).
[627] Skjal nr. 4(199).
[628] Skjal nr. 2(290) a-b.

Skýrsla um eignir Þverárhrepps í fard(ögum) 1906 sem eigi gefa arð af sjer.

¼ úr Haukagilsheiði með tilsvarandi parti úr Lambatungum (kaupverð) 200 [krónur].[629]

Í skýrslu um arðlausar eignir Þverárhrepps í fardögum 1907 er fjórðungur úr Haukagilsheiði með hluta úr Lambatungum talinn fram. Þar segir svo:

Skírsla um arðlausar eignir Þverárhrepps í fardögum 1907.

1. ¼ úr Haukagilsheiði með tilheirandi parti úr Lambatungum (kaupverð: kr. 200,00).[630]

Í skýrslu um arðlausar eignir Þverárhrepps í fardögum 1908 er fjórðungur úr Haukagilsheiði með hluta úr Lambatungum talinn fram. Þar segir svo:

Skírsla um arðlausar eignir í Þverárhrepp í fardögum 1908.

¼ úr Haukagilsheiði með tilheirandi parti úr Lambatungum – kaupverð Kr, 200,00.[631]

Með bréfi dagsettu þann 29. desember 1919, óskaði Stjórnarráð Íslands eftir skýrslu frá sýslumönnum um þau svæði sem talin væru til almenninga eða afrétta innan sýslna hvers og eins sýslumanns.[632] Í svari hreppstjóra Þverárhrepps, dagsettu 5. mars 1920, vegna fyrirspurnar sýslumanns um almenninga og afréttarlönd í Húnavatnssýslu kemur eftirfarandi fram um Haukagilsheiði:

Viðvíkjandi brjefi yðar háttv. herra sýslumaður frá 30/1 þ. á. er það að segja að Þverárhreppi tilheyra engin afrjettarlönd eða almenningar nema ¼ úr Haukagilsheiði ásamt ⅛ úr Lambatungum.

[...]

Eggert Larz.[633]

Svar Halldórs Pálssonar, hreppsstjóra Sveinsstaðahrepps, dagsett 1. mars 1920, er svohljóðandi:

Samkvæmt ósk ydar herra Syslumadur skal ég leyfa mér ad tilkynna ydur, ad i Sveinsstada hreppi eru engin þau lond sem rædir um i erindi stjornarradsins frá 29. des. f. á. og brefi ydar 30. jan. þ. árs.

Hreppstjóri Sveinsstadahrepps

Midhúsum 1. mars 1920

Halldór Pálsson.[634]

[629] Skjal nr. 2(222).
[630] Skjal nr. 2(222).
[631] Skjal nr. 2(222).
[632] Skjal nr. 4(3).
[633] Skjal nr. 4(65).
[634] Skjal nr. 4(18).

Svar frá hreppstjóranum í Áshreppi, af sama tilefni frá sama tíma, virðist ekki hafa borist yfirvöldum.

Þann 19. apríl 1924, seldi og afsalaði Jón Hallgrímsson bóndi á Hnjúki svokölluðum Miðhópsparti, ¼ úr Haukagilsheiði, til Ás- og Sveinsstaðahreppa, með eftirfarandi hætti:

Nr. 4655

> [Ég] Jón Hallgrímsson bóndi á Hnjúki í Sveinsstadahreppi geri kunnugt, að jeg med brjefi þessu sel og afsala sveitarfjelaginu Áss- og Sveinsstadahreppum, eign mína svokalladan „Miðhópspart“ ¼ úr Haukagilsheidi, med öllum gögnum og gædum er landi því fylgir og fylgja ber.
>
> Kaupverd lands þessa er 200- tvö hundrud krónur er greidist ad hálfu af hvorum hreppana, Áss- og Sveinsstaðahreppum.
>
> Med því ad oddvitar adur nefndra hreppa hafa bú samstundis greitt mjer ad fullu kaupverdid 200- tvö hundrud krónur – lýsi jeg hjer med áðurnefnd sveitarfjelög vera rjetta eigendur ad einum fjórda úr Haukagilsheidi, svo kalladan Midhópspart.
>
> Merki Haukagilsheidar eru ad nordanverdu Ytri-Skútalækur, medan hann fellur beint úr vestri, þadan frá vestur í Kleppakvísl. Ad ödru leyti eru merki heidarinnar eins og þau alla tíd hafa verid höfd og haldin.
>
> Kaupendur haldi kaupi sínu til laga, en seljandi svarar til lagariftinga.
>
> Þessu til stadfestu er nafn mitt, svo og nöfn tilkvaddra vitundarvotta.
>
> St. Kornsá 19. apríl 1924.[635]

Á manntalsþingi að Sveinsstöðum þann 23. júní 1924, var þinglýst afsali, dags 19. apríl 1924, þar sem Jón Hallgrímsson selur Ás- og Sveinsstaðahreppum ¼ hluta úr Haukagilsheiði. Til bókar var eftirfarandi fært:

> 9. Afsal, dags. 19/4 1924. Jón Hallgrímsson selur Ás- og Sveinsstaðahreppum ¼ hluta úr Haukagilsheiði f. 200 kr.[636]

Þann 21. maí 1934 var aukaréttur Húnavatnssýslu haldinn að Blönduósi og voru þá dómkvaddir tveir menn til þess að gera áreið og meta ítölu í afréttarlandið Haukagilsheiði ásamt hálfum Lambatungum, miðað við stóðhrossabeit þar að sumarlagi. Við aukaréttarhaldið kom eftirfarandi fram:

> Ár 1934, þriðjudaginn 21. maí var aukarjettur Húnavatnssýslu settur á skrifstofu embættisins á Blönduósi og haldinn af sýslumanni Guðbrandi Ísberg með undirrituðum rjettarvottum.
>
> Var þar og þá fyrirtekið:

[635] Skjal nr. 4(131).
[636] Skjal nr. 2(217) a-b.

Að dómkveðja 2 menn, eftir beiðni oddvita Áshrepps, til þess að gera áreið og meta ítölu í afrjettarlandinu Haukagilsheiði ásamt ½ Lambatungum í Áshreppi, miðað við stóðhrossabeit þar að sumarlagi.

Dómarinn leggur fram í rjettinum brjef oddvita Áshrepps innan Húnavatnssýslu dags 19/8 1933, þar sem farið er fram á hrossabeitarítölumat í afrjettarlandinu Haukagilsheiði ásamt hálfum Lambatungum. Auðkennt skjal þetta till(agt) svohlj(óðandi) II. Er land þetta eign upprekstrarfjelags Grímstunguheiðar að ¾ en ¼ þess er eign Þverárhrepps, og nytjað af þeim hreppi til stóðhrossabeitar að sumarlagi. Er þessvegna krafist ítölumats miðað við hrossabeit í afrjettarlandinu öllu svo að Þverhreppingar geti vitað hve margt stóðhrossa þeir megi reka á ¼ landsins, vítalaust.

Dómarinn útnefndi þá í rjettinum sankunnuga, óvilhalla, valinnkunna og þar til vel hæfa menn þá: Jónas Björnsson, sýslunefndarmann, Dæli í Þorkellshólshreppi og Sigurð Erlendsson, bónda, Giljá, Torfalækjahreppi til þess að framkvæma hina umbeðnu áreið og ítölumat. Ber þeim að skrásetja ítölumatsgjörðina og leysa hana þannig af hendi að þeir geti staðfest hana með eiði ef krafist verður.

Einnig ber þeim að kveðja aðila til þess að vera viðstaddir áreiðina og ítölumatið.

Fleira ekki fyrirtekið.

Rjetti slitið.

Rjettarvottar: Guðbr. Ísberg.[637]

Þann 6. nóvember 1939, var haldinn sáttafundur milli hreppsnefnda Sveinsstaða og Áshreppa annars vegar og hreppsnefnd Þverárhrepps hins vegar, vegna ágreinings milli hreppsnefndanna um stóðrekstur Þverhreppinga á afrétt Haukagilsheiðar. Í sáttabókina var eftirfarandi fært inn:

Afrit úr sáttabók.

Ár 1939, mánudaginn 6. nóv., var sáttafundur settur og haldinn að Breiðabólsstað í Vesturhópi af undirrituðum sáttanefndarmönnum Þverárhrepps.

Samkv. Sáttakæru, dags. að Þingeyrum 24. okt. 1929 með árituðu fyrirkalli og birtingu stefnuvotta var tekið fyrir málið:

Hreppsnefndir Sveinsstaða og Áshreppa gegn hreppsnefnd Þverárhrepps.

Er mál þetta risið út af ágreiningi milli hreppsnefndanna um stóðrekstur Þverhreppinga á afrétt Haukagilsheiðar.

Fyrir hreppsnefnd Sveinsstaðahrepps var mættur Jón Pálmason oddviti á Þingeyrum og fyrir hreppsnefnd Áshrepps Indriði Guðmundsson oddviti Gilá, en fyrir hreppsnefnd Þverárhrepps Guðmundur Árnason bóndi og

[637] Skjal nr. 2(111) a-b.

hreppsnefndarmaður, Syðri-Þverá, allir samkv. Skriflegu umboði hreppsnefnda.

Eptir allmiklar umræður um málið komst á svofeld sætt:

Oddvitar Sveinsstaða og Áshrepps sættust á, að niður falli kröfur þær, sem í viðkomandi sáttakæru eru gerðar á hendur hreppsnefnd Þverárhrepps, gegn því, að Þverárhreppur greiði kr. 50.- upp í útlagðan kostnað við mál þetta. Síðan skal á næsta ári fara fram ítölumat til beitar hrossa og sauðfjár á Haukagilsheiði, Lambatungum og Kornsártungu, framkvæmt af fimm mönnum, útnefndum af sýslumanni Húnavatnssýslu.

Skal ítölumat þetta vera bindandi fyrir viðkomandi hreppsfélög, þannig að því verði ekki breytt.

Kostnaður af mati þessu skal greiðast eftir réttum eignarhlutföllum viðkomandi hreppa.

Sáttargerð þessi upplesin og játuð rétt bókuð.

D[atum] u[t] s[upra].

Stanley Melax, Guðmundur M. Eiríksson,

Jón S. Pálmason, Indriði Guðmundsson, G. Árnason.

Rétta útskrift staðfestir undirritaður

Breiðabólsstað 6/11 ´39.

Stanley Melax.[638]

Jón S. Pálmason bætti svo eftirfarandi texta við framangreint, þann 4. janúar 1940:

Samkvæmt framanskrifaðri sátt leyfi jeg mjer fyrir hönd upprekstrar Sveinsstaða- og Áshrepps að beiðast þess, að þér herra sýslumaður útnefnið svo fljótt sem við verður komið fimm menn til að framkvæma ítölumat það, sem ræðir um í nefndri sátt og sjáið um að ítölumat þetta verði framkvæmt á næsta sumri.

Sveinsstaðahreppur, Þingeyrum 4. jan. 1940.

Jón S. Pálmason

oddviti.[639]

Í ritinu Göngur og réttir II, frá árinu 1949, segir m.a. eftirfarandi um legu og staðhætti afrétta:

Afrétt Ás- og Sveinsstaðahreppa

Suður af Vatnsdal eru góð og víðlend afréttarlönd, sem Ás- og Sveinsstaðahreppar eiga sameiginlega upprekstur á. Þessi sameiginlegu

[638] Skjal nr. 4(196).
[639] Skjal nr. 4(196).

réttindi kallast Upprekstrarfélag Grímstunguheiðar. Auk hins sameiginlega afréttarlands fylgja stór heimalönd, er ná til hálsa og heiða, ýmsum jörðum fremst í Vatnsdal.

[…]

Á öll hin víðlendari heimalönd eru gerð sameiginleg fjallskil af upprekstrarfélaginu.

Í sveitum Ás- og Sveinstaðahreppa, sem venjulega eru kallaðar Þing og Vatnsdalur, eru 45 jarðir. Af þeim eru nú 4 eyðijarðir, sem notaðar eru með öðrum jörðum. Ein jörðin er nýbýli.

[…]

Þótt sveitir þessar séu litlar að býlatöl, hefir verið framfleytt þar miklum fjölda búfjár. Hefir það krafizt mikillar vinnu bæði við leitir og réttir að koma fénaði til eigenda.

[…]

Lega og staðhættir afrétta

Grímstunguheiði og önnur afréttarlönd suður af Vatnsdal eru innan þess leitarkerfis, sem stærst er á Íslandi. Að austan er Auðkúluheiði, sem hafði samleit með Biskupstungnamönnum, þar til fjárpestargirðing var sett á Kili. Vestanvert er Víðidalstunguheiði, og að sunnan leitarsvæði Borgfirðinga.

Öll eru afréttarlönd þessi leituð eftir föstu, sameiginlegu skipulagi, sem einnig er bundið við aðrar nærliggjandi sýslur.

Þótt afréttarlöndin séu venjulega kölluð Grímstunguheiði, voru þau áður heimalönd ýmissa jarða. Austast eru Forsæludalskvíslar, sem fyrr voru heimalönd Forsæludals, en 1891 voru Kvíslar seldar upprekstrarfélagi Auðkúluheiðar og Grímstunguheiðar, sem á nú fjórða hluta landsins. Þar eru ágæt beitarlönd, einkum fyrir hross. Árið 1866 [svo] byggði Björn Eysteinsson, síðar bóndi í Grímstungu, býlið Réttarholt í Kvíslum. Bjó hann þar í 5 ár, og græddist vel fé. Er þar nærtækt til veiðifanga, bæði silungs og fugla, og landkostir ágætir. Björn var annálaður fyrir ratvísi og leitarferðir. Verður hans nánar getið síðar.

Vestanvert við Forsæludalskvíslar er Grímstunguheiði og Lambatungur, sem fylgdu henni hálfar. Vatnsdalsá skilur Kvíslar og Grímstunguheiði, en Bríkarkvísl Grímstunguheiði og Lambatungur. Vestast er Haukagilsheiði. Henni fylgdu hálfar Lambatungur. Álftaskálará skilur Lambatungur og Haukagilsheiði. Merki milli Víðidalstunguheiðar og Haukagilsheiðar er lína, sem horfir frá Fremrihlíðarklettum að Bláfelli á Stórasandi.

Fyrr á tímum voru heiðalönd þessi eign samnefndra jarða. Höfðu þá flestir búendur upprekstur á Grímstunguheiði og guldu Grímstungupresti og síðar Undirfellspresti, beitartoll, sem kallaðist fjallatollur. Varð það haustlamb frá

hverjum búanda, sem fé átti. Var skattur þessi oft misvel af hendi leystur, og ekki laust við, að til óánægju drægi milli bænda og presta um greiðsluna.

Eftir að Upprekstrarfélagið keypti afréttina af viðkomandi jarðareigendum, féll niður beitargjaldið frá bændum. Grímstunguheiði var keypt árið 1901 af Undirfellspresti, sem hafði allar tekjur af henni, eftir að Grímstungukall var sameinað Undirfelli árið 1881. Var kaupverðið 1700 krónur fyrir heiðina, ásamt leigulausum réttindum fyrir fjárréttarstæði á Undirfellseyrum við réttun sauðfjár. Um leið féll sú kvöð á upprekstrarfélagið að kosta eyðingu refa, sem prestakallið hafði áður borið kostnað af.

Heiðalönd þessi eru ágæt beitarlönd, bæði fyrir hross og fé. Gróður er fjölbreyttur og víða mikill. Skiptast á ásar og mýrar, kvíslir og lækir, sem veita skilyrði til fjölbreytts gróðurs.

Á þurrlendinu á hæðum og ásum er grávíðirinn útbreiddastur, ennfremur er krækiberjalyngið víða mjög ríkjandi. Hinir stóru mýrarflóar, sem kallast flár og eru víða mjög blautir, eru víðast vaxnir broki og sjósastör. Í þessum heiðaflóum er oft urmull af gróðurlausum leir- og moldarhaugum, sem kallast rústir. Fylgja þessu tjarnarpollar og bleytur svo miklar, að tæplega er fært á sumum stöðum fyrir menn og sauðfé.

Langmestan hluta gróðrarins [svo] mynda hálfgrösin. Líka er mikið af língrösum með kvíslum og lækjum. Fjöldi fagurra blómjurta klæðir hæðir, holt og móa. Glitra þær með margs konar litum yfir hásumartímann.

Vötn og tjarnir eru víðs vegar um heiðarnar. Talsverð silungsveiði er í sumumm er var notuð mikið fyrr á tímum. Fuglalíf er fjölbreytt og mikið: mófuglar, endur, svanir, gæsir og helsingjar. Eru þeir síðasttöldu í tugþúsundatali um heiðarnar í september og október.

Grasatekja var mikil fyrrum, en eigi nema lítið hina síðari áratugi. Þó var allmikið tekið af grösum 1917−1919.

Mestur hluti þessara sumarhaga er 450−550 m yfir sjávarmáli.

Sunnanvert við Grímstunguheiði hækkar landið að mun, eru þar víðáttumikil, gróðurlítil og hrjóstrug öræfi, 600−850 m yfir sjó. Heita þau öræfi Stórisandur. Nær hann til Langjökuls suður og Fljótsdraga. Að norðan falla margar kvíslar og lækir frá Sandi. Stærstar eru Vatnsdalsá og Álftskálará. Falla þær saman fremst í Vatnsdal hjá Grímstungu. Stórisandur er mishæðóttur, stórgrýttur og óreglulegur að landslagi. Gróður er þar lítill, og sums staðar enginn. Vatn er þar hvergi í þurrkatíð. Þótt landið sé gróðursnautt, fer fé mikið um sandinn. Leitar það mikið til hinna grösugu haga í Fljótsdrögum, á Arnarvatnsheiði og víðar.

Í illviðratíð helzt fé þar lítt við. Snjór fellur þar snemma, og stormar eru tíðir, einkum þegar hausta tekur. Á Stórasandi eru örnefni fá og kennimörk mjög strjál. Skulu þó nokkur nefnd, er markverðust eru. Norðanvert við miðjan há-Sand er einkennileg strýta, sem nefndist Grettishæð, eigi mjög há, en sést

langt að. Mun örnefni þetta frá dögum Grettis, samanber Grettissögu, 84. kapítula, en þar nefnd Grettisþúfa. Við Grettishæð liggur hinn forni Sandvegur eða Skagfirðingavegur, er liggur um Mælifellsdal, Eyvindarstaðaheiði, yfir Blöndu á Blönduvöðum, vestur Auðkúluheiði norðan Sauðafells, vestur Öldur, á Stórasand við Svínafell, suðvestur Sand til Arnarvatns og sameinast þar Grímstunguheiðarvegi.

Sunnan Grettishæðar liggur Sanddalur, alldjúp dæld í Sandinn, með klettabelti að norðan. Þar er alveg gróðurlaust, enda þar sem Sandur er hæstur. Á þessum stað hittast leitarflokkar Vatnsdæla í göngum, svo sem síðar segir.

Á Sandi sunnanverðum er Bláfell, stórt og fallegt fell úr móbergi og mjög brunnu grjóti. Þar eru leitarmörk milli Víðdælinga og Vatnsdæla. Austar á Sandi eru nokkur há móbergsfell, er kallast Strýtur, einkennileg að lögun. Þar eru nokkur hraun með dálitlum kindahögum.

[…]

Þegar komið er suður af há-Sandi, lækkar landslagið og gróður fer vaxandi. Frá Bláfelli til Fljótsdraga kallast það Höllin. Þar eru kindahagar víða ágætir. Uppblásturs gætir þó víða í sunnanverðum Sandi.

Suðvestur af Bláfelli eru samfelldir hæðaásar, sem heita Langajörvi. Þar eru leitarmerki að sunnan fyrir Víðdælinga. Sunnan og suðaustan við Langajörva er víðáttumikið flatlendi, 500 m yfir sjávarmáli, sem heitir Fljótsdrög. Takmarkast þau af Langjökli og Hallmundarhrauni að austan og sunnan. Fljótsdrög eru víða blautlend mjög með gróðurmiklum flóum, tjörnum, lónum og jökulkvíslum, sem í vatnavöxtum flæða víðs vegar um sanda og aura. Gróður er þar mikill, og sækir sauðfé þangað mjög.

[…]

Veðursæld er óvenjuleg í Drögunum.

Um fjallskilaskyldu

Þar til seint á 19. öld hélzt sú venja, að allir búendur, sem kindur áttu, létu mann í fyrri göngur. Var þar eigi tekið annað tillit til fjárfjölda en að þeir fjárríkari sendu að auki í seinni göngur, útréttir og önnur smærri fjallskil. Þó var venja að láta gangnamenn frá fjárríkustu heimilum hafa verri göngur, þá er skipt var leitum.

Eftir að sveitarstjórnarlögin frá 1875 með skipun hreppsnefnda komu til framkvæmda, smábreyttist þetta fyrirkomulag í það, að hreppsnefndir jöfnuðu fjallskilum niður á fjáreigendur eftir framtali.

[…]

Fyrirkomulag gangna á Grímstunguheiði og lýsing þeirra

Göngur eru þessar: Fyrri göngur, bæði á heiðarnar og heimalönd, seinni göngur, þriðju göngur og eftirleitir.

Miklar breytingar hafa orðið á fyrirkomulagi gangna á ýmsum tímum, en þó hefir heildartilhögun haldizt svipuð síðan um seinustu aldamót.

Helztu breytingar, sem gerðar hafa verið, hafa snert smölun heimalanda og réttun þess fjár, sem þar er rekið saman.

[…]

Fram til 1918 var sérstakur leitarmannahópur látinn smala Forsæludalskvíslar. Fóru fimm þeirra af stað föstudaginn í 22. viku sumars og höfðu náttstað með Auðkúluheiðarmönnum þá nótt í Seyðisárdrögum. Leituðu þeir svo með þeim austan Langjökuls Búrfjöll og Þjófadalafjöll til sunnudags. Höfðu þá náttstað hinn sama og fyrstu nótt, ásamt 3 mönnum, er komu þann dag úr byggð. Leituðu svo þessir 8 menn næsta dag norður Öldur og Kvíslar með náttstað við Illukeldu eða Bótarfjall og næsta dag til byggða norður Bót og Tunguháls að Þórormstungu og þaðan til Undirfellsréttar. Nú eru Kvíslar leitaðar með samsmölun við Austurheiðarmenn og sameinað fjallsafni þeirra, en safnið af Bót og heimalöndum austan Vatnsdalsár er nú réttað í Þórormstungu, og úrtíningur rekinn til aðalréttar.

[…]

Árið 1900 var gerð gagngerð breyting á heiðargöngunum fyrir forgöngu Jóns Jónssonar, bónda á Hofi, sem var í áratugi gangnaforingi og hafði mikil áhrif um langan tíma á framkvæmd fjallskilamála. Fram til ársins 1900 fóru allir Grímstunguheiðarmenn 40 að tölu, af stað í fyrri göngur föstudaginn í 22. viku sumars. Fóru þeir hinn fyrsta dag Grímstunguheiðarveg og suður í Fossabrekku í Víðidalstunguheiði og höfðu náttstað þar með Víðdælingum.

[…]

Á laugardag hófst leit suður vestanverðan Sand til Fljótsdraga, og var hafður náttstaður í Fljótsdragatanga. Þá var venja að senda sex menn til Réttarvatns, er ásamt Víðdælingum, Miðfirðingum og Borgfirðingum réttuðu þar fé. Komu þessir sex síðan til Fljótsdraga.

Sunnudagsnóttina var vakað yfir fé og hestum á Tanganum.

[…]

Næsta dag, sem var sunnudagur, var leitað norður yfir Sand, og mönnum skipt í hópa til framhaldsleitar á heiðarnar.

[…]

Féð, sem fannst á Sandi sunnanverðum og Fljótsdrögum, var rekið norður yfir Sand. Ráku Lambatungumenn það.

[…]

Sú breyting, sem gerð var árið 1900 á fyrri göngum, þótti gefast betur. Var nú meiri samvinna fengin við Borgfirðinga um leit sunnan Sands og sundurdrátt á fé við Réttarvatn. Skal nú meir sagt frá þeirri tilhögun og farið með lesandann í göngur, eins og þær hafa verið síðan um aldamót, og er Ágúst á Hofi, leitarforingi, leiðsögumaður ferðarinnar:

Fimmtudgainn í 21. viku af sumri leggja af stað 11 röskir menn úr Vatnsdal og Þingi til fjárleitar á Stórasand og í Fljótsdrög til samleitar með Borgfirðingum. Skulu þeir einnig hirða fé við Réttarvatn úr austurhreppnum.

[…]

Kl. 7 er lagt af stað og leið tekin að Stórasandi. Í fremstu högum, er nefnast Bríkarkvíslardrög, er stanzað.

[…]

Við Grettishæð er stanzað, […].

[…]

Nú er stefnan tekin til suðausturs og stefnt að Krák. Er nú farið allgreitt eftir föngum. Norðvestan við Krák er stanzað. Skal nú skipt til leitar suðvestur Sandinn. Tveir skulu leita austanvert við Krák suður að Langjökli og vestur með honum með hliðsjón af hinum. Vestustu mennirnir taka stefnu á Bláfell. Heldur nú leitarröðin suður Sandinn, suður fyrir Strýtur. Þar á hæð einni, sem nefnist Sunnlendingahæð, hittum við 6 menn úr Borgarfirði. Þrír félagar þeirra eru til leitar niður í Fljótsdrögunum.

[…]

Nú fer að halla suðvestur af Sandinum og meiri kindagróður að sjást. Nokkrar drifhvítar kindur sjást fara á spretti suður Sandinn. Þær hafa fengið styggð af vesturjaðri leitarmanna.

[…]

Nú gerast hestarnir sporléttari. Þeir hafa margir farið þessa leið áður og vilja nú hraða ferðinni til Draganna, sem veita þeim bæði vatn og gras.

Fénu fjölgar fram undan, það er styggt í byrjun. Má nú gæta þess vel að tapa því ekki á jökulstallana eða hraunið. Leitarmannahringurinn færist saman. Nú er komið til Fljótsdraga.

[…]

Í dag er Réttarvatn miðdepill stórra leitarsvæða. Þangað smala auk Fljótsdragamanna Víðdælingar, Miðfirðingar og annar leitarflokkur Borgfirðinga. Þegar allir eru komnir, verða hér um 80 menn.

[…]

Hestar okkar eru sporléttir. Nú vita þeir, að norðurferðin er hafin. Margir þeirra eru þrautreyndir og vitrir gangnahestar, sem í ýmislegt hafa komizt. Þessi ljúfi ferðavilji þeirra sameinar okkur þessum traustu og þolmiklu

ferðafélögum okkar, sem við eigum svo margt sameiginlegt með. Stefnan er tekin sunnan við Bláfell, og farið hart. Við fellið sunnanvert er stanzað í síðustu grasbrekkunni áður en lagt er á Sand. Hún er að mestu vaxin gulvíði.

[…]

Stefnan er tekin norðaustur sandinn og stefnt á Sanddal. Þar eigum við að hitta 24 menn, sem koma til viðbótar í smölun norður heiðarnar. Foringi þeirra er Lárus í Grímstungu, þaulreyndur fjallagarpur og eftirleitamaður.

[…]

Þegar komið er í Sanddal eru Sandmenn komnir.

[…]

„Foringjarnir“ ganga afsíðis og skipta liði á heiðarnar.

[…]

Fljótlega heldur Lárus af stað með 13 menn, er eiga að smala forsæludalskvíslar og austurhluta Grímstunguheiðar. Kallast sá hópur Austurheiðarmenn.

Annar hópur jafnstór, sem leita á Lambatungur og Vestur-Grímstunguheiði, leggur því næst af stað.

Nú erum við fimm eftir, er skulum fara vestur og hafa samleit við Víðdælinga norður Sand og hitta félaga okkar, er féð ráku í Álkulón. Eiga þessir menn að smala norður Haukagilsheiði og Víðidalsfjalls. Nefnast þeir Haukagilsheiðarmenn.

Skipt er tafarlaust til leitar, og fara nú allir eftir nánari leitarreglum norður Sand og Öldur. Bráðlega sjáum við toppana á Vatnsdalsfjöllum. Nokkur reytingur af kindum sést, þegar hér er komið. Þær eru í fyrstu styggar, og gæta þarf þess vel, að leitarmenn fari rétt, svo að óþarfa eltingar þurfi eigi, því að hér er slæmur vegur og seinfarinn hestum.

Þegar fer að halla norður af Sandi, sést stór fjárbreiða í Álkulónum. Þar hefir Álftskálará upptök sín. Er sú fjárbreiða fé það, sem rekið var frá Réttarvatni af félögum okkar.[640]

Páll Kolka lýsir heiðum í Húnavatnssýslu í þar til gerðum kafla í riti sínu Föðurtún árið 1950. Þar segir:

Vestan Blöndu er fyrst Auðkúluheiði, sem er mjó, en nær alla leið suður á miðjan Kjöl. Þá taka við Forsæludalskvíslar hið næsta byggðinni, og ná þær vestur að Vatnsdalsá, en síðan Grímstunguheiði vestur að Álftaskálará og Haukagilsheiði þaðan að Heiðamótaás suður af Víðidalsfjalli. Suður af þeim eru Öldur og Stórisandur. Upp af vestursýslunni er fyrst Víðidalstunguheiði, sem nær vestur að Fitjaá, en suður af henni er Arnarvatnsheiði, fyrir vestan Stórasand. Þá er Aðalbólsheiði eða Lambatungur. Núpsheiði, Húksheiði og

[640] Bragi Sigurjónsson, *Göngur og réttir* II, (1949), bls. 53-76.

Staðarafrétt, sem liggur næst Hrútafjarðará. Þessi síðastnefndu afréttarlönd mynda norðurhluta Tvídægru.[641]

Árið 1950 segir Páll Kolka að Þverárheppur eigi „upprekstrarítök á Haukagilsheiði“.[642]

Þann 1. nóvember 1971, seldu eigendur Haukagils Upprekstrarfélagi Ás- og Sveinstaðahreppa land, svo sem hér segir:

18359.

Haukagil – Haukagilsheiði

Við undirritaðir eigendur Haukagils í Vatnsdal A-Hún. seljum hér með og afsölum Upprekstrarfélagi Ás- og Sveinstaðahreppa allt það land Haukagils sem er vestan við núverandi beitilandsgirðingu jarðarinnar sem jafnframt verður landamerkjagirðing og eign Upprekstrarfélagsins að 4/5 hlutum.

Söluverð er þegar greitt.

Staddir á Blönduósi 1. nóvember 1971.

Konráð Eggertsson

Eggert Konráðsson

Vitundarvottar:

Ívar Níelsson

Eggert Lárusson.[643]

Þann 30. júní 1986 auglýsti landbúnaðarráðuneytið takmörkun á upprekstri hrossa og sauðfjár á Grímstungu- og Haukagilsheiðar, Víðidalsfjall og Sauðadal í Austur-Húnavatnssýslu. Auglýsingin hljóðar svo:

AUGLÝSING

Um takmörkun á upprekstri hrossa og sauðfjár á Grímstungu- og Haukagilsheiðar, Víðidalsfjall og Sauðadal í Austur-Húnavatnssýslu.

Landbúnaðarráðuneytið hefur samkvæmt heimild í 5 mgr. 23. gr. laga nr. 17/1965 um landgræðslu, sbr. 2. gr. laga nr. 42/1982, ákveðið að banna upprekstur hrossa á Grímstungu- og Haukagilsheiðar, Víðidalsfjall, þ. e. sameiginlegan afrétt Ás- og Sveinstaðahreppa í Austur-Húnavatnssýslu, svo og upprekstur hrossa úr Þverárhreppi í Vestur-Húnavatnssýslu á fyrrnefnda afrétti. Bann þetta gildir frá og með 1. júlí n.k. og til ársloka 1986.Ennfremur skal upprekstur hrossa á Sauðadal takmarkast við 100 hross á tímabilinu 15. júlí til 10. september 1986.

[641] Páll V. G. Kolka, *Föðurtún*, (1950), bls. 421-422.
[642] Páll V. G. Kolka, *Föðurtún*, (1950), bls. 371-372.
[643] Skjal nr. 2(33).

Jafnframt hefur ráðuneytið ákveðið að upprekstur sauðfjár á Grímstunguheiði verði fyrst heimill eftir 10. júlí n.k.

Um brot gegn banni þessu fer eftir ákvæðum 43. gr. laga nr. 17/1965 um landgræðslu, sbr. 40. Gr. laga nr. 10/1983.

Landbúnaðarráðuneytið, 30. júní 1986.

Jón Helgason.

Jón Höskuldsson.[644]

Um málaferli og deilur vegna ítölu í upprekstrarlöndum Austur-Húnavatnssýslu, á árunum 1984−1990, er fjallað mjög ítarlega í ritinu *Héraðsstjórn í Húnaþingi*, frá árinu 1992. Þar segir m.a. eftirfarandi:

> Sumarið 1984 krafðist Landgræðsla ríkisins þess að ítala yrði gerð fyrir nokkur upprekstrarlönd í Austur-Húnavatnssýslu. Kom krafan fram vegna þess að ekki var samkomulag meðal heimamanna um á hvern hátt ætti að standa að takmörkun beitar. Sýslumaður Húnvetninga skipaði Jóhannes Björnsson sveitarstjóra á Laugarbakka, Ólaf R. Dýrmundsson landnýtingarráðunaut og Svein Runólfsson landgræðslustjóra í ítölunefnd og skilaði hún af sér ítölugerðum í apríl 1985.
>
> Í úrskurðum nefndarinnar var ákveðið hámark ærgilda í tveggja til tveggja og hálfsmánaðar sumarbeit á Grímstungu- og Haukagilsheiði og önnur afréttarlönd, eign Upprekstrarfélags Ás- og Sveinsstaðahreppa og Þverárhrepps í Vestur-Húnavatnssýslu, skyldi vera samtals 6000, þ.e.a.s. fullorðið fé og vorlömb að auki. Þar af mátti ekki sleppa meira en 2000 ærgildum á Grímstunguheiði. Beit fyrir stóðhross var metin þannig að á móti hverri hryssu með folaldi reiknuðust 10 ærgildi en á móti hverju geldhrossi sjö. Fékk Áshreppur 2750 ærgildi í sinn hlut, Sveinsstaðahreppur jafn mörg og Þverárhreppur 500. Ennfremur ákvað ítölunefndin að hámarkstala ærgilda í jafn langa sumarbeit á Sauðadal skyldi vera 1600, og í Þingeyraselsland, Kornsárselsland og hálfa Fremri-Rófuskarðshlíð skyldi vera samtals 1800 ærgildi. Alla þessa úrskurði aleit nefndin að bæri skilyrðislaust að endurskoða að fjórum árum liðnum.
>
> Ítalan var kynnt á almennum bændafundi í Flóðvangi í Vatnsdal 2. maí. Þar skýrði Ólafur Dýrmundsson frá því að gróðurmat RALA fyrir þessi svæði öll væri samtals 6827 ærgildi, en ítölunefnd hefði bætt við þá tölu 1873 ærgildum svo alls væru gerðar tillögur um 8700 ærgildi. Þetta táknaði mikl breytingu því um 16000 ærgildum var beitt á þessi lönd sumarið 1984, 60% í sauðfé en 40% í hrossum. Í máli hans kom líka fram að fé hafði fækkað um 20-25% í Áshreppi frá árinu 1977 en mjög lítið í Sveinsstaðahreppi. Hrossum hafði hins

[644] Skjal nr. 4(54).

vegar fjölgað álíka mikið í báðum hreppunum á þessum árum. Niðurstaða ráðunautarins var sú að beit á afréttunum nægði fyrir það sauðfé, sem rekið var á fjall 1984, en hrossunum yrði að finna önnur beitilönd.

Annar frummælandi á Flóðvangsfundinum var Andrés Arnalds gróðureftirlitsmaður, sem m.a. færði rök að því að óbreyttur fjárfjöldi en engin hrossabeit, þýddi til lengri tíma litið eins kílós aukning á fallþunga. Sveinn Runólfsson talaði síðastur sunnanmanna. Hann gerði grein fyrir þeirri lagalegu skyldu Landgræðslunnar að grípa í taumana þegar land er ofnotað, og skyldum sveitarstjórna til að framfylgja ítölu.

Voru síðan lagðar fram sameiginlegar tillögur Landgræðslu ríkisins og Búnaðarfélags Íslands um aðgerðir í upprekstrarmálum í sumarbeitilöndum Ás- og Sveinsstaðahreppa sumarið 1985. Þær voru:

1. Sveitasjórnir kanni upprekstrarþörfina sem fyrst.
2. Farið verði eftir ábendingum Gróðurverndarnefndar A-. Húnavatnssýslu um upprekstur. Upprekstri verði dreift á lengri tíma. Tekið verði frá girðingum á haustin ef margt fé hefur safnast að þeim.
3. Dreifing fjárins í afréttunum verði bætt, t.d. með færslu og fjölgun sleppihólfa.
4. Engin hross verði rekin fram fyrir girðingu á Grímstungu- og Haukagilsheiði (heimilt skv. 16. gr. afréttarlaga).
5. Fjöldi hrossa í Víðidalsfjalli og á Sauðadal verði takmarkaður í samráði við landeigendur. Reglur verði settar um beitartíma og hrossin tekin í fyrstu göngum.

   Við umræður kom fram ágreiningur á milli Vatnsdæla annars vegar og Sveinsstæðinga og Þverhreppinga hins vegar. Hafði hreppsnefnd Sveinsstaðahrepps mótmælt því árið áður að ítala færi fram og var lítið hrifin af því framtaki landgræðslustjóra að biðja um hana, þótt rétturinn væri ótvírætt hans megin. Agnar Levy oddviti Þverárhrepps gerði grein fyrir ítölum í land Þverhreppinga frá 1924, 1938 og 1940. Hann taldi enga þörf á ítölu í þetta sinn því nú voraði vel. Mótmælti hann síðan skerðingu á ítölu hreppsins úr 110 í 50 hross og að sauðfjártala félli með öllu niður. Fleiri Þverhreppingar tóku til máls og var þungt í þeim, ekki síst í garð Vatnsdælinga. Framhald málsins hlaut samt sem áður að velta á afstöðu hreppsnefndar Sveinsstaðahrepps, en úr henni sat aðeins Magnús Ólafsson á Sveinsstöðum fundinn í Flóðvangi.

   Rúmum mánuði síðar kom í ljós að ágreiningurinn var djúpstæður og stóð í vegi fyrir samkomulagi. Þann 11. júní var haldinn sameiginlegur hreppsnefndarfundur Ás- og Sveinsstaðahreppa að Ási. Fyrir fundinum lá samþykkt hreppsnefndar Áshrepps þess efnis að engin hross skyldi reka á Grímstungu- og Haukagilsheiði né heldur í Víðidalsfjall þetta sumar. Sauðfé yrði ekki rekið á afrétt fyrr en 28. júní, nema gróðurverndarnefnd

mæli með upprekstri fyrr, og aukarétt yrði haldin síðasta sunnudag í ágúst.

Þórir Magnússon Magnússon í Brekku, oddviti Sveinsstaðahrepps, sagði hreppsnefnd Sveinstæðinga hafa gert tillögu um það til sýslunefndar að flýta göngum um eina viku og myndi það létta á heiðunum. Hann sagði hreppsnefnd Sveinsstaðahrepps ekki viðurkenna ítölugerðina og myndi hún stefna því máli til dóms. Þyrfti að láta reyna á það hvort Sveinn Runólfsson gæti ráðið einhverju um það hvenær bændur rækju fé sitt á fjall. Miklar og á köflum nokkuð harðar umræður urðu á fundinum. Lauk honum svo að tillögur Áshreppinga voru bornar undir atkvæði og felldar á jöfnum atkvæðum.

Eftir þetta færðist aukin harka í málið. Hreppsnefnd Áshrepps vildi ekki una þessum úrslitum og skaut ágreiningnum til tafarlauss úrskurðar sýslunefndar strax daginn eftir fundinn með Sveinsstæðingum. Áður en til hans kom hélt fjallskilanefnd sýslunefndarinnar fund með oddvitum hreppanna tveggja sem í deilum áttu, þeim Jóni B. Bjarnasyni í Ási og Þóri Magnússyni í Brekku. Í ítarlegri fundargerð kemur fram sú skoðun Þóris að forræði yfir afréttarlöndum sé í höndum bænda eða forsvarsmanna þeirra, en ekki landgræðslustjóra. Taldi hann líka að útlit gróðurs væri með þeim hætti að eðlilegt væri að halda sama beitarálagi og árið áður. Væri hann ekki tilbúinn til að gera neinar frekari takmarkanir á upprekstri en þá. Dró Þórir gildi ítölugerðarinnar í efa, sagði hreppsnefnd Sveinsstaðahrepps ekki viðurkenna hana og hefði hún vísað málinu til lögfræðings. Þá teldi hann óljóst hvern rétt sýslunefndin hefði til afskipta og úrskurðar í þessu máli, gera yrði greinarmun á fjallskilum og beitarmálum.

Jón í Ási lagði í málflutningi sínum mikla áherslu á að gróðurvernd yrði aukin og þess vegna mætti alls ekki reka hross á fjall á þessu sumri. Gróðurmatið hefði verið gert af viðurkenndum vísindamönnum og það væri hið eina sem unnt væri að byggja á. Lauk fundinum svo að ekki náðist samstaða um upprekstrarmálin þótt málamiðlunartillögur væru lagðar fram.

Mánudaginn 24. júní fór gróðurverndarnefnd sýslunnar ásamt þeim Sveini Runólfssyni og Guðbjarti Guðmundssyni héraðsráðunaut í skoðunarferð um Grímstunguheiði. Komust ferðalangarnir að þeirri niðurstöðu að ástand heiðarinnar væri mjög alvarlegt, hrís víða að hverfa og landið tekið að opnast eftir ofbeit undanfarinna ára. Beitarálag yrði að minnka mjög verulega, en vegna þess hver gróður væri skammt á veg kominn væri ekki hægt að ákveða að sinni hvenær upprekstur yrði heimilaður.

Erindi hreppsnefndar Áshrepps frá 12. júní var síðan tekið fyrir á aukafundi sýslunefndarinnar þann 27. sama mánaðar. Auk nefndarmanna sat Andrés Arnalds starfsmaður Landgræðslu ríkisins fundinn að ósk sýslumanns. Úrskurð felldi sýslunefndin svohljóðandi:

9. Upprekturstími sauðfjár sé í samræmi við álit gróðurverndarnefndar A-Hún. og jafnframt sé stuðlað að dreifingu upprekturs á lengri tíma en verið hefir í samræmi við tillögu gróðurverndarnefndar.
10. Sett verði upp fleiri sleppihólf til þess að stuðla að betri dreifingu fjárins um heiðarnar.
11. Þess sé gætt, að taka fé frá heiðargirðingum, ef það safnast verulega saman síðsumars. Náist ekki samkomulag, sé farið eftir tillögum gróðurverndarnefndar A-Hún.
12. Upprekstur hrossa fram fyrir girðingu á Grímstungu- og Haukagilsheiðar verði ekki heimilaður.
13. Takmarkaður verði verulega fjöldi hrossa í Víðidalsfjalli og á Sauðadal frá því, sem var s.l. ár, og upprekstur ekki heimilaður fyrr en þá, þ.e. 25. júlí.
14. Upprekstrarfélagið komi til móts við þarfir Þverhreppinga og útvegi þeim hagagöngu norðan heiðagirðingar, fyrir allt að 75 hross, frá 25. júlí.
15. Aðalfjárrétt verði viku fyrr á hausti komanda, en ákveðið er í gildandi fjallskilareglugerð.

Þessa niðurstöðu samþykktu allir sýslunefndarmenn, þar með talinn Ólafur Magnússon á Sveinsstöðum, fulltrúi Sveinsstaðahrepps, en sýslumaður lét bóka að hann greiddi ekki atkvæði.

Hákon Árnason hæstaréttarlögmaður kærði þennan úrskurð til félagsmálaráðuneytisins í umboði hreppsnefndar Sveinsstaðahrepps með bréfi dagsettu 8. júlí. Taldi hreppsnefndin að sýslunefndin hefði ekki úrskurðarvald í ágreiningsmálum hreppanna tveggja og engin lög heimiluðu nefndinni þær aðgerðir sem ákveðnar hefðu verið. Ítölunni hefði líka verið komið á með ólögmætum hætti. Auk þess skerti hún beitarafnot meira en búrekstur bænda í hreppnum þyldi í einni svipan og aðlögunartíma væri þess vegna þörf.

Ráðuneytið féllst ekki á málaleitan Sveinsstaðahrepps og taldi sýslunefndinni heimilt að úrskurða um ágreininginn. Sá úrskurður geti hins vegar ekki talist endanlegur og megi þess vegna skjóta honum til dómstóla. Í blaðaviðtali kvaðst Þórir oddviti í Brekku munu hlíta þessari niðurstöðu þar til umsögn dómstóla lægi fyrir (Feykir 28. ágúst 1985).

[…]

Nú tók við löng bið eftir niðurstöðum dómstóla í þeim þrætumálum sem risin voru. Á meðan tókust menn nokkuð á í blaðagreinum um haustið 1985 og veturinn sem fór í hönd.

Jón Ísberg sýslumaður vék sæti í máli Sveinsstaðahrepps vegna ítölunnar og var Garðar Gíslason borgardómari í Reykjavík skipaður setudómari í hans stað. Hann kvað upp úrskurð 27. júní 1986. Í stuttu máli sagt, féllst dómarinn á þá skoðun hreppsnefndar Sveinsstaðahrepps að ekki hafi verið rétt að

ítölunni staðið. Skylt hafi verið að fá samþykki bændafundar fyrir ítölu áður en hún var gerð. Það hafi hins vegar ekki verið gert og dæmdust ítölugerðirnar allar þar með ógildar og hreppsnefnd Sveinsstaðahrepps óskylt að framfylgja þeim. Hér höfðu Sveinsstæðingar haft nokkurn sigur en eftir sem áður var samþykkt sýslunefndarinnar þeim þyrnir í augum.

Aðeins þremur dögum eftir að Garðar kvað upp dóm sinn gaf landbúnaðarráðuneytið út auglýsingu um bann við upprekstri hrossa á Grímstungu- og Haukagilsheiðar og Víðidalsfjall. Gilti bannið frá og með 1. júlí og til ársloka. Jafnframt var fjöldi hrossa, sem mátti reka á Sauðadal, takmarkaður við töluna hundrað á tímabilinu 15. júlí til 10. september. Upprekstur sauðfjár á Grímstunguheiði var heimilaður eftir 10. júlí. –Má það merkilegt heita ef ekki voru einhver tengsl á milli dómsuppkvaðningarinnar og auglýsingar ráðuneytisins.[645]

Í skrá yfir afrétti tekinni saman af Konráði Eggertssyni og Pétri Ólasyni f. h. sveitastjórna Ás- og Sveinsstaðahreppa, dagsett 4. maí 1981, er merkjum Haukagilsheiðar lýst svo:

Haukagilsheiði er vestan við Álku. Merki að norðan eru Ytri-Skútalækur frá Álku meðan hann fellur beint úr vestr. Þaðan frá vestur í Kleppukvísl og fram til Hraungarða. Að sunnan eru fjórðungsmörk.

Eigendur: Upprekstrarfélag Ás og Sveinsstaðahreppa ¾. Þverárhreppur ¼.[646]

Í sömu skrá er Haukagilslandi lýst svo:

Haukagilsland afmarkast af girðingu að austan, Saurbæjarlandi að norðan, Gilhagalandi að sunnan og Kornsárkvísl að vestan.

Eigendur: Upprekstrarfélag Ás- og Sveinsstaðahreppa.

Þann 30. júní 1986 auglýsti landbúnaðarráðuneytið takmörkun á upprekstri hrossa og sauðfjár á Grímstungu- og Haukagilsheiðar, Víðidalsfjall og Sauðadal í Austur-Húnavatnssýslu. Auglýsingin hljóðar svo:

AUGLÝSING

Um takmörkun á upprekstri hrossa og sauðfjár á Grímstungu- og Haukagilsheiðar, Víðidalsfjall og Sauðadal í Austur-Húnavatnssýslu.

Landbúnaðarráðuneytið hefur samkvæmt heimild í 5 mgr. 23. gr. laga nr. 17/1965 um landgræðslu, sbr. 2. gr. laga nr. 42/1982, ákveðið að banna upprekstur hrossa á Grímstungu- og Haukagilsheiðar, Víðidalsfjall, þ. e. sameiginlegan afrétt Ás- og Sveinstaðahreppa í Austur-Húnavatnssýslu, svo og upprekstur hrossa úr Þverárhreppi í Vestur-Húnavatnssýslu á fyrrnefnda afrétti. Bann þetta gildir frá og með 1. júlí n.k. og til ársloka 1986.Ennfremur

[645] Bragi Guðmundsson, *Héraðsstjórn í Húnaþingi*, (1992), bls. 327-332.
[646] Skjal nr. 4(13).

skal upprekstur hrossa á Sauðadal takmarkast við 100 hross á tímabilinu 15. júlí til 10. september 1986.

Jafnframt hefur ráðuneytið ákveðið að upprekstur sauðfjár á Grímstunguheiði verði fyrst heimill eftir 10. júlí n.k.

Um brot gegn banni þessu fer eftir ákvæðum 43. gr. laga nr. 17/1965 um landgræðslu, sbr. 40. Gr. laga nr. 10/1983.

Landbúnaðarráðuneytið, 30. júní 1986.

Jón Helgason.

Jón Höskuldsson.[647]

Þann 20. febrúar 1989 sendi Félagsmálaráðuneytið öllum sveitarstjórnum á Íslandi bréf og spurðist fyrir um upprekstrarrétt og afrétti sveitarfélaga o.fl. þar að lútandi.[648] Oddviti Ásshrepps, Jón B. Bjarnason, svaraði bréfi ráðuneytisins 13. febrúar árið eftir. Í svari Jóns kemur fram að sveitarfélagið eigi upprekstrarrétt á Grímstunguheiði, Haukagilsheiði, Víðidalsfjall o.fl.[649] Með svari Jóns fylgir skrá yfir afrétti tekin saman af Konráði Eggertssyni og Pétri Ólasyni f. h. sveitastjórna Ás- og Sveinsstaðahreppa, dagsett 4. maí 1981. Þar er mörkum afréttarins fyrir hreppanna tvo lýst svo:

Mörk við Auðkúluheiði eru bein sjónlína úr Karyrðlingatjörn í Fellakvísl þar sem Kólkukvísl rennur í hana, þá Fellakvísl þar sem Kólkukvísl rennur í hana, þá Fellakvísl til upptaka og þaðan í Langjökul. Fjórðungsmörk að sunnan eru úr Réttarvatnstanga sjónhending fyrir norðan Álftavötn og Fljótadrög upp í Lyklafell (Krák á sandi). Úr Lyklafelli í Langjökulsenda.

Mörk við Víðidalstunguheiði eru af fjórðungsmörkum lína norður með Bláfelli að vestan, svo norður heiðina eins og vötnum hallar til vesturs, norður á Hraungarða svo ráða þeir meðan endast, og úr norðurenda þeirra í Bergárvatn. Þaðan réttsýni í efstu Gljúfurárdrög.[650]

Síðan er gerð frekari grein fyrir einstökum afréttum og eigendum þeirra. Um Lambatungur og Haukagilsheiði segir:

Lambatungur eru milli Bríkarkvíslar og Álku. Vesturmerki frá upptökum Álku suður á fjórðungmörk.

Eigendur: Upprekstrarfélag Ás- og Sveinsstaðahreppa 7/8 Þverárhreppir 1/8.

[647] Skjal nr. 4(54).
[648] Skjal nr. 4(16).
[649] Skjal nr. 4(17).
[650] Skjal nr. 4(17).

Haukagilsheiði er vestan við Álku. Merki að norðan eru Ytri-Skútalækur frá Álku meðan hann fellur beint úr vestr[i]. Þaðan frá vestur í Kleppukvísl og fram til Hraungarða.

Að sunnan eru fjórðungsmörk.

Eigendur: Upprekstrarfélag Ás og Sveinsst. hr. ¾ Þverárhreppur 1/4.

Kornsártungur eru norðan og vestan við Haukagilsheiði. Að vestan er Víðidalstunguheiði. Úr Bergárvatni eru mörk bein lína yfir Kornsárvatn að upptökum Kornsárkvíslar. Þá Kornsárkvísl að ármótum. Að austan Kleppukvísl um Kleppuvatn fram til Hraungarða.

Eigendur: Upprekstrarfélag Ás og Sveinsst.hr. [7/8] Þverárhreppur 1/8.

[...]

Haukagilsland afmarkast af girðingu að austan, Saurbæjarlandi að norðan, Gilhagalandi að sunnan og Kornsárkvísl að vestan.

Eigendur: Upprekstrarfélag Ás- og Sveinsstaðahreppa.

Auk þess eru eftirtalin lönd notuð til upprekstrar af Upprekstrarfélaginu en eru í einkaeign.

Sauðadalur eignarhlutur tilheyrandi Hnausum og Öxl.

Þingeyrarselsland og Kornsárselsland er tilheya Þingeyrum.

Gilhagaland norðan heiðargirðingar í eigu Gests Guðmundssonar og Gísla Pálssonar.

[...]

Skrá þessi er samin af Konráð Eggertssyni og Pétri Ólasyni f.h. sveitastjórna Ás- og Sveinsstaðahr.

Syðri-Brekku 4. mai 1981

Fyrir hönd sveitastjórna Ás- og Sveinsstaðahreppa

Jón Bjartmar Bjarnason

Oddviti Áshrepps

Þórir Magnússon

Oddviti Sveinsstaðahr.[651]

Í svari Agnars J. Levy oddvita Þverárhrepps vegna fyrirspurnar Félagsmálaráðuneytisins um afréttarlönd frá því í febrúar 1989, kemur fram að

[651] Skjal nr. 4(17).

Þverárhreppur eigi ¼ úr Haukagilsheiði, ⅛ úr Kornsártungum og ⅛ úr Lambatungum.[652]

Árið 1989 birtist eftirfarandi kafli um Haukagilsheiði eftir Grím Gíslason í grein hans um Upprekstrarfélag Grímsstunguheiðar í ritinu Húnaþing III. Þar segir:

HAUKAGILSHEIÐI

> Haukagilsheiði lá áður undir jörðina Haukagil í Vatnsdal en var seld árið 1883. Núverandi eigendur heiðarinnar eru Upprekstrarfélag Ás- og Sveinsstaðahrepps að ¾ hlutum en Þverárhreppur í Vestur-Húnavatnssýslu að fjórðungi.
>
> Merki heiðarinnar eru að norðan Ytri-Skútalækur meðan hann „fellur beint úr vestri“ og þaðan beint vestur í Kleppukvísl. Að austan er Álka og að vestan Víðidalstunguheiði. Komið hefir í ljós að nokkuð eru á reiki og misjafnar skoðanir manna um mörk Haukagilsheiðar að vestan.
>
> Síðustu áratugi hefir almennt verið talið að norðurmörk heiðarinnar væru úr Kleppuvatni í Kornsárvatn en vesturmörk úr Kornsárvatni (eða jafnvel Fremrihlíðarklettum sem þó fæst ekki staðist) sjónhending í Bláfell sem er norðaustur af Réttarvatni og þaðan á fjórðungamörk á móti Borgfirðingum. Eru þetta sem næst leitarmörk á móti Víðdælingum.
>
> Prentaðar heimildir eru til um það að merki Haukagilsheiðar séu frá Kleppukvísl fram til Hraungarða en þar séu Kornsártungur á milli vestur til Víðidalstunguheiðar. Ekki er þarna um landfræðileg merki að ræða og ekki tilgreint hvar þau séu á Hraungörðum og því óljóst. Svo segir í landamerkjabréfi fyrir Víðidalstungu frá 23. mars 1890:
>
> „Úr honum (Réttarvatnstanga) ræður bein sjónhending austur undir Bláfell; svo norður heiðina eins og vötnum hallar til vesturs, norður á Hraungarða; svo ráða þeir meðan endast og úr norðurenda þerra beina leið í Bergárvatn.“
>
> Bein afleiðing af framanskráðu er: Hvað um landspilduna sem takmarkast af Þríhyrningi með skömmu hliðinni Kornsárvatn-Berárvatn og langhliðarnar sjónhending úr vötnunum í Hraungarðahaus? Vissulega er þarna um samfellt graslendi að ræða sem sundurskorið er af vötnum og mikið torleiði vegna votlendis. Leitarmörk eru engin ef miðað er við vestari langhlið þríhyrningsins en svokallaður Heiðamótaás hefir orðið að leitarmörkum enda eru vatnaskil milli Haukagilsheiðar og Víðidalstunguheiðar þar. Ekki sýnist skipta nákvæmni merkjanna heldur það hvað fellur best að öryggi um leitir á svæðinu í heild en búpeningur nýtir landið til eðlilegs jafnvægis meðan hann getur gengið þar frjáls og óháður svo sem verið hefur til þessa.[653]

Einn fjórði hluti Haukagilsheiðar var seldur þann 27. júní 1996, samkvæmt eftirfarandi kaupsamningi og afsali:

[652] Skjal nr. 4(19).
[653] Grímur Gíslason, frá Saurbæ, „Upprekstrarfélag Grímstunguheiðar“. Húnaþing III, (1989), bls. 123-125.

Kaupsamningur og afsal

Eg undirritaður, Agnar J. Levý, oddviti Þverárhrepps, fyrir hönd og í umboði hreppsnefndar Þverárhrepps, sel hérmeð og afsala Upprekstrarfélagi Ás- og Sveinsstaðahreppa eignarhluta sveitarsjóðs Þverárhrepps í afréttarlandi því, sem hann hefir átt innan afréttarmarka þessara hreppa.

Land það sem um er að ræða er ¼ - einn fjórði – úr Haukagilsheiði, en upprekstrarfélagið á nú þrjá fjórðu heiðarinnar, 1/8 – einn áttundi – úr Lambatungum, en upprekstrarfélagið á nú sjö áttundu Lambatungna og 1/8 – einn áttundi – úr Kornsártungum, en upprekstrarfélagið á þær nú að sjö áttundu.

Við undirskrift þessa skjals verður þá öll Haukagilsheiði, Lambatungur og Kornsártungur eign Upprekstrarfélags Ás- og Sveinsstaðahreppa.

Kaupverð landsins er kr. 4.000.000,oo – fjórar milljónir – sem greiðast við undirritun samningsins.

Landamerki eru ágreiningslaus og eru tilgreind í afréttarskrá Upprekstrarfélags Ás- og Sveinsstaðahreppa frá 4. maí 1981.

Samningurinn miðast við nýliðna fardaga og greiðir kaupandi, upprekstrarfélagið, alla skatta og skyldur af landinu frá þeim tíma.

Gjört á Blönduósi, 27. júní 1996.

F.h. hreppsnefndar Þverárhrepps,

Agnar J. Levý

Samþykkir ofanrituðu,

f.h. Upprekstrarfélags Ás- og Sveinsstaðahreppa,

Upprekstrarfélagið Ás- og Sveinsstaðhrepps er skráður eigandi af ¾ afréttarlandi á Haukagilsheiði.

Björn Magnússon

Jón B. Bjarnason.

Vottar: Jón Ísberg. hdl.

Skjalið samdi Jón Ísberg hdl.

Móttekið til þinglýsingar 28.6.96

Innfært í þinglýs[ingabók] 4.7.96

Margrét M.[654]

Skipulagsskrá fyrir sjálfseignarstofnunina Grímstungu- og Haukagilsheiði, sem staðfest var 8. desember 2005, hljóðar svo:

Skipulagsskrá fyrir

Sjálfseignarstofnunina Grímstungu- og Haukagilsheiði

1.gr.

Nafn og heimilisfang

Sveitarfélagið Sveinsstaðahreppur, kt. 640269-4489, stofnar hér með sjálfseignarstofnun sem heitir Sjálfseignarstofnunin Grímstungu- og Haukagilsheiði. Stofnunin starfar samkvæmt lögum nr, 19/1988. Heimili hennar og varnarþing er á heimili formanns stjórnar hverju sinni.

2.gr.

Stofnfé og eignir

Sveitarfélagið leggur við stofnun sjálfseignarstofnunarinnar fram eignarhlut sinn í eftirtöldum fasteignum með öllum gögnum og gæðum og tilheyrandi réttindum sem fasteignunum fylgja og voru eign Sveinsstaðahrepps þegar eignirnar voru afhentar stofnuninni.

Helmings (50%) eignarhlutur í:

Grímsstunguheiði og ½ Lambatungur sbr. kaupsamningi, dags. 4. nóvember 1901

Haukagilsheiði og ½ Lambatungur sbr. afsal dags. 7. ágúst 1894, 19. apríl 1924 og 27. júní 1996.

¼ Forsæludalskvíslar, sbr. kaupsamningur, dags. 24. nóvember 1890

Fremrihlíð, sbr. gjafa og afsalsbréf, dags. 24. maí 1970 og kaupsamningur og afsal dags. 21. desember 1998

Dalsland, sbr. afsal dags. 30. júní 1975

Haukagilsland, sbr. afsal. dags. 1. nóvember 1971

Þrístapaháls, sbr. kaupsamning dags. 24. júní 1958

Eignarhlutur (100%) í:

1/8 Sauðadals, sbr. kaupsamningur og afsal dags. 2. október 2000.

Þá leggur sveitarfélagið fram 622.000 krónur sem er höfuðstóll bankareiknings sem sérstaklega var stofnaður við KB banka á Blönduósi í þessu skyni.

[654] Skjal nr. 9(4).

3. gr.

Tilgangur

Tilgangur sjálfseignarstofnunarinnar er að tryggja að fasteignir hennar nýtist með sama hætti og verið hefur íbúum og búfjáreigendum sem búa innan marka Sveinsstaðahrepps eins og þau eru þann 31. desember 2005.

4.gr.

Nýting eigna stofnunarinnar

Sjálfseignarstofnunin tekur við þeim fasteignaréttindum sem tilgreind eru í 2. gr. með þeirri kvöð að virða upprekstrarrétt og veiðirétt einstakra jarða í samræmi við ákvæði laga nr. 6/1986 um afréttamálefni, fjallskil o.fl. auk fjallskilareglugerða settra með stoð í þeim og laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, með sama hætti og verið hefði ef löndin hefðu verið áfram í eigu sveitarfélagsins:

Eftirtalin lögbýli eiga upprekstarrétt á lönd stofnunarinnar við stofnun hennar:

Litla Gilja, Brekka, Syðri Brekka, Brekkukot, Öxl 1, Öxl 2, Hnausar 1, Hnausar 2, Bjarnastaðir, Másstaðir, Hjallaland, Helgavatn, Hnjúkur, Breiðabólsstaður, Breiðabólsstaður II, Miðhús, Uppsalir, Hólabak, Vatnsdalshólar, Sveinsstaðir, Steinnes, Hagi, Norðurhagi, Leysingjastaðir, Leysingjastaðir II og Þingeyrar.

Jafnframt skuldbindur sjálfseignarstofnunin sig til að veita þeim búfjáreigendum í Sveinsstaðahreppi, sem samkvæmt gildandi lögum um afréttamálefni, fjallskil o. fl. á hverjum tíma, eiga upprekstrarétt á afrétt sveitarfélags eða upprekstrarfélags innan sveitarfélagsins, rétt til upprekstrar í lönd stofnunarinnar með sama hætti og verið hefði, ef löndin hefðu áfram verið eign sveitarfélagsins. Með upprekstrarrétti er hér átt við beitarafnot fyrir búfénað með þeim takmörkunum sem gilda um nýtingu og meðferð beitarlands samkvæmt ákvæðum laga um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986 og lög um landgræðslu nr. 17/1965, ásamt síðari breytingum.

Þeim, sem upprekstrarétt eiga á afréttarlöndin er óheimilt að framleigja eða selja þann rétt sinn.

Stofnunin skuldbindur sig til að haga beitarafnotum af landinu þannig að áfram verði sjálfbær beitarafnot af landinu, þ.e. að beitarálag rýri ekki gæði beitarlandsins. Verði breyting á fjölda lögbýla á svæði sjálfeignarstofnunarinnar, er stjórn hennar heimilt að leggja til breytingar til samþykktar á árlegum fulltrúaráðsfundi stofnunarinnar.

Í veiðifélögum, sem nú eru starfandi eða stofnuð verða um veiði í ám og vötnum sem lönd sjálfseignarstofnunarinnar liggja að og um fuglaveiði í löndum stofnunarinnar, skulu eftirtalin lögbýli fara með atkvæðisrétt í félögunum vegna þessara veiðiréttinda:

Litla Gilja, Brekka, Syðri Brekka, Brekkukot, Öxl 1, Öxl 2, Hnausar 1, Hnausar 2, Bjarnastaðir, Másstaðir, Hjallaland, Helgavatn, Hnjúkur, Breiðabólsstaður, Breiðabólsstaður II, Miðhús, Uppsalir, Hólabak, Vatnsdalshólar, Sveinsstaðir, Steinnes, Hagi, Norðurhagi, Leysingjastaðir, Leysingjastaðir II og Þingeyrar.

Þurfi að öðru leyti að taka ákvarðanir vegna veiðiréttinda í ám og vötnum sem fylgja löndum sjálfseignarstofnunarinnar eða um fuglaveiði í þeim löndum, skulu þær teknar á fulltrúaráðsfundi sjálfseignarstofnunarinnar. Stjórn stofnunarinnar boðar til slíkra funda.

Sú takmörkun gildir á handhöfn lax- og silungsveiðiréttinda að framantalin lögbýli hafa komið fram sem rétthafar veiðiréttar í vötnum á umræddum landsvæðum og því haft atkvæðisrétt í veiðifélögum vegna þeirra, í samræmi við 5. gr, gildandi laga um lax- og silungsveiði. Mun sú sama skipan haldast eftir að fasteignaréttindum skv. 2 grein hefur verið afsalað til sjálfseignarstofnunarinnar. Sjálfseignarstofnunin tekur hins vegar alfarið við félagsaðild og atkvæðisrétti í þeim veiðifélögum þar sem sveitarfélagið hefur farið með slík réttindi.

Á hverjum tíma skulu vera bundnir fjármunir í stofnuninni sem að verðgildi á núverandi verðlagi skulu nema 622.000 krónum miðað við vísitölu neysluverðs þegar skipulagsskrá þessi er staðfest.

gr.

Tekjur og gjöld – ráðstöfun tekna

Tekjur stofnunarinnar eru frjáls framlög stofnaðila og annarra aðila, vaxtatekjur og aðrar tekjur sem kunna að verða af rekstri og arður, sem eignir stofnunarinnar kunna að gefa af sér.

Tekjum stofnunarinnar og vöxtum af stofnframlagi má stjórn ráðstafa til niðurgreiðslu fjallskilakostnaðar ásamt greiðslu rekstrarkostnaðar sjálfseignarstofnunarinnar. Þá getur stjórn ráðstafað tekjum í samræmi við tilgang stofnunarinnar með því að veita lán eða styrki með kaupum og sölu eigna.

Gjöld sjálfseignarstofnunarinnar eru kostanaður við að sinna verkefnum í samræmi við tilgang stofnunarinnar, samkvæmt 3. gr. og annar almennur rekstarkostnaður hennar.

Meðan kvöð um nýtingu á landi stofnunarinnar til upprekstrar samkvæmt 1. mgr. 4. gr. stendur óhögguð skal sá aðili sem lögum samkvæmt er fengin stjórn og umsýsla fjallskila í sveitarfélagi þeirra sem upprekstrarréttinn eiga, standa straum af öllum kostnaði við nýtingu landsins sem upprekstrarlands og

fjallskila, þar með talið byggingu, viðhaldi og rekstri gangnamannahúsa og girðinga, vega, vegslóða og þá einnig girðinga sem gerð er krafa um að reistar verði á landamerkjum við aðliggjandi lönd. Sami aðili skal einnig standa skil á þeim hluta fasteignagjalda og annarra gjalda og skatta sem stofnuninni kann að verða gert að greiða og lagðar eru á landverð.

6.gr.

Stjórn

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð þremur mönnum og varamönnum þeirra. Hún skal kosin á sameiginlegum fundi fulltrúa frá þeim lögbýlum sem eru innan sjálfeignarstofnunarinnar. Jafnframt mynda þessir fulltrúar frá lögbýlunum fulltrúaráð sjálfseignarstofnunarinnar. Fulltrúaráðsfund skal halda fyrir 1. maí ár hvert og stjórn boða hann á tryggan hátt með minnst viku fyrirvara.

Á þeim fulltrúaráðsfundi og öðrum fer um atkvæðisrétt eins og hér segir: Eigandi eða ábúandi hvers lögbýlis sem á upprekstrarrétt í lönd sjálfseignarstofnunarinnar skal hafa eitt atkvæði. Ef eigendur og/eða ábúendur lögbýlis eru fleiri en einn skulu þeir gera með sér skriflegan samning um hver fari með atkvæðissrétt lögbýlisins. Við afgreiðslu mála á fulltrúaráðsfundum ræður einfaldur meirihluti atkvæða.

Stjórnarmenn, ásamt varamönnum, skulu kosnir til þriggja ára í senn, einn á hverju ári. Allir skulu þeir vera búsettir á svæði því sem er innan marka sveitarfélagsins Sveinsstaðahrepps hinn 31. desember 2005. Þeir skulu vera sjálfráða og fjár síns ráðandi.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Meirihluti atkvæða ræður úrslitum í stjórn stofnunarinnar. Stjórnin er ekki ályktunarhæf nema tveir stjórnarmenn hið fæsta séu viðstaddir á fundi. Stjórn er heimilt að ráða starfsmann til að sinna umsjón með eignum og rekstri stofnunarinnar. Tveir stjórnarmanna skulu rita firmað fyrir hönd stofnunarinnar og fara með prókúru fyrir hana en einnig er stjórn heimilt að fela ráðnum starfsmanni að fara með prókúru fyrir stofnunina.

Stjórnarfundi skal halda a.m.k. ársfjórðungslega. Formaður stjórnar boðar til funda. Stjórnarfundir skulu skráðir í gjörðabók. Ekki er heimilt að veðsetja eignir stofnunarinnar til tryggingar lánum eða öðrum skuldbindingum nema með samþykki stjórnar og dómsmálaráðuneytisins sbr. 5. gr. laga nr. 19/1988, ásamt síðari breytingum.

Óheimilt er að binda eignir stofnunarinnar nokkrum veðböndum eða skuldbindingum sem óviðkomandi eru tilgangi stofnunarinnar.

7.gr.

Reikningar-endurskoðun-ársskýrslur-rekstraráætlanir

Starfsár og reikningsár stofnunarinnar er almanaksárið. Ársreikningur stofnunarinnar skal endurskoðaður af skoðunarmönnum þess sveitarfélags sem stofnunin hefur heimilisfang í skv. 1. gr. og reikningurinn, ásamt skýrslu um starfsemi undangengis starfsárs, skal birtur með ársreikningi sveitarfélagsins. Ársreikningur skal áritaður af skoðunarmönnum og stjórn og sendur Ríkisendurskoðun ásamt skýrslu stjórnar.

Stjórnin skal gera rekstaráætlun fyrir næsta reikningsár fyrir 1. desember yfirstandandi reiknin<g>sárs. Stjórnin skal gæta þess eftir fremsta megni að kostnaður sé í samræmi við rekstraráætlanir.

8.gr.

Breytingar á stofnsamþykktum og slit stofnunarinnar.

Verði verulegar breytingar á grundvelli stofnunarinnar m.a. vegna breytinga á notkun upprekstarréttar á landi sjálfseignarstofnunarinnar eða tekjumöguleikum af eignum hennar, er heimilt að breyta samþykktum þessum eða leggja stofnunina niður. Gildi slíkra ákvarðana er háð samþykki allra stjórnarmanna og samþykki 2/3 hluta atkvæða á fulltrúaráðsfundi.

Komi til þess að stofnunin verði lögð niður skulu eignir hennar afhentar sveitarfélagi því sem núverandi Sveinsstaðahreppur er hluti af, til varðveislu og/eða rástöfunar þannig að sem best falli að markmiðum stofnunarinnar samkvæmt 3. gr.

9.gr.

Staðfesting dómsmálaráðherra

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari í samræmi við ákvæði laga nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. Skipulagsskráin skal birt í B-deild Stjórnartíðinda sem og allar breytingar á henni.

10. gr.

Ákvæði til bráðabirgða

Þrátt fyrir ákvæði 6. gr. skal á stofnfundi sjálfseignarstofnunarinnar við fyrsta stjórnarkjör kjósa alla 3 stjórnarmenn og varamenn þeirra og gengur síðan einn stjórnarmaður og varamaður út samkvæmt hlutkesti fyrstu tvö árin. Verði ágreiningur um þau lönd sem hrepparnir afhenda

sjálfseignarstofnuninni lagður fyrir dómstóla, skuldbindur sá hreppur sem leggur landið fram sig til að bera þann kostnað sem fellur á stofnunina vegna slíkra málaferla, enda hafi sveitarstjórn samþykkt málshöfðunina, eigi stofnunin frumkvæði að henni.

Í hreppsnefnd Sveinsstaðahrepps

Björn Magnússon

Magnús Pétursson

Birgir Ingþórsson

Gunnar Ellertsson

Líney Árnadóttir.[655]

Þann 30. júní 2006, var birt auglýsing í B-deild Stjórnartíðinda, um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá fyrir Sjálfseignarstofnunina Grímstungu- og Haukagilsheiði sem staðfest var 8. desember 2005 nr. 1120. Þar segir:

Stjórn Sjálfseignarstofnunarinnar Grímstungu- og Haukagilsheiði hefur samþykkt eftirfarandi breytingar á skipulagsskrá sjóðsins:

Við 2. gr. bætist ný málsgrein er orðist svo:

Sveitarfélagið Áshreppur, kt. 430169-2899, leggur fram sem viðbótarstofnfé, í Sjálfseignarstofnunina Grímstungu- og Haukagilsheiði, eignarhluti sína í eftirtöldum fasteignum með öllum gögnum og gæðum og tilheyrandi réttindum sem fasteignunum fylgja og voru eign Áshrepps, þegar eignirnar voru afhentar stofnuninni.

Helmings (50%) eignarhlutur í:

4. gr. orðist svo:

a. Grímstunguheiði og ½ Lambatungur, sbr. kaupsamning, dags. 4. nóvember 1901.

b. Haukagilsheiði og ½ Lambatungur, sbr. afsal dags. 7. ágúst 1894, 19. apríl 1924 og 27. Júní 1996.

¼ Forsæludalskvíslar, sbr. kaupsamning, dags. 24. nóvember 1890.

c. Fremrihlíð, sbr. gjafa- og afsalsbréf, dags. 24. maí 1970 og kaupsamning og afsal, dags. 21. desember 1998.

d. Dalsland, sbr. afsal, dags. 30. júní 1975.

e. Haukagilsland, sbr. afsal, dags. 1. nóvember 1971.

f. Þrístapaháls, sbr. kaupsamning, dags. 24. júní 1958.

Nýting eigna stofnunarinnar.

[655] Skjal nr. 7(5).

Sjálfseignarstofnunin tekur við þeim fasteignaréttindum sem tilgreind eru í 2. gr. með þeirri kvöð að virða upprekstrarrétt og veiðirétt einstakra jarða í samræmi við ákvæði laga nr. 6/1986 um afréttamálefni, fjallskil o.fl. auk fjallskilareglugerða settra með stoð í þeim og laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, með sama hætti og verið hefði ef löndin hefðu verið áfram í eigu sveitarfélagsins.

Eftirtalin lögbýli eiga upprekstrarrétt á lönd stofnunarinnar við stofnun hennar:

Hvammur I, Hvammur II, Eyjólfsstaðir, Bakki, Hof, Gilá, Marðarnúpur, Guðrúnarstaðir, Vaglir, Kárdalstunga, Þórormstunga, Sunnuhlíð, Forsæludalur, Grímstunga, Haukagil, Saurbær, Ásbrekka, Ás, Brúsastaðir, Snæringsstaðir, Undirfell, Nautabú, Kornsá, Kornsá II, Gilsstaðir, Flaga, Litla Giljá, Brekka, Syðri Brekka, Brekkukot, Öxl l, Öxl 2, Hnausar l, Hnausar 2, Bjarnastaðir, Másstaðir, Hjallaland, Helgavatn, Hnjúkur, Breiðabólsstaður, Breiðabólsstaður II, Miðhús, Uppsalir, Hólabak, Vatnsdalshólar, Sveinsstaðir, Steinnes, Hagi, Norðurhagi, Leysingjastaðir, Leysingjastaðir II og Þingeyrar.

Jafnframt skuldbindur sjálfseignarstofnunin sig til að veita þeim búfjáreigendum í Áshreppi og Sveinsstaðahreppi, sem samkvæmt gildandi lögum um afréttamálefni, fjallskil o.fl. á hverjum tíma, eiga upprekstrarétt á afrétt sveitarfélags eða upprekstrarfélags innan sveitarfélagsins, rétt til upprekstrar í lönd stofnunarinnar með sama hætti og verið hefði, ef löndin hefðu áfram verið eign sveitarfélagsins. Með upprekstrarrétti er hér átt við beitarafnot fyrir búfénað með þeim takmörkunum sem gilda um nýtingu og meðferð beitarlands samkvæmt ákvæðum laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986 og lög um landgræðslu nr. 17/1965, ásamt síðari breytingum.

Þeim sem upprekstrarétt eiga á afréttarlöndin er óheimilt að framleigja eða selja þann rétt sinn.

Stofnunin skuldbindur sig til að haga beitarafnotum af landinu þannig að áfram verði sjálfbær beitarafnot af landinu, þ.e. að beitarálag rýri ekki gæði beitarlandsins.

Verði breyting á fjölda lögbýla á svæði sjálfeignarstofnunarinnar, er stjórn hennar heimilt að leggja til breytingar til samþykktar á árlegum fulltrúaráðsfundi stofnunarinnar.

Í veiðifélögum, sem nú eru starfandi eða stofnuð verða um veiði í ám og vötnum sem lönd sjálfseignarstofnunarinnar liggja að og um fuglaveiði í löndum stofnunarinnar, skulu eftirtalin lögbýli fara með atkvæðisrétt í félögunum vegna þessara veiðiréttinda: Hvammur I, Hvammur II, Eyjólfsstaðir, Bakki, Hof, Gilá, Marðarnúpur, Guðrúnarstaðir, Vaglir, Kárdalstunga, Þórormstunga, Sunnuhlíð, Forsæludalur, Grímstunga, Haukagil, Saurbær, Ásbrekka, Ás, Brúsastaðir, Snæringsstaðir, Undirfell, Nautabú, Kornsá, Kornsá II, Gilsstaðir, Flaga, Litla Giljá, Brekka, Syðri Brekka, Brekkukot, Öxl l, Öxl 2, Hnausar l, Hnausar 2, Bjarnastaðir,

Másstaðir, Hjallaland, Helgavatn, Hnjúkur, Breiðabólsstaður, Breiðabólsstaður II, Miðhús, Uppsalir, Hólabak, Vatnsdalshólar, Sveinsstaðir, Steinnes, Hagi, Norðurhagi, Leysingjastaðir, Leysingjastaðir II og Þingeyrar.

Þurfi að öðru leyti að taka ákvarðanir vegna veiðiréttinda í ám og vötnum sem fylgja löndum sjálfseignarstofnunarinnar eða um fuglaveiði í þeim löndum, skulu þær teknar á fulltrúaráðsfundi sjálfseignarstofnunarinnar. Stjórn stofnunarinnar boðar til slíkra funda.

Sú takmörkun gildir á handhöfn lax- og silungsveiðiréttinda að framantalin lögbýli hafa komið fram sem rétthafar veiðiréttar í vötnum á umræddum landsvæðum og því haft atkvæðisrétt í veiðifélögum vegna þeirra, í samræmi við 5. gr. gildandi laga um lax- og silungsveiði. Mun sú sama skipan haldast eftir að fasteignaréttindum skv. 2. grein hefur verið afsalað til sjálfseignarstofnunarinnar. Sjálfseignarstofnunin tekur hins vegar alfarið við félagsaðild og atkvæðisrétti í þeim veiðifélögum þar sem sveitarfélagið hefur farið með slík réttindi.

Á hverjum tíma skulu vera bundnir fjármunir í stofnuninni sem að verðgildi á núverandi verðlagi skulu nema 622.000 krónum miðað við vísitölu neysluverðs þegar skipulagsskrá þessi er staðfest.

6. gr. orðist svo:

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð þremur mönnum og varamönnum þeirra. Hún skal kosin á sameiginlegum fundi fulltrúa frá þeim lögbýlum sem eru innan sjálfeignarstofnunarinnar. Jafnframt mynda þessir fulltrúar frá lögbýlunum fulltrúaráð sjálfseignarstofnunarinnar. Fulltrúaráðsfund skal halda fyrir 1. maí ár hvert og stjórn boða hann á tryggan hátt með minnst viku fyrirvara.

Á þeim fulltrúaráðsfundi og öðrum fer um atkvæðisrétt eins og hér segir: Eigandi eða ábúandi hvers lögbýlis sem á upprekstrarrétt í lönd sjálfseignarstofnunarinnar skal hafa eitt atkvæði. Ef eigendur og/eða ábúendur lögbýlis eru fleiri en einn skulu þeir gera með sér skriflegan samning um hver fari með atkvæðissrétt lögbýlisins. Við afgreiðslu mála á fulltrúaráðsfundum ræður einfaldur meirihluti atkvæða.

Stjórnarmenn, ásamt varamönnum, skulu kosnir til þriggja ára í senn, einn á hverju ári. Allir skulu þeir vera búsettir á svæði því sem er innan marka sveitarfélaga, Áshrepps og Sveinsstaðahrepps hinn 31. desember 2005. Þeir skulu vera sjálfráða og fjár síns ráðandi.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Meirihluti atkvæða ræður úrslitum í stjórn stofnunarinnar. Stjórnin er ekki ályktunarhæf nema tveir stjórnarmenn hið fæsta séu viðstaddir á fundi. Stjórn er heimilt að ráða starfsmann til að sinna umsjón með eignum og rekstri stofnunarinnar. Tveir stjórnarmanna skulu rita firmað fyrir hönd stofnunarinnar og fara með prókúru fyrir hana en

einnig er stjórn heimilt að fela ráðnum starfsmanni að fara með prókúru fyrir stofnunina.

Stjórnarfundi skal halda a.m.k. ársfjórðungslega. Formaður stjórnar boðar til funda. Stjórnarfundir skulu skráðir í gjörðabók.

Ekki er heimilt að veðsetja eignir stofnunarinnar til tryggingar lánum eða öðrum skuldbindingum nema með samþykki stjórnar og dómsmálaráðuneytisins, sbr. 5. gr. laga nr. 19/1988, ásamt síðari breytingum.

Óheimilt er að binda eignir stofnunarinnar nokkrum veðböndum eða skuldbindingum sem óviðkomandi eru tilgangi stofnunarinnar.

2. mgr. 8. gr. orðist svo:

Komi til þess að stofnunin verði lögð niður skulu eignir hennar afhentar sveitarfélagi því sem núverandi Áshreppur og Sveinsstaðahreppur er hluti af, til varðveislu og/eða ráðstöfunar þannig að sem best falli að markmiðum stofnunarinnar samkvæmt 3. gr.

Ofangreindar breytingar á skipulagsskrá fyrir Sjálfseignarstofnunina Grímstungu- og Haukagilsheiði staðfestast hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 30. júní 2006.

F.h.r.
Hjalti Zóphóníasson.

Fanney Óskarsdóttir.[656]

Í *Árbók Ferðafélags Íslands,* frá árinu 2007, segir svo um Haukagilsheiði:

Haukagilsheiði lá undir jörðina Haukagil í Vatnsdal en upprekstrarfélögin keyptu hana árið 1883. Hún nær að norðan frá Ytri-Skútalæk og Kleppulvísl, að austan að Álku en vesturmörkin móts við Víðidalstunguheiði eru um Heiðmótaás og Hraungarða. Haukagilsheiði utanverð er víða mjög votlend og grösug en þegar kemur suður um Hraungarða hækkar landið og verður hrjóstrugra.[657]

Í *Árbók Ferðafélags Íslands,* frá árinu 2007, er Grímstungu- og Haukagilsheiði m.a. lýst svo:

Suðurmörk heiðanna eru Langjökull og síðan lína frá Krák á Sandi vestur í Bláfellstjörn en vesturmörkin eru fram af Víðidalsfjalli um Heiðmótaás og sjónhending til Bláfells norðan Langjökuls.

Er þetta um 1600 km^2 flæmi. Má heita að helmingur þessa lands sé gróinn. Stærsti hluti auðnarinnar er Stórisandur, sem er um 700-800 metra yfir

[656] Skjal nr. 8(4).
[657] *Árbók Ferðafélags Íslands,* (2007), bls. 224.

sjávarmáli. Þar rís hæst Grettishæð en Krákur er sunnar og austar. Annars eru heiðalöndin yfirleitt 450-500 metra yfir sjó.[658]

Í skjali frá 14. apríl 2008 þar sem stofnuð er fasteignin Haukagilsheiði og Lambatungur kemur fram að umrædd landeign sé tekin út úr landi Haukagils og að á henni sé gangnakofi. Landeigandi er sjálfseignarstofnunin Grímstungu- og Haukagilsheiði en um mörk og afnot segir:

> Haukagilsheiði og Lambatungur eru vestan við Bríkarkvísl og Álftaskálará eftir að Bríkarkvísl fellur í hana. Merki að norðan eru Ytri-Skútalækur frá Álftarskálará meðan hann fellur beint úr vestri, þaðan frá vestur í Kleppukvísl og þaðan í Bergárvatn. Vesturmörk eru úr miðju Bergárvatni suður eftir sýslumörkum fram til Hraungarðs. Að sunnan eru fjórðungsmörk, sbr. kaupsamninga og afsöl.
>
> Landeigandi ráðstafar afnotarétti á lóðinni í samræmi við reglur og framkvæmd viðkomandi sveitarfélags þar um. Setning nánari skilmála er í höndum landeiganda/sveitarfélags.

Undir stofnskjalið, sem var þinglýst 22. október 2008, skrifa Björn Magnússon, Birgir Ingþórsson og Jón Gíslason sem stjórnarmenn sjálfseignarstofnunarinnar Grímstungu- og Haukagilsheiði. Bjarni Þ. Einarsson byggingarfulltrúi í Húnavatnshreppi og Jens P. Jensson sveitarstjóri í Húnavatnshreppi skrifa einnig nöfn sín undir skjalið.[659]

Yfirlýsing um landamerki milli Arnarvatnsheiðar í Borgarbyggð annars vegar og Grímstunguheiðar, Haukagilsheiðar/Lambatungna og Forsæludalskvísla í Húnavatnshreppi hinsvegar, var móttekin til þinglýsingar af sýslumannsembættinu á Blönduósi þann 5. júlí 2012. Samkvæmt yfirlýsingunni voru landamerki ofantalinna svæða hnitsett í samræmi við þá lýsingu sem fram kemur í landamerkjabréfi fyrir Arnarvatnsheiði, sem dagsett er þann 26. janúar 1886, sem og kaupsamningi fyrir Arnarvatnsheiði, sem dagsettur er þann 6. júlí 1901; landamerkjaskrá fyrir Grímstunguheiði sem dagsett er þann 10. júní 1890; stofnskjali fyrir Hakagilsheiði/Lambatungum, dagsettu þann 14. apríl 2008 og loks stofnskjali fyrir Forsæludalskvíslum, dagsettu þann 28. október 2008. Með yfirlýsingunni fylgir uppdráttur sem lýsir nánar legu landamerkjanna og er uppdrátturinn dagsettur þann 26. apríl 2012 og er sagður lýsa skilningi landeigenda á þeim tímapunkti á legu landamerkjanna. Yfirlýsingin sjálf er dagsett þann 20. júní 2012 og undirrituð sama dag í Borgarnesi fyrir hönd hlutaðeigandi. Vegna Arnarvatnsheiðar skrifar Snorri H. Jóhannesson undir (Arnarvatnsheiði og Geitland), vegna Grímstunguheiðar skrifar Björn Magnússon undir (Sjálfseignarstofnunin Grímstungu- og Haukagilsheiði), vegna Haukagilsheiðar/Lambatungna skrifar Björn Magnússon undir (Sjálfseignarstofnunin Grímstungu- og Haukagilsheiði), vegna Forsæludalskvísla

[658] *Árbók Ferðafélags Íslands*, (2007), bls. 223.
[659] Skjal nr. 9(1).

skrifar Jóhannes Guðmundsson undir (Sjálfseignarstofnunin Auðkúluheiði) og þá Björn Magnússon (Sjálfseignarstofnunin Grímstungu- og Haukagilsheiði) og loks Skúli Þórðarson sveitarstjóri Húnaþings Vestra fyrir hönd síns sveitarfélags. Þórður Þórðarson (Landlínur ehf.) undirritar fyrir hnitsetningu og uppdrætti og Ólafur B. Óskarsson og Brynhildur Gísladóttir votta réttar undirskriftir og dagsetningu.[660]

5.6.1 Aðliggjandi og tengd svæði

5.6.1.1 Haukagil

Í máldögum Jóns biskups skalla Eiríkssonar fyrir Hólabiskupsdæmi, frá árunum 1360−1386, segir að kirkja í Grímstungum eigi allt heimaland og hálfar Lambatungur við Haukagil. Samkvæmt sama máldaga, lýkur Haukagil lýsistoll og heytoll til kirkjunnar í Grímstungum.[661]

Í skiptabréfi eftir Arngrím Þórðarson á Marðarnúpi, frá árinu 1392, er minnst á Haukagil vegna skipta á dánarbúi hans. Þar er Haukagil metið til 17 hundraða og 20 álna.[662]

Í máldögum Péturs biskups Nikulássonar fyrir kirkjum í Hólabiskupsdæmi frá árinu 1394 og síðar, segir að kirkja á Grímstungum eigi allt heimaland og hálfar Lambatungur við Haukagil. Haukagils ekki getið í öðru sambandi í þessum máldaga.[663]

Í máldögum Ólafs biskups Rögnvaldssonar um Hólabiskupsdæmi frá árinu 1461 og síðar, segir að kirkjan í Grímstungum eigi allt heimaland og hálfar Lambatungur um Haukagil. Haukagils er ekki getið að öðru leyti í þessum máldaga.[664]

Samkvæmt kaupmálabréfi Guðna Eyjólfssonar og Guðrúnar Þorkelsdóttur, dagsettu þann 20. nóvember 1476, var Haukagil í Vatnsdal í Grímstunguþingum metið fyrir 40 hundruð og þar til 20 kúgildi og 20 hundruð í gripum og þarflegum hlutum.[665]

Samkvæmt hálfkirknatali í Húnavatnsþingi, sem kennt er við Ólaf biskup Rögnvaldsson, var uppistandandi bænhús að Haukagili árið 1486.[666]

Varðveittur er úrskurður Finnboga lögmanns Jónssonar um ágreining Jóns Sigmundssonar og Guðmundar Ólafssonar út af kaupum og ásetu á jörðunum Reykjum í Miðfirði, Aðalbóli í Austurárdal og Haukagili í Vatnsdal. Úrskurðuirnn er dagsettur 22. nóvember 1503. Haukagil er þá í eigu Guðmundar Ólafssonar, en Illugi Guðmundsson hafði haft jörðina til leigu hin undanfarin 2 ár. Guðmundur þessi hafði

[660] Skjal nr. 4(130).
[661] Skjal nr. 2(79).B1a.38a-c. *DI*, II, nr. 125, bls. 155, 161-162.
[662] *DI* III. b. nr. 395, bls. 480-481.
[663] Skjal nr. 2(81).
[664] Skjal nr. 2(83).
[665] *DI* VI, nr. 90, bls. 92-93.
[666] *DI* V, nr. 310, bls. 352-354.

keypt Haukagil af Jóni Sigmundssyni og gefið fyrir hálfa Reyki í Miðfirði. Illugi tók þá Haukagil á leigu í kjölfar þeirra viðskipta.[667]

Þann 13. nóvember 1526, galt Einar Jónsson jörðina Haukagil í Vatnsdal,sem og fleiri jarðir, í próventu til Hólabiskups, fyrir þá sök að hafa gerst opinberlega brotlegur við Hóladómskirkju og biskuplegt vald í Hólabiskupsdæmi.[668]

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* yfir Vatnsdalshrepp fremri, frá árinu 1706, segir að Haukagil sé 40 hundraða jörð. Fram kemur að Páll Vídalín sjálfur eigi 10 hundruð í Haukagili og hafi hann eignast þennan hluta „nú í sumar". Ekkert kemur fram beinum orðuð um afréttarmálefni Haukagils í kafla þeirra Árna og Páls um jörðina. Um ýmsar nytjar og hlunnindi segir eftirfarandi:

> Siúngsveiðivon í fjallavötnum, er ekki óhætt fyrir misgreiníngi.
>
> Eggversvon hefur áður nokkur verið af álftaeggjum.
>
> Grasatekja bjargleg.
>
> Hvanna og rótatekjuvon nokkur á fjöllum.
>
> Túninu granda lækir með grjóts og leirs áburði.
>
> Engjunum granda sömul lækir að ofan, en að neðan Vatnsdalsá, sem brýtur land til stórskaða.
>
> Ekki er óhætt fyrir snjóflóðum.[669]

Þann 20. júní 1789 lögfesti Bjarni Guðmundsson jörðina Haukagil og svo hálfar Lambatungur til móts við Grímstungu og hálfar Kornsártungur til móts við Kornsá.[670]

Landamerkjabréf fyrir Haukagil var útbúið 29. júlí 1890:

> Að norðan ræður: bein lína vestan frá svokölluðum Saurbæjarsteini, sem er kippkorn fyrir sunnan og vestan vestari Ástjörnina vestur við "Kvíslina,, þaðan austur í merkjavörðu austur undir brún og þaðan beina leið í merkjaskurð, sem gjörður er í flóann milli Haukagils og Saurbæjar, og frá austurenda skurðarins beint austur á línu þá er ákveður merki milli Þormóðstungu og Saurbæjar og Haukagils, sem liggur frá vörðu vestantil á Ásmóhellu beint suður um farveg Vatnsdalsár í fornar réttartóptir norðast í svokölluðum Réttarhólma (Haukagilshólma) í hólmanum fyrir sunnan og neðan Haukagil. Að austan verðu: áður nefnd lína suður á móts við landamerkin og úr því Vatnsdalsá. Að suðaustan og sunnan ræður: bein sjónleið frá Pallshamri austan Vatnsdalsár, fyrir norðan svonefnd Sauðaskjól, kippkorn fyrir utan Tunguklif í Álftarskálará, þar sem hún fellur úr gilinu, þaðan ræður Álftarskálará fram til fremri Skútalækjar og frá Skútalæk beint vestur á há Kleppuhól vestar við Kleppukvísl. Að vestan ræður: Kleppukvísl

[667] *DI* VII, nr. 618, bls. 656-662, 816.
[668] Skjal nr. 2(88).
[669] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VIII. Húnavatnssýsla, bls. 282-283.
[670] Skjal nr. 2(65) a-b.

og Kornsá (Kvíslinni) til Saurbæjarsteins. Auk þess fylgir jörðinni, móts við Kornsá, hálft það land sem liggur milli Kleppukvíslar og Kornsárkvíslar.[671]

J. Hannesson skrifaði undir bréfið vegna eiganda og umráðamanns Haukagils. Það var samþykkt af Bjarna Snæbjörnssyni eiganda Þormóðstungu, J. Hannessyni vegna eiganda og umráðamanns Saurbæjar, Hjörl. Einarssyni sem umráðanda Undirfells kirkjujarðar Grímstungu og B. G. Blöndal umboðsmanni Þingeyrarklaustursjarða.

Á manntalsþingi að Ási, 28. maí 1891, var landamerkjabréfi Haukgils þinglýst ásamt fleiri landamerkjabréfum jarða í Vatnsdal.[672]

Þann 19. september 1894, seldi og afsalaði Hólmfríður Hannesdóttir, 3 hundruðum og 68 2/5 álnum úr jörðunni Haukagili, til Jóns bónda Hannessonar í Þórormstungu fyrir 330 krónur:

N° 2015

Hólmfríður Hannesdóttir yngisstúlka í Þórormstungu í Áshreppi í Húnavatnssýslu Gjörir kunnugt: að jeg með þessu brjefi sel og afsala Jóni bónda Hannessyni í Þórormstungu 3 hundruðum 68 2/5 ál. úr jörðunni Haukagili í Áshreppi innan Húnavatnssýslu með tilheyrandi hlutdeild úr ásáuðarkúgildum jarðarinnar fyrir umsamið kaupverð 330 krónur, og með því að velnefndur bóndi Jón Hannesson hefur gjört að mestu skil fyrir hinu umsamda kauðverði 330 kr., þar sem hann hefur tekið að sjer veðskuld, sem liggur á fyrrgreindumjarðarhundruðum að upphæð 310 krónur til systranna Guðrúnar Þorsteinsdóttur og Jórunnar Þorsteinsdóttur, báðum á Álfgeirsvöllum í Skagafjarðarsýslu, og skuldbundið sig að greiða eptirstöðvarnar, 20 krónur, fyrir lok næstkomandi júnímánaðar, þá segi jeg hann rjettan eignada að áðurgreindum jarðarhundruðum með öllum skyldum og rjettindum eins og jeg hef átt þau.

Kaupandi heldur kaupi sínu til laga, en jeg svara til lagariptinga.

Til staðfestu er nafn mitt eigin handar undirritað, og tveggja tilkvaddra vitundarvotta.

Undornfelli 19. september 1894.

Hólmfríður Hannesdóttir.

B.G. Blöndal, meðráðamaður.

Vitundarvottar:

Hjörl. Einarsson

Guðm. Bjarnason.

[671] Skjal nr. 2(41).
[672] Skjal nr. 2(288) a-b.

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Húnavatnssýslu að Ási, hinn 26. mai 1896, og innfært í afsals- og veðmálabók sýslunnar, Ltr. D N° 2015 fol. 250-251.

Vottar:

Jóg. Jóhannesson

Settur.

Þinglestursgjald:Kr. 1,50

-ein króna og fimmtíu aurar-

Borgað. Jóh. Jóh.

In fidem.

Jóh. Jóhannesson

settur.[673]

Í athugasemd við skuldarviðukenningu Jóns Jóhannssonar bónda á Kistu, dagsettri 27. apríl 1897, kemur fram að Jón hafi ekki þinglesna eignarheimild fyrir 3 hundruðum 68 2/3 álnum úr jörðinni Haukagili. Skuldarviðukenning Jóns og þá athugasemdin, hljóða svo:

N° 2190

Eptirrit

Jeg Jónas Jóhannsson bóndi á Kistu í Húnavatnssýslu Gjöri kunnugt: að jeg hefi fengið að láni hjá landsbankanum í Reykjavík 180 kr. – Eitt hundrað og áttatíu krónur – [o]g lofa etc ... (eins [o]g [N°] 2148) ... einn fjórða hluta lánsins. Vexti etc ... eign mína 3 hundruð 68 2/3 álnir úr jörðinni Haukagili í Ásshreppi í Húnavatnssýslu etc.

dags. - - (2148) - - virt – etc. ... tilkvaddar.

Vitundarvottar:

J. Norðmann

G. Guðmundsson

Reykjavík 27. apríl 1897

Eptir umbodi

Hannes Þorsteinsson.

Athugasemd:

[673] Skjal nr. 4(143).

Það athugast að samkvæmt afsals- og vedmálabókum Húnavatnssýslu hefur Jónas Jóhannsson ekki þinglesna eignarheimild fyrir 3 hundruðum 68 2/3 álnum úr jörðunni Haukagili.

Skrifstofu Húnavatnssýslu, 30. júlí 1897.

Jóh. Jóhannesson

settur.

Gjald í landssjóð 50 – fimmtíu – aurar. Borgad Jóh. Jóh.

Ár 1897 hinn 30. Júlí er vedskuldarbrjefs þessa fyrirfram getið í afsals- og veðmát labókum Húnavatnssýslu, og verður notarialites stadfest eptirrit af því þinglesid [...].

Skrifstofu Húnavatnssýslu 30. júlí 1897.

Jóh. Jóhannesson

settur.

Þinglestursgjald: 1 – ein - króna. Borgad. Jóh. Jóh.

Ad eptirrit þetta etc. ... samanburd.

Notarius publicus í Húnavatnssýslu, 30. júlí 1897.

Jóh. Jóhannesson

settur.

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Húnavatnssýslu að Ási hinn 31. maí 1898, [o]g innfært í afsals- og vedmálabók sýslunnar [...].

Vottar

Gísli Jsleifsson

Jn fidem

Gísli Jsleifsson.[674]

Þann 25. maí 1904, seldi og afsalaði Jón Hannesson bóndi í Þórormstungu, eign sinni í Haukagili, til Eggerts Konráðssonar:

N° 2611

[Ég] Jón Hannesson bóndi í Þórormstungu í Áshreppi í Húnavatnssýslu gjöri kunnugt: að jeg með brjefi þessu sel og afsala Eggert Konráðssyni á Haukagili eign mína 7 hundr. og 16. ál. í jörðinni Haukagili ligg[j]andi (~~Áshreppi~~) hjer í hreppi með 1/5 hluta af 4rum ásaudar kúgildum sem fylgja allri jörðinni allt eptir því sem segir í Kaupsamningi þeim, sem vid höfum gjort um tjedan jarðarpart, og med því velnefndur Eggert Konradsson hefir fullnægt öllum þeim skildögum sem settir eru í kaupsamningnum, þá segi jeg hann rjettan eiganda ad optnefndum jardarparti.

[674] Skjal nr. 4(142).

Kaupandi heldur kaupi sínu til laga, en jeg svara til lagariptinga.

Þessu til stadfestu er nafn mitt undirritad med eigin hendi í vidurvist tilkvaddra votta.

p.t. Ási 25. maí 1904.

Jón Hannesson.

Vitundarvottar:

Þorst. Konráðsson

Daði Davidsson.

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Húnavatnssýslu ad Ási 25. maí 1904 og innfært í afsals- og veðmálabók sýslunnar Ltr. E N° 2611 fol. 255.

Þinglestursgjald 2 – tvær – krónur. Borgad G. Jsl.

Vottar

Gísli Jsleifsson

Jn fidem

Gísli Jsleifsson.[675]

Þann 25. maí 1904, afsalaði og seldi Þorsteinn Konráðsson eignarhluta sínum í Haukagili til Guðrúnar Þorsteinsdóttur, móður sinnar, á eftirfarandi máta:

N° 2650.

Þorsteinn Konráðsson bóndi á Eyjólfsstöðum í Áshreppi í Húnavatnssýslu Gjøri kunnugt: að ég með bréfi þessu sel og afsala móður minni, húsfrú Guðrúnu Þorsteinsdóttir [svo] á Haukagili, eign mína úr jørðunni Haukagili, sama að dýrleika 8 hundrud 70 al. ligg[j]andi í Áshreppi í Húnavatnssýslu, med tilsvarandi kúgildum 6 ¾ (kúgildisám) húsum og øllum gøgnum og gæðum er jørd þessari fylgja að réttu lagi, allt eptir því sem segir í kaupsamningi þeim, er vid gjørdum 6. júní 1903, og med því velnefnd móðir mín Guðrún Þórsteinsdóttir hefur að mestu fullnægt þeim skildøgum sem henni voru settir í kaupsamningnum, þá segi ég hana réttan eiganda að ofangreindum jarðarhluta.

Kaupandi haldi kaupi sínu til laga en ég svara til lagariptinga.

Þessu til stadfestu er nafn mitt, svo og nøfn tilkvaddra vitundarvotta.

Eyjólfsstöðum 25. maí 1904.

Þorsteinn Konráðsson.

Vitundarvottar:

[675] Skjal nr. 4(145) a.

j. Guðmundsson

H. Hallgrímsson.

Ár 1904, hinn 20. júní er afsalsbrjefs þessa fyrirfram getid í afsals- og veðmálabók Húnavatnssýslu Ltr. E fol. 274 og verdur þinglesið á næsta vori [...].

Þinglestursgjald 2 – tvær – krónur. Borgað G. Jsl.

Skrifstofu Húnavatnssýslu d[atum], u[t], s[pra]

Gísli Jsleifsson.

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Húnavatnssýslu ad Ási 23. mai 1905 og innfært í afsals- og veðmálabók sýslunnar Ltr E N° 2650 fol 275.

Vottar

Gísli Jsleifsson.[676]

Þann 20. júní 1904, var afsalsbréf fyrir hluta úr Haukagili fært til bókar hjá sýslumannsembættinu í Húnavatnssýslu:

Ár 1904, hinn 20. júní er innkomið til fyrirfram innritunar og þinglesturs á næsta vori ~~veð~~ afsalsbrjef Þorsteins Konráðssonar á Eyjólfsstödum dags. 25. maí þ.á. fyrir 8 hundruðum 70 ál. úr jördinni Haukagili til handa Gudrúnu Þorsteinsdóttir [svo] á Haukagili. Var brjefi þessu gefin videigandi áteiknun.

Vottar

Gísli Jsleifsson.[677]

Við skipti á dánarbúi Guðrúnar Þorsteinsdóttur féll eignarhluti hennar í jörðinni Haukagili, ásamt Gilhaga, til sonar hennar, Eggerts Konráðssonar á Haukagili. Þetta vottaði Þorsteinn Konráðsson þann 15. desember 1917:

N°4010

Verð 1000 krónur

Samkvæmt skiftum í dánarbúi móður minnar Gudrúnar Þorsteinsd. á Haukagili féll eign nefnds dánarbús í jördinni Haukagil ásamt Gilhaga í ~~hrd~~ hlut bróður míns Eggerts Konrádssonar bónda á Haukagili.

Þetta vottast hér med:

St. Haukagili 15. des. 1917.

Þorsteinn Konrádsson.

Þingl. Hj. 3 – þrjár – krónur. Greitt.

Lesið fyrir manntalsþingsrétti Húnavatnssýslu ad Ási 20. júní 1918. Vottar: Ari Arnalds.[678]

[676] Skjal nr. 4(150).
[677] Skjal nr. 4(145) b.

Þann 26. júní 1937 seldi og afsalaði Eggert Konráðsson bóndi að Haukagili, konráði syni sínum, fullum eignarrétti yfir hálfu Haukagili. Umsamið kaupverð var 5.350 krónur:

Nr. 7321

Þingl. kr. 8,75

St.gj. kr. 66.85

Kr. 75,60

Greitt. G. Ísberg.

Móttekið þ. 26/6 1937 til þinglesturs á næsta manntalsþingi.

Eg Eggert Konráðsson bóndi að Haukagili í Áshreppi í Húnavatnssýslu, geri með þessu brjefi mínu kunnugt, að jeg sel og afsala til Konráds sonar míns sem er hjer til heimilis, fullan eignarrjett yfir hálfri eignarjörd minni Haukagili í Áshreppi, að fasteignamati kr. 5.350.00- með öllum þeim húsum, girðingum og ödrum mannvirkjum sem á jördunni eru, eftir sömu eignarlutföllum, að undanskildu íbúðarhúsi því sem nú er verid að byggja á jördunni, og sem Konráð hefur kostad og kostar að hálfu. Umsamið kaupverð er kr. 5.350- fimm þúsund þrjúhundruð og fimmtíu- krónur.

Kaupandi greiðir kauðverðið þannig:

a, tekur að sjer að greida helming skuldar þeirrar sem hvílir á fyrsta vedrjetti jar[ð]arinnar vid Landsbanka Jslands sem nú er kr. 5.900.00 – kr. 2.450.00.

b, tekur að sjer að greida víxilskuld vid Sparisjód Húnavatnssýslu kr. 600.00.

c, hefur gert sjer samning um greidslu á kr. 2.300.00.

Samtals kr. 5.350.00.

Til næstu fardaga hefur seljandi allann ard af hinni seldu eign og greidir af henni alla skatta og skyldur; ennfremur vexti af þeim skuldum, sem á hinni seldu eign hvílir.

Kaupandi tekur að sjer greidslu og allar skuldbindingar ad hálfu gagnvart láni til íbúðarhúsbyggingar, sem nú er og verdur fengid úr Byggingar- og landnámssjóði.

Landamerki jarðarinnar eru samkvæmt gildandi Landamerkjaskrá.

Seljandi svarar til vanheimildar.

Af brjefi þessu eru þrju samrit, eitt handa hvorum aðila, en eitt afhendist sýslumanni Húnavatnssýslu.

[678] Skjal nr. 4(161).

Til staðfestu eru eigin handar nöfn aðilja rituð í viðurvist tveggja vitundarvotta.

Haukagili 26. júní 1937.

Eggert Konráðsson, Konráð Eggertsson.

Vitundarvottar:

Larus Björnsson

Benedikt Sigfússon.

Lesið á manntalsþingi að „Ásbrekku“ þ. 27/6 1937.

Guðbr. Jsberg.[679]

Ágústína Grímsdóttir, fyrrum húsfreyja á Haukagili, seldi syni sínum, Konráði Eggertssyni, eignarhluta sinn í Haukagili í Áshreppi sem var hálf jörðin ásamt öllum mannvirkjum og þeim gögnum og gæðum sem jörðunni fylgja. Afsalið er dagsett 10. janúar 1960 og var lesið upp á manntalsþingi að Ásbrekku 16. ágúst 1960.[680]

Þann 20. mars 1971 sendi Grímur Gíslason eigandi Saurbæjar frá sér eftirfarandi yfirlýsingu:

> Ég undirritaður lýsi hér með yfir því að ég viðurkenni og virði landamerki þau er sett voru milli jarðanna Saurbæjar og Haukagils 1890. Þar með viðurkenni ég að Haukagil á fullan eignar og umráðarétt yfir landskika þeim er liggur innan Saurbæjargirðingar vestur á hálsinum. Heiti ég því að gera aldrei hefðartilkall til téðrar landspildu. Ennfremur skuldbind ég mig til, ef ég sel Saurbæ, að láta þessa yfirlýsingu, eða inntak hennar í sölusamning og hún haldi þar fullu gildi áfram, nema nýr samningur við eigendur Haukagils komi til.[681]

Konráð Eggertsson seldi og afsalaði Eggerti Konráðssyni syni sínum hálfa jörðina Haukagil í Vatnsdal með afsali dagsettu 14. febrúar 1971. Það var lesið upp á manntalsþingi á Ásbrekku 6. september 1971.[682]

Þeir Konráð Eggertsson og Eggert Konráðsson, eigendur Haukagils í Vatnsdal, seldu og afsöluðu Upprekstrarfélagi Ás- of Sveinsstaðahrepps hluta af landi Haukagils með afsali dagsettu 1. nóvember 1971. Í afsalinu koma fram mörk landsins en þau voru:

> [...] allt það land Haukagils sem er vestan við núverandi beytilandsgirðingu jarðarinnar sem jafnframt verður landamerkjagirðing og eign Upprekstrarfélagsins að 4/5 hlutum.[683]

[679] Skjal nr. 4(198).
[680] Skjal nr. 4(175).
[681] Skjal nr. 2(42).
[682] Skjal nr. 4(181).
[683] Skjal nr. 4(183).

Afsalinu var þinglýst á manntalsþingi á Ásbrekku 11. september 1972.

Þeir Konráð Eggertsson og Eggert Konráðsson sömdu svohljóðandi yfirlýsingu, 10. nóvember 1971, vegna sölunnar á Haukagili:

> Þar sem við undirritaðir eigendur jarðarinnar Haukagil í Vatnsdal A-Hún. höfum selt Upprekstrarfélagi Ás- og Sveinsstaðahreppa þann hluta heimalands jarðarinnar sem lyggur vestan núverandi beitilandsgirðingar sem er þvert yfir landið frá merkjalínu milli Haukagils og Saurbæjar suður á merkjalínu milli Haukagils og Gilhaga, þá lýsum við yfir því að eftirleiðis verður nefnd girðing landamerki jarðarinnar að vestan.[684]

Yfirlýsing þessi var lesin upp á manntalsþingi að Ásbrekku 11. september 1972.

Konráð Eggertsson seldi Eggerti Konráðssyni eignarhluta sinn í Haukagili í Áshreppi og er afsalið dagsett 20. nóvember 1982. Eignarhlutinn samanstóð af 50% af jörðinni að frátaldri hlöðu sem kaupandinn hafði sjálfur byggt. Þeir Eggert og Konráð skrifa undir afsalið sem var þinglýst 12. janúar 1983.[685]

5.6.1.2 Gilhagi

Gilhagi var byggður út úr Haukagili árið 1847 en þá er hans fyrst getið í sóknarmannatali Grímstungusóknar.[686]

Í manntalinu 1850 kemur fram að Gilhagi sé nýbýli.[687]

Á manntalsþingi að Ási, 10 júní 1890, voru taldar upp þær landamerkjaskrár sem enn hafði ekki verið þinglýst en þar á meðal var „Haukagil með Gilhaga“.[688]

Landamerkjabréf fyrir Gilhaga hefur ekki fundist við kerfisbundna leit óbyggðanefndar.

Í fasteignamatinu 1916−1918 kemur fram að eigendur Gilhaga séu þeir sömu og eigendur Haukagils.[689]

Eftirfarandi samningur var gerður 24. maí 1926:

> […]
>
> 2. Landamerki jarðarinnar eru: Að norðan úr Álftaskálará ræður girðing merkjum eins og hún liggur nú, þar til girðingin beygir til norðvesturs (en girðingin er að öllu leyti eign jarðarinnar Haukagils) frá girðingunni beina línu í læk, sem kemur úr Illaflóa, þar sem hann fellur í Kornsá. Að vestan ræður Kleppa merkjum, fram til Kleppshóls. Að sunnan eru merkin úr Kleppshól austur í Ytri-Skútalæk, þar sem hann fellur austur yfir Þrístapahálsinn og ræður lækurinn merkjum til Álftaskálarár.[690]

[684] Skjal nr. 4(184).
[685] Skjal nr. 4(189).
[686] ÞÍ. Grímstunga. BC/2. Sóknarmannatal 1823-1837 og 1840-1847, án blaðsíðutals.
[687] Manntal á Íslandi 1850.
[688] Skjal nr. 2(313).
[689] Skjal nr. 2(76).
[690] Skjal nr. 2(39).

Eggert Konráðsson og Konráð Jónsson skrifuðu undir samninginn.

Þann 11. maí 1929 seldi Konráð Jónsson þeim Guðjóni Hallgrímssyni á Hvammi og Ágústi B. Jónssyni á Hofi, Gilhaga. Í kaupsamningnum er kveðið á um eftirfarandi landamerki:

> Að norðan úr Álftaskálará ræður girðing upp að suðvesturhorni á Haukagilsgirðingu, eins og hún er nú, og úr því beina línu í Kornárkvísl, þar sem Ílla flóa lækur fellur í hana. Að vestan ræður Kleppukvísl merkjum til Kleppuháls. Að sunnan eru merkji úr Kleppuhól austur í Ytri-Skúla læk, þar sem hann fellur austur yfir Þrístapahálsinn, og ræður lækurinn merkjum til Álftaskálarár. Seljandi tekur enga ábyrgð á landamerkjum á þeim stöðum, sem þau eru óglögg, og kaupendur skuldbinda sig að sætta sig við þó breyting geti orðið á þeim við nákvæmari athugun.[691]

Kaupsamningurinn var lesin upp á manntalsþingi að Hofi 17. júní 1929.

Eftirfarandi samningur var gerður 24. júní 1958:

1. gr.

Við eigendur Gilhaga seljum hér með nefndu upprekstrarfélagi allt land jarðarinnar Gilhaga sunnan Sellækjar (stóri). Ráði nefndur lækur merkjum, svo langt sem hann nær og þaðan stystu línu í Kleppukvísl.

2. gr.

Sem greiðslu fyrir land þetta, setur upprekstrarfélagið upp fjárhelda girðingu á sinn kostnað og heldur henni að öllu leyti við næstu 15 – fimmtán – ár frá uppsetningu. Girðing þessi skal liggja sem næst því, er hér segir: Frá Stekkjarfossi suðvestur á Fremstaselsholt, vestur yfir Illaflóa, þaðan norðvestur um Gægishól í Kleppukvísl, allt eftir þegar merktri línu, og þaðan vestur í Gaflsgirðingu.

3. gr.

Loki Gilhagaeigendur landi sínu með girðingu að vestan, fellur viðhaldsskyldan á þá, svo sem landslög ákveða. Jafnframt komi aldrei til greina krafa á hendur upprekstrarfélaginu um kostnað á girðingu norðan Gilhagalands, nema upprekstrarfélagið verði eigandi að því landi, eða hluta þess, sem móti Gilhagalandi liggur.

4. gr.

Þrátt fyrir landamerki þau, er um getur í 1.gr. skal girðing sú er að framan er nefnd, vera gild landamerki meðan hún stendur og er viðhaldið af nefndum aðilum.

5. gr.

[691] Skjal nr. 4(169).

> Girði Gilhagaeigendur land sitt samkv. 3.gr. fellur niður girðingarskylda upprekstrarfélagsins frá Kleppukvísl í Gaflsgirðingu.[692]

Ágúst B. Jónsson, Gísli Pálsson, Gestur Guðmundsson, Konráð Eggertsson, Ólafur Magnússon, Grímur Gíslason og Jón S. Pálmason skrifuðu undir samninginn.

5.6.1.3 Kornsá og Kornsárselsland

Í kafla um Kornsá í Vatnsdalshreppi fremri er þess getið í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* árið 1706 að fjáruppreksturhafi líklega verið í land jarðarinnar að fornu:

> Munnmæli eru, að í þessarar jarðar land hafi að fornu fjáruppreksturverið, frá hverjum jörðum vita menn ekki, og engin rök til þess nema rjettatóftaleifar, sem hjer sjást enn nú, og minnist enginn sem nú er á lífi, að þetta hafi jörðinni til hagnaðar verið.[693]

Þann 20. júní 1789 lögfesti Bjarni Guðmundsson jörðina Haukagil og svo hálfar Lambatungur til móts við Grímstungu og hálfar Kornsártungur til móts við Kornsá. Sjá nánar um innihald lögfestunnar í kaflanum um Haukagilsheiði.[694]
Landamerkjabréf fyrir Kornsá var útbúið 25. maí 1891 og því var þinglýst þremur dögum síðar:

> Að austan ræður Vatnsdalsá. Að norðan, milli Gilsstaða og Kornsár, eru merki frá snidduvörðu við ána í Oddanesinu, beint í gamalt garðlag neðan til við Stekkjargil, og þaðan sömu stefnulínu yfir gilið og hálsinn vestur að Gljúfurá. Að sunnan, milli Kornsár og Undirfells, frá neðanverðu Kornsár-gili eptir því sem hinn forni farvegur Kornsár liggur niður til Vatnsdalsár, þó telst svo nefnd Þórdísareyri sem er fyrir neðan nefndan farveg, til Undirfells. Frá Kornsárvatni ræður Kornsá merkjum, eins og hún fellur niður fyrir neðsta fossinn í henni, rjett fyrir ofan hinn forna farveg. Frá upptökum Kornsár eru merki yfir Kornsárvatn í Bergárvatn, þá að vestan, frá því til upptaka Gljúfurár, og sem hún fellur norður á móts við fyr greind merki milli Kornsár og Gilsstaða. Auk þessa á Kornsá, móts við Haukagil, hálft það land, sem liggur milli Kornsár- og Kleppu- kvíslar.[695]

B. G. Blöndal umboðsmaður Þingeyrarklaustursjarða skrifaði undir bréfið. Það var samþykkt af Magnúsi Steindórssyni vegna Gilsstaða, Hjörl. Einarssyni vegna Undornfells og Páli Pálssyni umráðanda Víðidalstungueignar.

Í virðingargerð sem framkvæmd var daganna 26.-27. júní 1906 vegna fyrirhugaðrar sölu á Kornsá segir m.a. þetta:

> Land jarðarinnar er feikna víðáttu mikið, en liggur illa við. Það liggur í svo nefndum Hálsi vestanvert við dalinn, á millum Gljúfurár og Kornsár,

[692] Skjal nr. 2(40).
[693] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VIII. Húnavatnssýsla, bls. 276.
[694] A.2.19a-b. *Haukagil, Lambatungur, Kornsártungur, Grímstunguheiði*. Jarðaskj. 14. Hún.I. 117.
[695] Skjal nr. 2(43).

> vestanvert og suður fram með löndum annara jarða sunnar í dalnum vestanverðum og allt til heiðar. Landið er neðra og í grend þröngt og kostalítið, blásnir hálsahryggir og melar og því langt nokkuð í sæmilegt land fyrir búsmala, en fremra er landið mjög kostaríkt og hefir þar áður verið selstaða, en nú ekki notuð; er þangað 4-5 tíma lestagangur. En beitarhús myndi mega hafa mikið nær til stórra bóta. Kúa hagar eru litlir og vetrarbeit því nær engin í námunda, og hefir ábúandi enda orðið að koma fyrir hrossum sínum í hagagöngu annarsstaðar, því landið á Hálsinum efra liggur undir, einkum síðari hluta vetrar. – Það er álit okkar, að þetta stóra – og að miklu leyti góða land, sé ekki kostur jarðarinnar eins og það nú er notað, en jafnframt megi hafa þess talsvert meiri nytjar, enda á það að líkindum nokkurn þátt í hundraða tali jarðarinnar.[696]

Árni Árnason, umboðsmaður Þingeyraklaustursumboðs, fékk virðingargerð þessa til umsagnar og er umsögn hans dagsett 16. febrúar 1907. Þar hefur hann m.a. eftirfarandi að segja:

> Þá virðast matsmennirnir taka heldur lítið tillit til hins afarmikla og góða lands, sem jörðin á til háls og heiðar, sem að vísu er erfitt að nota til fulls gagns heimanað, en sem er svo stórt, að í því mætti sjálfsagt hafa 4 sel, hvert með 200 ám, án þess að hvert þrengdi að öðru, né nokkurt þeirra að því búi heima á jörðunni, sem engjar og tún bæri, með nærlægu beitilandi.[697]

Björn Sigfússon ábúandi á Kornsá hafði gert tilboð í Kornsá en eftir að hafa séð umsögn Árna Árnasonar skrifaði hann Stjórnarráðinu, 22. apríl 1908, og gerði við hana nokkrar athugasemdir. Hann sagðist ekki trúa því að opinber starfsmaður leyfði sér slíkar öfgar og rangfærslur eins og þar koma fram. Björn dregur í efa þær tölur umboðsmannsins um heyhesta af engjunum og segir:

> [...] í þessari tölu eru 7-900 h. sem heyjað var í afrjettarlandinu (sellandinu) þau ár sem selið var notað. Þannig er 1898 í skýrslu um „skoðanir á búpeningi og fóðurbirgðum“ taldir 200 hestar heys í Kornárseli. [...] Nú er [er, ofan línu] sel þetta – sem var í afar mikilli fjarlægð – lagt niður. Reyndist ómögulegt að fá þangað fólk, og varð líka skaði er það var notað. [...] Þá er allt hjalið um „selin“ mörgu! svo öfgafullt og barnalegt, að ekki tekur að svara því. Flestum öðrum en honum, mun skiljast að þó víða sje rúm fyrir sel á afrjettum hefur engin einstök jörð gagn af því öðrum fremur.[698]

Loks getur Björn þess að umboðsmaður varist að geta galla jarðarinnar og nefnir í því sambandi landþrengsl og beitarleysi í nánd.

Stjórnarráðið virðist hafa tekið athugasemdir Björns til greina og leitað álits óháðra manna, þeirra Eiríks Briem og Hermanns Jónassonar en bréf þeirra er dagsett 27. október 1908. Þeir voru beðnir um að meta hvert væri hæfilegt verð fyrir Kornsá,

[696] Skjal nr. 2(266) a-b.
[697] Skjal nr. 2(266) a-b.
[698] Skjal nr. 2(266) a-b.

hversu mikils virði land jarðarinnar til háls og heiðar væri og hvort ástæða væri til að undanskilja það kaupunum. Þeir ráðfærðu sig við mann að norðan sem að þeirra mati þekkti heiðarlandið betur en nokkur annar og töldu lýsingu virðingarmannanna mjög rétta en gerðu þó smávægilegar athugasemdir við hana. Þeir nefna þau skipti 1881 og 1889 er til tals kom á Alþingi að selja jörðina og telja að hún hafi:

> [...] rýrnað að því leyti, sem heiðarlandið verður nú að teljast miklu minni gæði en það var fyrir t.d. 25 árum síðan, því þar eins og annarstaðar í Húnavatnssýslu hefir selför lagst niður, en á annan hátt er eigi unt að nota heiðarlandið heiman að. Land þetta liggur suður til heiða milli Kornsár og Gljúfurár vestan við heimaland allra þeirra jarða í Vatnsdal, er liggja fyrir innan Kornsá alt suður að Gilhaga, og er það grösugt mjög einkum sunnan til, en eins og nú stendur, þá borgar það sig ekki að nota landið heiman að og tvísýnt að nokkur vildi gjalda nokkra leigu eptir það; að vísu höfum við heyrt að frá Gilhaga hafi þar verið heyjað lítið eitt, en hvort nokkuð hefir verið borgað fyrir það vitum við ekki. Yrði aptur sú breyting á búnaðarháttum manna að menn tækju upp fráfærur, þá væri landið hentugt fyrir selstöð (fjelagssel). Sömuleiðis gæti verið umtalsmál að setja þar upp býli sunnan til í landinu. Þar mundi mega hafa 3-400 hesta slægju án þess sami bletturinn væri þó sleginn nema annað eða þriðja hvert ár, og því byggilegra er þar sem þar er vatn, Kornsárvatn, sem nokkur veiði er í. Ætlum við að ef þar væri bygt býli með nauðsynlegum húsum þá kynni það að geta leigst fyrir 30-40 kr. á ári; verið gæti og að bændur í vestanverðum Vatnsdal eða sveitarfjelagið (upprekstrarfjelagið) kynni að vilja kaupa landið til þess að varna því að þar yrði býli sett.[699]

Þeir telja að fyrir ábúanda Kornsár sé landið lítils virði og að hann hafi þegar lýst því yfir að hann vilji borga jafn mikið fyrir jörðina hvort sem heiðarlandið fylgi með eða ekki. Að því gefnu sé skynsamlegt að undanskilja heiðarlandið í kaupunum í þeirri von að hægt væri að fá eitthvað fyrir það þó það gerðist ekki strax. Þeir telja að hæfilegt verð fyrir heiðarlandið sé 300 kr. Loks mæla þeir með því að tilboði Björns Sigfússonar á Kornsá í ábýlisjörð sína verði tekið:

> [...] að undanskildu heiðarlandinu og fossinum sunnan við túnið fyrir 4500 kr. en að sveitarstjórninni í Áshreppi verði gefinn kostur á að kaupa heiðarlandið fyrir 300 kr., og að henni frágenginni, hverjum öðrum, er kaupa vildi.[700]

Sighvatur Bjarnason, bankastjóri og mágur Björns, hefur verið milligöngumaður hans í kaupunum. Hann skrifaði Stjórnarráðinu, 28. desember 1908, og sagðist hafa falast eftir hugmyndum Björns um hvernig hann vildi að landi Kornsár og heiðarlandsins yrði skipt. Þær höfðu svo nýlega borist sér í símskeyti og voru svohljóðandi:

[699] Skjal nr. 2(266) a-b.
[700] Skjal nr. 2(266) a-b.

> Landamerki milli sellands og heimalandsins sjónhending frá syðstu Klettaborg Undirfellsfells hávestur til Gljúfurár.[701]

Stjórnarráðið seldi Birni Sigfússyni Kornsá og er afsalið dagsett 11. febrúar 1909. Þar kemur fram að undanskilið sé:

> [...] heiðarland jarðarinnar og skulu mörkin milli þess og heimalandsins vera bein lína í há vestur úr syðstu Klettaborg í Undirfellsfelli í Gljúfurá.[702]

Guðmundur Ólafsson skrifaði sýslumanninum í Húnavatnssýslu, 23. ágúst 1910, fyrir hönd hreppsnefndar Áshrepps. Þar kvartar hann m.a. yfir því að:

> [...] bæði fyrverandi umboðsmaður Þingeyraklaustursjarða og ábúandi Kornsár, hjer í hreppi, hafa neitað að láta smala fjenaði, vor og haust, úr þeim hluta af heimalandi Kornsár, sem undan var skilinn þegar hún var seld, og með því að í landshluta þessum eru 2 tóugren sem dýr leggja vanalega í, leyfi jeg mjer að beiðast úrskurðar yðar, herra sýslumaður, um það hverjum beri að framkvæma og kosta smalamennsku og grenjavinnslu á umræddum landshluta.[703]

Hann klykkir svo út með því að segja að hann vænti þess að úrskurður sýslumanns í þessu máli verði komin fyrir fyrri réttir í haust.

Björn Sigfússon keypti Kornsá af ríkinu 11. febrúar 1909. Í afsalinu, sem var lesið fyrir manntalsþingsrétti á Ási 8. júní 1909, segir:

> [...] finnast þar svo og heiðarland jarðarinnar, og skulu mörkin milli þess og heimalandsins vera bein lína í hávestur úr syðstu klettaborg á Undirfellsfelli í Gljúfurá.[704]

Stjórnarráðið skrifaði umboðsmanni Þingeyraklausturs, Birni Sigfússyni á Kornsá, 12. september 1910 um málið. Svarbréf hans er dagsett 7. nóvember 1910 og hljóðar svo:

> Útaf fyrirspurn frá oddvita Áshrepps um smölun og grenjavinnslu í landi því sem skilið var undan sölu Kornsár, hefur Stjórnarráðið, með brjefi dags. 12. sept. síðastliðna, vakið athygli mína á því, að það hafi áður ritað umboðsmanni Þingeyraklausturs „að honum beri að sjálfsögðu að taka undir umsjón sína heiðarland það“ sem hjer ræðir um.
>
> Þar sem þetta er svar uppá nefnda fyrirspurn, hef jeg skilið það þannig, að mjer beri sem umboðsmanni Þingeyraklausturs að láta smala landið haust og vor, eftir fyrirskipun hreppsnefndar, og þá sjálfsagt að borga smölunarkostnaðinn af umboðssjóði. Þetta hef jeg því látið gera í haust. Eins

[701] Skjal nr. 2(266) a-b.
[702] Skjal nr. 2(266) a-b.
[703] Skjal nr. 2(265) a-b.
[704] 4(153).

> yrði það með grenjaleit og grenjavinnslu, þegar það kemur fyrir, að kostnaður við það greiðist af umboðssjóði.[705]

Loks óskar Björn svars frá Stjórnarráðinu um hvort þetta sé ekki rétt skilið hjá sér.

Stjórnarráðið skrifaði Birni, 6. desember 1910, og sagði að það væri réttur skilningur að honum bæri að sjá um smölun og grenjavinnslu á heiðarlandinu á kostnað umboðssjóðs. Það biður hann hins vegar að sjá til þess að kostnaðurinn verði sem allra minnstur. Loks hvetur það Björn til að finna leigjanda eða kaupanda að heiðarlandinu.[706]

Í fasteignamatinu 1916 kemur eftirfarandi fram um Kornárselsland:

> Land þetta er óbygt og liggur á flötum hálsi, milli Gljúfurár og Kornsárkvíslar og fram til Markagilsheiðar.[707]

Stjórnarráðið skrifaði hreppsnefnd Áshrepps, 29. desember 1916, og spurðist fyrir um hvort hún hefði áhuga að kaupa heiðarland það sem fyrrum hafði tilheyrt Kornsá fyrir 500 kr.[708]

Svarið við þeirri fyrirspurn hefur verið neitandi því Stjórnarráðið seldi Jóni S. Pálmasyni á Þingeyrum heiðarland það úr landareign Kornsár í Áshreppi sem undanskilið var við sölu jarðarinnar 11. febrúar 1909. Kaupverðið var 500 kr. og er afsalið dagsett 8. maí 1917. Þar er getið eftirfarandi upplýsinga varðandi landamerki:

> Mörkin milli heiðarlands þessa og heimalands jarðarinnar Kornsár er [strikað yfir, og; er, ofan línu] bein lína í hávestur úr syðstu klettaborg í Undirfellsfelli í Gljúfurá.[709]

Stjórnarráðið skrifaði umboðsmanni Þingeyraklaustursumboðs sama dag, 8. maí 1917, og tilkynnti honum um söluna á heiðarlandinu sem áður hafði tilheyrt Kornsá en var undanskilið jörðinni samkvæmt afsalsbréfi ráðherra frá 11. febrúar 1909.[710]

Eftirfarandi samningur var útbúinn 16. júní 1928:

> Merki milli Undirfells og Kornsár, skulu vera fullnaðarlandamerki yfir svonefnda „Þórdísareyri" eins og áðurnefnd girðing liggur og svo áfram upp í Kornsárgil. Svo og áfram eins og áin Kornsá liggur neðan lönd Undirfells og Kornsár liggja að henni, eins og verið hefur.

[705] Skjal nr. 2(265) a-b.
[706] Skjal nr. 2(265) a-b.
[707] Skjal nr. 2(76) a-b.
[708] Skjal nr. 2(264) a-b.
[709] Skjal nr. 2(264) a-b.
[710] Skjal nr. 2(264) a-b.

> Áðurnefnd landamerki milli Undirfells og Kornsár eru fullnaðarmerki, án þess að hvor jörðin fyrir sig hafi nokkurt ítak eða kvaðir í lönd hinnar jarðarinnar.[711]

Hannes Pálsson skrifaði undir vegna Undirfells og Runólfur Björnsson vegna Kornsár.

Samningur þessi skal þinglýsast á næsta manntalsþingi.

Í skrá yfir afrétti tekinni saman af Konráði Eggertssyni og Pétri Ólasyni f. h. sveitastjórna Ás- og Sveinsstaðahreppa, dagsett 4. maí 1981 er Upprekstrarfélag Ás- og Sveinsstaðahreppa sagt eigendur að Kornsártungum ásamt Þverárhreppi sem á ⅛. Í skránni er Kornsártungum, Þrístapahálsi og Fremri-Rófuskarðshlíð lýst svo:

> Kornsártungur eru norðan og vestan við Haukagilsheiði. Að vestan er Víðidalstunguheiði. Úr Bergárvatni eru mörk bein lína yfir Kornsárvatn að upptökum Kornsárkvíslar. Þá Kornsárkvísl að ármótum. Að austan Kleppukvísl um Kleppuvatn fram til Hraungarða.
>
> Eigendur: Upprekstrarfélag Ás og Sveinsst.hr.
>
> Þverárhreppur ⅛
>
> [...].[712]

Auk þess var Þingeyrarselsland, Kornárselsland og Gilhagaland notuð til upprekstrar af Upprekstrarfélagi Ás- og Sveinsstaðahreppa en voru í einkaeign. Þingeyrarselsland og Kornsárselsland tilheyra Þingeyrum en Gilhagaland norðan heiðargirðingar í eigu Gests Guðmundssonar og Gísla Pálssonar.[713]

Í landamerkjabók Húnavatnssýslu 1886−1995, er eftirfarandi skjal fært til bókar árið 1984:

> 1191/1984
>
> Kornsá og Kornárselsland.
>
> Við undirritaðir eigendur hinnar fornu Kornsár annarsvegar og Kornsárselslands hinsvegar lýsa hér með yfir að landamerki milli nefndra landa skuli vera svo sem núverandi girðing liggur milli Kornsárkvíslar og Gljúfurár. En hún er sem næst línu er dregin væri milli norðasta hluta Kötlustaðakletta í Vatnsdalsfjalli og í Víðidalsfjall sunnan Nónfells.
>
> F.h. Kornsár Gestur Guðmundsson [og] Birgir Gestsson
>
> F.h. Kornsár II Sigurður Þorbjörnsson

[711] Skjal nr. 2(44).
[712] Skjal nr. 4(13).
[713] Skjal nr. 4(13).

F.h. Kornsárselslands Ingimundur Sigfússon.[714]

Í svari Agnars J. Levy oddvita Þverárhrepps vegna fyrirspurnar Félagsmálaráðuneytisins um afréttarlönd frá því í febrúar 1989, kemur fram að Þverárhreppur eigi ¼ úr Haukagilsheiði, ⅛ úr Kornsártungum og ⅛ úr Lambatungum. Auk þess átti hreppurinn Engjabrekkuafrétt í Vatnsnesfjalli. Að tilhlutan ráðuneytisins og Landgræðslu í Reykjavík var hreppsbúum bannað að nota „afréttina austurfrá,“.[715]

Árið 1989 birtist eftirfarandi kafli um Kornsártungur eftir Grím Gíslason í grein hans um Upprekstrarfélag Grímsstunguheiðar í ritinu Húnaþing III. Þar segir:

KORNSÁRTUNGUR

> Kornsártungur tiðheyrðu áður fyrr jörðunum Haukagili og Kornsá til helminga. Þær takmarkast af Kleppukvísl að austan en af Kornsárkvísl að vestan og mynda því fleyglagað svæði frá ármótum kvíslanna fram að vötnunum, Kleppuvatni og Kornsárvatni, en þar eru upptök kvíslanna. Ás- og Sveinsstaðahreppur eiga Kornsártungur að 7/8 hlutum en Þverárhreppur í Vestur-Húnavatnssýslu að 1/8.
>
> Merki milli Kornsártungna og Haukagilsheiðar eru ekki ótvíræð, eins og áður er sagt um Haukagilsheiði. Í vitund manna er skammhlið þess þríhyrnings sem kvíslarnar mynda sjónhending milli afrennslis þeirra úr vötnunum og því suðurmörk þessa svæðis. Í raun skiptir hér engu máli um merki þessara landsvæða nema séu Kornsártungur taldar ná fram á Hraungarða verður hlutur Þverárhrepps minni í heildinni þar sem hann á ¼ í Haukagilsheiði en aðeins 1/8 í Kornsártungum.
>
> Kornsártungur eru gott land og skjólsælt. Samfelldur gróður er með kvíslunum báðum en blaut fláardrög milli hóla og ása sem veita skjól fyrir veðrum. Einnig nýtist landið vel fyrir það hversu það liggur nærri byggðinni og er með fjölbreyttum gróðri. Meðan heimalönd voru ógirt leitaði fénaður mjög í landið bæði vor og haust.[716]

Í *Árbók Ferðafélags Íslands*, frá árinu 2007, segir eftirfarandi um Kornsártungur:

> Kornsárjörð tilheyrði mikið landflæmi milli Kornsár og Gljúfurár en þær renna nokkurn veginn samsíða langa leið. Það er nú afréttarland Vatnsdælinga og kallast Kornárselsland en Kornsártungur eru fyrir austan Kornsárkvísl og ná að Kleppukvísl. Syðri hluti þessa lands er holóttur og þurrlendur en norðari parturinn einkennist af rótfúnum og blautum flám þöktum broki og stargresi en lyngásar á milli.

[714] Skjal nr. 2(34).
[715] Skjal nr. 4(19).
716 Grímur Gíslason, frá Saurbæ, „Upprekstrarfélag Grímsstunguheiðar“. Húnaþing III, (1989), bls. 127.

> Kornsársel er á holti norðan Kornsárkvíslar rétt neðar en Kleppukvísl kemur saman við hana. Lárus Blöndal sýslumaður lét byggja það um 1890. Selið var rifið eitthvað 10 árum síðar og því skömm aðseta en fé frá Kornsá stundum haft þar á vetrum. Á selinu standa enn nokkrir stæðilegir húsaveggir og hér var lengi náttstaður leitarmanna.[717]

Í *Árbók Ferðafélags Íslands*, frá árinu 2007, kemur eftirfarandi um Kornsártungur:

> Á hálsunum austur og suður undan Víðidalsfjalli eru spildur sem tilheyrðu einstökum jörðum. Upprekstrarfélagið hefur smám saman keypt þetta land og gert að afrétt enda verið nýtt þannig eftir að seljabúskapur lagðist af. Kornsártungur afmarkast af Kleppukvísl að austan en Kornsárkvísl að vestan en Kornárselsland er frá Kornsárkvísl að Gljúfurá. Fram af þeim er svonefnt Þrístapaland en utar vestan við Gljúfurá, er Fremrihlíð austan í Víðidalsfjalli, frá Rófuskarði fram að Botnum. Þetta land er í u.þ.b. 300 metra hæð og má heita algróið. Stöku fell rís þó hærra.[718]

[717] *Árbók Ferðafélags Íslands*, (2007), bls. 38.
[718] *Árbók Ferðafélags Íslands*, (2007), bls. 225.

5.7 Lambatungur

Í máldögum Jóns biskups skalla Eiríkssonar fyrir Hólabiskupsdæmi, frá árunum 1360-1389, segir að kirkja í Grímstungum eigi allt heimaland og hálfar Lambatungur við Haukagil. Þar segir:

> Hun a heima land allt og Torffustadi og Snudhlid ofann til merckidals. Grafarland. syrteyg. j saurbæiarland. þorhalldz stadi. og veydar allar og afriett er þorhalldzstodum hefur fylgt hallfar LambaTungur vid Haukagil. selland sudur a fialli.[719]

Í máldögum Péturs biskups Nikulássonar fyrir kirkjum í Hólabiskupsdæmi frá árinu 1394 og síðar, segir að kirkja á Grímstungum eigi allt heimaland og hálfar Lambatungur við Haukagil. Í meginatriðum er vitnisburður þessa tiltekna máldaga sá sami og í máldaga Jóns biskups skalla. Í máldaga Péturs biskups segir svo:

> Hun á heimaland og Torffuastadi. og snudhlijd [svo] med til merckidæli. Grafuarland. saurteyg j saurbæiarland. Þorhallsstadi og veydar allar og afriett er þorhallsstodum hefur fylgt halfar lambatungur vid haukagil. selland sudur a fialli.[720]

Í máldögum Ólafs biskups Rögnvaldssonar um Hólabiskupsdæmi frá árinu 1461 og síðar, segir að kirkjan í Grímstungum eigi allt heimaland og hálfar Lambatungur um Haukagil. Þar segir:

> hun aa allt heimaland [...] þorallzstadi oc veidar allar oc afrett er þoralzstodum hefer fylgt. halfar lambatungr vm haukagil. selland sydur a fialli.[721]

Lambatungna er ekki getið í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* yfir Húnavatnssýslu.[722]

Þann 10. maí 1726, lögfesti Hallur prestur Ólafsson alla jörðina Grímstungu, liggjandi í Ásshreppi, og allar hálfar Lambatungur. Landamerkja er getið. Þessu var þinglýst sem og upplesið fyrir rétti að Ási í Vatnsdal sama dag. Í dómabók sýslunnar var þetta fært með eftirfarandi hætti til bókar:

> Med þvi eg underskrifadur, hefe i nockur næstlidenn ár, af annara manna peninge, nefnelega: hestum og hrossum, stórann baga og skada lided, hver þeirra hross yngre og Elldre, hafa hier i Grimstungu Stadarlande geinged, bæde sumar og vetur, á Sumrum i búfiárhögum, stundum og i Tödum og Eingium, Eirnenn á veturnar i veniulegum fiárbeitar högum, med stórum átrodninge, So fe mitt hefur þar fyrer matt lýda Stórann Skort, af grasmisser, og hagleise, og þó eg þar hafe adfunded vid Eigendurnar þessara hrossa, óskad þeir villde þaug burtreka, þá hefur þar Eingenn bót á vered giörd. Enn

[719] Skjal nr. 2(79).
[720] Skjal nr. 2(81).
[721] Skjal nr. 2(83).
[722] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VIII. Húnavatnssýsla.

Sýdur nockur þocknun, edur betalingur, fyrer þvilykann ótilbærelegann ágáng og beit, komed edur sýndur vered. Þar fyrer lögfeste Eg Hallur prestur Olafsson Jördena alla Grimstungu, liggiande i Aass hrepp, og siálfrar sinnar kyrkiusokn, ad tilteknum þessum hennar vafalausum landamerkium. Rædur ad vestannverdu Alftaskála á, allt þar til Brykarkvýsl Rennur, og so lángt sudur, sem greind Brykarkvýsl hefur sýn upptök. Enn ad austannverdu Rædur Vatnsdalsá, sudur á fiall til sinna upptaka. Eirnenn lögfeste Eg Sunnhlýd til Merkedælldar, sem liggur fyrer austann Vatnsdalsá, og allar halfar Lambatungur vestann Brykarkvýsl, mótz vid Haukagils menn, efter Grimstungukyrkiu máldögum. Lögfeste Eg fyrrnefndrar Jardar, Tödur, og Eingiar, hollt og haga, vötn og veidestade, og allar landznytiar, er þvi lande eiga ad filgia, til ádurtalldra ummerkia, fyrerbýd eg hverium manne hier efter ad brúka Edur beita, hestum synum, edur ödrum Peninge, vetur edur Sumar, eda i nockru sier ad nýta, nema mitt sie lof eda leife til.

Enn þessare minne lögfestu til meire myndugheita, skrifa Eg mitt nafn hier under ad Grimstungu þann 10da May Anno 1726.

Hallur Olafsson

Þinglyst og upplesenn fyrer Riette á Aase i Watnzdal föstudagenn þann 10da May Anno 1726.[723]

Afskrift máldaga kirkjunnar í Grímstungu eftir máldagabók Auðuns biskups 1398, ásamt lögfestum frá 10. maí 1726 og 16. júní 1779 voru lesnar upp fyrir manntalsþingsrétti 16. juní 1779:

[...] Önnur logfesta fyrir Grimstungu Benificio

Eg N.N. logfeste konunglegrar majest. Benificium Jordina Grímstungu liggandi í Ass þyngsókn innan Hunavatns syslu, at tilteknum þessum hennar vafalausum landamerkium. At Vestannverdu rædur á sú er Alftaskálará heiter, alt þar til Bríkarqvisl rennur frá sinnum upptökum. Enn ad austannverdu rædur Vatnsdalsá alt til sinna upptaka. Eirnig lögfeste eg Sundhlíd til Merkedældar, sem liggur fyrer austan Vatnsdals á, og allar hálfar Lambatungur Vestan Brikarqvisl móts vid Haukagils menn, epter Grimstungu kirkiu máldögum. Lögfeste eg fyrnefndrar Jardar Tödur og Eingiar, holt og haga, Vötn og Veidestade og allar lands nytiar er því lande eiga at fylgia til ádur taldra ummerkia. Fyrerbíd eg hverium Manni her epter at brúka edur beita hrossum sínum, Vetur edur Sumar, edur í nockru sér ad nyta, hér nefnt land kirkiunnar í Grimstungu, nema mitt sé lof edur leife til. Enn þessarri lögfestu til frekari stadfestu –

Grimstungu þan 16 Junii 1779. (N.N.)

Upplesed fyrer manntalsþyngs Rettinum þann 16 Junii 1779

M. Gislason.[724]

[723] Skjal nr. 2(147) a-b.

Þann 20. júní 1789 lögfesti Bjarni Guðmundsson jörðina Haukagil og svo hálfar Lambatungur til móts við Grímstungu og hálfar Kornsártungur til móts við Kornsá. Lögfestan hljóðar svo:

> Logfesta fyrer Haukagile
>
> Jeg under skrifadur Logfeste Hier i dag Jordena Haukagil, med Ollumm þeim gognumm og giædum sem greindre jordu filgt Hefur og filgia ber med Riettu, Logfeste jeg Hús, tún, todur og Eyngar, Hollt og Haga, votn og weijde stade, Egguarp og fuglueijdar, Hrys og allar Lands nitiar til ystu umm merkia, sem adrer menn Eyga a mote og gamler uitnes burder til vijsa ad fornu uered Hafe. Rædur fyrer austann Land greindrar Jardar AlftaSkalaá frá synumm upp tokumm sudur a Heide og þadann allt ofann j uatnsdalsá Huar Hun Hefur til forna Runned Lyted utar Enn a mote uid so kallad ytra Klif sem sa far vegur glogguast syner, þadann Rædur uatnsdalsa og Hennar Elldste far uegur fyrer austann Haukagils Hólma allt ut a mót uid merke Lág fyrer sunnann Saurbæ þadann Riett synes uestur i Klepps Kuijsl og effter sem Hun Rædur so Langt sem nær þadann framm effter Heidenne effter sem uotnumm hallar til austurs og uesturs mots uid Uijdedalstungu sudur á Hraun- [síðuskipti] garda og Effter þeim allt motz uid semm [svo] Lend [svo] mga[svo] Landar Eygn. Hier fyrer utann Logfeste Eg med greindre jordu hálfar Lambatungur mótz uid Grijmstungu og halfar Kornsartungur motz uid Korns aa. Fyrer byd Eg huoriumm manne Hier nefndt Jardar Land ad yrkia, bruka Edur beita edur i nockurn mata sier þess gagnsemdar j nitia nema mitt sie Leife fyrer under þær sekter sem Log þar uid Leggia.
>
> Aase settu manntals Þynge þann 20ta Junij 1789.
>
> Biarne Gudbrandzson.
>
> Upp Lesed og Proto Collerad fyrer manntals Þyngs Riette þann 20ta Junii 1789.
>
> Tester
>
> B. Jonsson.[725]

Á manntalsþingi, höldnu að Ási þann 27. maí 1791, var upplesið bann prófasts séra Jóns Jónssonar að veiða eða taka álftarfjaðrir, egg eða eggversfugla á Grímstunguheiði og hálfum Lambatungum. Eftirfarandi var fært til bókar:

> 7. Upplesin [...] d. forbod profasts Sr Jons Jonssonar ad veida eda taka alftar fiadrer, Egg, edur Eggvers fugla á Grim[s]tungu heide og hálfum Lambatungum, daterad þan 26ta maii 1791.[726]

Iinnihaldi ofangreinds banns prófastsins hljóðar svo:

> P.M.

[724] Skjal nr. 2(197) a-b.
[725] Skjal nr. 2(65) a-b.
[726] Skjal nr. A6b. 25a-c. 27. maí 1791. Hún. V.10. 1788-1796, bls. 86-88.

So sem þad er öllum vitanlegt, ad Grímstungu Prestakalle tilheyrer, allt þad gagn edur agode, sem hafast kann af Grímstunguheyde, asamt halfum Lambatúngum; þa banna eg hier med, hvörium manne, alla fugla tekiu i greindu Plátse, nefnelega þeirra sem reiknast kunna med Eggvers fuglum. Sierdeiles meinast álfter, þeirra ungar, Egg og fiadrer. Hafe nockur hönd a þessu, og vill sier Jnytia, an míns leyfes og vitundar; hvört heldur þad skedur af forsettu, edur af hendingu i ferd eda fiárgaungum a haust, þa má sa buast vid ad mæta Tiltale, under þær hördustu Sekter, sem log leyfa. Til merkes ad Grímstungu d. 26. Maji 1791.

Jon Jonsson

Upplesed fyrer manntalsþings Riette ad Ase i Vatnsdal þann 27da Maii 1791, vitna

Jsl. Einarsson

Jon Oddsson Þorleifur Þorleifsson.[727]

Með skjali dagsettu þann 28. maí 1810 lögfesti séra Sigvaldi Snæbjörnsson alla jörðina Grímstungu, sem og allar hálfar Lambatungur móts við Haukagilsmenn. Einnig Torfustaðaland og Sunnuhlíð alla. Landamerkja er getið. Þetta var lesið upp fyrir manntalsþingrétti að Breiðabólsstað tveimur dögum síðar og hljóðar svo:

Jeg underskrifadur, Lögfesti hér med Jordina alla Grímstungu (sem er Benificium) liggande [í] Breidabólstadar þyngsókn i Vatnsdal, og siálfrar sinnar kyrkju sókn; ad tilteknum þessum hennar vafalausum Landamerkium. Rædur ad vestann verdu Alftaskálará, alt þar til Brikar kvísl i hana rennur, sidann rædur nefnd Brikarkvisl til sinna upptaka, svo til sudurs, eptir þvi sem Vötn ad draga; og so allar hálfar Lambatungur móts vid Haukagils menn. Enn ad austann verdu rædur Vatnsdalsá, alt frá Altaskálarár fornum farveg, sem liggur fyrer nordann Réttarhólmann, alt til sinna upptaka, og so til sudurs beinleidis til Jökla.

Einnig lögfesti eg Torvustada land, sem nú er Kot kallad fyrer austann Vatnsdals á og Sunnhlíd alla ofann til Merkidældar, sem liggur framannverdt vid svokallad Tungu Klif og uppá hálsinn eptir þvi sem Vötn ad draga á þá sidu. Lögfesti eg tédrar Grímstungu, Tún og Eingi, Holt og Haga, Vötn og Veydistadi og allar lands nitiar er því lande eiga ad fylgia til ummerkia þeirra er adrir menn eiga á móti mér. Lögfesti eg bæde ad ordfullu og Lögmáli réttu, fyrirbiódandi hverjum manni ad yrkia beita edur brúka ellegar ser i nockru nytia, utann mitt sé lof edur leifi til innann greindra Takmarka, undir vidliggiande Laga Sektir.

Til stadfestu er mitt underskrifad nafn, og hiá þrikt signet.

Grimstungu þann 28da Maii 1810.

Sigvalldi Snæbiörnsson

[727] Skjal nr. 2(148) a-b.

prestur sama stadar

L.S.

Lesid fyrir manntalsþingsretti ad Breidabólstad þann 30ta Maii 1810 –

test. S.Snorrason.[728]

Þann 17. ágúst 1833 vísiteraði Steingrímur biskup Grímstungur. Í vísitasíunni kemur m.a. fram að hálfar Lambatungur við Haukagil hafi fylgt afrétt Þórhallsstaða. Vísitasían hljóðar svo:

Grimstúngur i Vatnsdal

Anno 1833 þ: 17 Augusti visiteradi biskupinn Steingrimur Jonsson R. af D. kirkiuna ad Grimstungum i Vatnsdal, hún á eptir Máldögum alt Heimaland og Torfastadi og Sundhlid ofan til Merkidælar og Káldalstúngu [strikað yfir fs, í Kálfs; dals, ofan línu] er hr. Jón ábóti ad Þingeyrum seldi Sr Þorsteini Illhugasyni kirkiunnar vegna í Grímstúngum, fyrir greinda Jörd Káldalstúngu [strikað yfir fs, í Kálfs; dals, ofan línu], med öllum gögnum og giædum er henni hefr fylgt ad fornu og nyu, her í mót seldi Sr Þorsteinn Grafarland gamla kirkiu Eign i Grimstúngum; samþykkt stödugt og óbrygdilega þessi hvörutveggi Jardakaup Stadanna vegna Vyrdulegr hr biskup Olafur ad Hólum, Saurteig i Saurbærlandi, Þórhallastadi og Veidar allar. – Afrett er Þórhallstödum hafa fylgt, hálfar Lambatúngur vid Haukagil, Selland sudur a fialli – Gengid hefur dómur um Grimstungna Afrett á Sveinstada þingi þ. 10 Junii 1758 sem innfærdr finnst i Kirkiubókina, og hvörs Ályktunarord eru þessi: Grimstunguheidi skal hereptir haldast fyrir Lögafrett fyrir alla Innbyggiara i Vatnsdal og Sveinsstada Reppum, og þeir skyldugir þángad Lömb sin ad reka, samt gialda fialltoll eitt Lamb af Rekstri eptir almennum Landsvana; samt haga svo Rekstrum og Fiallgaungum, sem lög fyrirmæla og Reppstiórar giöra Rád fyrir enn Presturinn i Grimstúngu sem afrettarbóndi er skyldur ad láta giöra Lögrett so stóra sem hönum med skynsamra manna Rádi vyrdist þurfa til ad Reka feit á haustum; enn dilka giöri hver fyrir sig sem naudsyn ber til.[729]

Í vísitasíu að kirkjunni í Grímstungu, þann 5. desember 1836, kemur fram að Þórhallsstöðum hafi fylgt hálfar Lambatungur við Haukagil. Vísitasían hljóðar svo:

Grímstúnga

Arid 1836, þann 5ta Dec: visiteradi Prófastur i Húnavatns Sysslu Jón Petursson Kyrkjuna á Grímstungu. Hún á eptir máldögum allt Heima land, og Torfustadi (20 hndr.) og Sundhlíd, ofann til merkidæla, og Kalfdalstúngu (16 hndr.) er herra Jón ábóti ad Þíngeyrum seldi síra Þorsteini Illugasyni Kyrkjunnar vegna i Grímstungum fyrirgreinda Jord Kálfdalstúngu med öllumm gögnumm og giædum, er henni hefur fylgt ad fornu og nyu. Her i mót

[728] Skjal nr. 2(198) a-b.
[729] Skjal nr. 2(160) a-b.

seldi Síra Þorsteinn Grafar Land gamla Kyrkjueign i Grímstúngum; samþickti stödugt og óbrygdilega þessi hvörutveggi Jardarkaup Stadanna vegna vyrdulegur herra Biskup Ólafur ad Hólum. Saurteig i Saurbæarlandi, Þórhallastadi, og veidar allar, afrett er ÞórHallastodum hefur fylgt; Hálfar Lambatúngur vid Haukagil. Selland Sudur á Fjalli – geingid hefur Dómur um Grímstúngna afrétt á Sveinsstada Þingi þann 10da Jún. 1758, sem innfærdur finst i Kyrkjubókina, og hvörs ályktunar ord eru þessi: Grímstúngu Heidi skal héreptir haldast fyrir Lögafrett fyrir alla Innbyggara i Vatnsdal og Sveinstada Reppum, og þeir skyldugir þángad lömb sín ad reka, samt gialda Fialltoll, eitt Lamb af Rekstri, eptir almennum Landsvana, samt haga svo Rekstrum og Fiallgaungum, sem Lög fyrirmæla og Reppstiórar giöra rád fyrir. Enn Presturinn i Grímstúngum, sem afrettarbóndi, er skildur ad láta giöra Lögrétt, svo stóra sem hönum med skinsamra manna Rádi virdist þurfa, til ad reka Féd i á Haustum; enn Dilka giöri hvör fyrir sig, sem naudsyn ber til.[730]

Árið 1878 var sett bann við upprekstri stóðhrossa á Grímstunguheiði, Haukagilsheiði og Dalskvíslar nema gegn tolli, og er bannið svohljóðandi:

Eins og kunnugt er hefi jeg undirskrifaður Hjörl. Einarsson, samkvæmt fengnu leyfi stiptsyfirvaldanna, boðið Áss- og Sveinsstaðahrepps búum Grímstunguheiði til brúkunarnota handa sauðfé og hrossum fyrir ákveðið árlegt eptirgjald. En sökum þess að téðar sveitir hafa enn ekki gengið að þessu boði mínu, en nú er kominn sá tími, að óumflýjanlegt er að fara að reka geldfjenað og stóðhross til afrjettar, þá lýsum vjer undirskrifaðir því hérmeð yfir, að vjer leyfum engum manni stóðhrossa upprekstur á afréttarlönd vor Grímstungu og Haukagilsheiðar og Dalskvíslar, nema því að eins að fyrir hvert trippi sje goldinn tollur að upphæð 75 aur. Leyfi til upprekstursins uppá þenna hátt fæst hjá hverjum okkar sem vill, og óskum vér að hver einn ákveði tölu á trippum þeim, er hann þannig vill reka um leið og hann fær upprekstarleyfið. En verði afrjettir vorar framveigis notaðar til hrossaupprekstur í leyfisleysi, meiga þeir búast við, að vjer meðhöndlum hross þeirra sem þann pening er í heimildarleysi gengur í löndum vorum.

Undirfelli 8. d. júním. 1878

Hjörl. Einarsson Þorsteinn Eggertsson

Hannes Þorvarðsson

Lesið upp fyrir manntalsþingsrétti Húnavatnssýslu að Miðhúsum hinn 8. júní 1878.[731]

Með bréfi dagsettu 8. ágúst 1883 seldi Hannes Þorvarðarson á Haukagili Sigurði Jónssyni á Lækjamóti Haukagilsheiði ásamt hálfum Lambatungum og hálfum Kornsártungum sem höfðu fram að því ætíð legið undir Haukagil. Mörk umrædds landsvæðis voru svohljóðandi:

[730] Skjal nr. 2(133) a-b.
[731] Skjal nr. 2(70).

> [...] að norðan Ytri Skútalækur frá Álptaskálará, meðan hann fellur beint úr vestri, þaðan frá vestur í Kleppukvísl, en fyrir vestan Kleppukvísl, hálft land móts við Kornsá vestur á heiðamót og fram til hraungarða, þaðan til suðurs á fjórðungamót, að austan ræður Álptaskálará út að Skútalæk ytri, og þar að auki fylgir heiðinni, eins og áður er áminnst, og eru í kaupinu hálfar Lambatungur.

Seljandi fékk kaupanda heiðina til frjálsar eignar og fullra afnota með tilheyrandi hlunnindum gegn 400 króna kaupverði. Þá áskildi hann sér að ábúendur Haukagils og Gilhaga mættu eiga:

> [...] gjaldfríann upprekstur á heiðina fyrir þann geldfénað, sem framfleytist heima hjá þeim, og fría grasatekju, þar á mót skuldbindast áðurnefndir á Haukagili og Gilhaga að gjöra venjulega grenjaleit árlega á heiðina, og tilkynni ef gren finnst.

Fram kemur í afsalsbréfinu að Hannes hafi fengið kaupverð heiðarinnar að fullu greitt en því var þinglýst á manntalsþingi að Ási 8. júní 1885.[732]

Á manntalsþingi, höldnu að Ási þann 8. júní 1885, var þinglýst afsalsbréfi, dags. 8. ágúst 1883, þar sem Hannes Þorvarðarson selur Sigurði Jónssyni, Haukagilsheiði ásamt hálfum Lamba- og Kornsártungum fyrir 400 krónur. Af því tilefni var eftirfarandi fært til bókar, í dómabók sýslunnar:

> 4. Afsalsbrjef dags. 8. aug. 1883 með hverju bóndi Hannes Þorvarðarson selur Sigurði bónda Jónssyni Haukagilsheiði, ásamt hálfum Lamba- og Kornsártungum fyrir 400 krónur.[733]

Þann 20. ágúst 1886, ritaði séra Hjörleifur Einarsson, prófastur í Húnaþingi, bréf til stiftsyfirvaldanna, varðandi virðingargjörð á Grímstungu og Grímstunguheiði, sölu jarðarinnar og samnefnds heiðarlands. Nákvæm grein er gerð fyrir hvoru tveggja í bréfi prófasts:

> Stiptsyfirvoldunum 20. ágúst [1886].
>
> Eptir ad jeg hafdi medtekid brjef hinna háu Stiptsyfirvalda, dags. 7. júní næstl. um ad útvega reglulega virdingargjord á Grímstungum o.s.fr., hefur syslumadurinn í Húnavatnssýslu samkvæmt brjefi mínu til hans frá 14. f.m. útnefnt 2 virdingarmenn og sent mjer virðingargjörð þessa, dags 17. þ.m. og hjermeð fylgir.
>
> Samkvæmt fyrirmælum í brjefi hinna háu stiptsyfirvalda vil jeg nú undirgefnast, bædi sem hlutadeigandi prestur og sem settur prófastur leyfa mjer ad segja alit mitt um virðingargjorð þessa.

[732] Skjal nr. 4(132).
[733] Skjal nr. 2(215) a-b.

Þá er ræda á um solu á Grímstungu med heidi eð[u]r heidinni sjerstaklega, þá verður ad mida vid þau afnot sem prestakall þetta al[l]t hefur nú af eigninni og líkindi eru til, að þad hafi framvegis.

Jordin er nú leigð fyrir 160 kr. og við þetta hafa virðingarmenn midað verð þad er þeir hafa sett á Grímstungu. En þó eptirgjald þetta sje ekki nema sanngjarnt þegar litið er bædi á dýrleika jardarinnar og marga góda kosti hennar, þá er engin vissa fyrir ad þetta verdi varanlegar tekjur fyrir prestakall þetta. Sjerlegar orsakir til þess eru [svo] fyrst sú, ad engi jardarinnar liggur undir skemmdum af landbroti sem med tíð og tíma getur ordid mikið, og óvíst ad hægt sje ad fyrirbyggja, nema þá sjálfsagt med afarkostnadi og hin [svo] sú, ad ábúd er svo óviss á jörðunni. Jördin er stór og umfangsmikil; þad þarf kjark og dugnad til ad hagnýta sjer gædi hennar og talsvert fje i adra hond. En vanti trygga ábúd á slíkum jordum, vilja eigi dugnadarmenn sitja þær. Þeir taka helst jorðina til ábýlis, sem ekki hafa med hana gjera en vid þad eignar álit og med tímanum afnot hennar, en sveitarfjelagid býður stóran skaða. Þar að auki mun vera óhætt ad ætla ad prestar þeir sem halda stadinn mundu allir heldur vilja 160 kr í peningum heldur en landauragjaldið, 10 saudi [o]g 100 merkur smjors þegar illa lætur í ári, sem opt er hjer nordanlands, falla landaurar og jafnvel eptirgjald eptir jardir, sem þó eru vissustu tekjurnar, gjaldast ekki nema med undandrætti.

Nú sem stendur gæti madur ekki reiknad landskuldina í Grímstungu meir en 60-70 kr eptir fjartoku-prísum sem kaupmenn hafa gefið í skyn ad muni verda á næsta hausti svo árferdid hefur hjer reist ~~landa~~ eptirgjaldid um 1/6.

Verd heiðarinnar hafa virdingarmenn sett 2200 kr. Þad er vandi ad segja hversu mikils virdi hún er í raun og veru, en þad er óhætt að staðhæfa, ad prestakall þetta hefur aldrei og mun aldrei uppbera þær tekjur af heiðinni sem svarar rentum af hofudstól þessum. Þó Grímstunguheidi sje kallad upprekstrarland i Sveinsstadi og Stekk þá liggja eins og jeg þegar hef frá skýrt í ~~brjefi minu~~ álit[s]skjali mínu um mál þetta 16. apríl f.á. stór heiðarlond á bádar hlidar, austan og vestan, sem ad líkindum eru til samans einsmikid land og oll Grímstunguheidi. Þad er vitaskuld ad heiðarpeníngur gengur eins á þessum londum, enda eru gamlir dómar fyrir því, að upprekstur fjár sje á þessi lond; hafa og fjalltollar verið goldnir á ýmsum tímum eigendum þessara heiðarlanda [síðuskipti], eptir því sem hver hefur eptirgengið og verið hjeradsríkur til. Þannig hafdi formaður minn hjer í prestakallinu skuldbundid sig til að borga eiganda Haukagilsheiðar, ad vestan við Grímstunguheidi 10 fjallatolla án þess þó ad taka þátt i kostnadi vid rjettarstædi. Til skýringar um stærð þessa heidarlands skal þess getið, að Lambatungur ½ sem Haukagil hefur átt til móts við Grímstungur er ad kunnugra manna áliti hjerumbil 1/6 allrar Grímstunguheidar og eru þó ½ Lambatungur adeins lítill partur af Haukagilsheidi. Þad vita menn og að fyrir longu sídan voru 10 fjallatollar goldnir fyrir kvíslar eiganda Þorormstungu, Forsæludals. Nú er eigandi Kvísla að byggja þar bæ til að geta varid þetta land sitt, sem hann fær ekkert eptir, og

getur þetta haft skaðleg áhrif á afnot þar, sem nú undanfarin ár hafa verið af Grímstunguheidi, því sá, sem tekur alla fjallatolla, hlýtur ad gjalda þess ef friðland er ekki fyrir heiðar pening. Til sonnunar því ad vart sje hugsanlegt að meira fáist fyrir Grímtunguheiði en virðingarmenn hafa metið, skal þess getið að heidarlondin til beggja heida hafa nýlega gengið mannsali, Kvíslar fyrir 700 kr. en Haukagilsheidi med hálfum Lambatungum fyrir 400 kr.

Eptir undirlagi minu fengu virdingarmenn einnig umbod til að segja álit sitt um, hvort tilrækilegra væri ad selja jordina med heiðinni eða heidina sjerstaklega til þess ad jeg, sem hlutadeigandi, væri ekki einn til frásagnar, og verd jeg ad vera alveg á þessu máli í þessu efni. Þad er vafalaust mikill hagur fyrir prestakallið að geta selt heiðina og þá sjerílagi fyrir prestinn í brauðinu eda [misritað] um~~bods~~rádamann, ad losna vid alla þá fyrirhofn ~~sem~~ atrodning og vanþakkir sem því eru samfara an þess ad hafa i raun og veru nokkuð í adra hond. En þad er ad mínu áliti ómogulegt ad selja heidina nema med jördinni.

[Yfirstrikaður texti í skjali] Ætti madur ad fara ad undirbúa það yrdi ad ~~selja~~ tiltaka merki, sem engin hafa ~~um~~ verid milli heimalands og heidar, nema i ordi kvednu, en þar af leiddi, ad þad yrdi ad færa þau miklu nedar en þau hingad til hafa verid haldin, fleiri gren komu þá inn í heidarlandið og kostnadur vid grenjavinnslu yrdi talsvert meiri.

Þar sem ótal fyrir einn mundu vilja borga jördina betur ef heiðarlandid ekki fylgdi með. Upprekstrarfjelagid vildi ad vísu fyrir nokkrum árum kaupa, en iðraðist jafnskjótt eptir, og þegar málið kom aptur heim í hjerað til ad ganga til sýslufundar og alþingis neitudu þeir sem hofdu verid hvatamenn til kaupanna ad halda lengra áfram, enda mundi alþingi hafa neitað einnig solu á Auðkúluheidi. Meiningin er, ad upprekstrarfjelagid sjer eins og adrir ad verdi áreid gjord á heiðarnar, og fjallatollum jafnad nidur eptir stærd og gædum hvers heidarlands muni Grímstungheidi ekki vera þess virdi sem menn hafa ádur ætlað, og var jeg einn þeirra á medan jeg var heiðunum ókunnugur.

Álit mitt er því ad þad mæli svo margt med því ad prestakallid geti losnað við heidina, að ekki sje áhorfsmál ad selja jordina Grímstungu með, enda sje jeg ekki þad sje neitt sjerlegt kappkosti að prestakallið eigi hana, þegar hún getur selst prestakallinu í hag. Jeg vil því sem fastlega mæla með því að beiðandinn Bjorn Sigfússon verði bænheyrður, og vona ad hinum háu Stiptsyfirvoldum mætti þóknast, ad yfirveguðum ollum ástædum, ad stydja sem best mál þetta.

Hjermed fylgia reikningar virdingarmanna yfir kostnad vid virdinguna og vildi jeg leyfa mjer ad gjora fyrirspurn til hins háa Stiptsyfirvalds hverjum beri að greiða hann.

Virðingarfyllst.[734]

[734] Skjal nr. 2(317) a-b.

Í landamerkjabréf fyrir Grímstungu var útbúið 10. júní 1890 og þinglýst var sama dag, er Lambatungna getið. Landamerkjabréfið hljóðar svo:

> Að vestanverðu ræður Álptaskálará allt þar til Búkarkvísl í hana rennur, síðan ræður Búkarkvísl til sinna upptaka, og svo til suðurs, eptir því sem vötn að draga, svo allar hálfar Lambatungur móts við Haukagilsheiðar eiganda. Úr Álptaskálarárgili er stefnan eptir fornum farveg, er liggur fyrir sunnan svo nefndan Rjettarhólma, og stefnir til landnorðurs úr gilinu, og beint í Pollshamar austan Vatnsdalsár, er sá klettur niður við láglendið nokkru utar en Sauðarskjól. Að austanverðu ræður Vatnsdalsá allt til hennar upptaka, og svo beint til suðurs, til jökla.[735]

Á manntalsþingi, höldnu að Þorkelshóli þann 14. júní 1894, var þinglýst afsalsbréfi Sigurðar Jónssonar á Lækjamóti fyrir ¼ hluta úr Haukagilsheiði, með ¼ úr hálfum Kornsártungum, dags. 28. október 1891. Þinglýsingin er færð til bókar á eftirfarandi hátt:

> 2. Afsalsbrjef Sigurðar bónda Jónssonar á Lækjamóti, dags. 28. oktbr. 1891 fyrir ¼ hluta úr svokallaðri Haukagilsheiði með ¼ úr hálfum Kornsártungum til handa Jósepi bónda Jónatanssyni á Miðhópi fyrir 125 kr.[736]

Umgetið afsalsbréf, frá 28. október 1891, er svohljóðandi:

> N 1942
>
> Hjermed gjöri jeg Jakop Sigurður Jónsson bóndi á Lækjamóti kunnugt ad jeg með brjefi þessu sel og afsala Jósep bónda Jónatanssyni í Miðhópi einn fjórða hluta heiðarlands þess sem kallast Haukagilsheiði með einum fjórða hluta úr hálfum svokölluðum Kornsártungum og einum fjórða hluta úr hálfum Lambatungum fyrir umsamið kaupverð 125 (eitt hundrað tuttugu og fimm krónur) sem greiðist nú að hálfu leyti samstundis, en hinn helmingurinn fyrir næstkomandi nýár.
>
> Ummerki á landi þessu í heild sinni, sem seldur er úr einn fjórði hluti: ad norðan Ytri-Skútalækur, frá Álptaskálará meðan hann fellur beint úr vestri þaðan frá vestur í Kleppukvísl. En fyrir vestan Kleppukvísl hálft land móts við Kornsá, vestur á heiðamót og fram til hraungarða; þadan til suðurs á fjórðungamót. Að austan ræður Álptaskálará út að Skútalæk ytri, og þar að auku fylgir heiðinni eins og áður er á minnst hálfar Lambatungur.
>
> Kaupandi heldur kaupi sínu til laga, en seljandi svarar til lagariptinga.
>
> Þessu til stadfestu er nafn mitt undirritað og tveggja viðstaddra (~~vitundar~~)votta.
>
> Lækjamóti 28. október 1891.
>
> J. S. Jónsson

[735] Skjal nr. 2(38).
[736] Skjal nr. 2(216) a-b.

Jósep Jónatansson.

Vitundarvottar:

Daniel Sigurðsson

Þorsteinn Þorsteinsson.

Framanskrifuð upphæð, 125 krónur eru mjer nu að fullu borgaðar.

p.t. Miðhópi 27. desember 1891.

J. S. Jónsson.

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Húnavatnssýslu ad Ási hinn 23. Júní 1894, og innfært í afsals- og veðmálabók sýslunnar.

Ltr. D N° 1942 fol. 210.

[...]

Vottar Jóh. Jóhannesson.[737]

Þann 7. ágúst 1894, afsalaði og seldi Sigurður Jónsson á Lækjamóti fjórðung úr Lambatungum Ás- og Sveinsstaðahreppum, fyrir 250 krónur, með svohljóðandi hætti:

Nr. 8348

Sigurdur Jónsson búandi á Lækjamóti Húnavatnssýslu gjöri kunnugt ad jeg med leyfi þessu sel og afsala Sveitarfjelögum Áss og Sveinsstadahreppa eign mina hálfa Svokallada Haukagilsheidi ásamt einum fjórda parti úr Lambatúngum med öllum gögnum og gæðum er landi því fylgir Samkvæmt Kaupsamningi dagsettum 1. október 1893.Samt med því skyliröi [svo] ad ábúendur Haukagils og Gilhaga eigi gjaldfrian upprekstur á nefnda heidi fyrir þann gjeldfjenad sem framfleitist á ábilisjördum þeirra, og frya grasatekju, þar á mót skuldbindast ábúendur nefndra jarða, til ad gjöra venjulegar grenjaleitir árlega á heidina, og tilkinna ef gren finst, Samkvæmt afsalsbrjefi fyrir heidinni frá Hannesi Þorvarðarsyni, dags. 8. augúst 1883.

Med því hreppsnefndir ádurnefndra Sveitarfjelaga hafa nú fullnægt öllum þeim skyldögum sem þeim bar ad gjöra, med greidslu á 250 tvö hundrud og fimmtiu Krónum, þá segji jeg hjer med Sveitarfjelög Áss og Sveinsstaðahreppa vera rjetta eigendur ad hálfri Haukagilsheiði og einum fjórða úr Lambatúngum.

[737] Skjöl nr. 4(133) og 4(197).

Merki lands þessa er ad nordanverðu ytri Skútalækur medan hann fellur beint úr vestri þadan frá vestur i Kleppukvisl, ad ödru leiti eru merki ad landinu eins og þau alla tið hafa verið.

Kaupendur haldi Kaupi sinu til laga enn jeg Svara til lagariftinga.

Þessu til staðfestu er nafn mitt og

innsygli svo og nöfn tilkvaddra vitundarvotta.

Lækjamóti 7. august 1894.

J. Sigurdur Jónsson

(L.S.)

Vitundarvottar

G. Gudmundsson

J. Sveinsson.[738]

Þann 12. febrúar 1900 skrifaði prófastur Stiftsyfirvöldum og tilkynnti þeim að hreppsnefndir Ás- og Sveinsstaðahreppa hefðu óskað eftir því, með samþykki hreppsbúa, að fá Grímstunguheiði keypta. Prófastur gat þess að það væri eindregin ósk bæði hreppsnefndanna sem og búenda í greindum hreppum, að fá keypta Grímstunguheiði, sem talin var upprekstrarland samnefndra hreppa. Í bréfi prófasts eru hálfar Lambatungur kallaðar sameign við Grímstunguheiði. Í bréfi prófastsins segir m.a. eftirfarandi:

> [...] bæði hreppsnefndanna sem búenda í greindum hreppum, að fá keypta Grímstunguheiði, sem talin er að sé upprekstrar land hreppa þessara. Stafar það að miklu leyti af því, að beggja vegna við heiðarland þetta liggja önnur mikil heiðarlönd sem sé, að austan Dalskvíslar, sem Áss- og Sveinstaða-, Torfalækjar og Svínavatnshreppar hafa í sameiningu keypt af síðasta eigenda þeirra fyrir 1200 kr., og að vestan Haukagilsheiði með hálfum Lambatungum (sameign við Grímstunguheiði) sem upphaflega tilheyrði jörðinni Haukagili í Vatnsdal, en síðan var seld J. Sigurði Jónssyni bónda á Lækjamóti er síðan seldi hálft þetta land Áss- og Sveinstaða upprekstrarfélagi fyrir 250 kr.[739]

Til að gera mönnum grein fyrir umfangi þessara afréttarlanda í samanburði við Grímstungu þá bendir prófastur á að þegar skipað er í göngur á haustin þá þurfi um 27 menn til að smala Dalskvíslar og Haukagilsheiði með hálfum Lambatungum en 30 menn á Grímstunguheiði. Þá sé kunnugt um 11 tóugreni á Grímstunguheiði en 7 á hinum heiðunum.

Prófastur Húnvetninga skrifaði stiftsyfirvöldum, 19. september 1900, og tilkynnti að hann hafði samið bænaskrá um að mega selja Grímstunguheiði með

[738] Skjal nr. 4(126).
[739] Skjal nr. 2(252) a-b.

hálfum Lambatungum undan Undanfellsprestakalli. Þá hafði hann einnig útvegað samþykki sýslumanns uppá væntanlegt samþykki sýslunefndar, samþykki héraðsfundar auk þeirra fylgiskjala sem þau höfðu ráðlagt honum að afla.[740]

Stiftsyfirvöld skrifuðu landshöfðingja, 18. október 1900, og sendu honum bænaskrána um sölu Undirfellsprestakalls á Grímstunguheiði og hálfum Lambatungum til upprekstrarfélags Ás- og Sveinsstaðahrepps fyrir 1700 kr. Þar eru talin upp öll fylgiskjölin og saga sölunnar rakin. Þau segjast hlynnt sölunni og skýra frá hvernig söluandvirðið verði ávaxtað.[741]

Þann 23. júlí 1901, skrifaði landshöfðinginn yfir Íslandi til stiftsyfirvaldanna um sölu á kirkjueigninni Grímstunguheiði með hálfum Lambatungum, svo sem fyrr er getið. Bréf landshöfðingjans er svohljóðandi:

> Ráðgjafinn fyrir Ísland hefir í brjefi, dagsettu 27. f. m., skýrt mjer frá, að hans hátign konunginum hafi 18. s m. allramildilegast þóknazt að veita allrahæst samþykki til þess, að heiðarlandið Grímstunguheiði með hálfum Lambatungum, sem heyrir undir Undirfellsprestakall í Húnavatnsprófastsdæmi, verði seld Áss- og Sveinsstaðahreppum frá prestakallinu fyrir 1700 kr., sem ávaxist og afborgist á 28 árum með alls 6% eða 102 kr. um árið, og eru hjeraf vextir 4% af þeim hluta kaupverðsins, sem á hverjum tíma er óborgaður, en hitt afborgun. Ennfremur er það skilyrði sett, að jafnótt og kaupverðið er greitt, skuli það sett á vöxtu í Söfnunarsjóð Íslands sem óskerðanlegur höfuðstóll, er sje eign prestakallsins, og að 3 krónur af vöxtunum árlega leggist við höfuðstólinn, en að öðru leyti njóti benificiarius vaxtanna, og að nefnt heiðarland framvegis verði skoðað sem bændaeign, og því er alla skatta og skyldur snertir.
>
> Þetta er yður, herra amtmaður, og yður, herra biskup, með skírskotun til brjefs yðar 18. oktbr. f. á., hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari ráðstöfunar.[742]

Þeir Jón Hannesson oddviti í Áshreppi og Jón Kristmundur Jónsson oddviti í Sveinsstaðahreppi lýstu því yfir, 4. nóvember 1901, að þeir í umboði upprekstrarfélags Ás- og Sveinsstaðahreppa, með leyfi hreppanna, samþykki sýslunefndar og leyfi konungs hafi gert samning við Hjörleif Einarsson prófast um kaup á Grímstunguheiði og hálfum Lambatungum fyrir 1700 kr. Til tryggingar á greiðslu á höfuðstól og vöxtum þá veðsettu þeir með fyrsta veðrétti umboðsmanni Undirfellsprestakalls umrætt heiðarland þangað til að höfuðstóll og vextir yrðu að fullu greiddir. Loks tilgreina þeir að seljandi megi láta þinglýsa þessu veðskuldabréfi á kostnað kaupanda.[743]

[740] Skjal nr. 2(254) a-b.
[741] Skjal nr. 2(255) a-b.
[742] Skjöl nr. 2(256) a-b og 4(56).
[743] Skjal nr. 2(258) a-b.

Hjörleifur Einarsson prófastur og prestur á Undirfelli afsalaði sér Grímstunguheiði með hálfum Lambatungum til umboðsmanna Ás- og Sveinsstaðahreppa þar sem þeir höfðu samdægurs með veðskuldabréfi veðsett prestakallinu umrætt heiðarland til tryggingar skilvísri greiðslu.[744] Þá gerðu umræddir aðilar með sér kaupsamning sama dag, eða 4. nóvember 1901, sem var svohljóðandi:

> 1. Að ég prófastur, Hjörleifur Einarsson, sel Áss og Sveinstaðahreppum heiðarlandið Grímstunguheiði með hálfum Lambatungum, sem heyrir undir Undornfellsprestakall í Húnavatnsprófastsdæmi með öllum skyldum og réttindum, sem heiðarlandinu fylgja ber, gögnum og gæðum til lands og vatns.
>
> 2. Landamerki milli heiðarlandsins og heimalands Grímstungu eru þessi:
>
> Frá Vatnsdalsá ræður Sjónarhólslækur og þaðan bein lína í Sýrsvatn. Frá Sýrsvatni ræður Sýrsvatnslækur til Selkvíslar og þaðan Selkvísl til Álftaskálar ár.
>
> 3. Kaupverðið er 1700 – seytján hundruð – krónur, sem greiðist á 28 árum með 6% í rentu og afborgun eða 102 kr. hvert ár, sem greiðist prestinum í Undornfellsprestakalli í síðasta lagi ár hver fyrir lok janúarmánaðar í fyrsta sinn 1903 og í síðasta sinn árið 1930.
>
> 4. Áss og Sveinstaðahreppar, sem eru eitt upprekstrarfélag, skulu hafa endurgjaldslaust nægilegt og hentugt fjárréttarstæði á Undornfellseyrum, svo og torfefni til réttarbyggingar, eins og með þarf, svo nærri réttinni sem unt er. Einnig ber upprekstarfélaginu, samkvæmt áðurgjörðum samningi, rettur til að hafa stóðrétt á Undornfellseyrum gegn 12 – tólf – króna árlegri borgun, og með sömu skilmálum, sem ákveðin eru um fjárréttina.
>
> 5. Er það tilskilið að presturinn í Undornsfellsprestakalli og ábúandi jarðarinnar Grímstungu eigi frían upprestur á nefnd heiðarlönd fyrir fé sitt og hross.
>
> 6. Verður nefnt heiðarland við eigendarskifti skoðað sem bændaeign að því er alla skatta og skyldur snertir.
>
> 7. Fyrir heiðarlandinu gefi kaupandi út veðskuldabréf í tveim samritum, þar sem það sé veðsett prestakallinu með fyrsta forgangsrétti fyrir kaupverðinu og vöxtum af höfuðstólnum, unz það er að fullu greitt, og haldi seljandi öðru samritinu en hitt sendist til stiftsyfirvaldanna.
>
> 8. Þegar veðskuldbréfið er útgefið í tilhlýðilegu formi skal rita afsal á kaupbréf þetta, sem sé í þrem samritum, eitt til að sendast Stifsyfirvöldunum, og eitt handa hvorum, kaupanda og seljanda.[745]

Prófastur skrifaði stiftsyfirvöldum, 4. nóvember 1901, og greindi þeim frá því að kaupin á Grímstunguheiði með hálfum Lambatungum hafi átt sér stað. Hann sendir

[744] Skjal nr. 2(259) a-b.
[745] Skjal nr. 2(260) a-b.

þeim afrit af kaupbréfi og veðskuldabréfi og greinir þeim frá ástæðum fyrir töfum og seinkun á greiðslu.[746] Stiftsyfirvöld svöruðu bréfi prófasts, 25. nóvember 1901, og sögðust ekki hafa neitt við framkvæmdina að athuga og samþykktu hana fyrir sitt leyti.[747]

Þann 9. janúar 1904 seldi og afsalaði Sigurður Jónson á Lækjamóti nokkrum landareigna sinna til Þverárhrepps. Þar á meðal var einn áttundi hluti „úr Lambatungunni“:

> N°. 2689
>
> Jeg Sigurður Jónsson bóndi á Lækjamóti
>
> Gjöri kunnugt: að jeg með þessu brjefi mínu sel og afsala hreppsnefndaroddvita Guðmundi Björnssyni á Klömbrum, er kaupir gjörir fyrir hönd hrepps síns, eign mína ¼ úr svokallaðri Haukagilsheiði með 1/8 úr Lambatungunni og 1/8 úr Kornsártungum fyrir umsamið kaupverð 200 – tvö hundruð krónur og með því velnefndur oddviti G. Björnsson hefur greitt mjer andvirðið 200 kr. að fullu, segi jeg hjermeð Þverárhrepp í Húnavatnssýslu rjettan eiganda tjeðra landspildu með þeim ummerkjum er jeg hef átt hana.
>
> Kaupandi heldur kaupi sínu til laga, en jeg svara til lagariftinga. Til staðfestu er nafn mitt og undirritaðra votta.
>
> P.t. Klömbrum 9. jan. 1904.
>
> Sigurður Jónsson.
>
> Vitundarvottar
>
> Jón Jónsson
>
> Jóhann Engilbertsson.
>
> Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Húnavatnssýslu að Stóruborgi 26. maí 1905.[748]

Á manntalsþingi, höldnu á Stóru-Borg þann 26. maí 1905, var þinglýst afsalsbréfi Sigurðar Jónssonar á Lækjamóti fyrir ¼ úr Haukagilsheiði með 1/8 úr Lambatungum og 1/8 úr Kornsártungum, dags. 9. janúar 1904, til handa sveitarsjóði Þverárhrepps. Eftirfarandi var fært til bókar:

> 6. Afsalsbrjef Sigurðar Jónssonar í Lækjamóti, dags. 9. jan. f. á. fyrir ¼ úr Haukagilsheiði með 1/8 úr ~~úr~~ Lambatungum og 1/8 úr Kornsártungum fyrir 200 krónum til handa sveitarsjóði Þverárhrepps.[749]

Í skýrslu um eignir Þverárhrepps í fardögum 1906 er fjórðungur úr Haukagilsheiði með hluta úr Lambatungum talinn fram. Þar segir svo:

> Skýrsla um eignir Þverárhrepps í fard(ögum) 1906 sem eigi gefa arð af sjer.

[746] Skjal nr. 2(261) a-b.
[747] Skjal nr. 2(262) a-b.
[748] Skjal nr. 4(129) og 4(199).
[749] Skjal nr. 2(290) a-b.

¼ úr Haukagilsheiði með tilsvarandi parti úr Lambatungum (kaupverð) 200 [krónur].[750]

Í skýrslu um arðlausar eignir Þverárhrepps í fardögum 1907 er fjórðungur úr Haukagilsheiði með hluta úr Lambatungum talinn fram. Þar segir svo:

Skírsla um arðlausar eignir Þverárhrepps í fardögum 1907.

2. ¼ úr Haukagilsheiði með tilheirandi parti úr Lambatungum (kaupverð: kr. 200,00).[751]

Í skýrslu um arðlausar eignir Þverárhrepps í fardögum 1908 er fjórðungur úr Haukagilsheiði með hluta úr Lambatungum talinn fram. Þar segir svo:

Skírsla um arðlausar eignir í Þverárhrepp í fardögum 1908.

¼ úr Haukagilsheiði með tilheirandi parti úr Lambatungum – kaupverð Kr, 200,00.[752]

Með bréfi dagsettu þann 29. desember 1919, óskaði Stjórnarráð Íslands eftir skýrslu frá sýslumönnum um þau svæði sem talin væru til almenninga eða afrétta innan sýslna hvers og eins sýslumanns.[753] Í svari hreppstjóra Þverárhrepps, dags. 5. mars 1920, vegna fyrirspurnar sýslumanns um almenninga og afréttarlönd í Húnavatnssýslu kemur eftirfarandi fram um Lambatungur:

Viðvíkjandi brjefi yðar háttv. herra sýslumaður frá 30/1 þ. á. er það að segja að Þverárhreppi tilheyra engin afrjettarlönd eða almenningar nema ¼ úr Haukagilsheiði ásamt ⅛ úr Lambatungum.

[...]

Eggert Larz.[754]

Þann 21. maí 1934 var aukaréttur Húnavatnssýslu haldinn að Blönduósi og voru þá dómkvaddir tveir menn til þess að gera áreið og meta ítölu í afréttarlandið Haukagilsheiði ásamt hálfum Lambatungum, miðað við stóðhrossabeit þar að sumarlagi. Við aukaréttarhaldið kom eftirfarandi fram:

Ár 1934, þriðjudaginn 21. maí var aukarjettur Húnavatnssýslu settur á skrifstofu embættisins á Blönduósi og haldinn af sýslumanni Guðbrandi Ísberg með undirrituðum rjettarvottum.

Var þar og þá fyrirtekið:

Að dómkveðja 2 menn, eftir beiðni oddvita Áshrepps, til þess að gera áreið og meta ítölu í afrjettarlandinu Haukagilsheiði ásamt ½ Lambatungum í Áshreppi, miðað við stóðhrossabeit þar að sumarlagi.

[750] Skjal nr. 2(222).
[751] Skjal nr. 2(222).
[752] Skjal nr. 2(222).
[753] Skjal nr. 4(3).
[754] Skjal nr. 4(65).

Dómarinn leggur fram í rjettinum brjef oddvita Áshrepps innan Húnavatnssýslu dags 19/8 1933, þar sem farið er fram á hrossabeitarítölumat í afrjettarlandinu Haukagilsheiði ásamt hálfum Lambatungum. Auðkennt skjal þetta till(agt) svohlj(óðandi) II. Er land þetta eign upprekstrarfjelags Grímstunguheiðar að ¾ en ¼ þess er eign Þverárhrepps, og nytjað af þeim hreppi til stóðhrossabeitar að sumarlagi. Er þessvegna krafist ítölumats miðað við hrossabeit í afrjettarlandinu öllu svo að Þverhreppingar geti vitað hve margt stóðhrossa þeir megi reka á ¼ landsins, vítalaust.

Dómarinn útnefndi þá í rjettinum sankunnuga, óvilhalla, valinnkunna og þar til vel hæfa menn þá: Jónas Björnsson, sýslunefndarmann, Dæli í Þorkellshólshreppi og Sigurð Erlendsson, bónda, Giljá, Torfalækjahreppi til þess að framkvæma hina umbeðnu áreið og ítölumat. Ber þeim að skrásetja ítölumatsgjörðina og leysa hana þannig af hendi að þeir geti staðfest hana með eiði ef krafist verður.

Einnig ber þeim að kveðja aðila til þess að vera viðstaddir áreiðina og ítölumatið.

Fleira ekki fyrirtekið.

Rjetti slitið.

Rjettarvottar: Guðbr. Ísberg.[755]

Þann 6. nóvember 1939, var haldinn sáttafundur milli hreppsnefnda Sveinsstaða og Áshreppa annars vegar og hreppsnefnd Þverárhrepps hins vegar, vegna ágreinings milli hreppsnefndanna um stóðrekstur Þverhreppinga á afrétt Haukagilsheiðar. Þar er getið um Lambatungur. Í sáttaabókina var eftirfarandi fært inn:

Afrit úr sáttabók.

Ár 1939, mánudaginn 6. nóv., var sáttafundur settur og haldinn að Breiðabólsstað í Vesturhópi af undirrituðum sáttanefndarmönnum Þverárhrepps.

Samkv. Sáttakæru, dags. að Þingeyrum 24. okt. 1929 með árituðu fyrirkalli og birtingu stefnuvotta var tekið fyrir málið:

Hreppsnefndir Sveinsstaða og Áshreppa gegn hreppsnefnd Þverárhrepps.

Er mál þetta risið út af ágreiningi milli hreppsnefndanna um stóðrekstur Þverhreppinga á afrétt Haukagilsheiðar.

Fyrir hreppsnefnd Sveinsstaðahrepps var mættur Jón Pálmason oddviti á Þingeyrum og fyrir hreppsnefnd Áshrepps Indriði Guðmundsson oddviti Gilá, en fyrir hreppsnefnd Þverárhrepps Guðmundur Árnason bóndi og hreppsnefndarmaður, Syðri-Þverá, allir samkv. Skriflegu umboði hreppsnefnda.

[755] Skjal nr. 2(111) a-b.

Eptir allmiklar umræður um málið komst á svofeld sætt:

Oddvitar Sveinsstaða og Áshrepps sættust á, að niður falli kröfur þær, sem í viðkomandi sáttakæru eru gerðar á hendur hreppsnefnd Þverárhrepps, gegn því, að Þverárhreppur greiði kr. 50.- upp í útlagðan kostnað við mál þetta. Síðan skal á næsta ári fara fram ítölumat til beitar hrossa og sauðfjár á Haukagilsheiði, Lambatungum og Kornsártungu, framkvæmt af fimm mönnum, útnefndum af sýslumanni Húnavatnssýslu.

Skal ítölumat þetta vera bindandi fyrir viðkomandi hreppsfélög, þannig að því verði ekki breytt.

Kostnaður af mati þessu skal greiðast eftir réttum eignarhlutföllum viðkomandi hreppa.

Sáttargerð þessi upplesin og játuð rétt bókuð.

D[atum] u[t] s[upra].

Stanley Melax, Guðmundur M. Eiríksson,

Jón S. Pálmason, Indriði Guðmundsson, G. Árnason.

Rétta útskrift staðfestir undirritaður

Breiðabólsstað 6/11 ´39.

Stanley Melax.[756]

Jón S. Pálmason bætti svo eftirfarandi texta við framangreint, þann 4. janúar 1940:

Samkvæmt framanskrifaðri sátt leyfi jeg mjer fyrir hönd upprekstrar Sveinsstaða- og Áshrepps að beiðast þess, að þér herra sýslumaður útnefnið svo fljótt sem við verður komið fimm menn til að framkvæma ítölumat það, sem ræðir um í nefndri sátt og sjáið um að ítölumat þetta verði framkvæmt á næsta sumri.

Sveinsstaðahreppur, Þingeyrum 4. jan. 1940.

Jón S. Pálmason

oddviti.[757]

Í ritinu Göngur og réttir II, frá árinu 1949, segir eftirfarandi um upprekstur Ás- og Sveinsstaðahreppa á afréttarlönd suður af Vatnsdal:

Suður af Vatnsdal eru góð og víðlend afréttarlönd, sem Ás- og Sveinsstaðahreppar eiga sameiginlega upprekstur á. Þessi sameiginlegu réttindi kallast Upprekstrarfélag Grímstunguheiðar. Auk hins sameiginlega afréttarlands fylgja stór heimalönd, er ná til hálsa og heiða, ýmsum jörðum fremst í Vatnsdal.

[756] Skjal nr. 4(196).
[757] Skjal nr. 4(196).

Þingeyrar og Hnausar í Þingi eiga báðar mjög stór lönd, sem lögð hafa verið undir þær. Eiga Þingeyrar Víðidalsfjallsland austanvert, en Hnausar Sauðadal hálfan. Fyrrum voru þar selstöður frá þessum jörðum. Í Víðidalsfjalli voru ennfremur selstöður ýmsum jörðum úr vestanverðum Vatnsdal. Þingeyrasel var í byggð til ársins 1930.

Á öll hin víðlendari heimalönd eru gerð sameiginleg fjallskil af upprekstrarfélaginu.

Í sveitum Ás- og Sveinstaðahreppa, sem venjulega eru kallaðar Þing og Vatnsdalur, eru 45 jarðir. Af þeim eru nú 4 eyðijarðir, sem notaðar eru með öðrum jörðum. Ein jörðin er nýbýli.

Margar stórjarðir eru í þessum sveitum, sem hafa framfleytt miklum búpeningi, einkum sauðfé og hrossum. Þó hefir sauðfé fækkað mjög síðan 1937, að mæðiveikin varð útbreidd þar. Aftur á móti hefir hrossum og nautgripum fjölgað mikið.

Þótt sveitir þessar séu litlar að býlatöl, hefir verið framfleytt þar miklum fjölda búfjár. Hefir það krafizt mikillar vinnu bæði við leitir og réttir að koma fénaði til eigenda. Hafa þessi störf: göngur og réttir, löngum sett sinn sérstaka svip á líf sveitafólksins, og gangna- og réttardagarnir verið raunverulegir hátíðis- og gleðidagar þess, einkum yngri kynslóðarinnar.

Lega og staðhættir afrétta

Grímstunguheiði og önnur afréttarlönd suður af Vatnsdal eru innan þess leitarkerfis, sem stærst er á Íslandi. Að austan er Auðkúluheiði, sem hafði samleit með Biskupstungnamönnum, þar til fjárpestargirðing var sett á Kili. Vestanvert er Víðidalstunguheiði, og að sunnan leitarsvæði Borgfirðinga.

Öll eru afréttarlönd þessi leituð eftir föstu, sameiginlegu skipulagi, sem einnig er bundið við aðrar nærliggjandi sýslur.

Þótt afréttarlöndin séu venjulega kölluð Grímstunguheiði, voru þau áður heimalönd ýmissa jarða. Austast eru Forsæludalskvíslar, sem fyrr voru heimalönd Forsæludals, en 1891 voru Kvíslar seldar upprekstrarfélagi Auðkúluheiðar og Grímstunguheiðar, sem á nú fjórða hluta landsins. Þar eru ágæt beitarlönd, einkum fyrir hross. Árið 1866 [svo] byggði Björn Eysteinsson, síðar bóndi í Grímstungu, býlið Réttarholt í Kvíslum. Bjó hann þar í 5 ár, og græddist vel fé. Er þar nærtækt til veiðifanga, bæði silungs og fugla, og landkostir ágætir. Björn var annálaður fyrir ratvísi og leitarferðir. Verður hans nánar getið síðar.

Vestanvert við Forsæludalskvíslar er Grímstunguheiði og Lambatungur, sem fylgdu henni hálfar. Vatnsdalsá skilur Kvíslar og Grímstunguheiði, en Bríkarkvísl Grímstunguheiði og Lambatungur. Vestast er Haukagilsheiði. Henni fylgdu hálfar Lambatungur. Álftaskálará skilur Lambatungur og

> Haukagilsheiði. Merki milli Víðidalstunguheiðar og Haukagilsheiðar er lína, sem horfir frá Fremrihlíðarklettum að Bláfelli á Stórasandi.
>
> Fyrr á tímum voru heiðalönd þessi eign samnefndra jarða. Höfðu þá flestir búendur upprekstur á Grímstunguheiði og guldu Grímstungupresti og síðar Undirfellspresti, beitartoll, sem kallaðist fjallatollur. Varð það haustlamb frá hverjum búanda, sem fé átti. Var skattur þessi oft misvel af hendi leystur, og ekki laust við, að til óánægju drægi milli bænda og presta um greiðsluna.
>
> Eftir að Upprekstrarfélagið keypti afréttina af viðkomandi jarðareigendum, féll niður beitargjaldið frá bændum. Grímstunguheiði var keypt árið 1901 af Undirfellspresti, sem hafði allar tekjur af henni, eftir að Grímstungukall var sameinað Undirfelli árið 1881. Var kaupverðið 1700 krónur fyrir heiðina, ásamt leigulausum réttindum fyrir fjárréttarstæði á Undirfellseyrum við réttun sauðfjár. Um leið féll sú kvöð á upprekstrarfélagið að kosta eyðingu refa, sem prestakallið hafði áður borið kostnað af.
>
> Heiðalönd þessi eru ágæt beitarlönd, bæði fyrir hross og fé. Gróður er fjölbreyttur og víða mikill. Skiptast á ásar og mýrar, kvíslir og lækir, sem veita skilyrði til fjölbreytts gróðurs.
>
> [...]
>
> Grasatekja var mikil fyrrum, en eigi nema lítið hina síðari áratugi. Þó var allmikið tekið af grösum 1917-1919.[758]

Páll Kolka lýsir heiðum í Húnavatnssýslu í þar til gerðum kafla í riti sínu *Föðurtúnum* árið 1950. Þar segir svo:

> Vestan Blöndu er fyrst Auðkúluheiði, sem er mjó, en nær alla leið suður á miðjan Kjöl. Þá taka við Forsæludalskvíslar hið næsta byggðinni, og ná þær vestur að Vatnsdalsá, en síðan Grímstunguheiði vestur að Álftaskálará og Haukagilsheiði þaðan að Heiðamótaás suður af Víðidalsfjalli. Suður af þeim eru Öldur og Stórisandur. Upp af vestursýslunni er fyrst Víðidalstunguheiði, sem nær vestur að Fitjaá, en suður af henni er Arnarvatnsheiði, fyrir vestan Stórasand. Þá er Aðalbólsheiði eða Lambatungur. Núpsheiði, Húksheiði og Staðarafrétt, sem liggur næst Hrútafjarðará. Þessi síðastnefndu afréttarlönd mynda norðurhluta Tvídægru.[759]

Í skrá yfir afrétti tekinni saman af Konráði Eggertssyni og Pétri Ólasyni f. h. sveitastjórna Ás- og Sveinsstaðahreppa, dagsett 4. maí 1981 er Upprekstrarfélag Ás- og Sveinsstaðahreppa sagt eigendur að Lambatungum að ⅞ og Þverárhreppur að ⅛. Í skránni er Lambatungum lýst svo:

> Lambatungur eru milli Bríkarkvíslar og Álku. Vesturmerki frá upptökum Álku suður á fjórðungsmörk.[760]

[758] Bragi Sigurjónsson, *Göngur og réttir* II, (1949), bls. 53-55.
[759] Páll V. G. Kolka, *Föðurtún*, (1950), bls. 421-422.
[760] Skjal nr. 4(13).

Þann 20. febrúar 1989 sendi Félagsmálaráðuneytið öllum sveitarstjórnum á Íslandi bréf og spurðist fyrir um upprekstrarrétt og afrétti sveitarfélaga o.fl. þar að lútandi.[761] Oddviti Ásshrepps, Jón B. Bjarnason, svaraði bréfi ráðuneytisins 13. febrúar árið eftir. Í svari Jóns kemur fram að sveitarfélagið eigi upprekstrarrétt á Grímstunguheiði, Haukagilsheiði, Víðidalsfjall o.fl.[762] Með svari Jóns fylgir skrá yfir afrétti tekin saman af Konráði Eggertssyni og Pétri Ólasyni f. h. sveitastjórna Ás- og Sveinsstaðahreppa, dagsett 4. maí 1981. Þar er mörkum afréttarins fyrir hreppanna tvo lýst svo:

> Mörk við Auðkúluheiði eru bein sjónlína úr Karyrðlingatjörn í Fellakvísl þar sem Kólkukvísl rennur í hana, þá Fellakvísl þar sem Kólkukvísl rennur í hana, þá Fellakvísl til upptaka og þaðan í Langjökul. Fjórðungsmörk að sunnan eru úr Réttarvatnstanga sjónhending fyrir norðan Álftavötn og Fljótadrög upp í Lyklafell (Krák á sandi). Úr Lyklafelli í Langjökulsenda.
>
> Mörk við Víðidalstunguheiði eru af fjórðungsmörkum lína norður með Bláfelli að vestan, svo norður heiðina eins og vötnum hallar til vesturs, norður á Hraungarða svo ráða þeir meðan endast, og úr norðurenda þeirra í Bergárvatn. Þaðan réttsýni í efstu Gljúfurárdrög.[763]

Síðan er gerð frekari grein fyrir einstökum afréttum og eigendum þeirra. Um Lambatungur og Haukagilsheiði segir:

> Lambatungur eru milli Bríkarkvíslar og Álku. Vesturmerki frá upptökum Álku suður á fjórðungmörk.
>
> Eigendur: Upprekstrarfélag Ás- og Sveinsstaðahreppa 7/8 Þverárhreppir 1/8.
>
> Haukagilsheiði er vestan við Álku. Merki að norðan eru Ytri-Skútalækur frá Álku meðan hann fellur beint úr vestr[i]. Þaðan frá vestur í Kleppukvísl og fram til Hraungarða.
>
> Að sunnan eru fjórðungsmörk.
>
> Eigendur: Upprekstrarfélag Ás og Sveinsst. hr. ¾ Þverárhreppur 1/4.
>
> Kornsártungur eru norðan og vestan við Haukagilsheiði. Að vestan er Víðidalstunguheiði. Úr Bergárvatni eru mörk bein lína yfir Kornsárvatn að upptökum Kornsárkvíslar. Þá Kornsárkvísl að ármótum. Að austan Kleppukvísl um Kleppuvatn fram til Hraungarða.
>
> Eigendur: Upprekstrarfélag Ás og Sveinsst.hr. [7/8] Þverárhreppur 1/8.
>
> [...]
>
> Haukagilsland afmarkast af girðingu að austan, Saurbæjarlandi að norðan, Gilhagalandi að sunnan og Kornsárkvísl að vestan.
>
> Eigendur: Upprekstrarfélag Ás- og Sveinsstaðahreppa.

[761] Skjal nr. 4(16).
[762] Skjal nr. 4(17).
[763] Skjal nr. 4(17).

Auk þess eru eftirtalin lönd notuð til upprekstrar af Upprekstrarfélaginu en eru í einkaeign.

Sauðadalur eignarhlutur tilheyrandi Hnausum og Öxl.

Þingeyrarselsland og Kornsárselsland er tilheya Þingeyrum.

Gilhagaland norðan heiðargirðingar í eigu Gests Guðmundssonar og Gísla Pálssonar.

[...]

Skrá þessi er samin af Konráð Eggertssyni og Pétri Ólasyni f.h. sveitastjórna Ás- og Sveinsstaðahr.

Syðri-Brekku 4. mai 1981

Fyrir hönd sveitastjórna Ás- og Sveinsstaðahreppa

Jón Bjartmar Bjarnason

Oddviti Áshrepps

Þórir Magnússon

Oddviti Sveinsstaðahr.[764]

Jón Höskuldsson.[765]

Í svari Agnars J. Levy oddvita Þverárhrepps vegna fyrirspurnar Félagsmálaráðuneytisins um afréttarlönd frá því í febrúar 1989, kemur fram að Þverárhreppur eigi ¼ úr Haukagilsheiði, ⅛ úr Kornsártungum og ⅛ úr Lambatungum..[766]

Árið 1989 birtist eftirfarandi kafli um Lambatungur eftir Grím Gíslason í grein hans um Upprekstrarfélag Grímsstunguheiðar í ritinu Húnaþing I. III. Þar segir:

LAMBATUNGUR

Lambatungur er svæði það er verður til frá ármótum Bríkarkvíslar og Álku, milli ánna, fram um heiðina allt að Stórasandi en þar er breiddin orðin mikil. Lambatungur eru hálfar taldar fylgja Grímstunguheiði og hálfar Haukagilsheiði en landfræðilega eru skilin engin.

Lambatungusporðurinn rís nokkuð hátt með klettabelti og er þar ásagróður þótt samfelldur þurrlendisgróður sé á svokölluðum Fossvöllum austan Álku. Ytri-Lambalækur þrengir sér sunnan úr Lambalækjarflánni sem nær að mestu þvert yfir tungurnar undan Bríkargili syðst og myndar lækurinn nokkurt

[764] Skjal nr. 4(17).
[765] Skjal nr. 4(54).
[766] Skjal nr. 4(65).

dalverpi norðaustur í Bríkarkvíslina. Sunnan Lambalækjarfláarinnar ytri breikkar svæðið ört þar sem Bríkarkvísl kemur nálægt því úr austri sunnan Gedduhóla en Álka sveigir nokkuð til vesturs sunnan Hraungarða á Haukagilsheiði.

Lambatungur eru grösugar og gróðurinn fjölbreyttur. Fremri-Lambalækur sker tunguna frá suðvestri frá upptökum í Lambalækjartjörnum framarlega í tungunum að vestan og norðaustur í Bríkarkvísl, um Gedduhólanes, í daglegu tali nefnt Geddunes. Þá á Sandfellskvísl upptök sín beggja megin Sandfellsins (Lambamannasandfells) og beygir til austurs norðan Beltahorns og þaðan í norðaustur í Bríkarkvísl. Beltin eru stórt svæði er liggur suður vestan Sandfellsflár sem er austan og norðaustan af Sandfellinu og myndar umgjörð fláarinnar að vestan. Það er gott beitiland og Sandfellsfláin sjálf er grasgefin en ill yfirferðar þótt Skálalækurinn skeri hana nokkuð í sundur. Hann rennur norður með Skálaholtinu að vestan og beygir svo norðan þess austur í Bríkarkvísl. Sandfellsfláartjörn er sunnan Skálaholtsins en Bríkarkvíslardrögin teygja sig suðvestur í Sandinn sunnan Sandfellsflár og er þar á milli Dragaás. Bríkarkvíslardrögin eru fremstu grös áður en farið er á Stórasand og voru sjálfsagður áningarstaður gangnamanna er þeir koma úr náttstað í Sandfellsfláarskála fyrstu nótt á heiðinni. Er nú sá náttstaður aflagður og segir síðar þar frá og þeim leiðum er nú eru farnar fram um Sandinn.[767]

Einn áttundi hluti Lambatungna var seldur þann 27. júní 1996, samkvæmt eftirfarandi kaupsamningi og afsali:

Kaupsamningur og afsal

Eg undirritaður, Agnar J. Levý, oddviti Þverárhrepps, fyrir hönd og í umboði hreppsnefndar Þverárhrepps, sel hérmeð og afsala Upprekstrarfélagi Ás- og Sveinsstaðahreppa eignarhluta sveitarsjóðs Þverárhrepps í afréttarlandi því, sem hann hefir átt innan afréttarmarka þessara hreppa.

Land það sem um er að ræða er ¼ - einn fjórði – úr Haukagilsheiði, en upprekstrarfélagið á nú þrjá fjórðu heiðarinnar, 1/8 – einn áttundi – úr Lambatungum, en upprekstrarfélagið á nú sjö áttundu Lambatungna og 1/8 – einn áttundi – úr Kornsártungum, en upprekstrarfélagið á þær nú að sjö áttundu.

Við undirskrift þessa skjals verður þá öll Haukagilsheiði, Lambatungur og Kornsártungur eign Upprekstrarfélags Ás- og Sveinsstaðahreppa.

Kaupverð landsins er kr. 4.000.000,oo – fjórar milljónir – sem greiðast við undirritun samningsins.

[767] Grímur Gíslason, frá Saurbæ „Upprekstrarfélag Grímstunguheiðar“. Húnaþing III, (1989), bls. 122-123.

Landamerki eru ágreiningslaus og eru tilgreind í afréttarskrá Upprekstrarfélags Ás- og Sveinsstaðahreppa frá 4. maí 1981.

Samningurinn miðast við nýliðna fardaga og greiðir kaupandi, upprekstrarfélagið, alla skatta og skyldur af landinu frá þeim tíma.

Gjört á Blönduósi, 27. júní 1996.

F.h. hreppsnefndar Þverárhrepps,

Agnar J. Levý

Samþykkir ofanrituðu,

f.h. Upprekstrarfélags Ás- og Sveinsstaðahreppa,

Upprekstrarfélagið Ás- og Sveinsstaðhrepps er skráður eigandi af ¾ afréttarlandi á Haukagilsheiði.

Björn Magnússon

Jón B. Bjarnason.

Vottar: Jón Ísberg. hdl.

Skjalið samdi Jón Ísberg hdl.

Móttekið til þinglýsingar 28.6.96

Innfært í þinglýs[ingabók] 4.7.96

Margrét M.[768]

Skipulagsskrá fyrir sjálfseignarstofnunina Grímstungu- og Haukagilsheiði, sem staðfest var 8. desember 2005, hljóðar svo:

Skipulagsskrá fyrir

Sjálfseignarstofnunina Grímstungu- og Haukagilsheiði

1.gr.

Nafn og heimilisfang

Sveitarfélagið Sveinsstaðahreppur, kt. 640269-4489, stofnar hér með sjálfseignarstofnun sem heitir Sjálfseignarstofnunin Grímstungu- og Haukagilsheiði. Stofnunin starfar samkvæmt lögum nr, 19/1988. Heimili hennar og varnarþing er á heimili formanns stjórnar hverju sinni.

2.gr.

Stofnfé og eignir

[768] Skjal nr. 9(4).

Sveitarfélagið leggur við stofnun sjálfseignarstofnunarinnar fram eignarhlut sinn í eftirtöldum fasteignum með öllum gögnum og gæðum og tilheyrandi réttindum sem fasteignunum fylgja og voru eign Sveinsstaðahrepps þegar eignirnar voru afhentar stofnuninni.

Helmings (50%) eignarhlutur í:

Grímsstunguheiði og ½ Lambatungur sbr. kaupsamningi, dags. 4. nóvember 1901

Haukagilsheiði og ½ Lambatungur sbr. afsal dags. 7. ágúst 1894, 19. apríl 1924 og 27. júní 1996.

¼ Forsæludalskvíslar, sbr. kaupsamningur, dags. 24. nóvember 1890

Fremrihlíð, sbr. gjafa og afsalsbréf, dags. 24. maí 1970 og kaupsamningur og afsal dags. 21. desember 1998

Dalsland, sbr. afsal dags. 30. júní 1975

Haukagilsland, sbr. afsal. dags. 1. nóvember 1971

Þrístapaháls, sbr. kaupsamning dags. 24. júní 1958

Eignarhlutur (100%) í:

1/8 Sauðadals, sbr. kaupsamningur og afsal dags. 2. október 2000.

Þá leggur sveitarfélagið fram 622.000 krónur sem er höfuðstóll bankareiknings sem sérstaklega var stofnaður við KB banka á Blönduósi í þessu skyni.

3. gr.

Tilgangur

Tilgangur sjálfseignarstofnunarinnar er að tryggja að fasteignir hennar nýtist með sama hætti og verið hefur íbúum og búfjáreigendum sem búa innan marka Sveinsstaðahrepps eins og þau eru þann 31. desember 2005.

4.gr.

Nýting eigna stofnunarinnar

Sjálfseignarstofnunin tekur við þeim fasteignaréttindum sem tilgreind eru í 2. gr. með þeirri kvöð að virða upprekstrarrétt og veiðirétt einstakra jarða í samræmi við ákvæði laga nr. 6/1986 um afréttamálefni, fjallskil o.fl. auk fjallskilareglugerða settra með stoð í þeim og laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, með sama hætti og verið hefði ef löndin hefðu verið áfram í eigu sveitarfélagsins:

Eftirtalin lögbýli eiga upprekstarrétt á lönd stofnunarinnar við stofnun hennar:

Litla Gilja, Brekka, Syðri Brekka, Brekkukot, Öxl 1, Öxl 2, Hnausar 1, Hnausar 2, Bjarnastaðir, Másstaðir, Hjallaland, Helgavatn, Hnjúkur, Breiðabólsstaður, Breiðabólsstaður II, Miðhús, Uppsalir, Hólabak, Vatnsdalshólar, Sveinsstaðir, Steinnes, Hagi, Norðurhagi, Leysingjastaðir, Leysingjastaðir II og Þingeyrar.

Jafnframt skuldbindur sjálfseignarstofnunin sig til að veita þeim búfjáreigendum í Sveinsstaðahreppi, sem samkvæmt gildandi lögum um afréttamálefni, fjallskil o. fl. á hverjum tíma, eiga upprekstrarétt á afrétt sveitarfélags eða upprekstrarfélags innan sveitarfélagsins, rétt til upprekstrar í lönd stofnunarinnar með sama hætti og verið hefði, ef löndin hefðu áfram verið eign sveitarfélagsins. Með upprekstrarrétti er hér átt við beitarafnot fyrir búfénað með þeim takmörkunum sem gilda um nýtingu og meðferð beitarlands samkvæmt ákvæðum laga um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986 og lög um landgræðslu nr. 17/1965, ásamt síðari breytingum.

Þeim, sem upprekstrarétt eiga á afréttarlöndin er óheimilt að framleigja eða selja þann rétt sinn.

Stofnunin skuldbindur sig til að haga beitarafnotum af landinu þannig að áfram verði sjálfbær beitarafnot af landinu, þ.e. að beitarálag rýri ekki gæði beitarlandsins. Verði breyting á fjölda lögbýla á svæði sjálfeignarstofnunarinnar, er stjórn hennar heimilt að leggja til breytingar til samþykktar á árlegum fulltrúaráðsfundi stofnunarinnar.

Í veiðifélögum, sem nú eru starfandi eða stofnuð verða um veiði í ám og vötnum sem lönd sjálfseignarstofnunarinnar liggja að og um fuglaveiði í löndum stofnunarinnar, skulu eftirtalin lögbýli fara með atkvæðisrétt í félögunum vegna þessara veiðiréttinda:

Litla Gilja, Brekka, Syðri Brekka, Brekkukot, Öxl 1, Öxl 2, Hnausar 1, Hnausar 2, Bjarnastaðir, Másstaðir, Hjallaland, Helgavatn, Hnjúkur, Breiðabólsstaður, Breiðabólsstaður II, Miðhús, Uppsalir, Hólabak, Vatnsdalshólar, Sveinsstaðir, Steinnes, Hagi, Norðurhagi, Leysingjastaðir, Leysingjastaðir II og Þingeyrar.

Þurfi að öðru leyti að taka ákvarðanir vegna veiðiréttinda í ám og vötnum sem fylgja löndum sjálfseignarstofnunarinnar eða um fuglaveiði í þeim löndum, skulu þær teknar á fulltrúaráðsfundi sjálfseignarstofnunarinnar. Stjórn stofnunarinnar boðar til slíkra funda.

Sú takmörkun gildir á handhöfn lax- og silungsveiðiréttinda að framantalin lögbýli hafa komið fram sem rétthafar veiðiréttar í vötnum á umræddum landsvæðum og því haft atkvæðisrétt í veiðifélögum vegna þeirra, í samræmi við 5. gr, gildandi laga um lax- og silungsveiði. Mun sú sama skipan haldast eftir að fasteignaréttindum skv. 2 grein hefur verið afsalað til sjálfseignarstofnunarinnar. Sjálfseignarstofnunin tekur hins vegar alfarið við

félagsaðild og atkvæðisrétti í þeim veiðifélögum þar sem sveitarfélagið hefur farið með slík réttindi.

Á hverjum tíma skulu vera bundnir fjármunir í stofnuninni sem að verðgildi á núverandi verðlagi skulu nema 622.000 krónum miðað við vísitölu neysluverðs þegar skipulagsskrá þessi er staðfest.

gr.

Tekjur og gjöld – ráðstöfun tekna

Tekjur stofnunarinnar eru frjáls framlög stofnaðila og annarra aðila, vaxtatekjur og aðrar tekjur sem kunna að verða af rekstri og arður, sem eignir stofnunarinnar kunna að gefa af sér.

Tekjum stofnunarinnar og vöxtum af stofnframlagi má stjórn ráðstafa til niðurgreiðslu fjallskilakostnaðar ásamt greiðslu rekstrarkostnaðar sjálfseignarstofnunarinnar. Þá getur stjórn ráðstafað tekjum í samræmi við tilgang stofnunarinnar með því að veita lán eða styrki með kaupum og sölu eigna.

Gjöld sjálfseignarstofnunarinnar eru kostanaður við að sinna verkefnum í samræmi við tilgang stofnunarinnar, samkvæmt samkvæmt 3. gr. og annar almennur rekstarkostnaður hennar.

Meðan kvöð um nýtingu á landi stofnunarinnar til upprekstrar samkvæmt 1. mgr. 4. gr. stendur óhögguð skal sá aðili sem lögum samkvæmt er fengin stjórn og umsýsla fjallskila í sveitarfélagi þeirra sem upprekstrarréttinn eiga, standa straum af öllum kostnaði við nýtingu landsins sem upprekstrarlands og fjallskila, þar með talið byggingu, viðhaldi og rekstri gangnamannahúsa og girðinga, vega, vegslóða og þá einnig girðinga sem gerð er krafa um að reistar verði á landamerkjum við aðliggjandi lönd. Sami aðili skal einnig standa skil á þeim hluta fasteignagjalda og annarra gjalda og skatta sem stofnuninni kann að verða gert að greiða og lagðar eru á landverð.

6.gr.

Stjórn

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð þremur mönnum og varamönnum þeirra. Hún skal kosin á sameiginlegum fundi fulltrúa frá þeim lögbýlum sem eru innan sjálfeignarstofnunarinnar. Jafnframt mynda þessir fulltrúar frá lögbýlunum fulltrúaráð sjálfseignarstofnunarinnar. Fulltrúaráðsfund skal halda fyrir 1. maí ár hvert og stjórn boða hann á tryggan hátt með minnst viku fyrirvara.

Á þeim fulltrúaráðsfundi og öðrum fer um atkvæðisrétt eins og hér segir: Eigandi eða ábúandi hvers lögbýlis sem á upprekstrarrétt í lönd sjálfseignarstofnunarinnar skal hafa eitt atkvæði. Ef eigendur og/eða ábúendur lögbýlis eru fleiri en einn skulu þeir gera með sér skriflegan samning um hver fari með atkvæðissrétt lögbýlisins. Við afgreiðslu mála á fulltrúaráðsfundum ræður einfaldur meirihluti atkvæða.

Stjórnarmenn, ásamt varamönnum, skulu kosnir til þriggja ára í senn, einn á hverju ári. Allir skulu þeir vera búsettir á svæði því sem er innan marka sveitarfélagsins Sveinsstaðahrepps hinn 31. desember 2005. Þeir skulu vera sjálfráða og fjár síns ráðandi.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Meirihluti atkvæða ræður úrslitum í stjórn stofnunarinnar. Stjórnin er ekki ályktunarhæf nema tveir stjórnarmenn hið fæsta séu viðstaddir á fundi. Stjórn er heimilt að ráða starfsmann til að sinna umsjón með eignum og rekstri stofnunarinnar. Tveir stjórnarmanna skulu rita firmað fyrir hönd stofnunarinnar og fara með prókúru fyrir hana en einnig er stjórn heimilt að fela ráðnum starfsmanni að fara með prókúru fyrir stofnunina.

Stjórnarfundi skal halda a.m.k. ársfjórðungslega. Formaður stjórnar boðar til funda. Stjórnarfundir skulu skráðir í gjörðabók. Ekki er heimilt að veðsetja eignir stofnunarinnar til tryggingar lánum eða öðrum skuldbindingum nema með samþykki stjórnar og dómsmálaráðuneytisins sbr. 5. gr. laga nr. 19/1988, ásamt síðari breytingum.

Óheimilt er að binda eignir stofnunarinnar nokkrum veðböndum eða skuldbindingum sem óviðkomandi eru tilgangi stofnunarinnar.

7.gr.

Reikningar-endurskoðun-ársskýrslur-rekstraráætlanir

Starfsár og reikningsár stofnunarinnar er almanaksárið. Ársreikningur stofnunarinnar skal endurskoðaður af skoðunarmönnum þess sveitarfélags sem stofnunin hefur heimilisfang í skv. 1. gr. og reikningurinn, ásamt skýrslu um starfsemi undangengis starfsárs, skal birtur með ársreikningi sveitarfélagsins. Ársreikningur skal áritaður af skoðunarmönnum og stjórn og sendur Ríkisendurskoðun ásamt skýrslu stjórnar.

Stjórnin skal gera rekstaráætlun fyrir næsta reikningsár fyrir 1. desember yfirstandandi reiknin<g>sárs. Stjórnin skal gæta þess eftir fremsta megni að kostnaður sé í samræmi við rekstraráætlanir.

8.gr.

Breytingar á stofnsamþykktum og slit stofnunarinnar.

Verði verulegar breytingar á grundvelli stofnunarinnar m.a. vegna breytinga á notkun upprekstarréttar á landi sjálfseignarstofnunarinnar eða tekjumöguleikum af eignum hennar, er heimilt að breyta samþykktum þessum eða leggja stofnunina niður. Gildi slíkra ákvarðana er háð samþykki allra stjórnarmanna og samþykki 2/3 hluta atkvæða á fulltrúaráðsfundi.

Komi til þess að stofnunin verði lögð niður skulu eigir hennar afhentar sveitarfélagi því sem núverandi Sveinsstaðahreppur er hluti af, til varðveislu og/eða rástöfunar þannig að sem best falli að markmiðum stofnunarinnar samkvæmt 3. gr.

9.gr.

Staðfesting dómsmálaráðherra

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari í samræmi við ákvæði laga nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. Skipulagsskráin skal birt í B-deild Stjórnartíðinda sem og allar breytingar á henni.

10. gr.

Ákvæði til bráðabirgða

Þrátt fyrir ákvæði 6. gr. skal á stofnfundi sjálfseignarstofnunarinnar við fyrsta stjórnarkjör kjósa alla 3 stjórnarmenn og varamenn þeirra og gengur síðan einn stjórnarmaður og varamaður út samkvæmt hlutkesti fyrstu tvö árin. Verði ágreiningur um þau lönd sem hrepparnir afhenda sjálfseignarstofnuninni lagður fyrir dómstóla, skuldbindur sá hreppur sem leggur landið fram sig til að bera þann kostnað sem fellur á stofnunina vegna slíkra málaferla, enda hafi sveitarstjórn samþykkt málshöfðunina, eigi stofnunin frumkvæði að henni.

Í hreppsnefnd Sveinsstaðahrepps

Björn Magnússon

Magnús Pétursson

Birgir Ingþórsson

Gunnar Ellertsson

Líney Árnadóttir.[769]

Þann 30. júní 2006, var birt auglýsing í B-deild Stjórnartíðinda, um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá fyrir Sjálfseignarstofnunina Grímstungu- og Haukagilsheiði sem staðfest var 8. desember 2005 nr. 1120. Þar segir:

[769] Skjal nr. 7(5).

Stjórn Sjálfseignarstofnunarinnar Grímstungu- og Haukagilsheiði hefur samþykkt eftirfarandi breytingar á skipulagsskrá sjóðsins:

Við 2. gr. bætist ný málsgrein er orðist svo:

Sveitarfélagið Áshreppur, kt. 430169-2899, leggur fram sem viðbótarstofnfé, í Sjálfseignarstofnunina Grímstungu- og Haukagilsheiði, eignarhluti sína í eftirtöldum fasteignum með öllum gögnum og gæðum og tilheyrandi réttindum sem fasteignunum fylgja og voru eign Áshrepps, þegar eignirnar voru afhentar stofnuninni.

Helmings (50%) eignarhlutur í:

4. gr. orðist svo:

a. Grímstunguheiði og ½ Lambatungur, sbr. kaupsamning, dags. 4. nóvember 1901.

b. Haukagilsheiði og ½ Lambatungur, sbr. afsal dags. 7. ágúst 1894, 19. apríl 1924 og 27. Júní 1996.

¼ Forsæludalskvíslar, sbr. kaupsamning, dags. 24. nóvember 1890.

c. Fremrihlíð, sbr. gjafa- og afsalsbréf, dags. 24. maí 1970 og kaupsamning og afsal, dags. 21. desember 1998.

d. Dalsland, sbr. afsal, dags. 30. júní 1975.

e. Haukagilsland, sbr. afsal, dags. 1. nóvember 1971.

f. Þrístapaháls, sbr. kaupsamning, dags. 24. júní 1958.

Nýting eigna stofnunarinnar.

Sjálfseignarstofnunin tekur við þeim fasteignaréttindum sem tilgreind eru í 2. gr. með þeirri kvöð að virða upprekstrarrétt og veiðirétt einstakra jarða í samræmi við ákvæði laga nr. 6/1986 um afréttamálefni, fjallskil o.fl. auk fjallskilareglugerða settra með stoð í þeim og laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, með sama hætti og verið hefði ef löndin hefðu verið áfram í eigu sveitarfélagsins.

Eftirtalin lögbýli eiga upprekstrarrétt á lönd stofnunarinnar við stofnun hennar:

Hvammur I, Hvammur II, Eyjólfsstaðir, Bakki, Hof, Gilá, Marðarnúpur, Guðrúnarstaðir, Vaglir, Kárdalstunga, Þórormstunga, Sunnuhlíð, Forsæludalur, Grímstunga, Haukagil, Saurbær, Ásbrekka, Ás, Brúsastaðir, Snæringsstaðir, Undirfell, Nautabú, Kornsá, Kornsá II, Gilsstaðir, Flaga, Litla Giljá, Brekka, Syðri Brekka, Brekkukot, Öxl l, Öxl 2, Hnausar l, Hnausar 2, Bjarnastaðir, Másstaðir, Hjallaland, Helgavatn, Hnjúkur, Breiðabólsstaður, Breiðabólsstaður II, Miðhús, Uppsalir, Hólabak, Vatnsdalshólar, Sveinsstaðir, Steinnes, Hagi, Norðurhagi, Leysingjastaðir, Leysingjastaðir II og Þingeyrar.

Jafnframt skuldbindur sjálfseignarstofnunin sig til að veita þeim búfjáreigendum í Áshreppi og Sveinsstaðahreppi, sem samkvæmt gildandi lögum um afréttamálefni, fjallskil o.fl. á hverjum tíma, eiga upprekstrarétt á afrétt sveitarfélags eða upprekstrarfélags innan sveitarfélagsins, rétt til upprekstrar í lönd stofnunarinnar með sama hætti og verið hefði, ef löndin hefðu áfram verið eign sveitarfélagsins. Með upprekstrarrétti er hér átt við beitarafnot fyrir búfénað með þeim takmörkunum sem gilda um nýtingu og meðferð beitarlands samkvæmt ákvæðum laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986 og lög um landgræðslu nr. 17/1965, ásamt síðari breytingum.

Þeim sem upprekstrarétt eiga á afréttarlöndin er óheimilt að framleigja eða selja þann rétt sinn.

Stofnunin skuldbindur sig til að haga beitarafnotum af landinu þannig að áfram verði sjálfbær beitarafnot af landinu, þ.e. að beitarálag rýri ekki gæði beitarlandsins.

Verði breyting á fjölda lögbýla á svæði sjálfeignarstofnunarinnar, er stjórn hennar heimilt að leggja til breytingar til samþykktar á árlegum fulltrúaráðsfundi stofnunarinnar.

Í veiðifélögum, sem nú eru starfandi eða stofnuð verða um veiði í ám og vötnum sem lönd sjálfseignarstofnunarinnar liggja að og um fuglaveiði í löndum stofnunarinnar, skulu eftirtalin lögbýli fara með atkvæðisrétt í félögunum vegna þessara veiðiréttinda: Hvammur I, Hvammur II, Eyjólfsstaðir, Bakki, Hof, Gilá, Marðarnúpur, Guðrúnarstaðir, Vaglir, Kárdalstunga, Þórormstunga, Sunnuhlíð, Forsæludalur, Grímstunga, Haukagil, Saurbær, Ásbrekka, Ás, Brúsastaðir, Snæringsstaðir, Undirfell, Nautabú, Kornsá, Kornsá II, Gilsstaðir, Flaga, Litla Giljá, Brekka, Syðri Brekka, Brekkukot, Öxl l, Öxl 2, Hnausar l, Hnausar 2, Bjarnastaðir, Másstaðir, Hjallaland, Helgavatn, Hnjúkur, Breiðabólsstaður, Breiðabólsstaður II, Miðhús, Uppsalir, Hólabak, Vatnsdalshólar, Sveinsstaðir, Steinnes, Hagi, Norðurhagi, Leysingjastaðir, Leysingjastaðir II og Þingeyrar.

Þurfi að öðru leyti að taka ákvarðanir vegna veiðiréttinda í ám og vötnum sem fylgja löndum sjálfseignarstofnunarinnar eða um fuglaveiði í þeim löndum, skulu þær teknar á fulltrúaráðsfundi sjálfseignarstofnunarinnar. Stjórn stofnunarinnar boðar til slíkra funda.

Sú takmörkun gildir á handhöfn lax- og silungsveiðiréttinda að framantalin lögbýli hafa komið fram sem rétthafar veiðiréttar í vötnum á umræddum landsvæðum og því haft atkvæðisrétt í veiðifélögum vegna þeirra, í samræmi við 5. gr. gildandi laga um lax- og silungsveiði. Mun sú sama skipan haldast eftir að fasteignaréttindum skv. 2. grein hefur verið afsalað til sjálfseignarstofnunarinnar. Sjálfseignarstofnunin tekur hins vegar alfarið við félagsaðild og atkvæðisrétti í þeim veiðifélögum þar sem sveitarfélagið hefur farið með slík réttindi.

Á hverjum tíma skulu vera bundnir fjármunir í stofnuninni sem að verðgildi á núverandi verðlagi skulu nema 622.000 krónum miðað við vísitölu neysluverðs þegar skipulagsskrá þessi er staðfest.

6. gr. orðist svo:

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð þremur mönnum og varamönnum þeirra. Hún skal kosin á sameiginlegum fundi fulltrúa frá þeim lögbýlum sem eru innan sjálfeignarstofnunarinnar. Jafnframt mynda þessir fulltrúar frá lögbýlunum fulltrúaráð sjálfseignarstofnunarinnar. Fulltrúaráðsfund skal halda fyrir 1. maí ár hvert og stjórn boða hann á tryggan hátt með minnst viku fyrirvara.

Á þeim fulltrúaráðsfundi og öðrum fer um atkvæðisrétt eins og hér segir: Eigandi eða ábúandi hvers lögbýlis sem á upprekstrarrétt í lönd sjálfseignarstofnunarinnar skal hafa eitt atkvæði. Ef eigendur og/eða ábúendur lögbýlis eru fleiri en einn skulu þeir gera með sér skriflegan samning um hver fari með atkvæðissrétt lögbýlisins. Við afgreiðslu mála á fulltrúaráðsfundum ræður einfaldur meirihluti atkvæða.

Stjórnarmenn, ásamt varamönnum, skulu kosnir til þriggja ára í senn, einn á hverju ári. Allir skulu þeir vera búsettir á svæði því sem er innan marka sveitarfélaga, Áshrepps og Sveinsstaðahrepps hinn 31. desember 2005. Þeir skulu vera sjálfráða og fjár síns ráðandi.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Meirihluti atkvæða ræður úrslitum í stjórn stofnunarinnar. Stjórnin er ekki ályktunarhæf nema tveir stjórnarmenn hið fæsta séu viðstaddir á fundi. Stjórn er heimilt að ráða starfsmann til að sinna umsjón með eignum og rekstri stofnunarinnar. Tveir stjórnarmanna skulu rita firmað fyrir hönd stofnunarinnar og fara með prókúru fyrir hana en einnig er stjórn heimilt að fela ráðnum starfsmanni að fara með prókúru fyrir stofnunina.

Stjórnarfundi skal halda a.m.k. ársfjórðungslega. Formaður stjórnar boðar til funda. Stjórnarfundir skulu skráðir í gjörðabók.

Ekki er heimilt að veðsetja eignir stofnunarinnar til tryggingar lánum eða öðrum skuldbindingum nema með samþykki stjórnar og dómsmálaráðuneytisins, sbr. 5. gr. laga nr. 19/1988, ásamt síðari breytingum.

Óheimilt er að binda eignir stofnunarinnar nokkrum veðböndum eða skuldbindingum sem óviðkomandi eru tilgangi stofnunarinnar.

2. mgr. 8. gr. orðist svo:

Komi til þess að stofnunin verði lögð niður skulu eignir hennar afhentar sveitarfélagi því sem núverandi Áshreppur og Sveinsstaðahreppur er hluti af, til varðveislu og/eða ráðstöfunar þannig að sem best falli að markmiðum stofnunarinnar samkvæmt 3. gr.

> Ofangreindar breytingar á skipulagsskrá fyrir Sjálfseignarstofnunina Grímstungu- og Haukagilsheiði staðfestast hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988.
>
> *Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 30. júní 2006.*
>
> F.h.r.
> Hjalti Zóphóníasson.
>
> *Fanney Óskarsdóttir.*[770]

Um Lambatungur segir svo í *Árbók Ferðafélags Íslands* árið 2007:

> Bríkarkvísl kemur undan sandinum við Lambamannasandfell (703 m) og rennur langa leið um vestanverða Grímstunguheiði í Álku en Lambatungur nefnist svæðið milli þessara kvísla. Eru þær heldur lægri en meginhluti Grímstunguheiðar og gróðursælli. Fremstu grös í Bríkarkvíslardrögum eru áningarstaður áður en lagt er á Stórasand.[771]

Yfirlýsing um landamerki milli Arnarvatnsheiðar í Borgarbyggð annars vegar og Grímstunguheiðar, Haukagilsheiðar/Lambatungna og Forsæludalskvísla í Húnavatnshreppi hinsvegar, var móttekin til þinglýsingar af sýslumannsembættinu á Blönduósi þann 5. júlí 2012. Samkvæmt yfirlýsingunni voru landamerki ofantalinna svæða hnitsett í samræmi við þá lýsingu sem fram kemur í landamerkjabréfi fyrir Arnarvatnsheiði, sem dagsett er þann 26. janúar 1886, sem og kaupsamningi fyrir Arnarvatnsheiði, sem dagsettur er þann 6. júlí 1901; landamerkjaskrá fyrir Grímstunguheiði sem dagsett er þann 10. júní 1890; stofnskjali fyrir Hakagilsheiði/Lambatungum, dagsettu þann 14. apríl 2008 og loks stofnskjali fyrir Forsæludalskvíslum, dagsettu þann 28. október 2008. Með yfirlýsingunni fylgir uppdráttur sem lýsir nánar legu landamerkjanna og er uppdrátturinn dagsettur þann 26. apríl 2012 og er sagður lýsa skilningi landeigenda á þeim tímapunkti á legu landamerkjanna. Yfirlýsingin sjálf er dagsett þann 20. júní 2012 og undirrituð sama dag í Borgarnesi fyrir hönd hlutaðeigandi. Vegna Arnarvatnsheiðar skrifar Snorri H. Jóhannesson undir (Arnarvatnsheiði og Geitland), vegna Grímstunguheiðar skrifar Björn Magnússon undir (Sjálfseignarstofnunin Grímstungu- og Haukagilsheiði), vegna Haukagilsheiðar/Lambatungna skrifar Björn Magnússon undir (Sjálfseignarstofnunin Grímstungu- og Haukagilsheiði), vegna Forsæludalskvísla skrifar Jóhannes Guðmundsson undir (Sjálfseignarstofnunin Auðkúluheiði) og þá Björn Magnússon (Sjálfseignarstofnunin Grímstungu- og Haukagilsheiði) og loks Skúli Þórðarson sveitarstjóri Húnaþings Vestra fyrir hönd síns sveitarfélags. Þórður Þórðarson (Landlínur ehf.) undirritar fyrir hnitsetningu og uppdrætti og Ólafur B. Óskarsson og Brynhildur Gísladóttir votta réttar undirskriftir og dagsetningu.[772]

[770] Skjal nr. 8(4).
[771] *Árbók Ferðafélags Íslands*, (2007), bls. 224; Sjá einnig Páll V. G. Kolka, *Föðurtún*, (1950), bls. 431.
[772] Skjal nr. 4(130).

Í skjali frá 14. apríl 2008 þar sem stofnuð er fasteignin Haukagilsheiði og Lambatungur kemur fram að umrædd landeign sé tekin út úr landi Haukagils og að á henni sé gangnakofi. Landeigandi er sjálfseignarstofnunin Grímstungu- og Haukagilsheiði en um mörk og afnot segir:

> Haukagilsheiði og Lambatungur eru vestan við Bríkarkvísl og Álftaskálará eftir að Bríkarkvísl fellur í hana. Merki að norðan eru Ytri-Skútalækur frá Álftarskálará meðan hann fellur beint úr vestri, þaðan frá vestur í Kleppukvísl og þaðan í Bergárvatn. Vesturmörk eru úr miðju Bergárvatni suður eftir sýslumörkum fram til Hraungarðs. Að sunnan eru fjórðungsmörk, sbr. kaupsamninga og afsöl.
>
> Landeigandi ráðstafar afnotarétti á lóðinni í samræmi við reglur og framkvæmd viðkomandi sveitarfélags þar um. Setning nánari skilmála er í höndum landeiganda/sveitarfélags.

Undir stofnskjalið, sem var þinglýst 22. október 2008, skrifa Björn Magnússon, Birgir Ingþórsson og Jón Gíslason sem stjórnarmenn sjálfseignarstofnunarinnar Grímstungu- og Haukagilsheiði. Bjarni Þ. Einarsson byggingarfulltrúi í Húnavatnshreppi og Jens P. Jensson sveitarstjóri í Húnavatnshreppi skrifa einnig nöfn sín undir skjalið.[773]

[773] Skjal nr. 9(1).

5.8 Kornsártungur

Þann 20. júní 1789 lögfesti Bjarni Guðmundsson jörðina Haukagil og svo hálfar Lambatungur til móts við Grímstungu og hálfar Kornsártungur til móts við Kornsá. Lögfestan er svohljóðandi:

> Logfesta fyrer Haukagile
>
> Jeg under skrifadur Logfeste Hier i dag Jordena Haukagil, med Ollumm þeim gognumm og giædum sem greindre jordu filgt Hefur og filgia ber med Riettu, Logfeste jeg Hús, tín, todur og Eyngar, Hollt og Haga, votn og weijde stade, Egguarp og fuglueijdar, Hrys og allar Lands nitiar til ystu umm merkia, sem adrer menn Eyga a mote og gamler uitnes burder til vijsa ad fornu uered Hafe. Rædur fyrer austann Land greindrar Jardar AlftaSkalaá frá synumm upp tokumm sudur a Heide og þadann allt ofann j uatnsdalsá Huar Hun Hefur til forna Runned Lyted utar Enn a mote uid so kallad ytra Klif sem sa far vegur glogguast syner, þadann Rædur uatnsdalsa og Hennar Elldste far uegur fyrer austann Haukagils Hólma allt ut a mót uid merke Lág fyrer sunnann Saurbæ þadann Riett synes uestur i Klepps Kuijsl og effter sem Hun Rædur so Langt sem nær þadann framm effter Heidenne effter sem uotnumm hallar til austurs og uesturs mots uid Uijdedalstungu sudur á Hraun- [síðuskipti] garda og Effter þeim allt motz uid SunnLendinga Landar Eygn. Hier fyrer utann Logfeste Eg med greindre jordu hálfar Lambatungur mótz uid Grijmstungu og haldar Kornsartungur motz uid Korns aa. Fyrer byd Eg huoriumm manne Hier nefndt Jardar Land ad yrkia, bruka Edur beita edur i nockurn mata sier þess gagnsemdar j nitia nema mitt sie Leife fyrer under þær sekter sem Log þar uid Leggia.
>
> Aase settu manntals Þynge þann 20ta Junij 1789.
>
> Biarne Gudbrandzson.
>
> Upp Lesed og Proto Collerad fyrer manntals Þyngs Riette þann 20ta Junii 1789.
>
> Tester
>
> B. Jonsson.[774]

Guðmundur Halldórsson bóndi á Ási í Vatnsdal skrifaði rentukammeri, 16. september 1816, og fór fram á að hafa makaskipti á konungsjörðinni Kornsá og Syðri-Reykjum í Miðfirði. Stefán Þórarinsson amtmaður skrifaði Birni Ólsen klausturhaldara Þingeyraklausturs, 27. september 1816, og spurðist fyrir um nokkur atriði varðandi jörðina til að geta áttað sig á því hvort skiptin yrðu kóngi hagstæð. Þar spyr hann m.a. eftirfarandi spurningar:

> 4. Da der angives, at Kongs Jorden Kornsaae tilhörer et ikke ubetydeligt Stykke Land, eller en Heede, beliggende bag ved Jorden Aass Landstrækning

[774] Skjal nr. 2(65) a-b.

> i Vatnsdalen, samt at Leilændingen paa Kornsaae ikke duer, eller og ikke har kræfter til at benytte sig af bemeldte Heede, saa önskes Omstændighederne med denne Sag nærmere oplyste, saavelsom og, i al Fald, aarsagen til, hvi bemeldte, Jorden Kornsaae tilhörende Stykke Land, eller Heede, da ikke, til Fordeel for den kongelige Kasse, bortlejes for en aarlig Afgift til andre, i Fald det ikke vedbörlig benyttes, eller kan afbenyttes, af Leilændingen?[775]

Björn Ólsen svaraði bréfi amtmanns, 20. nóvember 1816, og svar hans við ofangreindri spurningu amtmanns var á þennan veg:

> Til 4da Pósts: Heidarlandid sem Kornsá til heirer og liggur bak vid Lönd Jardanna vestur til i Vatnsdalnum Undirfells, Brúsastada, Asi, Saurbær, og Haukagils, er vída mjótt, og mikid bágt fyrir Abúandan á Kornsá ad nota sér þad, eptir sem hid sama liggur svo óhentuglega ad þó búsmali á Sumardag, frá nefndu bæum, kunni i þad ad fara, er valla ad þeinkja ad fá þar fyrir betalíng, og hid sama er þó grös seu þar tekin, eptir sem hér er ecki ordin vidgeingin Regla ad betala Grasatoll þó Lángtum betri Heidar seu.
>
> Géldfénadur hefur heldur ecki vidstödu i tédu Heidarlandi Þar ed fiall-land (nefnilega Vididals fiall) liggur þar fyrir ofan, allt svo er valla beitartolls ad vænta utan frá Asi sem mest brúkar nefnda Heidar-land, og betalast þóknun þar fyrir til Bóndans á Kornsá.[776]

Björn klausturhaldari sagði að Kornsá væri ein af betri jörðum í sýslunni á meðan að Syðri-Reykir væri ein af lakari jörðum sýslunnar. Þá sagðist hann vita af efnuðum manni í sýslunni sem væri reiðubúinn að bjóða miklu betri jörð fyrir Kornsá heldur en Guðmundur á Ási geri með Syðri-Reykjum. Ekkert varð af þessum makaskiptum.

Björn Ólsen klausturhaldari á Þingeyrum byggði Jóni Jónssyni hreppstjóra jörðina Kornsá þann 20. janúar 1820. Á meðal skilmála í byggingarbréfinu voru m.a. eftirfarandi:

> 5) Noti Jardarinnar fiall land, eptir sem framast er möguligt, og brúki ei hrísrif utan þad sparsamasta til eigin Liádeingíngar.
>
> 6) Láti ei undan Jördunni gánga, þad henni filgt hefr, filgir, og filgia ber med réttu móts vid adrar nærliggandi Jardir.[777]

Jón hreppstjóri lofaði að halda alla skilmála byggingarbréfsins.

Á manntalsþingi, höldnu á Stóru-Borg þann 6. maí 1839, var lesið bann móti heimildarlausri grasatöku og eggjanámi á Grímstungu-, Víðidalstungu-, Kornsár- og Haukagilsheiðum. Ekki er getið um inntak bannsins, heldur er eftirfarandi færsla í dómabók sýslunnar látin nægja:

[775] Skjal nr. 2(349) a-b.
[776] Skjal nr. 2(348) a-b.
[777] Skjal nr. 2(352) a-b.

8. Lesid forbod prests Sira Sig. Snæbjarnarsonar, hr. studiosues J. Thorarensens, hreppstiora J. Skulasonar og forlíkunar Commissarii J. Jonsson moti heimildarlausri grasatoku og Eggjanami á Grímstungu, Vididalstungu, Kornsar og Haukagils heidum, dat. 18da april þ. a.[778]

Á manntalsþingi, höldnu að Miðhúsum þann 6. maí 1850, var lesin friðlýsing fyrir ágangi af stóði í Dalskvíslum, Kornsárlandi, Víðidalsfjalli, Grímstungna- og Haukagilsheiðum. Inntaks friðlýsingarinnar er ekki getið í dómabók sýslunnar, en eftirfarandi færsla er í dómabók sýslunnar:

10. Lesin friðlýsíng fyrir ágangi af stóði í Dalskvíslum, Kornsárlandi, Víðidalsfjalli, Grímstungna- og Haukagilsheiðum. Þínglýsing 36S bet.[779]

Í skýrslu um ábúð og ásigkomulag Þingeyraklaustursjarða frá árinu 1865 segir um Kornsá:

Jörðin, á mikið og gott land, en minst af því er hægt að nota sökum fjarlægðar, þó má með erfiðleikum ná í allgott búsmalaland heimanað. Vetrarbeit er lítil og ekki góð. Ekki er mótak til svo ábúandinn viti nema í þeirri fjarlægð að það verður ekki notað.[780]

Í annarri klausunnu kemur fram að skýrslan um Kornsá var gerð 3. október 1865 en þar segir m.a. að ábúandinn C. Friðrik Schram hafi:

[...]

Jörðin á mjög mikið land og gott [og gott, ofan línu], en minnst af því er hægt að nota sökum vegalengdar, en nálægt er landið bæði lítið og hrjóstugt. Þó má ná í [í, ofan línu] allgott sumarland heimanað með mjög löngum og erfiðum rekstri.

[...]

Ekki er mótak til svo ábúandinn viti nema uppá hálsi, sem ekki verður notað sökum fjarlægðar.[781]

Með bréfi dagsettu 8. ágúst 1883 seldi Hannes Þorvarðarson á Haukagili Sigurði Jónssyni á Lækjamóti Haukagilsheiði ásamt hálfum Lambatungum og hálfum Kornsártungum sem höfðu fram að því ætíð legið undir Haukagil. Mörk umrædds landsvæðis voru svohljóðandi:

[...] að norðan Ytri Skútalækur frá Álptaskálará, meðan hann fellur beint úr vestri, þaðan frá vestur í Kleppukvísl, en fyrir vestan Kleppukvísl, hálft land móts við Kornsá vestur á heiðamót og fram til hraungarða, þaðan til suðurs á fjórðungamót, að austan ræður Álptaskálará út að Skútalæk ytri, og þar að

[778] Skjal nr. 2(210) a-b.
[779] Skjal nr. 2(211) a-b.
[780] Skjal nr. 2(350) a-b.
[781] Skjal nr. 2(351) a-b.

auki fylgir heiðinni, eins og áður er áminnst, og eru í kaupinu hálfar Lambatungur.

Seljandi fékk kaupanda heiðina til frjálsar eignar og fullra afnota með tilheyrandi hlunnindum gegn 400 króna kaupverði. Þá áskildi hann sér að ábúendur Haukagils og Gilhaga mættu eiga:

> [...] gjaldfríann upprekstur á heiðina fyrir þann geldfénað, sem framfleytist heima hjá þeim, og fría grasatekju, þar á mót skuldbindast áðurnefndir á Haukagili og Gilhaga að gjöra venjulega grenjaleit árlega á heiðina, og tilkynni ef gren finnst.

Fram kemur í afsalsbréfinu að Hannes hafi fengið kaupverð heiðarinnar að fullu greitt en því var þinglýst á manntalsþingi að Ási 8. júní 1885.[782]

Á manntalsþingi, höldnu að Ási þann 8. júní 1885, var þinglýst afsalsbréfi, dags. 8. ágúst 1883, þar sem Hannes Þorvarðarson selur Sigurði Jónssyni, Haukagilsheiði ásamt hálfum Lamba- og Kornsártungum fyrir 400 krónur. Af því tilefni var eftirfarandi fært til bókar, í dómabók sýslunnar:

> 4. Afsalsbrjef dags. 8. aug. 1883 með hverju bóndi Hannes Þorvarðarson selur Sigurði bónda Jónssyni Haukagilsheiði, ásamt hálfum Lamba- og Kornsártungum fyrir 400 krónur.[783]

Á manntalsþingi, höldnu að Þorkelshóli þann 14. júní 1894, var þinglýst afsalsbréfi Sigurðar Jónssonar á Lækjamóti fyrir ¼ hluta úr Haukagilsheiði, með ¼ úr hálfum Kornsártungum, dags. 28. október 1891. Þinglýsingin er færð til bókar á eftirfarandi hátt:

> 2. Afsalsbrjef Sigurðar bónda Jónssonar á Lækjamóti, dags. 28. oktbr. 1891 fyrir ¼ hluta úr svokallaðri Haukagilsheiði með ¼ úr hálfum Kornsártungum til handa Jósepi bónda Jónatanssyni á Miðhópi fyrir 125 kr.[784]

Umgetið afsalsbréf, frá 28. október 1891, er svohljóðandi:

N 1942

> Hjermed gjöri jeg Jakop Sigurður Jónsson bóndi á Lækjamóti kunnugt ad jeg með brjefi þessu sel og afsala Jósep bónda Jónatanssyni í Miðhópi einn fjórða hluta heiðarlands þess sem kallast Haukagilsheiði með einum fjórða hluta úr hálfum svokölluðum Kornsártungum og einum fjórða hluta úr hálfum Lambatungum fyrir umsamið kaupverð 125 (eitt hundrað tuttugu og fimm krónur) sem greiðist nú að hálfu leyti samstundis, en hinn helmingurinn fyrir næstkomandi nýár.
>
> Ummerki á landi þessu í heild sinni, sem seldur er úr einn fjórði hluti: ad norðan Ytri-Skútalækur, frá Álptaskálará meðan hann fellur beint úr vestri

[782] Skjal nr. 4(132).
[783] Skjal nr. 2(215) a-b.
[784] Skjal nr. 2(216) a-b.

þaðan frá vestur í Kleppukvísl. En fyrir vestan Kleppukvísl hálft land móts við Kornsá, vestur á heiðamót og fram til hraungarða; þadan til suðurs á fjórðungamót. Að austan ræður Álptaskálará út að Skútalæk ytri, og þar að auku fylgir heiðinni eins og áður er á minnst hálfar Lambatungur.

Kaupandi heldur kaupi sínu til laga, en seljandi svarar til lagariptinga.

Þessu til stadfestu er nafn mitt undirritað og tveggja viðstaddra (~~vitundar~~)votta.

Lækjamóti 28. október 1891.

J. S. Jónsson

Jósep Jónatansson.

Vitundarvottar:

Daniel Sigurðsson

Þorsteinn Þorsteinsson.

Framanskrifuð upphæð, 125 krónur eru mjer nu að fullu borgaðar.

p.t. Miðhópi 27. desember 1891.

J. S. Jónsson.

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Húnavatnssýslu ad Ási hinn 23. Júní 1894, og innfært í afsals- og veðmálabók sýslunnar.

Ltr. D N° 1942 fol. 210.

[...]

Vottar Jóh. Jóhannesson.[785]

Þann 9. janúar 1904 seldi og afsalaði Sigurður Jónson á Lækjamóti nokkrum landareigna sinna til Þverárhrepps. Þar á meðal var einn áttundi hluti „úr Kornsártungum“:

N°. 2689

Jeg Sigurður Jónsson bóndi á Lækjamóti

Gjöri kunnugt: að jeg með þessu brjefi mínu sel og afsala hreppsnefndaroddvita Guðmundi Björnssyni á Klömbrum, er kaupir gjörir fyrir hönd hrepps síns, eign mína ¼ úr svokallaðri Haukagilsheiði með 1/8 úr Lambatungunni og 1/8 úr Kornsártungum fyrir umsamið kaupverð 200 – tvö hundruð krónur og með því velnefndur oddviti G. Björnsson hefur greitt mjer

[785] Skjöl nr. 4(133) og 4(197).

andvirðið 200 kr. að fullu, segi jeg hjermeð Þverárhrepp í Húnavatnssýslu rjettan eiganda tjeðra landspildu með þeim ummerkjum er jeg hef átt hana.

Kaupandi heldur kaupi sínu til laga, en jeg svara til lagariftinga. Til staðfestu er nafn mitt og undirritaðra votta.

P.t. Klömbrum 9. jan. 1904.

Sigurður Jónsson.

Vitundarvottar

Jón Jónsson

Jóhann Engilbertsson.

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Húnavatnssýslu að Stóruborgi 26. maí 1905.[786]

Á manntalsþingi, höldnu á Stóru-Borg þann 26. maí 1905, var þinglýst afsalsbréfi Sigurðar Jónssonar á Lækjamóti fyrir ¼ úr Haukagilsheiði með 1/8 úr Lambatungum og 1/8 úr Kornsártungum, dags. 9. janúar 1904, til handa sveitarsjóði Þverárhrepps. Eftirfarandi var fært til bókar:

6. Afsalsbrjef Sigurðar Jónssonar í Lækjamóti, dags. 9. jan. f. á. fyrir ¼ úr Haukagilsheiði með 1/8 úr ~~úr~~ Lambatungum og 1/8 úr Kornsártungum fyrir 200 krónum til handa sveitarsjóði Þverárhrepps.[787]

Eftirfarandi er samningur um beitiland frá árinu 1933:

Ár 1933, mánudaginn þann 2. október, var hreppstjóri Sveinstaðahrepps, Magnús Jónsson, staddur að Undirfelli, samkv. skipunarbréfi sýslumannsins í Húnavatnssýslu, dags. 29. mars þ.á. til þess, ásamt úttektarmönnum Ásahrepps, þeim hreppstjóra Eggert Konráðssyni á Haukagili og Guðmundi Ólafssyni í Ási, að skipta beitilandi vestan sýsluvegar á milli jarðanna Undirfells og Snæringsstaða. Sömuleiðis voru mættir þeir: Hannes Pálsson, eigandi og ábúandi á Undirfelli og Ágúst Jónsson á Hofi, vegna sveitarsjóðs Ásahrepps, eiganda Snæringsstaða. Ennfremur voru mættir þeir: Benedikt Blöndal og Kristján Sigurðsson eigendur og ábúendur Brúsastaða, sem land eiga að hinu óskipta landi að sunnan.

Fyrir hinu óskipta landi ræður Kornsárkvísl merkjum að norðan og vestan, en að sunnan eru merkin talin af eigendum hins óskipta lands þannig; Frá Bræðratótt beina línu suðvestur um grjótvörðu í Díjaflóaás og þaðan sömu stefnu í grjótvörðu við Kornsárkvísl, báðar þessar grjótvörður eru hlaðnar sumarið 1932. Brúsastaðaeigendur viðurkenna hins vegar að merkin séu rétt talin þannig: Bein lína úr skurðopi við Vatnsdalsá um há Bræðratóttar og þaðan sömu stefnu suðvestur að Kornsárkvísl, og skuldbinda hlutaðeigendur sig, að hafa sigtað nefnda línu út og sett ný glögg merki á línunni, falli hún

[786] Skjal nr. 4(129) og 4(199).
[787] Skjal nr. 2(290) a-b.

ekki um áður nefnda grjótvörður, fyrir 1. júlí 1934 og staðfesta þeir það með undirskrift sinni.

Kristján Sigurðsson Benedikt Blöndal (handsalað)

Ágúst B. Jónsson Hannes Pálsson

Þegar gerðarmenn höfðu fengið merkin að hinu óskipta landi þannig ágreiningslaus, fóru þeir um það til athugunar og ákváðu skipti á því þannig: Úr grjótvörðu austan við sýsluveginn, beina línu í grjótvörðu sunnan á Undirfelli og þaðan sömu stefnu vestur að Kornsárkvísl og fylgir þá syðri hluti landsins Snæringsstöðum en nyrðri hlutinn Undirfelli.

Fari svo að skiptingarlandið stækki eða minnki þegar hin áður umgetna lína verður sigtuð út, frá því sem eigendur landsins halda merkin nú, skulu stærðarhlutföll lands hverrar jarðar breytast í hlutfalli þannig að Snæringsstaðir hafi 1/5 á móti Undirfelli af vegalengdinni við Kornsárkvísl.

Tekjur eða gjöld af grenjum þeim sem nú eru í Undirfellsfelli, skiptast þannig að Undirfell hefur 4/5 hluta og Snæringsstaðir 1/5 hluta.

Fleira kom eigi til skipta og var því landskiptum lokið.[788]

Undir samkomulagið skrifuðu Magnús Jónsson, Eggert Konráðsson, Guðm. Ólafsson, Hannes Pálsson og Ágúst B. Jónsson.

Magnús Jónsson hreppstjóri Sveinsstaðahrepps var mættur að Undirfelli 2. október 1933 að boði sýslumanns ásamt tveimur úttektarmönnum til að skipta beitilandi vestan sýsluvegar á milli jarðanna Undirfells og Snæringsstaða. Eigendur jarðanna mættu einnig, þeir Hannes Pálsson á Undirfelli og Ágúst Jónsson vegna sveitarsjóðs Áshrepps sem átti Snæringsstaði. Þá voru þar einnig Benedikt Blöndal og Kristján Sigurðsson eigendur og ábúendur Brúsastaða sem eiga land að hinu óskipta landi að sunnan. Skiptin voru færð með eftirfarandi hætti inn í Landaskiptabók:

Fyrir hinu óskipta landi ræður Kornsárkvísl merkjum að norðan og vestan, en að sunnan eru merkin talin af eigendum hins óskipta lands þannig: Frá Bræðratótt beina línu suðvestur um grjótvörðu í Díjaflóaás og þaðan sömu stefnu í grjótvörðu við Kornsárkvísl, báðar þesar grjótvörður eru hlaðnar sumarið 1932. Brúsastaðaeigendur viðurkenna hinsvegar að merkin séu rétt talin þannig: Bein lína úr skurðopi við Vatnsdalsá um há Bræðratóttar og þaðan sömu stefnu suðvestur að Kornsárkvísl, og skuldbinda hlutaðeigendur sig, að hafa sigtað nefnda línu út og sett ný glögg merki á línunni, falli hún ekki um áður nefndar grjótvörður, fyrir 1. júlí 1934 og staðfesta þeir það með undirskrift sinni.

Kristján Sigurðsson Benedikt Blöndal

(handsalað)

[788] Skjal nr. 2(16).

Ágúst B. Jónsson Hannes Pálsson.

Þegar gerðarmenn höfðu fengið merkin að hinu óskipta landi þannig ágreiningslaus, fóru þeir um það til athugunar og ákváðu skipti á því þannig: Úr grjótvörðu austan við sýsluveginn, beina línu í grjótvörðu sunnan á Undirfellsfelli og þaðan sömu stefnu vestur að Kornsárkvísl og fylgir þá syðri hluti landsins Snæringsstöðum er nyrðri hlutinn Undirfelli.[789]

Þann 6. nóvember 1939, var haldinn sáttafundur milli hreppsnefnda Sveinsstaða og Áshreppa annars vegar og hreppsnefnd Þverárhrepps hins vegar, vegna ágreinings milli hreppsnefndanna um stóðrekstur Þverhreppinga á afrétt Haukagilsheiðar. Í sáttabókina var eftirfarandi fært inn:

> Afrit úr sáttabók.
>
> Ár 1939, mánudaginn 6. nóv., var sáttafundur settur og haldinn að Breiðabólsstað í Vesturhópi af undirrituðum sáttanefndarmönnum Þverárhrepps.
>
> Samkv. Sáttakæru, dags. að Þingeyrum 24. okt. 1929 með árituðu fyrirkalli og birtingu stefnuvotta var tekið fyrir málið:
>
> Hreppsnefndir Sveinsstaða og Áshreppa gegn hreppsnefnd Þverárhrepps.
>
> Er mál þetta risið út af ágreiningi milli hreppsnefndanna um stóðrekstur Þverhreppinga á afrétt Haukagilsheiðar.
>
> Fyrir hreppsnefnd Sveinsstaðahrepps var mættur Jón Pálmason oddviti á Þingeyrum og fyrir hreppsnefnd Áshrepps Indriði Guðmundsson oddviti Gilá, en fyrir hreppsnefnd Þverárhrepps Guðmundur Árnason bóndi og hreppsnefndarmaður, Syðri-Þverá, allir samkv. Skriflegu umboði hreppsnefnda.
>
> Eptir allmiklar umræður um málið komst á svofeld sætt:
>
> Oddvitar Sveinsstaða og Áshrepps sættust á, að niður falli kröfur þær, sem í viðkomandi sáttakæru eru gerðar á hendur hreppsnefnd Þverárhrepps, gegn því, að Þverárhreppur greiði kr. 50.- upp í útlagðan kostnað við mál þetta. Síðan skal á næsta ári fara fram ítölumat til beitar hrossa og sauðfjár á Haukagilsheiði, Lambatungum og Kornsártungu, framkvæmt af fimm mönnum, útnefndum af sýslumanni Húnavatnssýslu.
>
> Skal ítölumat þetta vera bindandi fyrir viðkomandi hreppsfélög, þannig að því verði ekki breytt.
>
> Kostnaður af mati þessu skal greiðast eftir réttum eignarhlutföllum viðkomandi hreppa.
>
> Sáttargerð þessi upplesin og játuð rétt bókuð.
>
> D[atum] u[t] s[upra].

[789] Skjal nr. 2(16).

Stanley Melax, Guðmundur M. Eiríksson,

Jón S. Pálmason, Indriði Guðmundsson, G. Árnason.

Rétta útskrift staðfestir undirritaður

Breiðabólsstað 6/11 ´39.

Stanley Melax.[790]

Jón S. Pálmason bætti svo eftirfarandi texta við framangreint, þann 4. janúar 1940:

> Samkvæmt framanskrifaðri sátt leyfi jeg mjer fyrir hönd upprekstrar Sveinsstaða- og Áshrepps að beiðast þess, að þér herra sýslumaður útnefnið svo fljótt sem við verður komið fimm menn til að framkvæma ítölumat það, sem ræðir um í nefndri sátt og sjáið um að ítölumat þetta verði framkvæmt á næsta sumri.
>
> Sveinsstaðahreppur, Þingeyrum 4. jan. 1940.
>
> Jón S. Pálmason
>
> oddviti.[791]

Í landamerkjabók Húnavatnssýslu 1886−1995, er eftirfarandi skjal fært til bókar árið 1984:

1191/1984

Kornsá og Kornárselsland.

> Við undirritaðir eigendur hinnar fornu Kornsár annarsvegar og Kornsárselslands hinsvegar lýsa hér með yfir að landamerki milli nefndra landa skuli vera svo sem núverandi girðing liggur milli Kornsárkvíslar og Gljúfurár. En hún er sem næst línu er dregin væri milli norðasta hluta Kötlustaðakletta í Vatnsdalsfjalli og í Víðidalsfjall sunnan Nónfells.

F.h. Kornsár Gestur Guðmundsson [og] Birgir Gestsson

F.h. Kornsár II Sigurður Þorbjörnsson

F.h. Kornsárselslands Ingimundur Sigfússon.[792]

Þann 20. febrúar árið 1989 sendi Félagsmálaráðuneytið öllum sveitarstjórnum á Íslandi bréf og spurðist fyrir um upprekstrarrétt og afrétti sveitarfélaga o.fl. þar að lútandi.[793] Oddviti Ásshrepps, Jón B. Bjarnason, svaraði bréfi ráðuneytisins 13.

[790] Skjal nr. 4(196).
[791] Skjal nr. 4(196).
[792] Skjal nr. 2(34).
[793] Skjal nr. 4(16).

febrúar árið eftir. Í svari Jóns kemur fram að sveitarfélagið eigi upprekstrarrétt á Grímstunguheiði, Haukagilsheiði, Víðidalsfjall o.fl.[794] Með svari Jóns fylgir skrá yfir afrétti tekin saman af Konráði Eggertssyni og Pétri Ólasyni f. h. sveitastjórna Ás- og Sveinsstaðahreppa, dagsett 4. maí 1981. Þar er Upprekstrarfélag Ás- og Sveinsstaðahreppa sagt eigendur að Kornsártungum ásamt Þverárhreppi sem á ⅛. Í skránni er Kornsártungum, Þrístapahálsi og Fremri-Rófuskarðshlíð lýst svo:

> Kornsártungur eru norðan og vestan við Haukagilsheiði. Að vestan er Víðidalstunguheiði. Úr Bergárvatni eru mörk bein lína yfir Kornsárvatn að upptökum Kornsárkvíslar. Þá Kornsárkvísl að ármótum. Að austan Kleppukvísl um Kleppuvatn fram til Hraungarða.
>
> Eigendur: Upprekstrarfélag Ás og Sveinsst.hr.
>
> Þverárhreppur ⅛
>
> Þrístapaháls er vestan við Álku, norðan við Haukagilsheiði og austan við Kleppukvísl. Merki að norðan eru Sellækur við Fremstasel til upptaka, og þaðan stysta lína í Kleppukvísl.
>
> Eigendur: Upprekstrarfélag Ás- og Sveinsstaðahreppa.
>
> Fremri-Rófuskarðshlíð afmarkast af klettabrúnum að vestan. Rófuskarðsá að norðan og Gljúfurá að austan.
>
> Eigendur: Upprekstrarfélag Ás- og Sveinsstaðahreppa ½
>
> Jón Hannesson og Bjarni Hannesson ½[795]

Auk þess var Þingeyrarselsland, Kornárselsland og Gilhagaland notuð til upprekstrar af Upprekstrarfélagi Ás- og Sveinsstaðahreppa en voru í einkaeign. Þingeyrarselsland og Kornsárselsland tilheyra Þingeyrum en Gilhagaland norðan heiðargirðingar í eigu Gests Guðmundssonar og Gísla Pálssonar.[796]

Í svari Agnars J. Levy oddvita Þverárhrepps vegna fyrirspurnar Félagsmálaráðuneytisins um afréttarlönd frá því í febrúar 1989, kemur fram að Þverárhreppur eigi ¼ úr Haukagilsheiði, ⅛ úr Kornsártungum og ⅛ úr Lambatungum. Auk þess átti hreppurinn Engjabrekkuafrétt í Vatnsnesfjalli. Að tilhlutan ráðuneytisins og Landgræðslu í Reykjavík var hreppsbúum bannað að nota „afréttina austurfrá,“. Hér er væntanlega átt við Haukagilsheiði, Kornsártungur og Lambatungur.[797]

Árið 1989 birtist eftirfarandi kafli um Kornsártungur eftir Grím Gíslason í grein hans um Upprekstrarfélag Grímsstunguheiðar í ritinu Húnaþing III. Þar segir:

KORNSÁRTUNGUR

[794] Skjal nr. 4(17).
[795] Skjal nr. 4(17).
[796] Skjal nr. 4(17).
[797] Skjal nr. 4(19).

> Kornsártungur tilheyrðu áður fyrr jörðunum Haukagili og Kornsá til helminga. Þær takmarkast af Kleppukvísl að austan en af Kornsárkvísl að vestan og mynda því fleyglagað svæði frá ármótum kvíslanna fram að vötnunum, Kleppuvatni og Kornsárvatni, en þar eru upptök kvíslanna. Ás- og Sveinsstaðahreppur eiga Kornsártungur að 7/8 hlutum en Þverárhreppur í Vestur-Húnavatnssýslu að 1/8.
>
> Merki milli Kornsártungna og Haukagilsheiðar eru ekki ótvíræð, eins og áður er sagt um Haukagilsheiði. Í vitund manna er skammhlið þess þríhyrnings sem kvíslarnar mynda sjónhending milli afrennslis þeirra úr vötnunum og því suðurmörk þessa svæðis. Í raun skiptir hér engu máli um merki þessara landsvæða nema séu Kornsártungur taldar ná fram á Hraungarða verður hlutur Þverárhrepps minni í heildinni þar sem hann á ¼ í Haukagilsheiði en aðeins 1/8 í Kornsártungum.
>
> Kornsártungur eru gott land og skjólsælt. Samfelldur gróður er með kvíslunum báðum en blaut fláardrög milli hóla og ása sem veita skjól fyrir veðrum. Einnig nýtist landið vel fyrir það hversu það liggur nærri byggðinni og er með fjölbreyttum gróðri. Meðan heimalönd voru ógirt leitaði fénaður mjög í landið bæði vor og haust.[798]

Í *Árbók Ferðafélags Íslands*, frá árinu 2007, segir eftirfarandi um Kornsártungur:

> Kornsárjörð tilheyrði mikið landflæmi milli Kornsár og Gljúfurár en þær renna nokkurn veginn samsíða langa leið. Það er nú afréttarland Vatnsdælinga og kallast Kornárselsland en Kornsártungur eru fyrir austan Kornsárkvísl og ná að Kleppukvísl. Syðri hluti þessa lands er holóttur og þurrlendur en norðari parturinn einkennist af rótfúnum og blautum flám þöktum broki og stargresi en lyngásar á milli.
>
> Kornsársel er á holti norðan Kornsárkvíslar rétt neðar en Kleppukvísl kemur saman við hana. Lárus Blöndal sýslumaður lét byggja það um 1890. Selið var rifið eitthvað 10 árum síðar og því skömm aðseta en fé frá Kornsá stundum haft þar á vetrum. Á selinu standa enn nokkrir stæðilegir húsaveggir og hér var lengi náttstaður leitarmanna.[799]

Í *Árbók Ferðafélags Íslands*, frá árinu 2007, kemur eftirfarandi um Kornsártungur:

> Á hálsunum austur og suður undan Víðidalsfjalli eru spildur sem tilheyrðu einstökum jörðum. Upprekstrarfélagið hefur smám saman keypt þetta land og gert að afrétt enda verið nýtt þannig eftir að seljabúskapur lagðist af. Kornsártungur afmarkast af Kleppukvísl að austan en Kornsárkvísl að vestan en Kornárselsland er frá Kornsárkvísl að Gljúfurá. Fram af þeim er svonefnt Þrístapaland en utar vestan við Gljúfurá, er Fremrihlíð austan í Víðidalsfjalli,

798 Grímur Gíslason, „Upprekstrarfélag Grímsstunguheiðar“. Húnaþing III, (1989), bls. 127.

799 *Árbók Ferðafélags Íslands*, (2007), bls. 38.

frá Rófuskarði fram að Botnum. Þetta land er í u.þ.b. 300 metra hæð og má heita algróið. Stöku fell rís þó hærra.[800]

[800] *Árbók Ferðafélags Íslands*, (2007), bls. 225.

6 NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR

6.1 Efnisskipan og sameiginleg atriði

Hér á eftir verður fyrst fjallað um Almennar niðurstöður óbyggðanefndar og fyrirliggjandi dómafordæmi í þjóðlendumálum. Að því búnu verður gerð grein fyrir landnámi á því svæði sem mál þetta varðar og því næst koma niðurstöður óbyggðanefndar um eignarréttarlega stöðu einstakra landsvæða, í staðfræðilegri röð.[801] Loks verður fjallað um ákvörðun málskostnaðar.

6.1.1 Almennar niðurstöður óbyggðanefndar

Í úrskurðum óbyggðanefndar í málum á svæði 1 var í kaflanum *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* gerð grein fyrir athugunum og niðurstöðum um nokkrar staðreyndir og lagaatriði sem almenna þýðingu geta haft við úrlausn þjóðlendumála. Í úrskurðum í málum á svæði 2 var aukið við þessa umfjöllun og nokkrum nýjum atriðum bætt við. Kaflar þessir voru felldir saman, með lítilsháttar breytingum, og birtir þannig sem viðauki við úrskurði í málum á svæðum 3–6. *Almennu niðurstöðurnar* fylgdu einnig í viðauka með úrskurðum í málum á svæði 7A, en þá hafði verið bætt við þær nokkrum köflum úr úrskurðum á svæðum 5–6. Í þeim köflum hafði verið tekin almenn afstaða til tiltekinna staðreynda og lagaatriða sem þar reyndi á. Sú útgáfa *Almennra niðurstaðna óbyggðanefndar* sem fylgdi með úrskurðum á svæði 7B hafði með sama hætti verið uppfærð með hluta af kafla úr úrskurðum á svæði 7A, sem innihélt almenn atriði. *Almennu niðurstöðurnar* hafa enn á ný verið uppfærðar, nú með almennum köflum úr úrskurðum á svæði 7B, og fylgja í viðauka með úrskurði þessum. Formála hinna *Almennu niðurstaðna* hefur að sama skapi verið breytt með tilliti til þeirra uppfærslna sem gerðar hafa verið.

Umfjöllun og niðurstöður óbyggðanefndar um eignarland eða þjóðlendu á einstökum landsvæðum, samanber kafla 6.3–6.7 hér á eftir, eru í beinu samhengi og samræmi við *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar*, með framangreindum viðbótum, og vísa til þeirra.

6.1.2 Dómafordæmi í þjóðlendumálum

6.1.2.1 Yfirlit

Nú liggja fyrir samtals 60 dómar Hæstaréttar í málum sem varða ágreining um eignarréttarlega stöðu lands samkvæmt þjóðlendulögum, nr. 58/1998, með síðari breytingum. Hér verður gerð grein fyrir þeim tíu dómum sem gengið hafa frá því óbyggðanefnd kvað síðast upp úrskurði. Sambærileg umfjöllun um eldri dóma í fyrri

[801] Umfjöllun um staðhætti og gróðurfar á svæðinu er byggð á útgefnum kortum Landmælinga Íslands, loft- og gervitunglamyndum, örnefnaskrám frá nafnfræðisviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, athugunum í vettvangsferð, sbr. kafla 4.3., og almennum uppsláttarritum, svo sem árbókum Ferðafélags Íslands.

úrskurðum, að því marki sem hún hefur almenna þýðingu, hefur verið felld inn í framangreindar *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* og vísast þangað.

Um er að ræða eftirfarandi níu dóma Hæstaréttar: Dómur frá 20. september 2012 í máli nr. 65/2012 (Reykjahlíð); dómur frá 27. september 2012 í máli nr. 350/2011 (vesturhluti Hofsafréttar og Lambatungur); dómur frá 21. febrúar 2013 í máli nr. 433/2011 (Steinvarartunga og hluti Mela); dómur frá 28. febrúar 2013 í máli nr. 432/2011 (Þorbrandsstaðatungur); dómur frá 19. september 2013 í máli nr. 656/2012 (Möðruvallaafréttur); dómur frá 26. september 2013 í máli nr. 411/2012 (Bleiksmýrardalur austan Fnjóskár og mörk jarðanna Mjóadals, Kambfellskjálka, Hjaltadals og Sörlastaða); dómur frá 26. september 2013, í máli nr. 413/2012 (Bleiksmýrardalur vestan Fnjóskár); dómur frá 10. október 2013 í máli nr. 617/2012 (landsvæði sunnan Ölfusafréttar); dómur frá 28. nóvember 2013 í máli nr. 546/2012 (Eyvindarstaðaheiði og Hraunin) og loks dómur frá 18. september 2014 í máli nr. 24/2014 (Vaskárdalur).

Allir framangreindir dómar fjalla um efnisleg atriði og í átta þeirra var niðurstaða óbyggðanefndar staðfest í öllum meginatriðum. Í tveimur af dómunum var niðurstöðu nefndarinnar hins vegar hnekkt. Í öðrum þeirra var dæmt eignarland þar sem óbyggðanefnd hafði úrskurðað þjóðlendu. Nánar tiltekið er þar um að ræða þann dóm er varðar landsvæði sunnan Ölfusafréttar. Í máli því sem varðaði ágreining um eignarréttarlega stöðu Bleiksmýrardals austan Fnjóskár og mörk jarðanna Mjóadals, Kambfellskjálka, Hjaltadals og Sörlastaða í Þingeyjarsveit gagnvart þjóðlendu var aftur á móti hnekkt þeirri niðurstöðu óbyggðanefndar að Bleiksmýrardalur austan Fnjóskár væri eignarland og dæmt að um þjóðlendu væri að ræða. Þá var mörkum umræddra jarða gagnvart þjóðlendu breytt nokkuð, nánar tiltekið á þann veg að landsvæði sem óbyggðanefnd hafði talið innan marka jarðanna var dæmt þjóðlenda.

Í næstu þremur köflum er gerð nánari grein fyrir tilteknum atriðum í umræddum dómum og því hvort þeir gefi tilefni til breytinga á sönnunarmati óbyggðanefndar. Nánar tiltekið verður í fyrsta lagi fjallað um túlkun landamerkjabréfa jarða og samspil þeirra við aðrar heimildir, í öðru lagi um áhrif fyrri lögskipta íslenska ríkisins og annarra vegna viðkomandi ágreiningssvæða og í þriðja lagi um réttaráhrif og sönnunargildi eldri dómsúrlausna.

6.1.2.2 Um túlkun landamerkjabréfa jarða og samspil við aðrar heimildir

Af forsendum fyrir niðurstöðu dóms Hæstaréttar um mörk framangreindra jarða í Þingeyjarsveit gagnvart þjóðlendu má ráða að það sé einkum tvennt sem ráði því að niðurstaða réttarins um afmörkun jarðanna er frábrugðin niðurstöðu óbyggðanefndar. Fyrra atriðið er að í tilvikum Hjaltadals ásamt Kambfellskjálka og Sörlastaða er afmörkun jarðanna til fjalla að nokkru leyti miðuð við almenna staðhætti sem einkenna fjalllendið á svæðinu en ekki ákveðin náttúruleg kennileiti eða örnefni sem unnt er að staðsetja með nákvæmum hætti. Nánar tiltekið er fjallað um „eyðigrót og

sanda“ í landamerkjabréfi Sörlastaða og „fjallið“ og „öræfi“ í landamerkjabréfi Hjaltadals. Taldi óbyggðanefnd að þrátt fyrir að landamerkjabréf jarðanna væru óljós um afmörkun þeirra til suðurs fengi sú afmörkun jarðanna sem krefjendur beins eignarréttar héldu fram, stoð í landamerkjabréfum þeirra og öðrum heimildum um þær. Hæstiréttur leit aftur á móti svo á að kröfur eigenda jarðanna um merki þeirra ættu sér ekki stoð í landamerkjabréfum þeirra að þessu leyti.

Síðara atriðið sem veldur mismunandi niðurstöðu óbyggðanefndar og Hæstaréttar varðar samspil landamerkjabréfs og yngri heimildar um jörðina Mjóadal. Nánar tiltekið taldi Hæstiréttur að um merki Mjóadals til suðurs og vesturs yrði ekki byggt á landamerkjaskjali frá 1897 svo sem gert hafði verið í úrskurði óbyggðanefndar, þar sem leggja yrði til grundvallar að með því að eigandi jarðarinnar hefði látið útbúa og þinglýsa skrá yfir afréttarlönd árið 1904, sem tók m.a. til lands Mjóadals, hefði hann í raun fellt landamerkjaskjalið úr gildi að því leyti sem ekki gætti samræmis milli umræddra skjala. Óbyggðanefnd hafði aftur á móti lagt landamerkjabréfið til grundvallar um afmörkun Mjóadals og taldi að lýsing þess á vesturmerkjum Mjóadals samræmdist öðrum heimildum um merkin, þ.m.t. afréttarskránni. Í landamerkjabréfinu er vesturmerkjum Mjóadals lýst þannig að frá „hágrjóti“ liggi merkin norður háfjallið, eftir því sem vatnsföll deili sveita milli, norður gegnt upptökum Syðri-Bótarár. Í afréttarskránni er vesturmerkjunum lýst þannig að þeim ráði bein stefna vestan við öll drög er liggi að tilteknum ám að botni Syðri-Bótarár. Taldi óbyggðanefnd að samræmi væri milli þessara tveggja merkjalýsinga en Hæstiréttur ekki.

Í þessu samhengi skal þess ennfremur getið að þrátt fyrir að niðurstaða óbyggðanefndar og Hæstaréttar um mörk jarðarinnar Reykjahlíðar gagnvart þjóðlendu væri hin sama má sjá af forsendum fyrir niðurstöðu dómsins að Hæstiréttur metur heimildir um tiltekinn hluta ágreiningssvæðisins með öðrum hætti en óbyggðanefnd gerði. Var þar um að ræða þann hluta ágreiningssvæðisins sem liggur handan við fjallgarðana sem liggja austan Mývatns og suður að línu sem liggur frá Veggjafelli í Bræðraklif í Hafragjá og þaðan beina stefnu til austurs í Jökulsá á Fjöllum. Umrætt svæði er innan lýstra merkja Reykjahlíðar samkvæmt landamerkjabréfi jarðarinnar en mat Hæstaréttar og óbyggðanefndar á tilteknum eldri heimildum um viðkomandi hluta ágreiningssvæðisins var ólíkt. Einkum voru það þrjú efnisatriði í þeim sem rétturinn taldi mæla gegn því að umræddur hluti ágreiningssvæðisins væri háður beinum eignarrétti. Í fyrsta lagi var þar um að ræða heimildir um að Möðrudal tilheyrðu tiltekin afnotaréttindi á svæðinu án þess að tiltekið væri að um væri að ræða ítak í landi annarra jarða. Í öðru lagi taldi rétturinn það sem fram kom í heimildunum um tilkall eigenda Reykjahlíðar til ómerkinga á svæðinu mæla gegn því að það væri háð beinum eignarrétti. Í þriðja lagi taldi rétturinn að umfjöllun í úrskurði frá 1506 um átölulaus afnot til rökstuðnings eignarrétti, m.a. með vísan til 26. kap. landsleigubálks Jónsbókar, mælti gegn því að svæðið væri háð beinum eignarrétti.

Í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* sem birtar voru með úrskurðum á svæði 1 og fylgja í viðauka með úrskurði þessum er m.a. fjallað um sönnunargildi landamerkjabréfa. Fram kemur að ljóst virðist af úrlausnum dómstóla í einkamálum að við mat á gildi landamerkjabréfs skipti máli hvort um er að ræða jörð eða annað landsvæði Með vísan til tilgangs landamerkjalaga 1882, síðari tíma löggjafar og úrlausna dómstóla, telji óbyggðanefnd að leggja verði til grundvallar að jörð, svo sem hún er afmörkuð í landamerkjabréfi, sé beinum eignarrétti háð. Hins vegar sé þó ljóst að meta verði sérstaklega gildi hvers landamerkjabréfs. Þannig dragi úr gildi landamerkjabréfs ef eldri heimildir mæla því í mót.

Í köflum 6.1.1 í úrskurðum óbyggðanefndar á svæði 5 er frekari umfjöllun um gildi landamerkjabréfa jarða og hefur sá kafli verið felldur inn í *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar*. Þar er fjallað um nokkra dóma Hæstaréttar sem þá höfðu nýlega fallið og varða mat á sönnunargildi landamerkjabréfa jarða. Fram kemur það mat að í tilteknum dómum hafi enn verið hnykkt á þýðingu þess að landsvæði teldist innan merkja jarðar. Samkvæmt þessu sé óbyggðanefnd rétt að leggja áfram áherslu á landamerkjabréf jarða, samanber umfjöllun um þau í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*, enda þótt með skýrum fyrirvörum sé. Lýst er þeirri niðurstöðu óbyggðanefndar að ekki sé ástæða til að herða sérstaklega kröfur um sönnun eignarlands innan lýsingar í landamerkjabréfi jarðar, umfram það sem áður hafi verið lagt til grundvallar og samrýmist vel almennri afstöðu Hæstaréttar til landamerkjabréfa. Eftir sem áður sé ljóst að dómstólar geri nokkuð strangar kröfur til sönnunar eignarlands, samanber einnig þá meginreglu í íslenskum rétti að sá sem telji til eignarréttar yfir landi verði að færa fram heimildir fyrir eignartilkalli sínu.

Afstaða óbyggðanefndar hefur samkvæmt framansögðu frá upphafi verið sú að þrátt fyrir meginregluna um að land sem afmarkað er í landamerkjabréfi jarðar sé háð beinum eignarrétti sé ljóst að meta þurfi sérstaklega gildi hvers landamerkjabréfs. Þannig dragi úr gildi landamerkjabréfs ef eldri heimildir mæla því í mót. Dómarnir sem að framan er getið um mörk jarðanna Hjaltadals ásamt Kambfellskjálka, Sörlastaða, Mjóadals og Reykjahlíðar gagnvart þjóðlendu fá að mati óbyggðanefndar fyllilega samræmst umræddri meginreglu, enda er hún háð tilteknum undantekningum. Mismunandi niðurstaða óbyggðanefndar og Hæstaréttar varðandi mörk Hjaltadals ásamt Kambfellskjálka og Sörlastaða gagnvart þjóðlendu skýrist af mismunandi túlkun á landamerkjabréfunum að því leyti sem merkjalýsingar þeirra eru óljósar. Þá skýrist mismunandi afstaða nefndarinnar og réttarins til tiltekinna hluta þeirra landsvæða sem eru innan lýstra merkja samkvæmt landamerkjabréfum Mjóadals og Reykjahlíðar af ólíkum ályktunum af öðrum heimildum um viðkomandi landsvæði. Forsendur og niðurstöður Hæstaréttar í þeim dómum sem hér hefur verið fjallað um kunna að kalla á breytt sönnunarmat óbyggðanefndar ef upp koma tilvik sem eru í öllum aðalatriðum sambærileg en kalla að mati nefndarinnar ekki, fremur er dómarnir sem raktir eru í köflum 6.1.1 í úrskurðum á svæði 5, á að nefndin herði

almennt kröfur um sönnun þess að land sem afmarkað er í landamerkjabréfi jarðar teljist eignarland.

6.1.2.3 Áhrif fyrri lögskipta íslenska ríkisins og annarra vegna viðkomandi landsvæðis

Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 617/2012 snéri ágreiningurinn að því hvort tiltekið landsvæði sunnan Ölfusafréttar væri þjóðlenda eða eignarland. Umræddu ágreiningssvæði hafði verið skipt út úr landi tiltekinna jarða sunnan afréttarins og selt til Orkuveitu Reykjavíkur árið 1999. Íslenska ríkið var meðal seljenda. Í forsendum Hæstaréttar kemur fram að rétturinn túlkar landamerkjabréf umræddra jarða á þann veg að ágreiningssvæðið sé samkvæmt þeim innan merkja jarðanna. Rétturinn taldi hins vegar að eldri heimildir mæltu gegn því að land jarðanna hafi náð svo langt til norðurs áður en landamerkjabréf þeirra voru gerð á ofanverðri 19. öld.

Aftur á móti var litið til þess að íslenska ríkið var meðal þeirra sem gerðu kaupsamninga við Orkuveitu Reykjavíkur um landið. Í kaupsamningunum var vísað um afmörkun landsins til tiltekins uppdráttar þar sem mörk hins selda lands til norðurs og suðurs voru sýnd og þau jafnframt tilgreind nákvæmlega með hnitum. Að auki kom fram á uppdrættinum að ágreiningur væri um legu þverlínu á mörkum jarðanna til norðurs og í því sambandi voru sýndir tveir kostir. Í kaupsamningi íslenska ríkisins og Orkuveitunnar hafi þessu til viðbótar verið ákvæði þar sem fram hafi komið að báðum samningsaðilum væri kunnugt um að ágreiningur kynni að rísa um hvor þverlínan sem sýnd væri á uppdrættinum ætti að ráða merkjum jarðanna gagnvart Ölfusafrétti og tæki Orkuveitan alla áhættu af þeim ágreiningi. Í forsendum fyrir niðurstöðu Hæstaréttar kom fram að óhjákvæmilegt væri að líta svo á að fyrirvarinn hlyti a.m.k. öðrum þræði að hafa verið settur með tilliti til þess að lög nr. 58/1998 höfðu tekið gildi. Í samningsákvæðinu hafi aðeins verið getið um tvo hugsanlega kosti um legu þverlínu á norðurmerkjum landsins og þeir hafi báðir reynst vera langt norðan við þá línu sem þjóðlendukrafa ríkisins miðaðist við. Tekið er fram að því hafi verið haldið fram af hálfu Orkuveitu Reykjavíkur að aðrir jarðeigendur sem áttu í hlut hafi ekki viljað ljúka samningum um kaupin fyrr en ljóst væri hvort og þá að hvaða leyti íslenska ríkið myndi í tengslum við söluna til Orkuveitunnar draga í efa að land á þessu svæði væri háð beinum eignarrétti. Þessari staðhæfingu hefði íslenska ríkið ekki andmælt. Síðan segir í dómnum:

> Með þessum gerðum viðurkenndi hann [þ.e. íslenska ríkið] ekki aðeins í lögskiptum sínum við áfrýjanda [þ.e. Orkuveitu Reykjavíkur] að landið, sem skipt hafði verið út úr jörðunum Kröggólfsstöðum og Þúfu og var sýnt sunnan við þverlínu 1 á uppdrætti Forverks ehf. frá október 1998, væri háð beinum eignarrétti, svo sem leiða mátti samkvæmt áðursögðu af landamerkjabréfum fyrir þær frá 4. og 9. júní 1890, heldur mátti honum og vera ljóst að aðrir jarðeigendur, sem hér áttu í hlut, myndu leggja traust á að það sama hlyti að eiga við um landareignir þeirra. Aðalkrafa stefnda íslenska ríkisins fyrir

> óbyggðanefnd um mörk þjóðlendu og eignarlanda á landsvæðinu, sem áfrýjandi keypti eftir að því var skipt út úr jörðunum […], var þessu alls ósamrýmanleg, sbr. dóm Hæstaréttar 11. maí 2006 í máli nr. 496/2005. Verður því að taka til greina kröfu áfrýjanda um að fellt verði úr gildi ákvæði í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 6/2004 um að landsvæðið á Hellisheiði sunnan Ölfusafréttar, sem um ræðir í máli þessu, sé þjóðlenda.

Af þessu má sjá að það eru fyrri athafnir íslenska ríkisins í lögskiptum við eigendur umræddra jarða sem ráða niðurstöðu Hæstaréttar um að ágreiningssvæðið sé eignarland en ekki þjóðlenda.

Óbyggðanefnd hafði áður úrskurðað að umrætt landsvæði væri þjóðlenda. Líkt og Hæstiréttur gerði síðar túlkaði óbyggðanefnd fyrirliggjandi heimildir um jarðirnar á þann veg að ágreiningssvæðið teldist ekki vera innan þeirra. Nefndin hafnaði því aftur á móti að framangreindar athafnir íslenska ríkisins í lögskiptum við kaupendur landsins hefðu áhrif á niðurstöðuna. Var sú niðurstaða einkum rökstudd með því að eigandi fasteignar getur ekki afsalað víðtækari eignarréttindum en hann sjálfur er sannanlega kominn að. Aðild ríkisins að umræddum kaupsamningnum gæti ekki haft aðra þýðingu en að styðja mögulegar og réttmætar væntingar samningsaðila til inntaks þess eignarréttar sem ráðstafað var í umræddum samningum. Þess væri á hinn bóginn að gæta að umrædd lögskipti hafi átt sér stað eftir lögtöku þjóðlendulaga og afsalshafa í lófa lagið að hafa uppi alla þá eignarréttarlegu fyrirvara sem þörf var á við samningsgerðina í ljósi þess réttarástands sem skapað var við lögfestingu þjóðlendulaga á árinu 1998. Að þessu virtu var því hafnað að aðkoma ríkisins með þessum hætti hefði getað skapað neinar þær væntingar sem gætu haft efnisleg áhrif á mat eignarréttar á svæðinu.

Vert er að fjalla í þessu samhengi einnig um dóm Hæstaréttar frá 11. maí 2006 í máli nr. 496/2005. Þar var m.a. deilt um landsvæði á Skeiðarársandi sem er innan merkja jarðarinnar Skaftafells II samkvæmt ódagsettu landamerkjabréfi sem var þinglesið árið 1890. Hæstiréttur taldi aftur á móti að eldri heimildir styddu ekki að landið sem ágreiningur var um hefði verið numið til eignar og þannig orðið hluti jarðarinnar. Til þess verði á hinn bóginn að líta að í tengslum við ráðagerðir um stofnun þjóðgarðs í Skaftafelli hafi tveir af þáverandi eigendum jarðarinnar gefið út afsal árið 1966 handa „Náttúruverndarráði vegna ríkissjóðs“ fyrir hluta jarðarinnar. Í afsalinu, sem m.a. hafi verið undirritað af menntamálaráðherra fyrir hönd kaupandans, hafi verið vísað í landamerkjabréfið og „landamerki við það miðuð við söluna“. Skeiðarársandur hafi verið undanskilinn við söluna. Þá hafi menntamálaráðherra og eigandi Skaftafells gert samning árið 1969 um að fela gerðardómi að draga landamerkjalínu samkvæmt fyrrnefndu afsali „til ríkissjóðs“ og að „framkvæma landskipti milli samningsaðila á öllu óskiptu landi jarðarinnar Skaftafells“. Við landskiptin, sem gerðardómurinn kvað á um sama ár, hafi stór hluti landsins, sem kom í hlut tiltekinna eigenda Skaftafells (annarra en íslenska ríkisins) og sé nú jörðin

Skaftafell II, verið það sama og deilt var um í þessum þætti málsins. Þá liggi fyrir yfirlýsing Náttúruverndarráðs frá árinu 1987, þar sem fram komi að umrætt ágreiningssvæði liggi utan þjóðgarðsins og sé í eigu lögbýlisins. Var þar um merkin vísað til landamerkjabréfsins frá 1890. Síðan segir í dómnum:

> Með þessum gerðum hafa menntamálaráðherra og Náttúruverndarráð, sem hafði meðal annars með höndum stjórn þjóðgarða samkvæmt ákvæðum þágildandi laga nr. 47/1971 um náttúruvernd, ítrekað í orði og verki lagt til grundvallar í lögskiptum við þá, sem núverandi eigendur Skaftafells II leiða rétt sinn frá, að landið á Skeiðarársandi, sem hér er deilt um, sé eignarland þeirra, svo sem leitt verður af landamerkjabréfinu frá 1890. Dómkröfur áfrýjanda á hendur stefndu […] eru þessu alls ósamrýmanlegar. Verður því staðfest niðurstaða héraðsdóms um sýknu þessara stefndu af kröfum áfrýjanda.

Af þessum forsendum fyrir niðurstöðu dómsins má ráða að hún hefði orðið önnur ef umræddar athafnir menntamálaráðherra og Náttúruverndarráðs í lögskiptum við eigendur jarðarinnar hefðu ekki komið til. Óbyggðanefnd hafði áður komist að þeirri niðurstöðu að umrætt ágreiningssvæði væri innan marka jarðarinnar Skaftafells og væri eignarland. Ekki var sérstaklega fjallað um umrædd lögskipti ríkisins og eigenda Skaftafells í rökstuðningi fyrir þeirri niðurstöðu nefndarinnar heldur voru það aðrar heimildir sem réðu niðurstöðunni.

Það vekur athygli að í báðum þeim dómum Hæstaréttar sem hér um ræðir, þ.e. annars vegar um landsvæði sunnan Ölfusafréttar og hins vegar um landsvæði á Skeiðarársandi, ráða fyrri lögskipti handhafa ríkisvalds við eigendur viðkomandi jarða úrslitum um að umrædd landsvæði eru talin innan þeirra, jafnvel þótt viðkomandi handhafar ríkisvalds hafi ekki verið bærir að lögum til að afsala landinu eða breyta eignarréttarlegri stöðu þess. Þau lögskipti sem um ræðir vegna landsvæðisins sunnan Ölfusafréttar áttu sér stað eftir gildistöku þjóðlendulaga og það var landbúnaðarráðherra sem undirritaði umrætt afsal fyrir hönd ríkisins. Framangreind lögskipti menntamálaráðherra og Náttúruverndarráðs við eigendur Skaftafells áttu sér aftur á móti stað fyrir gildistöku þjóðlendulaga. Af forsendum Hæstaréttar má ráða að rétturinn líti svo á að fyrir þann tíma hafi umrætt landsvæði á Skeiðarársandi verið eigendalaust en orðið undirorpið beinum eignarrétti vegna téðra lögskipta þrátt fyrir að þágildandi réttarreglur hafi ekki haft að geyma heimildir til handa menntamálaráðherra eða Náttúruverndarráði til að stofna til beins eignarréttar á eigendalausum svæðum.

Umræddir dómar Hæstaréttar kunna að leiða til breytts sönnunarmats óbyggðanefndar í tilvikum þar sem athafnir handhafa ríkisvalds í lögskiptum við hagsmunaaðila benda til að litið hafi verið svo á að viðkomandi ágreiningssvæði sé háð beinum eignarrétti. Í slíkum tilvikum þarf að meta sérstaklega hvort þau lögskipti hafi áhrif á niðurstöðu um eignarréttarlega stöðu svæðisins. Á svæði 8 norður sem hér

er til umfjöllunar reynir á slíkt mat í úrlausn um ágreiningssvæði vegna Auðkúluheiðar, Grímstunguheiðar, Staðarhreppsafréttar og Húksheiðar. Aðrir fyrirliggjandi dómar hafa að mati óbyggðanefndar ekki áhrif á sönnunarmat nefndarinnar að þessu leyti.[802]

6.1.2.4 Réttaráhrif og sönnunargildi eldri dómsúrlausna

Í tveimur af þeim dómum Hæstaréttar sem hafa fallið frá því óbyggðanefnd kvað upp úrskurði á svæði 7B reyndi á hvaða þýðingu eldri dómsúrlausnir hefðu við úrlausn um eignarréttarlega stöðu viðkomandi ágreiningssvæðis.

Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 411/2012 kom til skoðunar hvaða þýðingu dómur Landsyfirréttar frá 25. júní 1855 í máli nr. 1/1855, um Bleiksmýrardal austan Fnjóskár, hefði fyrir úrlausn málsins. Afstaða Hæstaréttar til þýðingar umrædds dóms Landsyfirréttar var frábrugðin afstöðu óbyggðanefndar, sem varð til þess að Hæstiréttur hnekkti niðurstöðu nefndarinnar um að þar væri eignarland.

Í máli því sem lauk með umræddum dómi Landsyfirréttar deildu Munkaþverárklaustur og eigendur Illugastaða um eignarrétt á svæðinu. Í dómi aukahéraðsréttar Þingeyjarsýslu, sem var að því leytinu til staðfestur af Landsyfirrétti, segir meðal annars:

> Afrjettarlandið Bleiksmýrardalur allur fyrir austan Fnjóská frá Hamarslæk og sudur á öræfi, á ad tilheyra Múnkaþverár klaustri, sem fullkomin og átölulaus eign, og eigindómur þess.

Í máli nr. 3/2007 hjá óbyggðanefnd deildu íslenska ríkið og Þingeyjarsveit um eignarréttarlega stöðu svæðisins. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að um eignarland væri að ræða. Í úrskurði óbyggðanefndar kom m.a. fram að nefndin teldi ljóst að beinn eignarréttur hafi verið til úrlausnar í umræddum dómi Landsyfirréttar. Réð dómurinn niðurstöðu óbyggðanefndar um að um eignarland væri að ræða.

Í dómi Hæstaréttar er dregin sú ályktun af fyrirliggjandi heimildum að réttur Munkaþverárklausturs yfir landsvæðinu hafi verið bundinn við óbein eignarréttindi. Tekið er fram að aðilar að því máli sem lauk með dómi Landsyfirréttar hafi ekki verið þeir sömu og málsaðilar fyrir Hæstarétti og þeir síðarnefndu hafi heldur ekki á báða vegu komið í stað þeirra fyrrnefndu, enda hafi íslenska ríkið ekki komið í stað eigenda Illugastaða þó svo að Þingeyjarsveit leiddi rétt sinn frá Munkaþverárklaustri. Í skilningi einkamálaréttarfars hafi sakarefnið í því máli því ekki verið það sama. Dómur Landsyfirréttar hafi því ekki þau áhrif sem um ræði í 1. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála en hann hafi á hinn bóginn fullt sönnunargildi um þau

[802] Auk framangreindra dóma hefur óbyggðanefnd skoðað sérstaklega m.t.t. þessa eftirfarandi dóma Hæstaréttar: Dóm frá 3. nóvember 1994 í máli nr. 247/1994 (Geitland), dóm frá 10. apríl 1997 í máli nr. 66/1996 (Auðkúluheiði), dóm frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Framafréttur), dóm frá 28. september 2006 í máli nr. 498/2005 (Stafafell), dóm frá 18. október 2007 í máli nr. 79/2007 (Mörtunga), dóm frá 22. september 2011 í máli nr. 294/2010 (Mælifell), dóm frá 26. september 2013 í máli nr. 411/2012 (Bleiksmýrardalur austan Fnjóskár) og loks dóm einnig frá 26. september 2012 í máli nr. 413/2012 (Bleiksmýrardalur vestan Fnjóskár).

málsatvik sem í honum greinir, þar til hið gagnstæða sé sannað, sbr. 4. mgr. sömu lagagreinar. Hæstiréttur komst síðan að þeirri niðurstöðu að þótt dómsorð héraðsréttarins, sem Landsyfirréttur létt standa óraskað, hafi kveðið á um að afréttarlandið Bleiksmýrardalur fyrir austan Fnjóská tilheyrði Munkaþverárklaustri sem fullkomin og átölulaus eign hafi ekki að öllu leyti verið leyst úr því hvert inntak þessara réttinda væri. Dómur Landsyfirréttar geti því ekki haft sönnunargildi um það atriði skv. 4. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991, sem vikið geti til hliðar þeirri ályktun, sem dregin var af öðrum fyrirliggjandi heimildum í málinu, að Munkaþverárklaustur hafi aðeins notið óbeinna eignarréttinda yfir Bleiksmýrardal fyrir austan Fnjóská.

Í dómi Hæstaréttar um Eyvindarstaðaheiði í máli nr. 546/2012 reyndi einnig á atriði tengd áhrifum eldri dómsúrlausnar. Var þar um að ræða dóm réttarins frá 10 apríl 1997 í máli nr. 67/1996 en í því máli deildu Bólstaðahlíðarhreppur, Lýtingsstaðahreppur og Seyluhreppur við Landsvirkjun um bótarétt vegna annars vegar fallréttinda (virkjunarréttinda) í Blöndu og hins vegar lands á heiðinni sem Landsvirkjun hafði fengið til ótímabundinna umráða og afnota vegna Blönduvirkjunar á grundvelli nánar tiltekins samnings við hreppana. Íslenska ríkinu var stefnt til réttargæslu. Hæstiréttur sýknaði Landsvirkjun af kröfum hreppanna í umræddu máli og var sú niðurstaða reist á því að Eyvindarstaðaheiði væri ekki háð beinum eignarrétti.

Í máli nr. 546/2012 deildu annars vegar íslenska ríkið og hins vegar Sjálfseignarstofnunin Eyvindarstaðaheiði og Sveitarfélagið Skagafjörður um eignarréttarlega stöðu Eyvindarstaðaheiðar. Í dómi Hæstaréttar kom fram að Sjálfseignarstofnunin Eyvindarstaðaheiði og Sveitarfélagið Skagafjörður væru komin í stað hreppanna sem voru aðilar að fyrra málinu. Gagnaðili þeirra hafi á hinn bóginn verið Landsvirkjun en íslenska ríkið hafi aðeins átt þar hlut að máli á grundvelli 1. mgr. 21. gr. laga nr. 91/1991 (réttargæsluaðild) og hafi af þeim sökum ekki verið aðili að því í skilningi 1. mgr. 116. gr. sömu laga. Þótt hrepparnir þrír hafi reist áðurnefndar dómkröfur sínar í fyrra málinu á þeim grunni að þeir nytu beins eignarréttar yfir Eyvindarstaðaheiði hafi þær snúið að viðurkenningu réttar hreppanna til bóta úr hendi Landsvirkjunar. Dómkröfur í þessu máli snéru á hinn bóginn að því hvort hnekkt yrði úrskurði óbyggðanefndar um að Eyvindarstaðaheiði og Hraunin séu þjóðlenda og eftir atvikum ákvörðun um hvers konar réttindi gagnaðilar íslenska ríkisins kynnu að njóta að þessum landsvæðum. Í skilningi einkamálaréttarfars væri sakarefnið málinu þannig ekki það sama og í fyrra dómsmálinu. Dómur Hæstaréttar í máli nr. 67/1996 hafi því ekki þau áhrif hér, sem um ræði í 1. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991, en hann hafi á hinn bóginn fullt sönnunargildi um þau málsatvik, sem í honum greinir, þar til það gagnstæða sé sannað, sbr. 4. mgr. sömu lagagreinar.

Í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 5/2008, sem tók til landsvæðisins, kom fram að nefndin teldi ljóst að beinn eignarréttur hafi verið til úrlausnar í dómi Hæstaréttar í máli nr. 67/1996. Þannig lægi fyrir dómsúrlausn um eignarréttarlega

stöðu Eyvindarstaðaheiðar. Til þess beri þó að líta að dómurinn feli ekki í sér úrlausn um eignarréttarlega stöðu Eyvindarstaðaheiðar samkvæmt lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998 með síðari breytingum. Til athugunar hljóti því að koma hjá óbyggðanefnd hvaða áhrif aðild að málinu sem þá var til umfjöllunar hjá nefndinni, gögn eða önnur þau atriði sem dómstólar hafa ekki þegar tekið afstöðu til, hafi á eignarréttarlega stöðu Eyvindarstaðaheiðar samkvæmt lögum nr. 58/1998. Síðan rakti nefndin að Sjálfseignarstofnunin Eyvindarstaðaheiði (sem var í eigu Húnavatnshrepps) og Sveitarfélagið Skagafjörður væru komin í stað þeirra hreppa sem áttu aðild að umræddu máli hjá Hæstarétti. Í málinu lægju ekki fyrir nein gögn sem sýni fram á rýmri rétt annarra hreppa sem sameinuðust undir merkjum Sveitarfélagsins Skagafjarðar og Húnavatnshrepps, til Eyvindarstaðaheiðar. Þá taldi nefndin, eftir að hafa borið skjalaskrá málsins saman við skjalaskrá Hæstaréttarmáls nr. 67/1996 að engin ný gögn væru komin fram í málinu sem skipt gætu máli að þessu leyti.

Af framangreindum dómi Hæstaréttar í máli nr. 411/2012 má ráða þá afstöðu réttarins að dómar Landsyfirréttar kunni að vera bindandi um úrslit sakarefnis milli aðila máls og þeirra sem þeir leiða rétt sinn til að uppfylltum þeim skilyrðum og fram koma í 1. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, með sambærilegum hætti og dómar þeirra dómstóla sem starfa samkvæmt núverandi réttarskipan. Samkvæmt ákvæðinu er dómur bindandi um úrslit sakarefnis milli aðila og þeirra sem koma að lögum í þeirra stað, um þær kröfur sem eru dæmdar þar að efni til. Í umræddu máli var um það að ræða að annar málaðilanna, þ.e. íslenska ríkið, átti ekki aðild að máli nr. 1/1855 fyrir Landsyfirrétti og leiddi ekki heldur rétt sinn til aðila þess máls. Dómurinn var því að mati Hæstaréttar ekki bindandi um úrslit sakarefnisins jafnvel þótt þar hafi verið dæmt um að svæðið væri „fullkomin og átölulaus eign“ þess aðila sem krefjendur eignarréttar í máli nr. 411/2012 leiddu rétt sinn til.

Með sambærilegum hætti var dómur Hæstaréttar í máli nr. 67/1996 ekki bindandi um úrslit sakarefnisins í máli nr. 546/2012 þar sem íslenska ríkið átti ekki aðild að fyrrnefnda málinu auk þess sem dómkröfur voru ekki hinar sömu. Gilti einu í því sambandi þótt krefjendur beins eignarréttar í máli nr. 546/2012 leiddu rétt sinn til aðila sem Hæstiréttur hafði í máli nr. 67/1996 í reynd hafnað að ættu beinan eignarrétt á svæðinu. Er það í aðalatriðum í samræmi við þá afstöðu óbyggðaefndar til áhrifa hins eldra dóms sem fram kemur í forsendum fyrir niðurstöðu nefndarinnar í máli nr. 5/2008, enda lagði nefndin sjálfstætt mat á sönnunargildi dómsins en taldi hann ekki bindandi um úrslit sakarefnisins í skilningi 1. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991.

Fyrir liggja nokkrir dómar Hæstaréttar í þjóðlendumálum þar sem eldri dómsúrlausnir hafa verið taldar bindandi um niðurstöðu málsins. Í fyrsta lagi má nefna dóm Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 þar sem íslenska ríkið og Bræðratungukirkja deildu um eignarréttarlega stöðu Tunguheiðar. Í málinu lá fyrir dómur aukadómþings Árnessýslu frá 23. febrúar 1980 í eignardómsmáli þar sem

Bræðratungukirkja og íslenska ríkið deildu um eignarrétt á landinu. Viðurkennt var að Bræðratungukirkja ætti beinan eignarrétt á landinu. Í forsendum fyrir niðurstöðu dóms Hæstaréttar í máli nr. 48/2004 kemur fram að umræddur dómur aukadómsþings Árnessýslu sé bindandi um úrslit sakarefnisins og hafi hlotið að vekja réttmætar væntingar Bræðratungukirkju um að eignarréttur kirkjunnar á landinu væri óumdeildur. Kröfugerð ríkisins í þjóðlendumálinu fengi ekki samrýmst þeirri afstöðu íslenska ríkisins að una dómi aukadómþingsins.

Í máli því sem lauk með dómi Hæstaréttar 11. nóvember 2010 í máli nr. 768/2009 (Afréttur Álftaneshrepps hins forna) lá fyrir dómur landamerkjadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu og Hafnarfjarðar frá 14. desember 1971 þar sem skorið var úr um hver væru mörk Krýsuvíkur til norðurs og Garðakirkjulands til suðurs. Málið var rekið sem eignardómsmál og íslenska ríkið var þar meðal málsaðila. Aðildin að máli því sem lauk með dómi Hæstaréttar í máli nr. 768/2009 var að nokkru leyti önnur en í landamerkjadómnum. Í dómi Hæstaréttar kemur fram að dómur landamerkjadómsins hafi fullt sönnunargildi um þau atvik sem þar var ráðið til lykta og feli í sér „bindandi úrslit sakarefnisins jafnt fyrir áfrýjendur sem aðra“. Dómurinn var því lagður til grundvallar um afmörkun þjóðlendunnar.

Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 294/2010, sem kveðinn var upp 22. september 2011, kom til skoðunar hvaða þýðingu dómur Héraðsdóms Austurlands frá 8. janúar 2004 í eignardómsmáli hefði varðandi eignarréttarlega stöðu Mælifells og Selsárvalla. Í dómi Hæstaréttar kemur fram að þeir sem fengu eignardóminn hafi orðið eins settir og ef gefin hefði verið út skiptayfirlýsing um ráðstöfun viðkomandi réttinda. Þá segir að slík skiptayfirlýsing hefði í engu breytt réttarstöðu dómhafanna og áfrýjenda sem leiddu rétt sinn til þeirra gagnvart ákvæðum laga nr. 58/1998 og leiði þá af sjálfu sér að dómurinn frá 8. janúar 2004 geri það ekki heldur.

Þær forsendur fyrir niðurstöðum Hæstaréttar í málum nr. 411/2012 og 546/2012 sem að framan eru raktar kunna að hafa áhrif á mat óbyggðanefndar á þýðingu eldri dómsúrlausna um eignarréttarlega stöðu landsvæða ef upp koma sambærileg tilvik. Á svæði 8A er eitt tilvik þar sem reynir á sambærileg álitaefni og uppi voru í varðandi Eyvindarstaðaheiði í máli nr. 5/2008, þ.e. ágreiningur um eignarréttarlega stöðu Auðkúluheiðar sem er til úrlausnar í máli nr. 2/2013. Aðrir fyrirliggjandi dómar Hæstaréttar gefa að mati óbyggðanefndar ekki tilefni til breytinga á sönnunarmati nefndarinnar. Niðurstaðan af framangreindri skoðun er í meginatriðum sú að meta þurfi áhrif eldri dómsúrlausna af varfærni. Þær geta haft sönnunargildi um þau atvik sem þar greinir en fela aftur á móti ekki í sér bindandi niðurstöðu um úrslit sakarefnisins nema milli aðila viðkomandi máls og þeirra sem leiða rétt sinn frá þeim með beinum hætti, sé sakarefnið það sama. Auk þess má draga þá ályktun að eldri dómsúrlausn feli því aðeins í sér bindandi niðurstöðu um eignarréttarlega stöðu landsvæðis ef þar hefur ótvírætt verið tekin afstaða til inntaks viðkomandi eignarréttinda.

6.2 Landnám

Óbyggðanefnd hefur í fyrri úrlausnum sínum byggt á því að skýrar frásagnir *Landnámu* hafi sönnunargildi um tilvist eignarréttar en talið hæpið að af takmörkuðum lýsingum í *Landnámu* verði afdráttarlausar ályktanir dregnar um það hvort í öndverðu hafi verið stofnað til eignarréttar yfir landsvæði með námi.[803] Má í þessu sambandi einnig vísa til dóms Hæstaréttar 28. september 2006 í máli nr. 497/2005, sem fjallaði um Hoffells-Lambatungur í Nesjum.

Í kafla 5.1 hér að framan er gerð grein fyrir þeim takmörkuðu frásögnum *Landnámu* sem lúta að landsvæði því sem hér er til umfjöllunar. Af þeim verður ekki ráðið hversu langt upp til fjalla og inn til landsins numið var. Að öðru leyti vísast til eftirfarandi kafla um einstök landsvæði.

6.3 Sauðadalur

6.3.1 Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem nefndur er Sauðadalur og Pálmi Ellertsson, Hnausabúið sf., Sigurður Erlendsson og Sjálfseignarstofnunin Grímstungu- og Haukagilsheiði gera kröfu til sem eignarlands síns auk þess sem eigendur Hvamms hafa gert kröfu um afnotarétt af svæðinu. Um nánari afmörkun og lýsingu krafna vísast til kafla 3.1 og 3.3.

Landsvæði það sem hér um ræðir afmarkast af Vatnsdalsfjalli að vestan og Svínadalsfjalli að austan og hefur meginleguna suður-norður. Dalshlíðarnar eru yfirleitt mjög brattar, giljum grafnar og klettóttar í brúnum. Um dalinn rennur Sauðadalsá til norðurs. Norðan til í Svínadalsfjalli gengur Mjóidalur suður í fjallið milli Geldingsaxlar og Skertlufjalls. Land á ágreiningssvæðinu er að mestu gróið.

6.3.2 Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins er almennt á því byggt að af heimildum megi ráða að land innan þjóðlendukröfusvæða í máli þessu hafi legið utan landnáms en verið nýtt sem afréttur. Kröfugerð ríkisins tekur mið af merkjalýsingum jarða, afréttum á svæðinu, landnámslýsingum og staðháttum. Að því leyti sem ekki er fallist á merkjalýsingar jarða til afréttarsvæða, öræfa og jökla, er á því byggt að tilvísuð landamerkjabréf, enda þótt þinglýst séu, teljist ekki ein og sér nægjanleg til staðfestingar beinum eignarrétti. Er þá tekið tillit til þess að lýsingar eru ekki í samræmi við landnám, heimildir um nýtingu lands og landfræðilegar aðstæður. Vísast m.a. að þessu leyti til dóma Hæstaréttar frá 21. október 2004 í málum nr. 47/2004 og 48/2004.

Þá er byggt á því að ekki sé annað í ljós leitt en að Sauðadalur hafi frá öndverðu verið nýttur til hefðbundinna afréttarnota og að ósannað sé að hann hafi verið numinn í öndverðu. Í heimildum sem íslenska ríkið vísar í máli sínu til

[803] Sbr. umfjöllun um landnám í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

stuðnings, s.s. ritunum *Göngur og réttir*, *Árbók Ferðafélags Íslands* og *Húnaþingi III*, sé ávallt fjallað um Sauðadal sem afréttarland sem margir bændur hafi haft not af allt frá 1750. Aðliggjandi jarðir lýsi landamerkjum sínum þannig að um sérstakt afmarkað svæði sé að ræða. Af heimildum verði ekki annað ráðið en að svæðið hafi frá fornu fari verið nýtt sem samnotasvæði til upprekstrar fyrir fé eða öðrum sambærilegum tilgangi, og þó svæðið kunni eftir atvikum að hafa tilheyrt einhverjum öðrum jörðum á svæðinu, hafi ekki í þeirri tilheyrslu falist annað og meira en tilheyrsla á afnotaréttindum. Þá er á það bent að utan nokkurra dæma um selstöðu er ekki vitað til þess að búið hafi verið í dalnum eða þar stofnað til nýbýlis.

Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins, Pálma Ellertssonar, Hnausabúsins sf., Sigurðar Erlendssonar og sjálfseignarstofnunarinnar Grímstunguheiði og Haukagilsheiði er byggt er á því að svæðið hafi verið numið í öndverðu og sá eignarréttur hafi aldrei fallið niður. Jafnframt er byggt á þinglýstum landamerkjabréfum Hnausa frá 20. júní 1883 og Stóru-Giljár frá 12. maí 1890 sem hafi verið þinglýst athugasemdalaust, sem og öðrum skráðum eignarheimildum sem fyrir eign þessari, ásamt þinglýstum landamerkjabréfum aðliggjandi jarða.

Þá er byggt á því að fullur hefðartími sé liðinn frá því að fyrrgreindum landamerkjabréfum var þinglýst og sama eigi við um afsöl sem landeigendur byggja rétt sinn á, en skjölum þessum hafi verið þinglýst athugasemdalaust af ríkisvaldinu. Af þeim sökum sé véfengingarkrafa ríkisvaldsins á hendur eigendum Sauðadals fallin niður vegna fyrningar og tómlætis. Lögð er áhersla á að landeigendur glati ekki rétti sínum þótt þeir hafi eingöngu nýtt land sitt með takmörkuðum hætti, enda sé það ekki skilyrði fyrir eignarrétti að nýta eign sína á ákveðinn hátt heldur gildi skráðar heimildir hvað þetta varðar. Land verði ekki þjóðlenda fyrir það eitt að það hafi að mestu verið nýtt til beitar.

Öll afnot og nytjar landsins hafi verið háðar leyfi landeiganda. Þá hafi eignarheimildir landeigenda frá upphafi verið talið gildar í viðskiptum manna og því byggi eignarhaldið enn fremur á viðskiptavenju. Grundvallarreglan um réttaröryggi í skiptum manna geri kröfu um traust og festu í lögskiptum. Menn eigi að geta treyst lagalegri þýðingu gagna um lögskipti manna og lögaðila um ráðstöfun auðlinda. Vísa gagnaðilar ríkisins til athugasemda við 5. gr. í frumvarpsins til þjóðlendulaga nr. 58/1998 í því sambandi.

Þá er vísað til *Almennra niðurstaðna óbyggðanefndar* og meginreglna íslensks eignarréttar og dómvenju þess efnis að landsvæði sem talið hefur verið jörð samkvæmt elstu heimildum og landamerkjalýsing fari ekki í bága við eldri heimildir, sé beinum eignarrétti háð. Sá sem haldi öðru fram hafi sönnunarbyrði fyrir því. Því til stuðnings er vísað til fyrri fordæma Hæstaréttar, m.a. dóms Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Úthlíð). Þá er vísað til dóms Hæstaréttar frá 16. maí 2007 í máli nr. 448/2006. Íslenska ríkið hafi ekki sýnt fram á með neinum haldbærum

gögnum að land innan þinglýstra landamerkja Sauðadals sé ekki beinum eignarrétti háð.

Af hálfu gagnaðila ríkisins er vísað til þess að við setningu landamerkjalaga nr. 5/1882 og síðar landamerkjalaga nr. 41/1919 hafi ætlun löggjafans verið að framkvæmdavaldið hefði frumkvæði að því að gengið yrði frá landamerkjum jarða, þau skráð og leyst úr ágreiningi um þau. Landamerkjabréf Sauðadals bendi til þess að landið sé háð beinum eignarrétti, enda séu þau byggð á eldri heimildum sem ekki fari gegn landamerkjabréfunum. Þá telja gagnaðilar ríkisins að líta verði til þess að innan kröfusvæðisins séu fjölmargar leifar og tóftir mannvirkja sem styðji við gamlar heimildir um að þar hafi verið búið og landið því háð beinum eignarrétti. Vísast hvað þetta varðar til örnefnaskráa.

Byggt er á því að gagnaðili ríkisins hafi réttmætar væntingar til þess að landsvæði þetta teljist háð beinum eignarrétti sem hann verði ekki sviptur án bóta. Vísað er til jafnræðisreglu stjórnsýslulaga og stjórnarskrár um að sambærileg málefni hljóti sömu niðurstöðu og að jafnræði ríki milli borgaranna. Þá byggir gagnaðili ríkisins jafnframt á þeim sjónarmiðum sem Mannréttindadómstóll Evrópu hefur lagt til grundvallar um lögmætar væntingar. Þessar væntingar njóti verndar 72. gr. stjórnarskrárinnar og 1. gr. 1. viðauka Mannréttindasáttmála Evrópu.

Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins, eigenda Hvamms I og Hvamms II, er byggt er á því að Sauðadalur sé í einkaeigu tiltekinna aðila og hafi verið frá landnámi. Nálægar jarðir hafi nýtt dalinn og haft þar sel, m.a. Hvammur í Vatnsdal. Jörðin hafi nýtt beitarlandið í árhundruð og lögð hafi verið fjallskil á Hvamm sérstaklega. Byggja gagnaðilar á að skilyrði til hefðar hafi myndast vegna afnotaréttar. Kröfur umræddra gagnaðila ríkisins fela í sér að kröfum íslenska ríkisins verði hafnað, en fari svo að það verði talin þjóðlenda gera þeir kröfu um viðurkenningu á fullum og óskertum afnotarétti í landinu.

6.3.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Sauðadals er rakin í kafla 5.2 hér að framan. Þar eru raktar ýmsar heimildir um eignarhald og/eða afnot á ágreiningssvæðinu, allt aftur til 14. aldar. Af þeim heimildum sem þar er getið má ráða að Stóra-Giljá hafi verið sjálfstæð jörð og að óumdeilt eignarland jarðarinnar liggur að ágreiningssvæðinu í máli þessu. Þá liggur einnig fyrir að Stóra-Giljá fór með umráð ágreiningssvæðisins a.m.k. frá upphafi 17. aldar, og síðar einnig Hnausar frá miðri 19. öld, eftir að helmingur dalsins komst í eigu jarðarinnar. Það hvort Sauðadalur hafi tilheyrt jörðinni, á sama hátt og annað land hennar, eða haft aðra stöðu er hins vegar atriði sem þarfnast nánari skoðunar.

Máldagi Auðunar biskups rauða Þorbergssonar fyrir Hólabiskupsdæmi frá árinu 1318 er elst þeirra heimilda sem geta um Sauðadal, en þar segir að Hjaltabakkakirkja hafi átt selför í Sauðadal. Fjöldi heimilda þar að auki kveður á um

selfarir í Sauðadal, m.a. frá kirkjunni að Másstöðum og Hjaltabakkakirkju. Tengsla Stóru-Giljár við Sauðadal er fyrst getið í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá árinu 1706 þar sem segir í kafla um Stóru-Giljá: „Afrjett eigna eigendur jörðunni á Sauðadal, en margar jarðir kalla það selstöður sínar; það er ekki reynt með lögum hvörjir rjettast hafi, og er þeim unt sem til kalla að reyna sinn rjett.“ Selstöðu fyrir sjálfa sig, geldfjárgáng allan um sumur og hrossa og nauta beit hefur jörðin átölulaust á Sauðadal. Um tilkall annara manna, hvort sem það áhrærir selstöður eður önnur ítök, lambaupprekstur eður þvílíkt annað, kveðst ábúandi afsaka sig til að svara og vísar því til landsdrottins, so hann megi þetta alt að lögum reyna, en lambatolla fyrir brúkan þeirra, sem á Sauðadal hafa rekið í næstu 2 ár, kveðst Sigurður Einarsson [þá ábúandi á Stóru Giljá] af fleiri þeim uppborið hafa.“ Þá ber fjölda heimilda saman um selstöður ýmissa bæja á Sauðadal allt frá 14. öld og fram á 19. öld.

Í landamerkjabréfi Hnausa frá 20. júní 1883, þinglýstu 28. maí 1889, segir að Sauðadalur sé í sameign eiganda Hnausa og eiganda Stóru-Giljár. Það var samþykkt fyrir allar aðliggjandi jarðir sem liggja að Sauðadal, en þær eru um 20 talsins. Landamerkjabréf fyrir Stóru-Giljá og Beinakeldu er dagsett 12. maí 1890 og því var þinglýst 26. maí 1891. Sem fyrr greinir er Stóra-Giljá aðliggjandi Sauðadal að norðanverðu en í bréfinu er merkjum jarðarinnar þannig lýst heildstætt að Sauðadal meðtöldum auk þess sem getið er sérstaklega um afmörkun Sauðadals að norðanverðu. Íslenska ríkið byggir afmörkun kröfusvæðisins fyrst og fremst á landamerkjabréfum aðliggjandi jarða auk þess sem vísað er til lýsinga svæðisins í ýmsum nýrri ritum, svo sem *Árbók Ferðafélags Íslands* frá árinu 1964 og *Húnaþings III*. Gagnaðilar íslenska ríkisins byggja afmörkun kröfusvæðisins fyrst og fremst á landamerkjabréfum Hnausa frá 1883 og Stóru-Giljár frá 1890 auk þess sem byggt er á þinglýstum landamerkjabréfum aðliggjandi jarða.

Kemur þá fyrst til skoðunar hvernig merkjum Sauðadals er lýst annars vegar í landamerkjabréfi Hnausa frá 1883 og hins vegar landamerkjabréfi Stóru-Giljár frá 1890. Eru þetta einnig fyrstu heildstæðu lýsingarnar á ágreiningssvæðinu og ber þeim saman að efni til. Jafnframt er við afmörkunina litið til landamerkjabréfa aðliggjandi jarða en einnig verður höfð hliðsjón af öðrum heimildum sem lýsa svæðinu.

Til allra átta eru óumdeild eignarlönd. Að norðanverðu Brekka og Syðri brekka, Stóra-Giljá, Reykir, Mosfell og Geithamrar. Að vestanverðu eru Bjarnastaðir, Másstaðir, Hjallaland, Hvammur, Eyjólfsstaðir, Bakki, Hof og Kötlustaðir. Að sunnanverðu er það Gilá og Marðarnúpur. Austan við eru það jarðirnar Gafl, Ljótshólar, Snæringsstaðir, Syðri-Grund og Grund. Markmið eftirfarandi athugunar er að upplýsa um merki Sauðadals, þar á meðal hvort samræmi sé á milli heimilda og afmörkunar málsaðila á því landsvæði sem hér er til úrlausnar. Að fenginni niðurstöðu um merki verður fjallað um eignarréttarlega stöðu landsins.

Norðurmerkjum Sauðadals er lýst svo í landamerkjabréfi Hnausa frá 1883: „ … Að norðan og austan Sauðadalsár ráða svo kallaðar Skertlur […] að Hjálpargili

sem einnig er kallað Kötlunúpsgil, þaðan austur í Sauðadalsá.“ Í landamerkjabréfi Stóru-Giljár frá 1890 segir: „ … beina línu norðaustan í há Skertlufjall […] út að Kötlunúpagili eða Hjálpargili, svo sem gil ræður í Sauðadalsá. Þá segir í einnig í landamerkjabréfinu: „Norðurmerki Sauðdals er úr Skertlufjalli í Hjálpargili.“

Í kaupbréfi fyrir jörðinni Beinakeldu og ¼ part úr Sauðadal segir að það land reiknist að norðan frá Mjóadalsá og þar þvert yfir Sauðadalinn. Sambærilega lýsingu er að finna í makaskiptum um sömu jörð ári síðar þar sem ¼ partur úr Sauðadal er látinn af hendi fyrir jörðina. Er svæðinu lýst svo: „ … svokallaðr Sauðadalr eða Sauðadalsland nær að norðan frá Mjóadalsá og þar þvert yfir dalinn … “.

Norðan og norðvestan megin við Sauðadal liggja jarðirnar Brekka og Brekkukot, Stóra-Giljá, Reykir, Mosfell og Geithamrar. Landamerkjabréf fyrir þjóðjörðunum Brekku og Brekkukoti var útbúið 3. maí 1889 og þinglesið 28. maí sama ár. Er merkjum gagnvart ágreiningssvæðinu lýst svo: „ … að Hjálpargili, og sem það ræður, þá frá því þvert niður til Gilár … “. Merkjum í landamerki Stóru-Giljár er lýst hér að framan. Landamerkjabréf fyrir Reyki var útbúið 25. maí 1891 og þinglesið degi síðar og er merkjum þar lýst þannig að þau nái í merkjapunktinn há-Skertlufjall. Bréfið var undirritað m.a. af eiganda Beinakeldu og Stórugiljár. Þá segir í landamerkjabréfi Mosfells frá 1. febrúar 1891, þinglesnu 19. maí 1882, að merki liggi beina línu upp í há hnjúk, (Miðdegishögg) og þaðan til norðurs út háfjallið. Í landamerkjabréfi Geithamra sem þinglesið var 17. maí 1890 segir: „ … beina stefnu til fjalls-brúnar, að vestanverðu frá greindu takmarki ræður fjallsbrúnin merkjum til suðurs allt að Þrílækjum.“

Í ljósi þess sem að framan greinir er það niðurstaða óbyggðanefndar að mörk Sauðadals til norðurs hafi verið með þeim hætti sem heimildum ber saman um, og aðilar að máli þessu miða kröfur sínar við, þ.e. eftir Hjálpargili í Sauðadalsá, þaðan í Skertlur og há-Skertlufjall, þá í Þrílæki í Svínadalsfjalli.

Austurmerkjum Sauðadals er lýst svo í landamerkjabréfi Hnausa frá 1883: „Að norðan og austan Sauðadalsár ráða svo kallaðar Skertlur, er skerast vestur úr Reykjanybbu, þaðan fram og austur á Svínadalsfjall, allt hvað vötn að draga til vesturs, fram móts við svo kallaðan klett Snagga, er stendur við Hrafnabjargakvísl, móts við Marðarnúpsmenn … “. Í landamerkjabréfi Stóru-Giljár frá 1890 segir: „ … í há Skertlufjall, þaðan fram og austur á Svínadalsfjall, allt sem vötn að draga af fjallsengjum til vesturs, móts við klett, er stendur við Hrafnabjargakvísl, við Marðarnúps land … “.

Í skýrslu Björns Auðunarsonar Blöndal sýslumanns Húnvetninga til hins íslenska bókmenntafélags, dags. 20. janúar 1840, segir eftirfarandi um Sauðadal í kafla um byggðarlög: „Millum hans [þ.e. Vatnsdals] og Svínadalsins liggur Sauðadalur … “. Í sóknarlýsingu Þingeyrasóknar frá árinu 1840 kemur fram að einn afdalur gangi upp á milli Vatnsdalsfjalls og Reykjanibbu í suður og nefnist Sauðadalur. Í kafla eftir Grím Gíslason sem birtist í ritinu *Húnaþing III* segir í kafla

um Sauðadal að hann skerist fram milli Vatnsdalsfjalls og Svínadalsfjalls. Í *Árbók Ferðafélags Íslands* frá árinu 2007 segir m.a. svo um Sauðadal að hann liggi milli Vatnsdalsfjalls að vestanverðu og Svínadalsfjalls að austan.

Austan megin við Sauðadal liggja jarðirnar Grund, Syðri-Grund, Snæringsstaðir, Ljótshólar og Gafl. Í landamerkjabréfum þeirra jarða sem liggja austan við Sauðadal er merkjum þeirra á milli almennt lýst þannig að þau liggi „á fjall upp“ og svo ýmist eftir háfjallinu eða að í þeim segi að fjallsbrún ráði. Vísast um þetta til landamerkjabréfa Grundar, Snæringsstaða, Ljótshóla og Gafls, auk landskiptasamnings Syðri-Grundar frá 1952. Bréf þessi eru gerð á árinu 1890 utan Gafls en það bréf er gert árið 1887.

Í ljósi þess sem að framan greinir er það niðurstaða óbyggðanefndar að mörk Sauðadals til norðurs hafi verið með þeim hætti sem heimildum ber saman um, og aðilar að máli þessu miða kröfur sínar við, þ.e. frá Svínadalsfjalli þar sem Þrílækir falla úr því, þá suður eftir háfjallinu í Gaflstjörn.

Suðurmerkjum Sauðadals er lýst svo í landamerkjabréfi Hnausa frá 1883: „ … [fram móts við svo kallaðan klett Snagga, er stendur við Hrafnabjargakvísl, móts við Marðarnúpsmenn] þaðan rjettsýni vestur á Vatnsdalsfjall móti merkisteini þeim, er stendur í Gilár- eður í Marðarnúps-hlíð … “. Í landamerkjabréfi Stóru-Giljár frá 1890 segir: „ … [móts við klett, er stendur við Hrafnabjargakvísl, við Marðarnúps land] þaðan rjettsýni vestur á Vesturdalsfjall, móti merkisteini þeim, sem stendur á Giljár- eða Marðarnúps- hlíð … “.

Í kaupbréfi fyrir jörðinni Beinakeldu og ¼ part úr Sauðadal segir að það land reiknist: „ … [að norðan frá Mjóadalsá, þar þvert yfirum Sauðadalinn] og að sunnan svo langt sem dalrinn nær.“ Sambærilega lýsingu er að finna í makaskiptum um sömu jörð ári síðar þar sem ¼ partur úr Sauðadal er látinn af hendi fyrir jörðina. Er svæðinu lýst svo: „ … [svokallaðr Sauðadalr eða Sauðadalsland nær að norðan frá Mjóadalsá og þar þvert yfir dalinn,] og að sunnan svo langt sem dalr þessi nær.“ Í *Árbók Ferðafélags Íslands* frá árinu 2007 segir m.a. svo um Sauðadal að hann sé talinn ná frá Fremstalæk og Draugaflá að sunnan.

Sunnan megin við Sauðadal liggja jarðirnar Marðarnúpur og Gilá. Landamerkjabréf fyrir kristfjárjörðinni Marðarnúpi var útbúið 25. júlí 1890 og því var þinglýst 28. maí 1891 og lýsir það mörkum gagnvart suðurenda ágreiningssvæðisins svo: „ … í Fremstalæk, sem þá ræður merkjum beint í Snaga við Selkvísl … “. Landamerkjabréf Gilár var útbúið 25. júlí 1890 og þinglýst 28. maí 1891 en mörkum jarðarinnar var lýst svo gagnvart ágreiningssvæðinu: „ … þá bein lína yfir Svartfell austur í Sauðadalslæk. Að austan ræður Sauðadalslækur, þar til hann beygist og nefnist Fremstilækur.“

Í ljósi þess sem að framan greinir er það niðurstaða óbyggðanefndar að mörk Sauðadals til norðurs hafi verið með þeim hætti sem heimildum ber saman um, og

aðilar að máli þessu miða kröfur sínar við, þ.e. frá Gaflstjörn eftir Fremstalæk þar til hann beygist í Sauðdalsá og þaðan vestur yfir Svartfell.

Vesturmerkjum Sauðadals er lýst svo í landamerkjabréfi Hnausa frá 1883: „ … [vestur á Vatnsdalsfjall móti merkisteini þeim, er stendur í Gilár- eður í Marðarnúps-hlíð,] þar vötnum veitir til austurs, þaðan norður háfjallið allt að Hjálpargili sem einnig er kallað Kötlunúpsgil … “. Í landamerkjabréfi Stóru-Giljár frá 1890 segir: „ … [merkisteini þeim, sem stendur á Giljár- eða Marðarnúps- hlíð,] svo það vötnum veitir til austurs norður eptir öllu fjallinu út að Kötlunúpagili eða Hjálpargili … “.

Í skýrslu Björns Auðunarsonar Blöndal sýslumanns Húnvetninga til hins íslenska bókmenntafélags, dags. 20. janúar 1840, segir eftirfarandi um Sauðadal í kafla um byggðarlög: „Millum hans [þ.e. Vatnsdals] og Svínadalsins liggur Sauðadalur … “ Í viðbæti við sóknarlýsingu Hjaltabakkasóknar frá árinu 1873 segir að Hjaltabakki geri tilkall til selstöðu á Suðadal sem sé óbyggður dalur austan fram með Vatnsdalsfjalli. Í umfjöllun um ágreiningssvæðið í ritinu *Föðurtún* frá 1950 segir: „Bak við fjallið að austan er óbyggður dalur, sem áður var seljaland og byggður á stundum. Það er Sauðadalur … “ Af heimildinni má ráða að átt sé við Vatnsdalsfjall og að dalurinn liggi austan við það. Í kafla eftir Grím Gíslason sem birtist í ritinu *Húnaþing III* segir í kafla um Sauðadal að það liggi grösug beitilönd fram af Sveinsstaðahreppi á báða vegu og „ … samliggjandi við Vatnsdalinn þar sem er Sauðadalurinn að austan … “. Þá er í sama riti Sauðadal lýst svo að hann skerist fram milli Vatnsdalsfjalls og Svínadalsfjalls. Í *Árbók Ferðafélags Íslands* frá árinu 2007 segir m.a. svo um Sauðadal að hann liggi milli Vatnsdalsfjalls að vestanverðu og Svínadalsfjalls að austan.

Vestan við Sauðadal liggja jarðirnar Bjarnastaðir, Másstaðir, Hjallaland, Hvammur, Eyjólfsstaðir, Bakki, Hof og Kötlustaðir. Sérstakt landamerkjabréf hefur ekki fundist fyrir Bakka eða aðrar lýsingar á merkjum jarðarinnar. Í landamerkjabréfum þeirra jarða sem liggja vestan við Sauðadal er merkjum þeirra á milli almennt lýst þannig að þau liggi „upp á fjall“ og merkjum jarðanna að austan þannig ýmist lýst að þau fari eftir háfjallinu, að austan eins og vötn að draga eða hvoru tveggja. Í öllum tilfellum er fjallsbrún Vatnsdalsfjalls því lýst sem merkjum framangreindra jarða. Vísast um þetta til landamerkjabréfa fyrrgreindra jarða að jörðinni Bakka undanskilinni. Landamerkjabréf framangreindra jarða voru öll gerð árið 1890.

Í ljósi þess sem að framan greinir er það niðurstaða óbyggðanefndar að mörk Sauðadals til norðurs hafi verið með þeim hætti sem heimildum ber saman um, og aðilar að máli þessu miða kröfur sínar við, þ.e. frá Svartfelli norður eftir háeggjum Svínadalsfjalls, yfir Sandfell og áfram í Bakkabungu og Sjónarhól, yfir Hjaltaskarð og Mosskarð, þaðan norður yfir hákoll Jörundarfells og þaðan í hákoll Nautaþúfu og að Hjálpargili.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið er það niðurstaða óbyggðanefndar að afmörkun gagnaðila íslenska ríkisins á Sauðadal sé í samræmi við heimildir um merki svæðisins.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja. Um almenna þýðingu landamerkjabréfa og hugtakanna jörð og afrétt(ur) við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirliggjandi umfjöllunar dómstóla og óbyggðanefndar, sbr. kafla 6.1 og *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar í* viðauka með úrskurði þessum. Svo sem þar kemur fram hefur að meginreglu verið við það miðað að land innan afmörkunar í þinglýstu landamerkjabréfi jarðar sé eignarland. Skiptir þá ekki máli þó að jörð hafi að hluta eða öllu leyti verið lögð til afréttar. Hvert og eitt landamerkjabréf er þó metið sérstaklega enda ekki hægt að auka einhliða við land sitt eða annan rétt með því að gera slíkt bréf. Hefur þá einkum verið til þess litið hvort fyrir hendi séu eldri heimildir, sem fallið geti að lýsingu í landamerkjabréfinu, enda stangist sú lýsing heldur ekki á við staðhætti, gróðurfar og upplýsingar um nýtingu landsins. Mæli heimild í mót landamerkjabréfi jarðar, hvort heldur er afmörkun lands og/eða stöðu þess sem jarðar, þarf að meta hvort vægi hennar sé slíkt að það rýri sönnunargildi bréfsins að sama skapi.

Landamerkjabréf hafa einnig verið gerð fyrir annars konar réttindasvæði en jarðir, svo sem ítök og afrétti(r). Slík bréf hafa takmarkaðra vægi sem sönnunargögn um beinan eignarrétt og að meginreglu hefur verið við það miðað í fyrirliggjandi dómum og úrskurðum að utan lands jarða sé þjóðlenda. Flokkun landsvæða í jarðir, afrétti(r) jarða, afrétti(r) kirkna og klaustra, samnotaafrétti(r) og annað land getur hins vegar verið álitamál og innan sama bréfs getur verið bæði jörð og afrétt(ur), með eða án einhvers konar aðgreiningar. Jafnframt er ljóst að notkun hugtaksins afrétt(ur) í landamerkjabréfi og/eða öðrum heimildum hefur ekki úrslitaþýðingu um að þar sé þjóðlenda. Slíkt landsvæði getur einnig verið eignarland, allt eftir atvikum máls, þar á meðal líkum á stofnun og viðhaldi eignarréttar með tilliti til eignarréttarlegrar stöðu aðliggjandi landsvæða. Heimildir um legu jarða til forna, enda þótt takmarkaðar séu, geta gefið mikilvægar vísbendingar um að landsvæði hafi upphaflega haft stöðu jarðar en síðar verið nýtt sem afrétt(ur). Meta þarf þá hvort breyting hafi orðið á eignarréttarlegri stöðu landsins, svo sem hvort eignarréttur hafi verið gefinn upp eða glatast, eða hvort eigendur hafi einungis breytt nýtingu landsins. Með sama hætti er mögulegt að unninn hafi verið réttur að áður eigendalausu landi, svo sem með lögformlegri stofnun nýbýlis eða á grundvelli hefðar.

Því er ekki lýst í Landnámu hvort Sauðadalur hafi verið numinn. Sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga verður þó að telja líklegt að land það sem hér er deilt um hafi verið numið. Er þá einnig höfð hliðsjón af því að landsvæði þau sem að Sauðadal liggja eru öll óumdeild eignarlönd.

Þessu næst verður tekið til skoðunar hvernig Sauðadalur birtist í sögulegum heimildum og er þá grein gerð fyrir þeim sem mesta þýðingu eru taldar hafa samanber hins vegar ítarlegri umfjöllun þar að lútandi í kafla 5.2. Elsta heimild sem getur um Sauðadal eru máldagar Auðunar biskups rauða Þorbergssonar fyrir Hólabiskupsdæmi frá árinu 1318 sem herma að Hjaltabakkakirkja hafi átt selför í Sauðadal. Þá segir í máldögum nokkurra kirkna í Hólabiskupsdæmi, eftir registrum Egils biskups frá árinu 1344, að kirkjan á Hjaltabakka eigi selför í Sauðadal. Við sölu jarðarinna Hofs í Vatnsdal árið 1369 voru tilgreind ítök og þar á meðal reitur í Sauðadal og sama kom fram við sölu sömu jarðar árið 1399. Í jarðaskiptabréfi frá 7. október 1563 kemur fram að ítök sem Svínavatn á í annarra manna löndum, sé allur geldfjárrekstur á Sauðadal.

Á sextándu, sautjándu og átjándu öld vitna máldagabækur og vísitasíugjörðir um að kirkjan að Másstöðum eigi selför á Sauðadal. Í máldagabók Guðbrands biskups Þorlákssonar, frá því eftir 1590, segir þannig að kirkjan á Másstöðum eigi selför á Sauðadal og allan gjeldfjárrekstur fyrir utan hross, nema þau þrjú sem þurfi til selfarar. Þá er í vísitasíugjörðum kirkjunnar að Másstöðum frá árunum 1693, 1700, 1716, 1749, 1781 og 1790 getið um að hún eigi selför á Sauðadal og allan gjeldfjárrekstur fyrir utan hross, nema þau þrjú sem þurfi til selfarar. Einnig er í fjölda vísitasía frá átjándu og nítjándu öld getið um selför kirkjunnar að Hjaltabakka. Þannig kemur fram í vísitasíum að Hjaltabakka, árin 1716, 1750, 1758, 1819, 1824 og 1833 að kirkjan eigi selför á Sauðadal. Þá er einnig getið um selför í Sauðadal í prófastsvísitasíum að Hjaltabakka árin 1768, 1785, 1807, 1836, 1841 og 1843.

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá árinu 1706 er Sauðadalur nefndur margsinnis. Í kafla um Gilá í Vatnsdalshreppi fremri, segir t.a.m.: „Eigendur eigna jörðunni x hndr. land í Sauðadal, og so segir almenníngsrómur.“ Í umfjöllun um Hof í Jarðabókinni segir: „Reit á jörðin á Sauðadal, en hvorjum gripum til beitar er ekki skýrlega ákveðið.“ Í kafla um Stóru Giljá í Torfalækjarhreppi, segir eftirfarandi í sömu heimild: „Afrjett eigna eigendur jörðunni á Sauðadal, en margar jarðir kalla það selstöður sínar; það er ekki reynt með lögum hvörjir rjettast hafi, og er þeim unt sem til kalla að reyna sinn rjett. Selstöðu fyrir sjálfa sig, geldfjárgáng allan um sumur og hrossa og nauta beit hefur jörðin átölulaust á Sauðadal. Um tilkall annara manna, hvort sem það áhrærir selstöður eður önnur ítök, lambaupprekstur eður þvílíkt annað, kveðst ábúandi afsaka sig til að svara og vísar því til landsdrottins, so hann megi þetta alt að lögum reyna, en lambatolla fyrir brúkan þeirra, sem á Sauðadal hafa rekið í næstu 2 ár, kveðst Sigurður Einarsson [þá ábúandi á Stóru Giljá] af fleiri þeim uppborið hafa. [...] Grasatekju hefur og jörðin á Sauðadal. Berjalestur má telja þrotinn. [...] Mánaðarbeit eigna menn jörðinni í Kringlulandi fyrir sauðfje alt frá Stóru Giljaá um vetur.“ Um jörðina Beinakeldu segir að hún sé hjáleiga og afbýli frá heimajörðinni Stóru-Giljá. Þar segir ennfremur: „Afrjettartolla af Sauðadal fær þessi afbýlismaður öngva. [...] Hagabeit hefur hann óskammtaða frí í Stóru Giljár landi og á Sauðadal.“ Í umfjöllum um Hjaltabakka segir að selstöðu eigi staðurinn á Sauðadal. Í

umfjöllun um jörðina Kringlu segir: „Það eru munnmæli, að þessi jörð eigi selstöðu á Sauðadal í Giljaárland, en Giljaá aftur mánaðarbeit um vetur og sex vikna beit um sumar. Beitina brúka Giljaármenn, en Krínglumenn ekki selstöðuna í lánga tíma; er og óvíst hvar selstaðan sje á Sauðadal.“. Um jörðina Hvammkot segir í fyrrgreindri heimild: „Munnmæli eigna jörðinni selstöðu á Sauðadal og segja nokkrir þar sje enn kallað Hvammssel, en í hvörjum reit greina menn ekki skýrlega. Enginn minnist það hafi Hvammsmenn brúkað.“ Í umfjöllun um jörðina Svínavatn segir ennfremur: „Geldfjár upprekstur, fyrir geldfje sitt alt, eigna menn jörðinni á Sauðadal frí.“ Um Stóra-Búrfell segir: „Geldfjár upprekstur á Sauðadal eigna menn jörðinni frí, en nú heimta Giljármenn toll fyrir og gelst hann í nokkur ár.“ Um jörðina Mársstaði segir: „Selstöðu á Sauðadal, þar sem heitir Márstaðasel og Márstaðalækur, hún hefur um lángan tíma ekki brúkuð verið, og er yfir máta lángt og erfitt til að sækja.“. Þá segir um jörðina Akur: „Selstöðu á jörðin á Sauðadal, að allra gamalla manna sögn, þar sem enn í dag heitir Akursel, og sjást glöggvar seltóftir.“

Í kafla um Þingeyrarklaustur í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá árinu 1713 segir svo um afrétt í Sauðadal: „Afrjett, sem klausturhaldararnir að fornu brúkuðu á Sauðadal, meðan Giljá lá undir klaustrið, er nú eignuð Giljá.“ Í jarðabók Þingeyraklausturs frá árinu 1760 kemur m.a. fram að Þingeyraklaustur eigi selstöðu á Sauðadal. Einnig kemur fram að Giljá eigi þar mánaðarbeit að vetri og 6 vikna beit að sumri. Í sömu heimild er þess getið að Akur eigi selstöðu á Sauðadal.

Þann 5. júní árið 1766 lögfesti séra Rafn Jónsson Hjaltabakkakirkjuland, sér til allra leiguliðanota, m.a. selför í Sauðadal. Lögfestan var upplesin fyrir manntalsþingum á Torfalæk 6. júní 1766, 20. júní 1777, 10. júní 1786, 25. maí 1792 og 5. júní 1795. Á manntalsþingi, höldnu að Ási þann 15. maí 1793, var upplesið skjal frá Helgu Jónsdóttur á Giljá, þar sem hún fyrirbauð alla hrossagöngu á Sauðadal. Var það fært til bókar ásamt svörum Fremri-Vatnsdælinga um að ef þeir fái ekki að nota sér Sauðadal fyrirbjóði þeir alla göngu og beit afréttarfjár af Sauðadal í sínum heimalöndum. Í jarðamatinu 1804 kemur fram að jörðin Svínavatn eigi afrétt í Sauðadal fyrir eign lömb og sauði. Einnig segir að jörðin Akur eigi selstæði í Sauðadal.

Í Brandsstaðaannál sem Björn Bjarnason tók saman er lýst rekstrum og göngum á Sauðadal. Annállinn er til í eldri og yngri gerð og er orðamunur og einhver efnismunur á gerðunum tveimur. Í annálnum er rakið hvernig rekstur á Kúluheiði hafi lagst af eftir Skaftárelda og menn farið að reka á Sauðadal í einhvern tíma og þá fyrir lambatoll að einhverju leyti til Stóru-Giljár. Þar kemur einnig fram að örtröð hafi verið á fé á Sauðadal og menn aftur farið að reka á Kúluheiði þegar það var tækt.

Í lögfestu Jóns Jónssonar fyrir Hvammi í Vatnsdal, sem dagsett er þann 29. maí 1810 og var lesin upp á manntalsþingi degi síðar, er minnst á að Hvammur eigi landamerki til móts við þá menn er eiga land á Sauðadal. Þá var þann 18. ágúst 1813 haldið uppboð á nokkrum jörðum Þingeyraklausturs. Var þá m.a. jörðin Akur seld og

tekið fram að hún tileinkaði sér selstöðu á Sauðadal. Á manntalsþingi, höldnu að Breiðabólstað þann 5. maí 1819, var lesið forboð hreppstjóra Ólafs Björnssonar og stúdents Benedikts Jónssonar, á Stóru-Giljá, áhrærandi brúkun á Sauðadal til hrossabeitar og grasatekju. Forboðinu mótmælti Björn Ólsen klausturhaldari á Þingeyrum vegna jarðanna Brekku og Hnausa, einnig bóndinn á Márstöðum og eigendur á Hjallalandi og Grundarkoti. Í sama máta um klausturjarðanna selstöður á dalnum, að þeir fái að halda þeim.

Þann 13. júní 1818 var haldinn lögregluréttur á Beinakeldu um um upprekstur og fjallgöngur Torfalækjar-, Svínavatns-, Ass- og Sveinsstaðahreppa. Bæjum var úthlutaður afréttur til upprekstrar svo rekstur yrði sem skemmstur. Þá kom einnig fram að það viðgengist af nokkrum búendum Torfalækjarhrepps að þeir megi reka fé sitt á Sauðadal en eigendur dalsins leggi það í hendur réttarins að álykta þar um eftir því sem hann telji hentugast almenningi. Ennfremur kemur fram að svo virðist ef einn eða fleiri tækju sér leyfi þar til, þá myndu langtum fleiri, helst af nágrönnum í nærliggjandi hreppum breyta eftir því og orsaka þannig mikla óreglu. Þess vegna ályktar rétturinn eftirfarandi: „ … Ad nefndur Saudadalur egi einganvegin ad brúkast fyrir gelldfiár Log-Afriett.“ Ákvörðunin var lesin upp á manntalsþingi að Tindum þann 30. maí 1836.

Þann 30. október 1820 mætti Ólafur Björnsson á Beinakeldu fyrir sáttanefnd á Auðkúlu bæði fyrir sína hönd og Benedikts Jónassonar stúdents á Stóru-Giljá. Þeir höfðu kært Kristján Jónsson á Snæringsstöðum fyrir að hafa farið fram á Sauðadal og tekið þaðan tvo sauði, rekið þá vestur í Vatnsdal, síðan út á Sauðadal, þá loks austur á Svínadal og neitað að afhenda þá nema gegn greiðslu. Jafnframt fyrir að hafa látið hesta ganga á Sauðadal um sumarið. Komist var að sætt sem ekki er útlistuð nákvæmlega í sáttabókinni en þeir féllu frá öllum kröfum á hendur Kristjáni og hann borgaði sáttanefndinni tilskilin gjöld.

Í sóknarlýsingu Hjaltabakkasóknar frá árinu 1839 skrifar séra Einar Guðbrandsson m.a. eftirfarandi í kafla um hlunnindi í sókninni: „Fleira er ei brauðinu til hlunninda, nema ef telja skal selstöðu á dal einum, er Sauðadalur heitir, og hálfa veiði í Laxá, hvorugt notað í margra presta tíð hér.“. Þá segir í sóknarlýsingu Þingeyrasóknar frá árinu 1840 um dali í sókninni: „Aðaldalir eru hér náttúrulega engir, en einn afdalur gengur upp á milli Vatnsdalsfjalls og Reykjanibbu í suður. Hann er langur, grösugur og vel fallinn til selja. Nefnist Sauðadalur.“.

Ólafur Guðmundsson prestur á Hjaltabakka skrifaði Steingrími biskup Jónssyni bréf 17. maí 1842 þar sem hann greindi frá deilum sem hann hafði átt í við eigendur Stóru-Giljár. Svarbréf biskups er dagsett 2. júlí 1842 en af því má sjá hver umkvörtunarefni Hjaltabakkaprests voru. Hann greinir frá því að í máldaga Auðunnar biskups, og biskups- og prófastsvísitasíum frá 1750 komi fram að kirkjan eigi selför á Sauðadal. Þrátt fyrir það hafi forveri hans sem þjónaði Hjaltabakka árin 1814−1841, ekki notað umrætt selland og það hafi hann sjálfur ekki heldur gert. Honum þyki hins

vegar illt að kirkjan skuli missa sellandið sérstaklega þar sem að menn í sveitinni hafi boðist til að taka það á leigu. Hann hafi hins vegar ekki þorað að taka því boði því hann hafði heyrt að eigendur og ábúendur Stóru-Giljár eigni jörðu sinni allan Sauðadal og vildu ekki leyfa nokkurri annarri jörð selför þangað sem hafi haft hana til forna. Hjaltabakkaprestur hafði af þessu tilefni skrifað eigendum og ábúendum Stóru-Giljár, þeim Ólafi Jónssyni hreppstjóra og Jóni Jónssyni, þann 20. apríl 1842 og spurt hvort þeir ætluðu eftirleiðis að meina kirkjunni að nota selstöðuna sem hún ætti samkvæmt máldögum. Þá krafðist hann einnig svars af þeim með hvaða rökum þeir hyggðust gera það. Hann fékk svar 10. maí 1842 þar sem m.a. kom fram að þeir viti ekki til þess að nokkur þeirra presta sem hafi verið á Hjaltabakka í langa tíð hafi gert tilkall til selfarar á Sauðadal, því sleppi þeir engu af téðum dal til Hjaltabakkakirkju nema hún vinni það með dómi, þar sem þeir álíti Sauðadal vera eign Stóru-Giljár. Í framhaldi af þessu svarbréfi spyr Hjaltabakkaprestur biskup hvort hann eigi kirkju sinnar vegna að fara í mál við eigendur Stóru-Giljár. Biskup svarar og segist álita að kirkjan hafi fullan rétt til selstöðu á Sauðadal. Segir biskup það vera skyldu prestsins að bera saman bækur við Giljármenn og reyna að fá þá til að samþykkja selförina en takist það ekki þá fari málið fyrir sáttanefnd og náist ekki sátt þá verði málið að fara fyrir dóm. Séra Ólafur á Hjaltabakka skrifaði sáttanefndinni þann 17. febrúar 1843 og óskaði þess að sáttanefndin kalli málsaðila fyrir sáttanefndina. Þann 27. febrúar 1843 mætti séra Ólafur fyrir sáttanefndina. Hann kærði Ólaf Jónsson hreppstjóra og Jón Jónsson, bændur á Stóru-Giljá og Jón Jóhannesson á Beinakeldu fyrir að viðurkenna ekki rétt kirkjunnar til selfarar á Sauðadal þrátt fyrir vitnisburð máldaga Auðunnar biskups, vísitasíur síðari biskupa og óátalda lögfestu séra Rafns Jónssonar sem var prestur á Hjaltabakka 1764−1807. Málspartar komust að niðurstöðu og gerðu með sér samning um að kirkjan fengi selstöðu á svonefndri Tröllaeyri þar sem menn viti ekki hvar selstæði kirkjunnar hafi staðið áður. Samningur þessi var ekki samþykktur af stiftsyfirvöldum.

Séra Ólafur á Hjaltabakka stefndi aftur Ólafi Jónssyni hreppstjóra og Jóni Jónssyni, eigendum Stóru-Giljár, og ekkjunni Ósk Ólafsdóttir á Beinakeldu fyrir sáttanefndina þann 9. janúar 1844 á Hjaltabakka. Ekki var komist að niðurstöðu og því var málinu vísað til dómstóla. Á manntalsþingi á Tindum, þann 25. maí 1846, var framhaldið selstöðumáli séra Ólafs Guðmundssonar á Hjaltabakka. Hann leiddi fram þrjú óstefnd vitni til þess að vitna um selstöðuna á Sauðadal. Þremur dögum síðar var málinu áfram haldið og var annað óstefnt vitni fyrir réttinn og gaf hann sinn vitnisburð um selstöðu Hjaltabakka á Sauðadal. Þá kom selstöðumál Hjaltabakka aftur fyrir sáttanefnd á Steinnesi 28. apríl 1847 en þangað var því vísað af Stiftsyfirvöldum. Eftir umræður um málið var gerður samningur milli málsaðila á þá leið að þrátt fyrir að eigendur Stóru-Giljár og Beinakeldu vildu ekki viðurkenna rétt Hjaltabakkakirkju til selstöðu þá skyldu þeir til að koma sómasamlegri lykt á þetta mál að gefa kirkjunni þann rétt til ævinlegrar eignar að núverandi prestur á Hjaltabakka og eftirmenn hans

megi eiga fría og frjálsa sumarhaga á Sauðadal fyrir tíu hross að folöldum óreiknuðum. Þessi sætt var tekin gild af Hjaltabakkapresti og prófasti uppá væntanlegt samþykki stiftsyfirvalda. Hún var lesin upp fyrir málspörtum sem samþykktu hana og skrifuðu nöfn sín undir. Sáttagjörningnum var þinglýst á manntalsþingi að Tindum þann 12. maí 1848.

Á manntalsþingi að Tindum þann 26. maí 1847 var lesin friðlýsing Stóru-Giljármanna á Sauðadal. Inntak hennar var ekki fært til bókar og er einungis getið um friðlýsinguna með eftirfarandi hætti í dómabókinni: „6. Lesin fridlýsing Stórugiljármanna á Giljár Engjum og Saudadal, dags. 22^{n} þ.m.“ Frumrit friðlýsingarinnar hefur ekki fundist.

Í jarðamatinu 1849 í kafla um Stórugiljá segir eftirfarandi um Sauðadal: „[Á] honum [þ.e. Sauðadal] eru hagar góðir og víðlendir, er þar haft í seli frá Stórugiljá; á dal þessum standa fleiri sel frá öðrum bæjum, sem Stórugiljár og Beinakeldu eigendur taka borgun fyrir, þó hafa sjaldan verið þar í senn fleiri en 2 sel, auk þeirra sem eigendurnir [strikað yfir, vilja] brúka sjálfir; nokkrir bændur reka hross sín þangað, til hagagöngu á sumrum og borga tolla eigendum dalsins.“. Í jarðamatinu segir einnig um prestsetrið á Hjaltabakka að það eigi sumarbeit fyrir 10 hross á Sauðadal í Giljárlandi.

Um 1850 tók Björn Bjarnason á Brandsstöðum saman skýrslu um Kúluheiði en í skýrslunni er einnig fjallað um rekstur og göngur á Sauðadal. Þar kemur m.a. fram að Vestur-Ásamenn hafi ýmist rekið á Kúluheiði, í Bótina eða á Sauðadal. Í kjölfar gífurlegs fjárfellis árin 1777−1778 og 1783−1784 lagðist upprekstur af en þegar fé tók að fjölga á ný þá varð mestur upprekstur á Sauðadal. Eigi var rekið á Kúluheiði utan Blönddælinga frá Dölunum, Kúlu og Hrafnabjörgum en hinir allir ráku á Sauðadal og gékk þar fé mjög í örtröð um aldamótin en skv. skýrslunni ráku þangað 44 bændur. Í umfjöllum um göngur og réttir á Kúluheiði segir Björn að ætíð hafi þurft að leggja helming af Kúluheiðar mönnum í Kvíslar og á Sauðadalinn.

Þann 10. maí 1851 seldi bóndinn Benóný Jósephsson, Jósephi Skaptasyni lækni á Hnausum, eignar- og ábýlisjörð sína Beinakeldu í Torfalækjarhreppi. Í kaupbréfinu er tekið fram að með í kaupunum fylgi fjórði partur úr landi á Sauðadal sem jörðin eigi óskiptan með Stóru-Giljá og að það land reiknist að norðan frá Mjóadalsá þar þvert yfir um Sauðadalinn og að sunnan svo langt sem dalurinn nær. Kaupverð heimajarðarinnar var 360 ríkisbankadalir en Sauðadalsparturinn seldur á 240 ríkisbankadali. Kaupbréfinu var svo þinglýst 19. júní 1851. Ári síðar eða 10. júní 1852 seldi Jóseph Skaptason síðan eignarjörð sína Beinakeldu, Jóni Jónssyni á Stóru-Giljá, fyrir 240 ríkisbankadali en undanskildi Sauðadalspartinn. Fyrir jörðina lét Jón Jónsson einn fjórða part úr Sauðadal, en hann tilheyrði Stóru-Giljá að þremur fjórðu pörtum. Var þá hálfur Sauðadalur kominn í eigu Hnausa. Þessum jarðakaupum var þinglýst að Tindum 11. maí 1852.

Í viðbæti við sóknarlýsingu Hjaltabakkasóknar frá árinu 1873 skrifar séra Páll Sigurðsson eftirfarandi um tilkall Hjaltabakka til selstöðu á Sauðadal: „Hjaltabakki hefur gjört tilkall til selstöðu á Sauðadal, – sem er óbyggður dalur austan fram með Vatnsdalsfjalli, – til móts við Stóru-Gilá, en með samningi, 28. apr. 1847, gjörðu hlutaðeigendur með sér, að Hjaltabakki skyldi sleppa tilkalli til selstöðu á Sauðadal, en eiga aftur frjálsa sumarbeit fyrir 10 hross. Engin hinna jarðanna hefur selstöðu.“

Á manntalsþingi að Tindum þann 24. maí 1875 var auglýst lögfesta og bann frá eigendum að Sauðadal, búendum á Stóru-Giljá í Þingi og Hnausum. Lögfestunni mótmælti séra Páll Sigurðsson á Hjaltabakka að því leyti sem honum tilheyrði hrossaganga handa 10 hestum auk folalda á Sauðadal eftir sáttargjörð. Inntak lögfestunnar var ekki fært til bókar. Þessi lögfesta hefur ekki fundist þrátt fyrir kerfisbundna leit óbyggðanefndar[804]. Þá var samkvæmt sóknarmannatali Þingeyraklausturs búið í Hnausaseli á árunum 1878−1882 en ekkert kemur fram um staðsetningu selsins. Í úttekt Eiríks Briem prófasts að Hjaltabakka, þann 1. júní árið 1880, kemur fram að kirkjan haldi óátöldum eignum þeim og ítökum sem upp eru talin í vísitastíu Steingríms biskups Jónssonar frá 1833 en samkvæmt samningi frá 1847 sem stiptsyfirvöldin hafa samþykkt eigi kirkjan nú hrossagöngu á Sauðadal í staðinn fyrir selför.

Hinn 1. júní 1883 var seld jörðin Hnausar og fylgdi þá hálfur Sauðadalur með í kaupunum, ásamt tilheyrandi selhúsum og peningshúsum eins og dalur þessi tilheyrði og hafi tilheyrt jörðinni skv. lögfestu dags. 24. maí 1875. Var afsalsbréfinu þinglýst á manntalsþingi höldnu að Sveinsstöðum þann 30. maí 1884.

Í landamerkjabréfi Hnausa frá 20. júní 1883 sem þinglýst var 28. maí 1889 er að finna fyrstu heildstæðu lýsingu á ágreiningssvæðinu. Landamerkjabréfið var undirritað af Þorvaldi Ásgeirsyni eigandi Hnausa og hálfs Sauðadals. Það var samþykkt af eigendum og umráðamönnum allra jarða sem áttu land að Sauðadal.

Eigendur Hnausa og Stóru-Giljár og Beinakeldu sömdu svohljóðandi bann sem er dagsett 18. maí 1886 að Hnausum: „Á undanförnum árum sýnist eins og hafi orðið að venju að ýmsir hrossaeigendur úr Torfalækjar og Sveinsstaðahreppum hafa vanrækt að reka stóðhross sín til afrjettar á vorum samkvæmt því, sem skipað er fyrir í reglugjörð um afrjettir, fjallskil og meðferð á óskilafje frá 1877, 3. gr., heldur hafa þeir látið stóðhrossin sjálfráð um, hvar þau gengi, og þau því þannig flæktzt fram á Sauðadal, og jafnvel hafa sumir rekið þau þangað, þrátt fyrir þótt bann hafi verið lagt fyrir það. En með því að hross þessi gjöra afar mikið tjón bæði á slægjum og búfjárhögum Sauðadals, þá óskum vjer undirritiaðir eigendur og umráðendur [orðaröð leiðrétt með tölustöfum ofan línu] Sauðadals að hlutaðeigandi hrosseigendur hætti nú strax þessu regluleysi í tilliti til hrossanna, og bönnum þeim jafnframt hjermeð alla hrossabeit framvegis á Sauðadalnum; og neyðumst vjer til, ef þessu banni okkar

[804] Sbr. „Yfirlit yfir frumgögn sem könnuð eru vegna rannsóknarskyldu óbyggðanefndar, sbr. 5. mgr. 10. gr. þjóðll. nr. 58/1998, með síðari breytingum, dags. 26.2.2013“.

verður ekki gaumur gefinn, að smala hrossunum, og meðhöndla þau eptir því sem lög leyfa.“ Bannið var lesið upp á manntalsþingi að Torfalæk 26. maí 1886.

Þann 27. janúar 1890 var haldinn sáttafundur á Hnausum en fyrir hann mætti séra Bjarni Pálsson á Þingeyrum ásamt héraðsprófastinum sem samkvæmt bréfi stiftsyfirvalda frá 24. apríl 1889 hafði kært eigendur Sauðadals, vegna kirkjunnar. Málið reis af því að séra Bjarni hafði í landamerkjaskrá fyrir Hjaltabakkakirkju, sem þá var búið að leggja undir Þingeyrar, talið ítak í Sauðadal, 10 hrossa beit að folöldum undanskildum, samkvæmt þinglesinni sætt frá 28. apríl 1847 sem stiftsyfirvöld höfðu samþykkt 17. júlí sama ár. Eigendur Sauðadals vildu ekki samþykkja þetta ítak en það gátu stiftsyfirvöld ekki sætt sig við. Var komist að eftirfarandi sátt: „Að viðstaddir og fyrtaldir eigendur Sauðadals lofa að borga prestakallinu 80 – áttatíu – krónur, einu sinni fyrir allt, tiltölulega, eptir hvers eins eign í dalnum, með þeim skilmálum, að Hjaltabakkakirkja sleppi að fullu og öllu rjetti sínum til nokkurs ítaks í Sauðadal.“ Hjaltabakkaprestur og prófastur samþykktu þetta með þeim fyrirvara að stiftsyfirvöld gerðu það einnig og skrifuðu nöfn sín undir ásamt eigendum Sauðadals.

Landamerkjabréf fyrir Stóru-Giljá og Beinakeldu var útbúið 12. maí 1890 og því var þinglýst 26. maí 1891. Merkjum jarðarinnar er þannig lýst heildstætt að Sauðadal meðtöldum auk þess sem getið er sérstaklega um afmörkun Sauðadals að norðanverðu.

Á 19. öld gekk jörðin Hnausar ítrekað kaupum og sölum og þá oft tiltekið að hálfur Sauðadalur fylgdi. Við sölur jarðarinnar árin 1906 og árið 1911 er tekið fram í afsölum að með fylgi hálfur Sauðadalur. Árin 1916, 1929 og 1938 var hálf jörðin Hnausar seld, en Sauðadalur ekki nefndur sérstaklega í kaupunum. Þá var jörðin Hnausar II seld árið 1972 og í afsali kemur fram að seljandi áskilji sér rétt til hagagöngu fyrir hross sín á Sauðadal svo lengi sem hann óskar.

Frá sama tíma eru jafnframt heimildir um ítrekaða sölu á Sauðadalsparti, oft tiltekinn sem 1/8 hluti, og hefur sá hluti gengið kaupum og sölum allt fram til ársins 2005. Árið 1886 gerði Guðrún Jónsdóttir á Stóru-Giljá makaskiptasamning við eiganda Reykja þar sem Guðrún afhendir honum 1/8 hluta úr Sauðadal sem að réttri tiltölu fylgdi erfða- og eignarparti hennar í jörðinni Stóru-Giljá. Árið 1914 er svo sá hluti Sauðadals seldur, en við upplestur kaupbréfsins á manntalsþingi árið 1915, komu fram mótmæli Sigurðar Erlendssonar á Beinakeldu við því að seljandinn hafi haft heimild til að selja þennan hluta Sauðadals. Í mars árið 1916 er umræddur 1/8 hluti í Sauðadal seldur til bóndans á Öxl, með þeirri kvöð að seljanda sé heimilt að reka afréttarpening sinn á dalinn. Parturinn er svo seldur aftur í maí sama ár og við upplestur þess afsals á manntalsþingi komu aftur fram mótmæli Sigurðar Erlendssonar á Beinakeldu sama efnis og mótmælin 1915. Árið 1918 er svo selt upprekstrarland á Sauðadal en ekki getið um stærð þess eða hlutfall, en ráða má af gögnum málsins að um sé að ræða fyrrgreindan 1/8 part úr dalnum. Þá er árin 1939 og 1986 seld jörðin Öxl ásamt Sauðadalsparti en ekki getið um eignarhlutfall, en af heimildum má ráða að

1/8 partur úr Sauðadal hafi fylgt jörðinni Öxl á 20. öldinni. Árið 1990 er aftur seld jörðin Öxl en í þeim kaupsamningi kemur fram að jörðinni fylgi 1/16 hluti úr Sauðadal til eigna og afnota. Þá er árið 2000 seldur 1/8 hluti Axlar í Sauðadal til Svínastaðahrepps en hreppurinn lagði þann eignarhluta sinn til Sjálfseignarstofnunar Haukagils og Grímstunguheiðar við stofnun þess árið 2005.

Í kafla um, Hnausa og Sauðadal segir í fasteignamatinu 1916: „Fasteignamatsnefndin í Austur Húnavatnssýslu hefir metið [...] Jörðin Hnausar með hálfum Sauðadal, miklu og ágætu landi er metin 10,800 kr [...] Í Hnausum liggur allt engi út frá túni, og er bökkum umkringt, og all mikið landi fylgir bæði í svokölluðum Hnausum og í fjallinu [...]“ Þá kemur fram í fasteignamatinu í kafla um Hnausa að hálfur Sauðadalur hafi verið keyptur undir jörðina. Þar segir: „Undir jörðina [Hnausa] hefir verið keyptur halfur Sauðadalur, og er það mikið og gott beitiland og talsverðar slægjur.“ Einnig er þess getið að smalamennska á Sauðadal sé erfið. Um Stóru-Giljá segir: „Að sögn áb. hefir undanfarin ár verið framfleytt á jörðinni [...] teljast hæfileg áhöfn, ef ekki er notað land það, er í fjarlægð liggur þ.e. á Sauðadal.“

Með bréfi dagsettu þann 29. desember árið 1919 óskaði Stjórnarráð Íslands eftir skýrslu frá sýslumönnum um þau svæði sem talin væru til almenninga eða afrétta innan sýslna. Í svari hreppstjóra Sveinsstaðahrepps, dags. 1. mars 1920, segir að engin þau lönd sem ræðir um í erindi stjórnarráðsins séu í hreppnum. Svar hreppstjóra Torfalækjarhrepps var ekki sent Stjórnarráðinu af sýslumanni því eins og segir í bréfi hans, frá 28. apríl 1920, þá var ekki um nein af hinum umspurðu svæðum að ræða þar.

Í síðari tíma heimildum er einnig fallað um Sauðadal, bæði landlýsingar sem og hvernig landsvæðið var nytjað. Í ritinu *Göngur og réttir II*, frá árinu 1949, segir um rekstur á Sauðadal, í kafla um göngur á Auðkúluheiði, að á tímabilinu 1750 og fram yfir aldamótin 1800 hafi ekki nema örfáir bændur rekir á Auðkúluheiði en flestir rekið á Sauðadal. Nokkrir muni hafa goldið fjallatolla til Ólafs Tómassonar er þá bjó að Stóru-Giljá og átti Sauðadal. Þann 30. júní árið 1986 auglýsti landbúnaðarráðuneytið takmörkun á upprekstri hrossa og sauðfjár á Grímstungu- og Haukagilsheiðar, Víðidalsfjall og Sauðadal í Austur-Húnavatnssýslu. Í auglýsingunni tilkynnist að upprekstur hrossa á Sauðadal takmarkast við 100 hross á tímabilinu 15. júlí til 10. september 1986.

Í svari oddvita Sveinsstaðahrepps við fyrirspurn félagsmálaráðuneytisins, frá 20. febrúar árið 1989, um upprekstrarrétt og afrétti sveitarfélaga o.fl. þar að lútandi kemur fram að Sveinsstaðahreppur eigi upprekstur á Sauðadal að u.þ.b. 60% hluta móti Torfalækjarhreppi og að sá upprekstrarréttur sé samkvæmt eignarhlut jarða í Sveinsstaðahreppi, þ.e. Hnausa og Axlar. Fjallskila og refavinnslukostnaður var greiddur af hreppunum í hlutfalli við upprekstrarrétt hvors hrepps í Sauðadalslandi. Þá birtist kafli um Sauðadal eftir Grím Gíslason í grein hans um Upprekstrarfélag Grímsstunguheiðar í ritinu *Húnaþingi III* árið 1989. Um afréttarlönd Ás- og Sveinsstaðahrepps segir m.a. að grösug beitilönd liggi fram af Sveinsstaðahreppi á

báða vegu og samliggjandi við Vatnsdalinn þar sem er Sauðadalurinn sé að austan og hann tilheyri rúmlega hálfur jörðum í Sveinsstaðahreppi. Jafnframt er eftirfarandi lýsing og umfjöllun um Sauðadal: „Sauðadalur er eyðidalur sem skerst fram milli Vatnsdalsfjalls og Svínadalsfjalls. Landið er eign Hnausa í Sveinsstaðahreppi að ½ og Axlar að 1/16 en Stóra-Giljá í Torfalækjarhreppi á 7/16. Hnausar og Öxl nota sinn hluta til hrossabeitar, en frá Stóru-Giljá er rekið þangað bæði sauðfé og hross. Að öðru leyti er landið notað sem afréttarland. Það er smalað af Torfalækjarhreppi en 35 prósent skilanna reiknuð Upprekstrarfélagi Grímstunguheiðar til gjalda í uppgjöri milli oddvita Torfalækjarhrepps og Sveinsstaðahrepps. Fénaður var réttaður, hross í Beinakeldurétt, þar sem sauðfé var einnig réttað, þar til fyrir fáum árum, að fjárrétt var færð að Stóru-Giljá. Sauðadalurinn er fjölbreytt og gott beitiland. Votlendi er í lágdalnum, beggja vegna Giljárinnar, sem heitir raunar Sauðadalslækur framan til. Fénaður sækir mjög norður á Sauðadalinn, er líður á sumar, framan af Hálsum og Auðkúluheiði, þótt að nokkru hafi verið bægt frá með girðingum, svo sem síðar verður frá sagt. Á Sauðadal voru selstöður áður fyrr í Giljárseli og Hnausaseli og búseta mun hafa verið fram um síðustu aldamót í því síðarnefnda. Þá eru og gömul munnmæli um selstöðu á Sauðadal, sem tilheyrði Hvammkoti í Vatnsdal, svokallað Hvammssel.“ Í svari oddvita Torfalækjahrepps, dags. 25. febrúar 1989, við sömu fyrirspurn félagsmálaráðuneytisinis, 20. febrúar 1989, kemur fram að íbúar sveitarfélagsins eigi upprekstrarrétt á Auðkúluheiði. Ekki er getið um upprekstur á Sauðadal.

Ofangreindar heimildir geta þannig um upprekstur sveitarfélaganna á Sauðadal í seinni tíð. Í skýrslutökum við aðalmeðferð málsins þann 15. ágúst 2013 kom fram í skýrslugjöf Erlendar Guðlaugs Eysteinssonar að engir aðrir en eigendur Sauðadals ættu upprekstur eða önnur réttindi á dalnum. Segir hann þó ekkert hafa verið amast við því af eigendum, a.m.k. í Torfalækjahreppi, en ávallt hafi þurft leyfi eigenda fyrir. Til stuðnings ber hann um að hafa verið í hreppsnefnd í rúm 40 ár og oddviti í 16 ár. Í skýrslugjöf Björns Magnússonar segir hann þetta land nýtt fyrst og fremst af landeigendum og greitt hafi verið til fjallskilanefndar. Ýmsir aðrir hafi þó nýtt landið og ekkert hafi verið við því amast að því marki sem það væri talið hóflegt til nýtingar.

Að öllu því virtu sem að ofan er rakið virðist því sú nýting sem sveitarfélagið og aðrir en þeir sem telja til beinna eignarréttinda á Sauðadal hafa verið háð leyfi eigenda Sauðadals á hverjum tíma.

Í skipulagsskrá fyrir Sjálfseignarstofnunina Grímstungu- og Haukagilsheiði sem Sveinsstaðahreppur stofnaði þá kemur fram að á meðal stofnfjárins sé 1/8 Sauðadals, sbr. kaupsamning og afsal dagsett 2. október 2000. Þá segir í *Árbók Ferðafélags Íslands* frá árinu 2007 m.a. um Sauðadal að hann sé kenndur við sauði Ingimundar gamla og liggi milli Vatnsdalsfjalls að vestanverðu og Svínadalsfjalls að austan. Dalurinn sé nú nýttur sem afrétt frá nokkrum bæjum í Torfalækjar- og Sveinsstaðahreppi.

Svo sem rakið hefur verið hér að framan er Sauðadalur tilgreindur sérstaklega í fjölda heimilda. Heimildir um heildstæð merki svæðisins eru mjög takmarkaðar ef frá eru talin landamerkjabréf Hnausa frá 1883 og Stóru-Giljár frá 1890. Heimildir um afnot landsvæðisins frá 14. öld og fram á 20. öld fjalla m.a. um beit eða önnur þrengri og sambærileg not en í fyrirliggjandi dómum og úrskurðum hafa atriði af þessu tagi í mörgum tilvikum legið til grundvallar niðurstöðu um þjóðlendu og óbein eignarréttindi, nánar tiltekið afréttareign.

Á hinn bóginn benda heimildir um Sauðadal til þess að eigendur Stóru-Giljár hafi farið með umráð og hagnýtingu landsvæðisins a.m.k. frá upphafi sautjándu aldar. Síðar hafi Stóra-Giljá og Hnausar farið sameiginlega með umráð og eignarhald ágreiningssvæðisins svo sem nánar er rakið hér að framan. Þó ágreiningur hafi verið á miðri nítjándu öld um selstöðu Hjaltabakkakirkju á Sauðadal virðist ekki hafa verið ágreiningur um að eigendur Stóru-Giljár kæmu í þeirri deilu fram sem eigendur og umráðamenn Sauðadals. Fór svo að þeirri deilu lauk með samningi milli annars vegar eigenda Stóru-Giljár, þar sem þeir koma fram sem eigendur Sauðadals, og hins vegar prestsins á Hjaltabakka fyrir hönd kirkjunnar. Þá nær landamerkjabréf Stóru-Giljár frá 1890 með samfelldum hætti yfir það landsvæði sem í dag heyrir undir jörðina Stóru-Giljá og Beinakeldu, sem og Sauðadal. Merkjum jarðarinnar er þannig lýst heildstætt að Sauðadal meðtöldum auk þess sem getið er sérstaklega um afmörkun Sauðadals að norðanverðu.

Af heimildum um afnot þeirra er fóru með umráð af ágreiningssvæðinu má þannig ráða að land þetta hefur ekki staðið öðrum til afnota án leyfis. Því til stuðnings má nefna að í frumvarpi til reglugjörðar um notkun afrétta er Sauðadalur ekki talinn meðal þeirra afréttarlanda sem reglugerðin tekur til. Heimildir um afréttarnot seint á 20. öld sem háðar hafa verið leyfi eigenda Sauðadals á þeim tíma breyta engu um eignarréttarlega stöðu dalsins. Þá verður ekki séð að fram hafi komið athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna sem máli skipti. Þvert á móti, er landamerkjabréf Hnausa frá 1883, sem kveður á um sameign eiganda Hnausa og Stóru-Giljár, samþykkt fyrir hönd allra jarða er liggja að Sauðadal. Þannig má ráða að merki jarðanna og dalsins hafi náð saman á fjalli líkt og greint er frá hér að framan. Undir landamerkjabréf Stóru-Giljár rita eigandi Hnausa sem eigandi að hálfum Sauðadal og Kristjáni Sigurðssyni sem meðeigandi Sauðadals. Nýting Sauðadals hefur verið eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma og ekki einskorðast við sumarbeit búfjár. Þá tengjast ýmsar jarðir Sauðadal samkvæmt heimildum, flestar í því samhengi að eigendur þeirra hafi átt þar selstöðu eða beit. Heimildir og mannvistarleifar benda til þess að fjöldi selstaða hafi verið á ýmsum stöðum á Sauðadal fyrr á öldum. Í eldri úrskurðum óbyggðanefndar hafa heimildir um selstöðu á ágreiningssvæði ekki verið taldar hafa afgerandi áhrif á eignarréttarlega niðurstöðu en slíkar heimildir eru þó ekki til þess fallnar að mæla gegn niðurstöðu um eignarland.

Sem fyrr greinir liggja eignarlönd til allra átta að ágreiningssvæðinu en líkur á stofnun og viðhaldi eignarréttar aukast sé tekið tillit til eignarréttarlegrar stöðu aðliggjandi landsvæða. Í fyrirliggjandi dómum og úrskurðum hafa atriði af þessu tagi í mörgum tilvikum legið til grundvallar niðurstöðu um eignarland.

Að öllu því virtu sem að framan er rakið telur óbyggðanefnd að hvorki staðhættir, gróðurfar né heimildir um réttindi eða nýtingu mæli gegn því að ágreiningssvæðið, eins og það er afmarkað í landamerkjabréfum Hnausa frá 1883 og Stóru-Giljár frá 1890, geti hafa verið hluti af jörð eða jörðum allt frá öndverðu. Nægjanlega er því í ljós leitt samkvæmt framansögðu að eigendur Sauðadals, hafi átt þar bein eignarréttindi fremur en óbeinan eignarrétt. Heimildir um afrétt vísa því fremur til notkunar viðkomandi landsvæðis en þess að beinn eignarréttur hafi annað hvort ekki stofnast eða fallið niður.

Af hálfu íslenska ríkisins hefur ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkja Sauðadals sé þjóðlenda, í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998. Með vísan til sama ákvæðis ber jafnframt að taka skýrt fram að í umfjöllun óbyggðanefndar felst ekki afstaða til merkja á milli eignarlanda. Þá fellur það ekki undir hlutverk óbyggðanefndar að úrskurða um óbein eignarréttindi í eignarlöndum og verður því ekki tekin afstaða til kröfu eigenda Hvamms I og Hvamms II um að þeir eigi bein eða óbein eignarréttindi á Sauðadal.

6.4 Auðkúluheiði

6.4.1 Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem nefnist Auðkúluheiði og gagnaðili þess Sjálfseignarstofnunin Auðkúluheiði geri kröfu til sem eignarlands. Um nánari afmörkun og lýsingu krafna vísast til kafla 3.1 og 3.2. Í heild afmarkast landsvæði það sem hér um ræðir að austan af Blöndu og Blöndukvísl fram í Hofsjökul. Að sunnan ráða afréttarmörk á Kili milli Auðkúluheiðar í Austur-Húnavatnssýslu og Biskupstungnaafréttar í Árnessýslu. Að vestan ráða mörk gagnvart Guðrúnarstöðum, Þórormstungu, Forsæludal, Dalslandi og ágreiningssvæði vegna Forsæludalskvísla. Að norðan afmarkast ágreiningssvæðið af línu sem liggur úr Blöndu við Vallgil í Fiskilæk og þaðan vestur í Helluvörðuás og að lokum í Karyrðlingatjörn.

Landsvæði þar sem um ræðir er víðfeðmt hálendissvæði en um 60 km eru frá norðurbakka Deildartjarnar nyrst á kröfusvæðinu suður í Strýtur á suðurmörkum Húnavatnshrepps, mælt í beinni loftlínu. Er svæðið breiðast fram undir jöklum vestan Blöndu. Landslagið er mótað af framrás jökla að sunnanverðu. Á svæðinu skiptast víða á ávalar hæðir og ásar, lægðir og stöðuvötn. Heiðin er yfirleitt vel gróin en uppblástur hefur þó verið nokkur. Öldurnar eru lítt grónar og næst jöklunum

gróðurvana flatneskjur, sandar og melar. Nyrst liggja nokkur vötn svo sem Friðmundarvötn, Mjóavatn, Galtaból og Þrístikla. Árið 1991 tók Landsvirkjun í rekstur Blöndustöð en miðlunarlón hennar er um 56 km^2 og er þriðja stærsta stöðuvatn Íslands. Liggur miðlunarlónið að hluta innan ágreiningssvæðisins skammt sunnan Þrístiklu, yfir Ullarflóa og Kolkuflóa en Sandárhöfði (493 m y.s.) og Ullarbunga (492 m y.s.) eru nú eyjar í lóninu. Blöndustífla er um 800 m löng við Reftjarnarbungu og aðveituskurðurinn frá Blöndulóni liggur í gegnum Þrístiklu, Smalatjörn, Austur-Friðmundarvatn og eftir Fiskilæk í Gilsvatn. Jafnframt er stífla við upptök Kolkukvíslar sem er 1300 m löng auk annarra mannvirkja á vegum Landsvirkjunar sem ekki verða tíunduð hér sérstaklega. Vestan Blöndulóns er Áfangafellshali (508 m y.s.) og sunnan hans Áfangafell (584 m y.s.). Sunnan Blöndulóns liggur Helgufell (640−660 m y.s.) og Sauðafell (683 m y.s.) vestan Helgufells og rennur Sandá þar á milli til norðurs út í Blöndulón. Talsvert sunnan Sauðafells liggur stórt og marghyrnt Sandkúlufell (einnig nefnt Kúlusandfell 847 m y.s.) en heiðin þar umhverfis liggur í um 550−600 m y. s og er víðáttumikið haglendi. Austan fellsins er Arnarbæli (667 m y.s.) og Arnarbælistjörn en sunnan og vestan fellsins liggja Seyðisárdrög. Í árdrögum kvíslanna sem renna um svæðið skiptast á flár og valllendisbakkar og víða er um kjarnmikinn og fjölbreyttan gróður að ræða. Sunnan Seyðisárdraga breikkar ágreiningssvæðið og liggur að nyrsta hluta Langjökuls að vestanverðu og að sveitarfélagamörkum við Bláskógarbyggð að sunnanverðunni. Austan Seyðisárdraga liggja Biskupstungur en vestan liggja Búrfjöll og gróðursnauður Djöflasandur. Nokkuð sunnar fyrir miðju svæðisins að sunnanverðu eru Hveravellir og Kjalhraun þar sunnan undir. Suðaustan Hveravalla er Rjúpnafell (858 m y.s.) og er land austan þess gróðursnautt og flatlent. Vestan Hveravalla er land grónara og fjalllendara þar sem liggja m. a. Þjófadalafjöll, Stélbrattur (744 m y.s.), Oddnýjarhnjúkur (1067 m y.s.) og Háfjall (1028 m y.s.) en vestan Háfjalls liggja gróðursnauðir Hundadalir upp að Langjökli. Frá norðurbakka Deildartjarnar við norðurmörk ágreiningssvæðisins að bæjarstæði Auðkúlu eru um 21,6 km og frá sama stað í Deildartjörn norður að ósi Blöndu eru um 42,2 km, mælt í beinni loftlínu.

6.4.2 Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins er almennt á því byggt að af heimildum megi ráða að land innan þjóðlendukröfusvæða í máli þessu hafi legið utan landnáms en verið nýtt sem afrétt. Kröfugerð ríkisins tekur mið af merkjalýsingum jarða, afréttum á svæðinu, landnámslýsingum og staðháttum. Að því leyti sem ekki er fallist á merkjalýsingar jarða til afréttarsvæða, öræfa og jökla, er á því byggt að tilvísuð landamerkjabréf, enda þótt þinglýst séu, teljist ekki ein og sér nægjanleg til staðfestingar beinum eignarrétti. Er þá tekið tillit til þess að lýsingar séu ekki í samræmi við landnám, heimildir um nýtingu lands og landfræðilegar aðstæður. Vísast m.a. að þessu leyti til

dóma Hæstaréttar í málum nr. 47/2004 (Afréttur norðan vatna) og 48/2004 (Framafréttur, Úthlíðartorfa o.fl.).

Byggt er á dómi Hæstaréttar frá árinu 1997, bls. 1162. Í þeim dómi hafi skýrt verið kveðið á um það að eigendur jarðarinnar Auðkúlu hafi ekki náð að sanna beinan eignarrétt sinn yfir Auðkúluheiði, en þetta mál hafi verið höfðað sem viðurkenningarmál. Telur íslenska ríkið að með dómi þessum hafi verið tekið á skarið um eignarhald á heiðinni og þar sem að enginn geti nú með óyggjandi hætti sýnt fram á beint eignarhald, teljist afréttin vera þjóðlenda, sbr. 1. gr. laga. nr. 58/1998, um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta.

Íslenska ríkið byggir á því, að Auðkúluheiði hafi aldrei, miðað við fyrirliggjandi gögn, verið nýtt til annars en afréttar og hafi því ekki verið meira en afréttareign jarðarinnar Auðkúlu. Til rökstuðnings þess er vísað í dóm Hæstaréttar frá árinu 1997, bls. 1183 sem og heimilda um beit á svæðinu, allt frá árinu 1750 auk þess sem í ritinu *Göngur og réttir*, þriðja bindi, segi að Auðkúluheiði hafi verið afréttarsvæði Svínadals- og Torfalækjahreppa. Þá muni Auðkúluheiði hafa verið seld upprekstrarfélagi Auðkúluheiðar árið 1918. Jafnframt er vísað til sjónarmiða um staðhætti og aðstæðna að öðru leyti, en svæðið sé almennt hálent, víðfeðmt, henti illa til ræktunar og sé lítt fallið til annarra nota en beitarafnota. Þá séu engar heimildir um fyrri byggð á svæðinu eða að þar hafi verið stofnað til nýbýlis.

Hvað kröfur Landsvirkjunar varðar, telur íslenska ríkið að Landsvirkjun geti ekki talist eiga meiri rétt en greinir samkvæmt samningi Landsvirkjunar við íslenska ríkið, dags. 11. ágúst 1982, um virkjunarmál, yfirtöku byggðalína o.fl., sbr. til hliðsjónar 2. mgr. 5. gr. þjóðlendulaga. Hafnar íslenska ríkið því öllum kröfum Landsvirkjunar, umfram það er kemur fram í samningi aðila.

Af hálfu Sjálfseignarstofnunarinnar Auðkúluheiði, gagnaðila íslenska ríkisins, er byggt á því að landsvæðið hafi verið numið í öndverðu og sá eignarréttur hafi aldrei fallið niður. Vísað er til þinglýsts landamerkjabréfs, dags. 4. september 1886, sáttar um afréttarmörk á Kili milli Auðkúluheiðar og Biskupstungnaafréttar frá 7. september 1985 og stofnskjals vegna framhluta Hrafnabjargarlands, dags. 28. október 2008, samanber uppdrátt með hornpunktaskrá. Einnig er byggt á þinglýstum landamerkjabréfum aðliggjandi jarða. Byggja gagnaðilar ríkisins á því að fullur hefðartími sé liðinn frá því að ofangreindum landamerkjabréfum var þinglýst og að enginn hafi notað landið með nokkrum hætti nema eigendur þess sem hafi farið með öll hefðbundin eignarréttindi Auðkúluheiðar og bannað öðrum not eignarinnar. Hafi því öll nýting eignarinar verið háð leyfi frá eigendum.

Eignarheimildir stofnunarinnar hafi frá upphafi verið talið gildar í viðskiptum manna og því byggi eignarhaldið ennfremur á viðskiptavenju. Þá geri grundvallarreglan um réttaröyggi í skiptum manna kröfu um traust og festu í lögskiptum. Menn eigi því að geta treyst lagalegri þýðingu gagna um lögskipti manna og lögaðila varðandi ráðstöfun auðlinda á umræddu svæði. Vísa gagnaðilar ríkisins til

athugasemda við 5. gr. í frumvarpsins til þjóðlendulaga nr. 58/1998 í því sambandi. Þá hafi það mikla þýðingu að þeir hafi um langt skeið gengið út frá því að merkjum sé rétt lýst og eigendur grannjarða virt og viðurkennt merkin. Gagnaðilar ríkisins byggja eignarréttarkröfu sína einnig á þeirri meginreglu íslensks eignarréttar að sá sem véfengir þinglýstar eignarheimildir beri sönnunarbyrði fyrir staðhæfingu sinni.

Ríkisvaldið hafi í aldanna rás margsinnis viðurkennt að umrætt land sé undirorpið eignarrétti og aldrei haldið öðru fram. Sjáist það m.a. af því að öllum heimildarskjölum eigenda Auðkúluheiðar hafi verið þinglýst athugasemdalaust og hafi aldrei verið véfengd af ríkinu. Af þeim sökum sé véfengingarkrafa ríkisvaldsins á hendur eigendum Auðkúluheiðar fallin niður vegna fyrningar og tómlætis.

Vísað er til *Almennra niðurstaðna óbyggðanefndar*, að því er varðar það að landsvæði sem talið sé að hafi verið jörð samkvæmt elstu heimildum og landamerkjalýsing fari ekki í bág við eldri heimildir sé beinum eignarrétti háð. Sá sem haldi öðru fram hafi sönnunarbyrði fyrir því. Héraðsdómur Suðurlands hafi komist að sömu niðurstöðu í dómi sínum 6. nóvember 2003, er standi óraskaður af Hæstarétti, samanber dóm réttarins frá 21. október 2004 (Framafréttur, Úthlíðartorfa o.fl.).

Mannréttindadómstóll Evrópu hafi sérstaklega litið til þess í úrlausnum sínum um eignarrétt, hvaða væntingar einstaklingar máttu hafa um eignarhald sitt, þegar litið var til athafna eða athafnarleysis ríkisvalds gagnvart réttindum landeigenda.

Ekkert mark sé takandi á Landnámu sem réttarheimild og fráleitt sé að líta framhjá hefð og venjurétti en horfa þess í stað til fortíðar þar sem engra raunverulegra heimilda njóti við. Röksemdir þess efnis að landnám hafi ekki náð til heiða og ekki til Auðkúluheiðar séu algjörlega ósannaðar. Landamerki Auðkúluheiðar séu gömul, landið sé víða gróið og að búseta hafi byggst um aldir.

Vísað er til jafnræðisreglu stjórnsýslulaga og stjórnarskrár um að sambærileg mál hljóti sömu niðurstöðu og að jafnræði skuli ríkja milli borgaranna. Í ljósi þess verði ekki gerð ríkari sönnunarkrafa á hendur landeigendum Auðkúluheiðar en öðrum landeigendum. Ennfremur er byggt á meðalhófsreglu stjórnsýslulaga og því að ríkið verði að velja vægasta úrræði sem völ sé á við úrlausn máls. Loks er byggt á 72. gr. stjórnarskrárinnar og 1. gr. 1. viðauka við Mannréttindasáttmála Evrópu um vernd eignarréttar.

Af hálfu Húnavatnshrepps, sem gerir til þrautavara kröfu um að svæðið sé afréttur jarða í sveitarfélaginu, er tekið undir málavexti alla sem lýst hefur verið af hálfu fyrrnefndra gagnaðila íslenska ríkisins í málinu. Þegar sveitarfélögin hafi keypt heiðarland þetta á sínum tíma hafi ætlunin verið að tryggja sveitarfélögunum fullkominn eignarrétt að heiðinni þannig að unnt væri að nýta þar allar eignarheimildir, þar með talinn upprekstrarrétt. Heiðin hafi verið nýtt sem upprekstrarland jarða í sveitarfélögunum sem nú myndi Húnavatnshrepp um langan aldur. Ef talið verði að sveitarfélögin hafi ekki keypt upprekstrarréttinn á sínum tíma þá hljóti hann að tilheyra jörðum í sveitarfélaginu engu að síður vegna þess að heiðin

hafi þá verið numin til afréttarnota einungis og verið nýtt sem slík af eigendum jarða í sveitarfélaginu.

6.4.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar á Auðkúlu og Auðkúluheiði er rakin í kafla 5.3. Af þeim heimildum sem þar er getið og ná allt aftur til 16. aldar, má ráða að Auðkúla hafi verið sjálfstæð jörð og verið landnámsjörð samkvæmt Landnámu.[805] Óumdeilt eignarland jarðarinnar Auðkúlu liggur að ágreiningssvæðinu í máli þessu en það hvort Auðkúluheiði hafi tilheyrt jörðinni, á sama hátt og annað land hennar, eða haft aðra stöðu er hins vegar atriði sem þarfnast nánari skoðunar. Auðkúlu er fyrst getið í kaupbréfi frá 12. maí 1511 en Auðkúluheiðar er fyrst getið í Bréfabók Guðbrands biskups Þorlákssonar frá árinu 1579, þar sem fjallað er um leiguskilamála Auðkúlu. Auðkúluheiði tilheyrði Auðkúlu fram til ársins 1918 þegar Ráðherra Íslands seldi Svínavatns-, Torfalækjar- og Blönduóshreppum heiðina. Með afsali, dags. 24. mars 1990, seldi Blönduósbær hinum sveitarfélögunum tveimur sinn hluta í Auðkúluheiði og með skipulagsskrá sjálfseignarstofnunarinnar Auðkúluheiði frá 16. nóvember 2005, framseldu Svínavatns- og Torfalækjarhreppar ætlaðan eignarhluta sinn í Auðkúluheiði til Sjálfseignarstofnunarinnar Auðkúluheiðar. Landsvæði sem tilheyrðu áður jörðunum Þröm, Eiðsstöðum, Eldjárnsstöðum, Marparnúpi (Marðarnúpssel) og Hrafnabjörgum hafa verið lögð til afréttarins sem hluti Auðkúluheiðar. Liggja þau landsvæði utan ágreiningssvæðisins og koma því ekki frekar til umfjöllunar hér. Er ótvírætt að við gildistöku þjóðlendulaga hafi Auðkúluheiði haft stöðu afréttar samkvæmt þeirri eignarréttarlegu flokkun lands sem almennt var miðað við fram að gildistöku þjóðlendulaga.[806] Hvort í því hafi falist bein eða óbein eignarréttindi er hins vegar atriði sem þarfnast nánari skoðunar.

Svo sem fram hefur komið af hálfu málsaðila liggur fyrir í máli þessu dómur Hæstaréttar Íslands frá 10. apríl 1997 í máli nr. 66/1996, Svínavatnshreppur og Torfalækjarhreppur gegn Landsvirkjun og íslenska ríkinu til réttargæslu. Í málinu kröfðust hrepparnir viðurkenningar á rétti til bóta úr hendi Landsvirkjunar fyrir fallréttindi (virkjunarréttindi) í Blöndu fyrir Auðkúluheiði og fyrir land á Auðkúluheiði sem Landsvirkjun hafði fengið til ótímabundinna umráða og afnota í þágu Blönduvirkjunar á grundvelli samnings við hreppana, nánar tiltekið fyrir land undir uppistöðulón Blönduvirkjunar við Refbjarnarbungu, fyrir land undir efri hluta veituleiðar vatns úr uppistöðulóninu í inntakslón virkjunarinnar í Eldjárnstaðaflá, þ.e. frá uppistöðulóninu að Eystra-Friðmundarvatni og undir samningsbundna uppgræðslu á Auðkúluheiði. Dómkrafan var byggð á því að hrepparnir ættu beinan eignarrétt að Auðkúluheiði og þar með talið vatnsréttindi á og fyrir landi heiðarinnar í samræmi við ákvæði vatnalaga nr. 15/1923.

[805] Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).
[806] Sbr. umfjöllun um hugtakið afréttur í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Hæstiréttur sýknaði Landsvirkjun af kröfum hreppanna. Í forsendum dómsins segir:

> Heimildir benda til þess, að Auðkúluheiði hafi nær einvörðungu verið notuð til beitar á fyrri tíð. Þegar heiðarinnar er getið í skriflegum heimildum, er það í tengslum við upprekstur og afréttarnot.
>
> [...]
>
> Þegar litið er til alls þess, sem rakið er hér að framan og í héraðsdómi um Auðkúluheiði og nýtingu hennar, verður ekki talið, að sönnur hafi verið leiddar að því, að heiðin hafi nokkurn tíma verið undirorpin fullkomnum eignarrétti einstaklinga, kirkjunnar eða ríkisins, hvorki fyrir nám né með löggerningum eða öðrum hætti. Orðalag í afsalsbréfi ráðherra 5. júlí 1918 ræður ekki úrslitum um þetta. Einhliða yfirlýsing um takmörk Auðkúluheiðar, þinglýst 17. maí 1890, styður ekki kröfur áfrýjenda um eignarrétt. Tiltækar heimildir benda hinsvegar til þess, að um afréttareign eigenda heimalands Auðkúlu hafi verið að ræða í þeim skilningi, að aðrir hafi átt þar rétt til upprekstrar og ef til vill annarra nota, en gegn gjaldi til Auðkúlumanna. Þá eru staðhættir og víðátta heiðalandsins þannig að líkur mæla gegn óskoruðum eignarráðum jarðeigenda.
>
> Í lögum nr. 50/1907, sem vísað var til í afsali ráðherra Íslands fyrir Auðkúluheiði 5. júlí 1918, fólst ekki frekari heimild til afsals eignarréttinda en heyrðu til kirkjujörðum. Í afsalinu gat ekki falist víðtækari eignarréttur áfrýjendum til handa en sannanlega var á hendi afsalsgjafa. Með hliðsjón af því og notkun afréttarlandsins hafa áfrýjendur ekki heldur unnið eignarhefð á Auðkúluheiði.

Ljóst er að beinn eignarréttur var til úrlausnar í dómnum. Svínavatnshreppur og Torfalækjarhreppur áttu aðild að framangreindu dómsmáli á grundvelli eignarréttinda yfir Auðkúluheiði, sem þeir töldu sig njóta en hrepparnir stóðu saman að stofnun sjálfseignarstofnunarinnar á árinu 2005. Eins og rakið hefur verið framseldu hrepparnir með skipulagsskrá sjálfseignarstofnunarinnar frá 16. nóvember 2005, ætlaðan eignarhlut sinn í Auðkúluheiði. Gagnaðili íslenska ríkisins, Sjálfseignarstofnunin Auðkúluheiði, er þannig komin í stað hreppanna, sem voru aðilar að dómsmálinu. Gagnaðili þeirra í dómsmálinu var hins vegar Landsvirkjun en íslenska ríkið kom að því máli á grundvelli 1. mgr. 21. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, þ.e. með réttargæsluaðild. Þá er þess að gæta að dómkröfur í dómsmálinu, sem rekið var fyrir gildistöku þjóðlendulaga nr. 58/1998, voru fjárkröfur á hendur Landsvirkjun þó að undirliggjandi væri ágreiningur um eignarhald að Auðkúluheiði. Með vísan til niðurstöðu dóms Hæstaréttar frá 28. nóvember 2013 í máli nr. 546/2012 (Eyvindarstaðaheiði) er það niðurstaða óbyggðanefndar að sakarefnið í þessu máli sé ekki það sama og í tilvitnuðu dómsmáli sem lauk með dómi Hæstaréttar 10. apríl 1997 í máli nr. 66/1996. Dómur Hæstaréttar í máli nr. 67/1996 er því ekki bindandi um úrslit þessa máls í skilningi 1. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991.

Með vísan til 4. mgr. sömu lagagreinar og með hliðsjón af tilvitnuðum dómi Hæstaréttar í málinu nr. 546/2012 (Eyvindarstaðaheiði) hefur dómurinn þó fullt sönnunargildi um þau málsatvik, sem í honum greinir, þar til það gagnstæða er sannað. Til athugunar hlýtur því m.a. að koma hjá óbyggðanefnd hvaða áhrif aðild, ný gögn eða önnur þau atriði sem dómstólar hafa ekki þegar metið hafi á eignarréttarlega stöðu Auðkúluheiðar samkvæmt lögum nr. 58/1998.

Kemur næst til skoðunar hvernig merkjum Auðkúluheiðar er lýst í fyrirliggjandi heimildum. Auk heimilda um afmörkun Auðkúluheiðar verður höfð hliðsjón af heimildum um merki aðliggjandi jarða. Vestan megin við Auðkúluheiði er ágreiningssvæði vegna Forsæludalskvísla, sem fjallað er um í kafla 6.5, auk Langjökuls og landsvæðis í Borgarbyggð syðst, og að norðvestanverðu er svonefnt Dalsland, sem áður tilheyrði jörðinni Forsæludal, Forsæludalur, Þórormstunga og Guðrúnarstaðir. Norðanmegin liggja óumdeild eignarlönd Þramar, Auðkúlu og Hrafnabjarga og austanmegin liggja Rugludalur og Eyvindarstaðaheiði. Þá liggur Afréttur norðan vatna í Bláskógarbyggð að sunnanverðu.

Í vitnisburði Bjarna Jónssonar á Snæringsstöðum og Bjarna Jónssonar á Geithömrum, um landeign Auðkúlustaðar, dags. 10. febrúar 1591, er að finna fyrstu lýsinguna á landamerkjum Auðkúluheiðar en í honum er merkjum heiðarinnar lýst sérstaklega og aðgreindum frá heimajörð Auðkúlu. Í vitnisburðum Björns Guðmundssonar frá annarri viku páska 1598 og Magnúsar Eiríkssonar beneficiator á Auðkúlustöðum frá 1652 er merkjum lýst með sama hætti. Þá liggja fyrir í málinu sjö lögfestur fyrir Auðkúlustaðarheiði og heimaland. Þar er nánar tiltekið um að ræða lögfestur séra Jóns Björnssonar frá 27. apríl 1759 og frá 3. maí 1766, en þeirri síðarnefndu var þinglýst á tveimur mannalsþingum sama ár, lögfestur séra Ásmunds Pálssonar frá 30. maí 1774, þinglýst sama dag, og frá 25. apríl 1795, lögfestur séra Jóns Jónssonar frá 29. júlí 1803, þinglesin samdægurs og aftur 5 árum síðar, og 24. apríl 1819, þinglesin á þremur manntalsþingum sama ár, og að lokum lögfestu séra Sigurðar Sigurðssonar frá 26. maí 1845. Í framangreindum lögfestum er Auðkúluheiði sérstaklega aðgreind frá heimalandi og merkjum hennar lýst.

Um 1850 tók Björn Bjarnason á Brandsstöðum saman skýrslu um Kúluheiði, takmörk hennar, örnefni þar og ásigkomulag og þar er merkjum Auðkúluheiðar fyrst lýst með heildstæðum hætti. Sérstakt landamerkjabréf var gert fyrir Auðkúluheiði, sem ber heitið „Takmörk Auðkúluheiðar“, þann 4. september 1886, og því þinglýst 17. maí 1890. Landamerkjabréfið var áritað um samþykki vegna Auðkúlu.

Þann 9. september 1983 var gerð sátt fyrir dómi um afréttarmörk á Kili milli Auðkúluheiðar og Biskupstungnaafréttar í Árnessýslu. Þann 7. september 1985 var sáttargerðin að nýju færð til bókar, þá með hnitum, og undirrituð á aukadómþingi í Árnessýslu af fulltrúum frá Biskupstungnahreppi, Svínavatnshreppi, Torfalækjarhreppi og Blönduóshreppi. Í dómi Hæstaréttar 10. apríl 1997, nr. 66/1996,

voru suðurmörk heiðarinnar afmörkuð á sama hátt og í framangreindri dómsátt frá 1983. Í dómi Hæstaréttar 21. október 2004, nr. 47/2004, þar sem dæmt var um eignarréttarlega stöðu Afréttar norðan vatna í Biskupstungnahreppi, voru norðurmörk afréttarins gagnvart Auðkúluheiði afmörkuð með sama hætti og í dómsáttinni frá 1983. Þá er merkjum ágreiningssvæðisins lýst að hluta í ýmsum öðrum heimildum frá 19. og 20. öld.

Gagnaðili íslenska ríkisins byggir afmörkun kröfusvæðisins á landamerkjabréfi Auðkúluheiðar frá 1886, sátt um afréttarmörk á Kili frá 1985 og stofnskjali vegna framhluta Hrafnabjargarlands frá 2008. Íslenska ríkið byggir afmörkun sína einkum á þinglýstum landamerkjabréfum aðliggjandi jarða en vísar að auki til annarra heimilda sem lýsa merkjum svæðisins að hluta. Að fenginni niðurstöðu um merki verður fjallað um eignarréttarlega stöðu landsins.

Norðurmerkjum Auðkúluheiðar er ekki lýst sérstaklega í landamerkjabréfi Auðkúluheiðar frá 1886. Framangreindir vitnisburðir um landeign Auðkúlustaðar frá 1591, 1598 og 1562 eru samhljóða hvað varðar austurhluta norðurmerkja ágreiningssvæðisins en allir lýsa þeim merkjum svo: „ ... so rett synis framm i fiskilæk, so ur fiskilæk í vallgil ...“.

Þær lögfestur sem liggja fyrir í málinu um Auðkúlustaðarheiði og heimaland frá árunum 1759, 1766, 1774, 1795, 1803, 1819 og 1845 lýsa austurhluta norðurmerkja ágreiningssvæðisins ýmist: „ ... svo Rettsynis framm i Fiskelæk, þadann i Vallgil ... “ eða „ ... so rettlínis í Fiskelæk, þadann i Vallgil ... “. Í skýrslu Björns Bjarnasonar um Kúluheiði frá því um 1850 er norðurmörkum Auðkúluheiðar lýst svo: „Síðan til norðurs ráði Fellakvíslar drag og Fellakvísl þar beint liggur vestan fellin riett norður að Karitlínga Tiörn þar vestur og fremsta kvísl Svínadalsár kemur úr. Þá tekur Hrafnabiargaland við úr tieðri tiörn austr í Þorarins vötn so í Hrafnabiarga Tiörn, og up á Hvannlækiar bungu, so eptr hábungunum norður á há borgir.“ Í *Sýslu- og sóknalýsingum Húnavatnssýslu*, er varðveitt lýsing Björns Bjarnasonar á Brandsstöðum á Auðkúluheiði, dagsett í febrúarmánuði 1873. Þar segir um norðurmörk: „Að austan af Sléttárdal réttsýnis fram í Fiskilæk, þaðan í Vallgil ... “.

Í skrá yfir afrétti í Húnavatnssýslu frá 1985 er afréttarmörkum Auðkúluheiðar lýst svo: „Norðurmörkin eru sjónhending úr Káratungutjörn austur í Vallgil í Blöndugljúfrum (8,5km).“

Norðanmegin við Auðkúluheiði liggja jarðirnar Hrafnabjörg, Auðkúla og Þröm.

Í landamerkjabréfi Hrafnabjarga, sem er dagsett 17. maí 1890 og því þinglýst sama dag, segir svo um mörk gagnvart Auðkúlu: „ ... í þúfu á há Hvannlækjarbungu ytri, og þaðan beina línu í Helluvörðuás og þaðan í Karyrðlingatjörn ... “. Landamerkjabréfið er undirritað um samþykki vegna Hrafnabjarga, Guðrúnarstaða, Auðkúlu og Marðarnúps. Í landamerkjaskrá sem gerð var fyrir hluta af Hrafnabjargarlandi þegar það var selt hreppsnefndum í Svínavatns og

Torfalækjarhreppi, dags. 13. desember 1922 og þinglýst 20. júní 1923, er suðurmörkum Hrafnabjarga gagnvart Auðkúluheiði lýst svo: „ ... í púfu á há Hraunlækjarbungu yfir og beina línu í Hellivörðuás. Að sunnan eru merkin úr Hellivörðuás í Karyrðlingatjörn.“

Í landamerkjabréfi Auðkúlu, sem er dagsett 17. maí 1890 og þingl. sama dag, er suðurmerkjum jarðarinnar ekki lýst sérstaklega en sunnanverðum austurmörkum jarðarinnar er lýst svo : „ ... í Áshildartjörn og Áshildarlæk, austur í Fiskilæk, þaðan í Vallgil, og að Blöndu, er síðar ræður merkjum heiðarlandsins að austan.“ Í sama skjali er sunnanverðum vesturmörkum jarðarinnar lýst svo: „ ... fram í upptök lækjar í Rútsstaðaklauf, þaðan beinleiðis í há Hvannlækjarbungu, þar fyrir framan tekur við Auðkúluheiði.“ Landamerkjabréfið er undirritað um samþykki vegna Stóradals, Holts, Guðlaugsstaða Rútsstaða, Hrafnabjarga, Grundar og Þramar.

Í landamerkjabréfi Þramar, sem er dagsett 12. maí 1890 og þinglýst 17. maí sama ár, er vestur- og suðurmerkjum jarðarinnar lýst svo: „Að sunnan er merki Vallgil og samnefndur lækur beint vestur að Fiskilæk, sem er merki að vestan norður að Gilsvatni ... “ Bréfið er áritað um samþykki vegna aðliggjandi jarða.

Heimildum ber saman um að norðurmörk Auðkúluheiðar að austan fari um línu frá Blöndu um Vallgil í Fiskilæk og að vestan fari þau úr Karyrðlingatjörn í Helluvörðuás. Kröfum aðila máls þessa ber saman við þessar lýsingar. Hvað varðar hins vegar norðurmerki heiðarinnar að því leyti sem þau liggja að Auðkúlu þá er suðurmerkjum Auðkúlu lýst í landamerkjabréfi Auðkúlu þar sem segir annars vegar að framan við Hvannalækjarbungu taki við Auðkúluheiði og hins vegar segir að merki Auðkúlu að austan liggi suður í Áshildartjörn og Áshildarlæk, austur í Fiskilæk, þaðan í Vallgil og í Blöndu. Kröfur aðila miða hins vegar við beina línu úr Fiskilæk í Helluvörðuás en sú lína liggur sunnar en Hvannalækjarbunga. Ber því kröfum aðila og lýsingu landamerkjabréfs Auðkúlu ekki saman, nánar tiltekið þannig að um er að ræða svæði milli lýstra merkja Auðkúlu samkvæmt landamerkjabréfinu og Auðkúluheiðar eins og hún er afmörkuð í kröfugerð íslenska ríkisins. Nánar tiltekið er um að ræða svæði sem afmarkast af línu sem dregin er frá Helluvörðuás í Hvannalækjarbungu, þaðan í Ásendatjörn og þaðan með Ásendalæk í Fiskilæk og svo upp með Fiskilæk þar til komið er að punkti 2 á kröfulínu íslenska ríkisins. Kröfulínunni er svo fylgt í upphafspunkti á Helluvörðuási. Af dómum Hæstaréttar 16. maí 2007 í máli nr. 571/2006 (Rangárvallaafréttur) og 6. september 2005 í máli nr. 367/2005 (Skaftafell I og III) verður sú ályktun dregin að óbyggðanefnd sé bundin af kröfugerðum aðila, hvort heldur er íslenska ríkisins eða annarra, þó innan þeirra takmarka sem kröfugerð íslenska ríkisins setur hverju sinni, og verði að leysa úr málum á þeim grundvelli. Mun óbyggðanefnd því ekki taka afstöðu til umrædds svæðis sem liggur sunnan marka jarðarinnar Auðkúlu, eins og hún er afmörkuð í landamerkjabréfinu, en fellur utan kröfugerðar íslenska ríkisins í málinu.

Austurmerkjum Auðkúluheiðar er lýst svo í landamerkjabréfi Auðkúluheiðar frá 1886: „Að austan ræður Blanda og Blöndukvísl fram og austur undir Hofsjökul ... “. Fyrrgreindir vitnisburðir um landeign Auðkúlustaðar frá 1591 og 1598 eru samhljóða og lýsa austurmerkjum svo: „ ... ur fiskilæk í vallgil, so þar fram frá alla heide millum Blondu og Burfialla ... “. Vitnisburður Magnúsar Eiríkssonar frá 1562 lýsir austurmörkum lengra til suðurs eða „ ... framm á mitt Kjalarhraun móts vid Sunnlendínga.“

Lögfestur séra Jóns Björnssonar frá 1759 og 1766 eru samhljóða og lýsa austurmörkum svo: „ ... i Fiskelæk, þadann i Vallgil, sydann rædur Blanda til Jökla framm ... “. Lögfestur séra Ásmunds Pálssonar frá 1774 og 1795 eru samhljóða og segja svo um austurmörk: „ ... frammi Fiskelæk, þadann i Vallgil, Sidann rædur Blanda til Jökla framm.“ Lögfestur séra Jóns Jónssonar frá 1803 og 1819 segja svo um austurmerki: „ ... í Fiskelæk, þadann i Vallgil, sydann rædr Blanda til Jökla framm.“ Þá segir um austurmörk Auðkúluheiðar í lögfestu séra Sigurðar Sigurðssonar frá 1845: „ ... þadan i Vallgil, sidann rædur Blanda til Jökla fram.“

Í skýrslu um Kúluheiði frá 1850 segir um austurmörk: „ ... að austan: ræður Blanda og Blöndukvísl fram og austr undir Hofs Jökul, en Eivindarstaða heiði liggur alla leið hins vegar með henni, þaðan með Hofs Jökli suður að Jökulfalli...“ Í *Sýslu- og sóknarlýsingum Húnavatnssýslu* frá 1873 er að finna lýsingu á Auðkúluheiði. Þar segir um austurmerki: „ ... fram í Fiskilæk, þaðan í Vallgil, og svo ræður Blanda til jökla fram...“ Samkvæmt dómi Hæstaréttar 28. Nóvember 2013, nr. 546/2012, skilur Blanda Eyvindarstaðaheiði og Auðkúluheiði frá upptökum Blöndu og henni fylgt norður að Syðra-Rolluhvammsgreni.

Austan megin við Auðkúluheiði liggja Rugludalur og Eyvindarstaðaheiði. Í landamerkjabréfi fyrir Rugludal, sem er dagsett 12. apríl 1883 og þinglýst 20. maí 1886, segir um vesturmerki: „ … þaðan [frá Kolluhvammsgreni] í Blöndugil. Þaðan ræður Blanda norður … “ Í landamerkjabréfi fyrir Eyvindarstaðaheiði, sem er dagsett 28. september 1886 og þinglýst 20. maí 1889, er vesturmerkjum heiðarinnar lýst svo: „ ... ræður svo jökullinn alla leið til Blöndu upptaka, en Blanda ræður að sunnan og vestan merkjum gagnvart fyrstskrifuðu syðra Kolluhvammsgreni.“ Þá er austurmerkjum Auðkúluheiðar lýst að hluta í fyrrgreindu landamerkjabréfi Auðkúlu frá 1890 þar sem segir: „ ... og að Blöndu, er síðar ræður merkjum heiðarlandsins að austan.“

Aðilar máls þessa miða austurmörk Auðkúluheiðar við Blöndu frá Vallgili til upptaka í Hofsjökli. Er sú afmörkun í samræmi við landamerkjabréf Auðkúluheiðar frá 1886 og aðrar fyrirliggjandi eldri heimildir.

Suðurmerkjum Auðkúluheiðar er lýst svo í landamerkjabréfinu frá 1886: „ ... austur undir Hofsjökul, þaðan með Hofsjökli suður að Jökulfalli, en það ræður merkjum vestur að Hvítá, og í Hvítárvatn, sem er fast við Langjökul ... “.

Fyrrgreindir vitnisburðir um landeign Auðkúlustaðar frá 1591 og 1598 eru samhljóða og lýsa afmörkun heiðarinnar að sunnan svo: „ ... millum Blondu og Burfialla i motz vid Forsæludal ... “. Vitnisburður Magnúsar Eiríkssonar frá 1562 segir um suðurmerki: „ ... framm frá alla heide milli Bløndu og Búrfjalla, framm á mitt Kjalarhraun móts vid Sunnlendínga ad sunnan ... “. Í fyrirliggjandi lögfestum er ekki að finna sérstaka lýsingu á suðurmerkjum heiðarinnar. Í jarðamatinu frá 1849 segir eftirfarandi um suðurmerki Auðkúluheiðar: „Jörðinni fylgir heiðarland, kallað Kúluheiði, sem nær til jökla suður ...“. Í skýrslu um Kúluheiði frá 1850 segir um suðurmörk: „ ... þaðan með Hofs Jökli suður að Jökulfalli, en það ræður vestur að Hvitá og í Hvítárvatn sem er fast við Lángjokul er nokkrir kalla þar Regnbúðarjökul ... “.

Í *Sýslu- og sóknarlýsingum Húnavatnssýslu* frá 1873 er að finna lýsingu á Auðkúluheiði. Þar segir suðurmerki: „Nú er almennt álitið, að Kúlumaður eigi ekki nema mitt á Kjalhraun, en áður vildi þó Kúlumaður eiga suður að Hvítá, og mun það réttara, nl. suður með Hofsjökli suður að Jökulfalli, sem ræður vestur að Hvítá, og í Hvítárvatn, sem er fast við Langjökul, er nokkrir kalla þar Regnbúðarjökul ... “ Í virðingagjörð fyrir afréttarlandið Auðkúluheiði frá 6. maí 1918 segir: „Heiðarland þetta er mjó landspilda, er liggur […] suður á há-Kjalhraun; eða eptir því sem vötn að draga.“

Í svari hreppstjóra Svínavatnshrepps, dags. 22. febrúar 1920, vegna fyrirspurnar sýslumanns um almenninga og afréttarlönd í Húnavatnssýslu segir svo um suðurmörk: „Afrjettarland það – Auðkúluheiði – sem liggur hjer að bygð, nær alla leið að fjórðungsmótum á há Kili ... “.

Lýsingum í heimildum um suðurmerki Auðkúluheiðar ber ekki saman. Er þeim ýmist lýst „milli Blondu og Burfialla i motz vid Forsæludal“, „framm frá alla heide milli Bløndu og Búrfjalla, framm á mitt Kjalarhraun móts vid Sunnlendínga ad sunnan“, „suður að Jökulfalli, en það ræður merkjum vestur að Hvítá, og í Hvítárvatn, sem er fast við Langjökul, þá að vestan norður með Langjökli“, „Kúluheiði, sem nær til jökla suður“, „þaðan með Hofs Jökli suður að Jökulfalli, en það ræður vestur að Hvitá og í Hvítárvatn sem er fast við Lángjokul“ eða „nær alla leið að fjórðungsmótum á há Kili“.

Sem fyrr segir var gerð dómsátt um afréttarmörk á Kili milli Auðkúluheiðar og Biskupstungnaafréttar í Árnessýslu þann 9. september. Þá var sáttargerðin færð að nýju til bókar, þá með hnitum, þann 7. september 1985 og undirrituð á aukadómþingi í Árnessýslu. Merkin í sáttinni hljóða svo:

> Frá Strýtum (Hnit: X 488653.9, Y-560060.2 hæð 834 m.) eru merkin bein lína til austurs að Grettishelli (Hnit: X 485389.0, Y-562037.4 hæð 670 m). Þaðan bein lína að Hringsjá á Fjórðungsöldu (Hnit: X-478609.0, Y-562901.6 hæð 681 m). Frá hringsjá eru merkin bein lína til austurs í Hofsjökul, sem er framhald hugsaðrar línu frá Strýtum um

hringsjána. Til vesturs frá Strýtum eru merkin bein lína í grjóthól á fjallseggjum, ofan við vatnaskil í Sóleyjardal (Hnit: X-495204.1, Y-559390.7 hæð 946 m). Þaðan eru merkin bein lína í Oddnýjarhnjúk (Hnit: X-497136.1,Y-561183.4 hæð 1.057 m), og áfram í sömu stefnu í jökulruðning (mórena) og síðan eftir jökulruðningnum í Langjökul.

Í dómi Hæstaréttar 10. apríl 1997, nr. 66/1996, voru suðurmörk heiðarinnar afmörkuð á sama hátt og í dómsáttinni 1983 og í dómi Hæstaréttar 21. október 2004, nr. 47/2004, voru norðurmörk Afréttar norðan vatna afmörkuð á sama hátt.

Afmörkun aðila máls þessa á suðurmörkum Auðkúluheiðar er í samræmi við dómsáttina frá 1985. Sú afmörkun á sér því stoð í fyrirliggjandi heimildum.

Verður nú litið til merkja ágreiningssvæðisins að vestan. Liggja þar nyrst Hrafnabjörg, en þau eiga hornmark í Karyrðlingatjörn, þar sunnan við liggja Guðrúnarstaðir, Þórormstunga, Forsæludalur, Dalsland og ágreiningssvæði vegna Forsæludalskvísla sem fjallað er um í kafla 6.5.

Vesturmerkjum Auðkúluheiðar er lýst svo landamerkjabréfinu frá 1886: „ ... og í Hvítárvatn, sem er fast við Langjökul, þá að vestan norður með Langjökli, og norður á Öldur, þar tekur við Dalskvíslaland.“ Fyrrgreindir vitnisburðir um landeign Auðkúlustaðar frá 1591 og 1598 eru samhljóða og lýsa vesturmerkjum Auðkúluheiðar svo: „ ... framm fra alla Heide milli blondu og Burfialla, i motz vid Forsæludal, hefur þetta allt Land verid kollud Kuluheide ... “. Vitnisburður Magnúsar Eiríkssonar frá 1562 lýsir vesturmerkjum svo: „ ... framm frá alla heide milli Bløndu og Búrfjalla, framm á mitt Kjalarhraun móts vid Sunnlendínga ad sunnan, en firer vestan framm móts vid Forsæludal, svo þetta land hefur vered kallad Kúlu heide ... “. Þær lögfestur sem liggja fyrir í málinu um Auðkúlustaðarheiði og heimaland frá árunum 1759, 1766, 1774, 1795, 1803, 1819 og 1845 eru allar samhljóða og lýsa merkjum heiðarinnar að vestan svo: „Enn ad Vestann verdu ur Karittingatiorn og i austustu qvisl og rett synes sudur i Burfioll.“

Í skýrslu um Kúluheiði frá 1850 segir um vesturmörk: „ ... Regnbúðarjökul, það er fláki sá er liggur suðaustr úr Lángjökli, þá að vestan norðr með Lángjokli, og norður á Öldur. Þar tekur við Dalskvísla land, sem á allar öldur að norðan verðu, og er líkast til að griótdrag það er liggur vestanfrá Sandi norðaustr að Hanskafelli og so í Sandá ráði þar merkium. Síðan til norðurs ráði Fellakvíslar drag og Fellakvísl þar beint liggur vestan fellin riett norður að Karitlínga Tiörn þar vestur og fremsta kvísl Svínadalsár kemur úr.“ Í *Sýslu- og sóknarlýsingum Húnavatnssýslu* frá 1873 er að finna lýsingu á Auðkúluheiði. Þar segir um vesturmerki Auðkúluheiðar: „ ... en að vestanverðu úr Karitlíntjörn, sem er fram undan Svínadalsfjalli, og í austustu kvísl af Vatnsdalsá og réttsýnis suður í Búrfjöll.“

Vestan megin við Auðkúluheiði eru jarðirnar Guðrúnarstaðir, Þórormstunga, Forsæludalur og Dalsland auk ágreiningssvæðis vegna Forsæludalskvísla. Í landamerkjabréfi Guðrúnarstaða í Vatnsdal með hjáleigunni Vöglum, sem er dagsett

28. febrúar 1888 og þinglýst 29. maí 1889, segir um austurmerki jarðarinnar á móts við Auðkúluheiði: „ ... beinustu stefnu suður að Karyðlingatjörn, þá enn í suður að Skammbeinstjörn, svo í vestur að Úlfkellsvatni ... “.

Í landamerkjabréfi Þórormstungu, sem er dagsett 28. júlí 1890 og þinglýst 28. maí 1891, er austurmerkjum jarðarinnar gagnart Auðkúluheiði lýst svo: „ ... í Skammbeinstjörn og þaðan beint í austur, þar til hittir merkjalínu Auðkúluheiðar að vestan, (sem er úr Karyrðlingatjörn í Fellakvísl, þar sem Kólkukvísl rennur í hana,) svo eptir þeirri línu fram fremst á Friðmundarhöfða ... “.

Í landamerkjabréfi fyrir Forsæludal, sem er dagsett 29. júlí 1890 og þinglesið 28. maí 1891 segir um austurmerki: „ ... Úlfkelshæð, og beina sjónleið þaðan um suðvesturhöggið á Friðmundarhöfðanum í merkjalínu þá, sem skilur land milli Auðkúluheiðar og Þórormstungu, Forsæludals og Dalskvísla, er liggur beina sjónleið úr Karyrðlingatjörn í Fellakvísl, þar sem Kólkukvísl rennur í hana.“ Syðsti hluti Forsæludals var seldur frá jörðinni árið 1975 og heitir sá hluti nú Dalsland.

Þá er norðvestur hornmerki Auðkúluheiðar lýst í fyrrgreindu landamerkjabréfi Hrafnabjarga frá 1890 þar sem segir „ ... úr Hellivörðuás í Karyrðlingatjörn.“

Fjallað er sérstaklega um Forsæludalskvíslar í kafla 6.5. Svo sem þar er rakið er það niðurstaða óbyggðanefndar að öllum eldri heimildum beri saman um að austurmerki Forsæludalskvísla séu dregin með beinni línu frá vörðu austan megin við Mjóavatnslæk, sem er norðausturhornpunktur, suður til ármóta Fellakvíslar og Kolkukvíslar og þaðan sé Fellakvísl fylgt til upptaka. Þá er það jafnframt niðurstaða óbyggðanefndar að austanverð mörk Forsæludalskvísla til suðurs hafi afmarkast af línu sem er dregin frá upptökum Fellakvíslar í beina línu suðvestur í norðurenda Búrfjallahala.

Gagnaðilar íslenska ríkisins miða kröfur sínar um vesturmörk Auðkúluheiðar úr norðausturhornpunkti við Karyrðlingatjörn í beina línu suður í Fellakvísl, þar sem Kolkukvísl rennur í hana. Þaðan er dregin bein lína suðaustur í punkt við sunnanvert Sauðafell, sem merktur er Öldur, og þaðan beina línu suðaustur í norðausturenda Langjökuls. Síðan er Langjökli fylgt í suðvesturhornpunkt við jökulruðning. Að mati óbyggðanefndar er afmörkun gagnaðila íslenska ríkisins annars vegar frá norðvesturhornpunkti og suður til ármóta Fellakvíslar og Kolkukvíslar, og hins vegar frá punkti í norðurenda Langjökuls og suður að jökulruðningi, í samræmi við heimildir um afmörkun ágreiningssvæðisins. Hins vegar er afmörkun ágreiningssvæðisins, frá fyrrnefndum ármótum suðaustur í punkt við sunnanvert Sauðafell og þaðan beina línu í norðausturenda Langjökuls, ekki í samræmi við heimildir um afmörkun ágreiningssvæðisins.

Með bókun við endurupptöku málsins hjá óbyggðanefnd, dags. 9. desember 2014, lagði lögmaður gagnaðila íslenska ríkisins fram yfirlýsingu þess efnis að ef óbyggðanefnd teldi að afmörkun milli Auðkúluheiðar og Forsæludalskvísla væri ekki í samræmi við lýsingar í fyrirliggjandi heimildum, þá væri nefndinni heimilt að draga

nýja merkjalínu milli ágreiningssvæðanna í samræmi við heimildir. Óbyggðanefnd telur að þær eldri heimildir sem hér hafa verið raktar verði helst túlkaðar þannig að vesturmerki ágreiningssvæðisins gagnvart Forsæludalskvíslum séu dregin með beinni línu úr Karyrðlingatjörn í Fellakvísl, þar sem Kolkukvísl rennur í hana, þaðan sé Fellakvísl fylgt til upptaka og svo bein lína suðvestur í norðurenda Búrfjallahala. Þaðan er svo lína dregin í norðurenda Langjökuls. Í samræmi við sýslu- sveitarfélagamörk liggur sú lína um Lyklafell og svo meðfram sýslu- og sveitarfélagamörkum allt suður að jökulruðningi. Að teknu tilliti til framangreindrar bókunar lögmanns gagnaðila íslenska ríkisins verður við það miðað í eftirfarandi umfjöllun um Auðkúluheiði að vesturmörk heiðarinnar séu með þeim hætti.

Samkvæmt því sem að framan er rakið er það niðurstaða óbyggðanefndar að það svæði sem málsaðilar deila um hér falli innan marka Auðkúluheiðar.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða þess landsvæði sem hér er deilt um. Um almenna þýðingu landamerkjabréfa og hugtakanna jörð og afréttur við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirliggjandi umfjöllunar Hæstaréttar og óbyggðanefndar, sbr. kafla 6.1 hér að framan og *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* í viðauka. Svo sem þar kemur fram hafa landamerkjabréf bæði verið gerð fyrir jarðir og annars konar réttindasvæði, svo sem ítök og afrétti. Bréf jarða hafa haft ríkara vægi sem sönnunargögn um beinan eignarrétt og í fyrirliggjandi dómum og úrskurðum hefur að meginreglu verið komist að þeirri niðurstöðu að þau afmarki eignarlönd. Land utan jarða, þar á meðal afréttarland, hefur á hinn bóginn að meginreglu verið talið þjóðlenda. Notkun hugtaksins afréttur í landamerkjabréfi og/eða öðrum heimildum hefur þó ekki úrslitaþýðingu um að þar sé þjóðlenda, enda hefur merking þess ekki verið einhlít. Slíkt landsvæði er því eftir atvikum eignarland eða þjóðlenda.

Auk þess sem að framan er rakið kann að vera að í landamerkjabréfi sé afmarkað landsvæði sem að hluta til er háð er beinum eignarrétti og að hluta til takmörkuðum rétti án þess að mörkum þar á milli sé sérstaklega lýst. Skal um þetta efni sérstaklega vísað til dóma Hæstaréttar 28. september 2006 í máli nr. 498/2005 (Stafafell), 5. október 2006 í máli nr. 67/2006 (Skjaldbreiður) og 27. september 2012 í máli nr. 350/2011 (Hofsafréttur).

Á meðal þeirra atriða sem máli skipta við mat á stofnun og viðhaldi eignarréttar er eignarréttarleg staða aðliggjandi landsvæða. Jafnframt er mögulegt að unninn hafi verið réttur að áður eigendalausu landi, svo sem á grundvelli hefðar.

Hér að framan er það rakið að ráðherra Íslands seldi Svínavatns-, Torfalækjar- og Blönduóshreppum Auðkúluheiði með afsali, dags. 5. júlí 1918. Gagnaðili íslenska ríkisins í máli þessu, þ.e. Sjálfseignarstofnunarinnar Auðkúluheiði, leiðir rétt sinn til Auðkúluheiðar frá hreppunum, samanber skipulagsskrá sjálfseignarstofnunarinnar frá 16. nóvember 2005. Nánara mat á eignarréttarlegri stöðu svæðisins byggist síðan og

sem endranær á því hver staða landsins var fyrir söluna, nánar tiltekið hvort Auðkúluheiði hafi verið órofa hluti af landi jarðarinnar Auðkúlu eða afrétt hennar í þeim skilningi að eigendur Auðkúlu hafi einungis átt þar óbein eignarréttindi. Land Auðkúluheiðar er sem fyrr segir aðliggjandi óumdeildu eignarlandi jarðarinnar Auðkúlu en liggur ekki að aðskilið frá jörðinni af landi annarra jarða eða landsvæða.

Af frásögnum Landnámu verður ekki ráðið hversu langt upp til fjalla landnám á þessu svæði náði, sbr. kafla 6.2. Verða því engar afdráttarlausar ályktanir af þeim frásögnum dregnar. Sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga verður að telja ólíklegt að umrætt landsvæði hafi verið numið í heild þó að svo kunni að hátta til með hluta þess, einkum nyrðri hlutann. Vafi um þetta atriði hlýtur að vaxa eftir því sem lengra er komið inn til landsins.

Elsta heimild um Auðkúluheiði er sem fyrr segir í Bréfabók Guðbrands biskups Þorlákssonar frá 1579 þar sem heiðarinnar er getið í skilmálum fyrir leigu jarðarinnar. Þá kemur hún á ný við sögu í dómi Jóns lögmanns Jónssonar frá 1583 um rekstur á Kúluheiði. Fjallað er um landeign Auðkúlustaðar í vitnisburðum Bjarna Jónssonar á Snæringsstöðum og Bjarna Jónssonar á Geithömrum frá árinu 1591 sem og í vitnisburði Björns Guðmundssonar frá 1598. Í vitnisburðunum segir að tollur sé greiddur Kúlumönnum og að landsvæðið hafi aldrei verið eignað öðrum jörðum. Árið 1652 vitnar séra Magnús Eiríksson, fyrrum staðarhaldari að Auðkúlu, um „landeign nefnds stadar“ og þar er merkjum hennar lýst. Þar tekur hann einnig fram að fjallatollur sé goldinn Kúlumönnum árlega og að hann hafi aldrei heyrt að öðrum mönnum eða jörðum hafi verið eignað téð landsvæði.

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá árinu 1706 kemur fram, í kafla um Svínavatnshrepp, að Auðkúlustaðir eigi afrétt á Kúluheiði og taki staðurinn „toll fyrir þá rekstra, sem úr þessari sveit og af Asum mega þángað gánga.“ Í bréfi séra Gísla Einarssonar prests á Auðkúlu, sem dagsett er 3. maí 1709, er fjallað um upprestur á Kúluheiði. Árið 1722 var samkomulag um fjárupprekstur á Auðkúlustaðarafrétt – og heiði skráð í dómabók sýslunnar. Samkvæmt því skyldu innbúendur sveitar koma sér saman um fjárupprekstur eftir fornri venju. Á manntalsþingi að Svínavatni árið 1735 var lesin upp lögfesta séra Gísla Einarssonar fyrir landi Auðkúlustaðar sem kallast Kúluheiði. Ekki var gerð nánari grein fyrir inntaki lögfestunnar í dómabók.

Á manntalsþingi að Torfalæk árið 1758 féll dómur um að Auðkúlustaðarheiði hefði til forna þénað og skyldi þar eftir þéna sem lögafrétt Svínavatns- og Torfalækjarhreppa. Á manntalsþingi að Svínavatni árið 1759 var fyrrgreind ályktun frá 1758 lesin sem dómsniðurstaða á þann veg „ … ad Audkúlu stadarheyde þiene hier effter fyrer lögafriett fyrer Torfalækiar og Svinavatns hreppa Jnnbyggendur.“ Á héraðsþingi að Torfalæk árið 1759 var uppsagður dómur er leit að Auðkúlustaðarheiði þess efnis að „Aller buendur og búlauser sem hafa lögafrett og eyga 10 lömb eda fleyre skulu skylduger ad reka lömb sin a afrett a sumrum arlega so langt sem venia

hefur vered ad fornu og gialda fiallatoll eitt lamb hvör sem reka a … “ Á manntalsþingi að Svínavatni árið 1763 var lesin upp klögun Guðmundar Bjarnasonar á Eiðsstöðum um að hreppsmenn reki of skammt á Auðkúluafrétt. Á manntalsþingum að Svínavatni og að Ási árið 1766 var lesin lögfesta séra Jóns Björnssonar fyrir „Audkulu stadar Heide og Heimaland…“ og merkjum svæðisins lýst. Þá er að finna samskonar lögfestu séra Ásmunds Pálssonar fyrir Auðkúlustaðarheiði og heimalandi Auðkúlustaðar frá 1774 sem var þinglesin á manntalsþingi að Svínavatni sama ár. Á manntalsþingi að Svínavatni árið 1775 var lesinn upp dómur um upprekstur á Auðkúluheiði frá 1758. Á manntalsþingi að Svínavatni árið 1795 var lesin lögfesta fyrir Auðkúlustaðarlandi og heiði. Þá var einnig, á sama manntalsþingi, lesinn upp dómur eða skikkun frá árinu 1758 þess efnis að allir í Svínavatns- og Torfalækjarhreppum skyldu reka fé sitt á Auðkúlustaðarheiði.

Í vísitasíu að Auðkúlukirkju frá 1789 kemur fram að fjárupprekstur á Auðkúluheiði hafi aflagst um mörg undanfarin ár en sé nú að takast upp aftur. Varðveitt er bréf Ásmundar Pálssonar Auðkúluprests í kirknaskjölum í Þjóðskjalasafni Íslands frá árinu 1793 um upprekstur á Auðkúlustaðarheiði. Þar segir að „Audkulustadar heide er margfaldlega tilskilinn og brúkud lögafrett fyrer Torfalækiar og Svinavatns hreppa til lamba og gieldfiár upprekstursarlega … “ Í prófastsvísitasíu að Auðkúluheiði frá 1799 segir að lítið lag sé komið á fjárupprekstur á Kúluheiði og í prófastsvísitasíu frá 1802 segir að „Upprekstur lamba og geldfiár a Audkúlu Heydi, sem tekin var ad komast i nockurt lag, hefur nu eckj stad sökumm yfergeysandi stórhardinda, og Fiárfellirs.“ Á manntalsþingi á Tindum árið 1803 var lesin lögfesta séra Jóns Jónssonar prests að Auðkúlu fyrir Auðkúlustaðarheiði og heimalandi Auðkúlustaðar þar sem merkjum landsvæðisins er lýst. Í jarðarmati frá 1804 kemur fram að jörðin Auðkúla fái árlega greidda 5 ríkisdali í tekjur af afrétt sem tilheyri jörðinni.

Lögregluréttur var haldinn að Stóru-Giljá árið 1810 en tilefni hans var umkvörtun séra Jóns Jónssonar prests á Auðkúlu yfir óheimilli brúkun manna á landi Auðkúlu „So nefndri Kúluheidi“. Í júní árið 1818 var haldinn lögregluréttur um heiðarlöndin Auðkúlustaðarheiði, Dalskvíslir og Grímstunguheiði þar sem bæjum var úthlutaður afréttur til upprekstrar svo rekstur tæki sem skemmstan tíma. Árið 1819 var þinglesin á þremur manntalsþingum lögfesta séra Jóns Jónssonar, prests á Auðkúlustað, fyrir Auðkúlustaðarheiði og heimalandi Auðkúlustaðar þar sem merkjum landsvæðisins er lýst. Árið 1820 var gerð sameiginleg lögfesta fyrir Auðkúluheiði, Þórormstungu- og Forsæludalsland, Grímstungu- og Haukagilsheiði. Í lögfestunni er grasatekja á landsvæðunum bönnuð „nema leitad sie þarum leyfis til okkar, hvers fyrir sitt land“. Árið 1820 mætti séra Jón Jónsson á Auðkúlu fyrir sáttanefnd á Reykjum þar sem hann kærði þau óskil sem hann hafði liðið á lambatollum frá tilteknum bæjum. Gert var samkomulag fyrir sáttanefndinni um greiðslu lambatolla. Í prófastsvísitasíu að Auðkúlukirkju frá árinu 1835 kemur fram

að kirkjan eigi „…Heimland allt, land í Sléttárdal ásam<t> þar vidfostu audkulustadar Heidarlandi“. Í sóknarlýsingu Hjaltabakkarsóknar frá árinu 1839 er Auðkúluheiði tiltekin sem afréttarland sóknarinnar.

Úttekt var gerð á Auðkúlu árið 1841 vegna prestaskipta þar sem segir að hún eigi „…eptir maldogum, Heimland allt, Land á Sliettardal, ásamt þar vid föstu Audkúlustadar Heidar landi.“ Árið 1843 var gerður samningur um silungsveiði á Auðkúluheiði þar sem séra Sigurður Sigurdsson, prestur á Auðkúlu, heimilar silungsveiði í „…votnum þeim á Heidinni sem tilhejra Audkulu stad.“ Í samningnum er gert ráð fyrir að greiddur sé árlegur tollur fyrir veiðina. Árið 1844 bannaði séra Sigurður Sigurðsson, prestur á Auðkúlu, grastekt á Auðkúluheiði og var banninu þinglýst á þremur manntalsþingum það sama ár. Árið 1845 bannaði hann á ný grastekt á Auðkúluheiði og var banninu þinglýst á fjórum manntalsþingum það ár. Þá lögfesti séra Sigurður Sigurðsson Auðkúluheiði og heimaland allt árið 1845. Í jarðatali Johnsens frá árinu 1847 segir eftirfarandi um Auðkúlu: „Eptir selstöðu og afréttarland kirkjunnar gjaldast árlega 24 fjallatollar, á 10 f. hver. Í fjalllandinu er og nokkur grastekja, álptaveiði og fjaðratekjam sem leigist við 40 f. eptirgjaldi.“ Í jarðamati frá 1849 er lýtur að Auðkúlu segir að „Jörðinni fylgi heiðarland, kallað Kúluheiði..“ Þá segir ennfremur um heiðina að hún sé „afrjett fyrir nokkum geldfjenað, og gefur sanngjarnlega nokkra afrjettartolla af sjer árlega; hefur Kúlu-maður tilgreint, að ágóði þessa heiðarlands megi árlega reiknast 20 rbd., og væri þetta hið minnsta, en samt vildu matmenn eigi reikna hinn rjetta ágóða af þessari afrjett meira en 16 rbd…“ Um 1850 tók Björn Bjarnason á Brandsstöðum saman skýrslu um Kúluheiði, takmörk hennar, örnefni og ásigkomulag ásamt því að fjalla um upprekstur á heiðina og réttir. Á manntalsþingi að Tindum árið 1853 var þinglýst lögfestu séra Sigurðar Sigurðssonar fyrir Auðkúluheiði og heimalandi.

Árið 1853 fór fram áreið á suðurmörk Auðkúluheiðar í þeim tilgangi að ákvarða um mörk afrétta Húnvetninga og Biskupstungamanna, en ágreiningur var uppi um fjárrekstur á syðsta hluta Auðkúluheiðar, sem Biskupstungnamenn töldu sig hafa keypt að hluta . Í janúar 1855 fór fram sættargerð um fjárupprekstur og fjalltolla á Auðkúluheiði og kvíslar. Í sóknalýsingum Auðkúlu- og Svínavatnssókna frá árinu 1857 fjallar séra Jón Þórðarson um afrétt sóknanna og segir þar að Auðkúluafrétt sé afrétt í eigu Auðkúlukirkju. Í viðbæti við sóknarlýsingu Hjaltabakkasóknar frá árinu 1873 tiltekur séra Páll Sigurðsson að afréttarland sóknarinnar sé á Auðkúluheiði, sem liggi undir Auðkúlu í Svínadal.

Fyrir liggja gögn sem sýna að árið 1879 fóru Svínavatns- og Torfalækjarhreppar þess á leit við stiftsyfirvöld að fá Auðkúluheiði keypta fyrir 3.000 kr. Í bréfi oddvita Svínavatns- og Torfalækjarhreppa til stiftsyfirvalda, dags. 12. maí 1879, kemur fram að eftir gömlum dómum og venju eigi búendur í Svínavatns- og Torfalækjarhreppum „upprekstur á Auðkúluheiði fyrir sauðfé á sumrum, móti því að hver búandi greiði lamb í fjallatoll, ef hann á 10 lömb að minnsta kosti á fjalli, en

aftur hefur heiðarráðandi annast um heiðarhreinsun og lagt til réttarstæði.“ Fram kemur að komist hafi verið að samkomulagi um að Auðkúluheiði skyldi föl fyrir 3.000 kr. og skyldi Auðkúluprestur þó leggja til hæfilegt réttarstæði framvegis. Í bréfi séra Jóns Þórðarsonar á Auðkúlu til stiftsyfirvalda, frá 16. sama mánaðar, kemur fram að í báðum hreppum séu „… 47 lögbýli og nú sem stendur aðeins tvíbýli á einu, svo lambatollar ættu að vera 48, en frá þessari tölu dagast 6, sem eptir venju eru orðin fjallatollsfrí, af því þau ega lönd, sum víðlend, sem liggja til heiðarinnar og þykjast því ábúendur leggja land til heiðarpeningi … “. Þá getur presturinn þess að sumir bændur, sér í lagi í Torfalækjarhreppi, séu svo fátækir að hann hafi ekki getað krafið þá um lambatoll, þegar þeir hafi aðeins átt örfáar kindur á fjalli. Fjallatollarnir séu því 38−40. Síðan segir: „Þessir fjallatollar eru goldnir með haustlambi, sem gera má hvert 4 kr. eptir gangverði og verður þá verð fjallatollanna hérumbil 160 kr. á ári. En frá þessari upphæð dregst kostnaður fyrir hreinsun heiðarinnar og grenjavinslu, sem hvílir á umboðsmanni heiðarlandsins, sem að meðaltali hefur verið á ári 30−40 kr. og leyga [svo] fyrir landspart sem léður er Stóradalsábúanda fyrir réttarstæði, og sem hæfilega sýnist metin til 16 kr. eptirgjalds, samt fríun ábúandans frá fjallatolli 4 kr. Verða þá útgjöldin um 60 kr., svo í því tilliti virðist skaðlaust fyrir prestakallið að heiðin yrði seld fyrir það verð er nú býðst, af hverju vextirnir svara til 120 kr.“ Síðar í bréfinu segir „ … eg ekki hefi getað reiknað mér í ávinning af heiðinni meir enn 80 kr. og álít eg það því stórum hag fyrir prestakallið, að fá hana selda fyrir það verð, að vextirnir árlega svari til 120 kr. … “. Presturinn lætur síðan í ljós það álit sitt að hagfelldast sé fyrir alla hlutaðeigendur og prestakallinu í hag að Svínavatns- og Torfalækjarhreppar fái leyfi til að kaupa Auðkúluheiði fyrir ákveðið verð, þ.e. 3000 kr., „… og borga hana með jarðagóssi og peningum … “.

Í umsögn prófastsins í Húnavatnsprófastsdæmi vegna hinnar fyrirhuguðu sölu, dags. 31. maí 1879, kemur fram það álit prófastsins að hann telji Auðkúluprest hafa í umræddu bréfi greint rétt frá hagsmunum þeim sem Auðkúluprestar hafi um langan aldur haft af Kúluheiði. Í bréfi stiftsyfirvalda til Landshöfðingjans yfir Íslandi, dags. 28. júní 1879, er síðan lagt til að málið verði borið undir Alþingi. Sala Auðkúluheiðar mun þó ekki hafa náð fram að ganga á þeim tíma.

Árið 1886 var útbúin sérstök landamerkjalýsing fyrir Auðkúluheiði. Landamerkjabréf fyrir jörðina Auðkúlu var svo útbúið árið 1890. Báðum skjölunum var þinglýst árið 1890 og þau innfærð í landamerkjabók Húnavatnssýslu.

Í frumvarpi til reglugjörðar um notkun afrétta í Húnavatnssýslu frá árinu 1894 er fjallað um afréttarnot íbúa Svínavatns- og Torfalækjarhrepps á Auðkúluheiði. Í fasteignarmati frá árinu 1916 kemur fram að Auðkúla eigi upprekstur á Auðkúluheiði sem sé eign jarðarinnar. Þá segir: „Heiði þessi, sem allir búendur í Svínavatnshreppi og Torfalækjahreppi eiga rétt til upprekstrs á virðist mega skoða, sem sérstaka eign og verður hún því metin sér.“ Í fasteignarmatinu er einnig tiltekinn fjöldi jarða sem eigi upprekstur á Auðkúluheiði sem sé kirkjueign.

Árið 1918 fóru oddvitar Svínavatnshrepps, Torfalækjarhrepps og Blönduóshrepps fram á það við Stjórnarráð Íslands að fá keypt upprekstrarlandið Auðkúluheiði. Þeir sögðust vera tilbúnir að greiða það ákvæðisverð sem umráðamaður heiðarinnar ákveddi og mælti með eða það verð sem virðingarmenn ákvæðu teldi sýslunefndin ástæðu til þess að láta virðingu fara fram. Með bréfi sínu til Stjórnarráðs Íslands létu þeir fylgja umsögn og meðmæli séra Stefáns M. Jónssonar á Auðkúlu sem umráðamanns Auðkúluheiðar. Í umsögn sinni tók hann fram að líta mætti á upprekstrarfélag Svínavatns- og Torfalækjarhrepps sem leiguliða jarðarábúandans á Auðkúlu því afrétturinn væri hluti af jörðinni og innifalinn í hundraðatali hennar, en væri á hinn bóginn svo takmörkuð eign að öll afnot hennar væru öðrum léð. Hvað verðið varðaði þá fannst Auðkúlupresti ekki rétt að líta á hvað hafa mætti uppúr landinu „á spekúlanta eða braskara vísu“. Þá ætti ekki heldur að miða við „hið óeðlilega verð hins óeðlilega ástands nútímans“ heldur fara sem næst sannvirði á eðlilegum tíma. Lægsta verð sem hann taldi eiga að selja heiðina á væri 3,500 kr. en með 5% vöxtum en það væri mjög nærri því gjaldi sem presturinn hefði átt að hafa upp úr skilvísri greiðslu hinna gömlu fjalltolla sér að kostnaðarlausu. Í framhaldi af þessu voru matsmenn fengnir til að virða afréttarlandið Auðkúluheiði og er virðingargerð þeirra dagsett 6. maí 1918. Þar er staðháttum á heiðinni lýst og segir m.a.: „Norðasti hluti heiðarinnar er allgott beitiland fyrir fé, en lítið um hrossahaga. Miðbik hennar er gróðurlítið hálendi, og sandauðnir sem altaf eru að færast út. En mikið af syðsta hlutanum, er allgott haglendi fyrir hross og fé.“ Mátu matsmennirnir „sannvirði“ Auðkúluheiðar vera 2.600 kr

Stjórnarráð Íslands seldi Svínavatns-, Torfalækjar- og Blönduóshreppi afréttarlandið Auðkúluheiði fyrir 3.500 kr. og er afsalið dagsett 5. júlí 1918. Afsalinu var síðar þinglýst á manntalsþingi að Svínavatni 28. maí 1919. Með afsali, dagsettu 24. mars 1990 seldi bæjarstjórn Blönduósbæjar hreppsnefndum Svínavatns- og Torfalækjarhrepps alla eignarhlutdeild bæjarins í Upprekstrarfélagi Auðkúluheiðar og afréttarlandinu á Auðkúluheiði.

Svo sem rakið hefur verið hér að framan er Auðkúluheiði tilgreind sérstaklega í fjölda heimilda, líkt og margar afréttir einstakra jarða eða stofnana. Í eldi heimildum er hennar oft geti í samhengi með Auðkúlustað. Af þeim takmörkuðu merkjalýsingum sem fram koma í eldri heimildum um Auðkúlustað er þó jafnan vísað til sérstakrar stöðu Auðkúluheiðar. Auk þess eru dæmi þess í heimildunum að vísað sé til jarðarinnar Auðkúlu án þess að Auðkúluheiði sé þar meðtalin, samanber í dæmaskyni vitnisburð Bjarna Jónssonar á Snæringsstöðum og Bjarna Jónssonar á Geithömrum um landareign Auðkúlustaðar frá 10. febrúar 1591 þar sem segir: „fyrstu allur halfur Sliettaardalur á mots við Dal og so rett lynis framm i fiskilæk, so ur fiskilæk i vallgil ... “ Þessi afmörkun í vitnisburðinum svarar til þess lands sem er óumdeilt eignarland jarðarinnar á Auðkúlu. Síðan segir: ... so þar fram frá alla heide millum Blondu og Burfialla i motz við Forsæludal, hefur þetta all land verid kaullud Kuluheide i ochar

minne ... “ Í yngri heimildum er afmörkun með sambærilegum hætti en í heimildum frá lok 18. aldar, samanber t.d. lögfesta frá 25. apríl 1795 er land Auðkúlu aðgreint í Auðkúlustaðar heimaland og Auðkúlustaðarheiði. Kemur sú aðgreining ítrekað fram í heimildum allt þar til gert er sérstakt landamerkjabréf um takmörk Auðkúluheiðar árið 1886. Lengst af er heiðin kölluð Kúluheiði eða Auðkúlustaðaheiði en í heimildum frá 19. öld er farið að kalla landsvæðið Auðkúluheiði. Umræddar heimildir eiga það, sem fyrr segir, sammerkt að jafnan er fjallað sérstaklega um Auðkúluheiði og þá aðgreint frá öðru landi jarðarinnar Auðkúlu. Flestar lúta þessar heimildir svo sem rakið hefur verið að beit eða öðrum þrengri notum. Þá er vísað til heiðarinnar sem afréttar og afréttarlands. Fleiri jarðir en Auðkúla eru nefndar í þessu sambandi, flestar þannig að eigendur þeirra þurfi að greiða toll til umráðamanns Auðkúlustaðar vegna afréttarnota. Í fyrirliggjandi dómum og úrskurðum hafa atriði af þessu tagi í mörgum tilvikum legið til grundvallar niðurstöðu um þjóðlendu og óbein eignarréttindi, nánar tiltekið afréttareign.

Heimildir þessar benda því til þess að skilið hafi verið nokkuð skýrt á milli jarðarinnar Auðkúlu og heiðarlands jarðarinnar sem var í afréttarnotum. Þannig hafi innan afmörkunar Auðkúlu í eldri heimildum um jörðina, verið landsvæði sem hafi haft stöðu afréttar að lögum og lotið sjálfstæðri afmörkun. Afréttarlandið hafi legið inn til landsins, sunnan jarðarinnar, allt suður að fjórðungsmörkum á Kili. Þá styðja hvorki staðhættir, gróðurfar né heimildir um nýtingu Auðkúluheiðar að allt það land sem gagnaðilar ríkisins gera kröfu til hafi talist til jarðarinnar Auðkúlu með sama hætti og heimaland jarðarinnar. Óbyggðanefnd telur framangreint benda til þess að Auðkúluheiði hafi verið afréttur í þeim skilningi að menn hafi átt þar óbein eignarréttindi fremur en beinan eignarrétt.

Í fyrirliggjandi heimildum er Auðkúluheiðar getið í tengslum við upprekstur og afréttarnot. Engar heimildir eru um að á Auðkúluheiði hafi nokkru sinni verið byggð eða önnur not en sumarbeit og aðrar takmarkaðar nytjar. Óbyggðanefnd telur framangreint benda til þess að Auðkúluheiði hafi verið afrétt Auðkúlu í þeim skilningi að eigendur Auðkúlu hafi átt þar óbein eignarréttindi fremur en beinan eignarrétt.

Hvað varðar kröfu gagnaðila íslenska ríkisins um beinan eignarrétt á grundvelli hefðar þá vísast til dóma Hæstaréttar í þjóðlendumálum sem og *Almennra niðurstaðna óbyggðanefndar*, þar sem gerð er almenn grein fyrir hefð sem stofnunarhætti eignarréttinda. Svo sem þar er rakið var skýrum réttarreglum um hefð ekki fyrir að fara fyrir setningu hefðarlaga nr. 46/1905. Í „sólarlagsákvæði“ 12. gr. laganna kom fram að telja mætti eignarhald hefðanda fyrir gildistöku laganna til hefðartíma, þó þannig að engin hefð teldist fullnuð fyrr en í árslok 1910. Ljóst er að með þessu var ákveðið að hefðarlög giltu afturvirkt en ákvæðið tók þó aðeins til hefðarhalds sem fyrir hendi var við gildistöku laganna.[807]

[807] Sbr. kafli 3.2. í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.*

Hvað Auðkúluheiði varðar er óumdeilt að á ágreiningssvæði því, sem hér er til umfjöllunar, hefur aldrei verið byggð og ekkert liggur fyrir um að umráðum landsins hafi nokkru sinni eftir það verið háttað þannig að þau gætu talist hafa fullnægt kröfum 2. gr. hefðarlaga nr. 46/1905 um óslitið eignarhald á fasteign. Beinn eignarréttur að Auðkúluheiði getur því ekki hafa stofnast handa þeim, sem leiddu rétt sinn frá fyrri eigendum Auðkúlu og síðar Auðkúluheiðar, fyrir hefð eftir gildistöku hefðarlaga, hvorki samkvæmt almennu ákvæði 1. mgr. 2. gr. né sérreglu í 12. gr. þeirra. Þá skal sérstaklega áréttað að eldri lagareglur, svo sem ákvæði í 26. kap. landsleigubálks Jónsbókar, koma ekki til álita til stuðnings eignarréttarkröfu gagnaðila, samanber dóm Hæstaréttar í máli nr. 379/2009 (Heiðarmúli).

Þá liggur fyrir í fjölda dóma Hæstaréttar að hefðbundin afréttarnot, þ.e.a.s. sumarbeit og e.t.v. önnur takmörkuð notkun, eru ekki nægjanleg ein og sér til þess að hefða beinan eignarrétt að afréttum eða öðrum svæðum utan landamerkja jarða þar sem háttar til eins og í tilviki Auðkúluheiðar. Jafnframt er ljóst að ráðstafanir að lögum, svo sem sala tiltekinna réttinda, hafa ekki þýðingu við slíkt mat nema fleira komi til.

Að þessu öllu virtu verður ekki fallist á það með gagnaðila íslenska ríkisins, þ.e. Sjálfseignarstofnunni Auðkúluheiði, að forverar hans eða hann sjálfur hafi unnið beinan eignarrétt að Auðkúluheiði fyrir hefð.

Ekkert liggur fyrir um hvernig eigendur Auðkúlu voru upphaflega komnir að rétti sínum til þessa landsvæðis eða hvert inntak þeirra réttinda var og svo sem rakið var hér að framan var uppi ágreiningur við nágranna um réttindi á hluta landsvæðisins. Þá bendir ekkert í framangreindum heimildum til þess að á því ágreiningssvæði sem hér er til umfjöllunar hafi verið byggð. Í máli þessu er ekki sýnt fram á annað en að réttur til umrædds afréttarsvæðis hafi orðið til á þann veg að það hafi verið tekið til sumarbeitar fyrir búpening og, ef til vill, annarrar takmarkaðrar notkunar. Þá voru snemma settar opinberar reglur um afréttarnotkun og fjallskil sem sveitarstjórnum var falið að annast framkvæmd á.

Hvað varðar sérstaklega þýðingu afsals ráðherra Íslands 5. júlí 1918, þar sem að sveitarfélögunum er afsalað; „ ... greint afréttarland, Auðkúluheiði, með öllum gögnum og gæðum og gæðum [...] Þó eru undanskyldir námar í jörðu sem og fossar sem þar kunna að vera“. Þá er til þess að líta að orðalag og framsetning í afsalinu sker ekki úr um það hvort að ætlunin var sú að afsala fullkomnu eignarlandi eða afréttareign. Umrædd framsetning sækir sér þess utan fyrirmynd í almennan áskilnað laga nr. 50/1907 um sölu kirkjujarða og eftir atvikum í staðlaða texta kaupsamninga og afsala þess tíma við sambærilega ráðstöfun ríkisins á landi. Jafnframt er það svo að þau samskipti sem áttu sér stað í aðdraganda afsalsins frá 1918, þær forsendur sem lágu til grundvallar niðurstöðum matsmanna benda til þess að ráðstafað hafi verið hefðbundinni afréttareign en ekki beinum eignarrétti, samanber til hliðsjónar dóma Hæstaréttar frá 3. nóvember 1994 í málinu nr. 247/1994 (Geitland), 10. apríl 1997 í

málinu nr. 66/1996 (Auðkúluheiði), 22. september 2011 í málinu nr. 294/2010 (Mælifell) og 26. september 2013 í málinu nr. 411/2012 (Bleiksmýrardalur austan Fnjóskár) og í málinu nr. 413/2012 (Bleiksmýrardalur vestan Fnjóskár). Loks verður að meta efnislegt inntak lögskipta þessara á grundvelli þeirrar meginreglu íslensks eignarréttar að sá sem telur til eignarréttar yfir landi verður að færa fram fullnægjandi heimildir fyrir tilkalli sínu og að sá sem afsalar landi getur ekki veitt viðtakanda sínum víðtækari rétt en hann sjálfur átti. Tekur sú meginregla jafnframt til eignarheimilda sem stafa frá íslenska ríkinu standi ekki svo sérstaklega á sem rakið er í kafla 6.1.2.3, samanber og dóma Hæstaréttar 11. maí 2006 í máli nr. 496/2005 (Skaftafell) og 10. október 2013 í máli nr. 617/2012 (landsvæði sunnan Ölfusafréttar). Að þessu virtu gat framangreint afsal ráðherra frá 5. júlí 1918 þess utan ekki með réttu hafa vakið væntingar hjá afsalshöfum um að þeir væri með afsalinu að eignast annað og meira en þau afnotaréttindi af landinu, sem stefndi hafði á þeim tíma á færi sínu að ráðstafa.

Svo sem áður segir var dæmt um eignarréttarlega stöðu Auðkúluheiðar með dómi Hæstaréttar Íslands 10. apríl 1997 í máli nr. 66/1996. Eftir að dómur Hæstaréttar féll ráðstöfuðu Svínavatnshreppur og Torfalækjarhreppur umræddum fasteignaréttindum til sjálfseignarstofnunarinnar, þann 16. nóvember 2005. Þar sem sveitarfélögin gátu ekki við stofnun Sjálfseignarstofnunarinnar lagt henni til rýmri rétt til heiðarinnar en sannanlega var á hendi þeirra fyrir breytir skipulagsskrá sjálfseignarstofnunarinnar ekki eignarréttarlegri stöðu heiðarinnar frá þeirri sem hún var þegar Hæstiréttur dæmdi um hana. Þá benda þau gögn sem liggja fyrir í þessu máli til viðbótar þeim gögnum sem voru lögð fram í máli nr. 66/1996 fyrir Hæstarétti, að mati óbyggðanefndar ekki til annars en að Auðkúluheiði sé einungis háð óbeinum eignarréttindum en ekki beinum.

Eins og áður er getið um kann að hátta svo til að hluti Auðkúluheiðar, þ.e. einkum nyrsti hlutinn, sé innan upphaflegs landnáms. Ekkert liggur hins vegar fyrir um afmörkun eða yfirfærslu þeirra beinu eignarréttinda sem þar kann að hafa verið stofnað til og engar heimildir eru um að þar hafi verið byggð. Þannig kann beinn eignarréttur að hafa fallið niður og landsvæðið í kjölfarið verið tekið til takmarkaðra nota annarra. Í því sambandi ber að líta til þess sönnunarmats sem lagt hefur verið til grundvallar um afrétti(r) einstakra jarða og/eða stofnana og styðst við fjölda dóma í sambærilegum málum, sjá nánar í kafla 8.2 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum. Þess skal einnig getið að á þeim landsvæðum sem nærri Auðkúluheiði liggja eru þjóðlendur til allra átta nema norðurs, sé litið heildstætt á niðurstöður í máli þessu og fyrri úrlausnum óbyggðanefndar og dómstóla að því er varða þau landsvæði sem liggja að Auðkúluheiði austan- og sunnanverðri.

Að öllu framangreindu virtu telur óbyggðanefnd að ekki hafi verið í ljós leitt að innan marka Auðkúluheiðar, svo sem þau eru skilgreind hér að framan, hafi

stofnast til eignarlands með námi, hefð eða öðrum þeim stofnunarháttum eignarréttinda sem grein hefur verið gerð fyrir í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (sjá viðauka). Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé þjóðlenda.[808] Af fyrirliggjandi gögnum verður hins vegar ráðið að landsvæðið sé í afréttareign Sjálfseignarstofnunarinnar Auðkúluheiðar. Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði það sem nefnt er Auðkúluheiði, svo sem það er afmarkað hér á eftir, teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998.

> *Upphafspunktur er í Blöndu við Vallgil. Er Blöndu fylgt til upptaka í Hofsjökli. Er jaðri jökulsins fylgt til suðurs þar til komið er að skurðpunkti við afréttarmörk á Kili milli Biskupstungnaafréttar og Auðkúluheiðar. Ráða afréttarmörkin að sunnan á eftirfarandi hátt: Frá Strýtum (hæð 834 m.) eru merkin bein lína til austurs að Grettishelli (hæð 670 m). Þaðan bein lína að Hringsjá á Fjórðungsöldu (hæð 681 m). Frá hringsjá eru merkin bein lína til austurs í Hofsjökul, sem er framhald hugsaðrar línu frá Strýtum um hringsjána. Til vesturs frá Strýtum eru merkin bein lína í grjóthól á fjallseggjum, ofan við vatnaskil í Sóleyjardal (hæð 946 m). Þaðan eru merkin bein lína í Oddnýjarhnjúk (hæð 1.057 m), og áfram í sömu stefnu í jökulruðning (mórena) og síðan eftir jökulruðningnum í Langjökul.*
>
> *Þá er farið norður með jaðri Langjökuls. Úr norðurenda Langjökuls er dregin bein lína norður í Lyklafell. Úr Lyklafelli er farið í norðurenda Búrfjallahala. Þaðan er farið norðaustur í upptök Fellakvíslar og henni fylgt þar til Kolkukvísl fellur í hana. Þaðan er farið í norður í Skammbeinstjörn og áfram í Karyrðlingatjörn. Úr Karyrðlingatjörn er farið austur í Fiskilæk um Helluvörðuás. Úr Fiskilæk er farið í upphafspunkt í Blöndu við Vallgil.*
>
> *Að því leyti sem fylgt er jökuljaðri er miðað við stöðu jökuls eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll.*

Sama landsvæði er í afréttareign Sjálfseignarstofnunarinnar Auðkúluheiðar, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga, sem nýtur veiðiréttar í ám og vötnum skv. 5. gr. laga nr. 58/1998, sbr. II. kafla laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006.

Svæði það sem hér hefur verið lýst þjóðlenda er háð sérstökum eignarréttarlegum takmörkunum samkvæmt lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, sbr. náttúruminjaskrá.

[808] Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

6.4.4 Um kröfur og réttindi Landsvirkjunar á Auðkúluheiði

Fyrir kröfugerð Landsvirkjunar er grein gerð í kafla 3.8. hér að framan. Af því tilefni telur óbyggðanefnd rétt að rifja upp að í málum 6 og 7/2000 og 1 og 2/2003 reyndi sérstaklega á kröfur Landsvirkjunar um viðurkenningu á eignarréttindum á landsvæðum sem úrskurðuð voru þjóðlenda. Landsvirkjun undi þeim úrskurðum sem ekki voru hvað þátt hennar varðar bornir undir dómstóla. Um réttarstöðu Landsvirkjunar í almennum skilningi vísast að breyttu breytanda til þeirrar umfjöllunar sem fram kemur í tilvitnuðum úrskurðum.

Í eftirfarandi köflum verður fyrst gerð grein fyrir þeim sjónarmiðum sem málsaðilar byggja kröfur sínar á að því er varðar kröfur Landsvirkjunar á ágreiningssvæðinu, þ.e. annars vegar sjónarmiðum íslenska ríkisins og hins vegar sjónarmiðum Landsvirkjunar, en þess ber að geta að Sjálfseignarstofnunin Auðkúluheiði, sem á aðild að máli þessu vegna kröfu um eignarrétt á Auðkúluheiði, hefur ekki uppi mótmæli gegn kröfum Landsvirkjunar. Því næst verður gerð grein fyrir þeim einkaréttarlegu samningum og heimildum sem Landsvirkjun byggir kröfur sínar á og þýðingu hafa fyrir mat á réttarstöðu hennar á því svæði sem hér er til umfjöllunar. Þá verður gerð grein fyrir þeirri löggjöf sem á hverjum tíma hefur tekið til starfsemi og réttinda Landsvirkjunar og fyrirtækið vísar að nokkru marki til um réttindi sín. Að því búnu verður gerð grein fyrir hinum almenna þætti í niðurstöðum óbyggðanefndar og loks ákvörðuð sérstaklega réttarstaða fyrirtækisins á því svæði sem mál þetta tekur til.

6.4.4.1 Sjónarmið íslenska ríkisins

Íslenska ríkið telur að Landsvirkjun geti ekki talist eiga meiri rétt en greinir samkvæmt samningi Landsvirkjunar við íslenska ríkið, dags. 11. ágúst 1982, um virkjunarmál, yfirtöku byggðalína o.fl., sbr. til hliðsjónar 2. mgr. 5. gr. þjóðlendulaga. Hafnar íslenska ríkið því öllum kröfum Landsvirkjunar, umfram það er kemur fram í samningi aðila.

6.4.4.2 Sjónarmið Landsvirkjunar

Landsvirkjun byggir kröfur sínar aðallega á því að þeim réttindum sem kröfurnar taka til hafi verið ráðstafað til Landsvirkjunar með formlegum og bindandi hætti með samningum.

Í *fyrsta lagi* er byggt á því að með samningi Landsvirkjunar og ríkisstjórnar Ísland um virkjanamál, yfirtöku byggðalína o.fl. frá 11. ágúst 1982 hafi Landsvirkjun yfirtekið réttindi og skyldur RARIK sem virkjunaraðila samkvæmt samningi við heimamenn um Blönduvirkjun frá 15. mars 1982. Með þeim samningi hafi réttindum ríkisins yfir landi og vatnsréttindum á umræddu svæði verið ráðstafað til Landsvirkjunar án takmarkana eða fyrirvara, ótímabundið og með bindandi hætti, gegn því að Landsvirkjun tæki á sig tilteknar fjárhagslegar skuldbindingar, þ.m.t. að greiða fyrir vatnsréttindi. Byggt er á því að Landsvirkjun hafi greitt eigendum

Auðkúluheiðar og Eyvindarstaðarheiðar bætur fyrir vatnsréttindi (virkjunarrétindi). Þá er byggt á því að ekki sé unnt að ráðstafa með samningi réttindum til þess að reisa og reka virkjun nema því fylgi nauðsynleg landréttindi.

Íslenska ríkið hafi ekki gert kröfur um aðrar greiðslur úr hendi Landsvirkjunar en þær sem tilgreindar séu í samningi aðila, vegna annarra réttinda en vatnsréttinda. Landsvirkjun kveðst hafa, fyrir sitt leyti, efnt allar greiðslur og skuldbindingar samkvæmt samningnum og því hafi Landsvirkjun yfirtekið þau réttindi sem samningurinn feli í sér.

Þá mótmælir Landsvirkjun þeirri afstöðu íslenska ríkisins að réttindi Landsvirkjunar takmarkist við ákvæði í samningi sem gerður var á milli ríkisstjórnar Íslands og Landsvirkjunar um virkjunarmál, yfirtöku byggðalína o.fl., dags. 11. ágúst 1982, þar sem samningurinn fjalli um virkjunarmál á landinu í heild og því taki hann að mjög takmörkuðu leyti til Blönduvirkjunar. Umræddur samningur hafi verið gerður áður en ákvörðun um að hefja virkjunarframkvæmdir var tekin og því taki hann ekki til atvika eða samninga sem síðar komu til.

Í *öðru lagi* er byggt á samningi, dags. 22. febrúar 1988, á milli Landsvirkjunar annars vegar og hins vegar Veiðifélags Blöndu og Svartár auk eigenda jarðanna Bollastaða, Eyvindarstaða, Eldjárnsstaða, Guðlaugsstaða, Þramar og Rugludals um yfirtöku réttinda í þágu Blönduvirkjunar, tilhögun virkjunarframkvæmda og meðferð og úrlausn kröfumála. Í samningnum hafi Landsvirkjun lýst sig reiðubúna til að greiða bætur fyrir slík réttindi vegna þeirra jarðeigna, sem getið sé í samningnum og ótvírætt teldust landareignir í merkingu vatnalaga, enda færi eigendur þeirra sönnur á aðild sína að eignunum og réttindi þeirra. Á þessum forsendum hafi svo verið samið um að Landsvirkjun yfirtæki gegn greiðslu bóta öll vatnsréttindi við Blöndu og Gilsá, sem nýta þurfti vegna Blönduvirkjunar.

Í *þriðja lagi* er byggt á tveimur samningum til viðbótar sem gerðir voru þann 24. mars 1990. Hinn fyrri var viðauki við samninginn frá 15. mars 1982 og milli sömu aðila með þeirri breytingu, að Landsvirkjun hafi tekið við skyldum RARIK. Síðari samningurinn hafi verið á milli Svínavatnshrepps og Torfalækjarhrepps, og Blönduósbæjar, sem þennan sama dag hafi afsalað hreppunum allri eignarhlutdeild bæjarins í Upprekstrarfélagi Auðkúluheiðar og afréttarlandinu á Auðkúluheiði. Telur Landsvirkjun að með samningi aðila og gegn greiðslu bóta hafi afréttarhafar veitt Landsvirkjun rétt til nýtingar á afréttarsvæðum vegna framkvæmda og reksturs virkjunar og fengið tjón sitt að fullu bætt.

Landsvirkjun telur ljóst að vatns- og landsréttindum vegna virkjunar Blöndu hafi verið ráðstafað til Landsvirkjunar með ofangreindum samningum. Landsvirkjun telji sig hafa að fullu efnt þá samninga athugasemdalaust af hálfu viðsemjenda sinna. Umræddum réttindum hafi verið ráðstafað takmarkalaust, án fyrirvara og ótímabundið til Landsvirkjunar. Kveðst Landsvirkjun líta svo á að um varanlegt framsal hafi verið að ræða.

Kröfum sínum til stuðnings, vísar Landsvirkjun jafnframt til úrskurðar hinnar sérstöku matsnefndar vegna Blönduvirkjunar, dagsettum þann 10. ágúst 1992. Samkvæmt niðurstöðu matsnefndar hafi hlutdeild virkjunarréttinda (vatnsréttinda) fyrir landi afrétta og almenninga Auðkúlu- og Eyvindastaðaheiðar verið rúm 50% af heildarvatnsréttindum. Í samræmi við niðurstöðu matsnefndarinnar, hafi Landsvirkjun greitt heimamönnum rúmar fimmtíu milljónir króna í bætur en bæturnar hafi miðast við fullkomið og varanlegt framsal vatnsréttinda og hafi afsali og/eða yfirlýsingu þinglýst inn á viðkomandi jarðir. Í kjölfarið hafi jarðeigendur gefið út afsöl þar sem vatnsréttindum hafi verið ráðstafað með varanlegum hætti til Landsvirkjunar.

Þá áréttar Landsvirkjun að bætur vegna vatnsréttinda fyrir landi Auðkúluheiðar hafi verið ákvarðaðar með nákvæmlega sama hætti og bætur vegna vatnsréttinda fyrir því landi sem ekki var ágreiningur um að væri eignarland. Telur Landsvirkjun að gegn greiðslu bóta samkvæmt niðurstöðu matsnefndar hafi átt sér stað yfirfærsla á eignarrétti að vatnsréttindum..

Landsvirkjun vísar jafnframt kröfum sínum til stuðnings til dóma Hæstaréttar frá 10. október 1997 í málum nr. 66/1996 og 67/1996 (hrepparnir gegn Landsvirkjun vegna Auðkúluheiðar og Eyvindarstaðaheiðar) og frá 29. mars 2001 í máli nr. 413/2000 (íslenska ríkið gegn Landsvirkjun) þar sem Hæstiréttur hafi í báðum tilvikum komist að þeirri niðurstöðu að engar sönnur hefðu verið leiddar að því að Auðkúluheiði og Eyvindarstaðaheiði, hefðu nokkurn tíma verið undirorpnar fullkomnum eignarrétti einstaklinga eða kirkjunnar. Þar sem hreppunum hafi ekki tekist að sanna eignarrétt sinn að landsvæðunum samkvæmt framansögðu hafi Landsvirkjun verið sýknuð af kröfum þeirra. Þá vísar Landsvirkjun til dóms Hæstaréttar nr. 413/2000 þar sem Hæstiréttur hafi komist að þeirri niðurstöðu að með 3. gr. samnings aðila frá 11 ágúst 1982 hafi Landsvirkjun gengist undir að greiða íslenska ríkinu fyrir vatnsréttindi á almenningum og afréttarlöndum Auðkúluheiðar og Eyvindarstaðaheiðar að svo miklu leyti sem heiðarnar væru ekki undirorpnar fullkomnum eignarrétti annarra. Landsvirkjun veki sérstaka athygli á því að með dómi Hæstaréttar hafi ekki verið skorið úr um eignarhald að afréttarlöndum Auðkúlu- og Eyvindarstaðaheiðar. Í kjölfar þessa og að afstöðnum bréfaskriftum og fundarhöldum hafi Landsvirkjun með samkomulagi greitt íslenska ríkinu bætur líkt og um fullkomna yfirfærslu eignarréttar væri að ræða.

Landsvirkjun vísar kröfum sínum til stuðnings til 1. gr. laga nr. 60/1981 um raforkuver og 3. gr. laga nr. 59/1965 en með þeim hafi íslenska ríkinu verið veitt heimild til að semja við Landsvirkjun um virkjun Blöndu sem sína eign og um framsal réttinda.

Landsvirkjun vísar einnig til venju og ákvæða laga um hefð nr. 46/1905 en varakrafa Landsvirkjunar byggir meðal annars á hefð.

Telur Landsvirkjun að af samningum, lögum, úrskurðum og dómum Hæstaréttar sé ljóst að Landsvirkjun sé eigandi vatnsréttinda, landsréttinda og annarra

réttinda sem til hafi stofnast vegna Blönduvirkjunar og séu innan hins kröfulýsta svæðis. Ljóst sé að umrædd réttindi hafi verið framseld til Landsvirkjunar með bindandi og skýrum hætti og þau séu varin af 72. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 með síðari breytingum.

Þá vísar Landsvirkjun til úrskurða óbyggðanefndar nr. 1/2003 um lögbundnar heimildir til handa Landsvirkjun til að reisa og reka tilteknar virkjanir, virkjunarleyfis fyrir Blönduvirkjun sem hafi verið gefið út af iðnaðarráðherra þann 28. mars 1984 og heimildar Landsvirkjunar til að framkvæma eignarnám á vatnsréttindum, löndum, mannvirkjum og öðrum réttindum, eftir því sem þörf hafi verið á vegna virkjunar skv. 18. gr. laga nr. 42/1983 um Landsvirkjun, sem hafi verið veitt Landsvirkjun með yfirlýsingu iðnaðarráðherra dagsettri 30. apríl 1987.

6.4.4.3 Einkaréttarlegar heimildir og lögskipti

Ekki þykir þörf á því að fjalla í þessu samhengi um tilurð Landsvirkjunar og þá samninga sem þar lágu til grundvallar, sameignarsamninga um félagið eða núverandi eignarhald. Með hliðsjón af kröfugerð félagsins á Auðkúluheiði er hins vegar nauðsynlegt að gera grein fyrir eftirfarandi samningum og öðrum lögskiptum sem máli skipta.

Þann 15. mars 1982 var gerður samningur á milli Rafmagnsveitna ríkisins (RARIK) annars vegar og hreppsnefnda Blönduóshrepps, Torfalækjahrepps, Seyluhrepps, Lýtingsstaðahrepps, Bólstaðarhlíðarhrepps og Svínavatnshrepps hinsvegar. Tilefni samningsins var fyrirhuguð Blönduvirkjun og með honum féllst RARIK á að greiða bætur fyrir vatnsréttindi, fyrir land sem færi undir miðlunarlón og önnur mannvirki, bætur fyrir veiðiréttindi o.fl. Þýðingarmestu ákvæði samningsins í því samhengi sem hér er til skoðunar eru 3. gr. þar sem fjallað er um þátttöku virkjunaraðila í gerð og viðhaldi girðinga og í 4. gr. samningsins þar sem grein er gerð fyrir aðkomu virkjunaraðila að gerð vega, gangnamannaskála og hesthúsi. Uppgræðsla og beit eru efni 5.−7. gr. samningsins og um veiðiréttindi og bætur vegna skerðingar á þeim er síðan fjallað í 9. gr. Þá kemur til athugunnar 10. gr. samkomulagsins þar sem fram kemur að virkjunaraðili greiði viðkomandi eigendum vatnsréttinda á vatnasvæði Blöndu bætur fyrir þau virkjunarréttindi, sem nýta þarf vegna virkjunarinnar, og fái jafnframt framsal á þeim réttindum. Í 11. gr. kemur fram að 10. gr. samningsins taki að öllu leyti til vatnsréttinda (virkjunarréttinda) á Auðkúluheiði og Eyvindarstaðaheiði. Fram kemur, að sveitarfélögin telji sig eiga beinan eignarrétt að heiðunum en af hálfu RARIK sé hafður uppi fyrirvari um að virkjunarréttur sé þar á meðal. Í 13. gr. er svo fjallað um verkefni sérstakrar matsnefndar, sem meta eigi bætur skv. samningnum.

Hinn 11. ágúst 1982 var gerður samningur milli ríkisstjórnar Íslands og Landsvirkjunar um virkjanamál, yfirtöku byggðalína o.fl. Með samningnum var orkusvæði Landsvirkjunar fært þannig út að það náði til allra landshluta. Samkvæmt

1. mgr. 1. gr. samningsins tók Landsvirkjun að sér að reisa og reka sem sína eign Blönduvirkjun, Fljótsdalsvirkjun og Villinganesvirkjun. Jafnframt yfirtók Landsvirkjun byggðalínur og aðveitustöðvar í eigu ríkisins sem getið er um í 6. og 7. gr. samningsins. Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. samningsins skyldi áður en rekstur hverrar virkjunar hæfist gera samkomulag um greiðslu Landsvirkjunar til ríkissjóðs vegna þeirra vatnsréttinda sem í umráðum ríkisins voru, hvort sem um væri að ræða lögbýli í eigu ríkisins, önnur eignarlönd eða vatnsréttindi á almenningum og afréttarlöndum. Landsvirkjun skyldi skv. 2. mgr. 3. gr. greiða ríkissjóði fyrir slík virkjunarréttindi endurgjald sambærileg því sem almennt væri greitt vegna slíkra réttinda. Mætti endurgjaldið samkvæmt sama ákvæði vera sem eingreiðsla eða í formi árlegs afgjalds. Næðu aðilar ekki samkomulagi um endurgjald fyrir virkjunarréttindin skuldbundu þeir sig til að hlíta mati óvilhallra matsmanna, sbr. 3. mgr. 3. gr.

Þann 30. apríl 1985 var gerður samningur milli Landsvirkjunar annars vegar og Veiðifélags Blöndu og Svartár hins vegar vegna hugsanlegrar röskunar á vatnasvæði Blöndu og tjóns á veiði.

Þessu næst kemur til skoðunar samningur frá dags. 22. febrúar 1988, á milli Landsvirkjunar annars vegar og Veiðifélags Blöndu og Svartár auk eigenda jarðanna Bollastaða, Eyvindarstaða, Eldjárnsstaða, Guðlaugsstaða, Þramar og Rugludals hins vegar um yfirtöku réttinda í þágu Blönduvirkjunar, tilhögun virkjunarframkvæmda, meðferð og úrlausn kröfumála vegna yfirtöku, skerðingar og/eða röskunar á veiðiréttindum, vatnsréttindum eða öðrum landsréttindum af völdum Blönduvirkjunar eða í hennar þágu og um greiðslu bóta fyrir yfirtöku, skerðingu eða röskun slíkra réttinda. Í 1. gr. samningsins er fjallað um tilhögun virkjunar. Í 2. gr. um aðra fyrirliggjandi samninga og í 3. gr. er fjallað um réttarstöðu samningsaðila. Í 4. gr. um meðferð vatnsréttindamála er mælt fyrir um að Landsvirkjun yfirtaki öll vatnsréttindi (virkjunarréttindi) við Blöndu og Gilsá, sem nýta þurfi vegna Blönduvirkjunar gegn greiðslu fébóta. Í greininni er hinsvegar fyrirvari um lögmæti slíkra krafna af hálfu afréttarhafa vegna Auðkúlu og Eyvindarstaðaheiða. Þá er í 5. gr. fjallað um meðferð veiðiréttindamála og 6. gr. um meðferð annarra landréttindamála. Í 7. gr. samningsins er mælt fyrir um úrlausn ágreiningsmála fyrir hinni sérstöku matsnefnd. Tilhögun viðræðna er efni 8. gr., kostnaður af málsmeðferð 9. gr og greiðsla bóta í 10. gr.

Þann 13. febrúar 1990 er gengið frá skjali sem ber heitið; „Grundvöllur að samningi milli (1) eigenda og ábúenda Eldjárnsstaða og ábúenda Eiðsstaða, (2) Svínavatnshrepps, Torfalækjarhrepps og Blönduósbæjar vegna Auðkúluheiðar, og (3) Landsvirkjunar sem virkjunaraðila við Blöndu og eiganda Eiðsstaða.“ Í samningnum er einkum fjallað um innbyrðis stöðu jarðanna Eldjárnsstaða, Eiðsstaða og Þramar annarsvegar og sveitarfélaganna hinsvegar vegna Auðkúluheiðar en hluti fyrrnefndu jarðanna heyrir eftir það formlega undir Auðkúluheiði eins og það er orðað. Fjallað er um innbyrðis skiptingu vatns- og veiðiréttinda viðkomandi fasteigna en aðkoma

Landsvirkjunar er tilkominn vegna þátttöku fyrirtækisins í frekari bótagreiðslum vegna skerðingar slíkra réttinda.

Þá kemur til athugunar samningur frá 24. mars 1990 en um var að ræða viðauka við samninginn frá 15. mars 1982 og milli sömu aðila, þ.e. sveitarfélaganna annars vegar og Landsvirkjunar hins vegar, sem yfirtók skyldur RARIK, skv. eldri samningnum. Felur þessi viðauki fyrst og fremst í sér nokkrar breytingar og frekari útærslu á á hinum eldri samningi og ákvæðum hans um endurgjald til afréttarhafa á Eyvindarstaða- og Auðkúluheiðum í formi vegabóta, girðinga, uppgræðslu o.s.frv.

Sama dag eða 24. mars 1990 afsalaði Blönduósbær allri eignarhlutdeild sinni í afréttarlandinu Auðkúluheiði til Svínavatns- og Torfalækjarhreppa

Þann 10. ágúst 1992 gekk síðan úrskurður hinnar sérstöku matsnefndar um bætur fyrir vatnsréttindi (virkjunarrréttindi) vegna Blönduvirkjunar en nefndin var skipuð á grundvelli 7. gr. samningsins frá 22. febrúar 1988.

Að gengum úrskurði hinnar sérstöku matsnefndar lá ljóst fyrir að ágreiningur var uppi um réttmætt tilkall til bóta vegna vatnsréttinda (virkjunarréttinda) fyrir Auðkúlu- og Eyvindarstaðaheiðum. Með dómum Hæstaréttar frá 10. apríl 1997 í málum nr. 66 og 67/1996 var tilkalli viðkomandi sveitarfélaga til bótanna hafnað á þeirri forsendu að engar sönnur hefðu verið leiddar að því að Auðkúluheiði og Eyvindarstaðaheiði hefðu nokkru sinni verið undirorpnar fullkomnum eignarrétti.

Með dómi Hæstaréttar frá 29. mars 2001 í málinu nr. 413/2000 var fallist á viðurkenningarkröfu íslenska ríkisins þess efnis að því bæri endurgjald vegna vatnsréttinda í Blöndu fyrir Eyvindarstaða- og Auðkúluheiðum í samræmi við 3. gr. samnings aðila frá 3. ágúst 1982, sbr. niðurstöðu matsnefndar í úrskurði sínum frá 10. ágúst 1992.

Í kjölfar þessa og að afstöðnum bréfaskriftum og fundarhöldum greiddi Landsvirkjun þann 31. desember 2002 úrskurðaðar bætur vegna vatnsréttinda fyrir heiðunum tveimur en allt að einu hefur Landsvirkjun ekki fengið afsal fyrir réttindum sínum frá íslenska ríkinu.

6.4.4.4 Heimildir Landsvirkjunar samkvæmt lögum

Landsvirkjun hefur til stuðnings kröfum sínum vísað sérstaklega til 1. gr. laga nr. 60/1981 um raforkuver og 3. gr. laga nr. 59/1965 um Landsvirkjun en bæði þessi lög hafa nú verið felld úr gildi. Í eldri og tilvitnuðum úrskurðum óbyggðanefndar í málunum nr. 6 og 7/2000 og 1 og 2/2003 er að finna mjög ítarlega yfirferð yfir lagaumhverfi orkunýtingar fallvatna annars vegar og svo sérstaklega þá löggjöf lagaumhverfi sem Landsvirkjun hefur búið við. Er þar fjallað um lagaumhverfið allt frá gildistöku vatnalaga nr. 15/1923 og fram yfir síðustu aldamót. Með því móti er leitast við að skýra heimildir Landsvirkjunar og inntak þeirra réttinda sem fyrirtækið hefði öðlast á grundvelli lagaheimilda og leyfisveitinga. Það er mat óbyggðanefndar að ekki sé þörf á því að taka hér upp þá viðamiklu umfjöllun, en þó rétt að geta þeirra

breytinga sem orðið hafa almennt á því lagaumhverfi sem um ræðir frá uppkvaðningu úrskurða í málum 1 og 2/2003 í árslok 2004.

Með samræmdri breytingu á vatnalögum og lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu var með lögum nr. 58/2008 mælt fyrir um bann við því að ríki, sveitarfélög og fyrirtæki, sem alfarið eru í eigu þeirra, megi framselja beint eða óbeint og með varanlegum hætti eignarrétt að vatni með virkjanlegt afl umfram 10 MW og jarðhita og grunnvatni umfram heimils- og búsþarfir. Sömu aðilum skal þó heimilt að veita tímabundið afnotarétt að slíkum réttindum til allt að 65 ára í senn. Sjá nánar um þetta 6. gr. laganna, sbr. 3. gr. a í lögum nr. 57/1998 og og 11. gr. laganna, sbr. nú 16. gr. laga nr. 15/1923, sbr. 17. gr. laga nr. 132/2011.

Með 13. gr. laga nr. 58/2008 voru jafnframt felld úr gildi ýmis eldri lög um raforkuver o.fl. þar á meðal lög nr. 60/1981 um raforkuver með síðari breytingum. Í athugasemdum með frumvarpi til laganna kemur fram að lögin megi rekja til þess tíma þegar Alþingi veitti virkjunarleyfi. Í mörgum tilvikum hafi það verið gert með þeim hætti að Alþingi hafi framselt ráðherra heimildina til að gefa út virkjunarleyfi vegna einstakra virkjana. Þar sem slíkar leyfisveitingar væru á hendi iðnaðarráðherra (nú Orkustofnunar), skv. II. kafla raforkulaga nr. 65/2003 væru umrædd lög óþörf. Það ákvæði hinna brottfelldu laga sem beinlínis snerti Blönduvirkjun var upphaflega í 2. mgr. 1. gr. þeirra þar sem m.a. sagði:

> Ríkisstjórninni er heimilt að semja við Landsvirkjun m. a. um að reisa og reka eftirtaldar vatnsaflsvirkjanir. Uns þeir samningar hafa tekist skulu Rafmagnsveitur rikisins hafa með höndum rannsóknir, hönnun og undirbúningsframkvæmdir i nánu samráði við Landsvirkjun.
>
> - Virkjun Blöndu í Blöndudal (Blönduvirkjun) með allt að 180MW afli,

Í 4. mgr. 1. gr. laganna sagði síðan:

> Virkjunaraðila er heimilt að gera nauðsynlegar ráðstafanir á vatna- og háhitasvæðum þeirra virkjana, sem lög þessi taka til, í því skyni að tryggja rekstur orkuveranna gegn truflunum og til að ná fram áætlaðri vinnslugetu.

Þá sagði í 5. mgr. 1. gr. laganna:

> Virkjunaraðila er einnig heimilt að reisa og reka orkuveitur til að tengja framangreind orkuver við núverandi landskerfi og Rafmagnsveitum ríkisins og/eða Landsvirkjun er heimilt að styrkja landakerfið að því marki sem nauðsynlegt er talið til að flytja orkuna til afhendingar staða út frá landskerfinu.

5. gr. laganna var svohljóðandi:

> Ráðherra getur tekið eignarnámi eða heimilað virkjunaraðila að taka eignarnámi vatnsréttindi, lönd,mannvirki og önnur réttindi, sem nauðsynleg eru til framkvæmda, samkvæmt lögum þessum. Um framkvæmd eignarnáms

fari eftir lögum nr. 11/1973 um framkvæmd eignarnáms. Um mat eignarnámsbóta skal fara eftir ákvæðum 140. gr. vatnalaga nr. 15/1923.

Ný lög um Landsvirkjun, nr. 42/1983, voru samþykkt á Alþingi 23. mars 1983 og komu þau í stað laganna nr. 59/1965 með þeim breytingum sem gerðar höfðu verið á þeim. Þar sagði í 4. gr:

Landsvirkjun er eigandi raforkuvera, annarra mannvirkja, vatnsréttinda og búnaðar sem fyrirtækið hefur eignast fyrir setningu laga þessara.

Samkvæmt sameignarsamningi ríkisins, Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar, dagsettum 27. febrúar 1981, tekur Landsvirkjun hinn 1. júlí 1983 við eignarhlut ríkissjóðs og Akureyrarbæjar í Laxárvirkjun.

Þá sagði í 6. gr:

Landsvirkjun reisir og rekur, samkvæmt lögum nr. 60/1981 um raforkuver og samkvæmt sérstöku samkomulagi við ríkisstjórn Íslands, dagsettu 11. ágúst 1982, eftirtalin raforkuver að fengnu leyfi ráðherra orkumála skv. 7. gr.:

Blönduvirkjun með allt að 180 MW afli.

Fljótsdalsvirkjun með allt að 330 MW afli.

Villinganesvirkjun með allt að 40MW afli.

Landsvirkjun ber að hafa forgöngu um virkjanir á orkusvæði sínu svo að tryggt verði að afl- og orkuþörf viðskiptavina fyrirtækisins verði ávallt fullnægt. Einnig ber Landsvirkjun að kappkosta styrkingu og frekari uppbyggingu meginstofnlínukerfis síns með það fyrir augum að tryggja sem best rekstraröryggi Landsvirkjunarkerfisins í heild.

Loks sagði í 7. gr:

Til byggingar nýrra raforkuvera og meginstofnlína þarf Landsvirkjun leyfi ráðherra þess sem fer með orkumál. Áður en byrjað er á nýjum mannvirkjum, hvort heldur eru raforkuver eða meginstofnlínur, skal Landsvirkjun senda ráðherra þeim, sem fer með orkumál, uppdrætti af hinum fyrirhuguðu mannvirkjum, ásamt lýsingu á þeim.

Getur ráðherra krafist þeirra breytinga á fyrirhugaðri tilhögun mannvirkja sem nauðsynlegar kunna að þykja vegna almenningshagsmuna.

Í 18. gr. laganna kom fram að ráðherra gæti heimilað Landsvirkjun að taka eignarnámi vatnsréttindi, lönd, mannvirki og önnur réttindi sem nauðsynleg eru til framkvæmda samkvæmt lögunum.

Gildandi lögum um Landsvirkjun hefur verið breytt alloft frá gildistöku sinni en ekki fæst séð að þær breytingar og viðbætur hafi neina efnislega þýðingu fyrir úrlausn máls þessa. Lögin í núverandi mynd hafa í raun gjörbreyst frá upphaflegri mynd og lúta í engu að einstökum raforkuverum eða heimildum til þess að reisa þau

og reka heldur varða fyrst og fremst fyrirkomulag á skipulagi og rekstri Landsvirkjunar.

6.4.4.5 Niðurstaða óbyggðanefndar

Fyrir óbyggðanefnd liggur að kveða á um og skera úr um réttindi Landsvirkjunar á grundvelli III. kafla laga nr. 58/1998, sbr. 7. gr. laganna. Við það mat er öðru fremur tekið mið af fyrirmælum a og c-liða þeirrar greinar laganna. Úrlausn óbyggðanefndar er fyrst og síðast eignarréttarlegs eðlis, í hefðbundinni stjórnskipulegri merkingu, sbr. 72. gr. stjórnarskrár, nr. 33/1944, sbr. 10. gr. laga nr. 97/1995. Sætir Landsvirkjun hvað það varðar sömu stöðu og aðrir einstaklingar og lögpersónur, þ.e. við það mat sem fram fer á grundvelli 7. gr. tilvitnaðra laga og fellur utan valdsviðs óbyggðanefndar að kveða á um og skera úr um önnur réttindi sbr. orðalag c-liðar 7. gr. þjóðlendulaga, sbr. og 1. mgr. 2. gr. og 2. mgr. 5. gr. laganna.

Af hálfu Landsvirkjunar eru, svo sem ítarleg grein hefur þegar verið gerð fyrir í kafla 3.8, gerðar kröfur um viðurkenningu á víðtækum réttindum á því landsvæði sem hér er til umfjöllunar. Eins og rakið er í kafla 6.4.3 er niðurstaða óbyggðanefndar að Auðkúluheiði sé þjóðlenda. Það fellur því undir valdsviðs óbyggðanefndar að úrskurða um kröfur Landsvirkjunar, sbr. 7. gr. þjóðlendulaga nr. 58/1998.

Svo sem fram hefur komið styðjast kröfur Landsvirkjunar við einkaréttarlegt framsal og samninga um fasteignaréttindi sem og uppgjör bóta til íslenska ríkisins. Þá styður Landsvirkjun kröfur sínar við nánar tilteknar lagaheimildir sem og virkjanaleyfi og eignarnámsheimildir. Ennfremur vísar Landsvirkjun til venjuréttar og hefðar.

Verður nú nánari grein gerð fyrir niðurstöðum óbyggðanefndar um þýðingu þessara heimilda fyrir eignarréttarlega stöðu Landsvirkjunar á því svæði sem hér er til umfjöllunar. Er þá minnt á að í málum nr. 6 og 7/2000 og málum 1 og 2/2003 hefur óbyggðanefnd nú þegar tekið almenna afstöðu til margra þeirra álitaefna sem hér eru til úrlausnar og m.a. fjallað efnislega um sumar þeirra lagaheimilda sem við sögu koma og varða starfsemi Landsvirkjunar. Að því leyti sem ekki hefur verið teflt fram nýjum gögnum eða málsástæðum, sem máli skipta, telur nefndin að sömu sjónarmið eigi við og lögð voru til grundvallar í tilvitnuðum úrlausnum.

Sú tilhögun verður samhengisins vegna viðhöfð að fyrst verður vikið að þeim einkaréttarlegu löggerningum, dómum o.fl. sem byggt er á, þá verður vikið að því lagaumhverfi sem um ræðir og loks að mögulegri þýðingu venjuréttar og/eða hefðar.

Að því leyti sem réttindi Landsvirkjunar eru byggð á einkaréttarlegum löggerningum, þ.e. samningum og framsali fasteignaréttinda, þá felst greining á inntaki þeirra réttinda fyrst og fremst í túlkun og mati á viðkomandi gerningum sem eignarheimildum, hvaða réttindi verið sé að yfirfæra að eignarrétti og svo því hvaða eignarréttarlegu heimildum sá sem afsalar réð í raun yfir. Gildir þá sú almenna og

viðurkennda meginregla á sviði eignarréttar að sá sem afsalar fasteignarréttindum getur ekki afsalað víðtækari rétti en hann á sjálfur.

Að framan eru raktar þær einkaréttarlegu heimildir og lagaheimildir sem lúta að Landsvirkjun og máli skipta við úrlausn þessa máls, sbr. kafla 6.4.4.3 og 6.4.4.4. Eins og fram kemur í fyrrnefnda kaflanum liggur fyrir í máli þessu samning á milli RARIK annars vegar og hins vegar hreppsnefnda Blönduóshrepps, Torfalækjahrepps, Seyluhrepps, Lýtingsstaðahrepps, Bólstaðarhlíðarhrepps og Svínavatnshrepps. Kveður samningurinn á um bótagreiðslur fyrir vatnsréttindi vegna virkjunar í Blöndu. Þá liggur fyrir samningur, dags. 11. ágúst 1982, milli ríkisstjórnar Íslands og Landsvirkjunar um virkjanamál, yfirtöku byggðalína o.fl., en með honum yfirtók Landsvirkjun réttindi og skyldur RARIK samkvæmt samningnum frá 15. mars 1982.

Með bréfi iðnaðarráðherra, dags. 28. mars 1984, og með vísun til þágildandi 6. og 7. gr. laga nr. 42/1983 um Landsvirkjun, sbr. 1. gr. þágildandi laga nr. 60/1981 um raforkuver og ályktunar Alþingis, þann 6. maí 1982, var Landsvirkjun veitt leyfi til að virkja Blöndu. Með bréfi iðnaðarráðuneytisins, þann 30 apríl 1987, var Landsvirkjun svo með vísan til heimilda þágildandi 18. gr. laga nr. 42/1983 um Landsvirkjun, sbr. V. og VI. kafla vatnalaga heimilað að framkvæma eignarnám til þess að unnt væri að ljúka gerð virkjunarinnar. Til þess kom þó ekki að eignarnámsheimildarinnar væri neytt heldur sömdu Landsvirkjun og þeir aðilar sem tilkall gerðu til vatns- og landsréttinda um bætur.

Auk þessa liggur fyrir í málinu samningur dags. 22. febrúar 1988, á milli annars vegar Landsvirkjunar og hins vegar Veiðifélags Blöndu og Svartár auk eigenda jarðanna Bollastaða, Eyvindarstaða, Eldjárnsstaða, Guðlaugsstaða, Þramar og Rugludals. Í samningnum er tekið á ýmsum þáttum sem vörðuðu gerð Blönduvirkjunar og bætur vegna þeirra eignaskerðinga sem framkvæmdinni hlytust. Skiptir í þessu samhengi mestu máli ákvæði 4. gr. um meðferð vatnsréttindamála þar sem fram kemur að Landsvirkjun muni yfirtaka öll vatnsréttindi við Blöndu og Gilsá er nýta þurfi vegna Blönduvirkjunar og greiða fyrir þau endurgjald í formi fébóta. Með samkomulagi Landsvirkjunar og viðkomandi sveitarfélaga vestan og austan Blöndu frá 24. mars 1990 var gerður sérstakur viðauki við samninginn frá 15. mars 1982 og ýmis ákvæði hans skýrð og öðrum breytt.

Þann 10. ágúst 1992 gekk síðan úrskurður hinnar sérstöku matsnefndar vegna Blönduvirkjunar sem skipuð var á grundvelli 7. gr., sbr. 4. gr. samningsins frá 22. febrúar 1988. Aðild að því máli áttu Landsvirkjun sem og allir þeir aðilar sem kölluðu til vatnsréttinda á virkjanasvæði Blönduvirkjunar. Í úrskurði matsnefndar er að finna nánari afmörkun á þeim vatnsréttindum (virkjunarréttindum) sem um er að ræða og það gert með þeim hætti að vísa hið efra til stíflu í Blöndu við svokallaða Reftjarnarbungu (478 metrar yfir sjávarmáli) en hið neðra til skurðsenda neðan virkjunar (120,8 metrar yfir sjávarmáli) þar sem að virkjunarvatnið fellur aftur í náttúrulegan farveg Blöndu. Miðað er við að heildarfallhæð nái samtals 287 metrum

og er afl virkjunarinnar 150 MW. Niðurstaða matsnefndar varð á þá leið að verðmæti þeirra vatnsréttinda sem um væri að ræða næmi samtals kr. 92.000.000.- á verðlagi þess tíma. Hlutdeild Auðkúluheiðar nam 33,3%. Í forsendum úrskurðarins er hinsvegar fyrirvari þess efnis að ágreiningur sé til staðar um rétt viðkomandi sveitarfélaga til bóta fyrir vatnsréttindin vegna Auðkúluheiðar að vestan og Eyvindarstaðaheiðar að austan. Var því mælt fyrir um það að fresta bæri greiðslum vegna heiðanna þar til niðurstaða dómstóla lægi fyrir um eignarréttarlega stöðu þeirra.

Það er ekki að fullu ljóst af orðalagi og framsetningu í tilvitnuðum úrskurði matsnefndar frá 10. ágúst 1992 hvort eingöngu er verið að meta orkunýtingarrétt (fallréttindi) Blöndu á framangreindu svæði, sbr. 49. gr. vatnalaga nr. 15/1923 með síðari breytingum, sbr. 5. tl. 10. gr. sömu laga, eða hvort verið sé að meta verðmæti vatnsréttindanna í heild, sbr. til hliðsjónar 10. gr. vatnalaga þar sem að fram koma einstakir þætti vatnsréttinda fasteignar. Það er þó mat óbyggðanefndar að efnislega beri úrskurðurinn það með sér að hann taki eingöngu til orkunýtingarréttarins (fallréttinda), sbr. raunar framsetning endanlegrar kröfugerðar Landsvirkjunar í máli þessu. Því til enn frekari stuðnings er bent á að 4. gr. tilvitnaðs samningi aðila frá 22. febrúar 1988, sem lá starfi matsnefndar til grundvallar, eru vatnsréttindi ávallt auðkennd sem virkjunarréttindi. Þá er fjallað um bætur vegna veiði á öðrum vettvangi, sbr. fyrrgreindur samningur frá 15. mars 1982, samningur frá 30. apríl 1985 milli Landsvirkjunar og Veiðifélags Blöndu og Svartár, sbr. 5. gr. fyrrnefnds samnings frá 22. febrúar 1988, en veiðiréttindi eiga samstöðu með vatnsréttindum og voru að lögum einn þáttur þeirra frá til ársins 1932.

Vegna krafna Landsvirkjunar um viðurkenningu á rétti til frekari virkjunarframkvæmda í umræddum hluta Blöndu kannaði óbyggðanefnd sérstaklega forsendur úrskurðar matsnefndar með hliðsjón af því hvort öruggt væri að öll fallréttindi Blöndu á umræddu svæði væru inni í matsniðurstöðum. Samkvæmt ákvæðum 4. gr. samnings Landsvirkjunar og eigenda réttinda við Blöndu, dags. 22. febrúar 1988, var svo um samið, að Landsvirkjun yfirtæki við gerð samningsins og á grundvelli hans öll vatnsréttindi (virkjunarréttindi) við Blöndu og Gilsá, er nýta þarf vegna Blönduvirkjunar.

Í forsendum úrskurði matsnefndar kemur m.a. fram að bætur til matsþola beri að miða við fjárhagslegt tjón eingöngu samkvæmt viðurkenndum sjónarmiðum skaðabótarréttar. Við mat á bótafjárhæð vegna vatnsréttinda sé til ýmissa þátta að líta og þá komi m.a. til skoðunar atriði eins og stærð og hagkvæmni virkjunarinnar, samanburður við aðra virkjunarkosti, dreifikerfi orkunnar, orkumarkað, svo og sérhag til frádráttar bótum skv. 140. gr. vatnalaga nr. 15/1923. Þá kemur fram að Blönduvirkjun teljist stórvirkjun á íslenskan mælikvarða eða um 750 GWh/a og nemi kostnaður við byggingu hennar nálægt 13,2 milljörðum króna. Hafi stærð hennar áhrif á verðmætamat vatnsréttinda til lækkunar. Hins vegar teljist virkjunin, eins og áður hefur komið fram, hagkvæmari til virkjunar en „meðaltalsvirkjun“ og megi virða það

til hækkunar fébóta. Þá kemur fram að matsnefnd telji að eðlilegt og sanngjarnt hlutfall eigi að vera milli verðs vatnsréttinda annars vegar og stofnkostnaðar virkjunarinnar hins vegar. Ennfremur segir að um sé að ræða heildarfjárhæð bóta vegna vatnsréttinda í þágu Blönduvirkjunar.

Af framangreindum forsendum verður þannig ekki annað ráðið en að verðmæti orkunýtingarþáttar vatnsréttinda Blöndu á umræddu svæði hafi tekið sérstakt mið af hönnun, stærð og afkastagetu núverandi virkjunar. Þá er jafnframt til þess að líta að Landsvirkjun hefur greitt fébætur á grundvelli úrskurðar matsnefndarinnar án þess að hafa fengið afhenta eignarheimild þar sem mögulega væri tekið af skarið um þetta atriði.

Svo sem fyrr greinir höfðuðu sveitarfélögin sem gerðu tilkall til beins eignarréttar að heiðunum tveimur dómsmál í framhaldi af þessu og með dómi Hæstaréttar frá 10. apríl 1996 í málinu nr. 66/1996 var því hafnað Svínavatns- og Torfalækjarhreppum hefði auðnast að sýna fram á að Auðkúluheiði væri eða hefði nokkru sinni verið undirorpin beinum eignarrétti.

Með lögum nr. 58/1998, sem öðluðust gildi 1. júlí 1998, var stofnað til eignarréttar íslenska ríkisins að öllu því landi sem við gildistöku laganna var eigendalaust og ríkið fer með viðkomandi eignarheimildir í samræmi við 2. kafla laga nr. 58/1998.

Í ársbyrjun 2000 höfðaði íslenska ríkið síðan mál það á hendur Landsvirkjun sem dæmt var af Hæstarétti með dómi frá 29. mars 2001 í máli nr. 413/2000. Með dómnum var fallist á viðurkenningarkröfu íslenska ríkisins þess efnis að því bæri endurgjald vegna vatnsréttinda í Blöndu fyrir Eyvindarstaða- og Auðkúluheiðum í samræmi við 3. gr. samnings aðila frá 3. ágúst 1982. Í kjölfar þessa og að afstöðnum bréfaskriftum og fundarhöldum greiddi Landsvirkjun í árslok 2002 úrskurðaðar bætur vegna vatnsréttinda í þágu Blönduvirkjunar fyrir heiðunum tveimur án þess þó að fá afhenta formlega eignarheimild svo sem ítrekað hefur komið fram.

Svo sem rakið er í kafla 6.4.3 hefur óbyggðanefnd komist að þeirri niðurstöðu að Auðkúluheiði, svo sem hún er afmörkuð í máli þessu, sé þjóðlenda í afréttareign gagnaðilans Sjálfseignarstofnunar Auðkúluheiði.

Þegar Landsvirkjun greiddi íslenska ríkinu fébætur vegna vatnsréttinda á og fyrir Auðkúluheiði í árslok 2002 lá ekki formlega fyrir hvort að landsvæðið teldist þjóðlenda í eigu íslenska ríkisins eða ekki. Sýnist það atriði raunar ekki hafa ráðið úrslitum við úrlausn hæstaréttarmáls nr. 413/2000 heldur var þar byggt á túlkun 3. gr. samnings Landsvirkjunar og ríkisins frá 11. ágúst 1982 þegar vísað er þar til greiðsluskyldu Landsvirkjunar í tilviki vatnsréttinda sem séu í umráðum ríkisins, hvort sem er vegna lögbýla í eigu ríkisins, annarra eignarlanda eða vegna vatnsréttinda á almenningum og afréttarlöndum. Í forsendum Hæstaréttar segir m.a.:

> Verður því að skilja 3. gr. hins umdeilda samnings þannig, að áfrýjandi hafi gengist undir að greiða stefnda vegna vatnsréttinda á almenningum og

afréttarlöndum Auðkúluheiðar og Eyvindarstaðaheiðar að svo miklu leyti sem heiðarnar væru ekki undirorpnar fullkomnum eignarrétti annarra. Úr því hefur verið skorið með tveimur dómum Hæstaréttar 10. apríl 1997, að svo er ekki, sbr. H.1997.1162 og 1183.

Í fyrri úrlausnum sínum þar sem afstaða hefur verið tekin til réttarstöðu Landsvirkjunar á þjóðlendum, sbr. mál 6 og 7/2000 og 1 og 2/2003, hefur óbyggðanefnd hafnað því að gildistaka þjóðlendulaga hafi megnað að ryðja upprunalegri vanheimild íslenska ríkisins til þess að ráðstafa, fyrir gildistöku þjóðlendulaga og með einkaeignarréttarlegum hætti, landi og vatnsréttindum á eigendalausum svæðum, sem síðar hafa fengið stöðu þjóðlendu. Koma þar fyrst og fremst til þau fasteigna- og vatnsréttindi sem ríkið fékk árið 1952 afsalað frá a/s Titan og lagði fram sem eigandaframlag við stofnun Landsvirkjunar 1965.

Í þessu tilviki háttar hins vegar þannig til að eftir gildistöku þjóðlendulaga krefur ríkið Landsvirkjun um fébætur vegna vatnsréttinda sem nýta þurfti vegna Blönduvirkjunar. Af málatilbúnaði ríkisins í dómsmáli því sem dæmt var með dómi Hæstaréttar í máli nr. 413/2000 má auk þess ráða að af þess hálfu var sérstaklega á því byggt að umþrætt landsvæði, þ.e. Auðkúluheiði, sé þjóðlenda, þó að niðurstaða dómsins hafi ekki oltið á þeirri afstöðu.

Í máli þessu er afstaða íslenska ríkisins til kröfugerðar Landsvirkjunar um margt óljós. Í greinargerð ríkisins í málinu segir það eitt um kröfur Landsvirkjunar að fyrirtækið geti ekki átt annan og meiri rétt en ráðgerður sé í samningi Landsvirkjunar og íslenska ríkisins frá 11. ágúst 1982, sbr. til hliðsjónar 2. mgr. 5. gr. þjóðlendulaga. Sé því öllum kröfum Landsvirkjunar umfram það sem fram komi í þeim samningi hafnað. Þessi afstaða skýrðist ekki að fullu við munnlegan flutning málsins en óbyggðanefnd telur þó varlegast að túlka afstöðu íslenska ríkisins þannig að öllum kröfum Landsvirkjunar um varanleg eignarréttindi innan þjóðlendu sé hafnað.

Tilvitnaður samningur aðila frá 11. ágúst 1982 fjallar ekki um neinskonar afsal eða yfirfærslu fasteignaréttinda frá íslenska ríkinu til Landsvirkjunar á því svæði sem til meðferðar er í máli þessu. Með 1. gr. samningsins tekur Landsvirkjun að sér að reisa og reka sem sína eign virkjun í Blöndu; í 2. gr. er mælt fyrir um að Landsvirkjun taki við réttindum og skyldum virkjunaraðila samkvæmt samningi RARIK við heimamenn um Blönduvirkjun frá 15. mars 1982 og samkvæmt 3. gr. er áskilið að áður en rekstur virkjunar hefjist skuli gera samkomulag um greiðslur Landsvirkjunar til ríkisins vegna þeirra vatnsréttinda sem séu í umráðum ríkisins og með þeim hætti sem nánari grein hefur verið gerð fyrir hér að framan. Í 4. og 5. gr. samningsins er síðan fjallað um greiðslu Landsvirkjunar á stofnkostnaði vegna þeirra virkjana sem þá voru fyrirhugaðar.

Á grundvelli þessa hefur Landsvirkjun annars vegar greitt jarðeigendum, Veiðifélagi Blöndu og Svartár og afréttarhöfum, þ.á m. þeim sveitarfélögum sem standa að gagnaðilanum Sjálfseignarstofnuninni Auðkúluheiði, margþættar bætur

vegna spjalla á landi, á beit og veiði, sbr. og nánari útlistun þ.a.l. í tilvitnuðum samningi RARIK og sveitarfélaganna frá 15. mars 1982; samningi Landsvirkjunar og Veiðifélags Blöndu og Svartár frá 30. apríl 1985; samningi Landsvirkjunar og rétthafa frá 22. febrúar 1988, svokölluðum grundvelli að samningi frá 13. febrúar 1990 og viðauka við samninginn frá 15. mars 1982, sem gerður var 24. mars 1990. Hinsvegar hefur Landsvirkjun greitt bætur fyrir vatnsréttindi svo sem nánar hefur verið útlistað en þær bætur voru eins og fram hefur komið ákvarðaðar af hinni sérstöku matsnefnd á grundvelli 4. gr., sbr. 7. gr. samningsins frá 22. febrúar 1988. Þar með talið eru fébætur vegna vatnsréttinda (virkjunarréttinda) sem nauðsynleg séu til starfrækslu Blönduvirkjunar fyrir og á landi Auðkúluheiðar.

Með vísan til þess sem rakið er í kafla 6.1.2.3 um þýðingu fyrri lögskipta íslenska ríkisins og meintra rétthafa, sbr. einkum dómar Hæstaréttar 11. maí 2006 í máli nr. 496/2005 (Skaftafell) og 10. október 2013 í máli nr. 617/2012 (landsvæði sunnan Ölfusafréttar), verður fallist á það með Landsvirkjun að með greiðslu bóta til ríkisins í árslok 2002 vegna vatnsréttinda tengdum Auðkúluheiði hafi Landsvirkjun orðið eigandi vatnsréttindanna að því marki sem þau komu til mats í úrskurði matsnefndar frá 10. ágúst 1992. Fær sú afstaða ríkisins nú að hafna kröfum Landsvirkjunar um yfirfærslu slíkra réttinda ekki samþýðst þeirri afstöðu ríkisins sem birtist með málsókn þeirri sem til lykta var leidd með dómi Hæstaréttar í málinu nr. 413/2000 og greiðslu Landsvirkjunar á grundvelli þess dóms.

Það er jafnframt niðurstaða óbyggðanefndar að úrskurður matsnefndar frá 10. ágúst 1992, sbr. 4. og 7. gr. samnings aðila frá 22. febrúar 1988 verði túlkaður þannig að einungis orkunýtingarþáttur vatnsréttindanna (fallréttindi), sbr. 49. gr. vatnalaga nr. 15/1923 með síðari breytingum, hafi komið til mats og þá er það jafnframt niðurstaða óbyggðanefndar að einungis hafi verið metið verðmæti slíkra réttinda vegna reksturs Blönduvirkjunar í þeirri mynd sem hún var hönnuð og reist en án tillits til frekari virkjanaframkvæmda á umræddu fallsvæði frá Reftjarnarbungu að skurðsenda neðan virkjunar. Því til frekari stuðnings má í dæmaskyni nefna að orðalag í afsali eigenda Eiðsstaða, Eldjárnsstaða og Þramar fram að Landsenda, dags. 17. september 1992, kemur fram að framseld séu „virkjunarréttindi jarðanna að því marki sem úrskurðurinn tekur til“. Það er því ekki á færi óbyggðanefndar að staðfesta tilvist annarra vatnsréttinda í eigu Landsvirkjunar á svæðinu en að framan greinir.

Hvað varðar þýðingu þeirra margþættu bóta sem Landsvirkjun hefur greitt afréttarhöfum á grundvelli þeirra samninga sem fyrr eru raktir er það að segja að óbyggðanefnd hefur nú komist að þeirri niðurstöðu að Auðkúluheiði sé þjóðlenda, sbr. kafli 6.4.3. Í afréttareign gagnaðilans Sjálfseignarstofnunarinnar Auðkúluheiði felast ekki fremur en endranær önnur fasteignatengd réttindi en beitarréttur og veiðiréttur en í málinu hefur ekki verið sýnt fram á tilvist frekari réttinda afréttarhafa sem verndar gætu notið skv. 72. gr. stjórnarskrár. Hvað sem framangreindum bótagreiðslum líður þá hafa þær engin áhrif á innbyrðis stöðu íslenska ríkisins og Landsvirkjunar á

þjóðlendunni og möguleg yfirfærsla annarra fasteignaréttinda en umræddra vatnsréttinda frá ríki til Landsvirkjunar á sér ekki stoð í fyrirliggjandi samningum.

Að þessari niðurstöðu fenginni er þessu næst tilefni til þess að meta nánar hvort að eignarréttarlegar kröfur Landsvirkjunar til Auðkúluheiðar eigi sér stoð í þeim lagaheimildum sem um starfsemi og réttindi Landsvirkjunar fjalla og tengjast með sértækum hætti því svæði sem hér er til meðferðar vegna tilvistar Blönduvirkjunar. Um þetta lagaumhverfi er fjallað með almennum hætti í kafla 6.4.4.4 hér að framan og jafnframt hefur ítrekað verið vísað til þess að í umfjöllun um réttarstöðu Landsvirkjunar á þeim svæðum sem til meðferðar voru á í málum 6 og 7/2000 og málum 1 og 2/2003 er að finna fjölmargar ályktanir um réttarstöðu Landsvirkjunar að eignarrétti og á þeim grundvelli.

Fram að gildistöku raforkulaga nr. 65/2003 var sá háttur lengst af viðhafður að mælt var í lögum fyrir um heimildir Landsvirkjunar til þess að reisa og/eða reka ákveðin raforkuver, aðalorkuveitur og til þess að gera, m.a. með mannvirkjagerð, nauðsynlegar ráðstafanir á viðkomandi vatnasvæðum til þess að tryggja rekstur viðkomandi raforkuvers. Sýnist hin formlega lagalega tilhögun hvað þetta varðar hafa verið sú sama frá upphafi, sbr. 6. gr. eldri laga nr. 59/1965, um Landsvirkjun, sbr. yngri lög um Landsvirkjun nr. 42/1983 með síðari breytingum, sem og samkvæmt lögum um raforkuver nr. 60/1981 með síðari breytingum. Í annan stað útheimtu framkvæmdir þessarar gerðar sérstakt leyfi ráðherra og/eða ríkisstjórnar, áður en út í þær var ráðist. Þá höfðu viðkomandi lög á hverjum tíma að geyma eignarnámsheimild til handa Landsvirkjun til þess að taka eignarnámi vatnsréttindi, lönd, mannvirki og önnur réttindi sem nauðsynleg voru til þeirra framkvæmda sem Landsvirkjun voru heimilaðar og ætlaðar lögum samkvæmt.

Óbyggðanefnd hefur í eldri og tilvitnuðum úrskurðum, sem og í þessu máli, gert ítarlega rannsókn á viðkomandi lagaheimildum og í því sambandi kannað tiltæk lögskýringargögn; lagafrumvörp, greinargerðir og athugasemdir með þeim, ásamt því að fara yfir allar umræður um viðkomandi lagafrumvörp. Í umræddum lögum og lögskýringargögnum er hvergi að finna áform í þá veru að ætlun löggjafans hafi verið að stofna til hefðbundinna eignarréttarheimilda Landsvirkjun til handa að lands- og/eða vatnsréttindum. Með vísan til þeirrar rannsóknar er það mat óbyggðanefndar að með tilvitnuðum lagaheimildum hafi ekki verið stofnað til beinna eignarréttarheimilda í stjórnskipulegum skilningi, sbr. og orðalag c-liðar 7. gr. laga nr. 58/1998, Landsvirkjun til handa, að fasteignaréttindum þeim sem liggja utan eignarlanda í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998. Um er að ræða óskilgreindan nýtingarrétt sem stofnað er til í skjóli valdheimilda íslenska ríkisins og á grundvelli fullveldisréttar þess. Þau réttindi, sem mælt er fyrir um í tilvitnuðum lögum, verða eðli málsins samkvæmt túlkuð með þröngum hætti. Aðild ríkisins og framsal í formi þeirra lagaheimilda er fólgið í fullveldisrétti, yfirráða- eða umráðarétti en ekki stofnun

eignarréttar í hefðbundinni og stjórnskipulegri merkingu. Fyrir þessari niðurstöðu er gerð ítarleg grein í forsendum úrskurða í málum 6 og 7/2000 og 1 og 2/2003.

Vegna tilvísunar Landsvirkjunar til 2. mgr. 1. gr. laga nr. 60/1981 um raforkuver þar sem kveðið er á um heimildir ríkisins til þess að semja við Landsvirkjun um að reisa og reka virkjanir í Blöndu í Blöndudal, sbr. og 6. gr. laga nr. 42/1983 um Landsvirkjun. er það að segja að allt að einu sömdu íslenska ríkið og Landsvirkjun um það, sbr. 3. gr. samningsins frá 11. ágúst 1982, að áður en rekstur hverrar virkjunar hæfist skyldi gera sérstakt samkomulag um greiðslur til handa ríkinu vegna þeirra vatnsréttinda sem væru í umráðum þess, hvort sem væri vegna lögbýla í eigu ríkisins, annarra eignarlanda eða vegna vatnsréttinda á almenningum og afréttarlöndum. Var réttur ríkisins til gjaldtöku vegna þessa staðfestur með dómi Hæstaréttar í málinu nr. 413/2000: Landsvirkjun gegn íslenska ríkinu, sem dæmt var í Hæstarétti þann 29. mars 2001. Umrædd lagaheimild fól þannig í þessu tilviki í sér skyldu samningsaðila til að semja um endurgjald vegna vatnsréttinda í nánar tilgreindum tilvikum, án þess að sú tilhögun hefði ein og sér neina þýðingu að eignarrétti. Sama niðurstaða á við um túlkun 6. gr. laga nr. 42/1983 um Landsvirkjun eins og hún hljóðaði í upphaflegri mynd. Hér á undan, í kafla 6.4.4.3, hefur nánari grein verið gerð fyrir því hvernig aðilar uppfylltu umsamda samningsskuldbindingu sem á endanum lyktaði með greiðslu Landsvirkjunar til ríkisins í árslok 2002 og hvaða þýðingu hún hefur að eignarrétti.

Af þessu má ráða að í lagaheimild til byggingar og reksturs virkjunar, aðalorkuveitu og/eða til framkvæmda og mannvirkjagerðar á viðkomandi svæði felst ekki tilætlun um stofnun eignarréttarlegra heimilda að vatni, landi eða öðrum fasteignaréttindum. Á grundvelli þeirra heimilda einna og leyfa sem veitt eru á grundvelli þeirra telst Landsvirkjun hvorki eigandi vatns- eða landsréttinda í skilningi 1., 2. eða 7. gr. laga nr. 58/1998, sbr. og 2. gr. og 49. gr. vatnalaga. Íslenska ríkið er undir slíkum kringumstæðum eigandi fasteignaréttinda, vatns- og landsréttinda, sbr. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 58/1998. Ótvírætt er hinsvegar að Landsvirkjun er í öllum tilvikum eigandi þeirra mannvirkja og framkvæmda sem fyrirtækið hefur byggt og komið fyrir á umræddum svæðum á grundvelli slíkra heimilda.

Með heimildum 2. mgr. 1. gr. laga nr. 60/1981 um raforkuver og 6. gr. laga nr. 42/1983 um Landsvirkjun hefur löggjafinn í skjóli valdheimilda sinna veitt Landsvirkjun með lögum, ákveðinn en þó óskilgreindan rétt á svæði því sem um ræðir í máli þessu. Samkvæmt c-lið 7. gr. laga nr. 58/1998 er það hlutverk óbyggðanefndar að úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna. Þau sérstöku réttindi, sem löggjafinn hefur veitt Landsvirkjun, falla í öllum meginatriðum utan þeirrar hefðbundnu eignarréttarlegu skilgreiningar sem liggur nefndu lagaákvæði til grundvallar, sbr. og skilgreining eignarréttinda skv. 1. gr. laga nr. 58/1998. Með lögum nr. 58/1998 hefur nú verið stofnað til eignarréttar íslenska ríkisins að öllu því landi sem við gildistöku laganna var eigendalaust og ríkið fer með viðkomandi eignarheimildir í samræmi við

2. kafla laga nr. 58/1998. Lögtaka laganna hafði þannig grundvallarbreytingu í för með sér á hefðbundinni eignarréttarlegri stöðu á þeim landsvæðum. Það er hins vegar á færi til þess bærra handhafa ríkisvalds að mæla nánar fyrir um og/eða skilgreina frekar réttarstöðu Landsvirkjunar að breyttri réttarskipan.

Landsvirkjun hefur auk framangreinds vísað til venjuréttar og hefðar kröfum sínum til stuðnings. Um þann málatilbúnað er það þá þegar að segja að bygging Blönduvirkjunar hófst árið 1984 og starfræksla virkjunarinnar árið 1991. Þann 1. júlí 1998 tóku lög nr. 58/1998 um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta gildi. Samkvæmt 8. mgr. 3. gr. laganna er ekki unnt að öðlast eignarréttindi innan þjóðlendna fyrir nám eða hefð eftir gildistöku þeirra. Þegar af þeirri ástæðu er málatilbúnaði restum á hefð eða venjurétti hafnað.

Endanleg kröfugerð Landsvirkjunar er rakinn í kafla 3.8 og er sem fyrr segir á þá leið að Landsvirkjun gerir *aðallega* kröfu til þess að viðurkennd verði og staðfest eftirtalin bein eða óbein eignarréttindi fyrirtækisins innan Auðkúluheiðar:

1. Vatnsréttindi (orkunýtingar-/fallvatnsréttindi) í Blöndu sem nýtt eru vegna Blönduvirkjunar og fyrirhugaðra virkjana á veituleið virkjunarinnar.
2. Réttindi vegna mannvirkja sem þegar eru fyrir hendi eða kunni síðar að verða reist til þess að hagnýta vatnsafl Blöndu frá miðlunarlóni virkjunar að Gilsárlóni og talin eru upp í fylgiskjali 1 með kröfugerð og sýnd eru á yfirlitsuppdráttum 1 – 3 á fylgiskjölum 2 – 4 með kröfugerð. Er þá átt við fasteignir, mannvirki eða framkvæmdir sem slíkar auk eðlilegra lóðarréttinda sem þeim tengist. Með eðlilegum lóðarréttindum sé átt við ótímabundin afnotarétt af landi á meðan að virkjunin starfar.
3. Réttur til nýtingar vatnsréttinda til virkjunar á veituleið Blöndu frá efsta vatnsborði núverandi miðlunarlóns Blönduvirkjunar (Blöndulóns) í hæðinni 478 m y.s. að núverandi inntakslóni Blönduvirkjunar (Gilsárlóns) í hæðinni 410 m.y.s.
4. Réttur til jarðvinnslu og nýtingar jarðefna í þágu virkjunar, í opinni námu neðan Blöndustíflu og námum sem nýttar hafa verið og skv. sérstöku námukorti á fylgiskjali 5 með kröfugerð. Gerð er krafa um að viðurkenndur verði ótímabundinn afnotaréttur.
5. Réttur til nýtingar vatns úr núverandi borholum vegna starfsemi Landsvirkjunar og rekstur virkjana, allt að 50 l/s. Gerð er krafa um að viðurkenndur verði ótímabundinn afnotaréttur. Vísað er í meðfylgjandi kort sem sýnir staðsetningu á borholum.
6. Trjágróður og önnur uppgræðsla á svæðinu, sem Landsvirkjun hefur staðið að skv. meðfylgjandi korti af uppgræðslusvæðum.

7. Afnotarrétt af afrétti fyrir búfénað, veiði, malarnám og nýtingu annarra réttinda sem fylgt hafi jörðinni Eiðsstöðum og fylgja beri, en kröfuna geri Landsvirkjun sem eigandi jarðarinnar. Þess er krafist að öllum kröfum ríkisins til réttinda Landsvirkjunar innan kröfusvæðis íslenska ríkisins verði alfarið hafnað og viðurkennt verði að Landsvirkjun eigi þar beinan eða óbeinan eignarrétt. Verði hins vegar talið að réttindin teljist hvorki til beinna né óbeinna eignarréttinda sé þess krafist að viðurkenndur verði fullkominn afnota- og hagnýtingarréttur Landsvirkjunar að þeim réttindum svo sem verið hefur og kann að verða.

Til vara gerir Landsvirkjun kröfu um að halda öllum þeim rétti sem fyrirtækið á og hafi átt innan kröfusvæðis íslenska ríkisins samkvæmt lögum, samningum, venju og hefð, til náttúrlegra auðlinda og nýtingu þeirra, innan landsvæðisins.

Hér að framan hefur verið komist að þeirri niðurstöðu að Landsvirkjun sé eigandi fallréttinda vegna Blönduvirkjunar eins og þau komu til mats í úrskurði matsnefndar frá 10. ágúst 1992, sbr. 4. gr., sbr. 7. gr. samnings frá 22. febrúar 1988. Þá sýnist ágreiningslaust að Landsvirkjun hafi bætt afréttarhöfum umsamið tjón þeirra vegna skerðingar á þeim réttindum sem í afréttareign þeirra felast. Að öðru leyti fæst ekki séð að tilætlunin hafi verið sú með fyrirliggjandi samningum að framselja með einkaeignarlegum hætti fasteignaréttindi á umræddu svæði. Einnig er það niðurstaða óbyggðanefndar að í lögbundnum heimildum, sbr. kafla 6.4.4.4 Landsvirkjunar til byggingar og reksturs Blönduvirkjunar felist ekki tilætlun til stofnunar eignarréttarlegra heimilda að frekari vatsnréttindum, landi eða öðrum fasteignaréttindum. Landsvirkjun er því ekki eigandi frekari vatnsréttinda eða landsréttinda í skilningi 1., 2. eða 7. gr. laga nr. 58/1998, sbr. 2. og 49. gr. vatnalaga, nr. 15/1923, á grundvelli umræddra lagaheimilda og leyfum veittum á grundvelli þeirra þó svo ótvírætt sé að Landsvirkjun er eigandi þeirra mannvirkja/framkvæmda sem fyrirtækið hefur byggt og komið fyrir á þessu svæði og njóti lögvarins réttar til reksturs Blönduvirkjunar. Þá er það niðurstaða óbyggðanefndar að Landsvirkjun hafi ekki öðlast frekari eignarrétt að fasteigna- eða vatnsréttindum í skjóli hefðar.

Með vísan til alls er þessa er það niðurstaða óbyggðanefndar að Landsvirkjun sé eigandi vatnsréttinda þ.e. fallréttinda sem nauðsynleg eru til reksturs Blönduvirkjunar í núverandi mynd á þjóðlendunni Auðkúluheiði, sbr. 1., 2. og 7. gr. laga nr. 58/1998; þeirra mannvirkja/framkvæmda sem fyrirtækið hefur reist og komið fyrir á Auðkúluheiði en þessum mannvirkjum hefur nánar verið lýst hér að framan. Jafnframt er það niðurstaða óbyggðanefndar að fyrirtækið njóti lögvarins réttar til orkunýtingar, sbr. umfjöllun í kafla 6.4.4.4. Hins vegar er Landsvirkjun ekki eigandi annarra eiginlegra réttinda á svæðinu, í skilningi 1., 2. og 7. gr. laga nr. 58/1998. Hvað viðvíkur sérstökum kröfum jarðarinnar Eiðsstaða á þjóðlendunni Auðkúluheiði þá er þeim hafnað enda er Auðkúluheiði ekki samnotaafréttur heldur upphaflega afréttur

einstaks kirkjustaðar, þ.e. Auðkúlukirkju, þar sem núverandi eigandi Sjálfseignarstofnunin Auðkúluheiði fer alfarið með þau eignarráð og heimildir sem í afréttareign felast.

Niðurstaða óbyggðanefndar um kröfur Landsvirkjunar er því eftirfarandi:

Landsvirkjun er eigandi þeirra vatnsréttinda (fallréttinda) sem nauðsynleg eru til reksturs Blönduvirkjunar í núverandi mynd en fyrirtækið greiddi íslenska ríkinu fyrir þessi réttindi 31. desember árið 2002 í samræmi við úrskurð hinnar sérstöku matsnefndar frá 10. ágúst 1992, sbr. 1. gr., 2. gr. og 7. gr. laga nr. 58/1998.

Jafnframt er það niðurstaða óbyggðanefndar að Landsvirkjun njóti lögvarins réttar til reksturs Blönduvirkjunar í núverandi mynd.

Landsvirkjun er ekki eigandi annarra landsréttinda, þ.m.t. vatns- og veiðiréttinda á svæðinu, í skilningi 1. gr. 2. gr. og 7. gr. laga nr. 58/1998.

Á svæði þessu fer Landsvirkjun með eignar- og/eða umráðarétt að eftirtöldum mannvirkjum og framkvæmdum, svo sem réttindunum er lýst af hálfu Landsvirkjunar, og nýtur lögvarins réttar til nýtingar þeirra vegna reksturs Blönduvirkjunar í núverandi mynd: Flugvelli við Blöndulón; Blöndustíflu; Blöndulóni; hjólalokuhúsi í Blöndustíflu; geiralokuhúsi í Blöndustíflu; yfirfalli Blöndustíflu; malarnámu neðan Blöndustíflu; Kolkustíflu; lokuhúsi Kolkustíflu, malarnámu við Kolkustíflu; veituskurði frá Kolkustíflu að Þrístiklu; veituskurði frá Þrístiklu að Smalatjörn, malarnámu við Fannlæk; stíflu við Smalatjörn í Fannlækjardragi; brú og þröskuldi við Smalalatjarnarskurð; veituskurði frá Smalatjörn að Austara Friðmundarvatni, Smalatjarnarskurði; brú og þröskuldi við Austara Friðmundarvatn; veituskurði frá Austara-Friðmundarvatni í Gilsvatn; vegi að Flugvelli (L764); slóð að Blöndulóni (L763); vegi að lokuhúsinu í Kolku (L761); vegi frá Kolkustíflu að mælayfirfalli neðan stíflunnar (L761); þremur vegslóðum af Kolkustíflu að malarnámi beggja vegna Kolkuskurðar (L761); vegi austur að Blöndustíflu og yfirfalli (L762); vegi að þröskuldi og stíflu við Smalatjörn; vegi að malarnámi í Fannlækjardragi; vegi að þröskuldi og stíflu neðan við Austara Friðmundarvatn (L756); slóð að malarnámi neðan stíflunnar (L76) og borholum sem útbúnar hafa verið á svæðinu vegna reksturs Blönduvirkjunar í núverandi mynd.

Hafnað er eftirtöldum kröfum Landsvirkjunar: Um að fyrirtækið sé eigandi fyrirhugaðra virkjana á veituleið núverandi virkjunar; um að fyrirtækið sé eigandi mannvirkja sem síðar kunni að verða reist á

þjóðlendunni Auðkúluheiði; um rétt til nýtingar vatnsréttinda til virkjunar á veituleið Blöndu frá efsta vatnsborði núverandi miðlunarlóns Blönduvirkjunar (Blöndulóns) í 478 metra hæð yfir sjávarmáli að núverandi inntakslóni Blönduvirkjunar (Gilsárlóns) í 410 metra hæð yfir sjávarmáli; um ótímabundinn afnotarétt til jarðvinnslu og nýtingar jarðefna í þágu virkjunar í opinni námu neðan Blöndustíflu og námum sem nýttar hafa verið; um ótímabundinn afnotarétt til nýtingar vatns úr núverandi borholum vegna starfsemi Landsvirkjunar og reksturs virkjana, allt að 50 l/s.; um eignarrétt að trjágróðri og annarri uppgræðslu á svæðinu.

Þá er hafnað sérstökum kröfum Landsvirkjunar vegna jarðarinnar Eiðsstaða.

6.5 Forsæludalskvíslar

6.5.1 Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem nefnist Forsæludalskvíslar og sjálfseignarstofnanirnar Grímstungu- og Haukagilsheiði annars vegar og Auðkúluheiði hins vegar gera í sameiningu kröfu til sem eignarlands. Um nánari afmörkun og lýsingu krafna vísast til kafla 3.1 og 3.5. Ágreiningssvæðið vegna Forsæludalskvísla afmarkast þannig að austan við ágreiningsvæðið er ágreiningssvæði vegna Auðkúluheiðar, sem fjallað er um kafla 6.4, vestan við ágreiningssvæðið er ágreiningssvæði vegna Grímstunguheiðar, sem fjallað er um í kafla 6.6, auk landsvæðis í Borgarbyggð sem liggur að sunnanverðum vesturmörkum svæðisins, að norðanverðu er svonefnt Dalsland sem áður tilheyrði jörðinni Forsæludal og að sunnan er Langjökull.

Landsvæði þar sem hér um ræðir er hálendissvæði sem liggur á milli Auðkúluheiðar að austan og Grímstunguheiðar að vestan. Er landsvæðið breiðast um miðbikið en þrengst syðst undir Lyklafelli og Langjökli. Landslagið er mótað af framrás jökla að sunnanverðu. Á svæðinu skiptast víða á ávalar hæðir og ásar, lægðir og stöðuvötn. Að norðanverðunni er land gróið með lágar öldur, ása og vötn. Liggur Eyjavatn nyrst og Álfatjörn þar suðaustan við og þá Melbrigðuvötn í Melbrigðuflá auk annarra smávatna þar sunnan við. Renna nokkrar kvíslar um svæðið til norðurs. Sunnan Melbrigðuflár taka við ásar, flár og flóar. Um miðbik svæðisins liggja Öldur, gróðurlausir melar, en skýr mörk eru þar sem gróður- og vatnafar minnkar við norðurmörk Alda. Sunnan Alda, og nærri suðurmörkum svæðisins, liggur Búrfjallahali sem er hluti Búrfjalla, en þau eru allhá með með mörgum hnjúkum. Vestan þeirra eru Hundavötn í um 900 m hæð yfir sjávarmáli, og liggur Lyklafell (1024 m y.s.) sunnan þeirra. Úr Lyklafelli norður í Bótarfell nyrst á kröfusvæðinu eru

um 35,6 km og frá Bótarfelli að bæjarstæði Forsæludals eru rúmir 9 km, mælt í beinni loftlínu.

6.5.2 Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins er almennt á því byggt að af heimildum megi ráða að land innan þjóðlendukröfusvæða í máli þessu hafi legið utan landnáms en verið nýtt sem afrétt. Kröfugerð ríkisins taki mið af merkjalýsingum jarða, afréttum á svæðinu, landnámslýsingum og staðháttum. Að því leyti sem ekki sé fallist á merkjalýsingar jarða til afréttarsvæða, öræfa og jökla, er á því byggt að tilvísuð landamerkjabréf, enda þótt þinglýst séu, teljist ekki ein og sér nægjanleg til staðfestingar beinum eignarrétti. Sé þá tekið tillit til þess að lýsingar séu ekki í samræmi við landnám, heimildir um nýtingu lands og landfræðilegar aðstæður. Vísast m.a. að þessu leyti til dóma Hæstaréttar frá 21. október 2004 í málum nr. 47/2004 (Afréttur norðan vatna) og 48/2004 (Framafréttur, Úthlíðartorfa o.fl.).

Byggt er á því að Forsæludalskvíslar hafi verið aðskildar frá jörðinni Forsæludal og verið sérstakt svæði sem nýtt hafi verið til sumarbeitar fyrir búfé, allt frá fornu fari. Er vísað í því sambandi til þess að Dalskvíslarnar hafi verið seldar til upprekstrarfélags undir lok 19. aldar og það þyki benda til þess að afréttarlandið hafi mátt aðgreina frá heimalandi jarðarinnar. Þó svo að sala hafi orðið, telur íslenska ríkið að hún hafi einungis átt sér stað varðandi hin óbeinu eignarréttindi sem fylgt hafi afréttarlandinu. Vísar íslenska ríkið til tveggja dómafordæma, þ.e. tveggja dóma Hæstaréttar frá 10. október 1997, þ.e. annars vegar dóms Hæstaréttar í máli nr. 67/1996 (Eyvindarstaðaheiði), og hins vegar dóms frá 10. apríl 1997 í málum nr. 66/1996 (Auðkúluheiði).

Íslenska ríkið byggir á því að landsvæðið sé almennt hálent og lítt fallið til annarra nota en beitarafnota. Auk þess séu heimildir um búsetu á svæðinu óljósar og bendi almennt ekki til þess að svæðið hafi nokkru sinni notið stöðu jarðar í eignarréttarlegum skilningi. Aftur á móti bendi ritaðar heimildir til þess að um beitarland hafi verið að ræða.

Af hálfu Sjálfseignarstofnunarinnar Grímstunguheiði/Haukagilsheiði og Sjálfseignarstofnunarinnar Auðkúluheiði, gagnaðila íslenska ríkisins, er byggt á því að landsvæðið hafi verið numið í öndverðu og sá eignarréttur hafi aldrei fallið niður. Vísað er til þinglýsts landamerkjabréfs Forsæludals, dags. 29. júlí 1890, útskiptingarafsals/kaupsamnings, dags. 24. nóvember 1890, og þinglýstra landamerkjabréfa aðliggjandi jarða. Byggja gagnaðilar ríkisins á því að fullur hefðartími sé liðinn frá því að ofangreindum landamerkjabréfum var þinglýst og að enginn hafi notað landið með nokkrum hætti nema eigendur þess sem hafi farið með öll hefðbundin eignarréttindi yfir Forsæludalskvíslum og bannað öðrum not eignarinnar. Hafi því öll nýting svæðisins verið háð leyfi frá eigendum.

Gagnaðilar ríkisins byggja eignarréttarkröfu sína einnig á þeirri meginreglu íslensks eignarréttar að sá sem véfengir þinglýstar eignarheimildir beri sönnunarbyrði fyrir staðhæfingu sinni. Eignarheimildir gagnaðila ríkisins hafi frá upphafi verið taldar gildar í viðskiptum manna og því byggi eignarhaldið ennfremur á viðskiptavenju. Grundvallarreglan um réttaröryggi í skiptum manna geri kröfu um traust og festu í lögskiptum. Menn eigi því að geta treyst lagalegri þýðingu gagna um lögskipti manna og lögaðila varðandi ráðstöfun auðlinda á umræddu svæði. Gildi þessara gagna eigi sér örugga stoð í venjurétti, sem byggist á fastmótuðum viðhorfum og viðskiptavenjum. Vísa gagnaðilar ríkisins til athugasemda við 5. gr. í frumvarpsins til þjóðlendulaga nr. 58/1998 í því sambandi. Þá verði að telja að það hafi mikla þýðingu að gagnaðilar ríkisins hafi um langt skeið gengið út frá því að merkjum sé rétt lýst og eigendur grannjarða virt og viðurkennt merkin.

Gagnaðilar íslenska ríkisins byggja á því að ríkisvaldið hafi í aldanna rás margsinnis viðurkennt að umrætt land sé undirorpið eignarrétti og aldrei haldið öðru fram. Sjáist það m.a. af því að öllum heimildarskjölum eigenda Forsæludalskvísla hafi verið þinglýst athugasemdalaust og aldrei verið véfengd af ríkinu. Af þeim sökum sé véfengingarkrafa ríkisvaldsins á hendur eigendum Forsæludalskvísla fallin niður vegna fyrningar og tómlætis. Einnig er vísað til almennra reglna um ítaksrétt og stofnun ítaka og meginreglna um traustfang og tómlæti.

Vísað er til *Almennra niðurstaðna óbyggðanefndar*, að því er varðar það að landsvæði sem talið hafi verið jörð samkvæmt elstu heimildum og landamerkjalýsing fari ekki í bága við eldri heimildir sé beinum eignarrétti háð. Sá sem haldi öðru fram hafi sönnunarbyrði fyrir því. Héraðsdómur Suðurlands hafi komist að sömu niðurstöðu í dómi sínum 6. nóvember 2003 er standi óraskaður af Hæstarétti, samanber dóm réttarins frá 21. október 2004 (Framafréttur, Úthlíðartorfa o.fl.).

Mannréttindadómstóll Evrópu hafi sérstaklega litið til þess í úrlausnum sínum um eignarrétt, hvaða væntingar einstaklingar máttu hafa um eignarhald sitt, þegar litið var til athafna eða athafnarleysis ríkisvalds gagnvart réttindum landeigenda.

Þá vísa gagnaðilar ríkisins til lýsinga í Landnámu á landnámi í Húnaþingi. Landnáma hafi verið túlkuð þannig að hún styðji við beinan eignarrétt. Er í því sambandi vísað til dóma Hæstaréttar Íslands sem birtir eru í dómasafni réttarins fyrir árin 1960 bls. 726 (Skeljabrekka) og 1994 bls. 2228 (Geitland). Þá hafi óbyggðanefnd komist að sömu niðurstöðu í *Almennum niðurstöðum* sínum.

Byggt er á því að þrátt fyrir að landið hafi verið nýtt fyrst og fremst til beitar gefi það ekki til kynna að það hafi einungis verið numið til beitar eða einhvers konar takmarkaðra eignarréttinda. Þvert á móti hafi eigendur haft með höndum öll eignarráð landsins, nýtt það og haft af því tekjur. Þá er bent á að sú túlkun sem heimamenn leggi í orðið afréttur í þessu sambandi sé að það merki beitiland jarðarinnar. Slík lönd sem í eðli sínu geti flokkast sem afréttarlönd í víðustu merkingu þess orðs séu fullkomin eignarlönd enda sé viðurkennt af fræðimönnum að svo geti verið. Þá telja gagnaðilar

ríkisins að líta verði til þess að innan kröfusvæðisins séu fjölmargar leifar og tóftir mannvirkja sem styðji við gamlar heimildir um að þar hafi verið búið og landið því háð beinum eignarrétti. Vísast hvað þetta varðar til örnefnaskráa. Þar komi fram varðandi mannvirki í Forsæludalskvíslum að þar hafi verið reist nýbýlið Réttarhóll og þar sé að finna minjar um mannvirki.

Loks mótmæla gagnaðilar ríkisins því hvernig kröfulína ríkisvaldsins sé dregin einmitt á mörkum upprunalegra heimalanda jarðanna og þess lands sem frá þeim hafi verið selt til upprekstrarfélaganna. Engin skil séu í landinu á þeim stað og það sé með miklum ólíkindum að landnámi til suðurs hafi lokið nákvæmlega á þeim stað þar sem markalína hafi verið dregin mörg hundruð árum síðar þegar suðurhlutar jarðanna voru seldir upprekstrarfélögum. Gögn málsins styðji það ekki með nokkrum hætti að landnámi til suðurs hafi lokið við þessa línu og þá séu heldur engin landfræðileg rök sem leitt geti til þeirrar niðurstöðu. Afréttarlöndin, þ.e. lönd Forsæludalskvísla, Grímstunguheiðar, Haukagilsheiðar og Lambatungna séu suðurhlutar bújarða sem áður hafi gengið kaupum og sölum.

Hvað lagarök varðar er vísað til 72. gr. stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttarins og 65. gr. hennar jafnræði. Einnig er vísað til meginreglna stjórnsýsluréttar um málsmeðferð, laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda þjóðlendna og afrétta nr. 58/1998. Enn fremur er vísað til laga um hefð nr. 46/1905, laga um afréttarmál og fjallskil nr. 6/1986, laga um mannréttindasáttmála Evrópu nr. 62/1994, í sáttmálann sjálfan og viðauka. Þá sérstaklega 1. gr. 1. viðauka. Einnig er vísað til stjórnsýslulaga nr. 37/1993, einkum 11. gr. laganna og til laga nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

Af hálfu Húnavatnshrepps, sem gerir til þrautavara kröfu um að svæðið sé afréttur jarða í sveitarfélaginu, er tekið undir málavexti alla sem lýst hefur verið af hálfu fyrrnefndra gagnaðila íslenska ríkisins í málinu. Þegar sveitarfélögin hafi keypt heiðarland þetta á sínum tíma hafi ætlunin verið að tryggja sveitarfélögunum fullkominn eignarrétt að heiðinni þannig að unnt væri að nýta þar allar eignarheimildir, þar með talinn upprekstrarrétt. Heiðin hafi verið nýtt sem upprekstrarland jarða í sveitarfélögunum sem nú myndi Húnavatnshrepp um langan aldur. Ef talið verði að sveitarfélögin hafi ekki keypt upprekstrarréttinn á sínum tíma þá hljóti hann að tilheyra jörðum í sveitarfélaginu engu að síður vegna þess að heiðin hafi þá verið numin til afréttarnota einungis og verið nýtt sem slík af eigendum jarða í sveitarfélaginu.

6.5.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Forsæludalskvísla er rakin í kafla 5.4 hér að framan. Þar er jafnframt rakin saga nýbýlisins Réttarhóls sem byggt var innan Forsæludalskvísla á síðari hluta 19. aldar. Í þeirri umfjöllun sem hér fer á eftir er ýmist fjallað um Forsæludalskvíslar, Dalskvíslarland, Dalskvíslar, Dalsheiði,

Kvíslarland, eða eftir atvikum Réttarhól, en í öllum tilvikum er um tilvísun að ræða til hins umdeilda svæðis í máli þessu, eða hluta þess.

Af þeim heimildum sem getið er um í kafla 5.4 og ná allt aftur til 15. aldar má ráða að Forsæludalur hafi verið sjálfstæð jörð og að Forsæludalskvíslar hafi heyrt undir hana. Hálfkirknatal í Húnvatnsþingi frá árinu 1461 er elst þeirra heimilda sem geta um jörðina Forsæludal. „Heiðar“ Forsæludals er fyrst getið í ákæru ábúanda Forsæludals frá 1536 og er hún þar nefnd Dalsheiði. Bjarni Steindórsson eigandi Þórormstungu keypti Forsæludal á uppboði Vatnsdalsumboðsjarða árið 1804 og ráðstafaði síðar heiðarlandinu Dalskvíslum þannig að 4/9 hlutar þess skyldu tilheyra Þórormstungu en 5/9 hlutar þess Forsæludal. Árið 1882 keypti Björn Eysteinsson Forsæludal og þann hluta Forsæludalskvísla sem tilheyrði jörðinni og ári síðar keypti hann þann hluta Forsæludalskvísla sem tilheyrðu Þórormstungu. Árið 1886 byggði Björn svo nýbýlið Réttarhól innan landsvæðis Forsæludalskvísla og bjó þar fram til ársins 1890 þegar hann seldi það hreppunum.

Ekki er til landamerkjabréf fyrir Forsæludalskvíslar en merkjum heiðarinnar er lýst í heild eða að hluta í ýmsum eldri heimildum. Árið 1806 lögfesti Bjarni Steindórsson eignarjörð sína Þórormstungu. Bjarni var á þessum tíma eigandi Þórormstungu og Forsæludals og lögfestan tekur mið af því og virðist lýsa merkjum beggja jarða auk Forsæludalskvísla án sérstakrar aðgreiningar og án þess að Forsæludalur eða Forsæludalskvíslar séu sérstaklega tilgreindar. Er þar um að ræða elstu heimildina sem lýsir merkjum svæðisins. Lögfestan var lesin upp á manntalsþingum árin 1806 og 1808. Árið 1809 gerði Bjarni Steindórsson sameiginlega lögfestu fyrir eignarjarðir sínar Þórormstungu og Forsæludal. Í lögfestunni er merkjum jarðanna lýst sameiginlega og án aðgreiningar og samkvæmt lýsingunni nær hún einnig til Forsæludalskvísla án þess að þær séu sérstaklega tilgreindar. Lögfesta þessi var upplesin á manntalsþingum árin 1809, 1819 og 1824. Landamerkja „Dalskvísla“ er getið í kafla um Þórormstungu í jarðarmatinu 1849. Þar er merkjum Forsæludalskvísla lýst sérstaklega og þær aðgreindar frá Forsæludal. Árið 1889 var útbúið áreiðarskjal vegna upptöku nýbýlis að Réttarhóli innan Forsæludalskvísla. Þar er merkjum nýbýlisins lýst annars vegar, og hins vegar því svæði innan Forsæludalskvísla sem skyldi vera óúthlutað til nýbýlisins. Í áreiðarskjalinu er jafnframt vitnað til merkjalýsingar fyrir Forsæludalskvíslar sem er að finna í „afsalsbréfi fyrir Dalskvíslum“, dags. 14. janúar 1882. Í kjölfar áreiðarinnar árið 1889 sendi amtmaður sýslumanni bréf ásamt nýbyggjarabréfi vegna Réttarhóls. Í bréfi amtmanns er að finna uppkast að nýbyggjarabréfinu og þar er merkjum nýbýlisins, og þar með hluta Forsæludalskvísla, lýst með sambærilegum hætti og í áreiðarskjalinu. Hvorki frumrit né afrit afsalsbréfsins frá 1882 né heldur byggingarbréfsins frá 1889 hafa fundist þrátt fyrir kerfisbundna leit.[809]

[809] Sbr. „Yfirlit yfir frumgögn sem könnuð eru vegna rannsóknarskyldu óbyggðanefndar, sbr. 5. mgr. 10. gr. þjóðll. nr. 58/1998, með síðari breytingum, dags. 26.2.2013“.

Árið 1891 keypti Upprekstrarfélag Auðkúlu- og Grímstunguheiðar heiðarlandið Forsæludalskvíslar. Jörðin Forsæludalur var aðliggjandi norðurmörkum Forsæludalskvísla en árið 1975 var syðsti hluti Forsæludals seldur til upprekstrarfélaga en sá hluti landsins heitir nú Dalsland og er aðliggjandi að Forsæludalskvíslum. Dalsland, Forsæludalur og Þórormstunga liggja utan við ágreiningssvæði í máli þessu.

Gagnaðili íslenska ríkisins byggir afmörkun kröfusvæðisins á merkjalýsingum sem fram koma í stofnskjali fyrir Forsæludalskvíslar frá 2008 og í landamerkjaskrá fyrir Forsæludal frá 1890. Að auki er byggt á stofnskjali fyrir Dalsland frá 2008. Íslenska ríkið byggir afmörkun sína einkum á lýsingum í landamerkjabréfum aðliggjandi jarða.

Kemur þá fyrst til skoðunar hvernig merkjum Forsæludalskvísla er lýst í framangreindum heimildum . Í því sambandi verður einnig litið til landamerkjabréfa aðliggjandi jarða. Jafnframt er við þessa skoðun höfð hliðsjón af ýmsum yngri heimildum sem lýsa ágreiningssvæðinu. Vestan megin við ágreiningssvæðið er ágreiningssvæði vegna Grímstunguheiðar, sem fjallað er um í kafla 6.6, auk landsvæðis í Borgarbyggð, sem liggur að sunnanverðum vesturmörkum ágreiningssvæðisins, og að norðanverðu er svonefnt Dalsland sem áður tilheyrði jörðinni Forsæludal. Austan megin er ágreiningssvæði vegna Auðkúluheiðar, sem fjallað er um í kafla 6.4, og að sunnan er Langjökull. Að fenginni niðurstöðu um merki verður fjallað um eignarréttarlega stöðu landsins.

Vesturmerkjum ágreiningssvæðisins er lýst svo í lögfestu fyrir Þórormstungu frá 1806: „Ad Vestann verdu rædr Vatnsdalsá framm ad Merkedæli í Sunnuhlíd, er liggr framannverdt vid Túnguklif og so uppá Hálsinn, eptir því sem hallar frá á bádar Hendr, eptir þeim gotum, sem liggja á há-Hálsinum, og sídann á þær gotr, er liggja framm á millum Hallarvatna, sidann Réttsýni í Eyjarvatnsbúngu og þadann beint eptir Heidumm framm til Jokla“. Í lögfestu fyrir Þórormstungu og Forsæludal frá 1809 segir : „Ad vestannverdu rædur Vatnsdalsá framm ad Merkidæli i Sunnhlijd, er liggur framan verdt vid Tunguklif, og svo uppá Hálsin, eptir þvi sem hallar frá á bádar hendur, eptir þeim götumm sem liggia á há Hálsinum, J millumm Torfustada og Forsæludals, af Hálsinumm ofann í Vatnsdalsa, eptir þvi sem Grímstúngu Máldagar tiltaka. Rædur svo Vatnsdalsá, til sinna upptaka, fram til Jökla … “.

Lögfesturnar lýsa vesturmerkjum ekki með sama hætti. Svo sem fyrr greinir nær merkjalýsing beggja lögfestanna til merkja jarðanna Þórormstungu og Forsæludals ásamt Forsæludalskvíslum án sérstakrar aðgreiningar og því ná lýsingar á vesturmerkjum mun lengra norður en ágreiningssvæðið í máli þessu, þ.e. allt norður að Sunnuhlíð. Það misræmi sem er að finna á lýsingunum á fyrst og fremst við um svæði sem er norðan við Forsæludalskvíslar og því utan ágreiningssvæðis í máli þessu. Að því virtu þá virðist lögfestan frá 1806 lýsa vesturmerkjum ágreiningssvæðisins „ … beint eftir Heidumm fram til Jokla.“, en lögfestan frá 1809

lýsir vesturmerkjum þannig að Vatnsdalsá ráði „ … til sinna upptaka, fram til Jökla …“.

Í áreiðarskjali frá 1889 vegna upptöku nýbýlisins Réttarhóls er sem fyrr segir vitnað í afsalsbréf fyrir Dalskvíslum frá 1882. Fram kemur að samkvæmt afsalinu ráði Vatnsdalsá og Strangakvísl vesturmerkjum. Í sama skjali var gerð ályktun um það hvaða hluta Dalskvíslarlands skyldi óúthlutað til nýbýlisins. Þar segir: „Verður þannig óúthlutað til nýbýlis af Dalskvíslalandi […] landið milli Miðkvíslar og Ströngukvíslar.“ Áreiðarskjalið er þannig elsta heimild um ágreiningssvæðið sem getur Ströngukvíslar.

Í skrá yfir afrétti Ás- og Sveinsstaðahreppa frá 1981 er vesturmerkjum Dalskvísla lýst með þeim hætti að Vatnsdalsá ráði að vestan, „ … allt til hennar upptaka. Svo beint til suðurs til jökla.“ Í landamerkjaskrá fyrir Dalskvíslar frá 1985 er vesturmerkjum lýst svo: „Að vestan: Úr fjórðungsmörkum ræður bein lína til upptaka Ströngukvíslar. Síðan ræður Strangakvísl til Vatnsdalsár. Þá ræður Vatnsdalsá alla leið til móts við Svínavatnslækjarós og er það hornmerki að vestan og norðan.“ Í stofnskjali fyrir Forsæludalskvíslar frá 2008 er vesturmerkjum landsvæðisins lýst svo að Vatnsdalsá ráði að vestan „ … og þá Strangakvísl allt til hennar upptaka, þaðan beint til suðurs til Langjökuls.“

Af elstu heimildum má ráða að vesturmörk Forsæludals fylgi Vatnsdalsá að upptökum hennar. Hins vegar er vesturmerkjum lýst með þeim hætti í áreiðarskjalinu frá 1889 að Vatnsdalsá og Strangakvísl ráði vesturmerkjum, en samkvæmt áreiðarskjalinu tekur það mið af afsali fyrir Dalskvíslarlandi frá 1882.

Vestan megin við Forsæludalskvíslar liggur ágreiningssvæði vegna Grímstunguheiðar en fjallað er sérstaklega um Grímstunguheiði í kafla 6.6. Svo sem þar er rakið er það niðurstaða óbyggðanefndar að eldri heimildum beri saman um að Vatnsdalsá ráði austurmerkjum Grímstunguheiðar suður að Stórakrók og þaðan ráði Strangakvísl suður til upptaka, en eins og nánar er rakið í tilvitnuðum kafla telur óbyggðanefnd að þar sem rætt er um upptök Vatnsdalsár í umræddum heimildum sé átt við upptök Ströngukvíslar.

Gagnaðilar íslenska ríkisins miða kröfur sínar um vesturmörk Forsæludalskvísla við Vatnsdalsá frá ósi Svínavatnslækjar suður að Stórakrók þar sem Strangakvísl rennur í hana. Þaðan er Ströngukvísl fylgt suður til upptaka hennar og svo beina línu í Lyklafell, og svo er sýslu- og sveitarfélagamörkum fylgt í Langjökul. Að mati óbyggðanefndar verða þær eldri heimildir sem hér hafa verið raktar helst túlkaðar þannig að litið hafi verið svo á að Vatnsdalsá ráði vesturmerkjum Forsæludalskvísla til upptaka Vatnsdalsár, en eins og fyrr greinir er það niðurstaða óbyggðanefndar að með upptökum Vatnsdalsár sé í eldri heimildum átt við upptök Ströngukvíslar. Afmörkun gagnaðila íslenska ríkisins á vesturmerkjum Forsæludalskvísla lengra til suðurs en sem nemur upptökum Ströngukvíslar á sér stoð í skrá yfir afrétti frá 1981, landamerkjaskrá fyrir Dalskvíslar frá 1985 og stofnskjali

fyrir Forsæludalskvíslar frá 2008. Slík afmörkun á vesturmerkjum svo langt suður að þau nái til Langjökuls á sér aftur á móti ekki stoð í hinum elstu heimildum. Ósamræmi er á milli fyrrgreindra heimilda og hinna eldri heimilda að þessu leyti. Nánar verður fjallað um það hversu langt til suðurs vesturmerki Forsæludalskvísla verði talin ná í umfjöllun um suðurmerki svæðisins.

Norðurmerkjum Forsæludalskvísla er ekki lýst sérstaklega í lögfestunum frá 1806 og 1809, en eins og fyrr greinir þá ná merkjalýsingar þeirra til merkja jarðanna Þórormstungu og Forsæludals ásamt Forsæludalskvíslum án sérstakrar aðgreiningar. Verður því að líta til yngri heimilda, sem lýsa mörkum Forsæludalskvísla sérstaklega, um þá afmörkun.

Í áreiðarskjalinu frá 1889 er að finna elstu lýsinguna á norðurmerkjum Forsæludalskvísla gagnvart Forsæludal. Þar er sem fyrr segir vitnað í afsalsbréf fyrir Dalskvíslum frá 1882, og þar kemur fram að samkvæmt afsalinu séu norðurmerki „Dalskvíslalands“ „að utan yfir Bótafjall vestur að Vatnsdalsá, til austurs yfir Eyjavatn utan til austurs á reiðgötur…“. Samkvæmt uppkasti að nýbyggjarabréfi fyrir Réttarhól frá 1889 er stuðst við merkjalýsingu „Dalskvísla“ eða „Kvíslalands“ úr áreiðarskjalinu og eru norðurmerki með þeim hætti að þau séu „ … úr Vatnsdalsá yfir Bótarfjall til austurs yfir Eyjavatn utan til, austur í reiðgötur.“

Árið 1960 gerðu eigendur Forsæludals annars vegar, og Upprekstrarfélög Grímstunguheiðar og Auðkúluheiðar hins vegar, með sér samning um uppsetningu og viðhald girðingar milli Forsæludals og Forsæludalskvísla. Þar er mörkum þessara landsvæða lýst með þeim hætti að þau séu „ … úr Vatnsdalsá á móti Svínavatnslækjarósi suður og austur yfir Bót austur í Friðmundarvatn vestara.“ Í skrá yfir afrétti Ás- og Sveinsstaðahreppa frá 1981 er suðurmerkjum Dalslands gagnvart Forsæludalskvíslum lýst svo að þau séu „…bein lína frá Vatnsdalsá, móts við Svínavatnslækjarós, í vörðu á há Bótarfelli. Þaðan austur um norðanvert Eyjavatn, miðja vega frá tanga þeim er gengur lengst í suður fyrir austan vík þá er Túnalækur fellur úr og hólma sem eru í vatninu.“ Í landamerkjaskrá fyrir Dalskvíslar frá 1985 er norðurmerkjum lýst svo: „Að norðan: Úr Vatnsdalsá, móts við Svínavatnslækjarós, ræður bein lína í vörðu í há Bótarfelli. Þaðan austur um norðanvert Eyjavatn, miðja vegu frá tanga þeim sem gengur lengst í suður fyrir austan vík þá er Túnalækur fellur úr og hólma sem eru í vatninu, alla leið austur í Káryrðlingatjörn og er það hornmerki að norðan og austan.“ Í stofnskjali fyrir Forsæludalskvíslar frá 2008 segir að Forsæludalskvíslar séu sunnan við Forsæludalsland en merkjunum er ekki lýst.

Norðan megin við Forsæludalskvíslar liggja jarðirnar Forsæludalur og Dalsland, eftir að landsvæði Dalslands var selt frá Forsæludal árið 1975. Í landamerkjabréfi Forsæludals frá 1890 segir um suðurmerki gagnvart Forsæludalskvíslum að frá suðri ráði „bein lína frá vörðu á há Bótarfjalli austur um norðanvert Eyjavatn, miðja vega frá tanga þeim, sem gengur lengst í suður fyrir austan vík þá, er Túnalækur fellur úr, og hólma sem er í vatninu. Í vestur frá vörðunni

af Bótarfjalli ræður bein lína til Vatnsdalsár móti Svínavatnslækjarós“. Í afsali vegna Dalslands frá 1975 er suðurmerkjum ekki lýst gagnvart Forsæludalskvíslum heldur er aðeins vísað til þess landssvæðis sem liggi „…framan núverandi heiðargirðingu, frá Vatnsdalsá að Friðmundarvatni…“ og er þar átt við girðingu samkvæmt fyrrnefndum samningi frá 1960.

Aðilar að máli þessu miða báðir kröfur sínar um norðurmörk Forsæludalskvísla við línu sem dregin er frá Vatnsdalsá á móti Svínavatnslækjarósi og þaðan í beina línu í há Bótarfell. Þaðan er fylgt beinni línu austur yfir Eyjavatn allt til vörðu austan megin við Mjóavatnslæk. Varðan markar norðausturmerki ágreiningssvæðisins. Upphaflegar kröfulínur aðila voru ekki samhljóða um norðausturmerki Forsæludalskvísla en við endurupptöku málsins hjá óbyggðarnefnd, dags. 9. desember 2014 var bókað að aðilar málsins hefðu komið sér saman um miða skyldi norðvesturhornmerki svæðisins við fyrrgreinda vörðu. Að mati óbyggðanefndar eru mörk ágreiningssvæðisins til norðurs með þeim hætti sem lýst er í kröfugerðum aðila.

Austurmerkjum Forsæludalskvísla er lýst svo í lögfestunni frá 1806 að frá miðjum Friðmundarhöfða sé farið „ … í Austr qvísl hjá Kólkahól, þadann í Upptok á fellaqvísl og so beinleides til Jokla.“ Lögfestunni var mótmælt af Auðkúlupresti hvað varðar þessa lýsingu og taldi hann þau ganga inn á land Auðkúluheiðar við Kólkuhól. Í lögfestunni frá 1809 hafði Bjarni breytt austurmerkjunum á þann veg að frá miðjum Friðmundarhöfða sé farið „ … i austustu Qvísl, eptir sem vötn ad draga, framm til Jökla.“ Í áreiðarskjalinu frá 1889 er sem fyrr vitnað í afsalsbréf fyrir Dalskvíslum frá 1882 og tekið fram að samkvæmt afsalinu séu austurmerki Forsæludalskvísla þannig að þau liggi frá reiðgötum austan við Eyjavatn og þaðan til suðurs „sem vötn að draga til Vatnsdalsár“. Að mati óbyggðanefndar er hér átt við upptök Fellakvíslar.

Í áreiðarskjalinu var einnig gerð ályktun af hinu afsalaða Dalskvíslarlandi um að austurmerki Réttarhóls skyldu vera sjónhending frá „Karittlingatjörn“ „ … í krókinn á Fellakvísl vestanvert þar sem Kolkukvísl fellur í hana; úr því ræður Fellakvísl til upptaka, en þaðan sjónhending í norðari Búrfjallahala … “. Merkjalýsing þessi er í nokkru ósamræmi við aðrar merkjalýsingar áreiðarskjalsins hvað varðar það landsvæði sem skyldi úthlutað til nýbýlis að Réttarhóli. Hins vegar er þessi lýsing að mestu í samræmi við eldri heimildir um afmörkun Forsæludalskvísla, þ.e. að Fellakvísl ráði til sinna upptaka, og heimildir um afmörkun Auðkúluheiðar gagnvart Forsæludalskvíslum. Þá er ennfremur tekið fram í skjalinu að „ … presturinn sjera Stefán Jónsson er, sem umráðamaður Auðkúluheiðar samþykkur ummerkjum nýbýlislandsins að austan“. Að mati óbyggðanefndar verður lýsing þessi því talin eiga við austurmerki Forsæludalskvísla. Í uppkasti að nýbyggjarabréfi fyrir Réttarhól frá 1889 er lýsing austurmerkja áreiðarskjalsins tekin upp orðrétt.

Í landamerkjaskrá fyrir Dalskvíslar frá 1985 er austurmerkjum lýst svo: „Að austan: Úr Káryrðlingatjörn ræður sjónhending í Fellakvísl, þar sem Kolkukvísl fellur

í hana. Þá ræður Fellakvísl til upptaka og þaðan bein lína í norðurenda Langjökuls og er það hornmerki að austan og sunnan.“ Í stofnskjali fyrir Forsæludalskvíslar frá 2008 er austurmerkjum landsvæðisins lýst svo að vesturmörk Auðkúluheiðar ráði að austan „…sem afmarkast af sjónhendingu úr Karyrðlingatjörn í Fellakvísl þar sem Kolkukvísl fellur í hana, þaðan Fellakvísl til upptaka og þaðan bein lína í norðurenda Langjökuls.“

Austan megin við Forsæludalskvíslar liggur ágreiningssvæði vegna Auðkúluheiðar en fjallað er sérstaklega um Auðkúluheiði í kafla 6.4. Svo sem þar er rakið er það niðurstaða óbyggðanefndar að eldri heimildum beri saman um að vesturmerki Auðkúluheiðar liggi úr Karyrðlingatjörn í Fellakvísl þar sem Kolkukvísl rennur í hana, þaðan sé Fellakvísl fylgt til upptaka og svo bein lína suðvestur í norðurenda Búrfjallahala. Þaðan er svo lína dregin í Lyklafell og svo meðfram sýslu- og sveitarfélagamörkum í norðurenda Langjökuls.

Gagnaðilar íslenska ríkisins miða kröfur sínar um austurmörk Forsæludalskvísla á þann veg að varða austan við Mjóavatnslæk, sunnan við vestara Friðmundarvatn, marki norðausturhorn ágreiningssvæðisins. Þaðan sé fylgt beinni línu suður í Fellakvísl, þar sem Kolkukvísl rennur í hana og þaðan áfram beina línu suðaustur í punkt við sunnanvert Sauðafell, sem merktur er Öldur, og þaðan beina línu suðaustur í norðausturenda Langjökuls. Að mati óbyggðanefndar er afmörkun gagnaðila íslenska ríkisins frá norðausturhornpunkti og suður til ármóta Fellakvíslar og Kolkukvíslar í samræmi við elstu heimildir um afmörkun ágreiningssvæðisins. Hins vegar er afmörkun ágreiningssvæðisins, frá fyrrnefndum ármótum suðaustur í punkt við sunnanvert Sauðafell og þaðan beina línu í norðausturenda Langjökuls, ekki í samræmi við heimildir um afmörkun ágreiningssvæðisins.

Með bókun við endurupptöku málsins hjá óbyggðanefnd, dags. 9. desember 2014, lagði lögmaður gagnaðila íslenska ríkisins, vegna Forsæludalskvísla og Auðkúluheiðar, fram yfirlýsingu þess efnis að ef óbyggðanefnd teldi að afmörkun milli Auðkúluheiðar og Forsæludalskvísla væri ekki í samræmi við lýsingar í fyrirliggjandi heimildum, þá væri nefndinni heimilt að draga nýja merkjalínu milli ágreiningssvæðanna í samræmi við heimildir. Að því virtu telur óbyggðanefnd að þær eldri heimildir sem hér hafa verið raktar verði helst túlkaðar þannig að austurmerki ágreiningssvæðisins gagnvart Auðkúluheiði séu dregin með beinni línu [frá norðausturhornpunkti] suður til ármóta Fellakvíslar og Kolkukvíslar og þaðan sé Fellakvísl fylgt til upptaka. Nánar verður fjallað um það hversu langt til suðurs austurmerki Forsæludalskvísla verði talin ná í umfjöllun um suðurmerki svæðisins.

Suðurmerkjum Forsæludalskvísla er ekki lýst sérstaklega í lögfestunum frá 1806 og 1809. Þá er í áreiðarskjalinu frá 1889 ekki heldur að finna lýsingu á suðurmerkjum samkvæmt afsali fyrir Dalskvíslum frá 1882. Við rannsókn á afmörkun Forsæludalskvísla til suðurs er því nauðsynlegt að taka mið af þeim eldri heimildum sem liggja fyrir um annars vegar sunnanverð vesturmörk kvíslanna og hins vegar

sunnanverð austurmörk þeirra. Svo sem rakið er hér að framan er það niðurstaða óbyggðanefndar að þær eldri heimildir sem liggja fyrir í málinu verði helst túlkaðar þannig að Vatnsdalsá og Strangakvísl ráði vesturmerkjum Forsæludalskvísla til upptaka Ströngukvíslar og að Fellakvísl ráði austurmörkum til sinna upptaka.

Fleiri heimildir sem liggja fyrir í málinu gefa vísbendingar um legu suðurmerkja Forsæludalskvísla. Í kafla um Þórormstungu í jarðamatinu frá 1849 er afréttarlandinu Dalskvíslum lýst svo að heiðin liggi „suður og upp frá þeim [Þórormstungu og Forsæludal] fram til öræfa, að svokölluðum „Öldum"; er Kúluheiði að austanverðu fram með Dalskvíslum, og miklu lengra suður og fram fyrir þær". Í skýrslu fyrir Kúluheiði frá 1850 er merkjum Auðkúluheiðar gagnvart Dalskvíslum lýst þannig að hún liggi „…þá að vestan norðr með Lángjokli, og norður á Öldur. Þar tekur við Dalskvísla land, sem á allar öldur að norðan verðu, og er líkast til að griótdrag það er liggur vestanfrá Sandi norðaustr að Hanskafelli og so í Sandá ráði þar merkium. Síðan til norðurs ráði Fellakvíslar drag og Fellakvísl…". Í áreiðarskjalinu 1889 kemur fram að af merkjalýsingu Forsæludalskvísla, eins og þeim er lýst í afsali fyrir Dalskvíslalandi frá 1882, hafi verið dregin sú ályktun að Fellakvísl skyldi ráða austurmerkjum Réttarhóls til upptaka „en þaðan sjónhending í norðari Búrfjallahala…". Svo sem að framan greinir er lýsing þessi talin eiga við um merki Forsæludalskvísla. Þá var í áreiðarskjalinu einnig gerð sú ályktun af hinu afsalaða Dalskvíslarlandi að eftirfarandi hluta Dalskvíslarlands skyldi óúthlutað til nýbýlisins: „[…]svæðið frá Áfangafelli, fram á svokallaðar Öldur…" Í landamerkjaskrá fyrir Dalskvíslar frá 1985 er suðurmerkjum lýst svo: „Að sunnan: Fjórðungsmörk ráða…" og í stofnskjali fyrir Forsæludalskvíslar frá 2008 er suðurmerkjum landsvæðisins lýst með sama hætti og í landamerkjaskránni.

Gagnaðilar íslenska ríkisins miða kröfur sínar um suðurmörk Forsæludalskvísla við norðausturhorn Langjökuls. Þeim eldri heimildum sem hér voru raktar ber saman um að Öldur tilheyri Forsæludalskvíslum og ráði suðurmerkjum landsvæðisins. Þær eru eina kennileitið sem getið er um varðandi suðurmörk þess í eldri heimildum ef frá er talið áreiðarskjalið frá 1889 sem lýsir merkjum frá upptökum Fellakvíslar í norðari Búrfjallahala.

Þar sem Öldur eru eina kennileitið sem getið er um í eldri heimildum varðandi suðurmörk Forsæludalskvísla þarfnast nánari skoðunar hversu langt til suðurs þær teljist ná. Í örnefnaskrá Daða Davíðssonar fyrir Forsæludalskvíslar frá árinu 1936 segir: „**Öldur** (50) eru suður af Hornflá, liggja út og suður og ná fram í Ölduhraun. Þær ná austan frá Sauðafelli allt vestur að Ströngukvísl ... " og „**Ölduhraun** (52) er hraunið sem er suður undan Öldum…" Þá segir: „**Háalda** (93) […] er hæst af Öldunum og nær fram í hraun austan við Ströngukvíslarupptökin." og „**Smáalda** (95) […] er vestasta aldan rétt fyrir austan Ströngukvísl." Í örnefnaskrá Jónasar B. Bjarnasonar fyrir Auðkúluheiði frá árinu 1941 segir: „Norður og norðvestur frá Sandkúlufelli heitir **Öldur** (80), […] en meirihluti af Öldum tilheyrir Dalskvíslalandi ... "

Árið 1975 gerði Sölvi Sveinson athugasemdir og viðbætur við örnefnaskrá Daða Davíðssonar um Forsæludalskvíslar og þar segir: „**Fellakvísl** (35) kemur upp í **Öldum** (50) norðan undan **Ölduhrauni** (52) og fylgir merkjalínan henni, en úr upptökum ræður sjónhending í norðurenda **Búrfjalla** (100).“ Þá segir í örnefnaskrá Lárusar Björnssonar fyrir Forsæludalskvíslar frá 1982: „**Öldur** (86) eru fram af Miðkvíslardrögum, liggja frá Ströngukvísl, austur undir Sauðafell og fram undir Seiðisárdrög.“ Þar segir einnig: „ **Háalda** (73) […] nær fram fyrir austan Ströngukvíslardrög.“ og „**Smáalda** (75) er vestasta aldan rétt fyrir austan Ströngukvísl.“

Af þessum heimildum má ráða að litið hafi verið svo á að Öldur liggi að austan frá Sauðafelli og í suðvestur að upptökum Ströngukvíslar og að Fellakvísl eigi upptök sín innan þeirra. Af heimildunum má einnig ráða að syðsti hluti af Öldum mæti Ölduhrauni en norðurendi Búrfjallahala er við hraunjaðarinn og virðist vera hornpunktur samkvæmt lýsingunum. Þá er ekkert fram komið í málinu sem bendir til þess að staðsetning Alda sé önnur en þar er lýst. Verður því miðað við það við úrlausn málsins.

Eins og að framan greinir ber eldri heimildum saman um vestur- og austurmerki Forsæludalskvísla. Verða þær að mati óbyggðanefndar helst túlkaðar þannig að litið hafi verið svo á að Vatnsdalsá og Strangakvísl ráði vesturmerkjum Forsæludalskvísla til upptaka Ströngukvíslar og að Fellakvísl ráði austurmörkum til sinna upptaka. Þá er það jafnframt niðurstaða nefndarinnar að eldri heimildum beri saman um að Öldur ráði suðurmerkjum landsvæðisins og að samkvæmt örnefnaskrám og þeim kortum sem liggja fyrir í málinu sé syðsti punktur í norðurenda Búrfjallahala. Suðurmörk Forsæludalskvísla eru þannig staðsett norðar samkvæmt eldri heimildum en samkvæmt landamerkjaskrá fyrir Dalskvíslar frá 1985 og stofnskjali fyrir Forsæludalskvíslar frá 2008 sem gagnaðilar íslenska ríkisins byggja afmörkun sína á. Niðurstaða óbyggðanefndar er því sú að hinar elstu heimildir mæli því í mót að mörk Forsæludalskvísla hafi legið eins langt til suðurs eins og þeim er lýst í landamerkjaskránni frá 1985 og stofnskjalinu frá 2008. Verður því við það miðað hér að mörk Forsæludalskvísla til suðurs hafi afmarkast af línu sem er dregin frá upptökum Fellakvíslar í beina línu suðvestur í norðurenda Búrfjallahala og þaðan í beina línu norðvestur að upptökum Ströngukvíslar. Er sú afmörkun jafnframt í samræmi við niðurstöðu óbyggðanefndar á afmörkun Auðkúluheiðar samkvæmt eldri heimildum, sbr. kafla 6.4.

Í framangreindum heimildum er ekki nákvæmlega tilgreint hvar annars vegar upptök Fellakvíslar og hins vegar upptök Ströngukvíslar eru staðsett. Upptök Ströngukvíslar eru þó mun augljósari í landslagi. Árnar eru myndaðar úr nokkrum mismunandi upptakakvíslum. Óbyggðanefnd óskaði því eftir upplýsingum frá Veðurstofu Íslands um vatnasvið ánna og ætluð upptök þeirra. Á korti sem barst frá Veðurstofunni í kjölfarið og liggur fyrir í málinu má sjá greiningu á upptökum mismunandi upptakakvísla ánna. Verður hér miðað við að upptök ánna séu staðsett

eins og fram kemur á umræddu korti. Nánar tiltekið er þá miðað við syðstu upptök ánna, eins og þau koma fram á umræddu korti, og njóta þá gagnaðilar íslenska ríkisins þess vafa sem uppi er að þessu leyti.

Krafa gagnaðila íslenska ríkisins um að merki Forsæludalskvísla nái lengra til suðurs en að þeirri línu sem dregin er með framangreindum hætti, þ.e. frá upptökum Fellakvíslar beina línu suðvestur í norðurenda Búrfjallahala og þaðan norðvestur til upptaka Ströngukvíslar, verður því ekki talin geta stuðst við elstu heimildir um afmörkun Forsæludalskvísla en um önnur atriði sem krafa þessi er studd við verður fjallað síðar.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða þess landsvæðis sem deilt er um. Verður fyrst vikið að réttarstöðu Forsæludalskvísla í heild en síðan verður sérstaklega fjallað um nýbýlastofnun að Réttarhóli og mögulega þýðingu hennar að eignarrétti.

Um almenna þýðingu hugtakanna jörð og afrétt(ur) við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirliggjandi dóma Hæstaréttar og *Almennra niðurstaðna óbyggðanefndar,* í viðauka. Við mat á eignarréttarlegri stöðu landsvæða skiptir almennt mestu máli hvort viðkomandi svæði sé eða hafi verið jörð eða hluti af jörð samkvæmt fyrirliggjandi heimildum. Þá liggur fyrir að landsvæði hverrar jarðar hefur frá öndverðu borið að afmarka með landamerkjum. Landamerkjabréf hafa þó bæði verið gerð fyrir jarðir og annars konar réttindasvæði, svo sem ítök og afrétti(r). Það á einnig við um aðrar tegundir heimilda um merki landsvæða en auk landamerkjabréfa er t.a.m. algengt að merkjum landsvæða sé lýst í máldögum, vísitasíum og lögfestum. Landamerkjabréf jarða hafa almennt haft ríkara vægi en aðrar heimildir sem sönnunargögn um beinan eignarrétt og í fyrirliggjandi dómum og úrskurðum hefur að meginreglu verið komist að þeirri niðurstöðu að þau afmarki eignarlönd. Land utan jarða, þar á meðal afréttarland, hefur á hinn bóginn að meginreglu verið talið þjóðlenda. Notkun hugtaksins afrétt(ur) í landamerkjabréfi og/eða öðrum heimildum hefur þó ekki úrslitaþýðingu um að þar sé þjóðlenda, enda hefur merking þess ekki verið einhlít. Slíkt landsvæði er því eftir atvikum eignarland eða þjóðlenda. Á meðal þeirra atriða sem máli skipta við mat á stofnun og viðhaldi eignarréttar er eignarréttarleg staða aðliggjandi landsvæða. Jafnframt er mögulegt að unninn hafi verið réttur að áður eigendalausu landi, svo sem á grundvelli hefðar.

Af kaupum Svínavatns-, Torfalækjar-, Ás- og Sveinsstaðarhreppa á Forsæludalskvíslum þann 24. nóvember 1890 og nýtingu landsvæðisins á þeim grundvelli leiðir að við gildistöku þjóðlendulaga 1998 hafði landsvæðið ótvírætt stöðu afréttar samkvæmt þeirri eignarréttarlegu flokkun lands sem almennt var miðað við fram til 1998. Hvort í því fólust bein eða óbein eignarréttindi, og þar af leiðandi hvort þar er eignarland eða þjóðlenda í skilningi þjóðlendulaga, er hins vegar sérstakt athugunarefni. Í því sambandi skiptir meginmáli hver staða heiðarinnar var fyrir

söluna, nánar tiltekið hvort Forsæludalskvíslar hafi verið hluti af landi jarðarinnar Forsæludals, nýtt til beitar, eða afrétt hennar í þeim skilningi að eigendur jarðarinnar hafi einungis átt þar óbein eignarréttindi.

Af frásögnum Landnámu verður ekki ráðið hversu langt upp til fjalla og inn til lands landnám á þessu svæði náði, samanber kafla 6.2. Verða því engar afdráttarlausar ályktanir af þeim frásögnum dregnar. Sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga verður að telja ólíklegt að umrætt landsvæði hafi verið numið í heild þó að svo kunni að hátta til með hluta þess, einkum nyrðri hlutann. Vafi um þetta atriði hlýtur að vaxa eftir því lengra er komið inn til landsins. Óvissa um aðferðir við landnám er þó of mikil til þess að hægt sé að fullyrða um stærð landnáma á þeim grundvelli, sbr. umfjöllun um landnám í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*.

Kemur þá til skoðunar hvernig Forsæludalskvíslar birtast í sögulegum heimildum og er þá grein gerð fyrir þeim heimildum sem mesta þýðingu eru taldar hafa sbr. hinsvegar ítarlegri umfjöllun þar að lútandi í kafla 5.4.

Elsta heimild um Forsæludalskvíslar er dómur frá 1536. Tilefni hans var kæra Ljóts Arngrímssonar um „ad bændur og almugie villdi ecki reka sijn lomb a sijna heijdi eptter gomlum vana. og onguan toll giallda“. Ljótur þessi var ábúandi Forsæludals en hvort hann var eigandi hans eða hluta hans er þó ekki ljóst. Í dómi sýslumanns segir enn fremur að Ljóti hafi borið að leiða til vitni um að „þad hefdi verid haftt oc halldit skylldu rekstur aa dalsheijdi…“. Að vitnum leiddum var dæmt um skyldu til að reka á „daalzheijdi“ og gjalda toll fyrir. Af orðalagi dómsins má ætla að litið hafi verið á heiðina sem sérstakt afréttarsvæði, þ.e. Dalsheiði.

Í maí árið 1542 seldi séra Gunnlaugur Arngrímsson séra Birni Jónssyni tíu hundruð í jörðinni Forsæludal í Vatnsdal „til fullrar eignar. med ollvm þeim gognvm og giædvm sem greindvm jardar parte aa med logvm at fyllgi vndan sier og sinvm erfingivm…“. Í ágúst sama ár galt Ljótur Arngrímsson öllu því tilkalli sem hann taldi sig eiga til jarðarinnar Forsæludals í Vatnsdal, í vald séra Björn Jónssonar, og lofaði um leið að veita þar aldrei neitt ákall til. Í september árið 1552 er Forsæludals getið á meðal jarðeigna Björns Jónssonar en hann var þá látinn. Konungur tók svo undir sig jarðeignir Jóns Arasonar Hólabiskups og sona hans, þ.á m. séra Björns Jónsonar, eftir að þeir voru hálshöggnir í Skálholti árið 1550. Þeirra á meðal var Forsæludalur sem hafði tilheyrt séra Birni en varð hluti af jarðaumboði konungs sem kallaðist Vatnsdalsjarðir. Í framangreindum heimildum er heiðarinnar ekki getið sérstaklega.

Árið 1583 gekk dómur á ný um rekstra á Dalsheiði og tekið fram að tollar af rekstri á heiðinni tilheyrðu „kongdomsins jördu Forsæludal.“ Samkvæmt dóminum voru allir menn í Vatnsdalshreppum skyldugir „sinum rekstrum uppi ad hallda og til þeirra afrietta ad reka, sem ad fornu verid hefur af gamalli tid…“ og „So þangad veniuliga tolla ad giallda, er med riettu afriett eiga edur svari slikum sektum sem vid liggia“. Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1706 segir að Forsæludalur sé í konungseign og að jörðin eigi afrétt í Dalsbót, en þar mun vera átt

við Forsæludalskvíslar. Þá segir í kafla um Litlu-Giljá í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1713: „ … var upprekstur úr allri þessari sveit millum Gljúfrár og Giljár í Forsæludalsland, þar sem kallað er Dalsbót, […] En því lagðist af sú afrjett á Dalsbót, að fjárgöngur voru úr máta erfiðar og er síðan enginn viss afrjettur sveitarinnar … “.

Forsæludalur var í konungseign í um 250 ár, fram til ársins 1804. Það ár var haldið uppboð á svokölluðum Vatnsdalsumboðsjörðum og var Forsæludalur meðal þeirra. Bjarni Steindórsson frá Þórormstungu átti hæsta boð í Forsæludal. Árið 1806 lögfesti Bjarni Steindórsson eignarjörð sína Þórormstungu. Bjarni var á þessum tíma eigandi Þórormstungu og Forsæludals og lögfestan tekur mið af því og virðist lýsa merkjum beggja jarða auk Forsæludalskvísla án sérstakrar aðgreiningar og án þess að Forsæludalur eða Forsæludalskvíslar séu sérstaklega tilgreindar. Á manntalsþingi að Breiðabólstað árið 1807 var lesin upp kvörtun Bjarna Steindórssonar á Þórormstungu vegna átroðnings „ … sem hann lide á sinnar ábylis- og eignar Jardar afrettar lande Dalskvislum kölludu…“.

Árið 1809 lögfesti Bjarni Steindórsson eignarjarðir sínar Þórormstungu og Forsæludal. Lögfestan lýsir merkjum beggja jarða auk Forsæludalskvísla án þess að greint sé á milli einstakra landsvæða. Á manntalsþingi að Breiðabólstað árið 1810 lagði Bjarni Steindórsson á Þórormstungu fram umkvörtun vegna skaða sem hann sagði „sitt heidarland, kallad Qvislar, verdi fyrir af folki sem fari til grasa…“ Árið 1810 var haldinn lögregluréttur að Stóru-Giljá, m.a. vegna umkvörtunar Bjarna Steindórssonar í Þórormstungu yfir óheimilli notkun manna á Dalskvíslum. Á manntalsþingi að Breiðabólstað 1811, var lesin ályktun sýslumanns þar sem ákveðinn var tollur fyrir grasatekju og fyrir aðra notkun á landeign Bjarna Steindórssonar í Þórormstungu, kallað Dalskvíslar. Árið 1818 var haldinn lögregluréttur um „3 heidarlondinn“, Auðkúlustaðarheiði, Dalskvíslir og Grímstunguheiði og var bæjum úthlutaður afréttur til upprekstrar.

Árið 1820 gerði Bjarni Steindórsson „ … Rádstöfun um þad Heidarland sem tilheirir Jördunum Þórormstúngu og Forsæludal og alment kallast Dalsqvíslir … “ með þeim hætti „ad 4/9 partar af þessu Heidarlandi skuli frammvegiss tilheira Þórormstúngu og 5/9 partar Forsæludal med Dalkoti … “ þar sem hlutur Dalkots skyldi vera 1/9 partar heiðarinnar. Heimildir benda til þess að Dalkot hafi verið hjáleiga í landi Forsæludals. Í sóknarlýsingu Grímstungukirkjusóknar árið 1844 eru Dalskvíslar taldar upp meðal afrétta í sókninni. Í jarðarmatinu 1849 segir í kafla um Forsæludal og Dalkot að „Jörðin [þ.e. Forsæludalur] á 4/9 hluta í afrjettar landinu Dalskvíslum … “ og „ … Kotið [þ.e. Dalkot] á 1/9 hlut úr Dalskvíslum … “. Þá segir í kafla um Þórormstungu að „Jörðinni fylgir afrjettarland sem er partur í svokölluðum "Dalskvíslum" er þetta heiðarland tilheyrandi jörðunum Þórormstungu Forsæludal og Dalkoti … “. Þar er merkjum heiðarinnar jafnframt lýst sérstaklega og aðskildum frá jörðunum.

Árið 1857 er Björn Guðmundsson sagður bóndi í Þórormstungu og Brynjólfur Brynjólfsson bóndi í Forsæludal en ekki liggur fyrir hvernig jarðirnar komust í þeirra eigu. Það sama ár auglýsa þeir sameiginlega heiðarlandið Dalskvíslar til sölu til upptöku nýbýlis. Ári síðar auglýsir Brynjólfur í nafni þeirra beggja að þeir kjósi frekar að leigja heiðarlandið Dalskvíslar, en að selja það til eignar. Á manntalsþingi að Tindum árið 1859 var þinglýst banni gegn notkun á Dalskvíslarlandi. Jón Skúlason í Haukagili keypti Forsæludal af Brynjólfi Brynjólfssyni árið 1864. Merkjum jarðarinnar er ekki lýst í kaupbréfinu en tekið er fram að með í kaupunum fylgi 5/9 hlutar úr heiðarlandinu Dalskvíslum. Árið 1874 taka svo Svínavatns-, Torfalækjar-, Sveinsstaða- og Ásshreppar Dalskvíslar á leigu til 10 ára og eru Dalskvíslar þá sagðar tilheyra jörðunum Þórormstungu og Forsæludal. Á manntalsþingi að Miðhúsum árið 1878 var upplesið bann við upprekstri stóðhrossa, m.a. á Dalskvíslum, nema gegn greiðslu tolla.

Lögskipti næstu áratuga, að því er varðar Forsæludal og Forsæludalskvíslar, eru rakin í sjálfsævisögu Björns Eysteinssonar. Áður en fjallað verður um einstök fyrirliggjandi gögn þar að lútandi verður stuttlega vikið að frásögn sjálfsævisögunnar þar um. Þar kemur fram að árið 1882 hafi honum verið boðin jörðin Forsæludalur til kaups af Hannesi Þorvarðarsyni og Björn hafi boðist til þess að kaupa Dalinn ásamt 5/9 hlutum af Dalskvíslum fyrir 3.600 kr., en 4/9 partar lágu undir Þórormstungu. Þar kemur fram að hann hafi flutt að Forsæludal árið 1882 og það sumar hafi hann selt fé til þess að festa kaup í Dal. Þá segir ennfremur að eftir eitt ár í Dal hafi hann keypt um sumarið: [...] „þá fjóra níundu parta, er Bjarni í Þórormstungu átti, og tók sameiginlegt kaupbréf fyrir þeim öllum [Forsæludalskvíslum] hjá Hannesi og Bjarna, sem ég ekki sá eftir seinna, og fæ borgunina út úr reikningi mínum hjá Óla Möller, 900 krónur, því ég verzlaði við hann“. Samkvæmt frásögninni hefur Björn greitt sérstaklega fyrir Forsæludalskvíslar sem aðskilið svæði frá Forsæludal, líklega árið 1883. Þá segir í frásögn Björns að hrepparnir hafi brúkað Kvíslalandið „…sem hefð og þóttust ekki þurfa þess og guldu ekkert fyrir það“. Árið 1886 leigði Björn Forsæludal og flutti sjálfur fram í Kvíslar og byggði Réttarhól. Var það einkum til að „ … koma ekki öðrum upp á að brúka landið alls fyrir ekki neitt … “. Árið 1886 auglýsti Björn Eysteinsson Forsæludal til sölu að undanskildu afréttarlandinu Kvíslum.

Árið 1887 gerðu Hannes Þorvarðarson og Björn Eysteinsson með sér samning þar sem Björn ráðstafaði Forsæludal upp í skuld við Hannes. Samningurinn ber það með sér að Björn hafi fengið lán hjá Hannesi til kaupa á Forsæludal á 2.958 kr. og sett jörðina að veði með veðbréfi dags. 9. febrúar 1883. Þá kemur fram að afsalsbréf hafi verið gert fyrir jörðinni sem er dagsett 10. apríl 1882. Þá kemur einnig fram að „Hvíslaland“ sé fráskilið þessari ráðstöfun, en það hafi verið selt og afhent Birni með sérstöku afsalsbréfi dags. 14. janúar 1882. Í samningnum er ennfremur tekið fram „…að Forsæludalsábúandi hafi framvegis sem hingað til fullan rjett til að reka lömb sín á Hvíslaland fyrir vestan Miðhvísl“. Þessi samningur var lesinn upp á

manntalsþingi að Ási og færður inn í afsals- og veðmálabók Húnavatnssýslu 9. júlí 1887. Afsalsbréfin frá 10. apríl 1882 og 14. janúar 1882 liggja ekki fyrir í málinu þrátt fyrir kerfisbundna leit.[810] Að mati óbyggðanefndar styður þó efni samningsins þá frásögn sem fram kemur í sjálfsævisögu Björns um lögskipti hans vegna Forsæludals og Forsæludalskvísla. Er þar einkum að líta til þess að Björn hefur greitt sérstaklega fyrir Forsæludalskvíslar sem aðskilið svæði frá Forsæludal.

Björn Eysteinsson skrifaði amtmanni árið 1887 og tilkynnti honum að hann hefði keypt Forsæludal fyrir nokkrum árum og að heiðarlandið Dalskvíslar hefði fylgt með í kaupunum. Í bréfinu kemur fram að hann hafi flutt búferlum fram í Dalskvíslar og tekið er fram að á landinu hafi aldrei fyrr verið byggð svo menn viti. Þá bað hann amtmann að hlutast til um svo flótt og auðið væri að hann hlyti þau réttindi og hlunnindi sem nýbýlatilskipunin frá 15. apríl 1776 myndi veita honum, sbr. sér í lagi 1.−4. gr. og 6. og 7. gr. nefndrar tilskipunar. Í kjölfarið áttu sér stað bréfaskipti á milli amtmanns sýslumanns vegna nýbýlastofnunarinnar.

Amtmaður skrifaði sýslumanni bréf í apríl 1887 og greindi honum frá áformum Björns og spurði sýslumann hvort byggð Björns í Dalskvíslum ætti e.t.v. heldur að skoðast sem afbýli samkvæmt rentukammerbréfi frá 26. febrúar 1842, og baðst umsagnar hans. Í svarbréfi sýslumanns til amtmanns í nóvember 1887 sagði sýslumaður að Dalskvíslar hefðu í ómunatíð verið óbyggt heiðarland, notað til upprekstur, og tilheyrandi jörðunum Forsæludal og Þórormstungu, en afmarkað frá heimalöndum jarða þessara, og hefði þannig verið selt Birni Eysteinssyni með ákveðnum ummerkjum allt í kring. Þá taldi hann ekki að byggð Björns í Dalskvíslum ætti að álítast afbýli. Hann fengi ekki séð að svo væri þar sem hið umrædda heiðarland hefði ekki verið notað frá jörðum þeim, sem það hefði legið undir undir, nema til upprekstur. Þá myndu jarðirnar áfram halda landsnytjum sínum óskertum að öllu þótt heiðarlandið yrði undan þeim selt, svo dýrleiki þeirra og leigumáli hlyti að haldast óbreyttur.

Amtmaður svaraði bréfi sýslumanns í janúar 1888 þar sem hann bað um að Birni yrði tilkynnt að ekki væri unnt að verða við beiðni hans um að vera undanþeginn auglýsingu [um upptöku nýbýlisins þótt hann væri eigandi umrædds heiðarlands eða „afrjettarlands“ og það selt undan fyrrnefndum jörðum með ákveðnum ummerkjum. Það væri vegna þess að ekki væri um að ræða nýbýli þar sem byggð hefði legið í eyði frá ómunatíð, heldur „afrjettarland“ sem bæði ábúendur nefndra jarða og sveitarfélög þau, sem hann hefði áður leigt eða reynt að leigja afrjettarlandið, kynnu að þykjast hafa nokkurt tilkall til, sbr. 4. gr. nýbýlatilskipunarinnar.

Eftir að Björn hafði uppfyllt skilyrði um að láta auglýsa um upptöku nýbýlisins með löggiltum hætti, skv. 4. gr. nýbýlatilskipunarinnar, sendi amtmaður sýslumanni bréf þar sem sýslumanni var skipað, ásamt fjórum tilkvöddum óvilhöllum

[810] Sbr. „Yfirlit yfir frumgögn sem könnuð eru vegna rannsóknarskyldu óbyggðanefndar, sbr. 5. mgr. 10. gr. þjóðll. nr. 58/1998, með síðari breytingum, dags. 26.2.2013“.

og valinkunnum mönnum, að gera áreið á nefnt land og eftir löglegan undirbúning að gera ályktun um það hvort landinu skyldi útvísað til nýbýlis, allt eftir þeim fyrirmælum sem nýbýlatilskipunin kvæði á um. Þá bæri þeim ennfremur að meta hvort áðurnefndar jarðir, Forsæludalur og Þórormstunga, skyldu halda landsnytjum sínum og dýrleika óskertum að öllu leyti þótt umrætt land yrði tekið upp sem nýbýli. Í ágúst árið 1889 var gerð áreið á „heiðar og upprekstrarlandið Dalskvíslar“ vegna upptöku nýbýlis að Réttarhóli. Í áreiðarskjalinu er þess getið að sýslumaður hefði með nægum fyrirvara boðað eigendur og umráðamenn aðliggjandi jarða til áreiðargjörðarinnar og væru þeir allir mættir. Þá væri Björn sjálfur mættur og hefði sýnt heimildarskjal sitt eða afsalsbréf fyrir Dalskvíslum sem væri dagsett 14. janúar 1882. Í skjalinu er þess getið að þar sem Dalskvíslaland hafi alls ekki verið notað, né yrði það notað, af jörðunum Þórormstungu og Forsæludal, væri það álit sýslumanns og áreiðarmanna að jarðirnar skyldu, þrátt fyrir afsal landsins og útvísun til nýbýlis, halda landsnytjum sínum óskertum… „jafnvel þótt hugsanlegt væri, að dýrleiki jarða þessara kynni við nýtt jarðamat að lækka lítið eitt í notum þess að jörðunum báru fjallatollar nokkrir fyrir upprekstra í Dalskvíslalandi“. Þá er landamerkja samkvæmt afsalsbréfi fyrir Dalskvíslalandi frá 14. janúar 1882 getið og tekið fram að sýslumaður og áreiðarmenn hafi ályktað að af hinu afsalaða Dalskvíslalandi skyldi Birni Eysteinssyni útvísað nýbýlisland með nánar tilteknum landamerkjum. Þá er ennfremur tekið fram hvaða hluta af Dalskvíslarlandi skyldi vera óúthlutað til nýbýlis. Að lokinni áreið var Birni úthlutað land til upptöku nýbýlisins Réttarhóls og var nýbyggjarabréf gefið út það sama ár.

Árið 1890 seldi Björn Eysteinsson Forsæludalskvíslar allar til Svínavatns-, Torfalækjar-, Ás- og Sveinsstaðahreppa. Í kaupsamningnum, dags. 24. nóvember 1890, segir að Dalskvíslaland sé selt með öllum þeim réttindum og skyldum sem landinu fylgi eins og hann hafi keypt það, þ.e. að Forsæludalur og Þórormstunga skuli eiga frían upprekstur á landið. Sama ár voru gerð landamerkjabréf fyrir Forsæludal og Þórormstungu og þeim segir að jarðirnar eigi fjárupprekstur í Dalskvíslar.

Forsæludalskvíslar heyrðu samkvæmt framansögðu undir Forsæludal allt frá tíma elstu fyrirliggjandi heimilda, og síðar sameiginlega undir Forsæludal og Þórormstungu, þar til þær voru seldar sérstaklega undan jörðunum.

Eins og fram er komið þá liggja fyrir í málinu tvær lögfestur, önnur fyrir Þórormstungu frá 1806 og hin fyrir Þórormstungu og Forsæludal frá 1809, og lýsa þær báðar merkjum þess landsvæðis sem tekur til Þórormstungu, Forsæludals og Forsæludalskvísla í heild og án sérstakrar aðgreiningar, en þess ber að geta að Þórormstunga og Forsæludalur eru báðar sjálfstæðar jarðir.

Óbyggðanefnd og dómstólar hafa almennt lagt minna upp úr lögfestum heldur en landamerkjabréfum jarða, sem sönnunargögnum um tilvist beins eignarréttar. Ef ekki er fyrir hendi landamerkjabréf fyrir það landsvæði sem til skoðunar er verður þó, eðli málsins samkvæmt, að meta stöðu svæðisins á grundvelli annarra fyrirliggjandi

heimilda. Vægi heimilda á borð við lögfestur er því almennt meira en ella í þeim tilvikum þar sem landamerkjabréfi er ekki til að dreifa. Sé lögfesta eina heimildin um afmörkun landsvæðis eða inntak eignarréttinda kann þýðing hennar að vera enn meiri en ella, sérstaklega ef önnur atriði eru til þess fallin að auka trúverðugleika hennar, samanber t.d. dóm Hæstaréttar frá 16. maí 2007 í máli nr. 536/2006 (Hvítmaga). Ávallt er þó um að ræða heildstætt mat á sönnunargildi fyrirliggjandi heimilda og þar kunna atriði á borð við staðhætti, gróðurfar, fjarlægð frá byggð og nýtingu viðkomandi landsvæðis einnig að hafa áhrif.

Í máli þessu eru umræddar lögfestur einu heimildirnar sem hafa að geyma lýsingar á merkjum Forsæludalskvísla frá því fyrir þann tíma þegar Forsæludalskvíslum var skipt upp á milli jarðanna Forsæludals og Þórormstungu. Óbyggðanefnd telur eins og áður segir að lögfesturnar veiti því viðhlítandi stoð að merki Forsæludalskvísla hafi náð suður að upptökum Fellakvíslar að austanverðu og að upptökum Strömgukvíslar að vestanverðu enda mæla aðrar fyrirliggjandi heimildir því ekki í mót að mati nefndarinnar. Í ljósi þess að í lögfestunum er lýst sameiginlega merkjum beggja jarðanna, þ.e. Forsæludals og Þórormstungu, auk Forsæludalskvísla, án nokkurrar aðgreiningar þar á milli, þrátt fyrir að ljóst sé að Forsæludalur og Þórormstunga hafi verið tvær sjálfstæðar jarðir, verður hins vegar engin ályktun dregin af þeim um það hvort litið hafi verið á landsvæði Forsæludalskvísla sem hluta af Forsæludal eða sem sjálfstæða einingu. Þá kemur fram í lögfestunum að innan þeirra merkja sem þar er lýst séu lögfest „ … tjedrar Jardar Tún og Eingjar, Hollt og Haga, Votn og Veidistadi og allar Landsnytjar, sem henne fylgt hafa og fylgja eiga med réttu … “. Samkvæmt lýsingunum er því einnig um að ræða yfirlýsingar um tiltekin óbein eignarréttindi á því svæði sem merkjalýsingin tekur til. Í ljósi framangreinds geta lögfesturnar að mati óbyggðanefndar engum úrslitum ráðið um eignarréttarlega stöðu landsvæðis Forsæludalskvísla.

Í fyrirliggjandi heimildum er Forsæludalskvísla getið í tengslum við upprekstur, afréttarnot og aðrar takmarkaðar nytjar, svo sem grasatekju, ef frá eru talin árin 1886−1890 þegar nýbýlið Réttarhóll virðist hafa verið í byggð. Þannig er vísað til landsvæðisins sem afréttar í fjölda eldri heimilda og þess einnig getið með sérstökum hætti í ýmsum fyrirliggjandi heimildum. Það bendir til að litið hafi verið svo á að svæðið hefði aðra stöðu en annað land jarðarinnar Forsæludals, nánar tiltekið þannig að þar hafi verið um að ræða afréttarland sem lotið hafi sjálfstæðri afmörkun en teldist ekki vera hluti af jörðinni. Heimildir styðja ekki að á Forsæludalskvíslum hafi verið byggð eða önnur not en sumarbeit og aðrar takmarkaðar nytjar, ef frá er talin búseta Björns Eysteinssonar á Réttarhóli í nokkur ár undir lok 19. aldar. Þau bréfaskipti sem áttu sér stað milli amtmanns og sýslumanns í aðdraganda nýbýlisstofnunar að Réttarhóli, benda að mati óbyggðanefndar einnig til þess að litið hafi verið svo á að stofnun býlisins ætti sér stað í afréttarlandi fremur en landi jarðar. Í því sambandi má nefna bréf sýslumanns til amtmanns, dags. 8. nóvember 1887, og bréf amtmanns til

sýslumanns, dags. 3. janúar 1888, en af þeim má ráða að litið hafi verið svo á að verið væri að stofna nýbýli skv. 4. gr. nýbýlatilskipunarinnar, sem átti við um stofnun nýbýla í afréttarlöndum, en ekki 3. gr., sem átti við um stofnun nýbýla í eignarlöndum annarra. Vísast í þessu sambandi til dóms Hæstaréttar í máli nr. 379/2009 (Heiðarmúli). Óbyggðanefnd telur framangreint benda til þess að Forsæludalskvíslar hafi verið afrétt Forsæludals, og síðar einnig Þórormstungu, í þeim skilningi að eigendur jarðanna hafi átt þar óbein eignarréttindi fremur en beinan eignarrétt.

Eins og að framan er nefnt kann að hátta svo til að a.m.k. hluti þess landsvæðis sem hér er til umfjöllunar hafi verið numið í öndverðu. Ekkert liggur hins vegar fyrir um afmörkun eða yfirfærslu þeirra beinu eignarréttinda sem þar kann að hafa verið stofnað til með námi. Þannig kann beinn eignarréttur að hafa fallið niður og landsvæðið í kjölfarið tekið til takmarkaðra nota annarra. Í því sambandi ber að líta til þess sönnunarmats sem lagt hefur verið til grundvallar um afrétti(r) einstakra jarða og/eða stofnana og styðst við fjölda dóma í sambærilegum málum, sjá nánar í kafla 8.2 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum. Þess skal einnig getið að á þeim landsvæðum sem nærri Forsæludalskvíslum liggja eru bæði eignarlönd og þjóðlendur, sé litið heildstætt á niðurstöður í máli þessu.

Hvað varðar þýðingu kaupsamningsins frá 1890, þar sem Björn Eysteinsson selur Svínavatns-, Torfalækjar-, Ás- og Sveinsstaðahreppum „ … hið svokallaða Dalskvíslaland í Áshreppi með öllum rjettindum og skyldum sem landsparti þessum fylgir, eins og jeg hefi keypt hann … “, þá er til þess að líta að orðalag og framsetning í samningnum sker ekki úr um það hvort að tilætlunin var sú að afsala fullkomnu eignarlandi eða afréttareign. Jafnframt er það svo að þau samskipti sem áttu sér stað í aðdraganda sölunnar benda til þess að ráðstafað hafi verið hefðbundinni afréttareign en ekki beinum eignarrétti, sbr. til hliðsjónar dóma Hæstaréttar frá 3. nóvember 1994 í málinu nr. 247/1994 (Geitland), 10. apríl 1997 í málinu nr. 66/1996 (Auðkúluheiði), 22. september 2011 í málinu nr. 294/2010 (Mælifell) og 26. september 2013 í málunum nr. 411/2012 (Bleiksmýrardalur austan Fnjóskár) og í málinu nr. 413/2012 (Bleiksmýrardalur vestan Fnjóskár). Loks verður að meta efnislegt inntak lögskipta þessara á grundvelli þeirrar meginreglu íslensks eignarréttar að sá sem telur til eignarréttar yfir landi verður að færa fram fullnægjandi heimildir fyrir tilkalli sínu og að sá sem afsalar landi getur ekki veitt viðtakanda sínum víðtækari rétt en hann sjálfur átti. Að þessu virtu gat framangreindur kaupsamningur frá 24. nóvember 1890 þess utan ekki með réttu hafa vakið væntingar hjá kaupendum um að þeir væri með samningnum að eignast annað og meira en þau afnotaréttindi af landinu, sem seljandi hafði á þeim tíma á færi sínu að ráðstafa.

Hvað varðar kröfu gagnaðila um beinan eignarrétt á grundvelli hefðar þá vísast til dóma Hæstaréttar í þjóðlendumálum sem og *Almennra niðurstaðna óbyggðanefndar*, þar sem gerð er almenn grein fyrir hefð sem stofnunarhætti eignarréttinda. Svo sem þar er rakið var skýrum réttarreglum um hefð ekki fyrir að

fara fyrir setningu hefðarlaga nr. 46/1905. Í „sólarlagsákvæði“ 12. gr. laganna kom fram að telja mætti eignarhald hefðanda fyrir gildistöku laganna til hefðartíma, þó þannig að engin hefð teldist fullnuð fyrr en í árslok 1910. Ljóst er að með þessu var ákveðið að hefðarlög giltu afturvirkt en ákvæðið tók þó aðeins til hefðarhalds sem fyrir hendi var við gildistöku laganna.[811]

Hvað Forsæludalskvíslar varðar er til þess að líta að fyrir utan skammvinna búsetu að Réttarhóli liggja engin óyggjandi gögn eða heimildir fyrir sem staðfest gætu heilsársbúsetu á ágreiningssvæðinu og ekkert liggur fyrir um að umráðum landsins hafi nokkru sinni eftir það verið háttað þannig að þau gætu talist hafa fullnægt kröfum 2. gr. hefðarlaga nr. 46/1905 um óslitið eignarhald á fasteign. Beinn eignarréttur að Forsæludalskvíslum getur því ekki hafa stofnast handa þeim, sem leiddu rétt sinn frá fyrri eigendum Forsæludalskvísla, fyrir hefð eftir gildistöku hefðarlaga, hvorki samkvæmt almennu ákvæði 1. mgr. 2. gr. né sérreglu í 12. gr. þeirra. Þá skal sérstaklega áréttað að eldri lagareglur, svo sem ákvæði í 26. kap. landsleigubálks Jónsbókar, koma ekki til álita til stuðnings eignarréttarkröfu gagnaðila, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 379/2009 (Heiðarmúli).

Þá liggur fyrir í fjölda dóma Hæstaréttar að hefðbundin afréttarnot, þ.e.a.s. sumarbeit og e.t.v. önnur takmörkuð notkun, eru ekki nægjanleg ein og sér til þess að hefða beinan eignarrétt að afréttum eða öðrum svæðum utan landamerkja jarða þar sem háttar til eins og í tilviki Forsæludalskvísla. Jafnframt er ljóst að ráðstafanir að lögum, svo sem sala tiltekinna réttinda, hafa ekki þýðingu við slíkt mat nema fleira komi til.

Að þessu öllu virtu verður ekki fallist á það með gagnaðilaum íslenska ríkisins að forverar þeirra eða þeir sjálfir hafi unnið beinan eignarrétt að Forsæludalskvíslum fyrir hefð.

Ekkert liggur fyrir um hvernig eigendur Forsæludals voru upphaflega komnir að rétti sínum til þessa landsvæðis eða hvert inntak þeirra réttinda var. Þá styðja framangreindar heimildir ekki að á því ágreiningssvæði sem hér er til umfjöllunar hafi verið byggð fyrir utan hina skammvinnu búsetu á Réttarhóli í lok 19. aldar. Í máli þessu er ekki sýnt fram á annað en að réttur til umrædds afréttarsvæðis hafi orðið til á þann veg að það hafi verið tekið til sumarbeitar fyrir búpening og, ef til vill, annarrar takmarkaðrar notkunar. Þá voru snemma settar opinberar reglur um afréttarnotkun og fjallskil sem sveitarstjórnum var falið að annast framkvæmd á.

Framangreint bendir til þess að á þessu landsvæði sé afréttur í þeim skilningi að eigendur jarðarinnar Forsæludals hafi átt þar óbein eignarréttindi fremur en beinan eignarrétt.[812]

Verður þá vikið að umfjöllun um nýbýlastofnun að Réttarhóli og mögulega þýðingu hennar að eignarrétti. Í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* er gerð grein

[811] Sbr. kafli 3.2 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.*
[812] Sbr. umfjöllun um hugtakið afréttur í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

fyrir þeirri stofnun eignarréttar sem heimiluð var í nýbýlatilskipun frá 15. apríl 1776, um landnám og byggingu eyðijarða, og síðar nýbýlalögum, nr. 15/1897. Samkvæmt ákvæðum nýbýlatilskipunarinnar gat slík býlisstofnun hvort heldur er verið í eignarlandi annarra, sbr. 3. gr. nýbýlatilskipunarinnar, eða „afréttaralmenningum og óbygðum landplázum fyrir ofan bygðir“, sbr. 4. gr. Kveðið var á um útmælingu viðkomandi landsvæðis undir stjórn sýslumanns og útgáfu amtmanns á byggingarbréfi til handa nýbýlingi, enda hefði skilyrðum verið fullnægt, sem síðan skyldi þinglýst og „álítast og gilda sem viss og óbrigðul heimild“. Hafi byggð tekist utan jarðar, sbr. einkum 4. gr. nýbýlatilskipunar, verður að kanna hvort þar hafi verið stofnað til lögformlegs nýbýlis. Hafi svo verið, er ljóst að viðkomandi landsvæði er eignarland, þá þegar af þeirri ástæðu. Ella verður að líta svo á að ekki hafi verið stofnað til beins eignarréttar á grundvelli þeirrar löggjafar. Eignarréttarleg staða viðkomandi landsvæðis breyttist því ekki, hvernig sem henni var farið. Útgáfa byggingarbréfs og þinglýsing þess tekur þannig af vafa um stofnun eignarlands og að landsvæði hafi frá þeim tíma öðlast stöðu jarðar að lögum, sbr. dóm Hæstaréttar 7. október 2010 í máli nr. 379/2009 (Heiðarmúli). Að öðru leyti þarf að leggja mat á eignarréttarlega stöðu viðkomandi landsvæðis áður en þar tókst byggð og hvort sú staða hafi tekið breytingum síðan.[813]

Svo sem rakið er í kafla 5.4 flutti Björn Eysteinsson frá Forsæludal og fram á Forsæludalskvíslar og byggði þar bæ er hann nefndi Réttarhól. Í bréfi til amtmanns 12. febrúar 1887 bað Björn amtmann um að hlutast til um svo fljótt og auðið væri að hann hlyti þau réttindi og hlunnindi sem nýbýlatilskipunin frá 15. apríl 1776 myndi veita honum. Nokkur bréfaskipti áttu sér stað á milli amtmanns og sýslumanns í kjölfarið þar sem fjallað er um aðdraganda og framkvæmd nýbýlastofnunarinnar. Þar kemur fram að amtmaður taldi ekki unnt að verða við beiðni Björns um að vera undanþeginn auglýsingu um nýbýlastofunina skv. 1. gr. tilskipunarinnar þótt hann væri eigandi umræddsheiðarlands eða „afrjettarlands“. Það væri vegna þess að ekki væri um að ræða nýbýli þar sem byggð hefði legið í eyði frá ómunatíð, heldur „afrjettarland“ sem bæði ábúendur Forsæludals og Þórormstungu og sveitarfélög þau, sem hann hefði áður leigt eða reynt að leigja afrjettarlandið, kynnu að þykjast hafa nokkurt tilkall til, sbr. 4. gr. nýbýlatilskipunarinnar. Þá tók amtmaður einnig fram að það að framfylgja þessu formsatriði væri hvorki kostnaðar- né fyrirhafnarsamt fyrir Björn.

Þá liggur fyrir að amtmaður sendi sýslumanni bréf, dags. 17. október 1888, þar sem hann fyrirskipaði honum að annast áreið á Dalskvíslar vegna upptektar nýbýlis Björns Eysteinssonar þar. Í bréfinu kemur fram að Björn hafi látið auglýsa upptöku nýbýlisins með löggiltum hætti án þess að nokkur hafi komið fram með eignartilkall til landsvæðisins og því væri sýslumanni skipað, ásamt fjórum tilkvöddum óvilhöllum og valinkunnum mönnum, að gera áreið á nefnt land og eftir löglegan undirbúning að

[813] Sbr. kafli 7.1.2 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*.

gera ályktun um það hvort landinu skyldi útvísað til nýbýlis, allt eftir þeim fyrirmælum sem nýbýlatilskipunin kvæði á um.

Þann 26. ágúst árið 1889 var svo gerð áreið á „heiðar og upprekstrarlandið Dalskvíslar“ vegna upptöku nýbýlisins. Í áreiðarskjalinu er þess getið að sýslumaður hafi með nægum fyrirvara boðað eigendur og umráðamenn aðliggjandi jarða til áreiðargjörðarinnar og væru þeir allir mættir. Þá væri Björn sjálfur mættur og hefði sýnt heimildarskjal sitt eða afsalsbréf fyrir Dalskvíslum. Þá kemur fram að Birni Eysteinssyni hafi verið útvísað nýbýlisland með nánar tilteknum landamerkjum. Sýslumaður sendi amtmanni afrit úr dómsmálabók sýslunnar af skoðunar- og útvísunargjörðinni vegna nýbýlisins Réttarhóls 7. október 1889 auk reiknings vegna kostnaðar. Amtmaður skrifaði sýslumanni aftur 17. október 1889 og sendi nýbyggjarabréf, sem hann sagði í samræmi við nýbýlatilskipunina frá 1776, og bað sýslumann um að afhenda Birni Eysteinssyni. Í bréfinu er að finna uppkast að nýbyggjarabréfinu. Í bréfabók sýslumannsins á Blönduósi kemur fram að sýslumaður hafi sent nýbyggjarabréfið áfram til Björns með bréfi, dags. 29. október 1889. Þar segir: „Samkvæmt fyrirmælum amtmannsins í norður og Austuramtinu sendist yður hjer með meðfylgjandi nýbyggjarabrjef Amtsins til handa yður fyrir Kvíslalandi.“ Amtmaður skrifaði einnig landshöfðingja, 17. október 1889, svo að sýslumaður og tilkvaddir matsmann fengju greiddan útlagðan kostnað sinn úr ríkissjóði.

Framangreint byggingarbréf fyrir stofnun nýbýlisins Réttarhóls hefur ekki fundist þrátt fyrir kerfisbundna leit[814] á Þjóðskjalasafni Íslands og heima í héraði, auk þess sem sérstökum tilmælum var beint til gagnaðila íslenska ríkisins um að freista þess að hafa upp á nefndu byggingarbréfi.

Framangreindar heimildir benda til þess að byggingarbréf hafi verið gefið út til handa Birni Eysteinssyni, sbr. bréf amtmanns til sýslumanns, dags. 17. október 1889, og bréf sýslumanns til Björns, dags. 29. október 1889. Sem fyrr segir hafa hvorki frumrit né afrit bréfsins fundist og engar heimildir um að því hafi verið þinglýst, sem þó var skylt skv. 6. gr. nýbýlatilskipunarinnar.

Á þessum tíma var í gildi tilskipun frá 24. apríl 1833 um afsalsbréf og pantsetningar á Íslandi. Samkvæmt 1. gr. hennar skyldu þinglýsingar „ … afsalsbréfa, pants-skuldabréfa og annara skjala, er hafa eigindóms afhendingu til augnamiðs, eður hvarmeð nokkur ískylda leggst á góz og eigindóm, svo og af sérhverju öðru skjali, sem lesið verður til að ná einhverri umkomu yfir eins eiganda umráðum yfir eignum sínum, eiga að fyrirtakast við hlutaðeigandi undirrétt … “. Í 2. gr. var mælt fyrir um að „ … þegar skjalið hljóðar uppá afhending eður veðsetning einhverrar fasteignar, á það ætíð að lesast á því þingi, til hvers eigindómurinn heyrir“. Samkvæmt 3. gr. skyldi lestur slíkra skjala, á öllum öðrum stöðum en í Reykjavík, lesast á árlegu manntalsþingi í þeirri þingsókn sem 2. gr. mælti fyrir um að þinglýsingin færi fram.

[814] Sbr. „Yfirlit yfir frumgögn sem könnuð eru vegna rannsóknarskyldu óbyggðanefndar, sbr. 5. mgr. 10. gr. þjóðll. nr. 58/1998, með síðari breytingum, dags. 26.2.2013“.

Samkvæmt ákvæðum beggja framangreindra tilskipana má ætla að skyldan til þinglýsingar hafi hvílt á Birni, sem hafði byggingarbréfið undir höndum, og honum hafi því borið að láta lesa það á árlegu manntalsþingi í sinni heimaþingsókn. Þannig benda fyrirliggjandi gögn til þess að það hafi ekki verið mistökum eða vanrækslu embættismanna um að kenna að þinglýsing fór ekki fram, sbr. hins vegar dóm Hæstaréttar 7. október 2010 í máli nr. 179/2009 (Heiðarmúli).

Að þessu virtu standa ekki rök til að viðurkenna að til fullnaðrar nýbýlastofnunar hafi komið á Réttarhóli í samræmi við ákvæði nýbýlatilskipunarinnar frá 15. apríl 1776, sem fengið hafi breytt eignarréttarlegri stöðu þess svæðis sem lýst er í áreiðarskjali vegna upptöku nýbýlisins að Réttarhóli.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á að Forsæludalskvíslar séu eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé þjóðlenda.[815] Af fyrirliggjandi gögnum verður hins vegar ráðið að umrætt landsvæði sé í afréttareign Sjálfseignarstofnunarinnar Auðkúluheiði og Sjálfseignarstofnunarinnar Grímstunguheiði/Haukagilsheiði. Er þá litið til þeirra nota ágreiningssvæðisins sem að framan hefur verið lýst.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði það sem nefnt hefur verið Forsæludalskvíslar, svo sem það er afmarkað hér á eftir, sé þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998.

> *Upphafspunktur er í Vatnsdalsá á móts við Svínavatnslækjarós. Þaðan er dregin bein lína austur í há Bótarfell. Úr Bótarfelli er farið til austurs, yfir Eyjavatn, í vörðu austan megin við Mjóavatnslæk. Þaðan er farið suðaustur í Fellakvísl þar sem Kolkukvísl fellur í hana. Þá er Fellakvísl fylgt til upptaka og þaðan er dregin bein lína til suðvesturs í norðurenda Búrfjallahala. Úr Búrfjallahala er farið til norðvesturs í upptök Strönguvíslar og henni fylgt þar til hún rennur í Vatnsdalsá við Stórakrók og ræður þá Vatnsdalsá í upphafspunkt við Svínavatnslækjarós.*

Sama landsvæði er í afréttareign Sjálfseignarstofnunarinnar Auðkúluheiði og Sjálfseignarstofnunarinnar Grímstungu- og Haukagilsheiði, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga, sem nýtur veiðiréttar í ám og vötnum skv. 5. gr. laga nr. 58/1998, sbr. II. kafla laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006.

Svæði það sem hér hefur verið lýst þjóðlenda er háð sérstökum eignarréttarlegum takmörkunum samkvæmt lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, sbr. náttúruminjaskrá.

[815] Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

6.6 Grímstunguheiði

6.6.1 Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem gagnaðilar þess gera tilkall til sem eignarlands og nefnt er Grímstunguheiði, sjá nánari afmörkun og lýsingu krafna í köflum 3.1 og 3.6.

Landsvæði það sem hér um ræðir afmarkast að austanverðu af landi Forsæludals, Forsæludalskvíslum, sem fjallað er um í kafla 6.5 í máli þessu, og syðst af landi Auðkúluheiðar, sem fjallað er um í kafla 6.4. Þá afmarkast svæðið að vestanverðu af ágreiningssvæði vegna Haukagilsheiðar og Lambatungna, sem fjallað er um í kafla 6.7, auk þess sem land jarðarinnar Haukagils liggur að orðanverðum vesturmörkum svæðisins. Að norðan liggur land jarðarinnar Grímstungu og að sunnan eru sýslu- og sveitarfélagamörk.

Landsvæði það sem hér um ræðir er víðfeðmt og liggur í um og yfir 300 m hæð inn af Vatnsdal og rís hæst í fjallinu Krák á Sandi í 1190 m hæð nærri suðurmörkum svæðisins. Að norðanverðu er land að miklu leyti mótað af ásum sem eru að mestu vaxnir mosa og lyngi en á milli ásanna eru víða flóar, vötn og tjarnir. Nyrsti hluti svæðisins er tunga sem afmarkast af Sýrvatnslæk að austan og Álftskálará (Álku) og Bríkarkvísl að vestan. Á þeirri tungu eru Skútaháls og Gilsvatnshæðir. Á norðausturhluta ágreiningssvæðisins liggja Svínavatnshæðir vestan Vatnsdalsár, en áin afmarkar norðurhluta svæðisins að austanverðu. Gegnt Svínavatnshæðum, norðarlega á ágreiningssvæðinu, er vatnaklasi, þar sem stærstu vötnin eru Þórarinsvatn, Svínavatn, Galtarvatn, Gedduvatn og Refkelsvatn. Þrístikla og Gilsvötn eru minni og liggja norðar, nærri norðurmörkum ágreiningssvæðisins. Fyrir miðju svæðinu liggja Þjófahæðir í um 600 m hæð. Þjófakvísl rennur þar austan við en Öldumóðukvísl rennur vestan og norðan við Þjófahæðir. Á sunnanverðu svæðinu er Stórisandur en hann er mishæðóttur, stórgrýttur og ýmist lítið eða ekkert gróinn. Gróðurmörk við norðanverðan Stórasand eru glögg í landslagi og norðan þeirra tekur við land sem er mun betur gróið. Krákshraun er á suðaustanverðu ágreiningssvæðinu og Krákur (1188 m) á Stórasandi, nærri suðurmörkum ágreiningssvæðisins.

Frá Krák að ármótum Sýrvatnslækjar og Álku eru 38,5 km og frá sömu ármótum að bæjarstæði Grímtungu eru 5 km, mælt í beinni loftlínu.

6.6.2 Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins er almennt á því byggt að af heimildum megi ráða að land innan þjóðlendukröfusvæða í máli þessu hafi legið utan landnáms en verið nýtt sem afrétt. Kröfugerð ríkisins tekur mið af merkjalýsingum jarða, afréttum á svæðinu, landnámslýsingum og staðháttum. Að því leyti sem ekki er fallist á merkjalýsingar jarða til afréttarsvæða, öræfa og jökla, er á því byggt að tilvísuð landamerkjabréf, enda þótt þinglýst séu, teljist ekki ein og sér nægjanleg til staðfestingar beinum

eignarrétti. Er þá tekið tillit til þess að lýsingar séu ekki í samræmi við landnám, heimildir um nýtingu lands og landfræðilegar aðstæður. Vísast m.a. að þessu leyti til dóma Hæstaréttar frá 21. október 2004 í málum nr. 47/2004 (Afréttur norðan vatna) og 48/2004 (Framafréttur, Úthlíðartorfa o.fl.).

Íslenska ríkið byggir á Sýslu- og sóknarlýsingum Húnavatnshrepps, en þar kemur fram að Grímstunguheiði hafi ásamt Dalskvíslum og Haukagilsheiði verið afréttarsvæði Grímstungukirkjusóknar. Telur ríkið, að þegar Grímstunguheiði var seld frá jörðinni Grímstungu um aldamótin 1900, til upprekstrarfélags, hafi aðeins verið um að ræða sölu á hinum óbeinu eignarréttindum. Þau skýru landfræðilegu mörk sem eru á milli Grímstunguheimalands og heiðarlands renni stoðum undir það. Vísar íslenska ríkið til tveggja dómafordæma, þ.e. tveggja dóma Hæstaréttar frá 10. október 1997, þ.e. annars vegar dóms Hæstaréttar í máli nr. 67/1996 (Eyvindarstaðaheiði), og hins vegar dóms frá 10. apríl 1997 í málum nr. 66/1996 (Auðkúluheiði).

Þá byggir íslenska ríkið á öðrum rituðum heimildum um Upprekstrarfélag Grímstungu, s.s. grein Gríms Gíslasonar í og lýsingu Lárusar Björnssonar í Grímstungu, hvorum tveggja í ritinu *Húnaþing III*, sem og lýsingu Braga Sigurjónssonar á afréttarlöndum í ritinu *Göngur og réttir*. Bendi þær heimildir til þess að um afrétt sé að ræða.

Af hálfu sjálfseignarstofnunarinnar Grímstunguheiði/Haukagilsheiði, gagnaðila ríkisins, er á því er byggt að landsvæðið hafi verið numið í öndverðu og sá eignarréttur hafi aldrei fallið niður. Jafnframt er byggt á þinglýstum landamerkjabréfum, en þeim hafi verið þinglýst athugasemdarlaust, og jafnframt öðrum skráðum eignarheimildum sem málsaðilinn fyrir eign þessari, og einnig þinglýstum landamerkjabréfum aðliggjandi jarða.

Þá er byggt á því að fullur hefðartími sé liðinn frá því að landamerkjabréfum var þinglýst. Öll afnot og nytjar landsins séu háðar leyfi landeiganda, enda enginn notað landið með nokkrum hætti án leyfis landeiganda. Jafnframt hafi eignarheimildir landeiganda frá upphafi verið taldar gildar í viðskiptum manna, og því byggi eignarhaldið ennfremur á viðskiptavenju. Í því sambandi er ítrekað að gengið sé út frá venjurétti, sem eignarheimild í athugasemdum við 5. gr. í frumvarpi til laga nr. 58/1998, um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta. Ríkisvaldið hafi í aldanna rás margsinnis viðurkennt að umrætt land, sé undirorpið fullkomnum eignarrétti, og aldrei haldið öðru fram. Véfengingarkrafa ríkisins á hendur eigendum Grímstunguheiðar sé því niður fallin vegna fyrningar og tómlætis.

Vísað er til *Almennra niðurstaðna óbyggðanefndar*, að því er varðar það að landsvæði sem talið hafi verið jörð samkvæmt elstu heimildum og landamerkjalýsing fari ekki í bága við eldri heimildir sé beinum eignarrétti háð. Sá sem haldi öðru fram hafi sönnunarbyrði fyrir því. Héraðsdómur Suðurlands hafi komist að sömu niðurstöðu í dómi sínum 6. nóvember 2003 er standi óraskaður af Hæstarétti, samanber dóm réttarins frá 21. október 2004 (Framafréttur, Úthlíðartorfa o.fl.).

Byggt er á því að landeigendur hafi réttmætar væntingar til þess að landsvæði þetta teljist háð beinum eignarrétti sem þeir verði ekki sviptir án bóta. Þá er í því samhengi vísað til þess að í málum Mannréttindadómstóls Evrópu er varða eignarrétt, að litið hafi verið sérstaklega til þess hvaða væntingar einstaklingar máttu hafa um eignarhald sitt, þegar litið var til athafna eða athafnarleysis ríkisvalds gagnvart réttindum landeigenda..

Þá er byggt á því að íslenska ríkið hafi ekki sýnt fram á eignarrétt sinn á umræddu landi, ekkert mark sé takandi á Landnámu sem réttarheimild og að fráleitt sé að líta framhjá hefð og venjurétti en horfa þess í stað til fortíðar þar sem engra raunverulegra heimilda nýtur við. Því er hafnað að landnám hafi ekki náð til heiða og ekki til Grímstunguheiðar og vísað í því samhengi til þess að landamerki Grímstunguheiðar séu gömul, landið sé víða gróið og að búseta hafi byggst um aldir. Þá geti venjur um fjallskil ekki ráðið úrslitum þegar tekin sé afstaða til þess hvort jörð sé öll beinum eignarrétti háð, sbr. og úrskurði óbyggðanefndar í uppsveitum Árnessýslu 21. mars 2002. Landið hafi verið smalað af eigendum í samræmi við fjallskilareglugerð.

Þá er vísað til jafnræðisreglu stjórnsýslulaga og stjórnarskrár um að sambærileg mál hljóti sömu niðurstöðu og að jafnræði ríki á milli borgaranna. Einnig er byggt á meðalhófsreglu stjórnsýslulaga og því að ríkið verði að velja vægasta úrræði sem völ sé á við úrlausn máls. Þá er loks byggt á 72. gr. stjórnarskrárinnar og 1. gr. 1. viðauka við Mannréttindasáttmála Evrópu um eignarrétt.

Af hálfu Húnavatnshrepps, sem gerir til þrautavara kröfu um að svæðið sé afréttur jarða í sveitarfélaginu, er tekið undir málavexti alla sem lýst hefur verið af hálfu fyrrnefndra gagnaðila íslenska ríkisins í málinu. Þegar sveitarfélögin hafi keypt heiðarland þetta á sínum tíma hafi ætlunin verið að tryggja sveitarfélögunum fullkominn eignarrétt að heiðinni þannig að unnt væri að nýta þar allar eignarheimildir, þar með talinn upprekstrarrétt. Heiðin hafi verið nýtt sem upprekstrarland jarða í sveitarfélögunum sem nú myndi Húnavatnshrepp um langan aldur. Ef talið verði að sveitarfélögin hafi ekki keypt upprekstrarréttinn á sínum tíma þá hljóti hann að tilheyra jörðum í sveitarfélaginu engu að síður vegna þess að heiðin hafi þá verið numin til afréttarnota einungis og verið nýtt sem slík af eigendum jarða í sveitarfélaginu.

Af hálfu eigenda Hvamms I og Hvamms II, gagnaðila íslenska ríkisins, er þess krafist að jörðinni fylgi óbeinn eignarréttur að umræddu landsvæði. Ef ekki sé fallist á að jörðinni fylgi óbeinn eignarréttur að umræddu svæði er þess krafist að viðurkennt verði að jörðinni fylgi afnotaréttur á svæðinu líkt og verið hafi í gegnum áranna rás. Byggt er á því að jörðinni Hvammi hafi ávallt fylgt afréttarafnot af Grímstunguheiði fyrir búfénað, veiði, efnisnám og ýmissa annarra afnota. Ábúendur Hvammsjarðanna hafi ásamt öðrum staðið straum af kostnaði og vinnu sem hlotist hafi af nýtingu

afréttarins, m.a. vegna smölunar afréttarlandanna. Því byggi réttindi jarðanna á fornri venju. Þá er loks byggt á 72. gr. stjórnarskrárinnar um eignarrétt.

6.6.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Grímstungu og Grímstunguheiðar er rakin í kafla 5.5 hér að framan. Af þeim heimildum sem þar er getið og ná allt aftur til 14. aldar, má ráða að Grímstunga hafi verið sjálfstæð kirkjujörð[816] og að Grímstunguheiði hafi heyrt undir jörðina. Máldagi Auðunar biskups rauða Þorbergssonar fyrir Hólabiskupsdæmi frá árinu 1318 er elst þeirra heimilda sem geta um jörðina Grímstungu. Grímstunguheiðar er fyrst sérstaklega getið í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá árinu 1713. Í fleiri síðari tíma heimildum er fjallað ýmist um Grímstunguheiði eða Grímstunguafrétt.

Í lögfestu Halls prests Ólafssonar fyrir jörðinni Grímstungu frá árinu 1726 er að finna fyrstu lýsinguna á landamerkjum Grímstungu en í henni er merkjum jarðarinnar lýst þannig að þau nái til Grímstunguheiðar og án þess að hún sé sérstaklega tilgreind. Lögfesta þessi var upplesin á manntalsþingi 16. júní 1779 ásamt lögfestu M. Gíslasonar fyrir jörðinni Grímstungu, sem dagsett er sama dag, og lýsir merkjum jarðarinnar með sambærilegum hætti og lögfestan frá 1726. Þá er landamerkja Grímstungu enn getið í lögfestu séra Sigvalda Snæbjörnssonar frá árinu 1810. Í lögfestunni er austur- og vesturmerkjum jarðarinnar lýst ítarlega og samkvæmt lýsingunni tekur hún m.a. til Grímstunguheiðar án þess þó að tilgreina hana sérstaklega. Sérstakt landamerkjabréf var gert fyrir Grímstungu 10. júní 1890, og því þinglýst sama dag, en í því er að finna fyrstu heildstæðu lýsinguna á landamerkjum Grímstungu. Merkjalýsing landamerkjabréfsins nær einnig til Grímstunguheiðar án þess að hún sé sérstaklega tilgreind eða afmörkuð. Í ritinu *Húnaþing III* frá 1989 er að finna umfjöllun Lárusar Björnssonar í Grímstungu um landamerki Grímstunguheiðar, þar sem merkjum heiðarinnar er lýst sérstaklega og aðgreindum frá heimalandi Grímstungu. Þá er merkjum ágreiningssvæðisins lýst að hluta í ýmsum öðrum heimildum frá 20. öld. Árið 1901 keypti Upprekstrarfélag Ás- og Sveinsstaðarhreppa heiðarlandið Grímstunguheiði með hálfum Lambatungum og var þá heiðarlandið aðskilið frá Grímstungu en mörkum ekki lýst að öðru leyti en þar á milli, en þau mörk eru fyrst til komin þá. Grímstunga, eins og hún er afmörkuð eftir söluna, liggur að Grímstunguheiði til norðurs en er utan við ágreiningssvæði í máli þessu.

Gagnaðili íslenska ríkisins byggir afmörkun kröfusvæðisins á merkjalýsingu þeirri sem fram kemur í landamerkjabréfi fyrir Grímstungu frá 1890 og merkjalýsingu Lárusar Björnssonar á heimalandi og heiðarlandi Grímstungu sem fram kemur í *Húnaþingi III* frá árinu 1989, auk þess sem byggt er á þinglýstum landamerkjabréfum aðliggjandi jarða. Íslenska ríkið byggir afmörkun sína einkum á þinglýstum

[816] Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

landamerkjabréfum aðliggjandi jarða en vísar að auki til fyrrnefndrar merkjalýsingar Lárusar Björnssonar á heimalandi og heiðarlandi Grímstungu frá árinu 1989 og annarra heimilda sem lýsa merkjum svæðisins að hluta.

Kemur þá fyrst til skoðunar hvernig merkjum Grímstunguheiðar er lýst í fyrirliggjandi heimildum. Er þar um að ræða landamerkjabréfið fyrir Grímstungu frá 1890, lögfesturnar fyrir Grímstungu frá 1726, 1779 og 1810 og kaupsamning um heiðarlandið Grímstunguheiði frá 1901. Jafnframt verður höfð hliðsjón af heimildum frá 20. öld sem lýsa merkjum ágreiningssvæðisins, sem og heimildum um merki aðliggjandi jarða. Eins og fyrr greinir lýsa landamerkjabréfið og lögfesturnar merkjum Grímstungu að Grímstunguheiði meðtaldri og án þess að heiðin sé sérstaklega tilgreind eða afmörkuð. Vestan megin við Grímstunguheiði er ágreiningssvæði vegna Haukagilsheiðar og Lambatungna, sem fjallað er um í kafla 6.7, og austan megin er ágreiningssvæði vegna Forsæludalskvísla, sem fjallað er um í kafla 6.5. Jörðin Haukagil liggur að norðvestanverðu, jörðin Grímstunga að norðanverðu og jörðin Forsæludalur að norðaustanverðu, en þær eru óumdeild eignarlönd. Að sunnanverðu liggja landsvæði í Borgarbyggð. Að fenginni niðurstöðu um merki verður fjallað um eignarréttarlega stöðu landsins.

Vesturmerkjum Grímstunguheiðar er lýst svo í landamerkjabréfinu frá 1890: „Að vestanverðu ræður Álptaskálará allt þar til Bríkarkvísl í hana rennur, síðan ræður Bríkarkvísl til sinna upptaka, og svo til suðurs, eptir því sem vötn að draga“. Í lögfestum fyrir Grímstungu frá árunum 1726 og 1779 er vesturmerkjum lýst svo að Álftaskálará ráði að vestanverðu þar til Bríkarkvísl rennur í hana og svo ráði Bríkarkvísl suður að upptökum sínum. Í lögfestu fyrir jörðina Grímstungu frá árinu 1810 er vesturmerkjum lýst svo að Álftaskálará ráði þar til Bríkarkvísl rennur í hana, „sidann rædur nefnd Brikarkvisl til sinna upptaka, svo til sudurs, eptir þvi sem Vötn ad draga“.

Í merkjalýsingu Lárusar Björnssonar frá 1989 er vesturmerkjum Grímstunguheiðar lýst svo: „Að vestan ræður Álka, þar til Bríkarkvísl fellur í hana, síðan Bríkarkvísl til upptaka, síðan til suðurs eins og vötn að henni draga, síðan sem vötn falla til norðurs þar fyrir austan Stórasand.“ Árið 1989 sendi félagsmálaráðuneytið öllum sveitarstjórnum á Íslandi bréf og spurðist fyrir um upprekstrarrétt og afrétti sveitarfélaga. Oddviti Áshrepps sendi svarbréf árið 1990 þar sem kemur fram að sveitarfélagið eigi m.a. upprekstrarrétt á Grímstunguheiði og þar er vesturmerkjum Grímstunguheiðar lýst svo: „Merki að vestan eru Álka, þar til Bríkarkvísl fellur í hana. Þá Bríkarkvísl til upptaka og þaðan stysta leið suður á fjórðungsmörk.“

Af elstu heimildum má ráða að vesturmörk Grímstungu og Grímstunguheiðar fylgi Álftaskálará í suður þar til Bríkarkvísl rennur í hana og svo ráði Bríkarkvísl til sinna upptaka. Hins vegar lýsir lögfestan frá 1810 að vesturmörkin nái lengra suður,

þ.e. áfram frá upptökum Bríkarkvíslar og suður að vatnaskilum og landamerkjabréfið er samhljóða hvað það varðar.

Norðvestanmegin við Grímstunguheiði liggur jörðin Haukagil. Í landamerkjabréfi fyrir Haukagil, sem er dagsett 29. júlí 1890 og því þinglýst 28. maí 1891, er suðausturmörkum gagnvart Grímstunguheiði lýst svo að Álftaskálará ráði „ … fram til fremri Skútalækjar ... “. Landamerkjabréfið er undirritað vegna eiganda Haukagils og undirritað um samþykki vegna Þormóðstungu, Saurbæjar, Grímstungu og Þingeyrarklausturjarða. Samkvæmt örnefnasjá Landmælinga Íslands er fremri Skútalækur staðsettur við ármót Álftaskálarár og Bríkarkvíslar.

Aðilar að máli þessu miða kröfur sínar um norðvesturmörk Grímstunguheiðar við Álftaskálará á milli Álkugils og Bríkarkvíslar. Heimildir benda til þess að mörk heiðarinnar til norðvesturs hafi verið með þeim hætti.

Vestan megin við Grímstunguheiði er ágreiningssvæði vegna Haukagilsheiðar og Lambatungna. Fjallað er sérstaklega um Haukagilsheiði og Lambatungur í kafla 6.7 og svo sem þar er rakið er niðurstaða óbyggðanefndar sú að öllum heimildum beri saman um að Bríkarkvísl ráði austurmerkjum Lambatungna.

Gagnaðilar íslenska ríkisins miða kröfur sínar um vesturmörk Grímstunguheiðar við Bríkarkvísl, þaðan sem hún rennur í Álftaskálará, suður til upptaka hennar og síðan áfram til suðurs eins og vötn að henni draga, og svo í beina línu allt suður að sveitarfélaga- og sýslumörkum. Landamerkjabréfi Grímstungu og eldri heimildum ber saman um að Bríkarkvísl ráði vesturmörkum frá ármótum Bríkarkvíslar og Álftaskálarár og suður að upptökum Bríkarkvíslar. Að mati óbyggðanefndar verða þær eldri heimildir sem hér hafa verið raktar helst túlkaðar þannig að litið hafi verið svo á að Bríkarkvísl réði vesturmerkjum Grímstunguheiðar til upptaka. Afmörkun gagnaðila íslenska ríkisins á vesturmerkjum heiðarinnar lengra til suðurs en sem nemur upptökum Bríkarkvíslar á sér stoð í lögfestu fyrir Grímstungu frá 1810, landamerkjabréfi Grímstungu frá 1890 og landamerkjalýsingu Lárusar Björnssonar frá 1989 en aftur á móti ekki í hinum elstu heimildum. Ósamræmi er á milli annars vegar lögfestunnar frá 1810, landamerkjabréfsins og lýsingar Lárusar Björnssonar og hins vegar hinna eldri heimilda að þessu leyti. Nánar verður fjallað um það hversu langt til suðurs vesturmerki Grímstunguheiðar verði talin ná í umfjöllun um suðurmerki svæðisins.

Norðurmerkjum Grímstunguheiðar er hvorki lýst sérstaklega í landamerkjabréfinu frá 1890 né hinum eldri lögfestum fyrir Grímstungu frá 1726, 1779 og 1810, en eins og fyrr greinir þá ná merkjalýsingar framangreindra heimilda til merkja Grímstungu og Grímstunguheiðar án sérstakrar aðgreiningar þar á milli og því ná lýsingar á merkjum mun lengra norður en ágreiningssvæðið í máli þessu. Verður því að líta til yngri heimilda, sem lýsa mörkum Grímstunguheiðar sérstaklega, um þá afmörkun.

Með kaupsamningi fyrir Grímstunguheiði frá 1901, var heiðin seld frá heimalandi Grímstungu. Í honum er að finna elstu merkjalýsinguna á norðurmerkjum heiðarlandsins gagnvart heimalandinu. Þar er þeim lýst svo: „Frá Vatnsdalsá ræður Sjónarhólslækur og þaðan bein lína í Sýrsvatn. Frá Sýrsvatni ræður Sýrsvatnslækur til Selkvíslar og þaðan Selkvísl til Álftaskálar ár“. Í merkjalýsingu Lárusar Björnssonar frá 1989 er norðurmerkjum Grímstunguheiðar lýst svo: „Merki milli heiðarinnar og heimalands Grímstungu eru frá Álku og Selkvísl að Sýrvatnslæk, síðan Sýrvatnslækur fram í Sýrsvatn, úr Sýrsvatni í Sjónarhólslæk og hann ofan í Vatnsdalsá.“ Þá er merkjum heiðarinnar til norðurs lýst í fyrrgreindu svari oddvita Áshrepps til félagsmálaráðuneytis árið 1990 svo: „Frá Vatnsdalsá ræður Sjónarhólslækur til upptaka og þaðan bein lína í Sýrsvatn. Frá Sýrsvatni ræður Sýrvatnslækur til Selkvíslar og hún þaðan til Álku.“

Norðan megin við Grímstunguheiði liggur jörðin Grímstunga en lýsingu á suðurmörkum jarðarinnar gagnvart heiðinni er eingöngu að finna í fyrrgreindum heimildum sem lýsa norðurmörkum Grímstunguheiðar.

Aðilar að máli þessu miða báðir kröfur sínar um norðurmörk Grímstunguheiðar við línu sem er dregin frá ármótum Vatnsdalsár og Sjónarhólslækjar að upptökum Sjónarhólslækjar, þaðan beina línu norður að Sýrvatni. Svo er Sýrvatnslæk fylgt að Selkvísl og þaðan áfram til Álftaskálarár (Álkugils). Að mati óbyggðanefndar eru mörk heiðarinnar til norðurs með þeim hætti sem lýst er í kröfugerðum aðila.

Austurmerkjum Grímstunguheiðar er lýst svo í landamerkjabréfinu frá 1890: „Að austanverðu ræður Vatnsdalsá allt til hennar upptaka, og svo beint til suðurs, til jökla“. Í lögfestum fyrir Grímstungu frá árunum 1726 og 1779 er austurmerkjum lýst með þeim hætti að Vatnsdalsá ráði að austanverðu til upptaka sinna. Í lögfestu fyrir jörðina Grímstungu frá árinu 1810 er austurmerkjum lýst svo að Vatnsdalsá ráði allt til sinna upptaka „ … og so til sudurs beinleidis til Jökla“. Í kafla um Grímstungu í jarðamatinu frá 1849 er austurmerkjum Grímstunguheiðar lýst svo heiðin hafi „afrjettina Dalskvíslar fyrir austan sig“. Í ritinu *Göngur og réttir II* frá árinu 1949 er fjallað um Grímstunguheiði og önnur afréttarlönd suður af Vatnsdal sem eina heild. Þar er austurmörkum lýst svo að Vatnsdalsá skilji Forsæludalskvíslar og Grímstunguheiði. Í ritinu *Föðurtún frá* árinu 1950 er að finna umfjöllun um heiðar í Húnavatnssýslu og þar er austurmerkjum Grímstunguheiðar gagnvart merkjum Forsæludalskvísla lýst svo að þau liggi um Vatnsdalsá. Í merkjalýsingu Lárusar Björnssonar frá 1989 er austurmerkjum Grímstunguheiðar lýst svo: „Að austan ræður Vatnsdalsá til Ströngukvíslar og Strangakvísl til upptaka.“ Í fyrrgreindu svari oddvita Áshrepps til félagsmálaráðuneytis árið 1990 segir að Grímstunguheiði sé vestan Vatnsdalsár.

Af elstu heimildum má ráða að austurmörk Grímstungu og Grímstunguheiðar fylgi Vatnsdalsá að upptökum hennar. Hins vegar lýsir lögfestan frá 1810 því að

austurmörkin liggi lengra suður, þ.e. áfram frá upptökum Vatnsdalsár og „til sudurs beinleidis til Jökla“, og er landamerkjabréfið samhljóða hvað það varðar.

Norðaustanmegin við Grímstunguheiði liggur jörðin Forsæludalur. Í landamerkjabréfi fyrir Forsæludal, sem er dagsett 29. júlí 1890 og þinglýst 28. maí 1891, er vesturmerkjum gagnvart Grímstunguheiði lýst svo að Vatnsdalsá ráði merkjum frá Svínavatnslækjarós. Landamerkjabréfið er undirritað vegna eiganda Forsæludals og undirritað um samþykki vegna Þórormstungu og Torfustaðakots.

Aðilar að máli þessu miða kröfur sínar um norðausturmörk Grímstunguheiðar við Vatnsdalsá þaðan sem Svínalækur rennur í hana (Svínalækjarás / Svínavatnslækjarós) og norður þar til Sjónarhólslækur fellur í hana. Heimildir benda til þess að mörk heiðarinnar til norðausturs hafi verið með þeim hætti.

Austan megin við Grímstunguheiði er ágreiningssvæði vegna Forsæludalskvísla. Fjallað er sérstaklega um Forsæludalskvíslar í kafla 6.5. Eins og þar kemur fram er það niðurstaða óbyggðarnefndar að vesturmörk Forsæludalskvísla liggi um Vatnsdalsá frá ósi Svínavatnslækjar suður að Stórakrók þar sem Strangakvísl rennur í hana og þaðan er Ströngukvísl fylgt suður að upptökum hennar.

Gagnaðilar íslenska ríkisins miða kröfur sínar um austurmörk Grímstunguheiðar við Vatnsdalsá, þaðan sem Sjónarhólslækur rennur í hana, og að upptökum hennar, og þaðan ráði Strangakvísl merkjum suður að upptökum sínum og svo í beina línu allt suður að sveitarfélaga- og sýslumörkum. Þeim heimildum sem raktar voru hér að framan ber saman um að Vatnsdalsá ráði austurmerkjum Grímstunguheiðar til upptaka. Upptök Vatnsdalsár eru eina kennileitið sem getið er um varðandi austurmörk heiðarinnar í þeim heimildum sem eru eldri en landamerkjabréf Grímstungu, en í landamerkjabréfinu er austurmerkjunum aftur á móti lýst lengra til suðurs, þ.e.: „ … og svo beint til suðurs, til jökla.“

Þar sem staðsetningu upptaka Vatnsdalsár er ekki lýst sérstaklega í hinum eldri heimildum þarfnast það atriði nánari skoðunar. Samkvæmt örnefnasjá Landmælinga Íslands og þeim kortum sem liggja fyrir í málinu er miðað við að Vatnsdalsá renni frá svokölluðum Stórakrók. Þar er hins vegar ekki að finna eiginleg árupptök heldur er um að ræða ármót þar sem mætast Kolkukvísl, Miðkvísl og Strangakvísl og mynda þær saman Vatnsdalsá. Verður að telja ólíklegt að með orðinu „upptök“, í heimildum, sé átt við ármót. Í örnefnaskrá Daða Davíðssonar fyrir Forsæludalskvíslar frá árinu 1936 segir: „Strangakvísl (101) kemur upp undan jaðri á Ölduhrauni, … “ . Er eins og dimmur skúti þar sem hún kemur upp því vatnið er svo blátt og tært. Eftir að kvíslarnar koma saman á nær því einum punkti heitir hún Vatnsdalsá.“ Í örnefnaskrá hans fyrir Grímstunguheiði frá árinu 1937 segir: „Stórikrókur (89) er mikill bugur á ánni, þar fyrir framan hann kemur Strangakvísl úr suðvestri og koma allar þrjár kvíslarnar saman á sama stað, en eftir það heita þær Vatnsdalsá … “. Þar segir jafnframt: „Strangakvísl (120) á upptök sín undan hraunhólum og nibbum á suðvesturtakmörkum Ölduhraunsins (120a), kemur kvíslin þar undan háu barði blá og

tær.“ Árið 1975 gerði Sölvi Sveinson athugasemdir og viðbætur við örnefnaskrá Daða Davíðssonar um Forsæludalskvíslar og þar segir: „Strangakvísl (101) er svo merki milli Grímstunguheiðar og Dalskvísla (109). Þegar hún hefur fallið langa leið til norðausturs renna í hana Miðkvísl (55) og Fellakvísl á sama stað. Eftir það heita þessi þrjú vötn Vatnsdalsá (110).“ Þá kemur fram í örnefnaskrá Lárusar Björnssonar fyrir Grímstunguheiði, sem er ódagsett, en mun vera rituð að nokkru leyti eftir örnefnaskrá Daða Davíðssonar, að syðst við Stórakrók falli saman Strangakvísl, Miðkvísl og Fellakvísl, „er mynda Vatnsdalsá“.

Af þessum heimildum má ráða að Vatnsdalsá sé mynduð af framangreindum þremur ám. Vatn í stórum vatnsföllum kemur venjulega úr mörgum ám og upptök vatnsfalls eru þá yfirleitt miðuð við upptök þeirrar ár sem er lengst frá ósum og á það við þó svo að sú á kunni að bera annað heiti en meginvatnsfallið. Upptök Ströngukvíslar liggja lengst framangreindra þriggja áa frá ósum Vatnsdalsár, hún er vatnsmest þeirra þriggja og samkvæmt fyrirliggjandi heimildum eru upptök hennar frekar skýr. Telur óbyggðanefnd ennfremur að staðhættir, þ.m.t. afmörkun að vestan og lega aðliggjandi landsvæða, styðji þá túlkun á landamerkjabréfinu og lögfestunum að með upptökum Vatnsdalsár sé átt við upptök Ströngukvíslar. Verður því við það miðað við úrlausn málsins.

Afmörkun gagnaðila íslenska ríkisins á austurmerkjum heiðarinnar lengra til suðurs en sem nemur upptökum Ströngukvíslar á sér stoð í lögfestu fyrir Grímstungu frá 1810 og landamerkjabréfi Grímstungu frá 1890 en aftur á móti ekki í hinum elstu heimildum. Ósamræmi er á milli annars vegar lögfestunnar frá 1810 og landamerkjabréfsins og hins vegar eldri heimilda að þessu leyti. Nánar verður fjallað um það hversu langt til suðurs austurmerki Grímstunguheiðar verði talin ná í umfjöllun um suðurmerki svæðisins.

Suðurmerkjum Grímstunguheiðar er ekki lýst sérstaklega í landamerkjabréfi Grímstungu frá 1890, né heldur í fyrrgreindum lögfestum. Við rannsókn á afmörkun Grímstunguheiðar til suðurs er því nauðsynlegt að taka mið af þeim eldri heimildum sem liggja fyrir um annars vegar sunnanverð vesturmörk heiðarinnar og hins vegar sunnanverð austurmörk hennar. Svo sem rakið er hér að framan er það niðurstaða óbyggðanefndar að þær eldri heimildir sem liggja fyrir í málinu um austur- og vesturmörk Grímstunguheiðar verði helst túlkaðar þannig að Vatnsdalsá og Strangakvísl ráði austurmerkjum Grímstunguheiðar til upptaka Ströngukvíslar og að Bríkarkvísl ráði vesturmörkum til sinna upptaka.

Þær yngri heimildir sem liggja fyrir lýsa allar merkjum Grímstunguheiðar lengra til suðurs, ef frá er talið jarðamatið frá 1849, en þar er afréttarlandi Grímstunguheiðar lýst svo heiðin nái „suður og fram að Sandi“.

Í kafla um Grímstungu í jarðamatinu frá 1849 er afréttarlandi Grímstunguheiðar lýst svo heiðin nái „suður og fram að Sandi. Í júlí árið 2012 var þinglýst yfirlýsingu um landamerki milli Arnarvatnsheiðar í Borgarbyggð annars

vegar og Grímstunguheiðar, Haukagilsheiðar/Lambatungna og Forsæludalskvísla í Húnavatnshreppi hins vegar. Í yfirlýsingunni er suðurmerkjum Grímstunguheiðar lýst þannig að þau liggi [sunnan frá Réttarvatnstanga] um beina línu að Lyklafelli. Yfirlýsingin er undirrituð fyrir hönd Sjálfseignarstofnunarinnar Grímstungu- og Haukagilsheiðar og undirrituð um samþykki vegna Arnarvatnsheiðar og Geitlands. Gagnaðilar íslenska ríkisins í máli þessu miða kröfur sínar um suðurmörk Grímstunguheiðar við þá afmörkun sem fram kemur í yfirlýsingunni.

Eins og að framan greinir verða elstu lögfesturnar, frá árunum 1726 og 1779, að mati óbyggðanefndar helst túlkaðar þannig að litið hafi verið svo á að vesturmörk Grímstungu fylgi Álftaskálará í suður þar til Bríkarkvísl rennur í hana og svo ráði Bríkarkvísl til sinna upptaka. Þá verða hinar eldri heimildir að því er varðar austurmörk heiðarinnar að mati nefndarinnar helst túlkaðar svo að Vatnsdalsá hafi ráðið merkjum til upptaka sinna, en með þeim væri í eldri heimildum átt við upptök Ströngukvíslar. Syðstu punktar sem nefndir eru í umfjöllun um austur- og vesturmerki Grímstungu eru þannig staðsett norðar samkvæmt eldri lögfestum en samkvæmt lögfestunni frá 1810 og landamerkjabréfi Grímstungu og styðja þær því ekki við merkjalýsingu landamerkjabréfsins til suðurs að þessu leyti. Niðurstaða óbyggðanefndar er því sú að hinar elstu heimildir mæli því í mót að mörk Grímstunguheiðar hafi legið eins langt til suðurs eins og þeim er lýst í landamerkjabréfinu og í lögfestunni frá 1810. Verður því við það miðað hér að mörk Grímstunguheiðar til suðurs hafi afmarkast af línu sem dregin er frá upptökum Bríkarkvíslar í upptök Ströngukvíslar.

Í framangreindum heimildum er ekki nákvæmlega tilgreint hvar annars vegar upptök Bríkarkvíslar og hins vegar upptök Ströngukvíslar eru staðsett. Upptök Ströngukvíslar eru þó miklu augljósari í landslagi. Árnar eru myndaðar úr nokkrum mismunandi upptakakvíslum. Óbyggðanefnd óskaði því eftir upplýsingum frá Veðurstofu Íslands um vatnasvið ánna og ætluð upptök þeirra. Á korti sem barst frá Veðurstofunni í kjölfarið og liggur fyrir í málinu má sjá greiningu á upptökum mismunandi upptakakvísla ánna. Verður hér miðað við að upptök ánna séu staðsett eins og fram kemur á umræddu korti. Nánar tiltekið er þá miðað við syðstu upptök ánna, eins og þau koma fram á umræddu korti, og njóta þá gagnaðilar íslenska ríkisins þess vafa sem uppi er að þessu leyti.

Krafa gagnaðila íslenska ríkisins um að merki Grímstunguheiðar, eins og hún var seld forverum þeirra árið 1901, hafi getað náð lengra til suðurs en að þeirri línu sem dregin er með framangreindum hætti frá upptökum Bríkarkvíslar til upptaka Ströngukvíslar verður því ekki talin geta stuðst við elstu heimildir um afmörkun Grímstunguheiðar en um önnur atriði sem krafa þessi er studd við verður fjallað síðar.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða þess landsvæðis sem deilt er um. Svo sem fram kemur í kafla 6.2 er því ekki lýst í Landnámu hversu langt upp

til fjalla og inn til lands landnám á þessu svæði náði. Verða því engar afdráttarlausar ályktanir af þeim frásögnum dregnar. Sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga verður þó að telja ólíklegt að umrætt landsvæði hafi verið numið í heild þó að svo kunni að hátta til með hluta þess, einkum nyrðri hlutann. Vafi um þetta atriði hlýtur að vaxa eftir því sem lengra er komið inn til landsins. Óvissa um aðferðir við landnám er þó of mikil til þess að hægt sé að fullyrða um stærð landnáma á þeim grundvelli, sbr. umfjöllun um landnám í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*.

Um almenna þýðingu landamerkjabréfa og hugtakanna jörð og afrétt(ur) við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirliggjandi umfjöllunar dómstóla og óbyggðanefndar, sbr. kafla 6.1 og *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* í viðauka með úrskurði þessum. Svo sem þar kemur fram hefur að meginreglu verið við það miðað að land innan afmörkunar í þinglýstu landamerkjabréfi jarðar sé eignarland. Skiptir þá ekki máli þó að jörð hafi að hluta eða öllu leyti verið lögð til afréttar. Hvert og eitt landamerkjabréf er þó metið sérstaklega enda ekki hægt að auka einhliða við land sitt eða annan rétt með því að gera slíkt bréf. Hefur þá einkum verið til þess litið hvort fyrir hendi séu eldri heimildir, sem fallið geti að lýsingu í landamerkjabréfinu, enda stangist sú lýsing heldur ekki á við staðhætti, gróðurfar og upplýsingar um nýtingu landsins. Mæli heimild í mót landamerkjabréfi jarðar, hvort heldur er afmörkun lands og/eða stöðu þess sem jarðar, þarf að meta hvort vægi hennar sé slíkt að það rýri sönnunargildi bréfsins að sama skapi.

Landamerkjabréf hafa einnig verið gerð fyrir annars konar réttindasvæði en jarðir, svo sem ítök og afrétti(r). Slík bréf hafa takmarkaðra vægi sem sönnunargögn um beinan eignarrétt og að meginreglu hefur verið við það miðað í fyrirliggjandi dómum og úrskurðum að utan lands jarða sé þjóðlenda. Flokkun landsvæða í jarðir, afrétti(r) jarða, afrétti(r) kirkna og klaustra, samnotaafrétti(r) og annað land getur hins vegar verið álitamál og innan sama bréfs getur verið bæði jörð og afrétt(ur), með eða án e.k. aðgreiningar. Jafnframt er ljóst að notkun hugtaksins afrétt(ur) í landamerkjabréfi og/eða öðrum heimildum hefur ekki úrslitaþýðingu um að þar sé þjóðlenda. Slíkt landsvæði getur einnig verið eignarland, allt eftir atvikum máls, þar á meðal líkum á stofnun og viðhaldi eignarréttar með tilliti til eignarréttarlegrar stöðu aðliggjandi landsvæða. Heimildir um legu jarða til forna, enda þótt takmarkaðar séu, geta gefið mikilvægar vísbendingar um að landsvæði hafi upphaflega haft stöðu jarðar en síðar verið nýtt sem afrétt(ur). Meta þarf þá hvort breyting hafi orðið á eignarréttarlegri stöðu landsins, svo sem hvort eignarréttur hafi verið gefinn upp eða glatast, eða hvort eigendur hafi einungis breytt nýtingu landsins. Með sama hætti er mögulegt að unninn hafi verið réttur að áður eigendalausu landi, svo sem með lögformlegri stofnun nýbýlis eða á grundvelli hefðar.

Auk þess sem að framan er rakið kann að vera að í landamerkjabréfi sé afmarkað landsvæði sem að hluta til er háð er beinum eignarrétti og að hluta til

takmörkuðum rétti án þess að mörkum þar á milli sé sérstaklega lýst. Skal um þetta efni sérstaklega vísað til dóma Hæstaréttar 28. september 2006 í máli nr. 498/2005 (Stafafell) og 5. október 2006 í máli nr. 67/2006 (Skjaldbreiður).

Af kaupum Upprekstrarfélags Ás- og Sveinsstaðahreppa á Grímstunguheiði 4. nóvember 1901 og nýtingu landsvæðisins á þeim grundvelli þaðan í frá leiðir að við gildistöku þjóðlendulaga 1998 hafði landsvæðið ótvírætt stöðu afréttar samkvæmt þeirri eignarréttarlegu flokkun lands sem almennt var miðað við fram til 1998. Hvort í því fólust bein eða óbein eignarréttindi, og þar af leiðandi hvort þar er eignarland eða þjóðlenda í skilningi þjóðlendulaga, er hins vegar sérstakt athugunarefni. Í því sambandi skiptir meginmáli hver staða heiðarinnar var fyrir söluna, nánar tiltekið hvort Grímstunguheiði hafi verið hluti af landi kirkjujarðarinnar Grímstungu, nýtt til beitar og nefnd svo af þeirri ástæðu, eða afrétt hennar í þeim skilningi að hún hafi einungis átt þar óbein eignarréttindi.

Að fenginni niðurstöðu um afmörkun Grímstunguheiðar er ljóst að það svæði sem gagnaðilar íslenska ríkisins í máli þessu gera eignarréttarkröfu til skiptist í meginatriðum í tvennt. Annars vegar er um að ræða landsvæði sem liggur norðan megin við línu sem dregin er milli upptaka Bríkarkvíslar og upptaka Ströngukvíslar, og hins vegar landsvæði sem liggur sunnan sömu línu og er því utan upphaflegra marka Grímstunguheiðar, eins og hún er afmörkuð samkvæmt framangreindu. Eftirfarandi umfjöllun um eignarréttarlega stöðu ágreiningssvæðisins tekur mið af þessari tvískiptingu. Verður fyrst fjallað um þann hluta ágreiningssvæðisins sem liggur norðan megin við fyrrgreinda línu og því næst um þann hluta sem liggur sunnan við hana.

Verður nú stuttlega vikið að því hvernig Grímstunguheiði birtist í sögulegum heimildum og er þá grein gerð fyrir þeim heimildum sem mesta þýðingu eru taldar hafa sbr. hinsvegar ítarlegri umfjöllun þar að lútandi í kafla 5.5. Elsta heimild um Grímstungu er fyrrnefndur máldagi Auðunar biskups rauða Þorbergssonar fyrir Hólabiskupsdæmi frá árinu 1318. Í máldaganum segir að Grímstungur eigi heimaland allt og „afrétt að helmingi við Þórhallsstaði“. Það er mat óbyggðanefndar að þar sé átt við afrétt í Lambatungum og er því ekki getið sérstaklega um afrétt á Grímstunguheiði. Það sama verður ráðið af skjölum kirkjunnar fram á 18. öld, sbr. máldaga Jóns biskups skalla Eiríkssonar frá árunum 1360−1386, máldaga Péturs biskups Nikulássonar frá árinu 1394, máldaga Ólafs biskups Rögnvaldssonar frá árinu 1461 og vísitasíubók Steins biskups Jónssonar frá 9. september 1725.

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* segir árið 1706 að jörðin Grímstunga eigi „afrjett, sem staðarhaldarin ljær hvörjum er hann vill fyrir toll“ en ekki er tilgreint nánar hvar. Í jarðabókinni segir ennfremur árið 1713, í kafla um jörðina Litlu-Giljá, að upprekstur úr sveitinni hafi verið í Forsæludalsland, nema af fáeinum bæjum í Fremra Vatnsdalshreppi sem hafi rekið á „Grímstúnguheiði“. *Jarðabókin* er þannig fyrsta heimildin sem getur Grímstunguheiðar sérstaklega.

Árið 1726 lögfesti Hallur prestur Ólafsson „Jordina alla Grimstungu“ „ad tilteknum þessum hennar vafalausum landamerkium“. Í lögfestunni er að finna fyrstu lýsinguna á landamerkjum Grímstungu. Að mati óbyggðanefndar eru suðurmörk Grímstungu þar miðuð við upptök Bríkarkvíslar að vestan og Ströngukvíslar að austan, líkt og að framan greinir, og án þess að heiðin sé þar sérstaklega tilgreind eða afmörkuð. Á manntalsþingi að Ási í Vatnsdal árið 1740 var opinberlega eftirspurt og þingsvitni tekin um upprekstur og nýtingu á „Grimstungna afriett“ sem tilheyri kirkjunni að Grímstungu. Á manntalsþingi að Sveinsstöðum árið 1758 var dæmt og ályktað að Grímstunguheiði skyldi þaðan í frá vera lögafrétt fyrir alla í Vatnsdals- og Sveinsstaðahreppum og þeir skyldugir að reka lömb sín þangað. Árið 1779 lögfesti M. Gíslason jörðina Grímstungu og lýsir hún merkjum jarðarinnar með sambærilegum hætti og lögfestan frá 1726. Lögfesta þessi var upplesin á manntalsþingi árið 1779 ásamt máldagabók Auðuns biskups frá 1398 og lögfestunni frá 1726.

Á manntalsþingi að Ási í Vatnsdal árið 1782 var ákveðið að bændur skyldu reka sauðfé sitt á þá dæmdu lögafrétt „Grimstunguheyde“. Á manntalsþingi að Sveinsstöðum árið 1790 var upplesinn fyrrnefndur dómur frá 1758, um upprekstur á Grímstunguheiði, og hann staðfestur í öllum atriðum. Á manntalsþingi að Ási árið 1791 var upplesið bann prófasts séra Jóns Jónssonar við veiðum eða töku álftarfjaðra, eggja eða eggversfugla á Grímstunguheiði. Í bannskjalinu er ennfremur tekið fram „So sem þad er öllum vitanlegt, ad Grímstungu Prestakalle tilheyrer, allt þad gagn edur agode, sem hafast kann af Grímstunguheyde…“. Á manntalsþingi að Breiðabólstað í Vatnsdal árið 1797 kom fram að öllum „Sveinstada hrepps mönnum [hefði verið] skipad ad reka lömb sin nu í sumar fram ~~til~~ Grimstungu heide“. Í vísitasíu fyrir Grímstungu frá árinu 1799 kemur fram að kirkjan haldi þá á öllum sínum fornu réttindum á Grímstunguheiði. Í prófastsvísitasíu að kirkjunni í Grímstungu árið 1803 kemur fram að not af Grímstunguheiði taki mjög að þverra sökum fjárfellis og hallæra síðustu tvö sumur og að ekki hafi heldur verið slægur til eggja, fjaðra eða silungsveiði á sama tíma. Í jarðamatinu 1804 kemur fram að ábúandi jarðarinnar Grímstungu í Breiðabólstaðarhreppi fái árlega greidda 10 ríkisdali fyrir sumarbeit utanaðkomandi búfjár í landi jarðarinnar.

Árið 1810 lögfesti séra Sigvaldi Snæbjörnsson „Jordina alla Grimstungu“ „ad tilteknum þessum hennar vafalausum landamerkium“. Í lögfestunni er austur- og vesturmerkjum jarðarinnar lýst og samkvæmt lýsingunni tekur hún einnig til Grímstunguheiðar og án þess að tilgreina eða afmarka hana sérstaklega. Með lögfestunni var merkjum Grímstungu fyrst lýst lengra til suðurs en í eldri heimildum, þ.e. suður fyrir upptök Bríkarkvíslar að vestan og upptök Ströngukvíslar að austan, eins og áður er rakið.

Í júní árið 1818 var haldinn lögregluréttur um heiðarlöndin Auðkúlustaðarheiði, Dalskvíslir og Grímstunguheiði þar sem bæjum var úthlutaður afréttur til upprekstrar svo rekstur tæki sem skemmstan tíma. Árið 1820 var gerð

sameiginleg lögfesta fyrir Auðkúluheiði, Þórormstungu- og Forsæludalsland, Grímstungu- og Haukagilsheiði. Í lögfestunni er grasatekja á landsvæðunum bönnuð „nema leitad sie þarum leyfis til okkar, hvers fyrir sitt land“. Í vísitasíum fyrir kirkjuna að Grímstungu frá árunum 1833 og 1836 er vísað í fyrrnefndan dóm frá 1758 um upprekstur á Grímstunguheiði og greiðslu fjalltolla. Á manntalsþingi að Stóru-Borg árið 1839 var lesið bann móti heimildarlausri grasatöku og eggjanámi á Grímstunguheiði. Í sóknarlýsingu Þingeyrasóknar frá árinu 1840 kemur fram að allir bændur í sókninni skuli reka fé á Þórormstungu, Grímstungna- og Haukagilsheiðar. Í sóknarlýsingu Grímstungukirkjusóknar frá árinu 1844 er Grímstunguheiði talin upp meðal afrétta, en tekið er fram að enga almenninga sé að finna í Ás- og Sveinsstaðahreppum. Í Jarðatali Johnsens frá árinu 1847 segir að jörðin Grímstunga eigi eftir dómi frá 1758 lambaupprekstur til fjalls og að presti gjaldist árlega 20 fjallatollar. Í kafla um Grímstungu í jarðamatinu frá 1849 segir að jörðinni fylgi „stórt afrjettarland, kallað Grímstunguheiði …“ og þar er staðsetningu afréttarinnar lýst. Á manntalsþingi að Miðhúsum árið 1850 var lesin friðlýsing fyrir ágangi af stóði á Grímstunguheiði. Í úttekt prófasts að Undirfelli vegna prestaskipta frá árinu 1860 eru taldar upp eignir Grímstungukirkju „auk sjálfrar heimajardarinnar med tilheyrandi afréttarlandi og ödrum hlunnindum og ítökum … “.

Á árunum 1877−1901 áttu sér stað mikil bréfskipti vegna væntanlegrar sölu á Grímstunguheiði. Bréfskiptin hófust í janúar 1877 þegar Hjörleifur Einarsson prestur í Undirfellsprestakalli sendi stiftsyfirvöldum erindi þar sem hann lýsti yfir áhyggjum sínum vegna heimtu fjallatolla af heiðarlandinu, en hann hefði komist að því að talsverð óregla væri á greiðslu þeirra „en margir gjaldi eftir eigin geðþótta og aðrir haldi að þeir þurfi ekkert að borga“. Þá tók hann fram að tekjur af því dygðu tæpast fyrir kostnaði og því væri þessi tekjulind prestakallsins að mestu eyðilögð. Að lokum spurði hann hvort nokkuð væri því til fyrirstöðu að bjóða hlutaðeigandi hreppum heiðarlandið til leigu með skuldbindandi árlegu eftirgjaldi sem yrðu þá vissar tekjur fyrir kirkjuna. Stiftsyfirvöld brugðust við fyrirspurn séra Hjörleifs með því að fá umsögn Eiríks Briem setts prófast í Húnavatnsprófastsdæmi. Eiríkur þessi skrifaði svarbréf í febrúar 1877 þar sem hann sagði að vissulega væru lítil not af Grímstunguheiði sem stæði og í brauðamatinu 1853 og 1868 hefðu engin not verið talin. Þá taldi hann æskilegt að leigja heiðina eins og séra Hjörleifur hafði óskað eftir ef það yrði tryggt að prestakallið missti ekkert við það.

Í júní 1877 skrifuðu fjórir menn, fyrir hönd Ás- og Sveinsstaðahrepps, séra Hjörleifi bréf þar sem fram kom að á nefndarfundum hreppanna hafi verið ákveðið að fara þess á leit við hann að fá Grímstunguheiði keypta svo að sveitafélögin mættu framvegis hafa frjálsa notkun hennar bæði fyrir afréttarpening og til annarra afnota. Þeir væru tilbúnir að bjóða 2000 kr. og áskildu þeir að merki yrðu dregin milli heimalands Grímstungu og heiðarlandsins með nánar tilteknum hætti. Séra Hjörleifur skrifaði prófasti degi síðar og lýsti kauptilboði hreppanna. Hann mælti með því að

tilboðinu yrði tekið og benti á að í síðasta brauðmati hefðu fjallatollar af Grímstunguheiði ekki verið reiknaðir til inntekta fyrir prestakallið og það ekki að ástæðulausu. Þá bað hann prófast að mæla með sölunni við stiftsyfirvöld.

Í september 1877 sendi prófastur stiftsyfirvöldum erindið og lét einnig fylgja með kauptilboð hreppanna. Í bréfinu benti hann á að þar sem presturinn hefði lítil afnot af heiðinni væri hagstæðara fyrir hann að fá vextina af þessum 2000 kr. sem boðið hafði verið í hana og gat þess í lokin að landamerki þau sem áskilin væru fyrir heiðina í kauptilboðinu væru þannig löguð að Grímstunga ætti nægilegt heimaland eftir. Stiftsyfirvöld svöruðu bréfi prófasts í nóvember 1877 og sögðust hlynnt sölunni en slík sala yrði að fá konungsleyfi til að geta gengið eftir.

Í júní 1879 skrifuðu tveir menn stiftsyfirvöldum bréf, í umboði hreppsnefnda Ás- og Sveinsstaðahrepps, þar sem þeir fóru fram á að séra Hjörleifi yrði veitt leyfi til að selja umræddum sveitum Grímstunguheiði fyrir 2000 kr. Þá báðu þeir stiftsyfirvöld um að mæla með því við Alþingi að það leyfði um sumarið umrædda heiðarsölu. Sama dag skrifuðu sömu aðilar bréf til alþingismanna Húnvetninga þar sem þeir fóru fram á það sama auk þess sem þeir hvöttu alþingismenn sína til að sjá til þess að málið fengi umræðu á þingi og yrði samþykkt. Í kjölfarið var frumvarp um sölu á Grímstunguheiði lagt fram á Alþingi af fyrsta þingmanni Húnavatnssýslu en það hlaut ekki samþykki þingsins.

Málið komst aftur á dagskrá árið 1885 þegar Björn Sigfússon bóndi á Hofi í Vatnsdal fór þess á leit að fá jörðina Grímstungu keypta „með tilsvarandi heiðarlandi“. Í apríl árið 1885 skrifaði Jón Þórðarson prófastur bréf til stiftsyfirvalda vegna beiðni Björns og kvaðst þar vera meðmæltur sölunni og nefndi þar nokkur atriði til stuðnings sölunni. Þá tók hann fram að „Sú eina ástæda, sem höfd kynni ad vera á móti solunni er sú, ad hinar jardirnar, sem prestakallid ætti eptir, væru of lítilfjorlegar handa prestsekkju til ábúdar, en vidkomandi prestur hef[u]r tekid þad fram med réttu, ad jordin sé ekki vid hæfi margra prestekkna, og hef[u]r þetta sýnt sig á undanfornum árum, því prestsekkjur munu fáar finnast þær, eptir ad hafa svarad stad og kirkju, en gætu haft þann krapt er þarf til ad búa á Grímstungu svo vel sé, og væri því hentugra minna jardnædi.“ Í maí árið 1886 skrifaði landshöfðingi stiftsyfirvöldunum vegna beiðni Björns og bað þau um að útvega virðingargjörð fyrir jörðinni ásamt heiðinni annars vegar, og heiðinni út af fyrir sig hins vegar. Þá óskaði landshöfðingi álits stiftsyfirvalda á því hvort ekki væri skynsamlegra að selja heiðarlandið undan prestakallinu.

Í ágúst árið 1886 sendi séra Hjörleifur Einarsson stiftsyfirvöldum virðingargjörð á Grímstungu og skrifaði þeim bréf þar sem fram kemur álit hans á virðingargjörðinni. Þar segir m.a. að leigutekjur af jörðinni séu óvissar þar sem „ … ad ábúd er svo óviss á jörðunni. Jördin er stór og umfangsmikil; þad þarf kjark og dugnad til ad hagnýta sjer gædi hennar og talsvert fé í aðra hönd.“ Þá segir hann einnig í bréfinu ómögulegt að selja heiðina nema með jörðinni og segir um það: „Ætti

madur ad fara ad undirbúa það yrdi ad ~~selja~~ tiltaka merki, sem engin hafa ~~um~~ verid milli heimalands og heidar, nema i ordi kvednu, en þar af leiddi, ad þad yrdi ad færa þau miklu nedar en þau hingad til hafa verid haldin, fleiri gren komu þá inn í heidarlandið og kostnadur vid grenjavinnslu yrdi talsvert meiri.“[817] Ennfremur skrifar hann: „Meiningin er, ad upprekstrarfjelagid sjer eins og adrir ad verdi áreid gjord á heiðarnar, og fjallatollum jafnad nidur eptir stærd og gædum hvers heidarlands muni Grímstungheidi ekki vera þess virdi sem menn hafa ádur ætlað, og var jeg einn þeirra á medan jeg var heiðunum ókunnugur.“

Stiftsyfirvöld svöruðu með bréfi í september 1886 og sögðust hafa fengið virðingargjörð og umsögn prófasts og væru hlynnt því að Birni yrði seld jörðin. Í nóvember árið 1886 skrifaði Íslandsráðgjafi bréf til landshöfðingjans yfir Íslandi þar sem hann tilkynnti um að konungur hefði fallist á að selja Birni Sigfússyni jörðina Grímstungu ásamt „afréttarlandinu Grímstunguheiði“. Landshöfðingi skrifaði bréf til stiftsyfirvalda í sama mánuði þar sem hann tilkynnti þeim um samþykki konungs.

Stiftsyfirvöld skrifuðu prófasti bréf í desember 1886 og tilkynntu honum um niðurstöðuna og hvernig fara skyldi með andvirði söluverðsins. Ekki varð af sölunni sökum þess að Björn fyrirgerði kauprétti sínum vegna tómlætis. Í bréfi prófasts til stiftsyfirvalda í janúar 1890 getur prófastur um að Björn hafi gefið það upp sem orsök tómlætis síns að engin landamerkjaskrá hafi borist honum. Þetta segir prófastur vera tóman fyrirslátt því Björn viti vel að engar deilur séu um landamerki jarðarinnar og hann hafi sýnt honum fyrir löngu síðan vafalaus skilríki fyrir öllu Grímstungulandi. Þar sem að náttúruleg takmörk greindu bæði heimaland og heiðarland Grímstungu frá nágrannalöndum, þ.e. ár á tvær hliðar, þá hafi engin ástæða verið til þess að telja landamörk óákveðin.

Sérstakt landamerkjabréf var útbúið fyrir Grímstungu 10. júní 1890 og því þinglýst sama dag. Merkjalýsing bréfsins nær sem fyrr segir til Grímstunguheiðar án þess þó að tilgreina hana sérstaklega og virðist byggja á lögfestu séra Sigvalda Snæbjörnssonar frá 1810. Landamerkjabréfið er undirritað af Hjörleifi Einarssyni presti að Grímstungu og undirritað um samþykki af eiganda og umráðamanni Haukagils.

Í frumvarpi til reglugjörðar um notkun afrétta í Húnavatnssýslu frá árinu 1894 kemur m.a. fram að búendur í Sveinsstaðahreppi skuli eiga upprekstur á Grímstunguheiði, að undanskildum bæjunum Geirastöðum, Þingeyrum, Leysingjastöðum, Haga og Steinnesi, sem skuli eiga upprekstur á Haukagilsheiði. Jafnframt skuli búendur í Áshreppi eiga upprekstur á Grímstunguheiði að undanskildum bæjunum Ási, Saurbæ og Haukagili með Gilhaga, sem skuli eiga upprekstur á Haukagilsheiði, og bæirnir Forsæludalur, Þórormstunga, Kot, Vaglar og Guðrúnarstaðir skuli eiga upprekstur í Forsæludalskvíslar.

[817] Texti þessi er þó yfirstrikaður í skjalinu en ekki er vitað um ástæðu þess.

Í febrúar árið 1900 komst mál um sölu Grímstungu og Grímstunguheiðar á dagskrá á ný en þá skrifaði prófastur Stiftsyfirvöldum bréf og tilkynnti þeim að hreppsnefndir Ás- og Sveinsstaðahreppa hefðu með samþykki hreppsbúa óskað eftir að fá Grímstunguheiði keypta. Í bréfinu taldi prófastur til ýmis atriði sem hann taldi rýra til muna afnot heiðarinnar fyrir prestakallið og því væru ekki forsendur fyrir sama verðmati heiðarinnar og 14 árum fyrr. Meðal þeirra atriða var það að upprekstrarfélagið hafi eignast víðlendar afréttir beggja vegna Grímstunguheiðar og nú væri ekki lengur gert ráð fyrir fjallatollsskyldu allra fjáreigenda á upprekstrarsvæðinu. Þá greindi hann í bréfinu frá því hvernig málum hafi verið háttað áður en hann tók við prestakallinu. Þá hafi Grímstunga verið byggð með heiðinni og að afréttarland það, sem þá var talið á heiðinni, hafi verið tiltölulega lítið og ógrasgefið og ónægilegt fyrir þann afréttarpening sem því var ætlað. Því hafi hann, í samráði við ábúendur og helstu menn sveitarinnar, fært takmörk afréttarlandsins miklu norðar, þó þannig að Grímstunga hefði hið nægilegasta heimaland, og væru merki þessi tilgreind í fundargjörð hreppsnefndanna. Við þessa tilfærslu teldust nú 4 greni, sem höfðu áður verið á „útheiðinni“, vera „innan afréttarlandatakmarka, sem ekki höfðu áður tilheyrt heiðinni“ og að kostnaður vegna vinnslu þeirra grenja myndi [eftir söluna] bætast á umráðanda heiðarinnar. Í ljósi alls þessa taldi hann eðlilegt að selja upprekstrarfélaginu heiðina fyrir 1700 kr. Hún væri tæpast meira virði enda væri allur suðurhluti hennar mjög uppblásið og rýrt land. Þá taldi hann að Grímstunga myndi seljast betur ef heiðin fylgdi ekki með.

Stiftsyfirvöld skrifuðu prófasti í mars árið 1900 og sögðust hafa kynnt sér þær bréfaskriftir um málið sem fram höfðu farið á árunum 1877−1886 og væru sammála honum um að hyggilegt væri að taka tilboðinu. Til þess að kaupin gætu farið fram þyrfti konungsúrskurð en sá prestur sem hefði umráð og afnot af heiðinni yrði að skrifa konungi bænaskrá um málið þar sem færð yrðu fram rök fyrir sölunni. Konungur samþykkti söluna og stiftsyfirvöld greindu prófasti frá því í júlí árið 1901.

Þann 4. nóvember 1901 lýstu oddvitar Ás- og Sveinsstaðahreppa því yfir að þeir, í umboði upprekstrarfélags Ás- og Sveinsstaðahreppa og með leyfi hreppanna, samþykki sýslunefndar og leyfi konungs, hefðu gert samning við Hjörleif Einarsson prófast um kaup á Grímstunguheiði og hálfum Lambatungum. Hjörleifur Einarsson prófastur afsalaði sér Grímstunguheiði með hálfum Lambatungum til umboðsmanna Ás- og Sveinsstaðahreppa þann sama dag auk þess sem umræddir aðilar gerðu með sér kaupsamning. Í kaupsamningnum var tiltekið hver landamerki milli heiðarlandsins og heimalands Grímstungu skyldu vera og þeim lýst.

Samkvæmt framansögðu er Grímstunguheiði tilgreind sérstaklega í fjölda heimilda. Þá fjalla heimildir um afnot landsvæðisins frá 18. öld og síðar fyrst og fremst um beit eða önnur þrengri og sambærileg not. Í fyrirliggjandi dómum og úrskurðum hafa atriði af þessu tagi í mörgum tilvikum legið til grundvallar niðurstöðu um þjóðlendu og óbein eignarréttindi, nánar tiltekið afréttareign.

Á hinn bóginn liggur fyrir að í heimildum frá því fyrir sölu Grímstunguheiðar árið 1901, er heiðin nánast undantekningarlaust tilgreind með öðru landi Grímstungu án þess að séð verði að um eignarréttarlega aðgreiningu hafi verið að ræða milli heiðarlandsins og annars lands jarðarinnar. Mörk heiðarinnar og annars lands jarðarinnar sýnast hafa verið ákveðin einhliða við afsalsgerðina 1901 og án þess að stuðst hafi verið við nokkrar eldri heimildir þar að lútandi. Vísast um það til lögfestu Halls prests Ólafssonar frá 1726 og lögfestu M. Gíslasonar frá árinu 1779, sem báðar voru lesnar upp á manntalsþingi árið 1779. Hið sama gildir um ýmsar aðrar heimildir sem liggja fyrir í málinu, þ.á.m. lögfestu séra Sigvalda Snæbjörnssonar frá 1810 og landamerkjabréf Grímstungu frá 1890. Þá er í elstu fyrirliggjandi heimild um Grímstungu, þ.e. máldaga Auðunar biskups rauða Þorbergssonar frá árinu 1318, taldar upp eignir Grímstungu en þar er heiðarinnar ekki sérstaklega getið heldur segir að Grímstungur eigi heimaland allt. Bendir orðalagið þannig til þess að litið hafi verið á heiðina sem hluta af heimalandi Grímstungu. Í fyrirliggjandi dómum og úrskurðum hafa atriði af þessu tagi í mörgum tilvikum legið til grundvallar niðurstöðu um eignarland.

Þær heimildir sem taldar eru upp hér að framan, og varða samskipti séra Hjörleifs Einarssonar og yfirvalda vegna sölu Grímstunguheiðar, styðja jafnframt þá ályktun að heiðarlandið hafi verið hluti af eignarlandi jarðarinnar Grímstungu þar til það var selt frá henni árið 1901. Þannig er vitnað til þess að jörð Grímstungu væri „stór og umfangsmikil“ og að ef áreið yrði gerð á heiðina sérstaklega myndi Grímstunguheiði „ekki vera þess virði sem menn hafa áður ætlað“. Í bréfi séra Hjörleifs, dags. 20 ágúst árið 1886, segir jafnframt að ef selja ætti heiðina frá jörðinni þá „ …yrdi ad ~~selja~~ tiltaka merki, sem engin hafa ~~um~~ verid milli heimalands og heidar, nema i ordi kvednu, en þar af leiddi, ad þad yrdi ad færa þau miklu nedar en þau hingad til hafa verid haldin … “. Að mati óbyggðanefndar styðja þessi gögn þá niðurstöðu að með afsalinu 1901 hafi verið ráðstafað hluta af eignarlandi Grímstungu.

Heimildir benda til þess að eigendur Grímstungu hafi farið með umráð og hagnýtingu Grímstunguheiðar allt frá 14. öld og af þeim má ráða að landsvæðið hefur ekki staðið öðrum til afnota án leyfis. Ekki verður séð að þar hafi komið fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna sem máli skipti. Enda þótt nýting heiðarinnar hafi eðli máls samkvæmt verið takmarkaðri en láglendari hluta jarðarinnar leiðir það eitt og sér ekki til neinnar eignarréttarlegrar aðgreiningar. Nýting hefur verið eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma og ekki einskorðast við sumarbeit búfjár.

Að því virtu sem að framan er rakið telur óbyggðanefnd að hvorki staðhættir, gróðurfar né heimildir um réttindi eða nýtingu mæli gegn því að sá hluti ágreiningssvæðisins sem liggur norðan þeirrar línu sem að framan var lýst, þ.e. frá upptökum Bríkarkvíslar til upptaka Ströngukvíslar, geti hafa verið hluti af jörð eða jörðum allt frá öndverðu. Nægjanlega er því í ljós leitt að eigendur Grímstungu, sem

gagnaðili íslenska ríkisins leiðir rétt sinn frá, hafi átt þar bein eignarréttindi fremur en óbeinan eignarrétt. Umfjöllun um heiðina sem afrétt í heimildum, sem fjölgar eftir því sem á 19. öld líður og allt fram að sölu heiðarinnar 1901, vísar því fremur til notkunar viðkomandi landsvæðis en þess að beinn eignarréttur hafi annað hvort ekki stofnast eða fallið niður.

Af hálfu íslenska ríkisins hefur ekki verið sýnt fram á að land innan marka Grímstunguheiðar, eins og þau eru skilgreind hér að framan, sé þjóðlenda, í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998. Með vísan til sama ákvæðis ber jafnframt að taka skýrt fram að í umfjöllun óbyggðanefndar felst ekki afstaða til merkja á milli eignarlanda. Þá felur hlutverk óbyggðanefndar ekki í sér að úrskurða um óbein eignarréttindi í eignarlöndum og verður því ekki tekin afstaða til kröfu eigenda Hvamms I og Hvamms II um hvort þeir eigi bein eða óbein eignarréttindi á þessum hluta ágreiningssvæðisins.

Þá kemur til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða þess hluta ágreiningssvæðisins sem liggur sunnan marka Grímstunguheiðar eins og hún afmarkast samkvæmt framangreindu. Nánar tiltekið er þar um að ræða svæði sem liggur sunnan línu sem dregin er milli upptaka Bríkarkvíslar og upptaka Ströngukvíslar. Að vestan afmarkast þessi hluti ágreiningssvæðisins af línu sem dregin er frá upptökum Bríkarkvíslar beina stefnu til suðurs á sýslu- og sveitarfélagamörk. Að sunnan ráða sýslu- og sveitarfélagamörk í Lyklafell og að austan úr Lyklafelli að upptökum Ströngukvíslar. Stór hluti þess svæðis sem hér er sérstaklega til skoðunar tilheyrir Stórasandi.

Þar sem þessi hluti ágreiningssvæðisins er samkvæmt heildstæðu mati óbyggðanefndar á heimildum um merki Grímstungu og Grímstunguheiðar utan marka Grímstunguheiðar fær krafa gagnaðila íslenska ríkisins um beinan eignarrétt á svæðinu sem fyrr segir ekki stuðst við heimildir um afmörkun jarðarinnar Grímstungu, en Grímstunguheiði var seld frá jörðinni árið 1901. Verður nú vikið að þeim heimildum sem varða þann hluta ágreiningssvæðisins sem hér er sérstaklega til umfjöllunar.

Eins og nánar er rakið í kafla 5.5 er leitum á svæðinu ítarlega lýst ritinu *Göngur og réttir II* frá 1949. Þar kemur fram að Grímstunguheiði og önnur afréttarlönd suður af Vatnsdal séu innan stærsta leitarkerfis á Íslandi. Öll þessi afréttarlönd séu leituð eftir föstu, sameiginlegu skipulagi, sem einnig sé bundið við aðrar nærliggjandi sýslur. Fram kemur í umfjöllun um Stórasand að þótt landið sé gróðursnautt fari fé mikið um sandinn og leiti mikið til hinna grösugu haga í Fljótsdrögum, á Arnarvatnsheiði og víðar. Fljótsdrög og Arnarvatnsheiði eru suður af þessum hluta ágreiningssvæðisins. Einnig segir að austar á Sandi séu nokkur há

móbergsfell sem kallist Strýtur og þar séu nokkur hraun með dálitlum kindahögum. Leitum er lýst og kemur m.a. fram að Stórisandur hafi verið innan leitarsvæðisins. Það er einnig í samræmi við það sem fram kom við skýrslutökur í máli þessu um fyrirkomulag leita á svæðinu.

Í fyrirliggjandi heimildum er því svæði sem hér er sérstaklega til umfjöllunar getið í tengslum við upprekstur og afréttarnot. Engar heimildir eru um að þar hafi verið byggð eða önnur not en sumarbeit og e.t.v. aðrar takmarkaðar nytjar. Það er að mestum hluta hálent, fjarri byggð og inn á það hefur búfénaður leitað án hindrana. Óbyggðanefnd telur framangreint benda til þess að svæðið hafi verið afrétt í þeim skilningi að það hafi verið undirorpið óbeinum eignarréttindum fremur en beinum eignarrétti. Virðist sem nýting landsins hafi verið með þeim hætti að það hafi verið í sameiginlegum afréttarnotum jarða í fyrrum Ás- og Sveinsstaðahreppum, nú Húnaþingi vestra.

Í máli þessu gerir Sjálfseignarstofnunin Grímstungu- og Haukagilsheiði kröfu um beinan eignarrétt á því svæði sem hér er til umfjöllunar en tekið er fram af hálfu umrædds gagnaðila íslenska ríkisins að í kröfugerðinni felist jafnframt krafa um „afnotarétt þeirra í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, komi til þess að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.“ Sjálfseignarstofnunin Grímstungu- og Haukagilsheiði leiðir rétt sinn til Grímstunguheiðar frá Ás- og Sveinsstaðahreppum sem fengu eins og áður segir afsöl fyrir Grímstunguheiði árið 1901. Í fyrirliggjandi skipulagsskrá fyrir sjálfseignarstofnunina, dags. 8. desember 2005, kemur fram í 1. gr. að Sveinsstaðahreppur sé stofnandi hennar og í 2. gr. að hreppurinn leggi m.a. til stofnunarinnar eignarhluti sína í Grímstunguheiði. Þá er tekið fram í 4. gr. að sjálfseignarstofnunin taki við þeim fasteignaréttindum sem um ræðir „með þeirri kvöð að virða upprekstrarrétt og veiðirétt einstakra jarða í samræmi við ákvæði laga nr. 6/1986 um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. auk fjallskilareglugerða settra með stoð í þeim og laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði, með sama hætti og löndin hefðu áfram verið í eigu sveitarfélagsins.“ Einnig er tekið fram hvaða lögbýli eigi upprekstrarrétt á lönd stofnunarinnar við stofnun hennar. Ennfremur er kveðið á um að sjálfseignarstofnunin skuldbindi sig „til að veita þeim búfjáreigendum í Sveinsstaðahreppi, sem samkvæmt gildandi lögum um fjallskil o.fl. á hverjum tíma, eiga upprekstrarrétt á afrétt sveitarfélags eða upprekstrarfélags innan sveitarfélagsins, rétt til upprekstrar í lönd stofnunarinnar með sama hætti og verið hefði, ef löndin hefðu áfram verið eign sveitarfélagsins.“ Breyting á skipulagsskrá sjálfseignarstofnunarinnar var staðfest 8. desember sama ár en með breytingunni lagði sveitarfélagið Áshreppur til stofnunarinnar eignarhluti sína í Grímstunguheiði. Þá var gerð sú breyting á 4. gr. að tekið er fram hvaða lögbýli úr Áshreppi skyldu eiga upprekstrarrétt á lönd stofnunarinnar.

Húnavatnshreppur á einnig aðild að máli þessu og gerir þær kröfur að ef ekki verði fallist á kröfur Sjálfseignarstofnunarinnar Grímstungu- og Haukagilsheiði um

beinan eignarrétt eða afréttareign á svæðinu verði viðurkennt að svæðið sé í afrétteign jarða í Húnavatnshreppi.

Að framan er komist að þeirri niðurstöðu að mörk Grímstunguheiðar hafi ekki náð lengra til suðurs en að línu sem dregin er milli upptaka Bríkarkvíslar og upptaka Ströngukvíslar og að krafa gagnaðila ríkisins um beinan eignarrétt á landi sunnan þeirrar línu, þ.e. á þeim hluta ágreiningssvæðisins sem hér er sérstaklega til umfjöllunar, geti hvorki stuðst við afsalið frá 1901 né aðrar heimildir um afmörkun Grímstunguheiðar. Þær sömu heimildir benda að mati óbyggðanefndar ekki heldur til þess að svæðið sunnan umræddrar línu hafi á þeim tíma sem heimildirnar voru gerðar verið undirorpið óbeinum eignarréttindum Grímstungu. Ennfremur er ljóst að þeir aðilar sem afsöluðu Grímstunguheiði til þeirra sveitarfélaga sem Sjálfseignarstofnunin Grímstungu- og Haukagilsheiði leiðir rétt sinn frá gátu ekki afsalað meiri rétti en sannanlega var á þeirra hendi á þeim tíma. Réttur íbúa Ás- Sveinstaðahreppa til notkunar svæðisins til sumarbeitar, til samræmis við þau afnot af svæðinu sem áður er lýst, getur því að mati óbyggðanefndar ekki hafa stofnast á grundvelli umrædds afsals eigenda Grímstungu til sveitarfélagsins. Telur nefndin heimildir fremur benda til þess að búfjáreigendur í hreppunum hafi tekið til sumarbeitar fyrir búfé, undir umsjón hreppsins, á sama hátt og gildir um samnotaafrétti almennt.[818]

Í máli þessu er þannig ekki sýnt fram á annað en að réttur til umrædds afréttarsvæðis hafi orðið til á þann veg að það hafi verið tekið til sumarbeitar fyrir búpening og annarrar takmarkaðrar notkunar. Um afréttarnotkun og fjallskil voru snemma settar opinberar reglur, sem sveitarstjórnum var falið að annast framkvæmd á.

Hvað varðar kröfu gagnaðila íslenska ríkisins um beinan eignarrétt á umræddu svæði á grundvelli hefðar þá vísast til dóma Hæstaréttar í þjóðlendumálum sem og Almennra niðurstaðna óbyggðanefndar, þar sem gerð er almenn grein fyrir hefð sem stofnunarhætti eignarréttinda. Svo sem þar er rakið var skýrum réttarreglum um hefð ekki fyrir að fara fyrir setningu hefðarlaga nr. 46/1905. Í „sólarlagsákvæði“ 12. gr. laganna kom fram að telja mætti eignarhald hefðanda fyrir gildistöku laganna til hefðartíma, þó þannig að engin hefð teldist fullnuð fyrr en í árslok 1910. Ljóst er að með þessu var ákveðið að hefðarlög giltu afturvirkt en ákvæðið tók þó aðeins til hefðarhalds sem fyrir hendi var við gildistöku laganna.[819]

Hvað þennan hluta ágreiningssvæðisins varðar er óumdeilt er að þar hefur aldrei verið byggð og ekkert liggur fyrir um að umráðum landsins hafi nokkru sinni eftir það verið háttað þannig að þau gætu talist hafa fullnægt kröfum 2. gr. hefðarlaga nr. 46/1905 um óslitið eignarhald á fasteign. Beinn eignarréttur að þessum hluta ágreiningssvæðisins getur því ekki hafa stofnast fyrir hefð eftir gildistöku hefðarlaga, hvorki samkvæmt almennu ákvæði 1. mgr. 2. gr. né sérreglu í 12. gr. þeirra. Þá skal

[818] Sbr. umfjöllun um hugtakið afrétt í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).
[819] Sbr. kafli 3.2 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.*

sérstaklega áréttað að eldri lagareglur, svo sem ákvæði í 26. kap. landsleigubálks Jónsbókar, koma ekki til álita til stuðnings eignarréttarkröfu gagnaðila, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 379/2009 (Heiðarmúli).

Þá hefur verið áréttað í fjölda dóma Hæstaréttar að hefðbundin afréttarnot, þ.e.a.s. sumarbeit og e.t.v. önnur takmörkuð notkun, eru ekki nægjanleg ein og sér til þess að hefða beinan eignarrétt að afréttum eða öðrum sambærilegum svæðum. Jafnframt er ljóst að ráðstafanir að lögum hafa ekki þýðingu við slíkt mat nema fleira komi til. Af því leiðir að sú yfirlýsing sem var gerð um landamerki milli Arnarvatnsheiðar í Borgarbyggð annars vegar og Grímstunguheiðar, Haukagilsheiðar/Lambatungna og Forsæludalskvísla í Húnavatnshreppi hins vegar, og var þinglýst 5. júlí 2012, hefur ekki gildi við úrlausn um eignarréttarlega stöðu landsins.

Samkvæmt 2. mgr. 11. gr. þjóðlendulaga, nr. 58/1998, gildir við meðferð þjóðlendumála að ef um er að ræða sameiginlegt upprekstrarland skuli sveitarstjórn eða upprekstrarfélag sem stofnað hafi verið um þau mál hafa umboð til að ráðstafa málefninu vegna einstakra rétthafa sem þar eiga upprekstrarrétt. Óbyggðanefnd telur vafa leika á að unnt sé að líta á Sjálfseignarstofnunina Grímstungu- og Haukagilsheiði, gagnaðila íslenska ríkisins í máli þessu, sem upprekstrarfélag í þessum skilningi, sem bært sé til að fara með forræði á kröfum vegna upprekstrarréttar jarðeigenda í viðkomandi sveitarfélagi. Eins og hér stendur á er þó ekki nauðsynlegt að leysa úr því hvort svo sé því Húnavatnshreppur gerir sem fyrr segir kröfu til vara um viðurkenningu á upprekstarrétti jarðeigenda í sveitarfélaginu á svæðinu, en Ás- og Sveinsstaðahreppar voru meðal þeirra sveitarfélaga sem sameinuðust undir merkjum Húnavatnshrepps.

Að öllu framangreindu virtu telur óbyggðanefnd að ekki hafi verið í ljós leitt að á því svæði sem liggur sunnan við merki Grímstunguheiðar, svo sem þau eru skilgreind hér að framan, hafi stofnast til eignarlands með námi, hefð eða öðrum þeim stofnunarháttum eignarréttinda sem grein hefur verið gerð fyrir í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (sjá viðauka). Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé þjóðlenda.[820] Af fyrirliggjandi gögnum verður hins vegar ráðið að landsvæðið sé afréttur jarða í fyrrum Ás- og Sveinsstaðahreppum.

Ljóst er að einstakir hlutar þess svæðis sem hér hefur verið fjallað um og talið þjóðlenda í afréttareign eru misjafnlega fallnir til beitar. Beitarsvæði taka þó breytingum, auk þess sem þau eru ekki endilega samfelld. Land það sem hér er til umfjöllunar verður því talið falla undir skilgreininguna „landsvæði [...] sem að staðaldri hefur verið notað til sumarbeitar fyrir búfé“, sbr. 1. gr. laga nr. 58/1998.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði sunnan Grímstunguheiðar, svo sem landsvæðið er afmarkað hér á eftir, sé þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

[820] Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Upphafspunktur er í upptökum Ströngukvíslar. Þaðan er dregin bein lína til norðvesturs í upptök Bríkarkvíslar. Þaðan er lína dregin til suðurs að sveitarfélagamörkum Húnavatnshrepps og Borgarbyggðar. Er þeim mörkum fylgt til austurs í Lyklafell. Úr Lyklafelli er farið norður í norðurenda Búrfjallahala og þaðan til norðvesturs í upphafspunkt í upptökum Ströngukvíslar.

Sama landsvæði er afréttur jarða í fyrrum Ás- og Sveinsstaðahreppum, nú í Húnavatnshreppi, sbr. 1. gr. og b-lið 7. gr. laga nr. 58/1998. Um rétt til upprekstrar á afréttinn og annarra hefðbundinna nota sem afréttareign fylgja fer eftir ákvæðum laga þar um, sbr. 5. gr. laga nr. 58/1998. Þar ber sérstaklega að nefna 7. gr. laga um afréttarmálefni, fjallskil o.fl., nr. 21/1986.

Svæði það sem hér hefur verið lýst þjóðlenda er háð sérstökum eignarréttarlegum takmörkunum samkvæmt lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, sbr. náttúruminjaskrá.

Ekki verður tekin afstaða til kröfu eigenda Hvamms I og Hvamms II þar sem jarðirnar eru í fyrrum Áshreppi, en sem framan greinir er það niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæðið sem hér um ræðir sé afréttur jarða í fyrrum Ás- og Sveinsstaðahreppum.

6.7 Haukagilsheiði og Lambatungur

6.7.1 Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem gagnaðilar þess gera tilkall til sem eignarlands og nefnt er Haukagilsheiði og Lambatungur, sjá nánari afmörkun og lýsingu krafna í köflum 3.1 og 3.7 hér að framan. Liggur Haukagilsheiði á vestanverðum þeim hluta ágreiningssvæðisins sem hér er til umfjöllunar og Lambatungur á austanverðum hluta ágreiningssvæðisins. Eins og nánar er rakið hér á eftir er það niðurstaða rannsóknar óbyggðanefndar á fyrirliggjandi heimildum að norðvestast á þessum hluta ágreiningssvæðisins sé einnig landsvæði úr Kornsártungum og syðst sé einnig landsvæði sem falli utan marka bæði Haukagilsheiðar og Lambatungna.

Landsvæði það sem hér er til umfjöllunar afmarkast að vestanverðu af ágreiningssvæði vegna Víðidalstunguheiðar, sem fjallað er um í máli nr. 3/2013 hjá óbyggðanefnd, og að austanverðu af ágreiningssvæði vegna Grímstunguheiðar, sem fjallað er um í kafla 6.6 í máli þessu. Að sunnanverðu eru sýslumörk og sveitarfélagamörk gagnvart Borgarbyggð og að norðanverðu óumdeild eignarlönd tilheyrandi, Haukagili, Gilhaga og Kornsártungum.

Landsvæði þar sem hér um ræðir er víðfeðmt og liggur í um 400−500 m hæð að norðanverðu, inn af Vatnsdal, en rís hæst í 822 m hæð í Bláfelli, nærri

suðurmörkum svæðisins. Fyrir miðju svæðinu liggur Lambamannasandfell í 701 m hæð en austan þess eru upptök Bríkarkvíslar en nokkru suðvestar en fjallið er Álkulón og upptök Álftskálarár. Norðan þeirra eru Holuvatnshæðir. Á sunnanverðu svæðinu er Stórisandur en hann er mishæðóttur, stórgrýttur og ýmist lítið eða ekkert gróinn. Gróðurmörk við norðanverðan Stórasand eru glögg í landslagi og norðan þeirra tekur við land sem er mun betur gróið. Syðst á svæðinu, á vestanverðum Stórasandi, liggur Bláfellstjörn í um 600 m hæð og Bláfell (812 m) þar skömmu norðar.

Nokkur fjöldi kvísla rennur norður heiðina og er Álftaskálará meðal þeirra stærstu. Hún rennur fyrir miðri heiðinni til norðurs frá upptökum sínum. Austan Álftaskálarár liggja Lambatungur en vestan hennar er Haukagilsheiði. Á Lambatungum skiptast á ásar, mýrar og flár, kvíslir og lækir. Norðarlega á þeim eru Fugleyrar og rennur Lambalækur þar um til norðurs en Lambalækjarflá er austan hans. Nokkru sunnar liggur Álftaflá og Kringluflói þar sunnan við en Lambalækjatjarnir liggja þar í flóunum.

Vestan Álftaskálarár eru vötn og tjarnir víðs vegar ásamt mýrum og flám. Á norðvesturhorni ágreiningssvæðisins er Bergárvatn í um 450 m hæð en austan og suðaustan þess Heiðamótaás. Liggja nokkur vötn þar sunnan við í yfir 400 m hæð, þ.á m. Kleppuvatn, Hásteinsvatn, Baðstofuvatn, Skútatjörn og Geirhildartjörn. Á vesturmörkum ágreiningssvæðisins liggja svonefndir Hraungarðar. Nyrðri hluti svæðisins er víða votlendur og grösugur en eftir því sem sunnar dregur hækkar land og verður hrjóstrugra.

Frá ármótum Kleppukvíslar og Kornsár að bæjarstæði Haukagils eru 6,2 km og frá sömu ármótum að bæjarstæði Kornsár eru 12,8 km, mælt í beinni loftlínu.

Haukagilsheiði heyrði undir jörðina Haukagil fram til ársins 1883 þegar Hannes Þorvarðarson á Haukagili seldi Haukagilsheiði frá jörðinni til Sigurðar Jónssyni á Lækjarmóti. Lambatungur heyrðu a.m.k. frá því á 14. öld hálfar undir Haukagil og hálfar undir Grímstungukirkju samkvæmt fyrirliggjandi heimildum. Þá heyrðu Kornsártungur a.m.k. frá því á 18. öld sameiginlega undir Haukagil og Kornsá. Gagnaðili íslenska ríkisins í máli þessu hefur lýst sameiginlega kröfum vegna Haukagilsheiðar og Lambatungna og án aðgreiningar þar á milli, auk þess sem kröfurnar taka eins og áður segir til tveggja svæða sem samkvæmt rannsókn óbyggðanefndar á fyrirliggjandi heimildum liggja utan bæði Haukagilsheiðar og Lambatungna.

6.7.2 Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins er almennt á því byggt að af heimildum megi ráða að land innan þjóðlendukröfusvæða í máli þessu hafi legið utan landnáms en verið nýtt sem afrétt. Kröfugerð ríkisins tekur mið af merkjalýsingum jarða, afréttum á svæðinu, landnámslýsingum og staðháttum. Að því leyti sem ekki er fallist á merkjalýsingar jarða til afréttarsvæða, öræfa og jökla, er á því byggt að tilvísuð landamerkjabréf,

enda þótt þinglýst séu, teljist ekki ein og sér nægjanleg til staðfestingar beinum eignarrétti. Er þá tekið tillit til þess að lýsingar séu ekki í samræmi við landnám, heimildir um nýtingu lands og landfræðilegar aðstæður. Vísast m.a. að þessu leyti til dóma Hæstaréttar frá 21. október 2004 í málum nr. 47/2004 (Afréttur norðan vatna) og 48/2004 (Framafréttur, Úthlíðartorfa o.fl.).

Þá er byggt á því að Haukagilsheiði hafi alltaf verið aðgreind landfræði- og hagnýtingarlega séð frá heimalandinu. Þegar Haukagilsheiði hafi verið seld upprekstrarfélagi seint á 19. öld, undan heimalandinu Haukagili, hafi aðeins verið um að ræða sölu á hinum óbeinu eignarréttindum sem fólust í afréttarnotkun. Vísar íslenska ríkið til tveggja dómafordæma, þ.e. tveggja dóma Hæstaréttar frá 10. október 1997, þ.e. annars vegar dóms Hæstaréttar í máli nr. 67/1996 (Eyvindarstaðaheiði), og hins vegar dóms frá 10. apríl 1997 í málum nr. 66/1996 (Auðkúluheiði). Jafnframt bendi landfræðilegar aðstæður til þess að landið verði vart notað til annars en afréttarnota og þyki það draga verulega úr líkum til þess að landið hafi í upphafi verið numið til beins eignarréttar. Þá vísar íslenska ríkið til *Sýslu- og sóknarlýsinga* þar sem Haukagilsheiði sé talin til afrétta Grímstungukirkjusóknar og lýsinga Braga Sigurjónssonar í ritinu *Göngur og réttir*, þriðja bindi, á afréttum.

Af hálfu sjálfseignarstofnunarinnar Grímstunguheiði/Haukagilsheiði, gagnaðila ríkisins, er þess krafist að landsvæðið verði talið eignarland landeigenda og að viðurkennt verði að heildarlandamerki jarðarinnar séu í samræmi við það sem greinir í stofnskjali, dags. 14. apríl 2008, en að baki því sé útskiptingarafsal/kaupsamningur, dags. 8. ágúst 1883, samanber einnig landamerkjabréf Haukagils, dags. 29. júlí 1890, og uppdrátt með hornpunktaskrá. Þá er byggt á þinglýstum landamerkjabréfum aðliggjandi jarða.

Þá er á því byggt að öll afnot og nytjar landsins séu háðar leyfi landeigenda, enda hafi enginn notað landið með nokkrum hætti nema eigendur þess. Jafnframt hafi eignarheimildir landeiganda frá upphafi verið taldar gildar í viðskiptum manna, og því byggi eignarhaldið ennfremur á viðskiptavenju. Í því sambandi er ítrekað að gengið sé út frá venjurétti sem eignarheimild í athugasemdum við 5. gr. í frumvarpi til laga nr. 58/1998, um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta. Ríkisvaldið hafi í aldanna rás margsinnis viðurkennt að umrætt land, sé undirorpið fullkomnum eignarrétti, og aldrei haldið öðru fram. Af þeim sökum sé véfengingarkrafa ríkisvaldsins á hendur eigendum Haukagilsheiðar og Lambatungna fallin niður vegna fyrningar og tómlætis en öllum heimildarskjölum eigenda Haukagilsheiðar og Lambatungna hafi verið þinglýst athugasemdalaust.

Vísað er til *Almennra niðurstaðna óbyggðanefndar*, að því er varðar það að landsvæði sem talið hafi verið jörð samkvæmt elstu heimildum og landamerkjalýsing fari ekki í bága við eldri heimildir sé beinum eignarrétti háð. Sá sem haldi öðru fram hafi sönnunarbyrði fyrir því. Héraðsdómur Suðurlands hafi komist að sömu

niðurstöðu í dómi sínum 6. nóvember 2003 er standi óraskaður af Hæstarétti, samanber dóm réttarins frá 21. október 2004 (Framafréttur, Úthlíðartorfa o.fl.).

Þá hafna gagnaðilar íslenska ríkisins því að nokkurt mark sé takandi á Landnámu sem réttarheimild og fráleitt sé að líta framhjá hefð og venjurétti en horfa þess í stað til fortíðar þar sem engra raunverulegra heimilda nýtur við.

Gagnaðilar íslenska ríkisins hafna því að landnám hafi ekki náð til heiða og ekki til Haukagilsheiðar og Lambatungna og vísa í því samhengi til þess að landamerki Haukagilsheildar og Lambatungna séu gömul, landið sé víða gróið og að búseta hafi byggst um aldir. Þá geti venjur um fjallskil ekki ráðið úrslitum þegar tekin er afstaða til þess hvort jörð sé öll beinum eignarrétti háð. Landið hafi verið smalað af eigendum í samræmi við fjallskilareglugerð.

Þá er vísað til jafnræðisreglna stjórnsýslulaga og stjórnarskrár um að sambærileg mál hljóti sömu niðurstöðu og að jafnræði ríki á milli borgaranna. Þá verði ekki gerð ríkari sönnunarkrafa á hendur landeigendum Haukagilsheiðar og Lambatungna en til annara landeigenda. Einnig er byggt á meðalhófsreglu stjórnsýslulaga og því að ríkið verði að velja vægasta úrræði sem völ sé á við úrlausn máls. Þá er loks byggt á 72. gr. stjórnarskrárinnar og 1. gr. 1. viðauka við Mannréttindasáttmála Evrópu um eignarrétt.

Af hálfu Húnavatnshrepps, sem gerir til þrautavara kröfu um að svæðið sé afréttur jarða í sveitarfélaginu, er tekið undir málavexti alla sem lýst hefur verið af hálfu fyrrnefndra gagnaðila íslenska ríkisins í málinu. Þegar sveitarfélögin hafi keypt heiðarland þetta á sínum tíma hafi ætlunin verið að tryggja sveitarfélögunum fullkominn eignarrétt að heiðinni þannig að unnt væri að nýta þar allar eignarheimildir, þar með talinn upprekstrarrétt. Heiðin hafi verið nýtt sem upprekstrarland jarða í sveitarfélögunum sem nú myndi Húnavatnshrepp um langan aldur. Ef talið verði að sveitarfélögin hafi ekki keypt upprekstrarréttinn á sínum tíma þá hljóti hann að tilheyra jörðum í sveitarfélaginu engu að síður vegna þess að heiðin hafi þá verið numin til afréttarnota einungis og verið nýtt sem slík af eigendum jarða í sveitarfélaginu.

6.7.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Haukagils, Haukagilsheiðar, Lambatungna, Kornsár og Kornsártungna er rakin í köflum 5.6, 5.7 og 5.8 hér að framan, Jarðarinnar Haukagils er getið í heimildum frá því á 14. öld. Af heimildum verður ráðið að Haukagil, Grímstunga og Kornsá hafi verið sjálfstæðar jarðir.[821] Haukagilsheiði tilheyrði jörðinni Haukagili fram til ársins 1883 þegar Sigurður Jónsson á Lækjarmóti keypti heiðina. Af fyrirliggjandi heimildum sem ná allt aftur til 14. aldar, má ráða að réttindi á Lambatungum hafi skipst til helminga á milli eigenda

[821] Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Grímstungu og Haukagils. Þá má ráða af heimildum sem ná aftur til 18. aldar að réttindi á Kornsártungum hafi skipst til helminga milli Haukagils og Kornsár. Hér þarf einkum að skoða hvort, og þá að hvaða marki, landsvæðin sem hér er deilt um hafi verið innan marka jarðanna Haukagils, Grímstungu og Kornsár eða hvort þau hafi haft aðra stöðu. Gagnaðili íslenska ríkisins í máli þessu, þ.e. Sjálfseignarstofnunin Grímstungu- og Haukagilsheiði, leiðir rétt sinn til heiðarinnar frá Ás- og Sveinsstaðahreppum sem fengu afsöl fyrir helmingi Haukagilsheiðar, dags. 7. ágúst 1894, fjórðungi til viðbótar, dags. 19. apríl 1924 og loks fyrir þeim fjórðungi sem eftir stóð, dags. 27. júní 1996, af hendi Þverárhrepps sem fengið hafði afsal fyrir fjórðungi heiðarinnar, dags. 9. janúar 1904. Með sömu afsölum frá árunum 1894 og 1996 fengu Ás- og Sveinsstaðahreppar einnig afsalað hlutdeild í Lambatungum og Kornsártungum, auk þess sem þeir fengu afsalað helmingshlut í Lambatungum með afsali, dags. 4. nóvember 1901.

Kemur þá fyrst til skoðunar hvað ráðið verður af heimildum um merki Haukagils, Haukagilsheiðar, Lambatungna og Kornsártungna að því leyti sem þau merki varða ágreiningssvæðið. Landamerkjabréf Haukagils er dagsett 29. júlí 1890 og tekur ekki til heiðarinnar, enda hafði hún verið seld frá jörðinni á þeim tíma. Þá liggur ekki heldur fyrir sérstakt landamerkjabréf sem lýsir merkjum Haukagilsheiðar. Það eru því einkum eldri heimildir um Haukagil og Haukagilsheiði sem veitt geta vísbendingar um hvort Haukagilsheiði hafi talist vera innan marka jarðarinnar. Elsta heimildin sem liggur fyrir í málinu og varðar merki Haukagilsheiðar er lögfesta fyrir Haukagil, dags. 20. júní 1789, sem lesin var upp á manntalsþingi þann sama dag. Þá er að finna upplýsingar um merki Haukagilsheiðar í jarðamatinu frá 1849 og í umsögn Eiríks Briem, setts prófasts í Húnavatnsprófastsdæmi, dags. 27. febrúar 1877, vegna erindis séra Hjörleifs Einarssonar til stiftsyfirvalda varðandi Haukagilsheiði. Eru þetta einu fyrirliggjandi heimildirnar um merki Haukagilsheiðar frá því fyrir þann tíma þegar hún var seld undan Haukagili. Merkjum heiðarinnar er síðan ítarlega lýst í afsalinu sem útbúið var í tengslum við söluna þar sem Haukagilsheiði var seld frá Haukagili, þ.e. afsali, dags. 8. ágúst 1883 og þingl. 8. júní 1885. Þá liggja fyrir nokkrar heimildir um frá því eftir þann tíma sem lýsa merkjum heiðarinnar að hluta eða í heild. Þær heimildir sem þar um ræðir eru afsal fyrir ¼ úr Haukagilsheiði, ¼ hluta úr hálfum Kornsártungum og ¼ hluta úr hálfum Lambatungum, dags. 28. október 1891 og þingl. 23. júní 1894; afsal fyrir hálfri Haukagilsheiði og einum fjórða parti úr Lambatungum, dags. 7. ágúst 1894 og þingl. 24. júlí 1916; afsal fyrir ¼ úr Haukagilsheiði, dags. 19. apríl 1924 og þingl. 23. júní 1924; ritið *Göngur og réttir II* frá 1949; ritið *Föðurtún* eftir Pál Kolka frá árinu 1950; skrá yfir afrétti innan marka Ás- og Sveinsstaðahreppa, dags. 4. maí 1981; umfjöllun Gríms Gíslasonar í ritinu *Húnaþing III* frá 1989; umfjöllun *Árbókar Ferðafélags Íslands* frá árinu 2007; stofnskjal, dags. 14. apríl 2008, vegna stofnunar fasteignarinnar Haukagilsheiði og Lambatungur í fasteignaskrá, og loks skjal sem ber yfirskriftina „Yfirlýsing um

landamerki milli Arnarvatnsheiðar í Borgarbyggð annars vegar og Grímstunguheiðar, Haukagilsheiðar/Lambatungna og Forsæludalskvísla í Húnavatnshreppi hins vegar“, dags. 20. júní 2012 og þingl. 6. júlí 2012.

Hvað varðar Lambatungur þá er ekki til landamerkjabréf fyrir Lambatungur né heldur aðrar heildstæðar merkjalýsingar fyrir svæðið sem eru eldri en frá seinni hluta 20. aldar. Nokkar eldri heimildir liggja þó fyrir þar sem merkjum Lambatungna er lýst að hluta eða vísbendingar er að finna um legu þeirra. Þær heimildir sem liggja fyrir og koma til skoðunar í athugun á merkjum Lambatungna eru lögfesta Halls Ólafssonar fyrir Grímstungu, dags. 10. maí 1726; lögfesta fyrir Grímstungu, dags. 16. júní 1779; ritið *Göngur og réttir II* frá árinu 1949; skrá yfir afrétti innan marka Upprekstrarfélags Ás- og Sveinsstaðahreppa, dags. 4. maí 1981; umfjöllun Gríms Gíslasonar um Lambatungur í ritinu *Húnaþing III* frá 1989; *Árbók Ferðafélags Íslands* frá árinu 2007; stofnskjal, dags. 14. apríl 2008, vegna stofnunar fasteignarinnar Haukagilsheiði og Lambatungur í fasteignaskrá og loks yfirlýsing um landamerki milli Arnarsvatsheiðar í Borgarbyggð annars vegar og Grímstunguheiðar, Haukagilsheiðar/Lambatungna og Forsæludalskvísla hins vegar, dags. 20. júní 2012 og þinglýst 6. júlí 2012.

Við skoðun á merkjum Haukagils, Haukagilsheiðar og Lambatungna verða umræddar heimildir kannaðar og vitnað til þeirra að því leyti sem þar er að finna lýsingar á þeim merkjum sem hér eru til skoðunar. Er tilgangur þessarar skoðunar sá að kanna hvort afmörkun málsaðila á Haukagilsheiði og Lambatungum eigi sér stoð í fyrirliggjandi heimildum um merki Haukagils, Haukagilsheiðar og Lambatungna.

Auk þeirra heimilda um afmörkun Haukagils, Haukagilsheiðar og Lambatungna sem hér hafa verið nefndar, verður í þessu sambandi einnig litið til gagna um merki aðliggjandi landsvæða. Austan við ágreiningssvæðið liggur ágreiningssvæði vegna Grímstunguheiðar, sem einnig er til umfjöllunar í máli þessu, samanber kafla 6.6. Vestan við ágreiningssvæðið er ágreiningssvæði vegna Víðidalstunguheiðar, sem fjallað er um í máli nr. 3/2013. Þá eru að sunnanverðu landsvæði í Borgarbyggð, sem til umfjöllunar eru í máli nr. 4/2014 hjá óbyggðanefnd. Að norðan liggja óumdeild eignarlönd sem samkvæmt fyrirliggjandi heimildum munu hafa tilheyrt Kornsá, Kornsártungum, Haukagili og Gilhaga, en eins og rakið er í kafla 5.6 var Gilhagi byggður úr Haukagili árið 1847 og mun hafa verið í byggð þar til um 1930. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Haukagilsheiðar með tilliti til ágreiningssvæðis aðila verður fjallað um eignarréttarlega stöðu þess.

Verður nú fyrst litið til norðurmerkja Haukagilsheiðar eins og þeim er lýst í heimildum. Norðurmerkjum Haukagilsheiðar er ekki lýst í lögfestunni frá 20. júní 1789 né heldur í jarðamatinu frá 1849, enda hafði heiðin þá ekki verið seld frá Haukagili. Vegna álitaefna um afmörkun norðurmerkja Haukagilsheiðar til austurs og vesturs skal þó getið hér um það hvernig austur- og vesturmerkjum Haukagils er lýst í lögfestunni. Austurmerkjunum er lýst á þann veg að „Rædur fyrer austann Land

greindrar Jardar AlftaSkalaá frá synumm upp tokumm sudur a Heide og þadann allt ofann j uatnsdalsá Huar Hun Hefur til forna Runned“. Þá er vesturmerkjunum lýst „uestur i Klepps Kuijsl og effter sem Hun Rædur so Langt sem nær þadann framm effter Heidenne effter sem uotnumm hallar til austurs og uesturs mots uid Uijdedalstungu sudur á Hraungarda […].“

Í afsalsbréfi fyrir Haukagilsheiði ásamt hálfum Lambatungum og hálfum Kornsártungum, dags. 8. ágúst 1883 og þingl. 8. júní 1885, segir svo um norðurmerki heiðarinnar: „að norðan ytri Skútalækur frá Álptaskálará, meðan hann fellur beint úr vestri, þaðan frá vestur í Kleppukvísl, en fyrir vestan Kleppukvísl, hálft land móts við Kornsá vestur á heiðamót og fram til hraungarða“. Í afsalsbréfi fyrir ¼ úr Haukagilsheiði, $^{1}/_{8}$ úr Kornsártungum og $^{1}/_{8}$ úr Lambatungum, dags. 28. október 1891 og þingl. 23. júní 1894, er norðurmerkjunum lýst svo: „ad norðan Ytri-Skútalækur, frá Álptaskálará meðan hann fellur beint úr vestri þaðan frá vestur í Kleppakvísl, en fyrir vestan Kleppukvísl hálft land móts við Kornsá, vestur á heiðamót og fram til hraungarða“. Í afsali fyrir hálfri Haukagilsheiði og einum fjórða parti úr Lambatungum, dags. 7. ágúst 1894 og þingl. 24. júlí 1916, er því lýst að merkin séu „að norðanverðu Ytri-Skútalækur meðan hann fellur beint frá vestri í Kleppukvísl“. Merkjunum er ekki lýst lengra til vesturs. Í afsalsbréfi fyrir ¼ úr Haukagilsheiði, dags. 19. apríl 1924 og þingl. 23. júní 1924, segir: „Merki Haukagilsheiðar eru að norðanverðu Ytri-Skútalækur, meðan hann fellur beint úr vestri, þaðan frá vestur í Kleppukvísl“. Í skjalinu er norðurmerkjunum ekki lýst lengra til vesturs en að Kleppukvísl. Í skrá yfir afrétti innan marka Ás- og Sveinsstaðahreppa, dags. 4. maí 1981, segir um norðurmörk Haukagilsheiðar: „Merki að norðan eru Ytri-Skútalækur frá Álku meðan hann fellur beint úr vestri. Þaðan frá vestur í Kleppukvísl og fram til Hraungarða“. Í umfjöllun Gríms Gíslasonar í ritinu *Húnaþing III* frá 1989, segir um norðurmerki Haukagilsheiðar: „Merki heiðarinnar eru að norðan Ytri-Skútalækur meðan hann „fellur beint úr vestri“ og þaðan beint vestur í Kleppukvísl.“ Norðurmerkjunum er ekki lýst lengra til vesturs en síðar segir: „Síðustu áratugi hefir almennt verið talið að norðurmörk heiðarinnar væru úr Kleppuvatni í Kornsárvatn“. Í umfjöllun Jóns Torfasonar í *Árbók Ferðafélags Íslands*, frá árinu 2007, segir að Haukagilsheiði nái „að norðan frá Ytri-Skútalæk og Kleppukvísl“. Norðurmerkjunum er ekki lýst lengra til vesturs en fram kemur að „vesturmörkin móts við Víðidalstunguheiði eru um Heiðmótaás og Hraungarða“. Í stofnskjali, dags. 14. apríl 2008, vegna stofnunar fasteignarinnar Haukagilsheiði og Lambatungur í fasteignaskrá, segir: „Merki að norðan eru Ytri-Skútalækur frá Álftarskálará meðan hann fellur beint úr vestri, þaðan frá vestur í Kleppukvísl og þaðan í Bergárvatn.“

Að austanverðum norðurmerkjum Haukagilsheiðar liggur land sem samkvæmt fyrirliggjandi heimildum hefur tilheyrt Haukagili og Gilhaga. Í landamerkjabréfi fyrir Haukagil, dags. 29. júlí 1890 og þingl. 29. maí 1891, er merkjum að sunnanverðu lýst á þann veg að Álftskálará ráði fram til Fremri-Skútalækjar og frá Skútalæk beint

vestur í há Kleppuhól vestan við Kleppukvísl. Í samningi um sölu Gilhaga, dags. 24. maí 1926, er suðurmerkjum lýst svo: „Að sunnan eru merkin úr Kleppshól austur í Ytri-Skútalæk, þar sem hann fellur austur yfir Þrístapahálsinn og ræður lækurinn merkjum til Álftaskálarár.“

Aðilar máls þessa miða austanverð norðurmörk Haukagilsheiðar við línu sem dregin er frá Álftskálará um Ytri-Skútalæk, sem svo er fylgt meðan hann fellur beint úr vestri, og þaðan frá vestur í Kleppukvísl. Í landamerkjabréfi Haukagils frá 1890 er merkjunum að þessu leyti lýst um Fremri-Skútalæk í Kleppuhól, en Fremri-Skútalækur er sunnar en Ytri-Skútalækur. Flestum öðrum heimildum sem hér hafa verið raktar ber þó saman um að norðurmörk Haukagilsheiðar hafi legið um Ytri-Skútalæk í Kleppukvísl. Að mati óbyggðanefndar er afmörkun málsaðila á Haukagilsheiði til norðurs því í samræmi við fyrirliggjandi heimildir að þessu leyti.

Að vestanverðum norðurmörkum ágreiningssvæðisins liggur land tilheyrandi Kornsártungum. Í landamerkjabréfi Kornsár, dags. 25. maí 1891 og þingl. 28. maí sama ár er því lýst að Kornsá ráði merkjum frá Kornsárvatni og að frá upptökum Kornsár séu merkin yfir Kornsárvatn í Bergárvatn. Þá segir í landamerkjabréfinu: „Auk þessa á Kornsá, móts við Haukagil, hálft það land, sem liggur milli Kornsár- og Kleppu- kvíslar.“ Ekki liggja fyrir í málinu eldri heimildir um afmörkun Kornsár. Ekki er heldur til sérstakt landamerkjabréf fyrir Kornsártungur og verður því að styðjast við aðrar heimildir um afmörkun þeirra til suðvesturs. Í fyrrgreindu afsali Hannesar Þorvarðarsonar á Haukagili til Sigurðar Jónssonar á Lækjarmóti fyrir Haukagilsheiði ásamt hálfum Lambatungum og hálfum Kornsártungum, dags. 8. ágúst 1883, er merkjum hins selda lýst. Þar segir m.a.: „en fyrir vestan Kleppukvísl, hálft land móts við Kornsá vestur á heiðamót og fram til hraungarða“. Ljóst virðist að þessi lýsing taki til Kornsnártungna. Þá er merkjunum eins og áður segir lýst svo í afsalsbréfi fyrir fyrir ¼ úr Haukagilsheiði, $^{1}/_{8}$ úr Kornsártungum og $^{1}/_{8}$ úr Lambatungum, dags. 28. október 1891 og þingl. 23. júní 1894: „en fyrir vestan Kleppukvísl hálft land móts við Kornsá, vestur á heiðamót og fram til hraungarða“. Í skrá yfir afrétti innan marka Ás- og Sveinsstaðahreppa, dags. 4. maí 1981, segir um mörk Kornsártungna: „Úr Bergárvatni eru mörk bein lína yfir Kornsárvatn að upptökum Kornsárkvíslar. Þá Kornsárkvísl að ármótum. Að austan Kleppukvísl um Kleppuvatn fram til Hraungarða.“ Í kafla um Kornsártungur eftir Grím Gíslason í grein hans um Upprekstrarfélag Grímstunguheiðar í ritinu *Húnaþing III* frá 1989 segir að Kornsártungur „takmarkast af Kleppukvísl að austan en af Kornsárkvísl að vestan og mynda því fleyglagað svæði frá ármótum kvíslanna fram að vötnunum, Kleppuvatni og Kornsárvatni, en þar eru upptök kvíslanna.“ Einnig segir: „Merki milli Kornsártungna og Haukagilsheiðar eru ekki ótvíræð, eins og áður er sagt um Haukagilsheiði. Í vitund manna er skammhlið þess þríhyrnings sem kvíslarnar mynda sjónhending milli afrennslis þeirra úr vötnunum og því suðurmörk þessa svæðis. Í raun skiptir hér engu máli um merki þessara landsvæða nema séu Kornsártungur

taldar ná fram á Hraungarða verður hlutur Þverárhrepps minni í heildinni þar sem hann á ¼ í Haukagilsheiði en aðeins $^{1}/_{8}$ í Kornsártungum.“

Aðilar máls þessa miða vestanverð norðurmerki Haukagilsheiðar gagnvart Kornsnártungum við línu sem dregin er frá Kleppuvatni til norðvesturs um Heiðamótaás í Kornsárvatn. Sú afmörkun er í samræmi við þá lýsingu Gríms Gíslasonar í ritinu *Húnaþing III* að það sé sjónhending milli afrennslis annars vegar Kleppukvíslar úr Kleppuvatni og hins vegar Kornsárkvíslar úr Kornsárvatni sem ráði umræddum mörkum. Ýmsar aðrar heimildir sem hér hafa verið raktar og varða mörk Kornsártungna benda aftur á móti til þess að þær hafi verið taldar ná lengra til suðvesturs, þ.e. að Bergárvatni og Hraungörðum. Verður landamerkjabréf Kornsár, dags. 25. maí 1891, ekki talið mæla gegn því að svo hafi verið, þó svo að þar komi fram að Kornsártungur liggi milli Kornsár og Kleppukvíslar, enda er suðvesturmörkum Kornsártungna ekki lýst í bréfinu. Þá benda margar af þeim eldri heimildum sem liggja fyrir um Haukagilsheiði til þess að hún hafi ekki verið talin ná alla leið norður að umræddri línu, sem dregin er milli Kleppuvatns og Kornsárvatns. Þannig er merkjum Haukagils að vestanverðu lýst í lögfestunni frá 20. júní 1789 um Kleppukvísl („Klepps Kuijsl“) „og effter sem Hun Rædur so Langt sem nær þadann fram effter Heidenne effter sem uotnumm hallar til austurs og uesturs mots uid Uijdedalstungu sudur á Hraungarda“. Merkjunum er þannig ekki lýst til norðvesturs í Kornsárvatn frá Kleppukvísl og Kleppuvatni heldur bendir orðalag hennar til þess að merkin hafi verið talin liggja frá Kleppuvatni áfram til suðurs og vesturs í Hraungarða. Áður tilvitnuð afsöl frá seinni hluta 19. aldar og fyrri hluta þeirrar 20. benda til hins sama, sem og lýsing afréttarskrárinnar frá 4. maí 1981. Þá kann frásögn Gríms Gíslasonar í ritinu *Húnaþing III* frá 1989, þar sem hann segir: „Síðustu áratugi hefir almennt verið talið að norðurmörk heiðarinnar væru úr Kleppuvatni í Kornsárvatn“, að benda til þess að það hafi ekki verið fyrr en á 20. öld sem menn fóru að líta svo á að merki milli Haukagilsheiðar og Kornsártungna lægju með umræddum hætti. Þess ber þó að gæta í þessu samhengi að Grímur tekur jafnframt fram í ritinu að merkin milli Kornsrártungna og Haukagilsheiðar séu „ekki ótvíræð“.

Óbyggðanefnd telur að framangreindar heimildir bendi til að það hafi ekki verið fyrr en komið var fram á 20. öld sem farið var að líta svo á að land Haukagilsheiðar næði norður að línunni sem dregin er milli Kleppuvatns og Kornsárvatns og þaðan í Bergárvatn, heldur benda heimildir til að land Kornsártungna hafi verið talið ná vestur fyrir þá línu. Lögfestan frá 20. júní 1789 og afsölin frá seinni hluta 19. aldar og fyrri hluta þeirrar 20. benda að mati óbyggðanefndar helst til þess að mörkin milli Haukagilsheiðar og Kornsártungna hafi legið um línu sem dregin er frá Kleppuvatni og þaðan til suðvesturs að vatnaskilum. Síðari tíma heimildum ber ekki saman um mörk heiðarinnar að þessu leyti. Þannig fær afmörkun málsaðila samræmst lýsingu Gríms Gíslasonar í ritinu *Húnaþing III* frá árinu 1989. Í stofnskjali, dags. 14. apríl 2008, vegna stofnunar fasteignarinnar Haukagilsheiði og Lambatungur

í fasteignaskrá , er línan aftur á móti dregin beint frá Kleppukvísl í Bergárvatn en ekki um Kornsárvatn.

Þegar framangreint er virt í heild telur óbyggðanefnd óhjákvæmilegt að líta svo á að norðvestasti hluti ágreiningssvæðisins vegna Haukagilsheiðar sé landsvæði sem tilheyrði áður Kornsártungum en ekki Haukagilsheiði. Nánar tiltekið er þar um að ræða þann hluta ágreiningssvæðisins sem liggur norðvestan línu sem dregin er frá Kleppuvatni til suðvesturs á Hraungarða. Þar sem fyrir liggja gögn frá Veðurstofu Íslands sem sýna upptök Kleppukvíslar við Hraungarða verður nánar tiltekið við það miðað að línan sé dregin frá Kleppuvatni um þau upptök í Hraungarða. Er sú afmörkun umræddrar línu að mati óbyggðanefndar í bestu samræmi við framangreindar heimildir um að Kornsártungur liggi milli Kleppukvíslar og Kornsár. Þar sem þessi hluti ágreiningssvæðisins liggur að mati óbyggðanefndar utan marka Haukagilsheiðar en innan marka Kornsártungna er óhjákvæmilegt að eignarréttarleg staða umrædds hluta ágreiningssvæðisins ráðist af heimildum um Kornsártungur en ekki heimildum um Haukagilsheiði, en nánar verður fjallað um það síðar. Í þessu sambandi skal einnig áréttað að Kornsártungur liggja að nokkrum hluta utan þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins. Nánar tiltekið er þar um að ræða það svæði sem afmarkast af Kornsá, Kleppukvísl og línunni sem dregin er milli Kornsárvatns og Kleppuvatns.

Verður næst litið til austurmerkja Haukagils og Haukagilsheiðar, sem jafnframt eru vesturmörk Lambatungna. Austurmerkjum Haukagils er lýst svo í lögfestu fyrir Haukagil, dags. 20. júní 1789: „Rædur fyrer austann Land greindrar Jardar AlftaSkalará frá synumm upp tokumm sudur a Heide og þadann allt ofann j uatnsdalsá Huar Hun Hefur til forna Runned“. Lögfestan greinir þannig frá því að Álftskálará hafi ráðið merkjum Haukagils til upptaka en austurmörkunum er ekki lýst sunnan upptakanna. Í afsali fyrir Haukagilsheiði, dags. 8. ágúst 1883 og þingl. 8. júní 1885, segir: „að austan ræður Álptaskálará út að Skútalæk ytri“. Austurmerkjum er ekki lýst í afsali fyrir ¼ úr Haukagilsheiði, ¼ hluta úr hálfum Kornsártungum og ¼ hluta úr hálfum Lambatungum, dags. 28. október 1891 og þingl. 23. júní 1894. Í skrá yfir afrétti innan marka Ás- og Sveinsstaðahreppa, dags. 4. maí 1981, kemur fram að Haukagilsheiði sé vestan Álku en austurmerkjum er að öðru leyti ekki lýst. Í umfjöllun Gríms Gíslasonar í ritinu *Húnaþing III* frá 1989 segir að Álka sé austan Haukagilsheiðar en austurmerkjum er ekki lýst að öðru leyti. Í stofnskjali, dags. 14. apríl 2008, vegna stofnunar fasteignarinnar Haukagilsheiði og Lambatungur í fasteignaskrá, er merkjum Haukagilsheiðar og Lambatungna lýst sameiginlega og án aðgreiningar þar á milli. Þar kemur fram að Haukagilsheiði og Lambatungur séu vestan við Bríkarkvísl og Álftskálará eftir að Bríkarkvísl fellur í hana.

Austan við Álfskálará eru Lambatungur. Verða því næst skoðaðar heimildir um vesturmerki Lambatungna. Elsta fyrirliggjandi heimild um þau er skrá yfir afrétti innan marka Upprekstrarfélags Ás- og Sveinsstaðahreppa, dags. 4. maí 1981. Þar segir

að Lambatungur séu milli Bríkarkvíslar og Álku. Þá segir: „Vesturmerki frá upptökum Álku suður á fjórðungsmörk.“ Í ritinu *Göngur og réttir II* frá árinu 1949 kemur fram að Álftskálará skilji að Lambatungur og Haukagilsheiði. Þá segir í umfjöllun Gríms Gíslasonar um Lambatungur í ritinu *Húnaþing III* frá 1989: „Lambatungur er svæði það er verður til frá ármótum Bríkarkvíslar og Álku, milli ánna, fram um heiðina allt að Stórasandi“. Í *Árbók Ferðafélags Íslands* frá árinu 2007 segir: „Bríkarkvísl kemur undan sandinum við Lambamannasandfell (703 m) og rennur langa leið um vestanverða Grímstunguheiði í Álku en Lambatungur nefnist svæðið milli þessara kvísla.“

Gagnaðilar íslenska ríkisins hafa lýst sameiginlega kröfum vegna Haukagilsheiðar og Lambatungna án þess að greint sé á milli svæðanna í kröfugerð þeirra. Miðast kröfugerðin við að Haukagilsheiði og Lambatungur séu vestan við Bríkarkvísl og Álftskálará eftir að Bríkarkvísl fellur í hana. Austurmerkjum er ekki lýst að öðru leyti í kröfugerð gagnaðila ríkisins en af hálfu þeirra hefur kröfulínan þó verið dregin áfram til suðurs frá upptökum Bríkarkvíslar og að sveitarfélaga- og sýslumörkum.

Þeim heimildum sem hér hafa verið raktar ber öllum saman um að Álftskálará (Álka) ráði vesturmerkjum Lambatungna. Þá benda heimildirnar að mati óbyggðanefndar til þess að austurmörk Haukagilsheiðar hafi legið um Álftskálará til upptaka hennar. Austurmerkjunum er ekki lýst lengra til suðurs í fyrirliggjandi heimildum. Það hversu langt til suðurs austurmerki Haukagils/Haukagilsheiðar, og jafnframt vesturmerki Lambatungna, verða talin ná ræðst m.a. af heimildum um suðurmerki svæðanna. Verður því nánar fjallað um það hversu langt til suðurs þau verði talin ná í umfjöllun um suðurmerkin hér á eftir.

Næst verður litið til vesturmerkja Haukagilsheiðar. Í lögfestunni fyrir Haukagil, dags. 20. júní 1789, er mörkum lýst um Kleppukvísl („Klepps Kuijsl“) og „effter sem Hun Rædur so Langt sem nær þadann framm effter Heidenne effter sem uotnumm hallar til austurs og uesturs mots uid Uijdedalstungu sudur á Hraungarda og Effter þeim allt motz uid SunnLendinga Landar Eygn.“ Í afsalinu fyrir Haukagilsheiði ásamt hálfum Lambatungum og hálfum Kornsártungum, dags. 8. ágúst 1883 og þingl. 8. júní 1885, er merkjum lýst „vestur á heiðamót og fram til hraungarða, þaðan til suðurs á fjórðungamót“. Í afsali fyrir ¼ úr Haukagilsheiði, ¼ hluta úr hálfum Kornsártungum og ¼ hluta úr hálfum Lambatungum, dags. 28. október 1891 og þingl. 23. júní 1894, er merkjum lýst „vestur á heiðamót og fram til hraungarða“. Í ritinu *Göngur og réttir II* frá 1949 kemur fram að merki milli Víðidalstunguheiðar og Haukagilsheiðar séu „lína sem horfir frá Fremrihlíðarklettum að Bláfelli á Stórasandi.“ Í ritinu *Föðurtún* eftir Pál Kolka frá 1950 kemur fram að Haukagilsheiði liggi „að Heiðarmótaás suður af Víðidalsfjalli“. Í skrá yfir afrétti innan marka Ás- og Sveinsstaðahreppa, dags. 4. maí 1981, er vesturmerkjum Haukagilsheiðar lýst „vestur í Kleppukvísl og fram til Hraungarða.“ Einnig segir: „Að sunnan eru fjórðungsmörk.“

Í umfjöllun Gríms Gíslasonar um Haukagilsheiði í ritinu *Húnaþing III* frá árinu 1989 kemur fram að Víðidalstunguheiði sé vestan Haukagilsheiðar. Þá er í umfjöllun um vesturmerkin rætt um sjónhendingu í Bláfell, sem sé norðaustur af Réttarvatni, og þaðan í fjórðungsmörk á móti Borgfirðingum. Tekið er fram að þetta séu „sem næst leitarmörk á móti Víðdælingum“. Þá segir: „Prentaðar heimildir eru til um það að merki Haukagilsheiðar séu frá Kleppukvísl fram til Hraungarða en þar séu Kornsártungur á milli vestur til Víðidalstunguheiðar. Ekki er þarna um landfræðileg merki að ræða og ekki tilgreint hvar þau séu á Hraungörðum og því óljóst.“ Í *Árbók Ferðafélags Íslands* frá árinu 2007 kemur fram að vesturmörkin séu „fram af Víðidalsfjalli um Heiðmótaás og sjónhending til Bláfells norðan Langjökuls.“ Í stofnskjali, dags. 14. apríl 2008, vegna stofnunar fasteignarinnar Haukagilsheiði og Lambatungur í fasteignaskrá segir: „Vesturmörk eru úr miðju Bergárvatni suður eftir sýslumörkum fram til Hraungarðs.“

Vestan við ágreiningssvæðið vegna Haukagilsheiðar er ágreiningssvæði vegna Víðidalstunguheiðar, nánar tiltekið svonefndrar Austurheiðar, sem fjallað er um í máli nr. 3/2013. Þar er komist að þeirri niðurstöðu að austurmörk Víðidalstunguheiðar liggi um Hraungarða allt til suðurenda þeirra en afmörkun gagnaðila íslenska ríkisins á Víðidalstunguheiði lengra til suðurs en sem nemur suðurenda Hraungarða eigi sér stoð í landamerkjabréfi Víðidalstungu en aftur á móti ekki í þeim eldri heimildum sem liggja fyrir þar um.

Gagnaðili íslenska ríkisins miðar vesturmörk Haukagilsheiðar við línu sem dregin er „úr miðju Bergárvatni suður eftir sýslumörkum fram til Hraungarðs“. Einnig segir í kröfulýsingu gagnaðilans: „Að sunnan eru fjórðungsmörk“. Þá hefur komið fram af hálfu gagnaðilans að staðsetning kröfulínunnar vegna vesturmarka Haukagils miðist við landamerkjabréf Víðidalstungu frá 1890.

Í framangreindum heimildum er vesturmerkjum Haukagils og síðar Haukagilsheiðar jafnan lýst suður á Hraungarða. Að mati óbyggðanefndar benda þær heimildir sem hér hafa verið raktar til þess að vesturmörk Haukagilsheiðar hafi legið um Hraungarða svo langt suður sem þeir ná en það hvort vesturmerkin nái lengra til suðurs þarfnast nánari skoðunar. Það ræðst m.a. af heimildum um suðurmerki svæðisins. Verður því nánar fjallað um það hversu langt til suðurs þau verði talin ná í umfjöllun um suðurmerkin hér á eftir. Áður en grein verður gerð fyrir suðurmörkunum er þó samhengisins vegna rétt að gera grein fyrir austurmerkjum Lambatungna.

Verður nú litið til austurmerkja Lambatungna en þær liggja sem fyrr segir austan Haukagilsheiðar. Í lögfestu Halls Ólafssonar fyrir Grímstungu, dags. 10. maí 1726, kemur fram að Lambatungur séu „vestann Brykarkvýsl, mótz vid Haukagils menn“. Hið sama kemur fram í lögfestu fyrir Grímstungu, dags. 16. júní 1779. Í ritinu *Göngur og réttir II* frá 1949 kemur fram að Bríkarkvísl skilji Grímstunguheiði og Lambatungur. Í skrá yfir afrétti innan marka Upprekstrarfélags Ás- og

Sveinsstaðahreppa, dags. 4. maí 1981, segir að Lambatungur séu milli Bríkarkvíslar og Álku. Í umfjöllun Gríms Gíslasonar um Lambatungur í ritinu *Húnaþing III* frá 1989, segir: „Lambatungur er svæði það er verður til frá ármótum Bríkarkvíslar og Álku, milli ánna, fram um heiðina allt að Stórasandi“. Í *Árbók Ferðafélags Íslands* frá árinu 2007 segir: „Bríkarkvísl kemur undan sandinum við Lambamannasandfell (703 m) og rennur langa leið um vestanverða Grímstunguheiði í Álku en Lambatungur nefnist svæðið milli þessara kvísla.“ Í stofnskjali, dags. 14. apríl 2008, vegna stofnunar fasteignarinnar Haukagilsheiði og Lambatungur í fasteignaskrá, er lýst sameiginlega merkjum Haukagilsheiðar og Lambatungna en þar segir: „Haukagilsheiði og Lambatungur eru vestan við Bríkarkvísl og Álftskálará eftir að Bríkarkvísl fellur í hana“.

Þeim heimildum sem hér hafa verið raktar ber öllum saman um að Bríkarkvísl ráði austurmerkjum Lambatungna. Þar austan við liggur sem fyrr segir ágreiningssvæði íslenska ríkisins og gagnaðila þess vegna Grímstunguheiðar, sem fjallað er um í kafla 6.6 hér að framan. Þar er komist að þeirri niðurstöðu að Bríkarkvísl ráði vesturmerkjum Grímstunguheiðar til upptaka.

Gagnaðilar íslenska ríkisins í máli þessu hafa lýst sameiginlega kröfum vegna Haukagilsheiðar og Lambatungna án þess að gera grein fyrir merkjum þar á milli. Kröfugerð þeirra miðast þó við að Bríkarkvísl ráði austurmerkjum hins sameiginlega kröfusvæðis. Af hálfu þeirra er kröfulínan síðan dregin áfram til suðurs að sýslu- og sveitarfélagamörkum. Afmörkun gagnaðila íslenska ríkisins á austurmerkjum Haukagilsheiðar og Lambatungna um Bríkarkvísl að upptökum hennar er samkvæmt því sem hér hefur verið rakið í samræmi við heimildir um austurmerki Lambatungna. Afmörkun austurmerkjanna lengra til suðurs á sér aftur á móti ekki stoð í heimildum um merki Lambatungna. Nánar verður fjallað um það hversu langt til suðurs Lambatungur teljist ná í umfjöllun um suðurmerki svæðisins.

Loks verður fjallað um suðurmörk Haukagilsheiðar og Lambatungna. Sem fyrr segir lýsir elsta fyrirliggjandi heimild um mörk Haukagils, þ.e. lögfestan, dags. 20. júní 1789, merkjum „sudur á Hraungarda og Effter þeim allt motz uid SunnLendinga Landar Eygn.“ Í jarðamatinu frá 1849 segir: „Jörðin á afrjett, kallaða Haukagilsheiði, sem nær fram að Sandi og er í millum Grímstungu heiðar að austan og Víðidalstungu heiðar að vestan“. Í umsögn Eiríks Briem, setts prófasts í Húnavatnsprófastsdæmi, dags. 27. febrúar 1877, vegna erindis séra Hjörleifs Einarssonar til stiftsyfirvalda varðandi Haukagilsheiði, tekur hann fram að Haukagilsheiði liggi „fyrir vestan Álptarskálará suður að Sandi“. Í afsalinu fyrir Haukagilsheiði, dags. 8. ágúst 1883 og þingl. 8. júní 1885, er merkjunum lýst „suður á fjórðungamót“. Suðurmerkjunum er ekki lýst í afsali fyrir ¼ úr Haukagilsheiði, ¼ hluta úr hálfum Kornsártungum og ¼ hluta úr hálfum Lambatungum, dags. 28. október 1891 og þingl. 23. júní 1894, né heldur í afsali, dags. 7. ágúst 1894 og þingl. 24. júlí 1916. Í skrá yfir afrétti innan marka Ás- og Sveinsstaðahreppa, dags. 4. maí 1981, segir um mörk Haukagilsheiðar:

„Að sunnan eru fjórðungsmörk“. Þá segir í umfjöllun Gríms Gíslasonar um Haukagilsheiði í ritinu *Húnaþing III* frá árinu 1989: „Síðustu áratugi hefir almennt verið talið að norðurmörk heiðarinnar væru úr Kleppuvatni í Kornsárvatn en vesturmörk úr Kornsárvatni (eða jafnvel Fremrihlíðarklettum sem þó fæst ekki staðist) sjónhending í Bláfell sem er norðaustur af Réttarvatni og þaðan á fjórðungamörk á móti Borgfirðingum. Eru þetta sem næst leitarmörk á móti Víðdælingum“. Í lýsingu Jóns Torfasonar í *Árbók Ferðafélags Íslands* frá árinu 2007 kemur fram í umfjöllun sem tekur sameiginlega til heiðanna á svæðinu að suðursmörk heiðanna séu „Langjökull og síðan lína frá Krák á Sandi vestur í Bláfellstjörn.“ Bláfellstjörn er nærri sveitarfélaga- og sýslumörkum á suðurmörkum ágreiningssvæðisis. Í stofnskjali, dags. 14. apríl 2008, vegna stofnunar fasteignarinnar Haukagilsheiði og Lambatungur í fasteignaskrá segir: „Að sunnan eru fjórðungsmörk, sbr. kaupsamninga og afsöl.“ Í skjali, dags. 20. júní 2012, sem ber yfirskriftina „Yfirlýsing um landamerki milli Arnarvatnsheiðar í Borgarbyggð annars vegar og Grímstunguheiðar, Haukagilsheiðar/Lambatungna og Forsæludalskvísla í Húnavatnshreppi hins vegar“, ásamt meðfylgjandi uppdrætti, eru mörk milli Haukagilsheiðar/Lambatungna og Arnarvatnsheiðar í Borgarbyggð dregin um línu sem dregin er beina stefnu frá Réttarvatnstanga til austurs í átt að Lyklafelli. Skjalið er undirritað vegna bæði Haukagilsheiðar/Lambatungna og Arnarvatnsheiðar.

Suðurmerkjum Lambatungna er ekki lýst í elstu heimildum sem taka til merkja Lambatungna. Elsta heimildin þar sem getið er um suðurmerkin er skrá yfir afrétti innan marka Upprekstrarfélags Ás- og Sveinsstaðahreppa, dags. 4. maí 1981, en þar segir: „Lambatungur eru milli Bríkarkvíslar og Álku. Vesturmerki frá upptökum Álku suður á fjórðungsmörk.“ Í stofnskjali, dags. 14. apríl 2008, vegna stofnunar fasteignarinnar Haukagilsheiði og Lambatungur í fasteignaskrá, er lýst sameiginlega merkjum Haukagilsheiðar og Lambatungna en þar segir um suðurmerkin: „Að sunnan eru fjórðungsmörk, sbr. kaupsamninga og afsöl“. Í yfirlýsingu um landamerki milli Arnarvatnsheiðar í Borgarbyggð annars vegar og Grímstunguheiðar, Haukagilsheiðar/Lambatungna og Forsæludalskvísla í Húnavatnshreppi hins vegar, dags. 20. júní 2012, ásamt meðfylgjandi uppdrætti, eru mörk milli Haukagilsheiðar/Lambatungna og Arnarvatnsheiðar í Borgarbyggð dregin um línu sem dregin er beina stefnu frá Réttarvatnstanga til austurs í átt að Lyklafelli. Skjalið er undirritað vegna bæði Haukagilsheiðar/Lambatungna og Arnarvatnsheiðar.

Sunnan við ágreiningssvæðið vegna Haukagilsheiðar og Lambatungna er landsvæði á Arnarvatnsheiði í Borgarbyggð, sem til meðferðar er í máli nr. 4/2014 hjá óbyggðanefnd. Í fyrrnefndu skjali, dags. 20. júní 2012, er vísað í landamerkjabréf, dags. 26. janúar 1886, og kaupsaming, dags. 6. júlí 1901, fyrir Arnarvatnsheiði. Í tilvitnuðu landamerkjabréfi „fyrir heiðarlandinu Arnarvatnsheiði“, dags. 26. janúar 1886, er merkjunum lýst úr „Rjettarvatnstanga sjónhendingu fyrir norðan Álftavötn og

Fljótadrög uppí Lyklafell (Krák á Sandi)“. Bréfið er m.a. áritað um samþykki af Sigurði Jónssyni, sem þar er sagður vera eigandi Haukagilsheiðar.

Í elstu fyrirliggjandi heimild um merki Haukagils, þ.e. lögfestunni fyrir Haukagil, dags. 20. júní 1789, er merkjum samkvæmt framansögðu lýst „allt motz uid SunnLendinga Landar Eygn.“ Í þessu sambandi skal þess getið að landsvæðið á Arnarvatnsheiði sem liggur sunnan við ágreiningssvæði máls þessa vegna Haukagilsheiðar og tilheyrir Borgarbyggð tilheyrði Sunnlendingafjórðungi samkvæmt hinni fornu skiptingu landsins í fjórðunga. Þá greina sumar aðrar heimildir sem liggja fyrir í málinu frá því að Haukagilsheiði hafi náð suður á „fjórðungamót“, „fjórðungsmörk“ eða „fjórðungamörk“. Þar á meðal er afsalið frá árinu 1883 þar sem Haukagilsheiði var seld frá jörðinni Haukagili. Á hinn bóginn kemur fram í jarðamatinu frá 1849 að Haukagilsheiði nái „fram að Sandi“ og í tilvitnaðri umsögn Eiríks Briem, setts prófasts í Húnavatnsprófastsdæmi, dags. 27. febrúar 1877, kemur fram að Haukagilsheiði nái „suður að Sandi“. Í a.m.k. tveimur heimildum frá miðri 20. öld og síðar er merkjunum síðan lýst um Bláfell. Í afsalinu frá árinu 1891 er suðurmerkjum aftur á móti ekki lýst.

Sunnan við upptök Álftskálarár og suðurenda Hraungarða tekur Stórisandur við. Bláfell liggur við suðvestanverðan Stórasand og fremur nærri suðurmörkum ágreiningssvæðisins.

Það sem hér er einkum til athugunar í umfjöllun um merki Haukagils og Haukagilsheiðar er m.a. það hvort ágreiningssvæðið hafi samkvæmt fyrirliggjandi heimildum tilheyrt jörðinni Haukagili að hluta eða heild. Sem fyrr segir var Haukagilsheiði seld undan Haukagili með afsali, dags. 8. ágúst 1883. Það er því einkum afmörkunin í afsalinu sjálfu og heimildir um mörk Haukagils fram til þess tíma sem varpa ljósi á hvort og þá að hvaða marki heiðin hafi talist vera hluti af jörðinni Haukagili. Er þar einungis um að ræða lögfestuna frá 20. júní 1789, og jarðamatið frá 1849 auk umsagnar Eiríks Briem prófasts, dags. 27. febrúar 1877. Í lögfestunni er merkjunum lýst „sudur á Hraungarda og Effter þeim allt motz uid SunnLendinga Landar Eygn“, en hinar tvær síðasttöldu heimildir lýsa því að Haukagilsheiði nái suður að Stórasandi. Að mati óbyggðanefndar mæla jarðamatið og umsögn prófastsins því í mót að land Haukagils hafi náð allt suður að fjórðungsmörkum, svo sem e.t.v. mætti annars ráða af lögfestunni. Þá er í þessu sambandi til þess að líta að eins og nánar verður vikið að síðar er vægi lögfestna, sem sönnunargagna um beinan eignarrétt, almennt minna en t.a.m. landamerkjabréfa jarða. Þá hafa atriði á borð við staðhætti, gróðurfar, fjarlægð frá byggð og nýting viðkomandi landsvæðis einnig áhrif á sönnunarmatið.

Samkvæmt rannsókn sem Veðurstofa Íslands vann fyrir óbyggðanefnd vegna úrlausnar máls þessa eru upptök Álftskálarár staðsett gegnt Álkulóni og eru ætluð upptök meginupptakakvíslar árinnar skammt vestan lónsins. Þaðan eru yfir 15 km í beinni loftlínu að suðurmörkum ágreiningssvæðisins og fjarlægðin frá ætlaðri legu

suðurenda Hraungarða að mörkum ágreiningssvæðisins er enn lengri. Fjarlægðin frá ætluðum upptökum meginupptakakvíslar Álftskálarár og vestur að kröfulínunni vegna Haukagilsheiðar, eins og hún er afmörkuð af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins, er aftur á móti innan við 2 km. Óbyggðanefnd telur því að vafi leiki á um að túlka beri orðalag lögfestunnar frá 20. júní 1789 þar sem merkjum er lýst „sudur á Hraungarda og Effter þeim allt motz uid SunnLendinga Landar Eygn“ á þann veg að þar sé í reynd verið að lýsa mörkum jarðarinnar allt suður að fjórðungsmörkum. Er í því sambandi m.a. horft til þess að syðsti punktur þeirra austurmerkja sem lýst er í lögfestunni eru upptök Álftskálarár, sem eins og áður segir eru yfir 15 km norðan við suðurmörk ágreiningssvæðisins og ætlaða legu hinna fornu fjórðungsmarka. Einnig er litið til þess að fjarlægðin frá suðurenda Hraungarða suður að suðurmörkum ágreiningssvæðisins er enn meiri. Það fær því tæplega staðist að Hraungarðar geti hafa ráðið vesturmerkjum Haukagils allt suður að fjórðungsmörkunum.

Í ljósi þeirra fjarlægða sem hér um ræðir og annarra staðhátta á svæðinu hefði auk þess verið fullt tilefni til að tilgreina með hvaða hætti merkin væru dregin frá suðurenda Hraungarða og upptaka Álftskálarár suður á fjórðungsmörk, ef ætlunin hefði verið að lýsa merkjunum svo langt til suðurs með lögfestunni. Skal þess getið í því sambandi að land Haukagilsheiðar mjókkar til suðurs er nær dregur upptökum Álftskálarár og suðurenda Hraungarða en land Lambatungna breikkar aftur á móti eftir því sem sunnar dregur þar austan við. Ef markalínur Haukagilsheiðar sem samkvæmt framansögðu liggja um Hraungarða að suðurenda þeirra og Álftskálará til upptaka hennar væru framlengdar áfram til suðurs í sömu stefnu sköruðust þær við sunnanvert landsvæði það sem gerð er eignarréttarkrafa til vegna Víðidalstunguheiðar, samanber umfjöllun óbyggðanefndar í máli nr. 3/2013, en gagnaðilum íslenska ríkisins í þessu máli og því máli ber saman um hvernig mörkin skuli dregin milli annars vegar ágreiningssvæðis vegna Víðidalstunguheiðar og hins vegar vegna Haukagilsheiðar.

Við mat á sönnunargildi lögfestunnar verður auk þessa að líta til þess að lögfestan fól í sér einhliða lýsingu eiganda Haukagils og ekkert bendir til að neinn annar hafi á þeim tíma kallað til réttinda á svæðinu sunnan upptaka Álftskálarár og suðurenda Hraungarða en norðan fjórðungsmarka og hafi haft tilefni til að mótmæla lögfestunni af þeim sökum. Sönnunargildi lögfestunnar er af þessum ástæðum að mati óbyggðanefndar minna hvað varðar suðurmörk Haukagils heldur en hvað varðar merki jarðarinnar að öðru leyti. Sjálfstæð þýðing afmörkunar í afsalinu, dags. 8. ágúst 1883, er takmörkuð af sömu ástæðum. Ennfremur skal þess getið í þessu sambandi að frá bæjarstæði Haukagils suður að upptökum Álftskálarár og suðurenda Hraungarða eru yfir 25 km í beinni loftlínu en þar sunnan við tekur við Stórisandur, þar sem gróður er mun minni en á svæðinu þar norðan við. Með hliðsjón af öllum þessum atriðum telur óbyggðanefnd að téð lögfesta veiti því ekki viðhlítandi stoð að merki Haukagils hafi náð allt að suðurmörkum ágreiningssvæðis máls þessa. Hið sama er að

segja um afsalið, dags. 8. ágúst 1883, og ber í því sambandi einnig að líta til þeirrar meginreglu eignarréttar að sá sem afsalar getur ekki ráðstafað meiri réttindum með afsalinu en sannarlega eru á hans hendi áður en sú ráðstöfun fer fram.

Hvað varðar Lambatungur þá liggja samkvæmt framansögðu ekki fyrir neinar heimildir sem eru eldri en afréttarskráin frá 1981 sem lýsa merkjum Lambatungna allt suður að fjórðungsmörkum, þrátt fyrir að fyrir liggi heimildir allt aftur til 18. aldar sem taka að einhverju leyti til merkja Lambatungna. Óbyggðanefnd telur að þegar horft er til þess að engar eldri heimildir styðja það að merki Lambatungna hafi náð lengra til suðurs en að upptökum Bríkarkvíslar og Álftskálarár sé ekki unnt að fallast á að krafa gagnaðila íslenska ríkisins um beinan eignarrétt á landi lengra til suðurs eigi sér stoð í heimildum um merki Lambatungna. Um þetta er einnig vísað til umfjöllunar um vesturmerki Grímstunguheiðar í kafla 6.6, sem og eftir því sem við á til þeirra atriða sem að framan eru rakin varðandi suðurmörk Haukagilsheiðar. Verður því gengið út frá því hér að mörk Lambatungna til suðurs miðist við upptök Bríkarkvíslar og Álftskálarár og línu sem dregin er þar á milli. Um önnur atriði sem varða kröfu gagnaðila íslenska ríkisins um eignarrétt á landi sunnan þeirrar línu og suður að sýslu- og sveitarfélagamörkum verður fjallað síðar.

Með vísan til þess sem hér hefur verið rakið er það mat óbyggðanefndar að fyrirliggjandi heimildir styðji að mörk Haukagils hafi náð suður að upptökum Álftskálarár og suðurenda Hraungarða sem og það að mörk Lambatungna hafi náð suður að upptökum Álftskálarár og Bríkarkvíslar. Að mati nefndarinnar verður því aftur á móti ekki fundin viðhlítandi stoð í heimildunum að mörk Haukagils og Lambatungna hafi náð lengra til suðurs en sem því nemur. Verður því við það miðað í eftirfarandi umfjöllun að mörk Haukagils og Lambatungna hafi náð suður að umræddum kennileitum og línu sem dregin er beina stefnu þar á milli. Um staðsetningu upptaka Álftskálarár og Bríkarkvíslar er miðað meginupptakakvíslar viðkomandi áa í samræmi við fyrirliggjandi gögn frá Veðurstofu Íslands þar að lútandi. Krafa gagnaðila íslenska ríkisins um að merki Haukagilsheiðar og beinn eignarréttur þeirra nái lengra til suðurs en að upptökum Álftskálarár og suðurenda Hraungarða verður því ekki talin geta stuðst við heimildir um afmörkun jarðarinnar Haukagils. Að sama skapi verður krafa gagnaðila íslenska ríkisins um að merki Lambatungna og beinn eignarréttur nái lengra til suðurs en sem nemur upptökum Álftskálarár og Bríkarkvíslar ekki talin geta stuðst við heimildir um afmörkun Lambatungna. Um önnur atriði sem kröfur þessar eru studdar við verður fjallað síðar.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða þess landsvæðis sem deilt er um. Svo sem fram kemur í kafla 6.2 er því ekki lýst í Landnámu hversu langt upp til fjalla og inn til lands landnám á þessu svæði náði. Verða því engar afdráttarlausar ályktanir af þeim frásögnum dregnar. Sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga verður þó að telja ólíklegt að umrætt landsvæði hafi verið

numið í heild þó að svo kunni að hátta til með hluta þess, einkum nyrðri hlutann. Vafi um þetta atriði hlýtur að vaxa eftir því sem lengra er komið inn til landsins. Óvissa um aðferðir við landnám er þó of mikil til þess að hægt sé að fullyrða um stærð landnáma á þeim grundvelli, sbr. umfjöllun um landnám í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*.

Um almenna þýðingu hugtakanna jörð og afrétt(ur) við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirliggjandi dóma Hæstaréttar og *Almennra niðurstaðna óbyggðanefndar*, í viðauka. Við mat á eignarréttarlegri stöðu landsvæða skiptir almennt mestu máli hvort viðkomandi svæði sé eða hafi verið jörð eða hluti af jörð samkvæmt fyrirliggjandi heimildum. Þá liggur fyrir að landsvæði hverrar jarðar hefur frá öndverðu borið að afmarka með landamerkjum. Landamerkjabréf hafa þó bæði verið gerð fyrir jarðir og annars konar réttindasvæði, svo sem ítök og afrétti(r). Það á einnig við um aðrar tegundir heimilda um merki landsvæða en auk landamerkjabréfa er t.a.m. algengt að merkjum landsvæða sé lýst í máldögum, vísitasíum og lögfestum. Landamerkjabréf jarða hafa almennt haft ríkara vægi en aðrar heimildir sem sönnunargögn um beinan eignarrétt og í fyrirliggjandi dómum og úrskurðum hefur að meginreglu verið komist að þeirri niðurstöðu að þau afmarki eignarlönd. Lönd utan jarða, þar á meðal afréttarlönd, hefur á hinn bóginn að meginreglu verið talin þjóðlendur. Notkun hugtaksins afrétt(ur) í landamerkjabréfi og/eða öðrum heimildum hefur þó ekki úrslitaþýðingu um að þar sé þjóðlenda, enda hefur merking þess ekki verið einhlít. Slíkt landsvæði er því eftir atvikum eignarland eða þjóðlenda. Á meðal þeirra atriða sem máli skipta við mat á stofnun og viðhaldi eignarréttar er eignarréttarleg staða aðliggjandi landsvæða. Jafnframt er mögulegt að unninn hafi verið réttur að áður eigendalausu landi, svo sem á grundvelli hefðar.

Af kaupum Ás- og Sveinsstaðahrepps á hálfri Haukagilsheiði 1894, kaupum Þverárhrepps á ¼ úr heiðinni 1904, kaupum Ás- og Sveinsstaðahrepps á fjórðungi heiðarinnar árið 1924, auk sölu á fjórðungi heiðarinnar frá Þverárhreppi til Ás- og Sveinsstaðahrepps árið 1996, sem og framangreindum kaupum hreppanna á hlutdeild í Lambatungum með sömu afsölum frá 1894 og 1996 og afsali, dags. 4. nóvember 1901, og nýtingu landsvæðanna á þeim grundvelli sem afréttar jarða í sveitarfélögunum, leiðir að við gildistöku þjóðlendulaga 1998 höfðu Haukagilsheiði og Lambatungur ótvírætt stöðu afrétta samkvæmt þeirri eignarréttarlegu flokkun lands sem almennt var miðað við fram til þess tíma. Hvort í því fólust bein eða óbein eignarréttindi, og þar af leiðandi hvort þar eru eignarlönd eða þjóðlendur í skilningi þjóðlendulaga, er hins vegar sérstakt athugunarefni. Í því sambandi skiptir meginmáli hver staða landsvæðanna var áður en þau voru seld umræddum sveitarfélögum. Nánar tiltekið skiptir þar mestu hvort Haukagilsheiði og Lambatungur voru áður hlutar af landi jarðanna Haukagils og Grímstungu eða afréttir jarðanna í þeim skilningi að eigendur þeirra hafi einungis átt þar óbein eignarréttindi. Ennfremur þarf að taka afstöðu til þess hver sé eignarréttarleg staða þeirra landsvæða sem samkvæmt

framangreindri niðurstöðu um afmörkun Haukagilsheiðar og Lambatungna eru utan marka þeirra, þ.e. þess hluta Kornsártungna sem ágreiningur stendur um, sem og þess hluta ágreiningssvæðisins sem liggur sunnan Haukagilsheiðar og Lambatungna og allt suður að suðurmörkum ágreiningssvæðisins samkvæmt framangreindri niðurstöðu um afmörkun ágreiningssvæðisins. Við mat á stöðu síðastgreindra hluta ágreiningssvæðisins skiptir einnig mestu hvort þeir hafi áður verið hluti af landi jarða eða ekki.

Að fenginni framangreindri niðurstöðu um afmörkun Haukagilsheiðar er ljóst að það svæði sem gagnaðili íslenska ríkisins gerir eignarréttarkröfur til vegna Haukagilsheiðar og Lambatungna skiptist í meginatriðum í fernt.

Í fyrsta lagi er um að ræða Haukagilsheiði sem afmarkast samkvæmt framangreindu að norðanverðu af línu sem dregin er frá Álftskálará um Fremstasel að Ytri-Skútalæk sem svo er fylgt meðan hann fellur beint úr vestri. Þaðan er línan dregin til vesturs í Kleppukvísl og henni síðan fylgt að þeim stað þar sem hún rennur úr Kleppuvatni. Að austanverðu afmarkast þetta svæði af Álftskálará til upptaka og að vestanverðu af línu sem dregin er frá Kleppuvatni til suðvesturs á Hraungarða og er þeim síðan fylgt til suðurs á suðurenda þeirra. Að sunnanverðu afmarkast svæðið af línu sem dregin er milli upptaka Álftskálarár og suðurenda Hraungarða. Þessi hluti ágreiningssvæðisins var samkvæmt framangreindri niðurstöðu um merki Haukagils innan marka jarðarinnar þar til Haukagilsheiði var seld frá jörðinni árið 1883.

Í öðru lagi er um að ræða Lambatungur, sem samkvæmt því sem að framan er rakið afmarkast að austanverðu af Bríkarkvísl, að vestanverðu af Álftskálará og að sunnanverðu af línu sem dregin er milli upptaka þeirra.

Í þriðja lagi er um að ræða svæði sem samkvæmt framangreindri niðurstöðu um merki Haukagilsheiðar tilheyrði áður Kornsártungum. Er þar um að ræða svæði sem afmarkast að norðaustanverðu af línu sem dregin er frá Kleppuvatni til norðvesturs um Heiðamótaás að Kornsárvatnsi, þaðan í vestur að Bergárvatni. Frá Bergárvatni er línan dregin um Hólmavatn í Hraungarða og þaðan til norðaustur í Kleppuvatn.

Loks er *í fjórða lagi* um að ræða svæði sem liggur sunnan við Haukagilsheiði og Lambatungur, þ.e. sunnan við línu sem dregin er frá suðurenda Hraungarða að upptökum Álftskálarár og þaðan í upptök Bríkarkvíslar og liggur allt suður að afmörkun kröfusvæðisins að sunnanverðu.

Í eftirfarandi umfjöllun um eignarréttarlega stöðu ágreiningssvæðisins verður fjallað um hvert þessara svæða um sig, í framangreindri röð.

Elstu heimildirnar þar sem Haukagils er getið eru máldagar Jóns biskups skalla Eiríkssonar fyrir Hólabiskupsumdæmi frá 14. öld, þar sem getið er um að Grímstungukirkju tilheyri „hallfar LambaTungur vid Haukagil“. Hið sama kemur fram í máldögum Péturs biskups Nikulássonar fyrir kirkjum í Hólabiskupsdæmi frá árinu 1394 og síðar, sem og í máldögum Ólafs biskups Rögnvaldssonar um

Hólabiskupsdæmi frá árinu 1461 og síðar. Elsta fyrirliggjandi heimild þar sem sérstaklega er fjallað um Haukagil er *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá árinu 1706. Þar kemur fram að dýrleiki Haukagils sé 30 hundruð og Páll sé sjálfur eigandi að 10 hundruðum í jörðinni. Þá kemur m.a. fram að silungsveiðivon sé í fjallavötnum en „ekki óhætt fyrir misgreiníngi“. Eggversvon hafi áður verið nokkur af álftaeggjum, grastekja sé bjargleg og hvanna- og rótatekjuvon sé nokkur á fjöllum. Ekki er getið um afrétt í umfjöllun Jarðabókarinnar um Haukagil.

Þá liggur fyrir lögfesta fyrir Haukagil frá 20. júní 1789 en eins og áður er getið telur óbyggðanefnd að þegar hliðsjón er höfð af öðrum heimildum verði að miða við það að land Haukagils hafi ekki sannanlega náð lengra suður en að upptökum Álftskálarár og suðurenda Hraungarða. Merkjum lands Haukagils er lýst í einu lagi í lögfestunni og ekki verður ráðið af henni að gert hafi verið ráð fyrir eignarréttarlegri aðgreiningu milli Haukagilsheiðar og annars lands tilheyrandi Haukagili. Fram kemur að jörðin Haukagil sé lögfest „med Ollumm þeim gognumm og giædum sem greindre jordu filgt Hefur og filgia ber med Riettu, Logfeste jeg Hús, tún, todur og Eyngar, Hollt og Haga, votn og weijde stade, Egguarp og fuglueijdar, Hrys og allar Lands nitiar til ystu umm merkia, sem adrer menn Eyga a mote og gamler uitnes burder til vijsa ad fornu uered Hafe.“ Þá segir: „Fyrer byd Eg huoriumm manne Hier nefndt Jardar Land ad yrkia, bruka Edur beita edur i nockurn mata sier þess gagnsemdar j nitia nema mitt sie Leife fyrer under þær sekter sem Log þar uid Leggia.“

Óbyggðanefnd og dómstólar hafa almennt lagt minna upp úr lögfestum heldur en landamerkjabréfum jarða, sem sönnunargögnum um tilvist beins eignarréttar. Ef ekki er fyrir hendi landamerkjabréf fyrir það landsvæði sem til skoðunar er verður þó, eðli málsins samkvæmt, að meta stöðu svæðisins á grundvelli annarra fyrirliggjandi heimilda. Vægi heimilda á borð við lögfestur er því almennt meira en ella í þeim tilvikum þar sem landamerkjabréfi er ekki til að dreifa. Sé lögfesta eina heimildin um afmörkun landsvæðis eða inntak eignarréttinda kann þýðing hennar að vera enn meiri en ella, sérstaklega ef önnur atriði eru til þess fallin að auka trúverðugleika hennar, samanber t.d. dóm Hæstaréttar frá 16. maí 2007 í máli nr. 536/2006 (Hvítmaga). Ávallt er þó um að ræða heildstætt mat á sönnunargildi fyrirliggjandi heimilda og þar kunna atriði á borð við staðhætti, gróðurfar, fjarlægð frá byggð og nýtingu viðkomandi landsvæðis einnig að hafa áhrif. Í máli þessu er umrædd lögfesta fyrir Haukagil frá 20. júní 1789 eina heimildin sem hefur að geyma heildstæða lýsingu á merkjum jarðarinnar frá því fyrir þann tíma þegar Haukagilsheiði var seld frá Haukagili. Óbyggðanefnd telur eins og áður segir að lögfestan veiti því viðhlítandi stoð að merki jarðarinnar Haukagils hafi náð suður að suðurenda Hraungarða og upptökum Álftskálarár, enda mæla aðrar fyrirliggjandi heimildir því ekki í mót að mati nefndarinnar.

Elstu heimildir um nýtingu Haukagilsheiðar til upprekstrar eru frá 19. öld. Þannig liggur fyrir að á manntalsþingi 28. maí 1823 var upprekstrarbann á

Haukagilsheiði ámálgað. Þar er um að ræða elstu fyrirliggjandi heimild þar sem talað er um „Haukagilsheiði“ með því nafni. Þá var lesið upp bann við heimildarlausri grasatöku og eggjanámi á Haukagilsheiði á manntalsþingi 6. maí 1839. Í sóknarlýsingu Þingeyrarsóknar frá 1840 kemur fram að allir bændur í sókninni reki geldfé á Þórormstungu, Grímstungna og Haukagilsheiðar. Þá kemur fram í sóknarlýsingu Grímstungukirkjusóknar frá 1844 að upprekstur fjár fyrir Ás- og Sveinsstaðahreppa sé á Grímstunguheiði og Forsæludalskvíslar ásamt Haukagilsheiði. Í jarðamatinu frá 1849 kemur eftirfarandi fram í umfjöllun um Haukagil: „Jörðin á afrjett, kallaða Haukagilsheiði, sem nær fram að Sandi og er í millum Grímstungu heiðar að austan og Víðidalstungu heiðar að vestan“.

Heimildir frá 19. öld greina einnig frá því að eigendur Haukagils hafi krafist tolla fyrir upprekstur á Haukagilsheiði. Á manntalsþingi, höldnu á Miðhúsum þann 6. maí 1850 var lesin friðlýsing fyrir ágangi af stóði í Dalskvíslum, Kornsárlandi, Víðidalsfjalli, Grímstungna- og Haukagilsheiðum. Þeir sem kölluðu til réttinda yfir heiðunum lýstu sig þó fúsa til að leyfa búendum í Ás- og Sveinsstaðahreppum upprekstur á svæðin gegn sanngjörnu gjaldi. Þá kemur fram í bréfi séra Hjörleifs Einarssonar á Undirfelli til stiftsyfirvalda, dags. 10. janúar 1877, að séra Sigvaldi sálugi Snæbjarnarson, prestur í Grímstungu 1800−1848, hafi að sögn gert samning við Jón sáluga Skúlason á Haukagili, sem eiganda Haukagilsheiðar, að hann tæki 10 fjallatolla fyrir sitt heiðarland og sú venja tíðkist enn. Ennfremur kemur fram í bréfi Eiríks Briem, setts prófast í Húnavatnsprófastsdæmi, til stiftsyfirvalda, dags. 27. febrúar 1877, að afréttarpeningur gangi ekki síður á Haukagilsheiði en Grímtunguheiði. Um það segir m.a. í bréfinu: „fengi nú eigandi Haukagilsheiðar enga þóknun fyrir afnot hennar, þá mundi það án efa valda miklum deilum, er gæti haft ísjárverðar afleiðingar fyrir Undirfells prestkall“. Auk þessa liggur fyrir að á manntalsþingi þann 8. júní 1878 var lesið upp bann við upprekstri stóðhrossa á Grímstunguheiði, Haukagilsheiði og Dalskvíslar nema gegn gjaldi.

Eins og áður hefur komið fram var Haukagilsheiði svo skilin frá Haukagilsheiði með sölu til Sigurðar Jónssonar á Lækjarmóti, samanber afsal, dags. 8. ágúst 1883. Heiðin komst svo í eigu Ás- og Sveinsstaðahrepps og Þverárhrepps á árunum 1894 til 1924 og hefur frá þeim tíma verið nýtt til upprekstar fyrir jarðir í umræddum sveitarfélögum en þau sameinuðust fleiri sveitarfélögum undir merkjum Húnavatnshrepps árið 2006.

Samkvæmt framansögðu er vísað sérstaklega til Haukagilsheiðar í tengslum við beit og afréttarnot í ýmsum heimildum, líkt og gildir um marga afrétti jarða og stofnana. Heimildir um afnot landsvæðisins frá 19. öld og síðar fjalla fyrst og fremst um beit eða önnur þrengri og sambærileg not. Þá er svæðið hálent og fjarri byggð, einkum þó suðurhluti þess. Í fyrirliggjandi dómum og úrskurðum hafa atriði af þessu tagi í mörgum tilvikum legið til grundvallar niðurstöðu um þjóðlendu og óbein eignarréttindi, nánar tiltekið afréttareign.

Á hinn bóginn er til þess að líta að elstu heimildir sem taka til Haukagilsheiðar benda ekki til að um eignarréttarlega aðgreiningu hafi verið að ræða milli jarðarinnar Haukagils og Haukagilsheiðar. Á það sérstaklega við um lögfestuna frá 20. júní 1789, þar sem merkjum Haukagils og Haukagilsheiðar er lýst í einu lagi án aðgreiningar. Aðrar heimildir um jörðina Haukagil frá þeim tíma og fram að sölu heiðarinnar árið 1883 gera ekki ráð fyrir skiptingu landsins í annars vegar heimaland og hins vegar afrétt. Mörk heiðarinnar og annars lands jarðarinnar sýnast hafa verið ákveðin einhliða við afsalsgerðina 1883 og án þess að stuðst hafi verið við nokkrar eldri heimildir þar að lútandi. Sú staðreynd styðst jafnframt við þær aðstæður að ekki er um að ræða skörp landfræðileg skil milli jarðarinnar Haukagils og heiðarinnar sem skilin var frá við söluna til Sigurðar Jónssonar á Lækjarmóti árið 1883.

Að því virtu sem að framan er rakið telur óbyggðanefnd að hvorki staðhættir, gróðurfar né heimildir um réttindi eða nýtingu mæli gegn því að Haukagilsheiði, eins og hún er afmörkuð hér að framan, geti hafa verið hluti af jörð eða jörðum allt frá öndverðu. Nægjanlega er því í ljós leitt að eigendur Haukagils, sem Sjálfseignarstofnunin Grímstungu- og Haukagilsheiði leiðir rétt sinn frá, hafi átt þar bein eignarréttindi fremur en óbeinan eignarrétt. Heimildir um afrétt vísa því fremur til notkunar viðkomandi landsvæðis en þess að beinn eignarréttur hafi annað hvort ekki stofnast eða fallið niður.

Af hálfu íslenska ríkisins hefur ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkja Haukagilsheiðar sé þjóðlenda, í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.[822] Með vísan til sama ákvæðis ber jafnframt að taka skýrt fram að í umfjöllun óbyggðanefndar felst ekki afstaða til merkja á milli eignarlanda.

Næst kemur til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða Lambatungna. Samkvæmt framangreindu afmarkast Lambatungur af Bríkarkvísl að austanverðu, af Álftskálará að vestanverðu og að sunnanverðu af línu sem dregin er milli upptaka Bríkarkvíslar og Álftskálarár.

Elstu fyrirliggjandi heimildir um Lambatungur eru máldagar Jóns biskups skalla Eiríkssonar frá 1360−1386. Þar er greint frá eignum Grímstungukirkju og segir m.a.: „Hun a heima land allt og Torffustadi og Snudhlid ofann til merckidals. Grafarland. syrteyg. j saurbæiarland. þorhalldz stadi. og veydar allar og afriett er þorhalldzstodum hefur fylgt hallfar LambaTungur vid Haukagil“. Í máldögum Péturs biskups Nikulássonar fyrir kirkjum í Hólabiskupsumdæmi frá 1394 og síðar kemur efnislega hið sama fram en þar segir m.a. um eignir Grímstungukirkju: „Hun á heimaland og […] afriett er þorhallsstodum hefur fylgt halfar lambatungur vid haukagil.“ Hið sama á ennfremur við um máldaga Ólafs biskups Rögnvaldssonar um

[822] Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Hólabiskupsdæmi frá árinu 1461 og síðar, þar sem segir um eignir Grímstungukirkju: „hun aa allt heimaland [...] þorallzstadi oc veidar allar oc afrett er þoralzstodum hefer fylgt. halfar lambatungr vm haukagil.“

Í lögfestu Halls prests Ólafssonar fyrir Grímstungu, dags. 10. maí 1726, er land Grímstungu lögfest og merkjum þess lýst en einnig segir í lögfestunni: „Eirnenn lögfeste Eg Sunnhlýd til Merkedælldar, sem liggur fyrer austann Vatnsdalsá, og allar halfar Lambatungur vestann Brykarkvýsl, mótz vid Haukagils menn, efter Grimstungukyrkiu máldögum.“ Hið sama á við um lögfestu fyrir Grímstungu, dags. 16. júní 1779, en á eftir lýsingu á merkjum Grímstungu í lögfestunni segir m.a.: „Eirnig lögfeste eg Sundhlíd til Merkedældar, sem liggur fyrer austan Vatnsdals á, og allar hálfar Lambatungur Vestan Brikarqvisl móts vid Haukagils menn, epter Grimstungu kirkiu máldögum.“

Í elstu fyrirliggjandi heimildum sem sérstaklega fjalla um landareignir Haukagils er einnig minnst á Lambatungur. Þar er um að ræða margnefnda lögfestu fyrir Haukagil, dags. 20. júní 1789. Á eftir merkjalýsingu Haukagils kemur þar eftirfarandi texti: „Hier fyrer utann Logfeste Eg med greindre jordu hálfar Lambatungur mótz uid Grijmstungu og haldar Kornsartungur motz uid Korns aa.“ Þá liggur fyrir að á manntalsþingi höldnu að Ási þann 27. maí 1791 var upplesið bann séra Jóns Jónssonar prófasts „ad veida eda taka alftar fiadrer, Egg, edur Eggvers fugla á Grim[s]tungu heide og hálfum Lambatungum.“

Þær heimildir sem hér hafa verið raktar og spanna tímabilið frá 14. til 18. aldar benda allar til þess að eignarhald á réttindum á Lambatungum hafi skipst til helminga milli eigenda Grímstungu og Haukagils. Hið sama er að segja um þær heimildir sem liggja fyrir frá 19. öld. Í lögfestu Sigvalda Snæbjörnssonar fyrir Grímstungu, dags. 28. maí 1810, sem lesin var upp á manntalsþingi 30. sama mánaðar, er vesturmerkjum Grímstungu lýst en síðan kemur fram að einnig séu lögfestar: „allar hálfar Lambatungur móts vid Haukagils menn.“ Í vísitasíu Steingríms biskups Jónssonar fyrir Grímstungu, dags. 17. ágúst 1833, kemur fram að kirkjan í Grímstungu eigi eftir máldögum „eptir Máldögum alt Heimaland og Torfastadi og Sundhlid ofan til Merkidælar og Káldalstúngu“ og einnig segir síðar: „Afrett er Þórhallstödum hafa fylgt, hálfar Lambatúngur vid Haukagil, Selland sudur a fialli“. Í vísitasíu fyrir Grímstungukirkju, dags. 5. desember 1836, er einnig getið um að kirkjan eigi: „Torfustadi (20 hndr.) og Sundhlíd, ofann til merkidæla, og Kalfdalstúngu (16 hndr.)“. Auk þess segir: „Hálfar Lambatúngur vid Haukagil. Selland Sudur á Fjalli“.

Sem fyrr segir afsalaði Hannes Þorvarðarson á Haukagili Sigurði Jónssyni á Lækjarmóti Haukagilsheiði ásamt hálfum Lambatungum með afsali, dags. 8. ágúst 1883, þegar Haukagilsheiði var skilin frá Haukagili. Þá afsalaði Hjörleifur Einarsson Ás- og Sveinstaðahreppi hálfum Lambatungum með Grímstunguheiði, með afsali, dags. 4. nóvember 1901, þegar Grímstunguheiði var skilin frá Grímstungu.

Lambatungur heyrðu samkvæmt framansögðu sameiginlega undir Grímstungukirkju og Haukagil allt frá tíma elstu fyrirliggjandi heimilda og þar til Haukagilsheiði og Grímstunguheiði voru skildar frá Haukagili og Grímstungu. Í hinum elstu heimildum er raunar minnst á Þórhallastaði í tengslum við umfjöllun um Lambatungur en í því sambandi skal þess getið að samkvæmt *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá árinu 1706 munu Þórhallastaðir hafa verið forn bólstaður í Grímstungulandi.

Í fyrirliggjandi heimildum er Lambatungna getið í tengslum við upprekstur og afréttarnot. Þannig eru Lambatungur nefndar afréttur í hinum elstu heimildum. Þá er þeirra getið með sérstökum hætti í fyrirliggjandi heimildum um Grímstungu og Haukagil. Benda þær heimildir að mati óbyggðanefndar til að litið hafi verið svo á að þær hefðu aðra stöðu en annað land jarðanna Grímstungu og Haukagils, nánar tiltekið þannig að þar hafi verið um að ræða afréttarland sem lotið hafi sjálfstæðri afmörkun en teldist ekki vera hluti af jörðunum.

Eins og áður er getið um kann að hátta svo til að hluti þess svæðis sem hér er til umfjöllunar, þ.e. einkum nyrsti hluti ágreiningssvæðisins, sé innan upphaflegs landnáms. Ekkert liggur hins vegar fyrir um afmörkun eða yfirfærslu þeirra beinu eignarréttinda sem þar kann að hafa verið stofnað til og engar heimildir eru um að þar hafi verið byggð. Þannig kann beinn eignarréttur að hafa fallið niður og landsvæðið í kjölfarið verið tekið til takmarkaðra nota annarra. Í því sambandi ber að líta til þess sönnunarmats sem lagt hefur verið til grundvallar um afrétti(r) einstakra jarða og/eða stofnana og styðst við fjölda dóma í sambærilegum málum, sjá nánar í kafla 8.2 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum. Þess skal einnig getið að á þeim landsvæðum sem nærri Lambatungum liggja eru bæði eignarlönd og þjóðlendur, sé litið heildstætt á niðurstöður í málum nr. 2 og 3/2013 hjá óbyggðanefnd.

Í máli þessu er þannig ekki sýnt fram á annað en að réttur til Lambatungna hafi orðið til á þann veg að þær hafi verið teknar til sumarbeitar fyrir búpening og, ef til vill, annarrar takmarkaðrar notkunar. Um afréttarnotkun og fjallskil voru snemma settar opinberar reglur, sem sveitarstjórnum var falið að annast framkvæmd á.

Hvað varðar kröfu gagnaðila um beinan eignarrétt á grundvelli hefðar þá vísast til dóma Hæstaréttar í þjóðlendumálum sem og *Almennra niðurstaðna óbyggðanefndar*, þar sem gerð er almenn grein fyrir hefð sem stofnunarhætti eignarréttinda. Svo sem þar er rakið var skýrum réttarreglum um hefð ekki fyrir að fara fyrir setningu hefðarlaga nr. 46/1905. Í „sólarlagsákvæði“ 12. gr. laganna kom fram að telja mætti eignarhald hefðanda fyrir gildistöku laganna til hefðartíma, þó þannig að engin hefð teldist fullnuð fyrr en í árslok 1910. Ljóst er að með þessu var

ákveðið að hefðarlög giltu afturvirkt en ákvæðið tók þó aðeins til hefðarhalds sem fyrir hendi var við gildistöku laganna.[823]

Hvað Lambatungur varðar er óumdeilt að á ágreiningssvæði því, sem hér er til umfjöllunar, hefur aldrei verið byggð og ekkert liggur fyrir um að umráðum landsins hafi nokkru sinni eftir það verið háttað þannig að þau gætu talist hafa fullnægt kröfum 2. gr. hefðarlaga nr. 46/1905 um óslitið eignarhald á fasteign. Beinn eignarréttur að Lambatungum getur því ekki hafa stofnast að Lambatungum fyrir hefð eftir gildistöku hefðarlaga, hvorki samkvæmt almennu ákvæði 1. mgr. 2. gr. né sérreglu í 12. gr. þeirra. Þá skal sérstaklega áréttað að eldri lagareglur, svo sem ákvæði í 26. kap. landsleigubálks Jónsbókar, koma ekki til álita til stuðnings eignarréttarkröfu gagnaðila, sbr. dóm Hæstaréttar frá 7. október 2010 í máli nr. 379/2009 (Heiðarmúli). Þá liggur fyrir í fjölda dóma Hæstaréttar að hefðbundin afréttarnot, þ.e.a.s. sumarbeit og e.t.v. önnur takmörkuð notkun, eru ekki nægjanleg ein og sér til þess að hefða beinan eignarrétt að afréttum eða öðrum svæðum utan landamerkja jarða þar sem háttar til eins og í tilviki Lambatungna. Jafnframt er ljóst að ráðstafanir að lögum, svo sem sala tiltekinna réttinda, hafa ekki þýðingu við slíkt mat nema fleira komi til. Að þessu öllu virtu verður ekki fallist á það með gagnaðila íslenska ríkisins í máli þessu að forverar hans eða hann sjálfur hafi unnið beinan eignarrétt að Lambatungum fyrir hefð.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á að Lambatungur séu eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Þá leiðir rannsókn óbyggðanefndar einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé þjóðlenda.[824] Af fyrirliggjandi gögnum verður hins vegar ráðið að landsvæðið sé í afréttareign Sjálfseignarstofnunarinnar Grímstungu- og Haukagilsheiði. Í því sambandi er litið til þess að nægilega er í ljós leitt að mati óbyggðanefndar að sveitarfélögin sem sjálfseignarstofnunin leiðir rétt sinn frá hafi eignast afréttareign á svæðinu með þeim afsölum sem að framan er getið og innan þeirrar afmörkunar sem hér um ræðir.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að Lambatungur, svo sem landsvæðið er afmarkað hér á eftir, sé þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

> *Upphafspunktur er þar sem Bríkarkvísl fellur í Álftskálará. Þaðan er Bríkarkvísl fylgt til upptaka. Frá upptökum Bríkarkvíslar er línan dregin til vesturs að upptökum Álftskálarár og Álftskálará fylgt þaðan í upphafspunkt þar sem Bríkarkvísl fellur í hana.*

Sama landsvæði er í afréttareign Sjálfseignarstofnunarinnar Grímstungu- og Haukagilsheiði, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga, sem nýtur veiðiréttar í ám

[823] Sbr. kafli 3.2 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.*
[824] Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

og vötnum skv. 5. gr. laga nr. 58/1998, sbr. II. kafla laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006.

Næst kemur til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða þess hluta ágreiningssvæðis vegna Haukagilsheiðar sem samkvæmt fyrirliggjandi heimildum tilheyrði áður Kornsártungum. Samkvæmt framangreindu afmarkast þessi hluti ágreiningssvæðisins að norðaustanverðu af línu sem dregin er frá Kleppuvatni til norðvesturs um Heiðamótaás að Kornsárvatni, þaðan í vestur að Bergárvatni. Frá Bergárvatni er línan dregin um Hólmavatn í Hraungarða og þaðan um upptök Kleppukvíslar til norðaustur í Kleppuvatn.

Elsta fyrirliggjandi heimild um Kornsá er *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá árinu 1706. Þar segir: „Munnmæli eru, að í þessarar jarðar land hafi að fornu fjárupprekstur verið, frá hverjum jörðum vita menn ekki, og engin rök til þess nema rjettatóftaleifar, sem hjer sjást enn nú, og minnist enginn sem nú er á lífi, að þetta hafi jörðinni til hagnaðar verið.“ Að öðru leyti er ekki getið um afrétt í umfjöllun um Kornsá í *Jarðabókinni*. Hið sama á við um umfjöllun *Jarðabókarinnar* um Haukagil, þ.e. ekki er getið um afrétt í umfjölluninni um þá jörð. Elsta fyrirliggjandi heimildin þar sem Kornsártungur eru sérstaklega nefndar er margnefnd lögfesta Bjarna Guðmundssonar fyrir Haukagil, dags. 20. júní 1789, en eftir að merkjum Haukagils er þar lýst segir: „Hier fyrer utann Logfeste Eg med greindre jordu hálfar Lambatungur mótz uid Grijmstungu og halfar Kornsartungur motz uid Korns aa.“ Fyrirbauð Bjarni hverjum manni „Hier nefndt Jardar Land ad yrkia, bruka Edur beita edur i nockurn mata sier þess gagnsemdar j nitia nema mitt sie Leife fyrer under þær sekter sem Log þar uid Leggia.“

Þá liggja fyrir bréfaskipti milli amtmanns og klausturhaldara Þingeyrarklausturs frá árinu 1816, þar sem rætt er um heiðarland Kornsár. Í svarbréfi Björns Ólsen, klausturhaldara á Þingeyrum, til amtmanns, dags. 20. nóvember 1816, kemur fram að heiðarlandið sem tilheyri Kornsá liggi bak við lönd jarðanna Undirfells, Brúsastaða, Áss, Saurbæjar og Haukagils. Landið sé víða mjótt „og mikid bágt fyrir Abúandan á Kornsá ad nota sér þad, eptir sem hid sama liggur svo óhentuglega ad þó búsmali á Sumardag, frá nefndu bæum, kunni i þad ad fara, er valla ad þeinkja ad fá þar fyrir betalíng, og hid sama er þó grös seu þar tekin, eptir sem hér er ecki ordin vidgeingin Regla ad betala Grasatoll þó Lángtum betri Heidar seu.“ Þá kemur fram að geldfénaður hafi heldur ekki viðstöðu í umræddu heiðarlandi „Þar ed fiall-land (nefnilega Vididals fiall) liggur þar fyrir ofan, … “. Varla sé beitartolls að vænta nema frá Ási, sem mest brúki umrætt heiðarland, en þóknun vegna þess greiðist til bóndans á Kornsá.

Á meðal skilmála sem Björn Ólsen, klausturhaldari setti í byggingarbréfi, dags. 20. janúar 1820, þegar hann byggði Jóni Jónssyni hreppstjóra Kornsá, var að hann notaði „Jardarinnar fiall land, eptir sem framast er möguligt, og brúki ei hrísrif

utan þad sparsamasta til eigin Liádeingíngar“. Einnig setti hann það sem skilyrði að hann léti ekki undan jörðinni ganga það sem henni hefði fylgt, fylgdi og fylgja bæri með réttu móts við aðrar nærliggjandi jarðir. Lofaði Jón að halda alla skilmála byggingarbréfsins.

Á manntalsþingi þanna 6. maí 1839 var lesið upp bann við heimildarlausri grasatöku og eggjanámi á Grímstungu, Víðidalstungu-, Kornsár- og Haukagilsheiðum. Þá liggur fyrir að á manntalsþingi á Miðhúsum, þann 6. maí 1850, var lesin friðlýsing fyrir ágangi af stóði í Dalskvíslum, Kornsárlandi, Víðidalsfjalli, Grímstungna- og Haukagilsheiðum. Í skýrslu um ábúð og ásigkomulag Þingeyraklausturskirkjujarða frá árinu 1865 kemur fram í umfjöllun um Kornsá að jörðin eigi mikið og gott land en minnst af því sé hægt að nota sökum fjarlægðar. Þó megi með erfiðleikum ná í allgott búsmalaland heiman að.

Landamerkjabréf fyrir Kornsá er dagsett 25. maí 1891 og þinglýst þremur dögum síðar. Þar er merkjum Kornsár lýst heildstætt en á eftir þeirri merkjalýsingu segir: „Auk þessa á Kornsá, móts við Haukagil, hálft það land, sem liggur milli Kornsár- og Kleppu- kvíslar.“

Fyrir liggja afsalsbréf frá því seint á 19. öld og snemma á 20. öld þar sem hálfar Kornsártungur voru seldar með Haukagilsheiði eða eftir atvikum minni hlutdeild í Kornsártungum, eftir því hve stóran hluta Haukagilsheiðar verið var að selja í hvert sinn.

Í landamerkjabók Húnavatnssýslu er að finna ódagsett skjal frá árinu 1984 þar sem lýst er merkjum milli Kornsár og Kornsárselslands. Er því lýst hvernig mörkin skuli dregin þar á milli en þau mörk varða ekki ágreiningssvæði máls þessa eða Kornssártungur að öðru leyti.

Í skrá yfir afrétti, dags. 4. maí 1981, sem tekin var saman af Konráði Eggertssyni og Pétri Ólafssyni f.h. sveitarstjórna Ás- og Sveinsstaðahreppa er Upprekstrarfélag Ás- og Sveinsstaðahreppa sagt vera eigandi að Kornsártungum ásamt Þverárhreppi, sem eigi 1/8. Þá kemur fram að Kornsárselsland tilheyri Þingeyrum. Í svari Agnars J. Levy, oddvita Þverárhrepps, vegna fyrirspurnar félagsmálaráðuneytisins um afréttarlönd, frá því í febrúar 1989, kemur fram að Þverárhreppur eigi ⅛ úr Kornsártungum, en í því sambandi eru einnig tiltekin ¼ úr Haukagilsheiði og ⅛ úr Lambatungum auk Engjabrekkuafréttar á Vatnsnesi. Þá segir í svari hreppstjórans: „Að tilhlutan ráðuneytis og Landgræðslu í Rvík, er okkur bannað að nota afréttina austurfrá, en Engjabrekku megum við nota“. Er væntanlega m.a. átt við að bannið taki til Kornsártungna.

Í umfjöllun Gríms Gíslasonar um Kornsártungur í ritinu *Húnaþing III* frá árinu 1989 kemur fram að Kornsártungur hafi áður tilheyrt jörðunum Haukagili og Kornsá til helminga. Þá er þar einnig að finna umfjöllun um merkin milli Haukagilsheiðar og Kornsártungna eins og áður er rakið. Ennfremur segir að Kornsártungur séu „ … gott land og skjólsælt. Samfelldur gróður er með kvíslunum báðum en blaut fláardrög milli

hóla og ása sem veita skjól fyrir veðrum. Einnig nýtist landið vel fyrir það hversu það liggur nærri byggðinni og er með fjölbreyttum gróðri. Meðan heimalönd voru ógirt leitaði fénaður mjög í landið bæði vor og haust.“ Ennfremur segir í *Árbók Ferðafélags Íslands* frá árinu 2007: „Kornsárjörð tilheyrði mikið landflæmi milli Kornsár og Gljúfurár en þær renna nokkurn veginn samsíða langa leið. Það er nú afréttarland Vatnsdælinga og kallast Kornárselsland en Kornsártungur eru fyrir austan Kornsárkvísl og ná að Kleppukvísl. Syðri hluti þessa lands er holóttur og þurrlendur en norðari parturinn einkennist af rótfúnum og blautum flám þöktum broki og stargresi en lyngásar á milli.“ Þá segir að Kornsársel sé á holti norðan Kornsárkvíslar rétt neðar en Kleppukvísl kemur saman við hana. Lárus Blöndal sýslumaður hafi látið byggja það um 1890.

Kornsártungur heyrðu samkvæmt framansögðu sameiginlega undir Haukagil og Kornsá allt frá tíma elstu fyrirliggjandi heimilda sem taka til svæðisins, en Kornsártungur eru sem fyrr segir fyrst nefndar í lögfestu Haukagils, dags. 20. júní 1789. Óbyggðanefnd telur líkur fremur mæla gegn því að framangreind frásögn *Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* um munnmæli um fornan fjáruppreksturí land Kornsár eigi við um Kornsártungur. Er í því sambandi m.a. litið til þess að milli Kornsár og Gljúfurár, þ.e. norðan Kornsártungna, eru heiðarlönd sem munu hafa tilheyrt jörðinni Kornsá og Kornsárselslandi og er líklegt að frásögn *Jarðabókarinnar* eigi við um þau. Það svæði liggur einnig vestan við þær jarðir sem nefndar eru í tilvitnuðu bréfi Björns Ólsen til amtmanns, dags. 20. nóvember 1816, og kann að vera sama svæðið og þar er fjallað um í tengslum við að það liggi „… svo óhentuglega ad […] er valla ad þeinkja ad fá þar fyrir betalíng … “. Í umfjöllun um það svæði er einnig rætt um að vænta megi beitartolls frá Ási vegna landsins. Þegar litið er til þess hvernig bréfritari lýsir staðsetningu þess heiðarlands sem hann fjallar um verður tæplega litið svo á að umfjöllun hans taki til Kornsártungna, heldur verður fremur að líta svo á að hún eigi við um áðurnefnt heiðarland milli Kornsár og Gljúfurár.

Eins og áður er nefnt er ekki getið um afrétt í umfjöllun *Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* um Kornsá og Haukagil. Að mati óbyggðanefndar verður ekki gagnályktað frá þögn *Jarðabókarinnar* á þann veg að Kornssártungur hafi ekki talist afréttur eða að litið hafi verið svo á að þær hefðu sömu stöðu og annað land Kornsár og/eða Haukagils. Í því sambandi er m.a. litið til þess að eins og að framan er rakið, í umfjöllun um Lambatungur, benda heimildir til að á ritunartíma *Jarðabókarinnar* hafi Lambatungur verið sameiginlegt afréttarland Haukagils og Grímstungu. Þrátt fyrir það er ekki getið um þær í *Jarðabókinni*.

Í áðurnefndu landamerkjabréfi Kornsár er merkjum Kornsártungna lýst sérstaklega, utan við lýsingu á merkjum Kornsár að öðru leyti. Í fyrri úrlausnum óbyggðanefndar hefur slík tilgreining á landsvæði í landamerkjabréfi stundum verið talin benda til þess að viðkomandi svæði hafi verið talið sérstakt landsvæði, utan við

eiginleg mörk viðkomandi jarðar og því ekki taldar sömu líkur á að svæðið sé háð beinum eignarrétti. Vísast í því sambandi í dæmaskyni til dóms Hæstaréttar 28. september 2006, í máli nr. 497/2005 (Hoffells-Lambatungur) þar sem staðfest var niðurstaða óbyggðanefndar í máli nr. 4/2001 um að umrætt landsvæði væri þjóðlenda. Sérstök tilgreining á Kornsártungum í landamerkjabréfi Kornsár kann þó eftir atvikum að skýrast af því að ólíkt öðru landi sem þar er afmarkað heyrðu Kornsártungur ekki eingöngu undir Kornsá heldur einnig undir Haukagil. Allt að einu er ljóst að í málinu liggja ekki fyrir neinar merkjalýsingar fyrir Kornsá eða Haukagil þar sem Kornsártungur eru ótvírætt tilgreindar innan marka jarðanna, enda er Kornsártungna einnig getið sérstaklega í lögfestunni fyrir Haukagil, dags. 20. júní 1789, en þær ekki afmarkaðar sameiginlega með öðru landi Haukagils í lögfestunni.

Lítið liggur fyrir af heimildum um nýtingu Kornsártungna fyrr en á 20. öld. Kaup Ás- og Sveinsstaðahreppa á hluta Kornsártungna með Haukagilsheiði seint á 19. öld og snemma á þeirri 20, ásamt kaupum Þverárhrepps á hluta Kornsártungna snemma á 20. öld, auk þess sem Kornsártungna er getið í afréttarskrá fyrir Ás- og Sveinsstaðahreppa frá 1981 og í svörum oddvita Þverárhrepps 1989 vegna fyrirspurnar félagsmálaráðuneytisins um afréttarlönd, bendir þó til að Kornsártungur hafi verið nýttar til upprekstur. Frásögn Gríms Gíslasonar í ritinu *Húnaþing III* frá árinu 1989, þar sem m.a. kemur fram að meðan heimalönd hafi verið ógirt hafi fénaður leitað mjög á landið, bæði vor og haust, styður einnig að svæðið hafi verið nýtt til beitar, þó svo að sú frásögn kunni eftir atvikum einkum að varða þann hluta Kornsártungna sem liggur utan ágreiningssvæðis máls þessa, samanber það sem áður er rakið um það hvernig Kornsártungur eru afmarkaðar í umræddri frásögn.

Í fyrirliggjandi heimildum er Kornsártungna einkum getið í tengslum við upprekstur og afréttarnot. Þá er þeirra getið með sérstökum hætti í fyrirliggjandi heimildum um Kornsá og Haukagil. Að mati óbyggðanefndar liggja ekki fyrir í málinu neinar heimildir sem styðja að Kornsártungur hafi haft sömu eignarréttarlegu stöðuna og annað land jarðanna Kornsár og Haukagils.

Eins og áður er getið um kann að hátta svo til að það svæði sem hér er til umfjöllunar sé innan upphaflegs landnáms. Ekkert liggur hins vegar fyrir um afmörkun eða yfirfærslu þeirra beinu eignarréttinda sem þar kann að hafa verið stofnað til og engar heimildir eru um að þar hafi verið byggð. Þannig kann beinn eignarréttur að hafa fallið niður og landsvæðið í kjölfarið verið tekið til takmarkaðra nota annarra. Í því sambandi ber að líta til þess sönnunarmats sem lagt hefur verið til grundvallar um afrétti(r) einstakra jarða og/eða stofnana og styðst við fjölda dóma í sambærilegum málum, sjá nánar í kafla 8.2 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum. Þess skal einnig getið að á þeim landsvæðum sem nærri Kornsártungum liggja eru bæði eignarlönd og þjóðlendur, sé litið heildstætt á niðurstöður í málum nr. 2 og 3/2013 hjá óbyggðanefnd.

Í máli þessu er þannig ekki sýnt fram á annað en að réttur til Kornsártungna hafi orðið til á þann veg að þær hafi verið teknar til sumarbeitar fyrir búpening og, ef til vill, annarrar takmarkaðrar notkunar. Um afréttarnotkun og fjallskil voru snemma settar opinberar reglur, sem sveitarstjórnum var falið að annast framkvæmd áHvað varðar kröfu gagnaðila um beinan eignarrétt á grundvelli hefðar þá vísast til dóma Hæstaréttar í þjóðlendumálum sem og *Almennra niðurstaðna óbyggðanefndar*, þar sem gerð er almenn grein fyrir hefð sem stofnunarhætti eignarréttinda. Svo sem þar er rakið var skýrum réttarreglum um hefð ekki fyrir að fara fyrir setningu hefðarlaga nr. 46/1905. Í „sólarlagsákvæði“ 12. gr. laganna kom fram að telja mætti eignarhald hefðanda fyrir gildistöku laganna til hefðartíma, þó þannig að engin hefð teldist fullnuð fyrr en í árslok 1910. Ljóst er að með þessu var ákveðið að hefðarlög giltu afturvirkt en ákvæðið tók þó aðeins til hefðarhalds sem fyrir hendi var við gildistöku laganna.[825]

Hvað Kornsártungur varðar er óumdeilt að á ágreiningssvæði því, sem hér er til umfjöllunar, hefur aldrei verið byggð og ekkert liggur fyrir um að umráðum landsins hafi nokkru sinni eftir það verið háttað þannig að þau gætu talist hafa fullnægt kröfum 2. gr. hefðarlaga nr. 46/1905 um óslitið eignarhald á fasteign. Beinn eignarréttur að Kornsártungum getur því ekki hafa stofnast að Kornsártungum fyrir hefð eftir gildistöku hefðarlaga, hvorki samkvæmt almennu ákvæði 1. mgr. 2. gr. né sérreglu í 12. gr. þeirra. Þá skal sérstaklega áréttað að eldri lagareglur, svo sem ákvæði í 26. kap. landsleigubálks Jónsbókar, koma ekki til álita til stuðnings eignarréttarkröfu gagnaðila, sbr. dóm Hæstaréttar frá 7. október 2010 í máli nr. 379/2009 (Heiðarmúli). Þá liggur fyrir í fjölda dóma Hæstaréttar að hefðbundin afréttarnot, þ.e.a.s. sumarbeit og e.t.v. önnur takmörkuð notkun, eru ekki nægjanleg ein og sér til þess að hefða beinan eignarrétt að afréttum eða öðrum svæðum utan landamerkja jarða þar sem háttar til eins og í tilviki Kornsártungna. Jafnframt er ljóst að ráðstafanir að lögum, svo sem sala tiltekinna réttinda, hafa ekki þýðingu við slíkt mat nema fleira komi til. Að þessu öllu virtu verður ekki fallist á það með gagnaðila íslenska ríkisins í máli þessu að forverar hans eða hann sjálfur hafi unnið beinan eignarrétt að Kornsártungum fyrir hefð.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á að sá hluti Kornsártungna sem hér er til umfjöllunar sé eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Þá leiðir rannsókn óbyggðanefndar einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé þjóðlenda.[826] Af fyrirliggjandi gögnum verður hins vegar ráðið að landsvæðið sé í afréttareign Sjálfseignarstofnunarinnar Grímstungu- og Haukagilsheiði. Í því sambandi er litið til þess að nægilega er í ljós leitt að mati óbyggðanefndar að sveitarfélögin sem sjálfseignarstofnunin leiðir rétt sinn frá hafi

[825] Sbr. kafli 3.2 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.*
[826] Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

eignast afréttareign á svæðinu með þeim afsölum sem að framan er getið og taka til Kornsártungna.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að hluti Kornsártungna, svo sem landsvæðið er afmarkað hér á eftir, sé þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

> *Upphafspunktur er þar sem Kleppukvísl rennur úr Kleppuvatni. Þaðan er línan dregin til norðvesturs að Kornsárvatni og frá Kornsárvatni til vesturs að Bergárvatni. Frá Bergárvatni er línan dregin um Hólmavatn í Hraungarða og frá Hraungörðum um upptök Kleppukvíslar í upphafspunkt þar sem Kleppukvísl rennur úr Kleppuvatni.*

Sama landsvæði er í afréttareign Sjálfseignarstofnunarinnar Grímstungu- og Haukagilsheiði, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga, sem nýtur veiðiréttar í ám og vötnum skv. 5. gr. laga nr. 58/1998, sbr. II. kafla laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006.

Við mat á kröfugerð íslenska ríkisins verður ekki litið framhjá því að ekki voru gerðar þjóðlendukröfur til annars lands Kornsártungna en þess sem hér hefur verið úrskurðað um, þ.e. svæðisins milli Kornsár og Kleppukvíslar en austan línunnar sem dregin er milli Kleppuvatns og Kornsárvatns. Verður þó ekki annað séð en að nákvæmlega sömu sjónarmið eigi við um það svæði eins og þann hluta Kornsártungna sem hér hefur verið úrskurðaður þjóðlenda, enda liggja ekki fyrir í málinu aðrar heimildir um þann hluta Kornsátungna heldur en þær heimildir sem raktar hafa verið hér að framan.

Verður að telja þetta verklag ríkisins við kröfugerðina aðfinnsluvert. Af dómum Hæstaréttar 16. maí 2007 í máli nr. 571/2006 (Rangárvallaafréttur) og 6. september 2005 í máli nr. 367/2005 (Skaftafell I og III) verður sú ályktun dregin að óbyggðanefnd sé bundin kröfugerð aðila, hvort heldur er íslenska ríkisins eða annara, þó innan þeirra takmarka sem kröfugerð íslenska ríkisins setur hverju sinni, og verði að leysa úr málum á þeim grundvelli. Eignarréttarleg staða umrædds landsvæðis kemur því ekki til frekari skoðunar fyrir nefndinni þó svo að heimildir bendi ekki til annars en að þar sé um þjóðlendu að ræða.

Loks kemur til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða þess hluta ágreiningssvæðisins sem liggur sunnan marka Haukagilsheiðar og Lambatungna og allt að suðurmörkum ágreiningssvæðisins. Nánar tiltekið er þar um að ræða svæði sem liggur sunnan línu sem dregin er milli suðurenda Hraungarða, upptaka Álftskálarár og upptaka Bríkarkvíslar. Að vestan afmarkast þessi hluti ágreiningssvæðisins af línu sem dregin er frá Réttarvatnstanga beina sjónhendingu austur undir Bláfell. Þaðan er línan dregin norður heiðina eins og vötnum hallar til vesturs í suðurenda Hraungarða. Að sunnan ráða sýslu- og sveitarfélagamörk og að austan lína sem dregin er frá

upptökum Bríkarkvíslar beina stefnu til suðurs á sýslu- og sveitarfélagamörk. Stór hluti þess svæðis sem hér er sérstaklega til skoðunar tilheyrir Stórasandi.

Þar sem þessi hluti ágreiningssvæðisins er samkvæmt heildstæðu mati óbyggðanefndar á heimildum um merki Haukagils og Haukagilsheiðar utan marka Haukagilsheiðar fær krafa gagnaðila íslenska ríkisins um beinan eignarrétt á svæðinu sem fyrr segir ekki stuðst við heimildir um afmörkun jarðarinnar Haukagils, en Haukagilsheiði var seld frá jörðinni árið 1883. Þá er þessi hluti ágreiningssvæðisins sömuleiðis samkvæmt framangreindu utan marka Lambatunga. Fær því krafa gagnaðila í íslenska ríkisins um eignarrétt á svæðinu ekki heldur stuðst við heimildir um merki Lambatungna. Verður nú vikið að þeim heimildum sem varða þann hluta ágreiningssvæðisins sem hér er sérstaklega til umfjöllunar.

Eins og nánar er rakið í kafla 5.6 er leitum á svæðinu ítarlega lýst ritinu *Göngur og réttir II*. Þar kemur fram að Grímstunguheiði og önnur afréttarlönd suður af Vatnsdal séu innan stærsta leitarkerfis á Íslandi. Öll þessi afréttarlönd séu leituð eftir föstu, sameiginlegu skipulagi, sem einnig sé bundið við aðrar nærliggjandi sýslur. Fram kemur í umfjöllun um Stórasand að þótt landið sé gróðursnautt fari fé mikið um sandinn og leiti mikið til hinna grösugu haga í Fljótsdrögum, Arnarvatnsheiði og víðar. Fljótsdrög og Arnarvatnsheiði eru suður af þessum hluta ágreiningssvæðisins. Einnig segir í *Göngum og réttum III* að svæðið frá Bláfelli til Fljótsdraga kallist Höllin og kindahagar séu þar víða ágætir. Sömuleiðis kemur fram að gróður sé mikill í Fljótsdrögum og sauðfé sæki þangað mjög. Leitum er lýst og kemur m.a. fram að Stórisandur hafi verið innan leitarsvæðisins. Það er einnig í samræmi við það sem fram kom við skýrslutökur í máli þessu um fyrirkomulag leita á svæðinu.

Í fyrirliggjandi heimildum er því svæði sem hér er sérstaklega til umfjöllunar getið í tengslum við upprekstur og afréttarnot. Engar heimildir eru um að þar hafi verið byggð eða önnur not en sumarbeit og e.t.v. aðrar takmarkaðar nytjar. Það er að mestum hluta hálent, fjarri byggð og inn á það hefur búfénaður leitað án hindrana. Óbyggðanefnd telur framangreint benda til þess að svæðið hafi verið afrétt í þeim skilningi að það hafi verið undirorpið óbeinum eignarréttindum fremur en beinum eignarrétti. Virðist sem nýting landsins hafi verið með þeim hætti að það hafi verið í sameiginlegum afréttarnotum jarða í fyrrum Ás- og Sveinsstaðahreppum og Þverárhreppi, nú Húnaþingi vestra.

Í máli þessu gerir Sjálfseignarstofnunin Grímstungu- og Haukagilsheiði kröfu um beinan eignarrétt á því svæði sem hér er til umfjöllunar en tekið er fram af hálfu umrædds gagnaðila íslenska ríkisins að í kröfugerðinni felist jafnframt krafa um „afnotarétt þeirra í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, komi til þess að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.“ Sjálfseignarstofnunin Grímstungu- og Haukagilsheiði leiðir rétt sinn til Haukagilsheiðar og Lambatungna frá þeim Ás- og Sveinsstaðahreppum sem fengu eins og áður segir afsöl fyrir

Haukagilsheiði og Lambatungum 1894, 1924 og 1996. Í fyrirliggjandi skipulagsskrá fyrir sjálfseignarstofnunina, dags. 8. desember 2005, kemur fram í 1. gr. að Sveinsstaðahreppur sé stofnandi hennar og í 2. gr. að hreppurinn leggi m.a. til stofnunarinnar eignarhluti sína í Haukagilsheiði og Lambatungum. Þá er tekið fram í 4. gr. að sjálfseignarstofnunin taki við þeim fasteignaréttindum sem um ræðir „með þeirri kvöð að virða upprekstrarrétt og veiðirétt einstakra jarða í samræmi við ákvæði laga nr. 6/1986 um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. auk fjallskilareglugerða settra með stoð í þeim og laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði, með sama hætti og löndin hefðu áfram verið í eigu sveitarfélagsins.“ Einnig er tekið fram hvaða lögbýli eigi upprekstrarrétt á lönd stofnunarinnar við stofnun hennar. Ennfremur er kveðið á um að sjálfseignarstofnunin skuldbindi sig „til að veita þeim búfjáreigendum í Sveinsstaðahreppi, sem samkvæmt gildandi lögum um fjallskil o.fl. á hverjum tíma, eiga upprekstrarrétt á afrétt sveitarfélags eða upprekstrarfélags innan sveitarfélagsins, rétt til upprekstrar í lönd stofnunarinnar með sama hætti og verið hefði, ef löndin hefðu áfram verið eign sveitarfélagsins.“ Breyting á skipulagsskrá sjálfseignarstofnunarinnar var staðfest 8. desember sama ár en með breytingunni lagði sveitarfélagið Áshreppur til stofnunarinnar eignarhluti sína í tilteknum fasteignum, þ.á m. Haukagilsheiði. Þá var gerð sú breyting á 4. gr. að tekið er fram hvaða lögbýli úr Áshreppi skyldu eiga upprekstrarrétt á lönd stofnunarinnar.

Húnavatnshreppur á einnig aðild að máli þessu og gerir þær kröfur að ef ekki verði fallist á kröfur Sjálfseignarstofnunarinnar Grímstungu- og Haukagilsheiði um beinan eignarrétt eða afréttareign á svæðinu verði viðurkennt að svæðið sé í afrétteign jarða í Húnavatnshreppi.

Að framan er komist að þeirri niðurstöðu að mörk Haukagilsheiðar og Lambatungna hafi ekki náð lengra til suðurs en að línu sem dregin er milli suðurenda Hraungarða, upptaka Álftskálarár og upptaka Bríkarkvíslar og krafa gagnaðila ríkisins um beinan eignarrétt á landi sunnan þeirrar línu, þ.e. á þeim hluta ágreiningssvæðisins sem hér er sérstaklega til umfjöllunar, geti ekki stuðst við heimildir um afmörkun Haukagilsheiðar og Lambatungna. Þær sömu heimildir benda að mati óbyggðanefndar ekki heldur til þess að svæðið sunnan umræddrar línu hafi á þeim tíma sem heimildirnar voru gerðar verið undirorpið óbeinum eignarréttindum tilheyrandi Haukagilsheiði og Lambatungum. Ennfremur er ljóst að þeir aðilar sem afsöluðu Haukagilsheiði og Lambatungum til þeirra sveitarfélaga sem Sjálfseignarstofnunin Grímstungu- og Haukagilsheiði leiðir rétt sinn frá gátu ekki afsalað meiri rétti en sannanlega var á þeirra hendi á þeim tíma. Réttur íbúa Ás- og Sveinstaðahrepps til notkunar svæðisins til sumarbeitar, samanber þau afnot af svæðinu sem áður er lýst, getur því að mati óbyggðanefndar ekki hafa stofnast á grundvelli umræddra afsala eigenda Haukagils og Lambatungna til sveitarfélagsins. Telur nefndin heimildir

fremur benda til þess að búfjáreigendur í hreppunum hafi tekið til sumarbeitar fyrir búfé, undir umsjón hreppsins, á sama hátt og gildir um samnotaafrétti almennt.[827]

Í máli þessu er þannig ekki sýnt fram á annað en að réttur til umrædds afréttarsvæðis hafi orðið til á þann veg að það hafi verið tekið til sumarbeitar fyrir búpening og annarrar takmarkaðrar notkunar. Um afréttarnotkun og fjallskil voru snemma settar opinberar reglur, sem sveitarstjórnum var falið að annast framkvæmd á.

Hvað varðar kröfu gagnaðila íslenska ríkisins um beinan eignarrétt á umræddu svæði á grundvelli hefðar þá vísast til dóma Hæstaréttar í þjóðlendumálum sem og Almennra niðurstaðna óbyggðanefndar, þar sem gerð er almenn grein fyrir hefð sem stofnunarhætti eignarréttinda. Svo sem þar er rakið var skýrum réttarreglum um hefð ekki fyrir að fara fyrir setningu hefðarlaga nr. 46/1905. Í „sólarlagsákvæði“ 12. gr. laganna kom fram að telja mætti eignarhald hefðanda fyrir gildistöku laganna til hefðartíma, þó þannig að engin hefð teldist fullnuð fyrr en í árslok 1910. Ljóst er að með þessu var ákveðið að hefðarlög giltu afturvirkt en ákvæðið tók þó aðeins til hefðarhalds sem fyrir hendi var við gildistöku laganna.[828]

Hvað þennan hluta ágreiningssvæðisins varðar er óumdeilt er að þar hefur aldrei verið byggð og ekkert liggur fyrir um að umráðum landsins hafi nokkru sinni eftir það verið háttað þannig að þau gætu talist hafa fullnægt kröfum 2. gr. hefðarlaga nr. 46/1905 um óslitið eignarhald á fasteign. Beinn eignarréttur að þessum hluta ágreiningssvæðisins getur því ekki hafa stofnast fyrir hefð eftir gildistöku hefðarlaga, hvorki samkvæmt almennu ákvæði 1. mgr. 2. gr. né sérreglu í 12. gr. þeirra. Þá skal sérstaklega áréttað að eldri lagareglur, svo sem ákvæði í 26. kap. landsleigubálks Jónsbókar, koma ekki til álita til stuðnings eignarréttarkröfu gagnaðila, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 379/2009 (Heiðarmúli).

Þá hefur verið áréttað í fjölda dóma Hæstaréttar að hefðbundin afréttarnot, þ.e.a.s. sumarbeit og e.t.v. önnur takmörkuð notkun, eru ekki nægjanleg ein og sér til þess að hefða beinan eignarrétt að afréttum eða öðrum sambærilegum svæðum. Jafnframt er ljóst að ráðstafanir að lögum hafa ekki þýðingu við slíkt mat nema fleira komi til. Af því leiðir að sú yfirlýsing sem var gerð um landamerki milli Arnarvatnsheiðar í Borgarbyggð annars vegar og Grímstunguheiðar, Haukagilsheiðar/Lambatungna og Forsæludalskvísla í Húnavatnshreppi hins vegar, og var þinglýst 5. júlí 2012, hefur ekki gildi við úrlausn um eignarréttarlega stöðu landsins.

Samkvæmt 2. mgr. 11. gr. þjóðlendulaga, nr. 58/1998, gildir við meðferð þjóðlendumála að ef um er að ræða sameiginlegt upprekstrarland skuli sveitarstjórn eða upprekstrarfélag sem stofnað hafi verið um þau mál hafa umboð til að ráðstafa málefninu vegna einstakra rétthafa sem þar eiga upprekstrarrétt. Óbyggðanefnd telur

[827] Sbr. umfjöllun um hugtakið afrétt í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).
[828] Sbr. kafli 3.2 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.*

ljóst að umrædd heimild er bundin við sveitarfélög og upprekstrarfélög. Sjálfseignarstofnunin Grímstungu- og Haukagilsheiði, gagnaðili íslenska ríkisins í máli þessu er því ekki bær til að fara með forræði á kröfum vegna upprekstrarréttar jarðeigenda í viðkomandi sveitarfélagi. Húnavatnshreppur gerir sem fyrr segir þá kröfu til þrautavara að viðurkennd verði afréttareign jarða í Húnavatnshreppi að svæðinu en vafalaust er að hreppurinn hefur lögbundið umboð til að hafa þá kröfu uppi fyrir óbyggðanefnd fyrir hönd viðkomandi jarða, samanber áður tilvitnaða 2. mgr. 11. gr. laga nr. 58/1998.

Að öllu framangreindu virtu telur óbyggðanefnd að ekki hafi verið í ljós leitt að á því svæði sem liggur sunnan við merki Haukagilsheiðar og Lambatungna, svo sem þau eru skilgreind hér að framan, hafi stofnast til eignarlands með námi, hefð eða öðrum þeim stofnunarháttum eignarréttinda sem grein hefur verið gerð fyrir í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (sjá viðauka). Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé þjóðlenda.[829] Af fyrirliggjandi gögnum verður hins vegar ráðið að landsvæðið sé afréttur jarða í fyrrum Ás- og Sveinsstaðahreppum.

Ljóst er að einstakir hlutar þess svæðis sem hér hefur verið fjallað um og talið þjóðlenda í afréttareign eru misjafnlega fallnir til beitar. Beitarsvæði taka þó breytingum, auk þess sem þau eru ekki endilega samfelld. Land það sem hér er til umfjöllunar verður því talið falla undir skilgreininguna „landsvæði [...] sem að staðaldri hefur verið notað til sumarbeitar fyrir búfé“, sbr. 1. gr. laga nr. 58/1998.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði sunnan Haukagilsheiðar og Lambatungna, svo sem landsvæðið er afmarkað hér á eftir, sé þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

> *Frá Réttarvatnstanga er línan dregin beina sjónhendingu austur undir Bláfell og þaðan norður heiðina eins og vötnum hallar til vesturs í suðurenda Hraungarða. Þaðan er línan dregin að upptökum Álftskálarár, þaðan að upptökum Bríkarkvíslar og þaðan til suðurs að sveitarfélagamörkum Húnavatnshrepps og Borgarbyggðar sem síðan er fylgt til vesturs að upphafspunkti í Réttarvatnstanga.*

Sama landsvæði afréttur jarða í fyrrum Ás- og Sveinsstaðahreppum, nú í Húnavatnshreppi, sbr. 1. gr. og b-lið 7. gr. laga nr. 58/1998. Um rétt til upprekstrar á afréttinn og annarra hefðbundinna nota sem afréttareign fylgja fer eftir ákvæðum laga þar um, sbr. 5. gr. laga nr. 58/1998. Þar ber sérstaklega að nefna 7. gr. laga um afréttarmálefni, fjallskil o.fl., nr. 21/1986.

[829] Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

6.8 Um málskostnað

Í samræmi við 2. mgr. 17. gr. laga nr. 58/1998 hefur óbyggðanefnd lagt mat á það hvað telja megi nauðsynlegan kostnað vegna hagsmunagæslu fyrir nefndinni í máli þessu. Við það mat hefur nefndin m.a. litið til þess hvort aðilar, sem svipaðra hagsmuna eigi að gæta, hafi sameinast um aðstoð lögmanns og annarra sérfræðinga, enda rekist hagmunir ekki á. Við mat á fjárhæð kostnaðar hefur nefndin ennfremur litið til þess hvað telja megi sanngjarnt og eðlilegt endurgjald fyrir hagsmunagæslu í máli þessu.

Í tilefni af áliti umboðsmanns Alþingis frá 13. nóvember 2007 í máli nr. 5073/2007 er málskostnaður úrskurðaður til einstakra málsaðila, fremur en sameiginlega, að því marki sem aðild og sundurliðun málskostnaðarreikninga gefur tilefni til.

7 ÚRSKURÐARORÐ[830]

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. Auðkúluheiði, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

> *Upphafspunktur er í Blöndu við Vallgil. Er Blöndu fylgt til upptaka í Hofsjökli. Er jaðri jökulsins fylgt til suðurs þar til komið er að skurðpunkti við afréttarmörk á Kili milli Biskupstungnaafréttar og Auðkúluheiðar. Ráða afréttarmörkin að sunnan á eftirfarandi hátt: Frá Strýtum (hæð 834 m.) eru merkin bein lína til austurs að Grettishelli (hæð 670 m). Þaðan bein lína að Hringsjá á Fjórðungsöldu (hæð 681 m). Frá hringsjá eru merkin bein lína til austurs í Hofsjökul, sem er framhald hugsaðrar línu frá Strýtum um hringsjána. Til vesturs frá Strýtum eru merkin bein lína í grjóthól á fjallseggjum, ofan við vatnaskil í Sóleyjardal (hæð 946 m). Þaðan eru merkin bein lína í Oddnýjarhnjúk (hæð 1.057 m), og áfram í sömu stefnu í jökulruðning (mórena) og síðan eftir jökulruðningnum í Langjökul.*
>
> *Þá er farið norður með jaðri Langjökuls. Úr norðurenda Langjökuls er dregin bein lína norður í Lyklafell. Úr Lyklafelli er farið í norðurenda Búrfjallahala. Þaðan er farið norðaustur í upptök Fellakvíslar og henni fylgt þar til Kolkukvísl fellur í hana. Þaðan er farið í norður í Skammbeinstjörn og áfram í Karyrðlingatjörn. Úr Karyrðlingatjörn er farið austur í Fiskilæk um Helluvörðuás. Úr Fiskilæk er farið í upphafspunkt í Blöndu við Vallgil.*
>
> *Að því leyti sem fylgt er jökuljaðri er miðað við stöðu jökuls eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll.*

Sama landsvæði er í afréttareign Sjálfseignarstofnunarinnar Auðkúluheiðar, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga, sem nýtur veiðiréttar í ám og vötnum skv. 5. gr. laga nr. 58/1998, sbr. II. kafla laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006.

> *Landsvirkjun er eigandi þeirra vatnsréttinda (fallréttinda) sem nauðsynleg eru til reksturs Blönduvirkjunar í núverandi mynd en fyrirtækið greiddi íslenska ríkinu fyrir þessi réttindi 31. desember árið 2002 í samræmi við úrskurð hinnar sérstöku matsnefndar frá 10. ágúst 1992, sbr. 1. gr., 2. gr. og 7. gr. laga nr. 58/1998.*
>
> *Jafnframt er það niðurstaða óbyggðanefndar að Landsvirkjun njóti lögvarins réttar til reksturs Blönduvirkjunar í núverandi mynd.*

[830] Sjá til skýringar fylgiskjal nr. I (Kort). Við afmörkun þjóðlendu í hverju máli fyrir sig er miðað við orðalag í fyrirliggjandi heimildum um það landsvæði sem til meðferðar er. Blæbrigðamunur kann því að vera á lýsingum á sömu línu á milli einstakra landsvæða.

Landsvirkjun er ekki eigandi annarra landsréttinda, þ.m.t. vatns- og veiðiréttinda á svæðinu, í skilningi 1. gr. 2. gr. og 7. gr. laga nr. 58/1998.

Á svæði þessu fer Landsvirkjun með eignar- og/eða umráðarétt að eftirtöldum mannvirkjum og framkvæmdum, svo sem réttindunum er lýst af hálfu Landsvirkjunar, og nýtur lögvarins réttar til nýtingar þeirra vegna reksturs Blönduvirkjunar í núverandi mynd: Flugvelli við Blöndulón; Blöndustíflu; Blöndulóni; hjólalokuhúsi í Blöndustíflu; geiralokuhúsi í Blöndustíflu; yfirfalli Blöndustíflu; malarnámu neðan Blöndustíflu; Kolkustíflu; lokuhúsi Kolkustíflu, malarnámu við Kolkustíflu; veituskurði frá Kolkustíflu að Þrístiklu; veituskurði frá Þrístiklu að Smalatjörn, malarnámu við Fannlæk; stíflu við Smalatjörn í Fannlækjardragi; brú og þröskuldi við Smalalatjarnarskurð; veituskurði frá Smalatjörn að Austara Friðmundarvatni, Smalatjarnarskurði; brú og þröskuldi við Austara Friðmundarvatn; veituskurði frá Austara-Friðmundarvatni í Gilsvatn; vegi að Flugvelli (L764); slóð að Blöndulóni (L763); vegi að lokuhúsinu í Kolku (L761); vegi frá Kolkustíflu að mælayfirfalli neðan stíflunnar (L761); þremur vegslóðum af Kolkustíflu að malarnámi beggja vegna Kolkuskurðar (L761); vegi austur að Blöndustíflu og yfirfalli (L762); vegi að þröskuldi og stíflu við Smalatjörn; vegi að malarnámi í Fannlækjardragi; vegi að þröskuldi og stíflu neðan við Austara Friðmundarvatn (L756); slóð að malarnámi neðan stíflunnar (L76) og borholum sem útbúnar hafa verið á svæðinu vegna reksturs Blönduvirkjunar í núverandi mynd.

Hafnað er eftirtöldum kröfum Landsvirkjunar: Um að fyrirtækið sé eigandi fyrirhugaðra virkjana á veituleið núverandi virkjunar; um að fyrirtækið sé eigandi mannvirkja sem síðar kunni að verða reist á þjóðlendunni Auðkúluheiði; um rétt til nýtingar vatnsréttinda til virkjunar á veituleið Blöndu frá efsta vatnsborði núverandi miðlunarlóns Blönduvirkjunar (Blöndulóns) í 478 metra hæð yfir sjávarmáli að núverandi inntakslóni Blönduvirkjunar (Gilsárlóns) í 410 metra hæð yfir sjávarmáli; um ótímabundinn afnotarétt til jarðvinnslu og nýtingar jarðefna í þágu virkjunar í opinni námu neðan Blöndustíflu og námum sem nýttar hafa verið; um ótímabundinn afnotarétt til nýtingar vatns úr núverandi borholum vegna starfsemi Landsvirkjunar og reksturs virkjana, allt að 50 l/s.; um eignarrétt að trjágróðri og annarri uppgræðslu á svæðinu.

Þá er hafnað sérstökum kröfum Landsvirkjunar vegna jarðarinnar Eiðsstaða.

Svæði það sem hér hefur verið lýst þjóðlenda er háð sérstökum eignarréttarlegum takmörkunum samkvæmt lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, samanber náttúruminjaskrá.

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. Forsæludalskvíslar, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

Upphafspunktur er í Vatnsdalsá á móts við Svínavatnslækjarós. Þaðan er dregin bein lína austur í há Bótarfell. Úr Bótarfelli er farið til austurs, yfir Eyjavatn, í vörðu austan megin við Mjóavatnslæk. Þaðan er farið suðaustur í Fellakvísl þar sem Kolkukvísl fellur í hana. Þá er Fellakvísl fylgt til upptaka og þaðan er dregin bein lína til suðvesturs í norðurenda Búrfjallahala. Úr Búrfjallahala er farið til norðvesturs í upptök Ströngukvíslar og henni fylgt þar til hún rennur í Vatnsdalsá við Stórakrók og ræður þá Vatnsdalsá í upphafspunkt við Svínavatnslækjarós.

Sama landsvæði er í afréttareign Sjálfseignarstofnunarinnar Auðkúluheiði og Sjálfseignarstofnunarinnar Grímstungu- og Haukagilsheiði, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga, sem nýtur veiðiréttar í ám og vötnum skv. 5. gr. laga nr. 58/1998, sbr. II. kafla laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006.

Svæði það sem hér hefur verið lýst þjóðlenda er háð sérstökum eignarréttarlegum takmörkunum samkvæmt lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, samanber náttúruminjaskrá.

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. landsvæði sunnan Grímstunguheiðar, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

Upphafspunktur er í upptökum Ströngukvíslar. Þaðan er dregin bein lína til norðvesturs í upptök Bríkarkvíslar. Þaðan er lína dregin til suðurs að sveitarfélagamörkum Húnavatnshrepps og Borgarbyggðar. Er þeim mörkum fylgt til austurs í Lyklafell. Úr Lyklafelli er farið norður í norðurenda Búrfjallahala og þaðan til norðvesturs í upphafspunkt í upptökum Ströngukvíslar.

Sama landsvæði er afréttur jarða í fyrrum Ás- og Sveinsstaðahreppum, nú í Húnavatnshreppi, sbr. 1. gr. og b-lið 7. gr. laga nr. 58/1998. Um rétt til upprekstrar á afréttinn og annarra hefðbundinna nota sem afréttareign fylgja fer eftir ákvæðum laga þar um, sbr. 5. gr. laga nr. 58/1998. Þar ber sérstaklega að nefna 7. gr. laga um afréttarmálefni, fjallskil o.fl., nr. 21/1986.

Svæði það sem hér hefur verið lýst þjóðlenda er háð sérstökum eignarréttarlegum takmörkunum samkvæmt lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, samanber náttúruminjaskrá.

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. Lambatungur, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

> *Upphafspunktur er þar sem Bríkarkvísl fellur í Álftskálará. Þaðan er Bríkarkvísl fylgt til upptaka. Frá upptökum Bríkarkvíslar er línan dregin til vesturs að upptökum Álftskálarár og Álftskálará fylgt þaðan í upphafspunkt þar sem Bríkarkvísl fellur í hana.*

Sama landsvæði er í afréttareign Sjálfseignarstofnunarinnar Grímstungu- og Haukagilsheiði, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga, sem nýtur veiðiréttar í ám og vötnum skv. 5. gr. laga nr. 58/1998, sbr. II. kafla laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006.

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. hluti Kornsártungna, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

> *Upphafspunktur er þar sem Kleppukvísl rennur úr Kleppuvatni. Þaðan er línan dregin til norðvesturs að Kornsárvatni og frá Kornsárvatni til vesturs að Bergárvatni. Frá Bergárvatni er línan dregin um Hólmavatn í Hraungarða og frá Hraungörðum um upptök Kleppukvíslar í upphafspunkt þar sem Kleppukvísl rennur úr Kleppuvatni.*

Sama landsvæði er í afréttareign Sjálfseignarstofnunarinnar Grímstungu- og Haukagilsheiði, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga, sem nýtur veiðiréttar í ám og vötnum skv. 5. gr. laga nr. 58/1998, sbr. II. kafla laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006.

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. landsvæði sunnan Haukagilsheiðar og Lambatungna, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

> *Frá Réttarvatnstanga er línan dregin beina sjónhendingu austur undir Bláfell og þaðan norður heiðina eins og vötnum hallar til vesturs í suðurenda Hraungarða. Þaðan er línan dregin að upptökum Álftskálarár, þaðan að upptökum Bríkarkvíslar og þaðan til suðurs að sveitarfélagamörkum Húnavatnshrepps og Borgarbyggðar sem síðan er fylgt til vesturs að upphafspunkti í Réttarvatnstanga.*

Sama landsvæði afréttur jarða í fyrrum Ás- og Sveinsstaðahreppum, nú í Húnavatnshreppi, sbr. 1. gr. og b-lið 7. gr. laga nr. 58/1998. Um rétt til upprekstrar á afréttinn og annarra hefðbundinna nota sem afréttareign fylgja fer eftir ákvæðum laga

þar um, sbr. 5. gr. laga nr. 58/1998. Þar ber sérstaklega að nefna 7. gr. laga um afréttarmálefni, fjallskil o.fl., nr. 21/1986.

Gerður er almennur fyrirvari um hnitasetningu þjóðlendulína að liðnum málsskotsfrestum eða að fenginni dómsniðurstöðu. Þá getur skipan þjóðlendu innan staðarmarka sveitarfélaga komið til endurskoðunar.

Málskostnaður gagnaðila íslenska ríkisins vegna þóknunar málflytjenda þeirra greiðist úr ríkissjóði, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998, og ákvarðast svo:

Vegna Sigurðar Jónssonar hrl.: Sjálfseignarstofnunin Grímstunguheiði/ Haukagilsheiði vegna Forsæludalskvísla, Grímstunguheiðar, Haukagilsheiðar og Lambatungna, kr. 2.500.000. Sjálfseignarstofnunin Auðkúluheiði vegna Auðkúluheiðar og Forsæludalskvísla, kr. 1.500.000. Eigendur Hnausa I, Hnausa II og Stóru-Giljár vegna Sauðadals, kr. 750.000.

Vegna Geirs Arnars Marelssonar hdl.: Landsvirkjun vegna Auðkúluheiðar, kr. 750.000.

Vegna Stefáns Þ. Ólafssonar hrl.: Eigandi Forsæludals vegna Forsæludals, kr. 120.000.

Vegna Páls Arnórs Pálssonar hrl.: Eigendur Hvamms I og Hvamms II vegna Sauðadals, kr. 400.000.

Útlagður kostnaður málsaðila, annarra en fjármálaráðherra vegna íslenska ríkisins, utan þóknunar lögmanna, hefur þegar verið endurgreiddur úr ríkissjóði, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998.

Karl Axelsson

Ása Ólafsdóttir

Hulda Árnadóttir

II. Aðilaskrá

Þjóðlendur	Fjármála- og efnahagsráðherra f.h. íslenska ríkisins
Auðkúluheiði	Sjálfseignarstofnunin Auðkúluheiði
Auðkúluheiði	Landsvirkjun
Dalsland	Sjálfseignarstofnunin Grímstunguheiði/ Haukagilsheiði
Forsæludalur	Sigríður Ragnarsdóttir
Forsæludalskvíslar	Sjálfseignarstofnunin Grímstunguheiði/ Haukagilsheiði
Forsæludalskvíslar	Sjálfseignarstofnunin Auðkúluheiði
Grímstunguheiði	Sjálfseignarstofnunin Grímstunguheiði/ Haukagilsheiði
Haukagilsheiði	Sjálfseignarstofnunin Grímstunguheiði/ Haukagilsheiði
Hnausar I (vegna Sauðadals)	Pálmi Ellertsson
Hnausar II (vegna Sauðadals)	Hnausabúið sf.
Hvammur I	Hólmgeir Pálsson
Hvammur II	Haukur Garðarsson
Hvammur II	Sonja Suska
Lambatungur	Sjálfseignarstofnunin Grímstunguheiði/ Haukagilsheiði
Stóra-Giljá (vegna Sauðadals)	Sigurður Erlendsson
Sauðadalur	Sjálfseignarstofnunin Grímstunguheiði/ Haukagilsheiði

III. Skjalaskrá[831]

Lagt fram af Andra Árnasyni hrl. f.h. fjármála- og efnahagsráðherra:

1 Kröfulýsing, dags. 2.7.2012.

1(1) Skjalaskrá, dags. 2.7.2012.

1(2) Tilvísanaskrá, dags. 2.7.2012.

1(3) Bréf lögmanns fjármálaráðuneytis til óbyggðanefndar um kröfulýsingu íslenska ríkisins vegna þjóðlendna á svæði 8A, dags. 2.7.2012.

1(4) Bréf óbyggðanefndar til fjármálaráðherra um meðferð á svæðum 7B og 8A hjá óbyggðanefnd, dags. 6.7.2012.

1(5) Bréf óbyggðanefndar til fjármálaráðherra. Svæði 8 norður tekið til meðferðar. Frestur til að skila inn kröfulýsingu, dags. 23.6.2012.

1(6) Bréf óbyggðanefndar til fjármálaráðherra. Frestur fjármálaráðherra til að skila kröfulýsing á svæði 8A. Framlenging, dags. 28.12.2011.

1(7) Bréf fjármálaráðuneytisins til óbyggðanefndar. Viðbögð fjármálaráðuneytis við bréfi óbyggðanefndar, dags. 28.12.2011, um frest fjármálaráðherra til að skila kröfulýsingu á svæði 8A, dags. 17.1.2012.

1(8) Afrit af bréfi óbyggðanefndar til sýslumannsins á Blönduósi, varðandi frest fjármálaráðherra til að lýsa hugsanlegum þjóðlendukröfum, sent til upplýsinga til fjármálaráðherra, dags. 18.1.2012.

1(9) Bréf óbyggðanefndar til fjármálaráðuneytisins. Þjóðlendumál á árinu 2012, hvort gerður sé ágreiningur um að frestur til að setja fram þjóðlendukröfur á svæði 8A geti runnið út 31.3.2012, dags. 26.1.2012.

1(10) Bréf fjármálaráðuneytisins til óbyggðanefndar. Ráðuneytið staðfestir að frestir til að skila inn kröfuleysingum hafi byrjað að líða 1.1.2012, dags. 9.2.2012.

1(11) Bréf lögmanns ríkisins til óbyggðanefndar. Beiðni um að frest til að skila kröfulýsingum vegna svæðis 8A, dags. 26.3.2012.

1(12) Bréf óbyggðanefndar til lögmanns ríkisins. Beiðni um framlengingu á kröfulýsingafresti samþykkt, dags. 30.3.2012.

1(13) Dómur Hæstaréttar Íslands nr. 66/1996 Auðkúluheiði, dags. 10.4.1997.

1(14) Dómur Hæstaréttar Íslands nr. 67/1996 Eyvindarstaðarheiði, dags. 10.4.1997.

1(15) Dómur Hæstaréttar Íslands nr. 87/1988 Grímstungu- og Haukagilsheiði og Sauðadalur, dags. 16.2.1990.

1(16) Dómur Hæstaréttar Íslands nr. 72/1980 Haukagilsheiði og Lambatungur, dags. 2.7.1984.

1(17) Bókun um breytingar kröfulína ríkisins, dags. 21.3.2013.

1(18) Greinargerð, dags. 29.4.2013.

1(19) Breyting á kröfulínu ríkisins milli punkta nr. 5-7, dags. 10.6.2013.

Lagt fram af óbyggðanefnd:

2 Heildaskilabréf Þjóðskjalasafns Íslands yfir heimildaleit í óprentuðum (A-skjöl) og prentuðum (B-skjöl) frumgögnum, dags. 1.12.2014.

Landamerkjabækur (skjalaflokkur A.1.):

2(1) Hnausar, dags. 20.6.1883. *Merkt 65.*

2(2) Öxl, Hnausar, Bjarnastaðir, Brekka og Brekkukot, dags. 9.7.1974. *Merkt 66.*

2(3) Öxl, dags. 27.5.1889. *Merkt 67.*

2(4) Brekka og Brekkukot, dags. 3.5.1889. *Merkt 68.*

2(5) Brekka, dags. 11.4.1958. *Merkt 69.*

2(6) Brekka, Brekkukot og Litla-Giljá, dags. 16.10.1962. *Merkt 70 a-b.*

2(7) Brekka og Brekkukot, dags. 7.9.1974. *Merkt 71 a-b.*

[831] Skjölum er raðað undir efnisflokka og þau því ekki í réttri númeraröð að öllu leyti. Sjá einnig í kafla 4.2.

2(8) Stóragiljá og Beinakelda, dags. 12.5.1890. *Merkt 72.*
2(9) Reykir, dags. 25.5.1891. *Merkt 73.*
2(10) Mosfell og Reykir, dags. 20.7.1949. *Merkt 74.*
2(11) Geithamrar, ódags. en þingl. 17.5.1890. *Merkt 75.*
2(12) Grund, ódags. en þingl. 17.5.1890. *Merkt 76.*
2(13) Grund og Geithamrar, dags. 9.8.1926. *Merkt 77 a-b.*
2(14) Grund, dags. 2.4.1952. *Merkt 78.*
2(15) Snæringsstaðir, dags. 13.5.1890. *Merkt 79.*
2(16) Snæringsstaðir, dags. 2.10.1933. *Merkt 80 a-b.*
2(17) Ljótshólar, dags. 10.5.1890. *Merkt 81.*
2(18) Gafl, dags. 29.4.1887. *Merkt 82.*
2(19) Marðarnúpur, dags. 25.7.1890. *Merkt 83.*
2(20) Gilá, dags. 25.7.1890. *Merkt 84.*
2(21) Gilá, dags. 15.2.1983. *Merkt 85.*
2(22) Kötlustaðir, dags. 25.7.1890. *Merkt 86.*
2(23) Hof, dags. 25.7.1890. *Merkt 87.*
2(24) Eyjólfsstaðir, dags. 24.7.1890. *Merkt 88.*
2(25) Hvammi, dags. 31.7.1890. *Merkt 89.*
2(26) Hvammur I-II. landskiptastamningur, dags. 9.7.1973. *Merkt 90 a-b.*
2(27) Hjallaland, dags. 18.7.1890. *Merkt 91.*
2(28) Márstaðir, dags. 30.5.1890. *Merkt 92.*
2(29) Bjarnastaðir, dags. 30.5.1890. *Merkt 93.*
2(30) Kringla, dags. 25.4.1884. *Merkt 94.*
2(31) Akur, dags. 25.4.1884. *Merkt 95.*
2(32) Hjaltabakki, dags. mars 1889. *Merkt 96.*
2(33) Haukagil-Haukagilsheiði, dags. 1.11.1971. *Merkt 138.*
2(34) Kornsá og Kornsárselsland, ódags. en líkl. frá 1984. *Merkt 139.*
2(35) Forsæludalur, dags. 29.7.1890. *Merkt 140 a-b.*
2(36) Forsæludalur - landskipti, dags. 26.12.1959. *Merkt 141.*
2(37) Forsæludalur - afsal, dags. 30.6.1975. *Merkt 142.*
2(38) Grímstunguheimaland og heiðarland, dags. 10.6.1890. *Merkt 143.*
2(39) Gilhagi. Kaupsamningur, dags. 24.5.1926. *Merkt 144.*
2(40) Gilhagi. Kaupsamningur , dags. 24.6.1958. *Merkt 145 a-b.*
2(41) Haukagil, dags. 29.7.1890. *Merkt 146.*
2(42) Haukagil og Saurbær, dags. 20.3.1971. *Merkt 147.*
2(43) Kornsá, dags. 25.5.1891. *Merkt 148.*
2(44) Kornsá og Undirfell, dags. 16.6.1928. *Merkt 149 a-b.*
2(45) Auðkúluheiði, dags. 4.9.1886. *Merkt 150.*
2(46) Auðkúluheiði. Kaupsamningur, dags. 31.12.1963. *Merkt 151 a-b.*
2(47) Afréttarmörk Biskupstungnaafréttar og Auðkúluheiðar, ódags. en líkl. frá 1986, sbr. skjal 4(14). *Merkt 152.*
2(48) Auðkúla, dags. 17.5.1890. *Merkt 153 a-b.*
2(49) Þröm, dags. 12.5.1890. *Merkt 154.*
2(50) Eldjárnsstaðir, dags. 12.5.1890. *Merkt 155.*
2(51) Eiðsstaðir, dags. 12.5.1890. *Merkt 156.*
2(52) Guðlaugsstaðir, dags. 13.5.1890. *Merkt 157.*
2(53) Stóridalur, dags. 14.5.1890. *Merkt 158.*
2(54) Hrafnabjörg, dags. 17.5.1890. *Merkt 160.*
2(55) Tungunes og Ytri-Langamýri. Kaupsamningur, dags. 21.6.1952. *Merkt 159 a-b.*
2(56) Gafl, dags. 29.4.1887. *Merkt 161.*
2(57) Guðrúnarstaðir og hjáleigan Vaglir, dags. 28.2.1888. *Merkt 162.*
2(58) Þórormstunga, dags. 28.7.1890. *Merkt 163 a-b.*
2(59) Hrafnabjörg, dags. 13.12.1922. *Merkt 164 a-b.*
2(224) Rugludalur í Bólstaðarhlíðarhreppi, dags. 12.4.1883. *Merkt 242.*
2(225) Eyvindarstaðaheiði, dags. 28.9.1886. *Merkt 243.*

2(226) Mosfell, dags. 1.2.1891. *Merkt 244.*

2(315) a-b Afréttur á Arnarvatnsheiði, ásamt uppskrift, dags. 26.1.1886. *Merkt 255 a-c.*

Jarðabréf á Þjóðskjalasafni (skjalaflokkur A.2.):

2(60) a-b Útskrift af institsprotokolli, pólitíréttur. Málið varðar umkvörtun prestsins á Auðkúlu yfir óheimilli brúkun fólks á Auðkúlu beneficii landi, svonefndri Kúluheiði, við grasatekju. Einnig fjallað um kvörtun á notkun Dalskvísla. Kvörtun Tómasar Tómassonar á Stóru Ásgeirsár, vegna líkrar og fleiri slags óreglu brúkunar á Arnavatnsheiði, dags. 23.6.1810, ásamt uppskrift. *Merkt 5 a-c.*

2(61) a-b Lögfesta. Bjarni Steindórsson lögfestir eignarjörð sína Þórormstungu. Landamerkja getið, þar á meðal við Marðarnúp. Lögfestunni er mótmælt vegna Auðkúluheiðar við þingsrétt þann 20.6.1808, dags. 12.4.1806, ásamt uppskrift. *Merkt 14 a-b.*

2(62) a-b Lögfesta. Bjarni Steindórsson lögfestir eignarjarðir sínar Þórormstungu og Forsæludal. Landamerkja getið og minnst á Marðarnúp, dags. 5.5.1809, ásamt uppskrift. *Merkt 15 a-b.*

2(63) a-b Bjarni Steindórsson ráðstafar eignarjörðum sínum Þórormstungu og Forsæludal með Dalkoti. Forsæludalskvíslar skiptast milli Þórormstungu $^{4}/_{9}$ og Dalkots $^{5}/_{9}$, dags. 23.3.1820, ásamt uppskrift. *Merkt 16 a-b.*

2(64) a-b Lögfesta. Jón Jónsson lögfestir Þingeyraklausturs- og ábýlisjörð sína Hvamm í Vatnsdal. Landamerkja er getið og minnst er á Sauðadal, dags. 29.5.1810, ásamt uppskrift. *Merkt 18.*

2(65) a-b Lögfesta. Bjarni Guðmundsson lögfestir jörðina Haukagil og svo hálfar Lambatungur til móts við Grímstungu og hálfar Kornsártungur til móts við Kornsá, dags. 20.6.1789, ásamt uppskrift. *Merkt 19 a-b.*

2(66) a-b Vitnisburður. Magnús Einarsson vitnar um landamerki Auðkúlustaða og heiðar hennar. Nefnir einnig jarðirnar Eiðstaði og Eldjárnstaði varðandi Auðkúlustaðaheiði. Landamerkja getið. Blöndal vottar um rétt útskrift, ódags. en líkl. frá 1652/4, ásamt uppskrift. *Merkt 22 a-b.*

2(291) a-b Vitnisburður Steindórs Þorlákssonar um landamerki Þórormstungu, ásamt uppskrift, dags. 12.5.1792. *Merkt 30.*

2(292) a-b Kaupbréf fyrir hluta Þórormstungu, ásamt uppskrift, dags. 15.6.1789. *Merkt 31 a-c.*

2(293) a-b Kaupbréf fyrir hluta Þórormstungu, ásamt uppskrift, dags. 23.6.1802. *Merkt 32.*

2(294) a-b Uppskrift af tveimur gömlum skjölum um Þórormstungu, dags. 27.9.1520, 29.9.1564 auk vitnisburða, dags. 29.9.1741 og 29.3.1742, ásamt uppskrift. *Merkt 33 a-c.*

2(331) a-b Afrit af samningi milli forráðamanna Skálholts-, Bræðratungu-, Haukadals- og Torfustaðakirkna í Biskupstungum og Biskupstungnamanna og hrunamanna um notkun á landi því sem liggur fyrir norðan Jökulkvísl og Hvítárvatns, ásamt uppskrift, dags. 19.10.1848. *Merkt 29 a-b.*

Afsals og veðmálabækur (skjalaflokkur A.3.):

2(67) Kaupbréf. Benóný Jósephsson selur Jóseph Skaptasyni eignar- og ábýlisjörð sína Beinakeldu í Torfalækjarhreppi, með fjórða partur úr landi á Sauðadal, dags. 10.5.1851. *Merkt 3 a-b.*

2(68) Kaupbréf. Jóseph Skaptason selur eignarjörð sína Beinakeldu en undanskilur Sauðadalspartinn, dags. 10.6.1852. *Merkt 4 a-c.*

2(69) Kaup- og afsalsbréf. Jörðin Hnausar seld með hálfum Sauðadal, ásamt tilheyrandi selhúsum og peningshúsum. Í kaupbréfinu kemur fram að samkvæmt lögfestu, dags 24.5.1875 tilheyri Sauðadalur jörðinni Hnausum frá árinu 1875, dags. 1.6.1883. *Merkt 5 a-b.*

2(70) Bann við upprekstri stóðhrossa á Grímstunguheiði, Haukagilsheiði og Dalskvíslar nema gegn tolli, dags. 8.6.1878. *Merkt 14 a-b.*

2(71) Bann við upprekstri hrossa á Víðidalsfjall, dags. 7.6.1878. *Merkt 15.*

2(72) Kaupbréf og afsal. Brynjólfur Brynjólfsson, selur eignar- og óðalsjörð sína Forsæludal með hjáleigunni Dalkoti og $^{5}/_{9}$ Dalskvísla, dags. 18.12.1864. *Merkt 16 a-b.*

2(73) Jarðaskiptasamningur fyrir Ytri-Löngumýri í Svínavatnshreppi. Landamerkja getið, dags. 11.6.1861. *Merkt 17 a-b.*

2(330) a-b Afsalsbréf útgefið af eignar- og umráðamönnum Skálholts-, Bræðratungu-, Haukadals- og Torfustaðakirkna, fyrir afrétti þeim er þeim ber eftir Vilchins og Gísla máldögum, til handa Biskupstungnahreppi, þ.e. afréttur „fyrir norðan Vötn“, ásamt uppskrift, dags. 26.4.1851. *Merkt 23.*

2(337) a-b Veðskuldabréf fyrir kaupum á Forsæludal, dags. 9.2.1883. *Merkt. 23 a-b.*

Fasteigna- og jarðamöt (skjalaflokkur A.5.):

2(74) Jarðamat 1804: Svínavatn, Akur, Forsæludalur, Grímstunga, Auðkúla og Guðrúnarstaðir. *Merkt 4-5 og 9-11.*

2(75) Jarðamat 1849: Brekka, Hjaltabakki, Marðarnúpur, Stóragiljá, Beinakelda, Grímstunga, Haukagil, Auðkúla, Forsæludalur og gamalt afbýli Dalkot og Þórormstunga. *Merkt 2-5 og 16-19 og 21.*

2(76) Fasteignamat 1916-1918 - undirmat: Sauðadalur, Marðarnúpur, Vaglar, Forsæludalur, Grímstunga, Kornárselsland, Þingeyrarsel, Brekkukot, Öxl, Hnausar, Bjarnastaðir, Másstaðir, Almenn athugasemd fyrir jarðir í Sveinsstaðahreppi, Stóra-Giljá, Almenn athugasemd fyrir jarðir í Torfulækjarhreppi, Gilhagi, Ytri-Langamýri, Guðlaugsstaðir, Eiðsstaðir, Eldjárnsstaðir, Þröm, Sléttárdalur (áður Stóradalssel), Auðkúla, Hrafnabjörg, Gafl, Ljótshólar, Marðarnúpur, Snæringsstaðir, Grund, Geithamrar, Mosfell og Auðkúluheiði. *Merkt 1-32 og 168.*

Bréfabækur, bréfasöfn og gerðabækur sýslumanna, hreppa og sáttanefnda (skjalaflokkur A.6.):

2(93) a-b Uppboð á nokkrum jörðum Þingeyraklausturs. Var m.a. jörðin Akur seld og tekið fram að hún tileinki sér selstöðu á Sauðadal, ásamt uppskrift, dags. 18.8.1813. *Merkt 84 a-e.*

2(94) a-b Á manntalsþingi var framhaldið selstöðumáli séra Ólafs Guðmundssonar á Hjaltabakka. Þrjú vitni yfirheyrð um takmörk selstöðu þeirrar á Sauðadal sem Hjaltabakkakirkju var eignuð, ásamt uppskrift, dags. 25.5.1846. *Merkt 86 a-e.*

2(95) a-b Á manntalsþingi að Vindhæli var framhaldið selstöðumáli séra Ólafs Guðmundssonar á Hjaltabakka. Eitt vitni yfirheyrt um selstöðu á Sauðadal sem Hjaltabakkakirkju var eignuð, ásamt uppskrift, dags. 28.5.1846. *Merkt 87 a-d.*

2(96) a-b Á manntalsþingi á Blönduósi var þinglesið afsalsbréf, dags. 28.5.1914, fyrir 1/8 parti úr Sauðadal frá Kristjáni Sigurðssyni, Reykjum, til Björns Eysteinssonar. Á manntalsþinginu komu fram mótmæli frá Sigurði Erlendssyni á Beinakeldu við þinglestur afsalbréfsins þar sem hann efast um heimild Kristjáns til að selja hlutann. Kristján telur sig hafa fulla heimild þar sem hann eignaðist hlutann með makaskiptabréfi frá 25.5.1886, dags. 14.6 1915, ásamt uppskrift (sjá skjöl nr. 4(135) og 4(137)). *Merkt 92 a-c.*

2(97) a-b Fjáruppprekstur á Auðkúlustaðarafrétt (um tegund þings er ekki vitað), og það samkomulag gert að allir þessarar sveitar innbúendur skuli sér samankoma um fjáruppprekstur eftir forni venju, ásamt uppskrift, dags. 16.4.1722. *Merkt 3 a-c.*

2(98) a-b Á manntalsþingi að Svínavatni voru sveitarmenn áminntir að halda uppi fjallgöngum og fjárrekstri á Kúluheiði, hverju sveitarmenn lofuðu, ásamt uppskrift, dags. 10.5.1735. *Merkt 4 a-b.*

2(99) a-b Á manntalsþingi að Torfalæk var ályktað að Auðkúlustaðarheiði hefði til forna þénað og skyldi hér eftir þéna sem lögafrétt Svínavatns- og Torfalækjarhreppa., ásamt uppskrift, dags. 9.6.1758. *Merkt 6 a-f.*

2(100) Á héraðsþingi að Torfalæk var uppsagður dómur um fjallskil og fjalltolla á

a-b Auðkúlustaðarheiði, að allir búendur sem eigi 10 lömb eða fleiri séu skyldugir að reka á afréttina, ásamt uppskrift, dags. 26.5.1759. *Merkt 8 a-d.*

2(101) a-b Á manntalsþingi að Svínavatni var lesinn upp dómur um upprekstur á Auðkúlustaðarheiði frá 9.6.1758, sem tilheldur öllum Svínavatns- og Torfalækjarhreppa innbyggjurum að reka sín lömb þangað, ásamt uppskrift, dags. 12.6.1775. *Merkt 10 a-c.*

2(102) a-b Á manntalsþingi að Breiðabólstað var upplesin kvörtun frá Bjarna Steindórssyni á Þórormstungu vegna átroðnings á Dalskvíslum af fé sem rekið sé til Auðkúluheiðar, ásamt uppskrift, dags. 17.6.1807. *Merkt 13 a-d.*

2(103) a-b Politíréttur að Stóru-Giljá þar sem ályktað var um landsnytjar og hlunnindi á Auðkúlustaðarheiði og Dalskvíslum, ásamt uppskrift, dags. 23.6.1810. *Merkt 14 a-d.*

2(104) a-b Áreið á heiðar og upprekstrarlandið Dalskvíslar vegna upptöku nýbýlis að Réttarhóli. Tekið var fram að presturinn séra Stefán Jónsson, sem umráðamaður Auðkúluheiðar væri samþykkur ummerkjum nýbýlislandsins að austan, ásamt uppskrift, dags. 26.8.1889. *Merkt 19 a-d og 39 a-d.*

2(105) a-b Á manntalsþingi að Ási í Vatnsdal var opinberlega eftirspurt og þingsvitni tekin, um upprekstur og nýtingu á Grímstungnaafrétt, ásamt uppskrift, dags. 2.5.1740. *Merkt 21 a-c.*

2(106) a-b Á manntalsþingi á Sveinsstöðum var dæmt og ályktað að Grímstunguheiði skuli hér eftir haldast fyrir lögafrétt fyrir alla í Vatnsdals- og Sveinsstaðahreppum og þeir skyldugir þangað að reka lömb sín, ásamt uppskrift, dags. 10.6.1758. *Merkt 22 a-d.*

2(107) a-b Á manntalsþingi að Ási í Vatnsdal var ákveðið að bændur skuli reka sauðfé sitt á þá dæmdu lögafrétt, Grímstunguheiði, en engan veginn til Haukagilsheiðar undir dómsrofssekt, ásamt uppskrift, dags. 25.6.1782. *Merkt 23 a-c.*

2(108) a-b Á manntalsþingi að Sveinsstöðum var upplesinn dómur Bjarna Halldórssonar sýslumanns frá 10.6.1758 um upprekstur á Grímstunguheiði, og staðfestur í öllum sínum atriðum, ásamt uppskrift, dags. 6.5.1790. *Merkt 24 a-b.*

2(109) a-b Á manntalsþingi að Breiðabólstað í Vatnsdal var klagað yfir gerðri skikkan um hrossarekstur undir Víðidalsfjall og öllum Sveinsstaðarhreppsmönnum skipað að reka lömb sín það sumar á Grímstunguheiði, ásamt uppskrift, dags. 2.6.1797. *Merkt 26 a-d.*

2(110) a-b Aukaréttur Húnavatnssýslu settur á skrifstofu sýslunnar og voru þá útnefndir menn til þess að virða til peningaverðs jörðina Grímstungu með undirliggjandi heiðarlandi, og Grímstunguheiði sérstaklega út af fyrir sig, ásamt uppskrift, dags. 24.7.1886. *Merkt 29 a.*

2(111) a-b Aukaréttur Húnavatnssýslu haldinn á Blönduósi og voru þá dómkvaddir tveir menn til þess að gera áreið og meta ítölu í afréttarlandið Haukagilsheiði ásamt hálfum Lambatungum, miðað við stóðhrossabeit þar að sumarlagi, ásamt uppskrift, dags. 21.5.1934. *Merkt 30 a-b.*

2(112) a-b Á manntalsþingi að Breiðabólstað var upplesin kvörtun frá Bjarna Steindórssyni á Þórormstungu vegna átroðnings á Dalskvíslum, af fé sem rekið sé á Auðkúlu- og Grímstunguheiðar, og telur rétturinn ekki hægt að hrinda Bjarna frá því að telja í þetta sér tilheyrandi pláss, ásamt uppskrift, dags. 17.6.1807. *Merkt 31 a-d.*

2(113) a-b Á manntalsþingi að Tindum var upplesin kvörtun frá Bjarna Steindórssyni á Þórormstungu vegna átroðnings á Dalskvíslum, áður auglýst fyrir manntalsþingi að Breiðabólstað 17.6.1807, ásamt uppskrift, dags. 20.6.1808. *Merkt 32a-b.*

2(114) a-b Á manntalsþingi á Breiðabólstað framlagði Bjarni Steinsdórsson á Þórormstungu umkvörtun varðandi skaða sem hann segir heiðarland sitt, kallað Kvíslar, verða fyrir af fólki sem fari til grasa, ásamt uppskrift, dags. 30.5.1810. *Merkt 33 a.*

2(115) a-b Aukaréttur Húnavatnssýslu settur og gerður samningur þar sem Svínavatns-, Torfalækjar-, Sveinsstaða- og Ásshreppar taka Dalskvíslar til leigu til 10 ára, ásamt uppskrift, dags. 20.4.1874. *Merkt 38 a-f.*

2(116) Dómur í gestarjettarmálinu, Eigendur Víðidalstungueignar gegn óðalsbónda

a-b Sigurði Jónssyni í Lækjamóti. Sigurður var dæmdur til að greiða 50 kr. í vangoldna upprekstrartolla á Víðidalstunguheiði. Rétturinn taldi þýðingarlaust fyrir úrslit þessa máls, hvort stefndi hefði þau fjögur ár sem um ræðir, rekið geldfé sitt á Haukagilsheiði, ásamt uppskrift, dags. 25.11.1891. *Merkt 44 a-e.*

2(117) a-b Aukaréttur Húnavatnssýslu haldinn á Blönduósi og voru þá dómkvaddir tveir menn til að gera áreið og meta ítölu í afréttarlandið Haukagilsheiði ásamt hálfum Lambatungum, miðað við stóðhrossabeit þar að sumarlagi, ásamt uppskrift, dags. 21.5.1934. *Merkt 48 a-b.*

2(200) a-b Á manntalsþingi á Svínavatni var upplesin lögfesta séra Gísla Einarssonar fyrir Auðkúlustaðarlandi sem kallast Kúluheiði, ásamt uppskrift, dags. 10.5.1735. *Merkt 5 a-b.*

2(201) a-b Á manntalsþingi á Svínavatni var upplesin klögun Guðmundar Bjarnasonar á Eiðsstöðum um að hreppsmenn reki of skammt á Auðkúluafrétt, ásamt uppskrift, dags. 2.5.1763. *Merkt 9 a-c.*

2(202) a-b Á manntalsþingi á Lýtingsstöðum í Tungusveit var ámálgað um upprekstrarbann á Haukagilsheiði, ásamt uppskrift, dags. 28.5.1823. *Merkt 40 a-b.*

2(203) a-b Á manntalsþingi á Tindum var auglýst lögfesta og bann frá eigendum að Sauðadal. Lögfestunni mótmælti séra Páll Sigurðsson á Hjaltabakka að því leyti sem honum tilheyrði hrossaganga handa 10 hestum á Sauðadal eftir sáttargjörð, ásamt uppskrift, dags. 24.5.1875. *Merkt 90 a-c.*

2(204) a-b Á manntalsþingi á Ási var upplesið skjal frá Helgu Jónsdóttur á Giljá, þar sem hún fyrirbauð alla hrossagöngu á Sauðadal, ásamt uppskrift, dags. 15.5.1793. *Merkt 83 a-b.*

2(205) a-b Á manntalsþingi á Tindum var lesin friðlýsing Stóru-Giljármanna á Sauðadal, ásamt uppskrift, dags. 26.5.1847. *Merkt 88 a-c.*

2(206) a-b Á manntalsþingi í Engihlíð var upplesið bann sýslumannsins að bændur reki ei hross sín eða hesta úr Langadal á eða í klausturlandið á Sauðadal, ásamt uppskrift, dags. 2.5.1771. *Merkt 82 a-b*.

2(207) a-b Á manntalsþingi á Blönduósi, var þinglýst afsalsbréfi, dags. 19.4.1918, fyrir upprekstrarlandi á Sauðadal frá Birni Eysteinssyni til handa Jóni Jónssyni í Öxl, ásamt uppskrift, dags. 22.6.1918. *Merkt 95 a-c.*

2(208) a-b Á manntalsþingi á Svínavatni var lesin lögfesta fyrir Auðkúlustaðarlandi og heiði og dómur frá 9.6.1758, ásamt uppskrift, dags. 25.4.1795. *Merkt 11 a-b.*

2(209) a-b Á manntalsþingi á Tindum var lesin aðvörun hreppstjórans Arnljótar Illugasonar að menn reki geldfé sitt forsvaranlega til Auðkúlustaðarheiðar, ásamt uppskrift, dags. 24.5.1811. *Merkt 15 a-b.*

2(210) a-b Á manntalsþingi á Stóru-Borg var lesið bann móti heimildarlausri grasatöku og eggjanámi á Grímstungu-, Víðidalstungu-, Kornsár- og Haukagilsheiðum, ásamt uppskrift, dags. 6.5.1839. *Merkt 27 a-c*.

2(211) a-b Á manntalsþingi á Miðhúsum var lesin friðlýsing fyrir ágangi af stóði í Dalskvíslum, Kornsárlandi, Víðidalsfjalli, Grímstungna- og Haukagilsheiðum, ásamt uppskrift, dags. 6.5.1850. *Merkt 28 a-b.*

2(212) a-b Á manntalsþingi á Breiðabólstað var lesin ályktun sýslumanns þar sem ákvarðaður var tollur fyrir grasatekju á annarra lóð og fyrir aðra notkun annars lands, sérstaklega hvað snerti landeign Bjarna Steindórssonar í Þórormstungu, Dalskvíslar kallað, ásamt uppskrift, dags. 28.5.1811. *Merkt 34 a.*

2(213) a-b Á manntalsþingi á Miðhúsum var lesin friðlýsing fyrir ágangi af stóði í Dalskvíslum, Kornsárlandi, Víðidalsfjalli, Grímstungna- og Haukagilsheiðum, ásamt uppskrift, dags. 6.5.1850. *Merkt 36 a-b.*

2(214) a-b Á manntalsþingi á Tindum var þinglýst banni gegn brúkun á Dalskvíslarlandi, ásamt uppskrift, dags. 28.6.1859. *Merkt 37 a-b.*

2(215) a-b Á manntalsþingi á Ási var þinglýst afsalsbréfi, dags. 8.8.1883, þar sem Hannes Þorvarðarson selur Sigurði Jónssyni, Haukagilsheiði ásamt hálfum Lamba- og Kornsártungum fyrir 400 krónur, ásamt uppskrift, dags. 8.8.1885. *Merkt 43 a-c.* (Sjá skjal nr. 4(132)).

2(216) a-b Á manntalsþingi á Þorkelshóli var þinglýst afsalsbréf, dags. 28.10.1891, Sigurðar Jónssonar á Lækjamóti fyrir ¼ hluta úr Haukagilsheiði, með ¼ úr hálfum Kornsártungum, ásamt uppskrift, dags. 14.6.1894. *Merkt 45 a-b*. (Sjá skjal nr. 4(133)).

2(217) a-b Á manntalsþingi á Sveinsstöðum var þinglýst afsali, dags 19.4.1924, þar sem Jón Hallgrímsson selur Ás- og Sveinsstaðahreppum ¼ hluta úr Haukagilsheiði, ásamt uppskrift, dags. 23.6.1924. *Merkt 47 a-b.*

2(218) a-b Á manntalsþingi á Breiðabólstað var lesið bann áhrærandi brúkun á Sauðadal til hrossabeitar og grasatekju. Banninu mótmælti administrator Olsen vegna jarðanna Brekku og Hnausa, einnig bóndinn á Márstöðum og eigendur á Hjallalandi og Grundarkoti, ásamt uppskrift, dags. 5.5.1819. *Merkt 85 a-b.*

2(219) a-b Á manntalsþingi á Blönduósi var þinglýst afsali, dags. 20.5.1916, frá Birni Eysteinssyni fyrir eignarhluta hans í Sauðadal til Þorsteins Björnssonar. Einnig afsalsbréf, dags. 1.3.1916, fyrir 1/8 hluta úr Sauðadal frá Þorsteini Björnssyni til handa Jóni Jónssyni. Fram komu mótmæli frá Sigurði Einarssyni á Beinakeldu, ásamt uppskrift, dags. 8.6.1916. *Merkt 94 a-c.*

2(220) Fundargerð aðalfundar hreppsnefndar Þverárhrepps. Oddvita falið að semja við Sigurð á Lækjamóti um kaup á Haukagilsheiði m.m. taka við afsalsbréfi og útvega peninga til greiðslu andvirðisins, dags. 28.10.1903. *Merkt 9.*

2(221) Reikningar yfir tekjur og útgjöld sveitarsjóðsins í Þverárhreppi 1903-1904. Keyptur ¼ úr Haukagilsheiði með tilheyrandi, dags. júlí 1904. *Merkt 12 a-b.*

2(222) Skýrslur um arðlausar eignir Þverárhrepps á fardögum 1905-1908. ¼ úr Haukagilsheiði með tilheyrandi parti úr Lambatungum, ódags. *Merkt 13-16.*

2(223) a-b Á manntalsþingi að Svínavatni var þinglýst afsali fyrir afréttarlandinu Auðkúluheiði, þar sem Ráðherra Íslands selur Svínavatns-, Torfalækjar- og Blönduóshreppum heiðina, ásamt uppskrift, dags. 5.7.1918. *Merkt 20 a-b*. (Sjá skjal nr. 4(134)).

2(227) a-b Á manntalsþingi á Tindum, dags. 3.5.1819, var þinglesinn dómur um Auðkúlustaðarheiði, frá 9.6.1758, ásamt uppskrift, dags. *Merkt 16 a-b.*

2(267) a-b Bréf/umsögn sýslumanns til amtmanns um beiðni Björns Eysteinssonar um að taka upp nýbýli í Dalskvíslum, ásamt uppskrift, dags. 8.11.1887. *Merkt 5.*

2(268) a-b Færsla í bréfabók sýslumanns um bréf Björns Eystseinssonar, dags. 13.2.1888, varðandi bréf til amtmanns, ásamt uppskrift. *Merkt 6.*

2(269) a-b Tilkynning sýslumanns til amtmanns að hann hafi móttekið auglýsingu Björns Eysteinssonar um upptekt nýbýlis í Dalskvíslum með áritun um að hún hafi verið lesin í fyrir dóminum þann 19.3.1888, ásamt uppskrift, dags. 6.8.1888. *Merkt 7*.

2(270) a-b Skipun sýslumanns í áreiðardóm á Dalskvíslar vegna beiðnar um upptöku nýbýlis þar, dags. 21.8.1889. Tilkynning amtmanns til sýslumanns um að áreið vegna nýbýlis í Dalkvíslum megi fara fram, dags. 17.10.1888. Eiður áreiðarmanna, dags. 26.8.1889, bréf amtmanns til sýslumanns um að áreið megi fara fram enda hafi upptaka nýbýlis verið auglýst og enginn andmælt, dags. 17.10.1888. Afrit af auglýsingu vegna upptektar nýbýlis í Dalskvíslum, dags. 2.3.1888, ásamt uppskrift. *Merkt 8 og 12 a-e*.

2(271) a-b Beiðni amtmanns til sýslumanns um umsögn vegna umsóknar Björns Eysteinssonar um stofnun nýbýlis í Dalskvíslum, ásamt uppskrift, dags. 14.4.1887. *Merkt 10 a-b.*

2(272) a-b Skráning á því að sýslumaður hafi sent Birni Eysteinssyni nýbyggjararbréf frá amtmanni fyrir Kvíslalandi, ásamt uppskrift, dags. 29.10.1889. *Merkt 9.*

2(273) a-b Tilkynning amtmanns til sýslumanns um að Björn Eysteinsson verði að auglýsa nýbýlastofnunina, ásamt uppskrift, dags. 3.1.1888. *Merkt 11 a-b.*

2(274) a-b Bréf: amtmaður sendir til sýslumanns nýbyggjarabréf Björns Eysteinssonar (nýbyggjarabréfið fylgir ekki skjalinu), ásamt uppskrift, dags. 17.10.1889. *Merkt 13*. (Sjá skjal 2(277) a-b).

2(275) a-b Bréf hreppsnefndar Svínavatnshrepps til sýslumanns um fyrirhuguð kaup hreppsins á Kvíslalandinu, dags. 3.1.1891, beiðni hreppsnefndar Áshrepps til

sýslumanns um að mega taka lán til að kaupa 1/8 hluta Forsæludalskvísla, dags. 29.1.1891. Afrit af kaupbréfi fyrir Dalskvíslaland, dags. 24.11.1890. Afrit af samþykki fjögurra sveitarfélaga á kaupum á Dalskvíslalandi, dags. 24.11.1890. Beiðni hreppsnefndar Torfalækjarhrepps til sýslumanns um að mega taka lán til að kaupa hluta í Dalskvíslalandi, dags. 2.12.1890 , ásamt uppskrift, dags. *Merkt 14 a-h.*

2(276) a-b Bréfaskipti Björns Eysteinssonar og hreppstjóra Áshrepps um greiðslur vegna fundar lamba og eftirleitir, ásamt uppskrift, dags. 18.1.1890 og 12.2.1890. *Merkt 15 a-h*

2(287) a-b Frumvarp til reglugjörðar um notkun afrétta fyrir Húnavatnssýslu, ásamt uppskrift, dags. 24.2.1894. *Merkt 2 a-g.*

2(288) Á manntalsþingi að Ási var m.a. landamerkjabréfum Haukagils, Marðarnúps, Giljár, Þórormstungu, Kornsár og Forsæludals þinglýst, dags. 28.5.1891. *Merkt 146.*

2(290) a-b Á manntalsþingi að Stóruborg var þinglesið afsalsbréf, dags. 9.1.1904, fyrir ¼ úr Haukagilsheiði með 1/8 úr Lambatungum og 1/8 úr Kornsártungum, dags. 26.5.1905. *Merkt 46 a-c.*

2(295) a-b Bændur á Beinakeldu og Stóru-Giljá kæra bóndann á Snæringsstöðum fyrir að hafa farið þá um haustið fram á land þeirra Sauðadal og tekið þaðan tvo sauði, ásamt uppskrift, dags. 30. 10.1820. *Merkt 135 a-b.*

2(296) a-b Hjaltabakkaprestur gerir tilkall til Sauðadals kirkjunnar vegna, ásamt uppskrift, dags. 27. 2.1843. *Merkt 136 a-c.*

2(297) a-b Um selstöðu á Sauðadal til Hjaltabakkakirkju, ásamt uppskrift, dags. 9.1.1844. *Merkt 137 a-b.*

2(298) a-b Hjaltabakkakirkja gegn Stóru-Giljá og Beinakeldu vegna réttar kirkjunnar til selstöðu á Sauðadal, ásamt uppskrift, dags. 28.4.1847. *Merkt 138 a-d.*

2(299) a-b Hjaltabakkakirkja gegn eigendum Sauðadals vegna ítaks kirkjunnar, ásamt uppskrift, dags. 27.6.1890. *Merkt 142 a-c.*

2(300) a-b Sáttarfundur. Auðkúluprestur kvartar yfir vangoldnum lambatollum af nokkrum bæjum í Torfalækjarhrepp. Nær til Auðkúluheiðar og Kvísla, ásamt uppskrift, dags. 21.6.1820. *Merkt 134 a-c.*

2(301) a-b Uppboð á Vatnsdalsjörðum. Forsæludalur keyptur, ásamt uppskrift, dags. 10.7.1804. *Merkt e 16 a-d.*

2(302) a-b Bréf amtmanns til sýslumanns um að sýslumaður skuli bjóða upp Vatnsdalsjarðir, dags. 2.5.1804. Bréf sýslumanns til amtmanns um að það sem boðið var í Vatnsdalsjarðirnar á uppboðinu hafi verið samþykkt, dags. 18.7.1805, ásamt uppskrift. *Merkt e 17 a-c og 18.*

2(307) a-b Sáttanefndafundur á Auðkúlu þar sem tekið var fyrir mál bóndanna á Stóru-Giljá og Beinakeldu gegn bóndanum á Snæringsstöðum fyrir meintan sauðastuld á Sauðadal, ásamt uppskrift, dags.30.10.1820. *Merkt 135 a-b.*

2(308) a-b Sáttanefndafundur haldinn á Hjaltabakka þar sem tekið var fyrir mál séra Ólafs Guðmundssonar á Hjaltabakka gegn bændunum á Stóru-Giljá og Beinakeldu til viðurkenningar á rétti kirkjunnar á Hjaltabakka til selfarar á Sauðadal, ásamt uppskrift, dags. 27.2.1843. *Merkt 136 a-c.*

2(309) a-b Sáttanefndafundur á Hjaltabakka þar sem tekið var fyrir mál séra Ólafs Guðmundssonar á Hjaltabakka gegn eigendum á Stóru-Giljá og Beinakeldu vegna selfarar á Sauðadal, ásamt uppskrift, dags. 9.1.1844. *Merkt 137 a-b.*

2(310) a-b Sáttanefndafundur á Hjaltabakka þar sem tekið var fyrir mál séra Ólafs Guðmundssonar á Hjaltabakka gegn eigendum á Stóru-Giljá og Beinakeldu vegna selfarar á Sauðadal, ásamt uppskrift, dags. 28.4.1847. *Merkt 138 a-d.*

2(311) a-b Sáttanefndafundur á Hnausum þar sem tekið var fyrir mál séra Bjarna Pálssonar á Þingeyrum gegn eigendum Sauðadals vegna ítaks á Sauðadal, ásamt uppskrift, dags. 27.6.1890. *Merkt 142 a-c.*

2(313) Manntalsþing að Ási. Taldar upp landamerkjaskrár sem ekki hafði verið þinglýst: Þórormstunga, Forsæludalur, Kronsá Haukagil með Gilhaga, dags.

10.6.1890. *Merkt b 170 a-b.*

2(338) a-b Á manntalsþingi að Tindum, var þinglýst sáttagjörningi, dags. 28.4.1847, milli Hjaltabakkakirkju og eigenda Stóru-Giljár og Beinakeldu vegna selstöðu á Sauaðdal, ásamt uppskrift, dags. 12.5.1848. *Merkt 89 a-c.*

2(340) a-b Bréf frá hreppsnefnda Svínavatnshrepps til oddvita sýslunefndar Húnavatnssýslu um að Björn Eysteinsson hafi keypt Dalskvíslar og hyggist reisa þar býli. Hreppsnefndin hvetur sýslunefnd að koma í veg fyrir það og að hann fái sanngjarna borgun frá Svínavatns-, Torfalækjar-, Áss- og Sveinsstaðahreppum fyrir not afréttarinnar, ásamt uppskrift, dags. 15.2.1882. *Merkt e 16 a-d.*

2(341) a-b Bréf bóndans á Guðlaugsstöðum til sýslumanns um greni í Kvíslum, ásamt uppskrift, dags. 26.7.1884. *Merkt e 17.*

2(342) a-b Bóndinn á Guðlaugsstöðum skrifar sýslumanni, dags. 14.2.1886, og upplýsir hve mikið upprekstrarfélag Svínavatns- og Torfalækjarhrepps hafi greitt eigendum Dalskvísla fyrir átroðning afréttarfés árin 1884 og 1885. Hannes Þorvarðarson skrifar sýslumanni, dags. 28.1.1886 og upplýsir um greni í Dalkvíslum. Björn Sigfússon skrifar sýslumanni, dags. 3.11.1885, og upplýsir hve mikið Áshreppur hafi greitt Birni Eysteinssyni árið 1884 fyrir að vinna greni í Dalskvíslum, ásamt uppskrift. *Merkt e 18 a-f.*

2(343) a-b Bóndinn í Þórormstungu skrifar sýslumanni, dags. 13.2.1884, og kvartar yfir því að Áshreppur hafi ekki viljað borga útlagðan kostnað sinn við rekstur stóðhrossa úr heimalandi Þórormstungu. Yfirlýsing Gísla Guðlaugssonar, dags. 12.2.1894, um hver venjan hafi verið að beita kvífé frá Þórormstungu. Yfirlýsing Teits Teitssonar, dags. 12.2.1894, um stóðhestarekstur Jóns Hannessonar úr Þórormstungulandi. Andsvar hreppsnefndar Áshrepps við kvörtunum Jóns Hannessonar , dags. 24.2.1894, ásamt uppskrift. *Merkt e 19 a-i.*

2(344) a-b Samningur prestsins á Undirfelli, dags. 29.2.1896, um leigu á Grímstunguheiði og Lambatungum. Yfirlýsing prestsins, dags. 11.3.1896, um refaveiðikostnað á Grímstungueiði. Hreppsnefnd Ásshrepps biður sýslunefndina um leyfi til að leigja Grímstunguheiði í eitt ár, ásamt uppskrift. *Merkt e 20 a-e.*

2(345) a-b Bréf sýslumanns til hreppsnefndaroddvita Ásshrepps um að greni hafi fundist í Kvíslum sem verði að sjá til að verði eytt, ásamt uppskrift, dags. 28.7.1884. *Merkt e 21.*

2(346) a-b Bréf sýslumanns til hreppsnefndar Svínavatnshrepps um hvort upprekstarfélag Svínavatns- og Torfalækjarhrepps hafi greitt eiganda Dalskvísla nokkra þóknun fyrir átroðning afréttarfés árin 1884-1885 og hvort komi fram í samningi við eigandann að hann eigi að sjá um grenjavinnslu í landinu, ásamt uppskrift, dags. 9.1.1886. *Merkt e 22.*

2(347) a-b Bréf sýslumanns til Hannesar Þorvarðssonar á Haukagili þar sem hann spyr hann sem fyrrum eiganda Dalkvísla hvort Hestalækjarbunga og Eyjavatnsbunga liggi í Dalskvíslalandi og hver hafi borgað grenavinnslu þar fram til 1884, ásamt uppskrift, dags. 9.1.1886. *Merkt e 23 a-b.*

Kirknaskjöl (skjalaflokkur A.7.):

2(146) a-b Sátt milli Hjaltabakkakirkju, Stóru Giljár og Beinakeldu áhrærandi nefndrar kirkju rétt til selstöðu á Sauðadal, ásamt uppskrift, dags. 28.4.1847. *Merkt 6 a-c.*

2(147) a-b Hallur Ólafsson prestur lögfestir jörðina Grímstungu og allar hálfar Lambatungur. Landamerkja getið, ásamt uppskrift, dags. 10.5.1726. *Merkt 4 a-b.*

2(148) a-b Fyrirboðin fuglatekja á Grímstunguheiði og hálfum Lambatungum, ásamt uppskrift, dags. 26.5.1791. *Merkt 5 a.*

2(149) a-b Sigurður Sigurðsson prestur á Auðkúlustöðum lögfestir Auðkúluheiði og heimaland allt,ásamt uppskrift, dags. 26.5.1845. *Merkt 7 a-b.*

2(150) a-b Lögfesta Auðkúluheiðar, Þórormstungu- og Forsæludalslands, Grímstungu- og Haukagilsheiða, ásamt uppskrift, dags. 16.6.1820. *Merkt 8 a-b.*

2(151) a-b Bréf Auðkúluprests um upprekstur á Kúluheiði, ásamt uppskrift, dags. 3.5.1709. *Merkt 9 a-b.*

2(152) Bréf Auðkúluprests varðandi umkvörtun á upprekstur vanrækt á Kúluheiði,

a-b ásamt uppskrift, dags. 24.6.1721. *Merkt 10 a.*

2(153) a-b Bréf Auðkúluprests um upprekstur á Auðkúlustaðarheiði, sem er margfaldlega tilskilin og brúkuð lögafrétt fyrir Torfalækjar- og Svínavatnshreppa, ásamt uppskrift, dags. 23.5.1793. *Merkt 11 a-b.*

2(154) a-b Sættargerð um fjárupprekstur og fjalltolla á Auðkúluheiði og kvíslar, ásamt uppskrift, dags. 4.1.1855. *Merkt 12 a-c.*

2(155) a-b Samningur um silungsveiði á Auðkúluheiði, ásamt uppskrift, dags. 8.9.1843. *Merkt 13 a-b.*

2(156) a-b Bréf sýslumanns Húnvetninga til S. Sigurðssonar sóknarprests um notkun Árnesinga á landinu norðan Jökulfalls, ásamt uppskrift, dags. 21.1.1846. *Merkt 14 a-c.*

2(157) a-b Skýrsla Björns Bjarnasonar um Kúluheiði, ásamt uppskrift, ódags. en skrifað um 1850. *Merkt 15 a-n.*

2(175) a-b Vitnisburðir um Auðkúluland og -heiði, ásamt uppskrift, dags. 10.2.1591. *Merkt 26 a-b.*

2(176) a-b Afrit vitnisburðanna um Auðkúluland og -heiði, ásamt uppskrift, dags. 1598. *Merkt 47.*

2(177) a-b Lögfesta fyrir Auðkúlustaðarheimalandi og Auðkúluheiði, ásamt uppskrift, dags. 27.4.1759. *Merkt 27 a-b.*

2(178) a-b Lögfesta fyrir Auðkúlustaðarheimalandi og Auðkúluheiði, ásamt uppskrift, dags. 3.5.1766. *Merkt 28 a-b.*

2(179) a-b Lögfesta fyrir Auðkúlustaðarheiði og heimalandi öllu, ásamt uppskrift, dags. 30.5.1774. *Merkt 30 a-c.*

2(180) a-b Lögfesta fyrir Auðkúlustaðarheiði og heimalandi öllu, ásamt uppskrift, dags. 25.4.1795. *Merkt 31 a-c.*

2(181) a-b Lögfesta fyrir Auðkúlustaðarheiði og heimalandi öllu, ásamt uppskrift, dags. 29.7.1803. *Merkt 32 a-b.*

2(182) a-b Lögfesta fyrir Auðkúlustaðarheiði og heimalandi öllu, ásamt uppskrift, dags. 24.4.1819. *Merkt 33 a-b.*

2(183) a-b Lögfesta fyrir Auðkúlustaðarheiði og heimalandi öllu, ásamt uppskrift, dags. 26.5.1845. *Merkt 34 a-c.*

2(184) a-b Rafn Johnson lögfestir Hjaltabakkakirkjuland, sér til allra leiguliðanota. Landamerkja og ítaka getið, þ.m.t. selför í Sauðadal, ásamt uppskrift, dags. 5.6.1766. *Merkt 35 a-b.*

2(185) a-b Útdráttur úr bréfi Auðkúluprests um upprekstur á Kúluheiði, að upprekstur hafi fallið niður um tíma vegna fjárpestarinnar, ásamt uppskrift, dags. 15.6.1782. *Merkt 36.*

2(186) a-b Upphvatning til að reka á Auðkúluheiði eftir dómi, ásamt uppskrift, dags. 12.6.1807. *Merkt 37 a-d.*

2(187) a-b Pólitíréttar álit um upprekstur og fjallgöngur á Grímstunguheiði, Kúluheiði og Dalskvíslar. Tilgreint hvaða bæir eigi að reka á hvaða heiði. Afrit úr Húnavatnssýslu Justitiz Protocol, ásamt uppskrift, dags. 13.6.1818. *Merkt 38 a-d.*

2(188) a-b Fyrirspurn Auðkúluprests Jón Jónssonar, til sýslumanns um upprekstur á Auðkúluheiði vegna dómsályktunar frá 13.6.1818, ásamt uppskrift, dags. 25.1.1819. *Merkt 39 a-b.*

2(189) a-b Sættargerð um fjalltolla á Auðkúluheiði og Kvíslar, útdráttur úr sáttarbók, ásamt uppskrift, dags. 21.6.1820. *Merkt 40a.*

2(190) a-b Forboð móti grasatekju, hrísrifi o.fl. á Kúluheiði, ásamt uppskrift, dags. 29.5.1844. *Merkt 42 a-b.*

2(191) a-b Bönnuð grasatekja, öllum óleyfð á Auðkúluheiði, ásamt uppskrift, dags. 2.5.1845. *Merkt 43 a-d.*

2(192) a-b Forboð móti grasatekju og stóðhrossabeit á Auðkúluheiði, ásamt uppskrift, dags. 10.6.1852. *Merkt 44 a-b.*

2(193) Ábúendur á þeim jörðum sem næst liggja Auðkúluheiði, Stóridalur, Litlidalur,

a-b Auðkúla, Holt, Rútstaðir, Hrafnabjörg, Gafl og Svínavatn, kvarta yfir ágangi og átroðningi trippastóðs og geldfjár utan af Torfulækjarhreppsmönnum, ásamt uppskrift, dags. 25.5.1846. *Merkt 45 a-c.*

2(194) a-b Um leyfislausan ágang og upprekstur hrossa í Dalskvíslir, Kornsárland og Víðidalsfjall í stað Grímstungna- og Haukagilsheiðar. Friðlýst fyrir óheimilum ágangi hrossa en rekstur heimilaður gegn sanngjörnu eftirgjaldi, ásamt uppskrift, dags. 6.5.1850. *Merkt 46 a-b.*

2(195) a-b Biskupsbréf varðandi deilu um ítak á Sauðadal milli Hjaltabakka og Stóru Giljár, ásamt uppskrift, dags. 2.7.1842. *Merkt 41 a-d.*

2(196) a-b Sáttastefna, dags. 17.2.1843, og sátt, dags. 27.2.1843, varðandi deilu um ítak á Sauðadal milli Hjaltabakka og Stóru Giljár, ásamt uppskrift. *Merkt 48 a-d.*

2(197) a-b Afskrift máldaga kirkjunnar í Grímstungu eftir máldagabók Auðuns biskups 1398, ásamt lögfestum 1726 og 1779, ásamt uppskrift, dags. 16.6.1779. *Merkt 49 a-c.*

2(198) a-b Lögfesta fyrir allri jörðinni Grímstungu, og svo öllum hálfum Lambatungum móts við Haukagilsmenn. Einnig Torfustaðaland og Sunnuhlíð alla. Landamerkja getið, ásamt uppskrift, dags. 28.5.1810. *Merkt 50 a-b.*

Vísitasíubækur biskupa (skjalaflokkur A.8.):

2(158) a-b Vísitasía Auðkúlukirkju. Fjárupprekstur bænda í Torfalækjar- og Svínadalshreppum komi aftur í brúk..., ásamt uppskrift, dags. 1.8.1790. *Merkt 52 a-b.*

2(159) a-b Vísitasía Grímstungukirkju. Um afréttarnot á Grímstunguafrétt, ásamt uppskrift, dags. 9.9.1725. *Merkt 59.*

2(160) a-b Vísitasía Grímstungukirkju. Fjallað um eignarhald Lambatungna við Haukagil og Grímstunguheiði, ásamt uppskrift, dags. 17.8.1833. *Merkt 61 a-b.*

2(161) a-b Vísitasía Másstaðakirkju. Kirkjan á selför á Sauðadal og allan gjeldfjárrekstur sínum fénaði fyrir utan hross nema þau þrjú sem þarf að hafa til selfara, ásamt uppskrift, ódags. en líkl. frá því eftir 1590. *Merkt 62 a-b.*

2(162) a-b Vísitasía Márstaðakirkju. Kirkjan á selför í Sauðadal og allan gjeldfjárrekstur sínum fénaði fyrir utan hross nema þrjú sem þarf til selfarar, ásamt uppskrift, dags. 14.8.1693. *Merkt 63 a-c.*

2(163) a-b Vísitasía Márstaðakirkju. Kirkjan á selför í Sauðadal og allan gjeldfjárrekstur sínum fénaði fyrir utan hross nema þrjú sem þarf til selfarar, ásamt uppskrift, dags. 11.5.1700. *Merkt 66 a-b.*

2(164) a-b Vísitasía Márstaðakirkju. Kirkjan á selför í Sauðadal og allan gjeldfjárrekstur sínum fénaði fyrir utan hross nema þrjú sem þarf til selfarar, ásamt uppskrift, dags. 21.8.1716. *Merkt 68 a-b.*

2(165) a-b Vísitasía Hjaltabakkakirkju. Kirkjan á selför í Sauðadal og allan fisk að helmingi í Laxá, ásamt uppskrift, dags. 1.9.1716. *Merkt 69 a-b.*

2(166) a-b Vísitasía Márstaðakirkju. Kirkjan á selför í Sauðadal og allan gjeldfjárrekstur sínum fénaði fyrir utan hross nema þrjú sem þarf til selfarar, ásamt uppskrift, dags. 18.7.1749. *Merkt 70 a-c.*

2(167) a-b Vísitasía Hjaltabakkakirkju. Kirkjan á selför í Sauðadal og fisk að helmingi í Laxá, ásamt uppskrift, dags. 1.8.1750. *Merkt71 a-c.*

2(168) a-b Vísitasía Hjaltabakkakirkju. Kirkjan á selför í Sauðadal og allan fisk að helmingi í Laxá. Fjallað um heimild til veiðarinnar í Laxá, ásamt uppskrift, dags. 12.8.1758. *Merkt 72 a-b.*

2(169) a-b Vísitasía Hjaltabakkakirkju. Kirkjan á selför í Sauðadal og allan fisk að helmingi í Laxá, ásamt uppskrift, dags. 26.8.1833. *Merkt 76 a-b.*

2(170) a-b Vísitasía Auðkúlukirkju. Upplýsingar um fimmtabréf viðvíkjandi upprekstri á Auðkúluheiði, ásamt uppskrift, dags. 16.7.1749. *Merkt 51 a-d.*

2(312) a-b Vísitasía. Kirkjan að Másstöðum í Vatnsdal, getið um ítök, ásamt uppskrift, dags. 21.7.1890. *Merkt 74 a-c.*

2(316) a-b Vísitasía Auðkúlu. Kirkjan á Auðkúlu á m.a. land í Sléttárdal, ásamt uppskrift, dags. 19.8.1833. *Merkt 53 a-c.*

Skjalasöfn presta og prófasta (skjalaflokkur A.9.):

2(121) a-b Prófastsvísitasía: Um skjöl kirkjunnar að Auðkúlu og innihald þeirra, dags. 16.5.1768, ásamt uppskrift. *Merkt 25 a-e.*

2(122) a-b Prófastsvísitasía: Um upprekstur á Auðkúluheiði, dags. 13.5.1789, ásamt uppskrift. *Merkt 29 a-c*

2(123) a-b Prófastsvísitasía: Um ólag á fjárupprekstri á Kúluheiði, dags. 8.11.1799, ásamt uppskrift. *Merkt 31 a-c.*

2(124) a-b Prófastsvísitasía: Upprekstur á Auðkúluheiði að komast í lag, dags. 23.7.1802, ásamt uppskrift. *Merkt 32 a-c*

2(125) a-b Prófastsvísitasía: Upptalning á skjölum kirkjunnar á Auðkúlu um eignir hennar, ítök og réttindi, dags. 22.5.1803, ásamt uppskrift. *Merkt 33 a-d*

2(126) a-b Prófastsvísitasía: Um fjárupprekstur á Auðkúluheiði, dags. 16.12.1805, ásamt uppskrift. *Merkt 34 a-b.*

2(127) a-b Prófastsvísitasía: Um skjöl kirkjunnar að Auðkúlu um eignir hennar, ítök og réttindi, dags. 17.6.1817, ásamt uppskrift. *Merkt 35 a-e.*

2(128) a-b Prófastsvísitasía: Um land Auðkúlukirkju á Sléttárdal og Auðkúlustaðar heiðarland, dags. 20.8.1835, ásamt uppskrift. *Merkt 36 a-c.*

2(129) a-b Prófastsvísitasía: Um land Auðkúlukirkju á Sléttárdal og Auðkúlustaðar heiðarland, dags. 6.6.1841, ásamt uppskrift. *Merkt 37 a-c.*

2(130) a-b Prófastsvísitasía: Um réttindi Grímstungna á Grímstunguheiði, dags. í nóv. 1799, ásamt uppskrift. *Merkt 39 a-b.*

2(131) a-b Prófastsvísitasía: Um þverrandi not af Grímstunguheiði, fjárupprekstarleysi og slægnabrest til nytja, dags. 22.11.1803, ásamt uppskrift. *Merkt 40 a-b.*

2(132) a-b Prófastsvísitasía: Um eignir Grímstungukirkju, dags. 4.5.1860, ásamt uppskrift. *Merkt 41 a-c.*

2(133) a-b Prófastsvísitasía: Um eignir Grímstungukirkju (Grímstunguheiði og Lambatungur við Haukagil), dags. 5.12.1836, ásamt uppskrift. *Merkt 42 a-c.*

2(134) a-b Fundargerð héraðsfundar um söluverð Grímstungu með Grímstunguheiði, dags. 16.9.1885, ásamt uppskrift. *Merkt 43 a-c.*

2(135) a-b Prófastsvísitasía: Hjaltabakkakirkja á selför á Sauðadal, dags. 21.6.1768, ásamt uppskrift. *Merkt 45 a-c.*

2(136) a-b Prófastsvísitasía: Kirkjan á selför á Sauðdal og allan geldfjárrekstur fyrir utan þau þrjú sem þarf að hafa til selfararinnar, dags. 5.10.1781, ásamt uppskrift. *Merkt 46 a-c.*

2(137) a-b Prófastsvísitasía: Kirkjan á Hjaltabakka á selför á Sauðdal, dags. 14.7.1785, ásamt uppskrift. *Merkt 47 a-b.*

2(138) a-b Prófastsvísitasía: Kirkjan á Hjaltabakka á rétt til selfarar á Sauðadal, dags. 7.6.1807, ásamt uppskrift. *Merkt 51 a-c.*

2(139) a-b Prófastsvísitasía: Kirkjan á Hjaltabakka á rétt til selfarar á Sauðadal, dags. 25.10.1819, ásamt uppskrift. *Merkt 53 a-c.*

2(140) a-b Prófastsvísitasía: Kirkjan á Hjaltabakka á rétt til selfarar á Sauðadal, dags. 5.5.1824, ásamt uppskrift. *Merkt 54 a-b.*

2(141) a-b Prófastsvísitasía: Kirkjan á Hjaltabakka á rétt til selfarar á Sauðadal, dags. 10.12.1836, ásamt uppskrift. *Merkt 55 a-b.*

2(142) a-b Prófastsvísitasía: Kirkjan á Hjaltabakka á rétt til selfarar á Sauðadal, dags. 27.6.1841, ásamt uppskrift. *Merkt 56 a-c.*

2(143) a-b Prófastsvísitasía: Kirkjan á Hjaltabakka á rétt til selfarar á Sauðadal, dags. 22.10.1843, ásamt uppskrift. *Merkt 57 a-b.*

2(144) a-b Prófastsvísitasía: Kirkjan á nú rétt til hrossagöngu í stað selfarar á Sauðadal, dags. 1.6.1880, ásamt uppskrift. *Merkt 58 a-c.*

2(145) a-b Prófastsvísitasía: Um skjöl kirkjunnar að Auðkúlu og innihald þeirra. Minnst á veitingabréf viðvíkjandi rekstri á Auðkúluheiði, því fylgir dómur sýslumanns frá 1758 hið sama áhrærandi, dags. 1.6.1773, ásamt uppskrift. *Merkt 26 a-c.*

2(199) a-b Vísitasía Auðkúlukirkju. Kirkjan á upprekstur lamba og geldfjár á Auðkúluheiði, ásamt uppskrift, dags. 23.7.1802. *Merkt 49 a-c.*

2(303) a-b Bréf prófasts til stiftsyfirvalda um beiðni bóndans á Hofi í Vatnsdal til að kaupa Grímstungu, fjallað um nýtingu Grímstunguheiðar, ásamt uppskrift, dags. 18.4.1885 *Merkt 94 a-c.*

2(304) a-b Álit prófasts til stiftsyfirvalda um virðingargjörð á Grímstungu, ásamt uppskrift, dags. 20.8.1886. *Merkt 95 a-b.*

2(317) a-b Vísitasía að Auðkúlu. Kirjan á m.a. land á Sléttárdal, ásamt uppskrift, dags. 12.5.1878. *Merkt 38 a-b.*

Skjalasöfn stiftamtmanns, amtmanna og landshöfðingja (skjalaflokkur A.10.):

2(278) a-b Beiðni Björns Eysteinssonar til amtmanns um að taka upp nýbýli á Réttahóli í Dalskvíslum, ásamt uppskrift, dags. 12.2.1887. *Merkt 1 a-b.*

2(279) Beiðni amtmanns til sýslumanns um umsögn vegna umsóknar Björns Eysteinssonar um stofnun nýbýlis í Dalskvíslum, dags. 14.4.1887. *Merkt 2 a-b.* (sjá einnig skjal nr. 2(271) a-b).

2(280) a-b Ítrekun amtmanns á áliti sýslumanns vegna nýbýlis á Réttarhóli, ásamt uppskrift, dags. 31.10.1887. Umsögn sýslumanns um upptöku nýbýlis á Réttarhóli, dags. 8.11.1887. *Merkt 3 og 4 a-b.* (sjá einnig skjal nr. 2(267) a-b).

2(281) Tilkynning amtmanns til sýslumanns um að Björn Eysteinsson verði að auglýsa nýbýlastofnunina, ásamt uppskrift, dags. 3.1.1888. *Merkt 5a-b.* (sjá einnig skjal nr. 2(273) a-b).

2(282) Tilkynning sýslumanns til amtmanns að hann hafi móttekið auglýsingu Björns Eysteinssonar um upptekt nýbýlis í Dalskvíslum með áritun um að hún hafi verið lesin í fyirdóminum þann 19.3.1888, ásamt uppskrift, dags. 6.8.1888. *Merkt 6.* (sjá einnig skjal nr. 2(269) a-b).

2(283) Bréf amtmanns til sýslumanns um að áreið megi fara fram enda hafi upptaka nýbýlis Réttarhóls verið auglýst og enginn andmælt, dags. 17.10.1888. *Merkt 7 a-b.* (sjá einnig skjal nr. 2(270) a-b).

2(284) a-b Bréf sýslumanns til amtmanns vegna kostnaðar við útvísun á Dalskvíslalandi, ásamt uppskrift að hluta, dags. 7.10.1889. *Merkt 8 a-c.* (sjá einnig skjal nr. 2(104) a-b).

2(285) a-b Amtmaður sendir sýslumanni nýbyggjarabréf Björns Eysteinssonar og biður hann að koma því til hans. Nýbyggjararbréfið er tiltekið í sendingunni, ásamt uppskrift, dags. 17.10.1889. *Merkt 9 a-c.*

2(286) a-b Rukkun landshöfðingja til amtmanns vegna útvísunargerðar Réttarhóls, ásamt uppskrift, dags. 9.11.1889. *Merkt 10 a-b.*

2(318) a-b Bréf sýslumannsins í Húnavatnssýslu til sýslumannsins í Árnessýslu vegna ágreinings Húnvetninga og Árnesinga um fjárupprekstur Biskupstungnamanna norður yfir Jökulkvísl og Hvítárvatn, ásamt uppskrift, dags. 8.1.1845. *Merkt 1 a-c.*

2(319) a-b Bréf Auðkúluprests til sýslumannsins í Húnavatnssýslu vegna fyrirhugaðs fjáruppreksturs Biskupstungnamanna norður yfir Jökulkvísl og Hvítárvatn, ásamt uppskrift, dags. 30.11.1844. *Merkt 2 a-d.*

2(320) a-b Bréf amtmanns í Norður- og austuramti til stiftamtmanns um ágreining Húnvetninga og Árnesinga um fjárupprekstur Biskupstungnamanna norður yfir Jökulkvísl og Hvítárvatn, ásamt uppskrift, dags. 10.2.1845. *Merkt 3 a-b.*

2(321) a-b Umsögn amtmannsins í Norður- og austuramti til stiftamtmanns vegna ágreinings Húnvetninga og Árnesinga um fjárupprekstur Biskupstungnamanna norður yfir Jökulkvísl og Hvítárvatn, ásamt uppskrift, dags. 10.2.1845. *Merkt 4 a-b.*

2(322) a-b Bréf stiftamtmanns til amtmannsins í Norður- og austuramti vegna ágreinings Húnvetninga og Árnesinga um fjárupprekstur Biskupstungnamanna norður yfir Jökulkvísl og Hvítárvatn, ásamt uppskrift, dags. 25.8.1845. *Merkt 5 a.*

2(325) a-b Afrit af samningi milli Biskupstungnahrepps og forsvarsmanna Torfastaða-, Skálholts-, Bræðratungu- og Haukadalskirkna í Biskupstungum, um nýtingu landsvæðis fyrir norðan Hvítárvatn, ásamt uppskrift, dags. 9.6.1848. *Merkt 10 a-b.*

2(326) a-b Afrit af samningi milli forráðamanna Torfastaða-, Skálholts-, Bræðratungu- og Haukadalskirkna í Biskupstungum annars vegar og hins vegar Biskupstungnamanna og Hrunamanna, um notkun á landi því sem liggur fyrir norðan Jökulkvísl og Hvítárvatn, ásamt uppskrift, dags. 19.10.1848. *Merkt 11 a.*

2(327) a-b Afrit af afsali útgefið af eignar- og umráðamönnum Skálholts-, Bræðratungu-, Haukadals- og Torfustaðakirkna, fyrir afrétti þeim er þeim ber eftir Vilchins og Gísla máldögum, til handa Biskupstungnahreppi, þ.e. afréttur „fyrir norðan Vötn“, ásamt uppskrift, dags. 26.4.1851. *Merkt 12 a.*

2(328) a-b Áreið/samningur milli Húnvetninga og Biskupstungnamanna um mörk milli afréttarlanda þeirra á Kili, ásamt uppskrift, dags. 18. og 19.7.1853. *Merkt 13 a-c.*

2(329) a-b Bréf stiftamtmanns til amtmanns í Norður- og austuramti vegna óánægju Húnvetninga með samninginn milli Húnvetninga og Biskupstungnamanna um mörk milli afréttarlanda þeirra á Kili, ásamt uppskrift, dags. 12.10.1854. *Merkt 14 a-c.*

2(332) a-b Bréf oddvita Svínavatns- og Torfalækjarhreppa til stiftsyfirvalda um kaup á Auðkúluheiði, ásamt uppskrift, dags. 12.5.1879. *Merkt 6 a-c.*

2(333) a-b Bréf séra Jóns Þórðarsonar á Auðkúlu til stiftsyfirvalda vegna beiðni hreppsnefnda Svínavatns- og Torfalækjarhreppa um kaup á Auðkúluheiði, ásamt uppskrift, dags. 16.5.1879. *Merkt 7 a-c.*

2(334) a-b Umsögn prófastsins í Húnavatnsprófastsdæmi til stiftsyfirvalda um sölu á Auðkúluheiði, ásamt uppskrift, dags. 31.5.1879. *Merkt 8 a-c.*

2(335) a-b Bréf Stiptsyfirvalda til Landshöfðingja vegna sölunnar á Auðkúluheiði, ásamt uppskrift, dags. 28.6.1879. *Merkt 9 a.*

Skjalasöfn Stjórnarráðs Íslands og dansk-íslenskrar stjórnsýslu (skjalaflokkur A.11.):

2(228) Ráðherra Íslands selur og afsalar Auðkúluheiðarlandi til Svínavatnshrepps, Torfalækjarhrepps og Blönduóshrepps, dags. 5.7.1918. *Merkt 22 a-d.* (Sjá skjal nr. 4(134)).

2(229) Beiðni hreppsnefnda í Svínavatnshreppi, Torfalækjarhreppi og Blönduóshreppi til Stjórnarráðs Íslands, dags. 19.3.1918, um að fá að kaupa Auðkúluheiði, ásamt umsögn og meðmælum umráðamanns Auðkúluheiðar, dags. 22.3.1918. *Merkt 22 e-i.*

2(230) Virðingargerð matsmanna á Auðkúluheiði, dags. 6.5.1918. *Merkt 22 j.*

2(231) a-b Beiðni Áss- og Sveinsstaðahreppa til Stiptsyfirvalda á Íslandi um að prestinum á Undirfelli verði leyft að selja hreppunum Grímstunguheiði, ásamt uppskrift, dags. 27.6.1879. *Merkt 43 a.*

2(232) a-b Ítrekun á beiðni Áss- og Sveinsstaðahreppa til alþingismanna Húnvetninga um að Stiptsyfirvöld á Íslandi leyfi prestinum á Undirfelli að selja hreppunum Grímstunguheiði, ásamt uppskrift, dags. 27.6.1879. *Merkt 43 b-c.*

2(233) a-b Bréf Stifstsyfirvalda til prófastsins í Húnavatnssýslu um afréttar- og upprekstratolla og um fyrirhugðu kaup á Grímstunguheiði, ásamt uppskrift, dags. 17.11.1877. *Merkt 43 d-g.*

2(234) a-b Bréf prófasts Húnavatnsprófastsdæmis til Stiftsyfirvalda yfir Íslandi um afnot og greiðslur vegna Grímstunguheiðar. Fjallað um fjallatolla á Dalskvíslum og Haukagilsheiði, ásamt uppskrift, dags. 15.9.1877. *Merkt 43 h-j.*

2(235) a-b Bréf Undirfellsprests til prófastsins í Húnavatnssýslu þar sem mælt er með sölu á Grímstunguheiði, ásamt uppskrift, dags. 13.6.1877. *Merkt 43 k-l.*

2(236) a-b Bréf Áss- og Sveinsstaðahreppa til prestsins á Undirfelli um að fá að kaupa Grímstunguheiði. Merkja milli heiðarinnar og heimalandsins tekin fram, ásamt uppskrift, dags. 12.6.1877. *Merkt 43 m-n.*

2(237) a-b Útdráttur úr frumvarpi til reglugjörðar um ráðstafanir til að eyða refum m. fl. í Húnavatnssýslu, ásamt uppskrift, dags. 1877. *Merkt 43 o-p.*

2(238) a-b Bréf Undirfellsprests til Stiftsyfirvalda á Íslandi um fyrirkomulag greiðslu gjalda af Grímstunguheiði, ásamt uppskrift, dags. 10.1.1877. *Merkt 43 q-t.*

2(239) a-b Eftirrit dóms um Grímstuguafrétt, ásamt uppskrift, dags. 10.6.1758. *Merkt 43 u-w.*

2(240) a-b Álit sýslumanns í Húnavatnssýslu til Stiptsyfirvalda á erindi prestsins á Undirfelli vegna Grímstunguheiðar, ásamt uppskrift, dags. 27.2.1877. *Merkt 43 x-æ.*

2(241) a-b Bréf Stifstyfirvalda til prófastsins í Húnavatnssýsluprófastsdæmi um kaup Björns Sigfússonar á Grímstunguheiði, dags. 30.11.1889 og um að Björn hafi fyrirgert forkaupsrétti sínum til Grímstungu og Grímstunguheiðar, dags. 6.2.1890, ásamt uppskrift. *Merkt 42 a.*

2(242) a-b Bréf Undornfellsprests til Stiftsyfirvalda um landamerki heiðarinnar, ásamt uppskrift, dags. 6.1.1890. *Merkt 42 b.*

2(243) a-b Bréf Björns Sigfússonar til prófastsins í Húnavatnssýslu. Björn mótmælir því að hafa fyrirgert forkaupsrétti sínum á Grímstunguheiði og kvarta yfir skorti á landamerkjaskrá fyrir heiðinni, ásamt uppskrift, dags. 31.12.1889. *Merkt 42 c-d.*

2(244) a-b Bréf stiftsyfirvalda til prófastsins í Húnavatnssýslu um forkaupsrétt Björns Sigfússonar á Grímstunguheiði, ásamt uppskrift, dags. 20.3.1889. *Merkt 42 e-f.*

2(245) a-b Bréf Landshöfðingja til Stiftsyfirvalda um að þau skyldu setja irni Sigfússyni hæfilegan frest til kaupa á Grímstunguheiði, ásamt uppskrift, dags. 28.2.1889. *Merkt 42 g.*

2(246) a-b Bréf Stiftsyfirvalda til Landshöfðingja um það hvort Björn Sigfússon hafi fyrirgert kauprétti sínum á Grímstunguheiði, ásamt uppskrift, dags. 21.2.1889. *Merkt 42 h-i.*

2(247) a-b Bréf Stiftsyfirvalda til prófastsins í Húnavatnsprófastsdæmi. Stiftsyfirvöld óska eftir upplýsingum um stöðu mála á kaupum Grímstunguheiðar, ásamt uppskrift, dags. 13.9.1888. *Merkt 42 j-k.*

2(248) a-b Bréf Stiftsyfirvalda til prófastsins í Húnavatnsprófastsdæmi um meðferð söluandvirði Grímstuguheiðar, ásamt uppskrift, dags. 2.12.1886. *Merkt 42 l-m.*

2(249) a-b Bréf Landshöfðingja til Stiftsyfirvalda um tilhögun greiðslu fyrir Grímstunguheði, ásamt uppskrift, dags. 22.11.1886. *Merkt 42 n-o.*

2(250) a-b Bréf Stiftsyfirvalda til Landshöfðingja. Um sölu Grímstungu og Grímstunguheiðar, ásamt uppskrift, dags. 22.9.1886. *Merkt 42 p-r.*

2(251) a-b Bréf Landshöfðingjar til Stiftsyfirvalda. Beiðni Landshöfðingja um að Stiftsyfirvöld útvegi virðingargjörð á Grímstungu annars vegar og heiðarlandinu hins vegar, ásamt uppskrift, dags. 26.5.1886. *Merkt 42 s-t.*

2(252) a-b Bréf prófasts til Stiftsyfirvalda um ósk Áss- og Sveinsstaðahreppa eftir að kaupa Grímstunguheiði, ásamt uppskrift, dags. 12.2.1900. *Merkt 41 r-u.*

2(253) a-b Bréf Stiftsyfirvalda til prófasts í Húnavatsprófastsdæmi um samþykki á leyfi til kaupa Áss- og Sveinsstaðahreppa á Grímstunguheiði, ásamt uppskrift, dags. 10.3.1900. *Merkt 41 o-q*

2(254) a-b Bréf prófasts til Stiftsyfirvalda bænaskrá til konungs vegna sölu Grímstunguheiðar og hálfum Lambatungum undan Undornfellsprestakalli, ásamt uppskrift, dags. 19.9.1900. *Merkt 41 n.*

2(255) a-b Bréf Stiftsyfirvalda til Landshöfðingja um bænaskrá um sölu Undirfellsprestakalls á Grímstunguheiði og hálfum Lambatungum til upprekstrarfélags Áss- og Sveinsstaðahrepps, ásamt uppskrift, dags. 18.10.1900. *Merkt 41 k-m.*

2(256) a-b Bréf Landshöfðingja til Stiftsyfirvalda um tilhögun greiðslu fyrir Grímstunguheiði og hálfum Lambatungum, ásamt uppskrift, dags. 23.7.1901. *Merkt 41 i-j.*

2(257) a-b Bréf Stiftsyfirvalda til prófasts í Húnavatsprófastsdæmi um veðskuldabréf vegna sölu Grímstunguheiðar, ásamt uppskrift, dags. 31.7.1901. *Merkt 41 h.*

2(258) a-b Veðskuldabréf Áss- og Sveinsstaðahreppa vegna kaupa á Grímstunguheiði og ½ Lambatungum, ásamt uppskrift, dags. 4.11.1901. *Merkt 41 g.*

2(259) a-b Afsal prófasts og prestsins á Undirfelli fyrir Grímstunguheiði með hálfum Lambatungum til umboðsmanna Áss- og Sveinsstaðahreppa, ásamt uppskrift,

dags. 4.11.1901. *Merkt 41 f.*

2(260) a-b Kaupsamningur. Áss- og Sveinsstaðahreppir kaupa Grímstunguheiði ásamt hálfum Lambatungum af Undornsfellsprestakalli. Merkjum heiðarlandsins lýst, ásamt uppskrift, dags. 4.11.1901. *Merkt 41 d-e.*

2(261) a-b Bréf prófasts til Stiftsyfirvalda um að kaupin á Grímstunguheiði og hálfum Lambatungum hafi átt sér stað, ásamt uppskrift, dags. 4.11.1901. *Merkt 41 c.*

2(262) a-b Bréf Stiftsyfirvalda til prófasts í Húnavatsprófastsdæmi um að Stiftsyfirvöld eru sátt við fyrirkomulag sölu Grímstunguheiðar og hálfra Lambatungna, ásamt uppskrift, dags. 25.11.1901. *Merkt 41 a-b.*

2(263) Bréf Björn Sigfússonar til kirkju- og kenslumálaráðuneytisins um eignahald og upprekstrartolla Grímstunguheiðar , ásamt uppskrift, dags. 27.12.1924. *Merkt 26 a-c.*

2(264) Ráðherra Íslands selur og afsalar heiðarlandi Kornsár. Merkja getið, dags. 8.5.1917. Tilkynning Þingeyrarklausturs um söluna til Stjórnarráðs Íslands, dags. 11.2.1909 og bréf Stjórnarráðs Íslands til hreppsnefndar Áshrepps um hvort hreppurinn hefði áhuga á að kaupa heiðarland Kornsár, dags. 29.12.1916. *Merkt 23 a-d.*

2(265) Um smalamennsku og grenjavinnslu á heiðarlandi því sem undanskilið var sölunni á Kornsá. Bréf Áshrepps til umboðsmanns Þingeyrarklausturs, dags. 23.8.1910, Bréf Þingeyrarklausturs til Áshrepps, dags. 7.11.1910 og bréf Stjórnarráðs Íslands til Þingeyrarklasturs, dags. 6.12.1910. *Merkt 24 a-d.*

2(266) Sala Kornsár, að undanskildu heiðarlandi, dags. 11.2.1909, lýsing á Kornsá, dags. 27.6.1906, mótmæli Björns Sigfússonar á lýsingu Kornsár, dags. 22.4.1908, bréf Hermanns Jónassonar til Stjórnarráðsins um Kornsá, dags. 27.10.1908, Bréf til Stjórnarráðs Íslands um merki jarðarinna að undanskildu heiðarlandi, dags. 28.12.1908 og álit um virðingargerðir, lýsingar, mat og sölu á Þingeyjarklausturjörðum þ. á m. Kornsá, dags. 16.2.1907. *Merkt 25 a-u.*

2(289) Bréf frá Nýbýlastjórn ríkisins til Búnaðarbanka Íslands vegna Brekku. Tekið fram að jörðinni fylgi eyðibýlið Geitaból og mikið beitiland á Sauðadal, dags. 5.6.1957. *Merkt 83.*

2(314) a-b Ráðherra Íslands selur Hjaltabakka, dags. 2.7.1914, ásamt matsgjörð á jörðinni, dags. 7.5.1914. *Merkt 29 a-k.*

2(348) a-b Greinargerð amtamanns til rentukammers um möguleg makaskipti á Kornsá. Lýsing á heiðarlandi tiltekin, ásamt uppskrift, dags. 16.9.1816. *Merkt 82 a-c.*

Klausturumboð (skjalaflokkur A.13.):

2(77) Þingeyrarklausturumboð 1760: Akur og Sauðadalur, ódags. *Merkt 3.*

2(349) a-b Amtmaður skrifar klausturhaldara á Þingeyrum og óskar upplýsinga vegna hugsanlegra makaskipta vegna Kornsá, m. a. um heiðarlandið, ásamt uppskrift, dags. 27.9.1816. *Merkt 9 a-c.*

2(350) a-b Skýrsla um ábúð og ásigkomulag Þingeyraklaustursjarða 1865, Kornsá. Um vetrarbeit og notkunarmöguleika, ásamt uppskrift. *Merkt 10 a-c.*

2(351) a-b Skýrsla um ábúð og ásigkomulag Þingeyraklaustursjarða 1865, Kornsá. Um land jarðarinnar, ásamt uppskrift, dags. 3.10.1865. *Merkt 11 a-c.*

2(352) a-b Byggingarbréf fyrir Kornsá, með skilmálum, ásamt uppskrift, dags. 20.1.1820. *Merkt 12 a-c.*

Önnur óprentuð frumgögn (skjalaflokkur A.16.)

2(277) a-b Auglýsing Björns Eysteinssonar vegna upptöku nýbýlis í Dalskvíslum, ásamt uppskrift, dags. 2.3.1888. *Merkt 23.*

Önnur óprentuð frumgögn (skjalaflokkur A.16.): Skjöl frá Landsbókasafni – Háskólabókasafn:

2(339) a-b Greinargerð og uppdráttur e. Þorstein Konráðsson um Réttarhól. *Eyðibýli, hjáleigur og sel í Húnaþingi*, bls. 41-43, 126-128 og 132, ásamt uppskrift. *Merkt 30 a-h.*

Jarðabréf og máldagar og fleira úr Íslensku fornbréfasafni (skjalaflokkur B.1):

2(78) Máldagar Auðunar biskups rauða Þorbergssonar fyrir Hólabiskupsdæmi 1318. Selför í Sauðadal. (Grímstungur) Hún á heimaland allt og Torfastaði og Sunhlíð með til Merkidælar, Grafarland, Saurteig í Saurbæjarlandi, veiðar allar og afrétt að helmingi við Þórhallsstaðir. Sá er á stað býr í Grímstungum, skal veita afrétt ef hann vill, en ei sá er Þórhallsstaði á. Í.f. II.b., bls. 423, 474-477 og 482. *Merkt 3 a-c, 4b og 41 b-c.*

2(79) Máldagar Jóns biskups skalla Eiríkssonar fyrir Hólabiskupsdæmi 1360-1389. (Grímstungur) Hún á heimaland allt og Torfustaði og Snúðhlíð ofan til Merkidals, Grafarland, Sýrteig í Saurbæjarland, Þórhaldsstaði og veiðar allar og afrétt er Þórhaldsstöðum hefur fylgt, hálfar Lambatungur við Haukagil, selland suður á fjalli. Auðkúlukirkja á land í Sléttárdal. Í.f. II. b., bls. 155, 160-162 og 166. *Merkt 5 a-b og 42 b-c.*

2(80) Snorri Torfason selur Jóni Jónssyni Hof í Vatnsdal fyrir Vatnsenda og Hálsa í Skorradal með skógi og tilgreindum ítökum. Item selför yfir á Múlavatnsheiði til að hafa væggja og engiteig í Knúks jörðu og reit í Sauðadal. Í.f. III. b., bls. 250-251, dags. 1.2.1369. *Merkt 6 a-b.*

2(81) Máldagar Péturs biskups Nikulássonar fyrir kirkjum í Hólabiskupsdæmi 1394 og síðar. (Grímstungur) Hún á heimaland og Torfustaði og Snúðhlíð með til Merkidæli. Grafarland, Saurteig í Saurbæjarland, Þórhallsstaði og veiðar allar og afrétt er Þórhallsstöðum hefur fylgt, hálfar Lambatungur við Haukagil, selland suður á fjalli. Auðkúlukirkja á láND í Sléttárdal, Í.f. III. b., bls. 508, 535 og 541-542. *Merkt 7 b og 43 a-c.*

2(82) Máldagar nokkurra kirkna í Hólabiskupsdæmi eftir registrum Egils biskups 1344. Kirkjan á Hjaltabakka á [...] selför í Sauðadal. Í.f. IV. b., bls. 10-11. *Merkt 8 a-b.*

2(83) Máldagar Ólafs biskups Rögnvaldssonar um Hólabiskupsdæmi 1461 og síðar: Kirkjan í Grímstungum [...] Hún á allt heimaland, Þórhallsstaði og veiðar allar og afrétt er Þórhallsstöðum hefur fylgt. Hálfar lambatungur um Haukagil, selland suður á fjalli. (Grímstungur) Hún á allt heimaland og Torfustaði og Sundhlíð ofan til Merkidæla og Kálfdalstungu [...] hér í mót seldi séra Þorsteinn Grafarland, gamla kirkjueign. (alkirkjur, (hálfkirkjur)). Item á Haukagili bænhús og er uppi. Í.f. V. b., bls. 247, 332-335, 338-339. *Merkt 9 a-c, 40 b-e.*

2(84) Elsti hlutinn af Sigurðarregistri, sem hefur inni að halda máldaga Hóladómkirkju, þegar Jón biskup Arason tók við, máldaga klaustranna og nokkurra kirkna fyrir norðan land 1525: Í sama tíma eignir og peningar Þingeyraklausturs. Þetta jarðagóss [...] Skíðastaðir, Öxl, [...], Stærri Giljá, Minni Giljá [...]. Í.f. IX. b., bls. 293, 314 og 326-327. *Merkt 10 a-c og13 b.*

2(85) Kaupbréf fyrir Hofi í Vatnsdal, Vatnsenda og Hálsum í Skorradal. Item selför yfir á Múlavatnsheiði til Háfaveggja og engiteig í Knúksjörðu og reit í Sauðadal, dags. 31.1.1399. Í.f. XII. b., bls. 30-33. *Merkt 11 a-d.*

2(86) Jarðaskiptabréf og er skipt hálfu Svínavatni og hálfum Kárastöðum við Dálkstöðum. Eru þessi ítök sem Svínavatn á í annarra manna lönd geldfjárrekstur allan á Sauðadal, dags. 7.10.1563. Í.f. XIV. b., bls. 165-168. *Merkt 12 a-d.*

2(87) Vottaleiðsla Eiríks Þorleifssonar um að Marðargnúpur eigi selför, hrísrif og grasalestur fyrir Öxlum, og um landamerki Marðarnúps, og hafði hann lagt Kolbeini Benediktssyni fimmtarstefnu þar um, dags. 11.9.1369. Í.f. III. b., bls. 253-254. *Merkt 15 a-b.*

2(88) Próventubréf Einars Jónssonar og Guðrúnar Jónsdóttur. […] galt nefndur Einar biskupinum þessar jarðir Marðarnúp og Haukagil í Vatnsdal […], dags. 13.11.1526. Í.f. IX. b., bls. 385-386. *Merkt 16 a-b.*

2(89) Máldagar Jóns biskups skalla Eiríkssonar fyrir Hólabiskupsdæmi 1360-1389: Kirkja í Grímstungum […] Hún á heimaland allt [...] hálfar Lambatungur við Haukagil, selland suður á fjalli. Í.f. III. b., bls. 155 og 161-162. *Merkt 38 a-c.*

2(90) Máldagar Péturs biskups Nikulássonar fyrir kirkjum í Hólabiskupsdæmi 1394 og

síðar: Kirkja á Grímstungum [...] Hún á heimaland [...] hálfar Lambatungur við Haukagil. (Grímstungur) Hún á heimaland og Torfustaði og Snúðhlíð með til Merkidæli. Grafarland, Saurteig í Saurbæjarland, Þórhallsstaði og veiðar allar og afrétt er Þórhallsstöðum hefur fylgt, hálfar Lambatungur við Haukagil, selland suður á fjalli. Í.f. III. b., bls. 508 og 541-542. *Merkt 39 a-c*.

2(305) Máldagaágrip Grímstungna 1562. Í.f. XIV. b., bls. 32. *Merkt 66.*

2(306) Reikningur kirkna á prestsetrum í Hólabyskupsdæmi, 1569. Í.f. XV. b., bls. 346 og 354. *Merkt 67 a-b.*

2(323) Aukúla seld með gögnum og gæðum. Ekki minnst á landamerki, dags. 14.5.1511. Í.f. VIII b., bls. 345-346. *Merkt 80 a-b.*

2(324) Kaupbréf um Kúlu í Svínadal. Hrafnabjörg, Þramir tvennar og skógur í Blöndugili meðal þess selda. Ekki minnst á landamerki, dags. 11.5.1512. Í.f. VIII b., bls. 376-378. *Merkt 81 a-c.*

Skjalasöfn stiftamtmanns, amtmanns og landshöfðingja ásamt Stjórnartíðindum (skjalaflokkur B.6):

2(336) Konungleg tilskipun um sölu á fjalllendi í Árnessýslu til Biskupstungnahrepps. Um land norðan svokallaðra Vatna (Hvítárvatn), dags. 18.9.1850. Lovsamling for Island IV. b., bls. 581-582.

Bréfabækur biskupa (B.8.):

2(91) Vitnisburður um Kúlusel og landeign Hrafnabjarga, dags. 12.7.1587. *Merkt 2.*

2(118) Leiguskilmálar fyrir jörðina Auðkúlu, bls. 374-375, ódags. 1579. *Merkt 8.*

2(119) Meðkenning biskups um að hafa gefið Ingjaldi Illugasyni lagaumboð til að byggja Aðalból í Austurárdal, bls. 513, dags. 9.4.1597. *Merkt 9.*

2(120) Umboðsbréf Sigurði Jónssyni útgefið til að lögfesta Hóladómkirkjuland Lambatungur, bls. 426, dags. 26.5.1675. *Merkt 11.*

2(171) Um nýtingu Ljótshóla, Hrafnabjarga og Gafls sem og Auðkúluheiði, bls. 43-44, ódags. 1630-1631. *Merkt 9a-b.*

2(172) Auðkúla í Svínadal ásamt jörðum sem henni tilheyra og Auðkúluheiði afhent séra Eiríki Magnússyni, ódags. 1579, bls. 374. *Merkt 10.*

2(173) Umboð til að byggja Aðalból ásamt Skarastöðum og Lambatungum milli Austurár og Þorvallsár og alla Aðalbólsheiði, bls. 513, dags. 9.4.1597. *Merkt 11.*

2(174) Umboðsbréf til að lögfesta Lambatungur, bls. 426, dags. 26.5.1675. *Merkt 12.*

Alþingisbækur Íslands (B.9.):

2(92) Dómur Jóns lögmanns Jónssonar, er gekk á Sveinsstöðum þann 26.10.1583 og bréfaður á Þingeyrum þann 11.4.1584, um rekstra og Forsæludalsheiði og Kúluheiði. *Merkt 3 a-b.*

Jarðabréf á Þjóðskjalasafni (skjalaflokkur A.2.):

4(221) Ítölumat á Haukagilsheiði, Lambatungum og Kornsártungum, dags. 12.8.1940. Landskipta og ítölubók Áshrepps.

Afsals og veðmálabækur (skjalaflokkur A.3.):

4(85) Haukagilsheiði með Kornsártungum og ½ Lambatungum, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabókar Húnavatnssýslu.

4(86) Haukagilsheiði með Kornsártungum og ½ Lambatungum, spjald úr Afsals- og veðmálabók Húnavatnssýslu.

4(87) Haukagilsheiði/Lambatungur, þinglýsingarvottorð, dags. 26.6.2013.

4(88) Haukagil, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabókar Húnavatnssýslu.

4(89) Haukagil, spjald úr Afsals- og veðmálabók Húnavatnssýslu.

4(90) Haukagil, þinglýsingarvottorð, dags. 26.6.2013.

4(91) Grímstunguheiði, þinglýsingarvottorð, dags. 26.6.2013.

4(92) Grímstunga, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabókar Húnavatnssýslu.
4(93) Grímstunga, spjald úr Afsals- og veðmálabók Húnavatnssýslu.
4(94) Grímstunga, þinglýsingarvottorð, dags. 26.6.2013.
4(95) Forsæludalur, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabókar Húnavatnssýslu.
4(96) Forsæludalur, spjald úr Afsals- og veðmálabók Húnavatnssýslu.
4(97) Forsæludalur, þinglýsingarvottorð, dags. 26.6.2013.
4(98) Dalsland, þinglýsingarvottorð, dags. 26.6.2013.
4(99) Auðkúluheiði, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabókar Húnavatnssýslu.
4(100) Auðkúla, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabókar Húnavatnssýslu.
4(101) Auðkúla I, spjald úr Afsals- og veðmálabók Húnavatnssýslu.
4(102) Auðkúla I, spjald úr Afsals- og veðmálabók Húnavatnssýslu.
4(103) Auðkúla I, þinglýsingarvottorð, dags. 26.6.2013.
4(104) Beinakelda I, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabókar Húnavatnssýslu.
4(105) Beinakelda I, spjald úr Afsals- og veðmálabók Húnavatnssýslu.
4(106) Beinakelda I, þinglýsingarvottorð, dags. 27.6.2013.
4(107) Beinakelda II, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabókar Húnavatnssýslu.
4(108) Beinakelda II, spjald úr Afsals- og veðmálabók Húnavatnssýslu.
4(109) Beinakelda II, þinglýsingarvottorð, dags. 27.6.2013.
4(110) Hnausar I, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabókar Húnavatnssýslu.
4(111) Hnausar I, spjald úr Afsals- og veðmálabók Húnavatnssýslu.
4(112) Hnausar I, þinglýsingarvottorð, dags. 27.6.2013.
4(113) Hnausar II, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabókar Húnavatnssýslu.
4(114) Hnausar II, spjald úr Afsals- og veðmálabók Húnavatnssýslu.
4(115) Hnausar II, þinglýsingarvottorð, dags. 27.6.2013.
4(116) Stóra Giljá, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabókar Húnavatnssýslu.
4(117) Stóra Giljá, spjald úr Afsals- og veðmálabók Húnavatnssýslu.
4(118) Stóra Giljá, þinglýsingarvottorð, dags. 27.6.2013.
4(119) Hvammur I, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabókar Húnavatnssýslu.
4(120) Hvammur I, spjald úr Afsals- og veðmálabók Húnavatnssýslu.
4(121) Hvammur I, þinglýsingarvottorð, dags. 27.6.2013.
4(122) Hvammur II, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabókar Húnavatnssýslu.
4(123) Hvammur II, spjald úr Afsals- og veðmálabók Húnavatnssýslu.
4(124) Hvammur II, þinglýsingarvottorð, dags. 27.6.2013.
4(125) Samningur um girðingu milli heimalands Forsæludals og afréttarinnar Forsæludalskvísla, dags. 29.4.1960.
4(126) Haukagilsheiði ásamt ¼ parti úr Lambatungum selt og afsalað til Áss- og Sveinsstaðahreppa, dags. 7.8.1894.
4(127) Yfirlýsing eigenda Haukagils um að girðing sem afmarkar beitilandið telst til landamerkja jarðarinnar, dags. 10.11.1971.
4(128) Allt það land Haukagils vestan beitilandsgirðingar selt og afsalað til Upprekstarfélags Áss- og Sveinsstaðahreppa, dags. 1.11.1971.
4(129) $^{1}/_{4}$ Haukagilsheiðar með $^{1}/_{8}$ úr Lambatungum og $^{1}/_{8}$ úr Kornsártungum selt og afsalað til Þverárhrepps, dags. 9.1.1904.
4(130) Yfirlýsing um landamerki milli Arnarvatnsheiðar í Borgarbyggð annars vegar og Grímstunguheiðar, Haukagilsheiðar/Lambatungna og Forsæludalskvísla í Húnavatnshreppi hins vegar, dags. 20.6.2012.
4(131) Sala og afsal til Áss- og Sveinsstaðahreppum fyrir „Miðhópsparti ¼ úr Haukagilsheiði“. Norðurmerki Haukagilsheiðar tiltekin, dags. 19.4.1924.
4(132) Sala og afsal Haukagilsheiðar, ½ Lambatungum og ½ Kornsártungum. Landamerki tilgreind, dags. 8.8.1883.
4(133) Sala og afsal ¼ Haukagilsheiðar með ¼ hluta úr hálfum Kornsártungum og ¼ úr hálfum Lambatungum. Landamerki tilgreind, dags. 28.10.1891.
4(134) Ráðherra Íslands selur og afsalar Auðkúluheiðarlandi til Svínavatnshrepps, Torfalækjarhrepps og Blönduóshrepps, dags. 5.7.1918. (Sjá skjal nr. 2(228)).
4(135) Afsal fyrir $^{1}/_{8}$ parti úr Sauðadal frá Kristjáni Sigurðssyni, Reykjum, til Björns

Eysteinssonar. Kristján telur sig hafa fulla heimild þar sem hann eignaðist hlutann með makaskiptabréfi frá 25.5.1886, dags. 14.6 1915 (sjá skjöl nr. 2(96) og 4(137).

4(137) Makaskiptabréf fyrir þeim hluta úr Sauðadal ($^1/_8$) sem að réttri tiltölu fylgir Stórugilá, dags. 25.5.1886 (sjá skjöl nr. 2(96) og 4(136)).

4(138) Bann við hrossabeit á Sauðadal, dags. 18.5.1886.

4(139) Forsæludalur tekinn yfir vegna skuldar að fráskildu Hvíslalandi sem var selt 14.1.1882, dags. 12.4.1887.

4(140) Óstaðfest afrit af „Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Haukagil í Vatnsdal ...“, dags. 29.7.1890, þingl.

4(141) Afsal fyrir Forsæludal, dags. 26.5.1896.

4(142) Veðskuldabréf. Hluti Haukagils veðsett. Athugasemd um að samkvæmt afsals- og veðmálabókum hefur viðkomandi ekki þinglýsta eignarheimild fyrir Haukagili, dags. 30.7.1897.

4(143) Hluti Haukagils seldur og afsalaður, dags. 19.9.1894.

4(144) Hluti Forsæludals seldur og afsalaður, dags. 12.5.1897.

4(145) a-b Hluti Haukagils seldur og afsalaður, dags. 25.5.1904, ásamt skráningu um innkomu til þinglýsingar, dags. 20.6.1904.

4(146) Skráning um innkomu til þinglýsingar afsal fyrir Forsæludal, dags. 28.4.1904.

4(147) Kaupsamningur um Hvamm í Vatnsdal, dags. 17.12.1902.

4(148) Víðidalstunguheiði seld og afsöluð með takmörkum gagnvart Haukagilsheiði, dags. 22.8.1902.

4(149) Kaupsamningur og afsal fyrir Forsæludal, dags. 23.4.1904.

4(150) Hluti Haukagils seldur og afsalaður, dags. 25.5.1904.

4(151) Hnausar og hálfur Sauðadalur selt og afsalað, dags. 18.12.1906.

4(152) Ráðherra Íslands selur Grímstungu. Áður er gengin undan jörðinni Grímstunguheiði með hálfum Lambatungum, dags. 16.9.1909.

4(153) Ráðherra Íslands selur Kornsá, merkjum lýst, dags. 11.2.1909

4(154) Kauptilboð fyrir Hnausum með öllum gögnum og gæðum, sem jörðinni fylgir til lands og vatns að engu undanskildu, dags. 9.12.1910.

4(155) Kaupsamningur fyrir Hnausum og hálfum Sauðadal, dags. 12.7.1911.

4(156) Kaupsamningur og afsal fyrir Hnausum, dags. 19.2.1916.

4(157) Kaupsamningur og afsal fyrir parti Sauðadals, dags. 20.5.1919.

4(158) Afsal Ráðherra Íslands fyrri heiðarlandi úr Kornsá, merkja getið, dags. 8.5.1917.

4(159) Bann ábúenda Haukagils og Gilhaga á áningu reksturs í landi jarðanna til og frá afrétti, dags. 26.5.1917.

4(160) Veðskuldabréf fyrir kaupum á afréttarlandinu Auðkúluheiði, dags. 5.7.1918.

4(161) Vottorð. Eigendaskipti dánarbús vegna Haukagils og Gilhaga, dags. 15.12.1917.

4(162) Veðskuldabréf. Haukagil og Gilhagi veðsett, dags. 25.1.1918.

4(163) Kaupsamingur. Hluti Hrafnabjarga seldur Svínavatns- og Torfalækjarhreppum, dags. 13.12.1922.

4(164) Afsal fyrir framhluta Hrafnabjarga, dags. 17.3.1923.

4(165) Kaupsamningur og afsal fyrir Grímstungu, dags. 6.12.1924.

4(166) Lögfesta fyrir Haukagili auk banns við umferð um landið nema þar sem vegir liggja, dags. 20.6.1925.

4(167) Kaupsamningur fyrir Gilhaga, landamerkja getið, dags. 24.5.1926.

4(168) Kaupsamningur og afsal fyrir ½ Hnausum, dags. 5.5.1929.

4(169) Kaupsamningur og afsal fyrir Gilhaga, landamerkja getið, dags. 11.5.1929.

4(170) Kaupsamningur og afsal fyrir ½ Gilhaga, landamerkja getið, dags. 17.6.1931.

4(171) Kaupsamningur og afsal fyrir ½ Hnausum, dags. 17.10.1938.

4(172) Kaupsamningur fyrir Öxl og Sauðadalsparti, dags. 20.3.1939.

4(173) Kaupsamningur. Austurhluti Marðarnúpslands seldur upprekstrarfélagi Auðkúluheiðar, dags. 25.7.1951.

4(174) Kaupsamningur og afsal fyrir meginhluta Grímstungu. Undanskilið er 1/3 hluti sameiginlegs beitilands og veiðiréttur í Vatnsdalsá á móti Forsæludalslandi,

dags. 20.11.1959.

4(175) Afsal fyrir Haukagili, dags. 10.1.1960.

4(176) Samningur um uppsetningu og viðhald girðingar milli heimalands Forsæludals og afréttarinnar Forsæludalskvísla, dags. 29.4.1960.

4(177) Afsal fyrir jörðinni Þröm (leggst undir Auðkúluheiði) til fjallskilasjóðs Torfalækjar- og Blönduóshrepps, dags. 31.12.1963.

4(178) Afsal fyrir þeim hlutum jarðanna Eiðsstaða og Eldjárnsstaða sem liggja framan heiðargirðingarinnar til Upprekstarfélagi Auðkúluheiðar, dags. 31.12.1963.

4(179) Afsal fyrir Grímstungu ásamt 1/3 hluta sameignlegs beitilands og veiðiréttur, dags. 28.6.1964.

4(180) Afsal fyrir Grímstungu, dags. 19.4.1969.

4(181) Afsal fyrir ½ Haukagili, dags. 14.2.1971.

4(182) Yfirlýsing um landamerki Haukagils og Saurbæjar, dags. 20.3.1971.

4(183) Afsal fyrir öllu því landi Haukagils sem er vestan núverandi beitilandsgirðingar til Upprekstarfélags Ás- og Sveinsstaðahreppa, dags. 1.11.1971.

4(184) Yfirlýsing eigenda Haukagils um að selt hafi verið til Upprekstrafélags Ás- og Sveinsstaðahreppa þann hluta sem liggur vestan núverandi beitilandsgirðingar, dags. 10.11.1971.

4(185) Landamerkjaskrá Beinakeldu I og II og Stóru-Giljár, dags. 4.6.1972.

4(186) Afsal fyrir Hnausum 2. Seljandi áskilur sér rétt til hagagöngu fyrir hross á Sauðadal, dags. 6.5.1972.

4(187) Afsal fyrir þeim hluta heimalands Forsæludals sem liggur framan núverandi heiðargirðingar, frá Vatnsdalsá að Friðmundarvatni. Undanskilið er hluti í Friðmundarvatni og Eyjarvatni ásamt 20m breiðri landræmu meðfram hvorum bakka, dags. 30.6.1975.

4(188) Afsal fyrir ¼ hluta Forsæludals, ódags. en þingl. 10.9.1975.

4(189) Kaupsamningur og afsal fyrir 50% Haukagils, dags. 20.11.1982.

4(190) Kaupsamningur og afsal fyrir Öxl II ásamt Sauðadalsparti, dags. 9.7.1986.

4(191) Kaupsamningur fyrir Öxl I ásamt $^{1}/_{16}$ úr Sauðadal, dags. 10.7.1990.

4(192) Kaupsamningur og afsal. Bæjarstjórn Blönduóss selur og afsalar alla eignarhlutdeild Blönduósbæjar í Upprekstrarfélagi Auðkúluheiðar og afréttarlandinu á Auðkúluheiði til hreppsnefndar Svínavatnshrepps og Hreppsnefndar Torfalækjarhrepps, dags. 24.3.1990.

4(193) Grundvöllur að samningi milli eigenda og ábúenda Eldjárnsstaða og ábúenda Eiðsstaða, Svínavatnshrepps, Torfalækjarhrepps og Blönduósbæjar vegna Auðkúluheiðar og Landsvirkjunar sem virkjunaraðila við Blöndu og eiganda Eiðsstaða, dags. 13.2.1990.

4(194) Yfirlýsing varðandi eignarhald á Þröm skv. afsali, dags. 31.12.1963, fyrir jörðinni, dags. 18.1.1990.

4(195) a-e Afsöl til Landsvirkjunar á vatnsréttindum (virkjunarréttindum) jarðanna Þröm, dags. 26.10.1992, Eyvindarstaða, Sellands, Rugludals og Bollastöðum, dags. 6.10.1992.

4(197) Sala og afsal á ¼ hluta heiðarlandsins Haukagilsheiði með ¼ hluta úr hálfum Kornsártungum og ¼ hluta úr hálfum Lambatungum, dags. 28.10.1891.

4(198) Sala og afsal á ½ Haukagili, dags. 26.6.1937.

4(199) Sala og afsla fyrir ¼ Haukagilsheiðar með 1/8 úr Lambatungum og 1/8 úr Kornsártungum, dags. 9.1.1904.

4(200) Sala og afsla á ½ Litlu Giljá, dags. 24.4.1900.

4(201) Kaupsamningur, dags. 6.9.1924, og afsal, dags. 28.8.1927, fyrir hálflendunum Hrappstöðum og Bakkakoti.

4(202) Sala og afsal á $^{1}/_{3}$ Forsæludals, dags. 26.5.1896.

4(203) Kaupsamningur og afsal fyrir parti Sauðadals, dags. 1.3.1916.

4(204) Forsæludalur, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabók Húnavatnssýslu 1801-1900.

4(205) Forsæludalur, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabók Húnavatnssýslu

1901-1945.

4(206) Beinakelda, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabók Húnavatnssýslu 1801-1900.

4(207) Beinakelda, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabók Húnavatnssýslu 1901-1945.

4(208) Öxl, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabók Húnavatnssýslu 1801-1900.

4(209) Öxl, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabók Húnavatnssýslu 1901-1945.

4(210) Stóra-Giljá, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabók Húnavatnssýslu 1801-1900.

4(211) Stóra-Giljá, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabók Húnavatnssýslu 1901-1945.

4(212) Hnausar, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabók Húnavatnssýslu 1801-1900.

4(213) Hnausar, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabók Húnavatnssýslu 1901-1945.

4(214) Haukagil, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabók Húnavatnssýslu 1801-1900.

4(215) Haukagil, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabók Húnavatnssýslu 1901-1945.

4(216) Grímstunga, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabók Húnavatnssýslu 1901-1945.

4(217) Auðkúluheiði, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabók Húnavatnssýslu 1901-1945.

4(218) Kornsá, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabók Húnavatnssýslu 1901-1945.

4(219) Réttarhóll (Dalskvíslar), síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabók Húnavatnssýslu 1901-1945.

4(220) Hvammur, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabók Húnavatnssýslu 1801-1900.

4(222) Skráning í þinglýsingabók um innkomu skjals vegna sölu á eignarparti í Stóru-Giljá, dags. 31.5.1884.

4(223) Réttarhóll, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabók Húnavatnssýslu 1801-1900.

4(228) Afsal til Landsvirkjunar á vatnsréttindum Blöndu vegna Guðlaugsstaða, dags. 15.10.1992.

4(229) Afsal til Landsvirkjunar á virkjunarréttindum vegna Eiðsstaða, Eldjárnsstaða og Þramar fram að Landsenda, dags. 17. og 18.9.1992 .

4(230) Húkur, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabók Húnavatnssýslu 1801-1900.

4(231) Auðkúluheiði, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabók Húnavatnssýslu 1801-1900.

4(232) Grímstunga, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabók Húnavatnssýslu 1801-1900.

4(233) Kornsá, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabók Húnavatnssýslu 1801-1900.

4(234) Hvammur, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabók Húnavatnssýslu 1801-1900.

4(236) Kaupsamningur og afsal fyrir 1/8 hluta Sauðadals, dags. 2.10.2000.

Fornleifaskráning (skjalaflokkur A.14.):

4(22) Menningarminjar á miðhálendi Íslands. Svæðisskráning. Fornleifastofnun Íslands 1996, bls. 3–27, 59–61 og 127–147.

4(67) Fornleifaskráning á veituleið Blönduvirkjunar. Rannsóknarskýrsla nr. 2012/131. Fornleifadeild Byggðasafns Skagafjarðar.

4(68) Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Hveravöllum. Rannsóknarskýrsla nr. 2002/9. Fornleifadeild Byggðasafns Skagafjarðar.

4(69) Menningarminjar í Austur-Húnavatnssýslu. Svæðisskráning: 1. hefti. Greinargerð og fornleifar í Sveinsstaðahreppi, bls. 3-37, 48-68, 104-106 og 110-118; 2. hefti. Fornleifar í Áshreppi og Torfalækjarhreppi, bls. 121-125, 140-169, 171-196, 202-203, 216-227 og 233-240; 3. hefti. Fornleifar í Svínavatnshreppi og Bólstaðarhlíðarhreppi, bls. 241-268, 270-278, 280-287, 309, 382, 384-399 og 404-406.

Önnur óprentuð frumgögn (skjalaflokkur A.16.):

4(1) Símskeyti Fossanefndar til allra sýslumanna um vatnsréttindi í afréttum, dags. 3.4.1918.

4(2) Bréf Þjóðskjalasafns Íslands til óbyggðanefndar. Upplýsingar um gögn á safninu er varða þingsályktun um rétt ríkisins til vatnsorku í almenningum, dags. 23.8.2005.

4(3) Bréf Stjórnarráðs Íslands til allra sýslumanna þar sem beðið er um skýrslu um svæði sem talin eru til almenninga eða afrétta, dags. 29.12.1919.

4(4) Svarbréf Sýslumannsins í Húnavatnssýslu, dags. 28.4.1920, við bréfi Stjórnarráðs Íslands, dags. 29.12.1919.

4(5) Svarbréf Bólstaðarhlíðahrepps til sýslumannsins í Húnavatnssýslu, dags. 18.2.1920, í tilefni af bréfi Stjórnarráðs Íslands, dags. 29.12.1919.

4(6) Svarbréf Þorkelshólshrepps til sýslumannsins í Húnavatnssýslu, dags. 21.2.1920, í tilefni af bréfi Stjórnarráðs Íslands, dags. 29.12.1919.

4(7) Svarbréf Sveinsstaðahrepps til sýslumannsins í Húnavatnssýslu, dags. 1.3.1920, í tilefni af bréfi Stjórnarráðs Íslands, dags. 29.12.1919.

4(8) Svarbréf Svínavatnshrepps til sýslumannsins í Húnavatnssýslu, ásamt upplýsingum um mörk Almennings á Skagaheiði, dags. 22.2.1920, í tilefni af bréfi Stjórnarráðs Íslands, dags. 29.12.1919.

4(9) Afréttarmörk í Húnavatnssýslum. Grímstunguheiði og Auðkúluheiði, ódags.

4(10) Afréttarmörk milli Auðkúlu- og Grímstunguheiðar – suðurhluti, dags. 21.6.1984.

4(11) Samningur um beitarafnot af landi á Kili, dags. 22.11.1974.

4(12) Fundargerð. Fjallað um ósk norðlendinga um að Biskupstungnamenn greiði leigu fyrir land sunnan sauðfjárveikivarnargirðingarinnar á Kili, dags. 20.2.1974.

4(13) Skrá yfir afrétti innan marka Upprekstrarfélags Ás- og Sveinsstaðahrepa, eigendur þeirra og heimildir, dags. 4.5.1981.

4(14) Sátt um afréttarmörk á Kili milli Auðkúluheiðar í Austur-Húnavatnssýslu og Biskupstungnaafréttar í Árnessýslu. Úr aukadómþingsbók Árnessýslu, dags. 7.9.1985

4(15) Bréf Landmælinga Íslands um mælingar og hnitsetningar á afréttarmörkum á Kili, dags. 13.12.1984, ásamt mynd af mælingarneti LMÍ, hornpunktaskrá og kortabút af afréttarmörkunum.

4(16) Fyrirspurn félagsmálaráðuneytisins til sveitarfélaga um afrétti og upprekstarrétt, dags. 20.2.1989.

4(17) Svarbréf Áshrepps við fyrirspurn félagsmálaráðuneytisins, dags. 20.1989, um afrétti og upprekstrarétt í sveitarfélaginu, dags. 13.2.1990.

4(18) Svarbréf Sveinsstaðahrepps við fyrirspurn félagsmálaráðuneytisins, dags. 20.1989, um afrétti og upprekstrarétt í sveitarfélaginu, dags. 5.7.1989.

4(19) Svarbréf Þverárhrepps við fyrirspurn félagsmálaráðuneytisins, dags. 20.1989, um afrétti og upprekstrarétt í sveitarfélaginu, dags. 8.11.1989.

4(20) Svarbréf Torfalækjarhrepps við fyrirspurn félagsmálaráðuneytisins, dags. 20.1989, um afrétti og upprekstrarétt í sveitarfélaginu, dags. 25.2.1989.

4(21) Svarbréf Auðkúluhrepps við fyrirspurn félagsmálaráðuneytisins, dags. 20.1989, um afrétti og upprekstrarétt í sveitarfélaginu, ódags. 1989.

4(23) Minnispunktar Skipulags ríkisins til félagsmálaráðuneytisins varðandi skipun afrétta innan marka sveitarfélaga, ásamt bráðabirgða afréttaskrá Skipulags ríkisins, dags. 5.11.1989.

4(65) Svarbréf Þverárhrepps til sýslumannsins í Húnavatnssýslu, dags. 5.3.1920, í tilefni af bréfi Stjórnarráðs Íslands, dags. 29.12.1919.

4(71) Hefti með ágripum og greinum um Húnvetnska náttúru, 105 bls. Náttúrustofa Norðurlands vestra, dags. 10.4.2010.

4(78) Orkustofnun. Raforkudeild: Áhrif Blönduvirkjunar á gróður og beitarþol afréttarlands vestan og austan Blöndu. Höf. Ingvi Þorsteinsson. Rannsóknarstofnun Landbúnaðarins, frá desember 1980.

4(196) Afrit úr sáttabók. Ágreiningur út af stóðrekstri Þverhreppinga á afrétt Haukagilsheiðar. Snertir einnig Lambatungur og Kornsártungur, dags. 6.11.1939. Skjalið kemur úr landskipta- og ítölumatsbók fyrir Áshreppi í Húnavatnssýslu. Frá sýslumannsembættinu á Blönduósi.

4(235) Fylgiskjöl nr. II og III með samningi milli Landsvirkjunar og veiðifélags Blöndu og Svartár, eigenda Bollastaða, Eyvindarstaða , Eldjárnsstaða, Guðlaugsstaða, Þramar og Rugludals um yfirtöku réttinda í þágu Blönduvirkjunar, dags. 22.2.1988. Sjá skjal nr. 5(3).

4(136) Greinargerð og myndkort sérfræðings Veðurstofu Íslands varðandi vatnasvið og upptök tiltekinna áa á heiðum í Húnaþingi vestra og Húnavatnshreppi, dags. 29.4.2014 og 4.12.2014.

Önnur óprentuð frumgögn (skjalaflokkur A.16.): Skjöl frá Héraðsskjalasafni Austur-Húnavatnssýslu:

4(227) Lýsing á Forsæludalskvíslum og heiðarlandinu. Skjal úr skjalasafni Jónasar Bjarnasonar, Litladal, ódags. en mótt. 11.11.2014.

Önnur óprentuð frumgögn (skjalaflokkur A.16.): Gögn frá Hæstarétti Íslands úr dómsmáli nr. 66/1996:

4(237) Kaupsamningur og afsal fyrir Þröm, dags. 11. 6.1951.

4(238) Bréfs oddvita Blönduóss-, Torfalækjar-, Svínavatns-, Lýtingsstaða-, Bólstaðahlíðar- og Seyluhreppa til matsnefndar um Blönduvirkjun um að matsnefndin taki nú þegar til starfa við þau verkefni sem henni er falin, dags. 4.11.1989.

4(239) Bréf lögmanns áfrýjenda til Landsvirkjunar um drátt á samningsbundinni málsmeðferð um ákvörðum bóta fyrir land undir miðlunarlón Blödnuvirkjunar og land, sem tekið hefur verið til uppgræðslu í stað lands sem kemur til að fara undir vatn í miðlunarlóninu, dags. 6.2.1991.

4(240) Bréf lögmanns Landsvirkjunar til matsnefndar um Blönduvirkjun um ágreining um bætur vegna miðlunarlóns Blönduvirkjunar, dags. 22.2.1991.

4(241) Endurrit úr gerðabók matsnefndar um Blönduvirkjun. Samkomulag er með málsaðilum um að lögmaður Landsvirkjunar leggi fram kröfur og greinargerð af hennar hálfu vegna tiltekinna álitaefna, dags. 18.3.1991.

4(242) Greinargerð lögmanns Landsvirkjunar til matsnefndar um Blönduvirkjun, dags. 10.5.1991.

4(243) Krafa og greinargerð lögmanns Svínavatns- og Torfalækjarhreppa í matsmálinu: Landsvirkjnu gegn eigendum Auðkúluheiðar og Eyvindarstaðaheiðar, dags. 14.7.1991.

4(244) Bréf oddvita Svínavatns-, Torfalækjar-, Lýtingsstaða-, Seylu- og Bólstaðahlíðarhreppa til stjórnar Landsvirkjunar. Samantekt fundar, dags. 4.1.1992.

4(245) Bréf ríkislögmanns til iðnaðarráðuneytisins um vatnsréttindi vegna Blönduvirkjunar, dags. 26.3.1992.

4(246) Bréf Landsvirkjunar til ríkislögmanns um (ranga) staðhæfingu ríkislögmanns um að Landsvirkjun hafi viðurkennt eignarrétt ríkisins á vatnsrétttindum á almenningum og afréttarlöndum þeirra þriggja virkjana sem tiltekinn samningur nær til, dags. 29.4.1992.

4(247) Bréf iðnaðarráðuneytisins til Landsvirkjunar . ráðuneytið mótmælir Landsvirkjun og telur að ríkissjóður sé eigandi réttinda sem tiltekin eru í bréfi frá 29.4.1992, dags. 26.5.1992.

4(248) Bréf lögmanns áfrýjenda til Landsvirkjunar um kostnað eigenda afréttarlandanna

Auðkúluheiðar og Eyvindarstaðaheiðar af rekstri eignardómsmála um afréttarlöndin, sbr. einkum í þeim samböndum 5. gr. samings frá 15.5.1982 milli virkjnuaraðilans og hreppanna, sbr. einnig samning, dags. 22.2.1988, milli virkjunaraðilans og landeigenda við Blöndu ofl. dags. 18.3.1993.

4(249) Bréf lögmanns Landsvirkjunar til lögmanns áfrýjenda um beiðni hreppanna austan og vestan Blöndu um fjárhagslegan stuðning Landsvirkjunar vegna fyrirhugaðra eignardómsmála þeirra varðandi Auðkúluheiði og Eyvindarstaðaheiði, dags. 29.3.1993.

4(250) Lýsing höfundar örnefnakorts, ódags.

Prentuð fasteigna- og jarðamöt (skjalaflokkur B.2.):

4(24) Ný jarðabók 1861, bls. 93-99.

4(60) Jarðatal J. Johnsens 1847, bls. 222-253.

4(61) Fasteignabók 1921, bls. 99-116.

4(62) Fasteignabók 1932, bls. 60-67.

4(63) Fasteignabók 1942-1944, bls. 26-30.

Dómar (skjalaflokkur B3.):

4(72) Hrd. nr. 413/2000 Greiðsla Landsvirkjunar fyrir vatnsréttindi í Blöndu fyrir afréttarlönd Auðkúluheiðar og Eyvindarstaðarheiðar, dags. 29.3.2001.

4(79) Hrd. nr. 191/1987. Upprekstur hrossa á Grímstungu- og Haukagilsheiðum, Sauðadal og nærliggjandi afréttarlöndum, dags. 30.6.1987.

4(80) Hrd. nr. 18/1994. Eignarréttur Auðkúluheiðar, frávísun, dags. 19.1.1994.

4(81) Hrd. nr. 66/1996. Bætur fyrir vatnsréttindi í Blöndu vegna Auðkúluheiðar, dags. 10.4.1997.

4(82) Hrd. nr. 67/1996. Bætur fyrir vatnsréttindi í Blöndu vegna Eyvindarstaðarheiðar, dags. 10.4.1997.

4(83) Hrd. nr. 72/1980. Umferðarréttur íbúa Þverárhrepps vegna nýtingar Haukagilsheiðar, Lambatungna og Kornsártungna, dags. 2.7.1984.

4(84) Hrd. nr. 87/1988. Nýting Grímstungu- og Haukagilsheiðar, dags. 16.2.1990.

Fjallskilareglugerðir (skjalaflokkur B.4.):

4(25) Reglugjörð fyrir Húnavatnssýslu um fjallskil o.fl., nr. 89/1898, B-deild, bls. 123–132.

4(26) Reglugjörð fyrir Húnavatnssýslu um fjallskil o.fl., nr. 62/1901, B-deild, bls. 95–96.

4(27) Reglugjörð fyrir Húnavatnssýslu um fjallskil o.fl., nr. 76/1905, B-deild, bls. 131–144.

4(28) Reglugjörð fyrir Austur-Húnavatnssýslu um breyting á reglugerð fyrir Húnavatnssýslu 19.6.1905 um fjallskil o.fl., nr. 83/1914, B-deild, bls. 135–136.

4(29) Reglugjörð fyrir Austur-Húnavatnssýslu um fjallskil o.fl., nr. 106/1917, B-deild, bls. 277–292.

4(30) Reglugjörð um breyting á reglugjörð 2.11.1917, fyrir Austur-Húnavatnssýslu um fjallskil o.fl., nr. 152/1919, B-deild, bls. 201.

4(31) Reglugjörð um breyting á reglugjörð fyrir Austur-Húnavatnssýslu um fjallskil o.fl. frá 2.11.1917, nr. 60/1920, B-deild, bls. 170–171.

4(32) Reglugjörð um breyting á reglugjörð 2.11.1917, fyrir Austur-Húnavatnssýslu um fjallskil og reglugjörð um breyting á þeirri reglugjörð 23. 7.1919, nr. 60/1922, B-deild, bls. 113.

4(33) Reglugjörð um breyting á reglugjörð 2.11.1917, fyrir Austur-Húnavatnssýslu um fjallskil o. fl., nr. 48/1924, B-deild, bls. 86–87.

4(34) Reglugjörð um breyting á reglugjörð 16.6.1920, um breyting á reglugjörð fyrir Austur-Húnavatnssýslu, um fjallskil o. fl., frá 2.11.1917, nr. 80/1925, B-deild, bls. 191.

4(35) Reglugerð um breyting á reglugerð fyrir Austur-Húnavatnssýslu um fjallskil o. fl., frá 2.11.1917, nr. 60/1932, B-deild, bls. 156-157.

4(36) Reglugerð um breyting á reglugerð fyrir Austur-Húnavatnssýslu um fjallskil o.

fl. frá 2.11.1917, nr. 159/1939, B-deild, bls. 256–257.

4(37) Reglugerð fyrir Austur-Húnavatnssýslu um fjallskil og fleira, nr. 98/1941, B-deild, bls. 157–168.

4(38) Reglugerð um breyting á reglugerð fyrir Austur-Húnavatnssýslu, um fjallskil og fleira frá 15.7.1941, nr. 127/1944, B-deild, bls. 167.

4(39) Auglýsing um breyting á fjallskilareglugerð fyrir Austur-Húnavatnssýslu, nr. 98 frá 15.7.1941, nr. 180/1945, B-deild, bls. 345.

4(40) Auglýsing um breyting á reglugerð fyrir Austur-Húnavatnssýslu, um fjallskil og fleira, nr. 98 frá 15.7.1941, nr. 84/1946, B-deild, bls. 157.

4(41) Auglýsing um breytingu á fjallskilareglugerð fyrir Austur-Húnavatnssýslu frá 15.7.1941, nr. 127/1947, B-deild, bls. 271.

4(42) Reglugerð um breytingar til bráðabirgða á fjallskilareglugerð Austur-Húnavatnssýslu, nr. 98 15.7.1941, er gildi meðan bannað er að reka sauðfé til heiða, nr. 100/1949, B-deild, bls. 209.

4(43) Reglugerð fyrir Austur-Húnavatnssýslu um fjallskil og fleira, nr. 19/1961, B-deild, bls. 59–71.

4(44) Auglýsing um breytingu á reglugerð fyrir Austur-Húnavatnssýslu um fjallskil og fleira nr. 19 23.1.1961, nr. 96/1961, B-deild, bls. 213.

4(45) Reglugerð fyrir Austur-Húnavatnssýslu um fjallskil og fleira, nr. 177/1971, B-deild, bls. 326–339.

4(46) Fjallskilasamþykkt fyrir Austur-Húnavatnssýslu, nr. 9/1989, B-deild, bls. 8–18.

4(47) Auglýsing um breytingu á fjallskilasamþykkt nr. 9/1989 fyrir Austur-Húnavatnssýslu, nr. 400/1996, B-deild, bls. 1073.

4(66) Fjallskilasamþykkt fyrir Húnaþing vestra, nr. 762/1999, B-deild, bls. 2066-2073.

4(70) Reglugjörð fyrir Húnavatnssýslu um fjallskil og meðferð á óskilafjenaði, nr. 84/1892, B-deild, bls. 126-134.

4(73) Fjallskilasamþykkt fyrir Austur-Húnavatnssýslu, nr. 299/2009, B-deild, 8 bls.

Skjalasöfn stiftamtmanns, amtmanns og landshöfðingja ásamt Stjórnartíðindum (skjalaflokkur B.6.):

4(48) Samþykkt fyrir Veiðifélag Blöndu og Svartár, B-deild: nr. 148/1978, bls. 230-232. Arðskrá fyrir fiskiræktar- og veiðifélagið Blanda í Húnavatnssýslu, nr. 123/1955, bls. 236-237. Arðskrá fyrir veiðifélagið Blöndu, nr. 17/1965, bls. 44-46.

4(49) Samþykktir fyrir Veiðifélag Vatnsdalsár, B-deild: nr. 55/1936, bls. 139-141; nr. 100/1951, bls. 203-205; 115/1960, bls. 293-295; nr. 3/1965, bls. 16-17; nr. 190/1993, bls. 362-363. Arðskrár fyrir veiðifélag Vatnsdalsár: nr. 14/1937, bls. 16-17; nr. 223/1941, bls. 389-390; 184/1953, bls. 424-425; nr. 174/1960, bls. 395-396; nr. 238/1965, bls. 491; nr. 259/1979, bls. 474-475; nr. 535/1986, bls. 1089-1090.

4(50) Samþykkt fyrir Veiðifélag Gljúfurár, nr. 60/1979, B-deild, bls. 99-100.

4(51) Samþykkt fyrir Veiðifélagið Blanda, nr. 173/1960, bls. 392-395.

4(52) Samþykkt fyrir Veiðifélag Grímstunguheiðar, nr. 73/1968, bls. 121-122.

4(53) Auglýsing um bann við upprekstri hrossa á Auðkúluheiði í A.-Húnavatnssýslu, nr. 329/1984, B-deild, bls. 486.

4(54) Auglýsing um takmörkun á upprekstri hrossa og sauðfjár á Grímstungu- og Haukagilsheiðar, Víðidalsfjall og Sauðadal í Austur-Húnavatnssýslu, nr. 318/1986, B-deild, bls. 600.

4(55) Auglýsing um staðfestingu á samkomulagi milli sveitarstjórna Áshrepps, Húnaþings vestra og Sveinsstaðahrepps um mörk sveitarfélaganna inn til landsins, nr. 965/2000, B-deild, bls. 2757-2758.

4(56) Bréf landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna yfir Íslandi um sölu á kirkjueign (Grímstunguheiði með hálfum Lambatungum), nr. 73/1901, B-deild, bls. 119.

4(57) Bréf ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um sölu á kirkjujörð (Grímstungu ásamt afréttarlandinu Grímstunguheiði), nr. 132/1886, B-deild, bls. 142-143.

4(58) Lög um sölu á nokkrum hluta heimalands Auðkúlu í Svínadal (land sunnan Dældarhaus) nr. 42/1932, A-deild, bls. 78.

4(59) Bréf stjórnarráðsins til sýslumannsins í Húnavatnssýslu um skifting Torfalækjarhrepps í tvö sveitarfélög, nr. 59/1914, B-deild, bls. 96-97.

4(64) Lög um að skipta Húnavatnssýslu í tvö sýslufélög, nr. 77/1907, A-deild, bls. 470.

4(74) Skipulagsskrá fyrir Sjálfseignarstofnunina Auðkúluheiði, nr. 1119/2005, B-deild, 4 bls, dags. 8.9.2005.

4(75) Auglýsing um staðfestingu á samkomulagi milli sveitastjórna Húnaþings vestra, Hvítársíðuhrepps og Borgarfjarðarsveitar um mörk sveitarfélaganna á Arnarvatnsheiði, nr. 709/2002, B-deild, 1 bls.

4(76) Skipulagsskrá fyrir Sjálfseignarstofnunina Grímstungu-og Haukagilsheiði, nr. 1120/2005, B-deild, 4 bls.

4(77) Auglýsing um breytingu á skipulagsskrá fyrir Sjálfseignarstofnunina Grímstungu-og Haukagilsheiði sem staðfest var 8.12.2005 nr. 1120, nr. 628/2006, B-deild, 3 bls.

4(48) Samþykkt fyrir Veiðifélag Blöndu og Svartár, nr. 477/2008, B-deild, 3 bls.

4(49) Samþykktir fyrir Veiðifélag Vatnsdalsár í Húnavatnssýslu, nr. 391/2008, B-deild, 3 bls.; nr. 253/2013, B-deild, 3 bls. Arðskrá fyrir Veiðifélag Vatnsdalsár, nr. 864/2011, B-deild, 1 bls.

4(50) Samþykkt fyrir Veiðifélag Gljúfurár í Húnavatnssýslu, nr. 1073/2007, B-deild, 2 bls.

Lagt fram af Jóni Sveinssyni hrl og Geir A. Marelssyni hdl. vegna Landsvirkjunar:

5 Kröfulýsing, dags. 6.2.2013.

5(1) Samningur milli Ríkisstjórnar Íslands og Landsvirkjunar um virkjanamál, yfirtöku byggðalína o.fl., dags. 11.8.1982.

5(2) Samningur Rafmagnsveitna ríkisins og Blönduós-, Svínavatns-, Torfalækjar-, Lýtingsstaða- og Seyluhrepps um virkjun Blöndu, dags. 15.3.1982.

5(3) Samningur milli Landsvirkjunar og veiðifélags Blöndu og Svartár, eigenda Bollastaða, Eyvindarstaða , Eldjárnsstaða, Guðlaugsstaða, Þramar og Rugludals um yfirtöku réttinda í þágu Blönduvirkjunar, dags. 22.2.1988.

5(4) Viðauki við samning, dags. 15.3.1982, varðandi virkjun Blöndu, dags. 24.3.1990.

5(5) Samningur Blönduóss og Svínavatnshrepps og Torfalækjarhrepps um afnot sauðfjáreigenda á Blönduósi af Auðkúluheiði, dags. 24.3.1990.

5(6) Beiðni Landsvirkjunar um mat samnings frá 22.2.1988, um Blönduvirkjun. Úrskurður matsnefndar, dags. 10.8.1992.

5(7) Bréf iðnaðar-og viðskiptaráðuneytisins til Landsvirkjunar. Ráðuneytið óskar eftir viðræðum um greiðslu vatnsréttinda í Blöndu, dags. 9.5.2001.

5(8) Bréf Landsvirkjunar til iðnaðarráðuneytisins varðandi bótagreiðslur sem falla í hlut ríkissjóðs vegna vatnsréttinda í Blöndu, dags. 28.2.2002.

5(9) Bréf iðnaðar-og viðskiptaráðuneytisins til Landsvirkjunar um uppgjör á vatnsréttindum ríkisins í Blöndu, dags. 19.6.2002.

5(10) Bréf Landsvirkjunar til iðnaðar-og viðskiparáðuneytisins um að Landsvirkjun hefur greitt lokagreiðslu inn á reikning, dags, 31.12.2002.

5(11) Bréf iðnaðarráðuneytisins til Landsvirkjunar þar sem ráðuneytið veitir LV leyfi til að virkja Blöndu í Blöndudal, dags. 28.3.1984.

5 (12) Bréf iðnaðarráðuneytisins til Landsvirkjunar um heimild Landsvirkjunar til að framkvæma eignarnám á vatnsréttindum, löndum, mannvirkjum og öðrum réttindum eftir því sem við þarf vegna virkjunarinnar, dags. 30.4.1987.

5(13) Afsal til Landsvirkjunar á Eiðsstöðum í Svínavatnshreppi, dags. 15.8.1984.

5(14) Eiðsstaðir 1. Útprentun úr fasteignaskrá Íslands, dags. 7.2.2013.

5(15) Eiðsstaðir 1. Veðbandayfirlit, útprent frá Þjóðskrá Íslands, dags. 7.2.2013.
5(16) Eiðsstaðir 2. Útprentun úr fasteignaskrá Íslands, dags. 7.2.2013.
5(17) Eiðsstaðir 2. Veðbandayfirlit, útprent frá Þjóðskrá Íslands, dags. 7.2.2013.
5(18) Auðkúluheiði, spjald úr Afsals- og veðmálabók Húnavatnssýslu.
5(19) Bréf Húnavatnshrepps til sýslumannsins á Blönduósi um breytingu á skráningum eigna hreppsins til Sjálfseignarstofnunar Auðkúluheiðar, dags. 19.11.2008.
5(20) Stefna. iðnaðar- og viðskiparáðherra stefnir Landsvirkjun fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur vegna endurgjalds vatnsréttinda í Blöndu, dags. 24.1.2000.
5(21) a-b Afsal til Upprekstrarfélags Auðkúluheiðar á Eiðsstöðum og Eldjárnastöðum, dags. 31.12.1963.
5(22) Greinargerð, dags. 11.6.2013.
5(23) Yfirlit yfir mannvirki Blönduvirkjunar vegna kröfu fjármálaráðherra f.h. ríkisins um mörk þjóðlendna á Norðvestursvæði, svæði 8 vestan Blöndu, ódags. skráð dags. 11.6.2013 í greinargerð (skjal 5(22)).
5(24) Fyrirhugaðar virkjanir á veituleið Blönduvirkjunar, ódags. skráð dags. 11.6.2013 í greinargerð (skjal 5(22)).
5(25) Loftmyndir af mannvirkjum á Blönduvirkjunar, ódags. skráð dags. 11.6.2013 í greinargerð (skjal 5(22)).
5(26) Afsal fyrir vatnsréttindum Bollastaða, dags. 6.10.1992.
5(27) Nánari útfærslur á kröfulýsingu, dags. 10.7.2014, ásamt fylgiskjali nr. 1: Yfirlit yfir mannvirki sem reist voru vegna Blönduvirkjunar og eru í beinum tengslum við rekstur hennar. Fylgiskjöl 2-4: kort sem sýna mannvirki Landsvirkjunar innan kröfusvæðis.

Lagt fram af Sigurði Jónssyni hrl. vegna Auðkúluheiðar:

6 Kröfulýsing, dags. 6.2.2013.
6(1) Auðkúluheiði. Veðbandayfirlit, útprent frá Þjóðskrá Íslands, dags. 19.7.2013.
6(2) Hrafnabjargarland. Veðbandayfirlit, útprent frá Þjóðskrá Íslands, dags. 5.2.2013.
6(3) Auðkúluheiði. Útprentun úr fasteignaskrá Íslands, dags. 19.7.2012.
6(4) Hrafnarbjargarland. Útprentun úr fasteignaskrá Íslands, dags. 5.2.2013.
6(5) Stofnskjal í Fasteignaskrá. Framhluti Hrafnarbjargarlands. Landeigandi: Sjálfseignarstofnun Auðkúluheiðar. Landamerki tiltekin, dags. 28.10.2008.
6(6) Afsal fyrir framhluta Hrafnabjaralands, dags. 17.3.1923.
6(7) Sátt um afréttarmörk á Kili, endurrit úr aukadómþingsbók Árnessýslu, dags. 7.9.1985.
6(8) Skipulagsskrá fyrir Sjálfseignarstofnunina Auðkúluheiði, dags. 16.11.2005.
6(9) Bréf Húnavatnshrepps til sýslumannsins á Blönduósi um breytingu á skráningu tiltekinna landsvæða sem eign Sjálfseignarstofnunar Auðkúluheiðar, dags. 19.11.2008.
6(10) Hornpunktaskrá fyrir Auðkúluheiði, ódags. en mótt. 7.2.2013.
6(11) Greinargerð, dags. 12.6.2013.
6(12) Bókun um mörk milli Forsæludalskvísla og Auðkúluheiðar sem og vesturmörk Haukagilsheiðar gagnvart Víðidalstunguheiði, dags. 8.12.2014.

Lagt fram af Sigurði Jónssyni hrl. vegna Forsæludalskvíslar og Dalslands:

7 Kröfulýsing, dags. 7.2.2013.
7(1) Forsæludalskvíslar. Veðbandayfirlit, útprent frá Þjóðskrá Íslands, dags. 19.7.2012.
7(2) Dalsland. Veðbandayfirlit, útprent frá Þjóðskrá Íslands, dags. 7.2.2013.
7(3) Forsæludalskvíslar. Útprentun úr fasteignaskrá Íslands, ódags. en mótt. 7.2.2013.
7(4) Dalsland. Útprentun úr fasteignaskrá Íslands, dags. 7.2.2013.
7(5) Skipulagsskrá fyrir Sjálfseignastofnunina Grímstungu- og Haukagilsheiði, ódags. en mótt. 7.2.2013. Líklega gert eftir 2005.

7(6) Stofnskjal Forsæludalskvíslar (Dalskvíslar) í Fasteignaskrá. Landeigandi: Sjálfseignarstofnanir Auðkúluheiðar og Grímstungu- og Haukagilsheiðar. Landamerki tiltekin, dags. 28.10.2008.

7(7)

7(8) Stofnskjal vegna Dalslands í Fasteignaskrá. Landeigandi: Sjálfseignarstofnun Grímstungu- og Haukagilsheiðar. Landamerki tiltekin, dags. 14.4.2008.

7(9) Afsal hluta Forsæludals til Upprekstrarfélags Ás-og Sveinsstaðahrepps, dags. 30.6.1975.

7(10) Hornpunktaskrá Forsæludalskvíslar og Dalslands, ódags. en mótt. 7.2.2013.

7(11) Greinargerð, dags. 12.6.2013.

7(12) Landamerkjaskrá fyrir Dalkvíslar í Austur-Húnavatnssýslu, dags. 26.8.1985.

Lagt fram af Sigurði Jónssyni hrl. vegna Gímstunguheiðar:

8 Kröfulýsing, dags. 7.2.2013.

8(1) Gímstunguheiði. Veðbandayfirlit, útprent frá Þjóðskrá Íslands, dags. 19.7.2012.

8(2) Gímstunguheiði. Útprentun úr fasteignaskrá Íslands, ódags. en mótt. 7.2.2013.

8(3)

8(4) Dóms-og kirkjumálaráðuneytið. Auglýsing um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá fyrir sjálfseignarstofnunina Grímstungu-og Haukagilsheiði, dags. 30.6.2006.

8(5) Óstaðfest uppskrift af samningi hreppsnefndar Ásahrepps um leigu til allra nota Grímstunguheiðar. Hreppsnefndir Ása-og Sveinstaðahrepps kaupa Grímstunguheiði með kaupsamningi, dags. 29.2.1896.

8(6) Hornpunktaskrá fyrir Grímstunguheiði, ódags. en mótt. 7.2.2013.
Greinargerð, sjá skjal nr. 7(11).

Lagt fram af Sigurði Jónssyni hrl. vegna Haukagilsheiðar og Lambatungna:

9 Kröfulýsing, dags. 7.2.2013.

9(1) Stofnskjal vegna Haukagilsheiðar og Lambatungna í Fasteignaskrá. Landeigandi: Sjálfseignarstofnun Grímstungu- og Haukagilsheiðar. Landamerki tiltekin, dags.14.4.2008.

9(2) Haukagilsheiði/Lambatungur. Veðbandayfirlit, útprent frá Þjóðskrá Íslands, dags. 19.7.2012.

9(3) Haukagilsheiði/Lambatungur. Útprentun úr fasteignaskrá, ódags. en mótt. 7.2.2013.

9(4) Kaupsamningur og afsal fyrir hluta Haukagilsheiðar og Lambatungna til Upprekstrarfélags Ás- og Sveinsstaðahreppa, dags. 27.6.1996.

9(5) Afsal þess hluta Haukagils í Vatnsdal sem er vestan beitilandsgirðingar til Upprekstarfélags Ás-og Sveinsstaðahreppa, dags. 1.11.1971.

9(6) Óstaðfestar uppskriftir af gögnum varðandi kaup og sölu Haukagilsheiðar, ódags. en mótt. 7.2.2013.

9(7) Hornpunktaskrá fyrir Haukagilsheiði og Lambatungur, ódags. en mótt. 7.2.2013.
Greinargerð, sjá skjal nr. 7(11).

Lagt fram af Sigurði Jónssyni hrl. vegna Sauðadals:

10 Kröfulýsing, dags. 7.2.2013.

10(1) Stóra-Giljá. Veðbandayfirlit, útprent frá Þjóðskrá Íslands, dags. 19.7.2012.

10(2) Hnausar 1. Veðbandayfirlit, útprent frá Þjóðskrá Íslands, dags. 19.7.2012.

10(3) Hnausar 2. Veðbandayfirlit, útprent frá Þjóðskrá Íslands, dags. 19.7.2012.

10(4) Stóra-Giljá. Útprentun úr fasteignaskrá Íslands, ódags. en mótt. 7.2.2013.

10(5) Hnausar 1. Útprentun úr fasteignaskrá Íslands, ódags. en mótt. 7.2.2013.

10(6) Hnausar 2. Útprentun úr fasteignaskrá Íslands, ódags. en mótt. 7.2.2013.

10(7) Kaupsamningur og afsal fyrir Öxl I og II til Sveinsstaðahrepps, dags. 2.10.2000.

10(8) Fundargerð sáttarfundar um hreppamörk Sveinsstaða- og Torfalækjarhreppa,

dags. 21.2.1991

10(9) Afsal fyrir Hnausum I til Gunnars og Pálma Ellertssona, dags. 8.5.2000.

10(10) Skiptayfirlýsing. Hlutar Hnausa, Bjarnastaða og Másstaða þinglýstir á Pálma Ellertsson, dags. 16.6.2011.

10(11) Afsal fyrir Hnausum II til Hnausabúsins sf., dags. 10.7.1981.

10(12) Afsal fyrir Stóru-Giljá til Sigurðar Erlendssonar, dags. 2.8.1991, ásamt kaupsamningi fyrir jörðinni, dags. 12.4.1991.

10(13) Kaup og sala Sauðadals. Óstaðfestar uppskriftir um yfirlit um eignarhald á Sauðadal, ódags. en mótt. 7.2.2013.

10(14) Saga eingnarhalds á Sauðadal. Yfirlit Erlendar G Eysteinssonar um eignarhald á Sauðadal, ódags. en mótt. 7.2.2013.

10(15) Bréf oddvita Torfalækjarhrepps til Skipulags ríkisins um niðurstöðu sáttarfundar um hreppamörk Torfulækjar- og Sveinsstaðahrepps, dags. 14.2.1991.

10(16) Hornpunktaskrá fyrir Sauðadal, ódags. en mótt. 7.2.2013.

10(17) Óstaðfest uppskrift af landamerkjabréfi Hnausa með númeruðum örnefnum, dags. 20.6.1883. Sjá einnig skjal nr. 2(1).

10(18) Greinargerð, dags. 12.6.2013.

Lagt fram af Stefáni Þ. Ólafssyni hrl. vegna Forsæludals:

11 Kröfulýsing, dags. 30.1.2013.

11(1) Forsæludalur. Útprentun úr fasteignaskrá Íslands, dags. 4.2.2013.

11(2) Forsæludalur. Veðbandayfirlit, útprent frá Þjóðskrá Íslands, dags. 5.2.2013.

11(3) Afsal fyrir hluta Forsæludals til Upprekstarfélags Ás-og Sveinsstaðahreppa, dags. 30.6.1975.

11(4) Greinargerð, dags. 4.6.2013.

Lagt fram af Páli Arnóri Pálssyni hrl. vegna Hvamms I og II:

12 Kröfulýsing, dags. 5.2.2013.

12(1) Fasteignamatsvottorð Hvamms II, dags. 7.2.2013.

12(2) Fasteignamatsvottorð Hvamms, dags. 7.2.2013.

12(3) Þinglýsingarvottorð Hvamms II, dags. 6.2.2013.

12(4) Þinglýsingarvottorð vegna Hvamms, dags. 6.2.2013.

12(5) Hvammur II. Útprentun úr fasteignaskrá Íslands, dags.6.2.2013.

12(6) Hvammur. Útprentun úr fasteignaskrá Íslands, dags.6.2.2013.

12(7) Greinargerð, dags. 12.6.2013.

12(8) Gangnaseðlar fjallskiladeildar Grímstungu- og Haukagilsheiðar fyrir árin 2006-2011.

Lagt fram af óbyggðanefnd:

13 Greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands um sögu jarða og annarra landsvæða, dags. 9.12.2014.

14 14(1) Fundargerð 1. fyrirtöku, dags. 4.3.2013.

14(2) Fundargerð 2. fyrirtöku, dags. 21.3.2013.

14(3) Fundargerð 3. fyrirtöku, dags. 29.4.2013.

14(4) Fundargerð 4. fyrirtöku, dags. 12.6.2013.

14(5) Fundargerð 5. fyrirtöku, dags. 9.8.2013.

14(6) Fundargerð aðalmeðferðar, dags. 14. og 15.8.2013.

14(7) Fundargerð endurupptöku, dags. 9.12.2014.

Lagt fram af málsaðilum:

15 a-d Yfirlitskort, mælikvarði 1:50.000 í A1. Mál nr. 2/2013. Kröfulínur allra málsaðila, dags. 9.12.2014.

Lagt fram af Sigurði Jónssyni hrl. vegna Húnavatnshrepps:

16 Kröfulýsing, dags. 8.12.2014.

Hliðjónargögn

Lagt fram til hliðsjónar af Andra Árnasyni hrl. f.h. fjármálaráðherra:

Ónr. Íslenzk fornrit 1. bindi. Íslendingabók Landnámabók, síðari hluti, bls. 211-229.
Ónr. Sýslu og sóknarlýsingar Hins íslenzka bókmenntafélags 1839-1873. I Húnavatnssýsla. Bókaútgáfan Norðri, bls. 11, 18, 29, 53, 54, 61, 67, 73, 74, 80, 85, 93, 101, 102, 103, 104, 136, 137, 139, 140, 142 og 165.
Ónr. Húnaþing I. bindi. Húnavatnsþing e. Halldór Jónsson, bls. 1, 3.
Ónr. Húnaþing III. bindi, bls. 1- 2, 19-22, 111, 117, 123, 132-136, 173, 182-183, 194, 209 -214, 251, 257-262, 277, 314, 330, 338 og 341.
Ónr. Árbók F.Í. 1958. Vestur-Húnavatnssýsla, eftir Jón Eyþórsson, bls. 104-107.
Ónr. Árbók F.Í. 1962. Arnarvatnsheiði og Tvídægra, eftir Þorstein Þorsteinsson, bls. 120-121.
Ónr. Árbók F.Í. 1964. Austur-Húnavatnssýsla, eftir Jón Eyþórsson, bls. 6-7.
Ónr. Árbók F.Í. 2007. Húnaþing eystra frá jöklum til ystu stranda, eftir Jón Torfason, bls. 48, 97, 219 og 224.
Ónr. Göngur og réttir, III.b., Hnappadalssýsla – Húnavatnssýslur, bls. 142-143, 204-205, 218-219 og 268-269.
Ónr. Göngur og réttir, IV.b., Skagafjarðarsýsla, Eyjafjarðarsýsla, Suður-Þingeyjarsýsla, vestanverð, bls. 36-41.
Ónr. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 8. b., bls. 3-4, 6-8, 39-40, 48-53, 58, 59-64, 67-74, 131-134, 145-149, 151-153, 195-197, 228-231, 248-251, 276-277, 282-287, 291-292, 295-296, 330-334, 424-432 og 451-452.
Ónr. Yfirlit Þjóðskjalasafns, ódags. Fyrirspurnir sýslumanna 1999 og afréttarskrár 1985.
Ónr. Yfirliti Þjóðskjalasafns, ódags. Svör við fyrirspurnum félagsmálaráðuneytis 1999.
Ónr. Yfirlit Þjóðskjalasafns, ódags. Svör hreppsstjóra.

Lagt fram til hliðsjónar af óbyggðanefnd:

Ónr. Skýrslur í máli 2/2013 hjá óbyggðanefnd (35 blaðsíður, skrifaðar upp eftir hljóðupptöku).
Ónr. Greinargerð um landlíkan ÍSOR, dags. 1.2.2008.
Ónr. Greinargerð um Vatnagrunn Veðurstofu Íslands (óútg.), dags. júlí 2010.
Ónr. Vatnagrunnur Veðurstofu Íslands 2.0: Verklag við uppfærslu, dags. janúar 2012.

Lagt fram til hliðsjónar af Páli Arnóri Pálssyni hrl. vegna Hvamms I og II:

Ónr. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 8. b., bls. 299-303.

Lagt fram til hliðsjónar af óbyggðanefnd:

Ónr. Hrd. nr. 65/1971. Arnarvatnsheiði.

Lagt fram af óbyggðanefnd til upplýsinga fyrir aðila:

Ónr. Almennar niðurstöður óbyggðanefndar með viðaukum, dags. 22.9.2011.
Ónr. Yfirlit yfir frumgögn sem könnuð eru vegna rannsóknarskyldu óbyggðanefndar, sbr. 5. mgr. 10. gr. þjóðll. nr. 58/1998, með síðari breytingum, dags. 26.2.2013.
Ónr. Umsögn Gunnars F. Guðmundssonar sagnfræðings varðandi vörslu jarðabréfa, dags. 3.9.2007, ásamt fyrirspurn Ólafs Björnssonar hrl. um hvort íslensk jarðaskjöl gætu verið varðveitt í erlendum skjalasöfnum, dags. 22.8.2007.
Ónr. Útprentun af tölvupósti Gunnars F. Guðmundssonar sagnfræðings varðandi gagnaöflun óbyggðanefndar. Ritað af tilefni greinar Einars Gunnars Péturssonar í Morgunblaðinu, dags. 5.6.2007: „Um vinnubrögð í þjóðlendumálum.“
Ónr. Efnisyfirlit Björns Teitssonar o.fl. „Heimildaskráning jarða“, fyrir Húnavatnssýslur og hluta Skagafjarðarsýslu.

A L M E N N A R N I Ð U R S T Ö Ð U R

Ó B Y G G Ð A N E F N D A R

með viðaukum



Svæði 1–7B

Sérprentun 19. desember 2014

EFNISYFIRLIT

FORMÁLI **3**

1. INNGANGUR **4**

2. GRÓÐURFAR VIÐ LANDNÁM OG SÍÐARI BREYTINGAR **4**

3. STOFNUN EIGNARRÉTTINDA **5**

3.1. Landnám 5
3.2. Hefð 8
3.3. Lög 12

4. FLOKKUN LANDS **13**

4.1. Almennt 13
4.2. Jörð 14
4.3. Almenningar 20
4.4. Afréttir 22
4.5. Jörð eða afréttur? 29
4.6. Jöklar 30
4.7. Fjallskil 36
4.8. Ítök 39
4.9. Fjörur og rekaeign 42

5. HEIMILDIR UM EIGNARHALD **47**

5.1. Almennt 47
5.2. Jarðamöt og jarðabækur 47
5.3. Máldagar og vísitasíur 49
5.4. Lögfestur 52
5.5. Jarðabréf og landamerkjabréf 53
5.6. Afsals- og veðmálabækur 57
5.7. Aðrar heimildir 58

6. NIÐURSTAÐA **59**

7. ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 5 ..... **64**

7.1. Almenn atriði og dómafordæmi í þjóðlendumálum 64
7.1.1. Gildi landamerkjabréfa jarða 65
7.1.2. Heiðarbýli á Norðausturlandi 67

8. ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 6 ..... **69**

8.1. Dómafordæmi í þjóðlendumálum 69
8.2. Afréttir einstakra jarða og stofnana 69

9. ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 7A **73**

9.1. Dómafordæmi í þjóðlendumálum 73

10. ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 7B **74**

10.1. Dómafordæmi í þjóðlendumálum 74
10.2. Heimildir mæla í mót landamerkjabréfi jarðar 75
10.3. Heimildir um legu jarða til forna 76

FORMÁLI

Í úrskurðum óbyggðanefndar í málum á svæði 1 er í kaflanum *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* gerð grein fyrir athugunum og niðurstöðum um nokkrar staðreyndir og lagaatriði sem almenna þýðingu geta haft við úrlausn þjóðlendumála. Í úrskurðum í málum á svæði 2 var aukið við þessa umfjöllun og nokkrum nýjum atriðum bætt við. Kaflar þessir voru felldir saman, með lítilsháttar breytingum, og birtir þannig sem viðauki við úrskurði í málum á svæðum 3–7B. Fer sá texti hér á eftir, í köflum 1–6.

Í úrskurðum á svæðum 3–7B hefur jafnan verið gerð grein fyrir nýgengnum dómum í þjóðlendumálum og öðrum atriðum sem almenna þýðingu geta haft við úrlausn þjóðlendumála. Lagt hefur verið á það mat hvort breyta þyrfti eða bæta enn við fyrirliggjandi *Almennar niðurstöður*. Tilefni til umfjöllunar eða viðauka af þessu tagi gafst einkum á svæðum 5, 6, 7A og 7B, og fer sá texti lítillega styttur hér á eftir, í köflum 7–10.

Niðurstöður óbyggðanefndar um eignarland eða þjóðlendu á einstökum landsvæðum eru í beinu samhengi og samræmi við *Almennar niðurstöður með viðaukum*, og vísa til þeirra.

1. INNGANGUR

Hér verður gerð grein fyrir almennum athugunum og niðurstöðum óbyggðanefndar um nokkrar staðreyndir og lagaatriði sem þýðingu geta haft við úrlausn þeirra mála sem undir nefndina heyra.

Í upphafi verður gefið yfirlit um gróðurfar á Íslandi við landnám og þeim breytingum sem á því hafa orðið síðan. Þá verður fjallað um landnám, hefð og lög sem stofnunarhætti eignarréttinda.

Því næst verður gerð grein fyrir flokkun lands í *jarðir, almenninga* og *afrétti* og eignarréttarlegri þýðingu þessara hugtaka. Hugað verður sérstaklega að ákveðnum tilvikum sem virðast á mörkum framangreindra flokka ásamt eignarhaldi á landi undir jöklum og mörk við jökul eða á. Þá verður fjallað um hvort og þá hvaða vísbendingar um eignarréttarlega stöðu lands má draga af fyrirkomulagi fjallskila og tilvist ítaka til lands eða sjávar, hvaða réttur felist í fjörueign og hver séu merki sjávarjarða til hafsins.

Loks verður fjallað um efni og gildi þeirra heimilda sem einna helst fjalla um eignarréttindi fyrr á tímum. Gerð verður sérstök grein fyrir jarðamötum og jarðabókum, máldögum og vísitasíum, lögfestum, jarðabréfum og landamerkjabréfum, afsals- og veðmálabókum.

2. GRÓÐURFAR VIÐ LANDNÁM OG SÍÐARI BREYTINGAR

Íslandi má skipta í þrjú hæðar- eða gróðurbelti, þ.e. *láglendisbelti, hlíðabelti og hálendis- eða fjallbelti.*[1] Þessi skipting byggist á því að lífsskilyrði fyrir plöntur og aðrar lífverur, þ. á m. búsetuskilyrði fyrir fólk, fara stigversnandi með vaxandi hæð yfir sjávarmáli og lækkandi meðalhita. Höfuðeinkenni gróðurfars breytast því frá láglendisbelti og upp til efstu gróðurmarka á hálendi, tegundum plantna fækkar mjög, harðgerar tegundir verða ríkjandi, uppskerumagn minnkar og gróðurþekjan verður gisnari.

Gróðurbeltin eru í mismunandi hæð í hinum ýmsu landshlutum, eftir því hvort um er að ræða innhéruð eða útnes, eftir snjóalögum o.s.frv. Milli gróðurbeltanna eru að sjálfsögðu ekki skörp skil heldur breytist gróðurfar stig af stigi með vaxandi hæð yfir sjávarmáli. Í grófum dráttum nær láglendisbelti landsins upp í 100–150 m hæð og sums staðar nokkru hærra sunnanlands. Hlíðabeltið tekur við og nær upp í 300–400 m hæð, en þar ofan við er hálendisbeltið. Ætla má að um landnám hafi mörkin legið nokkru ofar.

[1] Steindór Steindórsson, 1964: *Gróður á Íslandi*. Reykjavík. S. 28.

Talið er að við landnám hafi gróður þakið um $^{2}/_{3}$ hluta af yfirborði landsins.[2] Mikill hluti láglendis- og hlíðabelta, svo og hálendisbeltis upp að 600–700 m hæð á miðhálendinu, hefur verið þakinn nokkuð samfelldum gróðri og jarðvegi. Ofar hefur gróðurinn orðið stöðugt gisnari, uns hann hefur horfið að mestu í 800–1000 m hæð. Í fjalllendi útnesja og í bröttum fjallahlíðum hafa efri mörk samfellds gróðurs legið neðar.

Við landnám hefur birkiskógur og kjarr sett mestan svip á gróðurfar í láglendis- og hlíðabeltum og jafnvel teygt sig upp í hálendisbelti við bestu aðstæður. Áætlað er að skóglendi og kjarr hafi þakið um $^{1}/_{4}$ hluta landsins. Það var langverðmætasta gróðurlendi landsins vegna mikillar grósku, fjölþættra nota og jarðvegsverndar. Ofan skógarmarka hafa smárunnar, ýmsar lyngtegundir og harðgerar jurtir verið ríkjandi tegundir. Þar sem jarðvatnsstaða var há, á láglendi og hálendi, var gróskumikill votlendisgróður. Rýr mosagróður tók við þegar nálgaðist efri mörk gróðurs, og loks voru plöntur á stangli á því landi sem í daglegu tali er nefnt ógróið.

Nú þekur gróður aðeins um $^{1}/_{4}$ hluta landsins í heild og um $^{10}/_{100}$ hluta ísfrírra svæða miðhálendisins, í stað nær helmings um landnám. Aðeins um $^{1}/_{100}$ hluti landsins er skógi eða kjarri vaxinn. Gróðurþekja landsins hefur þannig bæði dregist saman og gæði hennar rýrnað.

Langmest hefur rýrnun landgæða orðið í hálendisbeltinu, einkum á miðhálendinu. Afleiðingar þessa eru m.a. þær að verulegur hluti miðhálendisins, sem um landnám og fram eftir öldum var vel fallið til sumarbeitar, er nú gróðursnauðar auðnir.

3. STOFNUN EIGNARRÉTTINDA

Þeir stofnunarhættir eignarréttinda sem huga þarf sérstaklega að í þessu sambandi eru landnám, hefð og lög.

3.1. Landnám

Hér á landi var fyrst stofnað til eignarréttar yfir landi með námi. Telja verður líklegt að eigi síðar en með gildistöku ákvæða Jónsbókar um afrétti og almenninga hafi nám verið útilokað. Vafalaust er þó að eftir lögtöku nýbýlatilskipunar 1776 er nám úr sögunni sem stofnunarháttur eignarréttar hér á landi.[3]

Landnámabók hefur löngum verið talin mikilvægasta heimildin um upphaf byggðar á Íslandi. Þar eru nefndir um 430 karlar og konur sem námu land eða eignuðust það úr landnámi annarra. Þá eru þar nöfn um 600 bæja sem risið eiga að hafa á

---

[2] Ingvi Þorsteinsson og Sigurður Blöndal, 1986: *Gróðureyðing og endurheimt landgæða*. Reykjavík. S. 13.

[3] Sbr. Gaukur Jörundsson: „Um afrétti og almenninga“, óbirt fjölrit, bls. 10–11. Gaukur Jörundsson, 1982–83: *Eignaréttur* II (fjölr.). Reykjavík. S. 133–134. Þorgeir Örlygsson, 1994: „Um eignarhald á landi og náttúruauðlindum.“ *Afmælisrit. Gaukur Jörundsson sextugur 24. september 1994*. Reykjavík. S. 565.

landnámsöld, þ.e. á árunum 874–930. Efni Landnámu er spunnið úr þremur meginþáttum: landnámafrásögnum, greinargerð fyrir landnámsmönnum, ætt þeirra og niðjum og fróðleik af ýmsum toga sem lýsir m.a. viðskiptum manna, stjórnarfari, trú og siðum, skipakosti, húsakynnum, búpeningseign og landsháttum.

Landnáma er varðveitt í fimm gerðum, misjafnlega heillegum. Þrjár þeirra eru að stofni til frá miðöldum en tvær voru ritaðar á 17. öld. Melabók mun vera elst þeirra og standa næst frumgerð Landnámabókar, sem talin er rituð á fyrri hluta 12. aldar en er nú glötuð. Ljóst er því að tvö hundruð ár hið minnsta hafa liðið þar til frásagnir um landnám voru skráðar. Allmikill efnislegur munur er á varðveittum gerðum Landnámabókar en þó eru landnámalýsingar yfirleitt nokkuð samhljóða.

Ýmsar sagnir er að finna í Landnámu um það hvernig menn fóru að því að nema land. Í Hauksbókargerð Landnámu er greint frá því að Íslendingar hafi leitað til Haralds konungs hárfagra um aðstoð við að setja reglur um stærð landnáma. Þá voru sett ákvæði um að enginn skyldi víðara nema en hann mætti eldi yfir fara á einum degi með skipverjum sínum.[4] Um konur virðist hins vegar hafa gilt sú regla að þær skyldu ekki nema víðara land en leiða mætti kvígu tvævetra vorlangan dag sólsetra á milli, vel fóðraða.[5] Fleiri aðferðir eru tilfærðar. Helgi magri, sem nam allan Eyjafjörð, er t.d. sagður hafa gert eld mikinn við hvern vatnsós og helgað sér svo allt hérað, væntanlega allt vatnasvæði árinnar. Stundum virðist kvikfé sjálft hafa ráðið ferðinni. Í upphafi þess hluta Landnámu sem fjallar um Sunnlendingafjórðung segir m.a. á þessa leið: „Sumir þeir, er fyrstir kómu út, byggðu næstir fjǫllum ok merkðu at því landskostina, at kvikféit fýstisk frá sjónum til fjallanna.“[6]

Á síðustu áratugum hafa ýmsir fræðimenn á sviði sagnfræði og bókmennta sett fram kenningar um sannfræði Landnámu. Annars vegar hefur því verið haldið fram að treysta megi frásögnum Landnámu í meginatriðum. Hér má nefna kenningar eins og þær að markmiðið með ritun Landnámu hafi verið að skapa grundvöll fyrir innleiðingu óðalsréttar hér á landi, undirbúa skiptingu landsins í kirkjusóknir eða varðveita ættartölur, með tilliti til erfða, hjúskapar o.fl., auk áhuga á sögu forfeðranna.[7] Hins vegar hefur því verið haldið fram að frásagnir Landnámu eigi lítið skylt við sögulegan veruleika. Í því sambandi ber að nefna þá kenningu að markmiðið hafi verið að renna stoðum undir eignarheimildir höfðingjaættanna fyrir þeim jörðum, einkum aðalbólum, sem þær töldu sig eiga á ritunartíma Landnámu.[8] Ennfremur hefur

---

[4] *Landnámabók*, 1986. Jakob Benediktsson gaf út. (Íslensk fornrit. 1. b.) Reykjavík. S. 337.
[5] *Landnámabók* 1986, s. 321.
[6] *Landnámabók* 1986, s. 337.
[7] Sbr. Barði Guðmundsson, 1938: „Uppruni Landnámabókar.“ *Skírnir. Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags*. S. 6–7, 20. Jón Jóhannesson, 1954–58: „Sannfræði og uppruni Landnámu.“ *Saga. Tímarit Sögufélags.* S. 225–226. Einar Gunnar Pétursson, 1986: „Efling kirkjuvalds og ritun Landnámu.“ *Skírnir. Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags*. S. 193–222.
[8] Sveinbjörn Rafnsson, 1974: *Studier i Landnámabók. Kritiska bidrag till den isländska fristatstidens historia.* Lundi. S. 203–217. Sveinbjörn Rafnsson, 1976: „Aðferðir og viðhorf í Landnámurannsóknum.“ *Skírnir. Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags*. S. 222–225, 231–233.

því verið haldið fram að sum nöfn landnámsmanna séu dregin af kennileitum, náttúrufari eða búskaparháttum.[9] Heimildargildi Landnámu er því umdeilt meðal fræðimanna.

Í úrlausnum dómstóla hafa skýrar lýsingar Landnámu á umfangi landnáms verið taldar hafa sönnunargildi við mat á því hvort stofnast hafi til eignarréttar yfir tilteknu landsvæði. Þessi afstaða kemur fram í H 1994 2227 (Geitland). Þar er frásögn Landnámu um nám Geitlands talin sanna að í kjölfar landnáms hafi landsvæðið verið eignarland. Jafnframt ber að nefna H 1960 726 (Skeljabrekka) þar sem talið var auðsætt af frásögn Landnámu að landspilda hefði í öndverðu verið hluti af landi jarðarinnar Skeljabrekku. Takmarkaðar lýsingar í Landnámu hafa hins vegar fremur verið taldar mæla gegn því að land hafi verið numið og þannig orðið undirorpið beinum eignarrétti, sbr. H 1997 1162 (Auðkúluheiði), H 1997 1183 (Eyvindarstaðaheiði), H 1997 2420 (Neðri-Hundadalur), H 1999 111 (Gilsá) og H 1999 2006 (Sandfellshagi). Þá hafa dómstólar litið til gróðurfars og staðhátta við mat á því hvort líkur séu á að landsvæði hafi verið numið, sbr. einkum H 1997 2420 (Neðri-Hundadalur) og H 1999 111 (Gilsá).

Það er álit óbyggðanefndar að Landnáma lýsi a.m.k. þeirri skiptingu lands sem menn töldu rétta eða voru ásáttir um á ritunartíma einstakra gerða. Þá er ljóst að landnámalýsingar hennar hafa verið vel kunnar landsmönnum og sannleiksgildi þeirra óumdeilt fram á síðustu áratugi. Þetta endurspeglast í úrlausnum dómstóla. Nefndin telur því að skýrar frásagnir Landnámu hafi sönnunargildi um tilvist eignarréttar. Jafnframt benda frásagnir Landnámu almennt séð til þess að landnám hafi í einhverjum tilvikum náð lengra inn til landsins en lýst landamerki jarða á síðari tímum. Rannsóknir á sviði sagnfræði, fornleifafræði og náttúrufræði styðja þetta.[10] Svo sem fram kemur í kafla 2. hefur gróðurfar inn til landsins verið þannig að landnámsmenn kunna að hafa séð sér hag í að nema land ofar en byggð hefur náð á síðari tímum. Hins vegar hljóta staðhættir, þar á meðal hæð yfir sjávarmáli og fjarlægð frá byggð, að hafa takmarkað möguleika á nýtingu. Afar takmarkaðar ályktanir verða því dregnar af gróðurfari.

Í Landnámu er hins vegar sjaldan lýst nákvæmlega umfangi landnáms eða landamerkjum. Þetta á ekki hvað síst við inn til landsins. Óbyggðanefnd telur hæpið að af takmörkuðum lýsingum í Landnámu verði afdráttarlausar ályktanir dregnar um það hvort í öndverðu hafi verið stofnað til eignarréttar yfir landsvæði með námi.

Þá er ýmislegt óljóst um aðferðir við landnámið og hverju landnámsmenn sóttust eftir, þ.e.a.s. hvort þeir hafi einvörðungu miðað við gróðurfar og staðhætti eða hvort önnur atriði skiptu einnig máli, svo sem heppileg kennileiti, samgönguleiðir,

[9] Sbr. Þórhallur Vilmundarson, 1982: „- stad. Island.“ *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder*. 16. b. Kaupmannahöfn. D. 578–584. Sjá ennfr. greinar Þórhalls Vilmundarsonar í *Grímni. Riti um nafnfræði*. 1–3. b. (1980–1996).

völd og áhrif o.s.frv. Óvissa um aðferðir við landnám er of mikil til þess að hægt sé að fullyrða um stærð landnáma á þeim grundvelli.

3.2. Hefð

Hugtakið hefð er hvorki að finna í Grágás né Jónsbók. Í Jónsbók má þó sjá þess merki að afnot manna af tilteknum fasteignatengdum hlunnindum hafi þótt benda til ákveðinna réttinda. Í 26. kapitula landsleigubálks stendur m.a.: „Nú hefir maður skóg, eng eða haga, reka eða aðrar landsnytjar .xx. [þ.e. 20] vetr eða lengr ‚átǫlulaust, þá á sá er haft hefir, nema hinn hafi lǫgleg vitni til, at hann á, ef hann skal úræntr vera.“[11]

Enda þótt hugtakið komi ekki fyrir í lögbókunum virðist sem mönnum hafi snemma verið það kunnugt. Undir lok 12. aldar deildu leikmenn og Þorlákur biskup Þórhallsson um yfirráð kirkjueigna (staðamál fyrri). Bændur kröfðust forræðis yfir kirkjueignum í krafti „landsskapar ok fornrar hefðar“ en biskupinn kvað forna hefð ekki vega þyngra en lög kirkjunnar[12]. Þessi frásögn getur ekki ein og óstudd talist heimild um hefð í lagalegum skilningi. Allt eins er líklegt að orðið sé hér notað um eitthvað sem haldist hafi órofa um ótiltekinn tíma (sbr. orðasambandið „í hefð og haldi“).

Sumir fræðimenn hafa getið sér þess til að *hefð* sé komin inn í norræn lög úr kanónískum rétti. Í því sambandi er bent á að orðasamböndin „…sem að fornu hefir verið“ og „frá arilds tíð“ gætu verið þýðingar á latneska hugtakinu „praescriptio immemorialis“.[13]

Kaldangursrecess (Koldinghúsrecess) frá 13. desember 1558 var lögleiddur með konungsbréfi 20. mars 1563. Í konungsbréfi þessu segir að recessinn „skuli einnig ganga fyrir lög um þau efni, „sem íslensk lög þar um ekki áhræra né forklára“.“ Í recessnum, 50. kapitula, segir m.a. um 20 vetra hefð:

> Jtem huada godz og eigner nauckur madur hefur med haund haft og halldit xx wetur oklagad og okiært. þui ma hann kuijdulaust hallda og skal þad ecki wndan honum ganga nema suo finnist og bijuijsist þad sie j panta sett edur lient.[14]

Jón Þorkelsson þjóðskjalavörður athugaði á sínum tíma hvar vitnað væri til Kaldangursrecess í dómum og skjölum. Nefndi hann að í alþingisdómi 30. júní 1581, um Bjarneyjartolla, og í dómi Erlends sýslumanns Magnússonar 9. apríl 1594, um

---

[10] Sbr. Kristján Eldjárn, 1974: „Fornþjóð og minjar.“ *Saga Íslands*. 1. b. Reykjavík. S. 115. Jakob Benediktsson, 1974: „Landnám og upphaf allsherjarríkis.“ *Saga Íslands*. 1. b. Reykjavík. S. 165.
[11] *Jónsbók*. Kong Magnus Hakonssons lovbog for Island vedtaget paa Altinget 1281 og réttarboetr de for Island givne retterbøder af 1294, 1305 og 1314. Kaupmannahöfn 1904. S. 156.
[12] Sbr. *Biskupa sögur*. 1. b. Kaupmannahöfn 1858. S. 281 (Oddaverja þáttur, ritaður í byrjun 13. aldar).
[13] Wallén, Per-Edwin, 1981: „Hævd. Sverige.“ *Kulturhistorisk lexikon for nordisk middelalder*. 7. b. Kaupmannahöfn (2. útg.). D. 285. Magnús Már Lárusson, 1981: „Hævd. Island.“ Sama rit, d. 287–288.
[14] *Íslenskt fornbréfasafn*. 13. b. Reykjavík 1933–1939. S. 355. Sbr. *Alþingisbækur Íslands*. 1. b. Reykjavík 1912–1914. S. 425–426. *Alþingisbækur Íslands*. 3. b. Reykjavík 1917–1918. S. 33–35.

Kleifarblá, sé vitnað í 50. kapitula í recessinum.[15] Af rannsókn Jóns verður ekki séð að recess þessi hafi haft þýðingu utan þessa.

Rétt er að taka fram að Kaldangursrecess er að engu getið í þeim umræðum sem fram fóru um miðja 19. öld um setningu hefðarlaga.

Af athugun á dómum í Íslensku fornbréfasafni og Alþingisbókum Íslendinga verður ekki dregin önnur og víðtækari ályktun en sú, að sá sem hafði haft umráð eignar um árabil væri líklegur eigandi hennar nema annað kæmi fram í dómum eða skjölum, svo sem oft er gerður fyrirvari um. Er sá fyrirvari einnig í samræmi við fyrrnefnt ákvæði Jónsbókar.

Í Dönsku lögum Kristjáns V. frá 1683 voru ákvæði um hefð og fleira. Samsvarandi ákvæði voru í Norsku lögum frá 1687 og segir þar m.a. svo í 5. bók, 5. kapitula, 3. gr:

> Hvis andet Gods og Ejendom nogen haver haft i Haand og Hævd i tyve Aar ulast og ukært til Tinge, det beholder hand uden anden Adkomst at fremvise, angerløst og uafvundet, med mindre det bevisis, at hand hafde det, enten til Pant, eller i Forlæning, eller i Forsvar.

Ákvæði þessi voru aldrei birt hér á landi en mörg dæmi eru þess að Yfirréttur og Landsyfirréttur beittu þessum lögum, sbr. t.d. dóm frá 5. maí 1830 þar sem vitnað er án nokkurs fyrirvara til Norsku laga 5-5-3.[16]

Þá var í erindisbréfi fyrir biskupana á Íslandi frá 1. júlí 1746 ákvæði í 16. gr. þar sem gert var ráð fyrir því að á 100 árum mætti hefða eignir og réttindi, sem verið hefðu kirkjueign.[17]

Vorið 1836 lagði Bjarni Thorsteinson amtmaður til við kansellíið í Kaupmannahöfn að 26. kapituli landsleigubálks Jónsbókar yrði numinn úr gildi og tekin upp ákvæði Dönsku laga um hefð. Fram kom að óljóst þætti hvort reglan í Jónsbók tæki einungis til hlunninda eða einnig til fasteigna. Kansellíið bar málið undir Landsyfirrétt og síðan embættismannanefndina sem skipuð var 22. ágúst 1838. Við athugun lögfróðra manna kom í ljós að íslenskir dómstólar á 17. og 18. öld og fram á þá 19. höfðu í langflestum tilvikum tekið mið af Dönsku og Norsku lögum í þeim málum sem snertu hefð. Flestir nefndarmanna voru þeirrar skoðunar að rétt væri að innleiða hér dönsk hefðarlög.[18]

Árið 1845 var lagt fyrir ráðgjafaþingið frumvarp kansellísins til tilskipunar um hefð og fyrningu. Var þar gert ráð fyrir að ákvæði Dönsku laga um hefð og fyrningu yrðu lögleidd hér á landi.

---

[15] *Íslenskt fornbréfasafn*. 13., s. 351.
[16] *Landsyfirrjettardómar og hæstarjettardómar í íslenzkum málum 1802–1873*. 3. b. Reykjavík 1925–1931. S. 360–374.
[17] *Lovsamling for Island*. 2. b. Kaupmannahöfn 1853. S. 653.
[18] *Tíðindi frá Alþingi Íslendinga. Fyrsta þing 1. júlí til 5 augúst 1845*. Reykjavík 1845. S. 2–12.

Í umræðum á ráðgjafaþinginu kom fram að algengt var að farið væri að ákvæðum Dönsku og Norsku laga um hefð enda þótt þau ákvæði hefðu ekki verið lögleidd hér. Skiptar skoðanir voru um þetta frumvarp. Þeir sem voru því fylgjandi töldu að hefðarlög gætu verndað eignarréttinn og leyst úr þeirri réttaróvissu sem ríkt hefði. Þeir sem andvígir voru tilgreindu ýmis rök gegn frumvarpinu. Í fyrsta lagi væru eignir og ítök oft langt hvert frá öðru og frá eigendum og þess vegna væri erfitt fyrir þá að verja rétt sinn gagnvart þeim sem vildu sölsa undir sig eignir þeirra í skjóli hefðarlaga. Að auki vísaði frumvarpið almennt til danskra lagareglna um hefð án þess að ljóst væri hver ákvæði lögleiða ætti hér. Ef hin danska hefð fengi lagagildi hér á landi gegn vilja þjóðarinnar þá væri það band á komið sem ekki yrði seinna leyst. Einnig var bent á að ákvæði Jónsbókar hefði ekki valdið neinum ágreiningi eða misskilningi fyrr en á síðustu tímum þegar íslenskir lögfræðingar hefðu farið að meta íslensk lög minna en hin dönsku. Loks tóku þeir fram að búast mætti við málaferlum sem ekki yrði séð fyrir endann á og myndu valda ærnum kostnaði ef frumvarpið yrði samþykkt. Lyktir málsins urðu þær að frumvarpið var fellt með 16 atkvæðum gegn 8 og engin tilskipun sett.[19]

Þrátt fyrir að Landsyfirréttur hefði um árabil dæmt eftir Dönsku og Norsku lögum fór að bera á efasemdum um gildi þeirra er leið á 19. öld. Loks var kveðið á um það í dómi 19. desember 1887 að enda þótt „eignar-hald á fasteign (possessio)“ hafi varað óátalið í 30–40 ár, veitti það eigi eignarheimild eftir íslenskum lögum.[20] Í dómi Landsyfirréttar frá 12. október 1896 var upprekstrarfélagi fjögurra hreppa í Mýrasýslu hins vegar dæmdur beinn eignarréttur að landsvæðinu Hellistungum á grundvelli upprekstur „um ómuna tíð“ og með skírskotan til Jónsbókar, 26. kap. llb. i.f.[21]

Samkvæmt framansögðu voru réttarreglur um hefð yfir fasteignum óljósar og lagaframkvæmd misvísandi allt til loka 19. aldar. Með setningu hefðarlaga, nr. 46/1905, fengust loks skýrar reglur á þessu sviði. Felld voru úr gildi þau ákvæði hér að lútandi sem löggjafinn taldi gildandi rétt, þ.e. ákvæði 26. kapítula landsleigubálks Jónsbókar sem og 16. gr. í erindisbréfi til biskupa frá 1. júlí 1746. Fleiri atriði tengd lögtöku hefðarlaga skipta og verulegu máli í þessu sambandi. Í greinargerð með frumvarpi til hefðarlaga segir svo:

> Þar sem nú hefur fundizt ástæða til að leggja fyrir alþingi frumvarp til laga um hefð, þá byggist þetta ekki að eins á því, að eins og hefð er til í lögum allra siðaðra þjóða og hefur verið álitin nauðsynleg til að tryggja viðskiptalífið, eins muni vera þörf á þessu rjettartæki hjer á landi, heldur miklu fremur á því, að svo að segja árlega eykst þörfin á því fyrir landbúnaðinn að hafa greið og góð lántökuskilyrði, en eitt aðalskilyrði fyrir

[19] *Tíðindi frá Alþingi…1845*, s. 466.
[20] *Landsyfirrjettardómar og hæstarjettardómar í íslenzkum málum*. 3. b. (1886–1889) Reykjavík 1890. S. 236–241.
[21] *Landsyfirrjettardómar og hæstarjettardómar í íslenzkum málum*. 5. b. (1895–1898) Reykjavík 1901. S. 327–330.

> því er, að eigendur jarðanna hafi formlega eignarheimild fyrir jörðum sínum. Nú er það vitanlegt, að hjer á landi hafa menn verið mjög skeytingarlausir með að láta þinglýsa eignarheimildum sínum. Hefur löggjafinn fundið það vel, að þetta var óheppilegt fyrir viðskiptalífið, og sjest það meðal annars af því, að með lögum 15. febr. 1895 var fasteignarsölugjaldið afnumið, til þess að fá menn því heldur til að láta þinglýsa eignarheimildum sínum. …
>
> Auk framangreindra ástæðna fyrir því að lögleiða hefð hjer á landi, skal það einnig tekið fram, að með því að nú mun víðast vera búið að þinglýsa landamerkjum fyrir jörðum samkv. landamerkjalögum 17. marz 1882, þá er þar viss grundvöllur á að byggja um eignarhaldið milli jarðanna innbyrðis, og virðast því að miklu leyti burtfallnar ástæður þær, er menn höfðu á móti hefðinni 1845...[22]

Af þessu má ráða að setning laga um hefð 1905 hafi verið þáttur í viðleitni löggjafans í lok 19. aldar og byrjun þeirrar 20. að skapa traustan grundvöll undir sölu, veðsetningu og skattlagningu jarða og annarra fasteigna, sjá einnig í köflum 5.2. og 5.5. Þess er jafnframt að geta að eitt meginhlutverk hefðar er að styðja við og auka réttarvernd eignarréttinda sem eru lögmæt einnig af öðrum ástæðum.[23]

Samkvæmt 1. gr. hefðarlaga má vinna hefð á hverjum hlut, jafnt fasteign sem lausafé, er getur verið eign einstakra manna, án tillits til þess, hvort hann var áður einstaks manns eign eða opinber eign. Niðurlag ákvæðisins verður ekki skilið svo að hefð verði ekki unnin á verðmætum sem ekki eru beinum eignarrétti háð. Þvert á móti verður að líta svo á að þar sem hægt er að hefða eign einstaklings eða hins opinbera sé því fremur hægt að hefða fasteignaréttindi sem ekki eru beinum eignarrétti háð.[24] Meginskilyrðið fyrir hefð á fasteign er 20 ára óslitið eignarhald sem fullnægir tilteknum huglægum og hlutlægum skilyrðum, sbr. 2. gr. laganna.

Ótvírætt er að virk yfirráð og bein hagnýting án löggernings eru veigamiklir þættir við mat á eignarhaldi samkvæmt hefðarlögum. Jafnframt hafa ráðstafanir að lögum, t.d. afsal eignar, veðsetning, stofnun ítaks og veiting leyfa til hagnýtingar eignar, verið taldar veigamikil vísbending um eignarhald. Þá getur viðhorf hefðanda og annarra aðila haft þýðingu í þessu sambandi, auk annarra atriða sem minna máli skipta.

Í Hæstarétti hafa gengið nokkrir dómar þar sem reynt hefur á hvort aðilar hafi hefðað beinan eignarrétt að afréttum eða öðrum svæðum utan landamerkja jarða. Ber hér að nefna H 1955 108 (Landmannaafréttardómur fyrri), H 1981 1584 (Landmannaafréttardómur síðari), H 1997 1162 (Auðkúluheiði) og H 1997 1183 (Eyvindarstaðaheiði). Í öllum tilvikum var eignarhefð talin ósönnuð en ekki örlar á ráðagerð um að eigendalaus svæði verði ekki hefðuð. Af þessum dómum er ljóst að hefðbundin

---

[22] *Alþingistíðindi* 1905. A. Þingskjöl. Reykjavík 1905. S. 148, sbr. s. 426–428.
[23] *Alþingistíðindi* 1905, A, s. 140. Gaukur Jörundsson, 1982–1983: *Eignarréttur* II, s. 156, 159.
[24] Sbr. Gaukur Jörundsson: „Um afrétti og almenninga“ (óbirt fjölrit), s. 14–15.

afréttarnot, þ.e.a.s. sumarbeit og e.t.v. önnur takmörkuð notkun, eru ekki nægjanleg ein sér. Jafnframt virðast ráðstafanir að lögum, svo sem sala tiltekinna réttinda, ekki hafa þýðingu við þetta mat. Samt sem áður verður af þessum dómum ráðið að ekki sé útilokað að hefða eignarrétt að slíku landsvæði. Skilyrði til þess eru hins vegar þröng.

Þá kemur til skoðunar hverjar séu kröfur dómstóla til eignarhefðar þegar um er að ræða land sem liggur innan merkja jarðar. Í H 1997 2792 (Laugavellir) var eignarhefð viðurkennd, enda þótt not hefðanda, sem jafnframt studdi rétt sinn við kaupsamning, hefðu verið sambærileg afréttarnotum, þ.e. beit og eftir atvikum önnur þrengri nýting. Í H 1939 28 (Einarsnes) taldist eignarhefð einnig fullnuð, enda þótt eignarheimild væri sögð glötuð og ekki annar grundvöllur fyrir hendi en takmörkuð not.

Þá er og ljóst að nytjar af þessu tagi hafa ekki nægt til að vinna eignarhefð með útrýmandi hætti innan marka jarðar svo sem þau hafa verið afmörkuð í landamerkjabréfi hennar, sbr. H 1991 1444 (Skógar og Brúsholt) og H 1995 2120 (Nefsholt og Gata).

Það er áður rakið að skýrum réttarreglum um hefð var ekki til að dreifa fyrir setningu hefðarlaga nr. 46/1905. Í 12. gr. laganna kom fram að telja mætti eignarhald hefðanda fyrir gildistöku laganna til hefðartíma, þó þannig að engin hefð teldist fullnuð fyrr en í árslok 1910. Ljóst er að með þessu var ákveðið að hefðarlög giltu afturvirkt en ákvæðið tók þó aðeins til hefðarhalds sem fyrir hendi var við gildistöku laganna.

Um þýðingu venjuréttar er það að segja að afnot lands sem ekki uppfylla skilyrði hefðarlaga til hefðarhalds, geta ekki stofnað til eignarréttinda yfir landinu. Hins vegar kann viðurkennd beiting tiltekinna eignarráða, sem styðjast við aðrar eignarheimildir, að hafa áhrif á mat á því hvers eðlis eignarráðin eru, t.d. um sönnunarbyrði fyrir gildi eða efni eignarheimildar. Þýðing venju er því sönnunarlegs eðlis fremur en að þar geti verið um að ræða sjálfstæða eignarheimild.

3.3. Lög

Þá verður hugað að stofnun eignarréttinda með lögum. Átjánda öldin hefur löngum verið talin eitt mesta harðindatímabil í sögu þjóðarinnar og fjöldi jarða lagðist í eyði. Viðbrögð stjórnvalda voru þau að senda til landsins þriggja manna nefnd (landsnefndina fyrri) til að kynna sér landshagi og leggja fram tillögur um úrbætur. Það var við þessar aðstæður sem nýbýlatilskipunin um landnám og byggingu eyðijarða var gefin út, 15. apríl 1776. Í henni fólst heimild til að byggja jarðir á óbyggðum svæðum, jafnvel innan eignarlanda. Tilgangurinn var að hamla gegn fólksfækkun og eyðingu jarða með því að hvetja ungt fólk til að stofna heimili og byggja upp hin eyddu býli.

Samkvæmt ákvæðum tilskipunarinnar var skylt að taka í notkun „útlendi“ jarða sem lá notalaust og átti jarðeigandinn að hafa forgangsrétt til að byggja þar upp

nýbýli. Ef hann gerði það ekki var öðrum látið það eftir. Á öðrum óbyggðum landsvæðum, þ. á m. „afréttaralmenningum“, höfðu allir jafnan rétt til að stofna nýbýli samkvæmt tilteknum reglum. Þetta gilti einnig um lönd og jarðir sem forðum voru í byggð en höfðu um langan aldur legið í eyði. Var þá litið svo á að enginn gæti lengur talist eigandi eða erfingi slíkra jarða.

Nýbýlatilskipunin var í gildi í rúm hundrað ár en ekki verður séð að hún hafi borið þann árangur sem til var ætlast. Þó er talið að um þrjátíu jarðir og hjáleigur hafi verið byggðar fyrstu tíu árin sem tilskipunin var í gildi, flestar að frumkvæði þeirra sem töldust eigendur þessara eyðijarða. Sjaldgæft er því að stofnað hafi verið til eignarréttinda á grundvelli nýbýlatilskipunar.[25]

Í 1. gr. nýbýlalaga, nr. 15/1897, sem við tóku af nýbýlatilskipuninni var kveðið á um að nýbýli mætti stofna á eyðijörðum og í öðrum óbyggðum löndum, er enginn gæti sannað sína eign. Í 2. gr. laganna var kveðið sérstaklega á um það að nýbýlingur skyldi láta vita um fyrirætlun sína ef hann vildi stofna nýbýli á eyðijörð eða í óbyggðu landi og var þá gefinn sex mánaða frestur ef einhver vildi gefa sig fram með heimildarskírteini fyrir landinu. Skilyrði til stofnunar nýbýla voru þannig þrengd verulega og munu þess engin þekkt dæmi að nýbýli hafi verið reist á grundvelli þessara nýbýlalaga.[26]

4. FLOKKUN LANDS

4.1. Almennt

Flokkun lands á grundvelli eignarhalds hefur verið með ýmsu móti í íslenskum rétti og hugtakanotkun ekki alltaf samræmd. Lengst af var að meginstefnu til greint á milli *jarða* og *afrétta*, auk *almenninga*. Þessi skipting kemur þegar fram í Grágás og má glögglega sjá í eftirfarandi ákvæði Jónsbókar:

> Svá skulu almenningar vera sem at fornu hafa verit, bæði hit efra ok hit ytra; en ef menn skilr á, kallar annarr sér, annar afrétt eða almenning, þá festi sá lǫg fyrir er sér kallar ok stefni þing er menn eigu því máli at skipta, ok hafi haft upp þingboð fyrir fimt.[27]

Hér má að auki nefna tilskipun um veiði á Íslandi 1849 og frumvarp til landbúnaðarlaga 1878.[28] Í nýbýlatilskipun 1776 og landamerkjalögum, bæði 1882 og 1919, er gengið út frá flokkun lands í jarðir og afrétti en hugtakið almenningur er ekki

---

[25] Þorkell Jóhannesson, 1950: *Saga Íslendinga*. 7. b. Reykjavík. S. 254–255.
[26] Þorkell Jóhannesson, 1948: *Alþingi og atvinnumálin. Landbúnaður og útvegsmál. Höfuðþættir*. (Saga Alþingis IV.) Reykjavík. S. 70.
[27] *Jónsbók* 1904, s. 185 (52. k. llb). Sbr. einnig *Grágás. Lagasafn íslenska þjóðveldisins.* Gunnar Karlsson, Kristján Sveinsson, Mörður Árnason sáu um útgáfuna. Reykjavík 1992. S. 342, 369 (46. k., 74. k. lbþ.).
[28] Frumvarp til landbúnaðarlaga fyrir Ísland (álit meirihlutans), Reykjavík 1877. Frumvarp til landbúnaðarlaga fyrir Ísland (álit minnihlutans). Reykjavík 1878. Sjá einnig 1.–2. gr. veiðitilskipunar frá 20. júní 1849 (*Lovsamling for Island*. 14. b. Kaupmannahöfn 1868. S. 316).

notað. Þess í stað er í nýbýlatilskipun talað um „afréttaralmenninga“ og í landamerkjalögum um „aðrar óbyggðar lendur“.[29] Á síðari tímum hefur þessi flokkun riðlast, ný hugtök komið fram og hin eldri verið notuð í fleiri en einni merkingu.

Með þjóðlendulögunum er komið á þeirri nýskipan að land er flokkað í tvennt, *eignarland* og *þjóðlendu*, sjá 1. gr. laga nr. 58/1998. Eignarland er skilgreint sem „landsvæði sem er háð einkaeignarrétti þannig að eigandi landsins fer með öll venjuleg eignarráð þess innan þeirra marka sem lög segja til um á hverjum tíma.“ Þjóðlenda er skilgreind sem „landsvæði utan eignarlanda þó að einstaklingar eða lögaðilar kunni að eiga þar takmörkuð eignarréttindi.“ Hugtakið afréttur er ekki lengur notað sem lýsing á ákveðnu eignarformi lands og er skilgreint sem „landsvæði utan byggðar sem að staðaldri hefur verið notað til sumarbeitar fyrir búfé.“ Afréttur getur þannig verið hvort heldur er í eignarlandi eða þjóðlendu.

Hugtökin jörð, afréttur og almenningur samkvæmt hinni eldri flokkun hafa þýðingu við úrlausn mála á grundvelli þjóðlendulaga. Ræðst hún nánar af því hvernig þau falla að hugtökunum *eignarland* og *þjóðlenda*. Verður nú hugað að *jörðum*, *afréttum* og *almenningum* í þessu sambandi og einkanlega litið til stofnunar, nýtingar, afmörkunar og inntaks réttinda og skyldna. Óbyggðanefnd leggur þó áherslu á að sú flokkun er ekki fortakslaus og að dæmi finnist um landsvæði sem ekki verða felld í neinn framangreindra flokka, sbr. einnig umfjöllun í kafla 4.5.

4.2. Jörð

Komið hefur fram að helstu stofnunarhættir beins eignarréttar hér á landi eru nám, hefð og lög. Samkvæmt því sem í Landnámu greinir voru sum landnám í öndverðu mjög stór en var smám saman skipt niður í smærri einingar, jarðir. Um þetta eru ýmis dæmi, sbr. t.d. eftirfarandi frásögn af Skalla-Grími Kveldúlfssyni:

> Skalla-Grímr var þar um vetrinn, sem hann kom af hafi, ok kannaði þá allt herað. Hann nam land útan frá Selalóni ok et efra til Borgarhrauns ok suðr allt til Hafnarfjalla, herað allt svá vítt sem vatnfǫll deila til sjóvar. …Síðan skipaði hann heraðit sínum félǫgum, ok þar námu margir menn síðan land með hans ráði. Skalla-Grímr gaf land Grími enum háleyska fyrir sunnan fjǫrð á milli Andakílsár ok Grímsár; hann bjó á Hvanneyri. Úlfr hét son hans, faðir Hrólfs í Geitlandi.[30]

Allt frá tíma Grágásar hafa íslensk lög gert ráð fyrir að landsvæði jarðar væri afmarkað með landamerkjum.[31] Þannig er mælt fyrir um það í Jónsbók að við sölu lands skyldu aðilar „kveða á um merki með sér, um land ok skóga ok engjar ok reka,

---

[29] Í nýbýlatilskipuninni er greint á milli víðátta í byggðum sveitum, eignarlanda, afréttaralmenninga og loks eyðilanda og eyðijarða í byggð (*Lovsamling for Island.* 4. b. Kaupmannahöfn 1854. S. 251–257). Sjá 1. gr. landamerkjalaga nr. 5/1882 og 41/1919.
[30] *Landnámabók* 1986, s. 71, sbr. einnig s. 139–146, 230–232.
[31] *Grágás* 1992, s. 342 (46. k. lbþ.).

veiðar ok afréttu ef eru, ok allra gœða skulu þeir geta þeira, er því landi eigu at fylgja, þó at þat sé í ǫnnur lǫnd, eða aðrir menn eigi þanneg ’tǫk“. Jafnframt var seljanda jarðar skylt að ganga á merki innan tólf mánaða, með þeirri undantekningu m.a. að eigi var „skylt at ganga á merki þar er fjǫll þau eru, er vatnfǫll deilaz millum heraða, ok eigi er skylt at ganga ór búfjárgangi á fjǫll upp, kveða skal þar á merki“[32]. Væri uppi ágreiningur um eignarhald á tilteknu landsvæði og „kallar annarr sér, annarr afrétt eða almenning“ skyldi leysa úr því máli eftir ákveðnum reglum. Í því fólst m.a. að sá „er sér kallar þá jǫrð“ þurfti að leiða fram vitni máli sínu til stuðnings. Svardagi vitnis skyldi vera á þessa leið: „þat hefir ek heyrt, at þar skilr mark á meðal eignar bónda ok almennings eða afréttar... “[33]

Með landamerkjalögum, nr. 5/1882, var þó fyrst kveðið á um almenna skyldu landeiganda eða umráðamanns jarðar til að setja glögg landamerki fyrir jörð sinni, þar sem þau voru ekki fyrir, halda þeim við og skrásetja, sbr. 1.–3. gr. Samsvarandi ákvæði eru í 1.–3. gr. núgildandi landamerkjalaga, nr. 41/1919.

Þá kemur til skoðunar hver hafi verið réttur jarðeiganda innan merkja jarðar sinnar. Þar verður einna helst litið til þeirra landsnytja sem lengst hafa verið til umfjöllunar í löggjöf hér á landi, þ.e. beitar, veiði, vatns, reka og jarðefna. Síðar verður vikið að hliðstæðum atriðum varðandi afrétti.

Frá tíma Grágásar og fram á þennan dag hefur landeigandi átt beit og annan jarðargróður á jörð sinni, sjá nánar í kafla 4.7. Hann hefur sjálfur stjórnað því hvenær, hversu lengi og hvaða fjölda fjár þar væri beitt.

Á sama tíma hefur að meginreglu verið kveðið á um einkarétt jarðeiganda til veiði fugla, fiska og annarra nytjadýra á jörð sinni.[34] Í sumum tilvikum hefur beinlínis verið tekið fram að rétt landamerki jarðar hverrar skyldu ráða veiði á landi.[35]

Hér má að auki nefna þá meginreglu vatnalaga, nr. 15/1923, að vatnsréttindi fylgi landareign hverri, sbr. ákvæði 2. gr.[36] Regla þessi á rætur að rekja til ákvæða Grágásar og Jónsbókar.[37] Um vatnsréttindi voru þó að sönnu fábrotin fyrirmæli lengst af í íslenskri löggjöf og lutu þá fyrst og fremst að notum vatns til neyslu og áveitu. Stóð um það nokkur fræðilegur ágreiningur í hvaða mæli vatnsréttindi tilheyrðu

---

[32] *Jónsbók* 1904, s. 124 (6. k. lbb). Samkvæmt ákvæðum Jónsbókar voru menn einnig í vissum tilvikum skyldir til að gera svokallaðan „löggarð“ um töðuvöll sinn, engjar og einnig bæja á milli, sbr. bls. 159-163 (31.–32. k. llb.).

[33] *Jónsbók* 1904, s. 186 (52. k. llb.).

[34] Sjá t.d. *Jónsbók* 1904, s. 188–192 (56.–57. k. llb.); 1. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849; 1. mgr. 121. gr. vatnalaga, nr. 15/1923; 1. mgr. 2. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 61/1932; 2. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 112/1941; 1. mgr. 2. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 63/1954; 1. mgr. 2. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 53/1957; 1. mgr. 2. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 33/1966; 1. mgr. 2. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970, og 2. mgr. 8. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994.

[35] Sjá t.d. 3. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849; 1. mgr. 4. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 63/1954 og 1. mgr. 4. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 33/1966.

[36] Sjá nú einnig 2.–3. gr. laga nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

[37] Sjá t.d. *Grágás* 1992, s. 324–325, 350–351 (34., 35. og 52. k. lbþ.). *Jónsbók* 1904, s. 188–190 (56. k. llb.).

viðkomandi fasteign og endurspeglast sá ágreiningur m.a. í viðhorfum innan Fossanefndarinnar svokölluðu sem lagði drögin að gildandi löggjöf um vatnsréttindi, vatnalögum nr. 15/1923.[38] Með þeim var sú tilhögun þó óumdeilanlega staðfest að allir helstu þættir vatnsréttinda og vatnsnota tilheyrðu þeirri fasteign sem land ætti undir vatninu, þ.m.t. orkunýtingarrétturinn, sbr. 49. gr. laganna. Hefur það enn frekar verið staðfest með síðari niðurstöðum Hæstaréttar, sbr. t.d. H 1955 431 og H 1963 173. Með lögtöku laga nr. 57/1998 var jafnframt staðfest að eigandi fasteignar færi með eignarráð þess grunnvatns sem undir fasteign hans fyndist.

Á sama hátt hefur sú meginregla gilt að hver maður ætti reka fyrir sínu landi.[39] Rekabálkur Jónsbókar er að stærstum hluta enn í gildi, sjá nánar í kafla 4.9.

Af ákvæðum Grágásar um rétt leiglendings til mótaks í leigulandi og Jónsbókar um sams konar rétt til torfskurðar verður jafnframt ályktað að jarðeigandi hafi átt einkarétt til jarðefna á jörð sinni.[40] Sama meginregla virðist koma óslitið fram í síðari tíma löggjöf.[41] Framangreind lagaákvæði miðast við og endurspegla tilganginn með stofnun hverrar jarðar, að stunda þar búskap og nýta þannig landið til viðurværis.

Þá hafa eigendur og ábúendur jarða átt sérstökum lögákveðnum skyldum að gegna. Nefna má að samkvæmt ákvæðum Grágásar og Jónsbókar skyldu þeir bera boð um þinghald milli bæja.[42] Höfuðskyldan hefur þó fyrr og síðar falist í skattgreiðslum.

Elsta dæmi um jarðamat á Íslandi er að finna í tíundarlögunum 1096/97.[43] Tíund var í reynd 1% eignarskattur sem lagður var á jarðnæði bænda og flestar aðrar eigur landsmanna. Með jarðabókum á 17. öld og síðar leituðust stjórnvöld við að fá sem gleggsta hugmynd um skattskyldar jarðeignir í landinu og verðmæti þeirra og eru dæmi um að reynt hafi verið að meta jarðir að nýju til að komast sem næst raunvirði þeirra. Sjá nánar í kafla 5.2.

Notkun hugtaksins *jörð* í löggjöf hefur verið breytileg og á stundum óljós. Þannig bregður fyrir hugtakinu *aðalbóli* í Grágás og *höfuðbóli* í Jónsbók þegar rætt er um þær jarðir sem síst skyldi farga undan ættargóssi. Hugtakið *staður* er einnig víða notað í heimildum um sérstakan flokk kirkjujarða. Það táknaði fyrst og fremst full eignarráð kirkjustofnunar yfir heimalandi sínu.[44]

---

[38] Ólafur Lárusson sýnist þó hafa verið þeirrar skoðunar að vatnsréttindi, þ.m.t. réttur til grunnvatns, hafi jafnan fylgt landareign og studdi þá skoðuna sína m.a. túlkun ákvæða Grágásar og Jónsbókar þ.a.l., sbr. Ólafur Lárusson, Skrifaðir kaflar úr hlutarétti, Vatnsrjettur, Reykjavík 1929. Í H 1963 173 segir síðan beinlínis að það sé forn regla í íslenskum rétti að hver maður eigi vatn og veiði fyrir sinni jörð, sbr. 56. kap. llb. Jónsbókar.

[39] Sbr. *Jónsbók* 1904, s. 134–136, 194–196 (6. og 60. k. llb.).

[40] Sjá *Grágás* 1992, s. 345 (48. k. lbþ.). *Jónsbók* 1904, s. 135–136 (6. og 7. k. llb.).

[41] Sjá 3. k., 8.–10. gr. tilskipunar frá 13. júní 1787 um verslunar og siglingamálefni á Íslandi (*Lovsamling for Island*. 5. b. Kaupmannahöfn 1855. S. 454–455), 1. mgr. 3. gr. og 13. gr. námulaga, nr. 61/1907, 1. gr. námulaga, nr. 24/1973 og 3. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998.

[42] *Grágás* 1992, s. 182 (42. k. um fjárleigur). *Jónsbók* 1904, s. 106–108, 110–112 (29. og 32. k. ffb.).

[43] Sjá einnig t.d. lög um fasteignamat, nr. 22/1915, 3/1938, 70/1945, 28/1963, 94/1976, 6/2001.

[44] Sbr. Magnús Stefánsson 2000: *Staðir og staðamál. Studier i islandske egenkirkelige og beneficialrettslige forhold i middelalderen*. I. Bergen. S. 35.

Í Grágás og Jónsbók er ekki minnst á hjáleigur enda var leiguliða óheimilt að leigja út frá sér nema með leyfi landeiganda.[45] Ekkert virðist þó hafa verið því til fyrirstöðu að sjálfseignarbóndi leigði öðrum skika af landi sínu. Sjálft hugtakið *hjáleiga* kemur ekki fyrir í heimildum fyrr en í byrjun 15. aldar.[46] Fram að þeim tíma voru önnur hugtök notuð eins og *heimalönd*, *smálönd* og *hjábýli*.[47] Hjáleigubyggð mun fyrst hafa myndast á 13. öld en vaxið mjög á 14. öld.[48]

Sumar hjáleigur urðu til í sellöndum þegar reynt var að breyta selstæði í varanlegan bústað.[49] Á grundvelli nýlegra rannsókna hefur þeirri kenningu verið haldið fram að seljabúskapur hafi mjög snemma orðið mikilvægur þáttur í íslenskum landbúnaði. Þar er jafnframt dregin sú ályktun að selstæði hafi í fyrstu verið í heimalöndum en snemma færst yfir á svæði sem öllum var heimilt að nýta. Þessi sameiginlegu sellönd hafi síðan komist í einkaeigu eða ábúendur einstakra jarða gert tilkall til þeirra.[50] Um þetta verður þó varla fullyrt nema hvert tilvik sé skoðað sérstaklega.

Hvernig sem til hjáleigubúskapar var stofnað í öndverðu var lengi ekki gert ráð fyrir að hjáleigur væru tíundaðar sérstaklega í jarðabókum. Það er ekki fyrr en í tilskipun um nýtt jarðamat frá 1. september 1848 að kveðið er á um að hjáleigur skuli metnar sem sérstakar jarðir ef þær hafi sín sérstöku landmerki og virðist þeirri reglu hafa verið fylgt í löggjöf eftir þann tíma.

Lögbýli var annað hugtak yfir jörð og þá gjarnan notað til að greina á milli *heimajarðar* og hjáleigu. Elstu dæmi þess í Orðabók Háskólans eru frá 16. öld. Í Grágás kemur þó fyrir hugtakið *lögbú* þegar rætt er um þá menn sem rétt sé að kveðja til búakviðar, en merkingin er að öðru leyti óljós. Í Jarðabók Árna og Páls má einnig sjá þess merki að lögbýli hafi verið skilgreint sem jörð er ætti skyldurekstur á afrétt.[51] Þau hugtök sem hér hefur verið gerð grein fyrir lýsa mismunandi tegundum jarða en veita ekki frekari vitneskju um eignarréttarlega þýðingu hugtaksins jörð í samanburði við hugtökin afréttur og almenningur.

Þá kemur til athugunar hvort land innan jarðar geti haft mismunandi eignarréttarlega stöðu.

---

[45] *Grágás* 1992, s. 344 (48. k. lbþ.).
[46] *Íslenskt fornbréfasafn*. 3. b. Kaupmannahöfn 1896. S. 660 (árið 1401). Ólafur Lárusson (1944) telur elstu öruggu heimildina þar sem *hjáleiga* kemur fyrir vera frá 1431 (*Byggð og saga*. Reykjavík. S. 55).
[47] Árni Daníel Júlíusson, 1996: *Bønder i pestens tid. Landbrug, godsdrift og social konflikt i senmiddelalderens islandske bondesamfund*. Kaupmannahöfn. S. 94.
[48] Helgi Þorláksson, 1991: *Vaðmál og verðlag*. Reykjavík. S. 462–463.
[49] Sbr. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.* 4. b. Kaupmannahöfn 1925 og 1927. S. 398. *Jarðabók Árna og Páls* 5 (Kph. 1931–1933), s. 98. *Jarðabók Árna og Páls* 6 (Kph. 1938), s. 231. *Jarðabók Árna og Páls* 7 (Kph. 1940), s. 232. *Jarðabók Árna og Páls* 8 (Kph. 1926), s. 382, 398, 431. *Jarðabók Árna og Páls* 9 (Kph. 1930), s. 335. *Jarðabók Árna og Páls* 10 (Kph. 1943), s. 4, 298. *Jarðabók Árna og Páls* 11 (Kph. 1943), s. 13, 66, 96, 98, 111, 123, 148, 153, 225, 252, 257, 272, 280, 333, 347, 368.
[50] Hitzler, Egon 1979: *Sel – Untersuchungen zur Geschichte des isländischen Sennwesens seit der Landnahmezeit.* Ósló. S. 213–215, 226.
[51] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.* 13. b. *Fylgiskj*öl. Reykjavík. S. 24.

Hugtakið *heimaland* kemur víða fyrir í heimildum, ekki síst máldögum. Í Jónsbók birtist það fyrst í fyrirsögn 53. kafla landsleigubálks: „Um afréttarfé ef það gengur í heimaland.“ Einnig er minnst á það í réttarbót Hákonar Magnússonar konungs árið 1305:

> Þat er góðr vilji várr um geldfé at þat sé sektalaust í heimalǫndum ef hreppstjórar og grannar lofa ok gefa enga sǫk á því.[52]

Hér sýnist *heimaland* merkja jörð aðskilda frá því landsvæði þar sem geldfé gengur að jafnaði, þ.e. afrétti.

Í máldögum er heimaland haft um þá jörð sem kirkja stóð á, stundum til aðgreiningar frá öðrum jörðum sem eignaðar voru kirkjunni. Í yngri heimildum eru þó dæmi um að heimaland hafi verið sérstök bújörð, aðskilin frá þeirri jörð sem hún heyrði undir. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir t.d. um jörðina Íshól í Ljósavatnshreppi að hún sé eign staðarins í Laufási og kallist „heimaland þess staðar“, þó að þaðan liggi næstum hálf önnur þingmannaleið, eða 50 km, til Íshóls.[53]

Einnig hefur verið bent á að í heimildum frá 18. öld virðist *heimaland* stundum vera haft um „einskonar millistig á milli lögbýlis og hjáleigu, þó skyldara hjáleigu“. Býli sem á þennan hátt nefnist heimalönd í fyrrgreindum heimildum séu einatt mjög forn hjálönd eða hjáleigur sem byggst hafi áður en kom til hinnar eiginlegu hjáleigubyggðar. Venjuleg merking orðsins heimaland sé önnur, þ.e. afmörkuð landareign ákveðinnar, einstakrar jarðar heima fyrir, gagnstætt afrétti.[54]

Hugtök þau sem hér hefur verið fjallað um koma víða fyrir í fjallskilareglugerðum án þess að þau séu skilgreind nánar. Þó er að finna undantekningar eins og fjallskilareglugerð fyrir Mýrasýslu, nr. 88/1892, en þar segir meðal annars svo í 4. gr.:

> *Heimalönd*. Heimaland jarðar liggur umhverfis bæ hennar og út frá túni, og er hvergi sundur skorið af annarri landareign. Sumra jarða heimalandi utanhúss má aftur skipta í tvennt:
>
> *a. Búfjárhagar* er sá hluti af landareign jarðar, er búpeningur hennar gengur jafnaðarlega í árið um kring. Hér með teljast og engjar í heimalöndum. Flestra jarða heimaland heyrir allt undir þennan staflið.
>
> *b. Útlenda* kallast hér sá hluti af heimalandi jarðar, er liggur út frá búfjárhögum hennar á eina hlið eða fleiri, og verður sökum fjarlægðar eða afstöðu eigi varinn almennings fé, eða notaður stórum meir til sumarbeitar af

[52] *Jónsbók* 1904, s. 292.
[53] *Jarðabók Árna og Páls* 11, s. 143.
[54] Björn Teitsson,1973: *Eignarhald og ábúð á jörðum í Suður-Þingeyjarsýslu 1703–1930*. Reykjavík. S. 78–79.

> ábúanda þeirrar jarðar en mörgum öðrum. Þetta á aðeins við um landmiklar jarðir, er liggja við afrétt.[55]

Í tilvitnaðri fjallskilareglugerð er gert ráð fyrir að útlenda sé hluti heimalands. Sami eða svipaður skilningur kemur reyndar fram í nýbýlatilskipuninni 15. apríl 1776 þegar fjallað er um „útlendi“ eignarlanda en þar skyldi jarðeigandinn hafa forgangsrétt til að byggja upp nýbýli. Einnig er rétt að benda á það sem Þorvaldur Thoroddsen segir í riti sínu Lýsing Íslands að útlendur „[heiti] þeir hlutir af heimalandi, er liggja út frá búfjárhögum“.[56]

Í löggjöf tuttugustu aldar gætir þess í sívaxandi mæli að þær fasteignir eða fasteignaréttindi sem áður höfðu án sundurgreiningar verið felld undir jarðarhugtakið séu flokkaðar og skipt upp með nýjum hætti. Í fjölda laga er vikið að hugtökunum jörð, lögbýli, landareign lögbýla, eyðijarðir og heimaland jarða. Settar eru fram ýmsar skilgreiningar, sem oft vísa til annarra laga að einhverju leyti.[57]

Niðurstaða óbyggðanefndar er sú að almennt megi gera ráð fyrir því að jörð sé landsvæði sem upprunalega hefur verið ráðstafað úr einstökum landnámum, stofnað til nýbýlis á eða eignarhefð unnin yfir. Tilgangurinn með stofnun hverrar jarðar hefur verið að stunda þar búskap árið um kring. Samt sem áður getur að sjálfsögðu verið land innan jarðar sem ekki verður nýtt til landbúnaðar, enda getur setning merkja hæglega hafa tekið mið af öðrum atriðum. Nýting landsins hefur ráðist af búskaparháttum og umfangi bús á hverjum tíma. Innan merkja jarðar sinnar hefur eigandi farið með umráð og hagnýtingu, ráðstafanir með löggerningum, veðsett jörðina og látið hana ganga að erfðum, á sama hátt og gildir um eignarland almennt.

Landsvæði hverrar jarðar hefur frá öndverðu borið að afmarka með landamerkjum. Óbyggðanefnd telur hvorki verða ráðið af eldri né yngri löggjöf að almennt séð hafi verið gert ráð fyrir því að land innan jarðar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu. Heimaland jarðar sýnist að jafnaði hafa tekið til alls lands henni tilheyrandi, gagnstætt hins vegar afréttum. Ekki virðist almennt hafa verið gert ráð fyrir skiptingu jarðar í heimaland, undirorpið sérstakri og meiriháttar nýtingu, og annað land, úthaga eða afréttarland, í takmarkaðri notum. Einstök dæmi um slíka skiptingu finnast þó og eins kann það í öðrum tilvikum að valda nokkrum vafa þegar undir einstakar jarðir lá eða liggur sjálfstætt afréttur, sjá einnig kafla 4.4. og 4.5. Í slíkum tilvikum er þó oft fyrir að fara glöggum og óumdeildum merkjum milli heimajarðar og afréttar, sbr. t.d. afréttina Auðkúluheiði og Eyvindarstaðaheiði. Af slíkum einstökum dæmum verða hins vegar engar almennar ályktanir dregnar um mismunandi eignarréttarlega stöðu lands innan jarðar. Sýnist þvert á móti mega leggja þá meginreglu til grundvallar að heimaland jarðar nái til alls lands henni tilheyrandi, nema sérstök frávik leiði til annars.

---

[55] *Stjórnartíðindi fyrir Ísland árið 1892*. B-deild. Reykjavík 1892. S. 140.
[56] Þorvaldur Thoroddsen, 1919: *Lýsing Íslands*. 3. b. Kaupmannahöfn. S. 189.
[57] Sjá t.d. vatnalög, lög um lax- og silungsveiði, jarðalög, ábúðarlög og lög um fasteignamat.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að líkur séu á því að land sem samkvæmt fyrirliggjandi heimildum er eða hefur verið jörð eða hluti hennar sé beinum eignarrétti háð.

Þó svo að hugtakanotkun hafi ekki fyrr og síðar verið samræmd milli einstakra laga á þessu sviði, er ekki þar með sagt að hún stangist á. Mestu máli skiptir í þessu sambandi að við það mat sem fram fer fyrir óbyggðanefnd sýnist eftir sem áður mega líta til hinnar fornu og almennu skiptingar í *jarðir, afrétti* og *almenninga,* þar sem *jörð* hefur þá réttarstöðu og réttarsögulegu stöðu, sem hér hefur verið gerð grein fyrir.

4.3. Almenningar

Hugtakið almenningur hefur haft margræða merkingu í löggjöf fyrr og síðar. Hefðbundin greining gerir ráð fyrir að almenningar séu á landi, hafi og í vötnum en hugtakið hefur allt eins verið notað um ítaksrétt, t.d. rétt til nytja af skógi eða fjöru.[58] Eftirfarandi umfjöllun miðast fyrst og fremst við landalmenninga, þ.e. afmarkað landsvæði. Um slík landsvæði giltu tilteknar reglur sem einkum vörðuðu rétt til beitar, veiði og reka.

Fræðimenn hefur greint á um hvernig háttað sé eignarrétti að almenningum og hvort þá sé fyrst og fremst að finna inn til lands eða út við haf.[59] Sett hefur verið fram sú kenning að land sé annað hvort eignarland eða almenningur. Almenningar séu svæði inn til lands sem fjórðungsmenn hafi átt saman á grundvelli Grágásar og síðar Jónsbókar. Þar væri um að ræða sektarfé til fjórðungsmanna, land sem varð eftir þegar farið var að setja merki á milli býla, eða ónumið land.[60] Eignarrétturinn hefði flust yfir til ríkisins ekki síðar en við gildistöku nýbýlatilskipunarinnar 1776. Hugtakið afréttur fæli einvörðungu í sér ítaksrétt í almenningsland, þ.e. ríkisland, að þeim tilvikum undanskildum þegar um beitiland tilheyrandi einstökum jörðum væri að ræða.[61] Ítaksrétturinn fæli fyrst og fremst í sér rétt til beitar og veiði. Þessum sömu sjónarmiðum var haldið fram af hálfu ríkisins í H 1981 1584 (Landmannaafréttar-dómur síðari) en var hafnað.

Einnig hafa komið fram gerólíkar kenningar um almenninga. Almenningar hafi legið við sjó og verið veiðistöðvar en ekki grasnytjar eða upprekstrarlönd til fjalla. Þeir hafi orðið til löngu eftir að landið var numið, með samkomulagi við land-

[58] Sjá t.d. *Íslenskt fornbréfasafn.* 2. b. Kaupmannahöfn 1893. S. 305, 310, 620, 708, 866, 868–869. *Íslenskt fornbréfasafn.* 4. b. Kaupmannahöfn 1897. S. 141. *Íslenskt fornbréfasafn.* 9. b. Reykjavík 1909–1913. S. 642.
[59] Sbr. Þorvaldur Thoroddsen 1919, s. 187–189.
[60] Bjarni Jónsson frá Vogi, 1917–1919: *Almenningar og afrjettir.* Nefndarálit meiri hluta Fossanefndar (B). S. 20–22, 24. Sjá hins vegar Eggert Briem, 1917: „Um afrjettir og almenninga." *Lögrjetta* 11. apríl 1917. S. 61–62.
[61] Bjarni Jónsson frá Vogi 1917–1919, s . 27–30.

eiganda. Alþýða manna í fjórðungnum hafi þá öðlast þar þau réttindi sem lög gerðu ráð fyrir í almenningum, yfirleitt gegn greiðslu tolls.[62]

Helsta ákvæði Grágásar um almenninga hljóðar svo:

> Það er mælt að almenningar eru á landi hér. Það er almenning er fjórðungsmenn eiga allir saman. Þar eiga menn að fiskja og fygla svo að koma þangað er mánaður lifir vetrar og vera þar sjö mánaði. Þá skal almenning liggja fimm mánaði svo að sá einn skal þá beita er næstur býr. Þar eiga menn að höggva við og telgja og færa til skips eða búða, og er þá heilagur viðurinn.[63]

Helsta ákvæði Jónsbókar um almenninga hljóðar svo:

> Þat eru almenningar er at fornu hafa verit. Sætr má hverr þeira gera er þann almenning eigu er vill at sitja í sumarsetri, ef þat er ór búfjárgangi. En ef tveir menn ganga báðir í eina sláttu senn, hafi báðir þat er þeir slá. En ef þá skilr á, hvárr þeira fyrri orti á, hafi sá sitt mál er sannar með einseiði, nema hinn hafi fleiri vátta í móti. Fiskivǫtn ǫll i almenningi eru ǫllum jafnheimil; þar megu menn fiskja ok fygla. Engi skal beita almenning frá krossmessu á vár ok til Bótólfsvǫku; þar eigu menn at telgja við ok fœra til skips eða búða, ok er þá heilagr viðrinn. Nú koma menn þar ǫðru skipi ok fá eigi þar farm, en aðrir hafa meirr en farm sínu skipi, hvárt er þat er viðr eða hvalr, þá er rétt at þeir taki farm sínu skipi, ok bœti hinum fyrir starf sitt. Nú kemr hvalr, þá er menn eru í almenningi, þá skal boð upp skera sá er næstr býr ok láta fara alla vega sem dagr deiliz; sekr er hann sex aurum við konung, ef hann skerr eigi boð upp, en eyri hverr er fellir, nema nauðsyn banni...[64]

Samkvæmt Jónsbók var gerður sá meginmunur á almenningum og afréttum að í þeim fyrrnefndu mátti slá og gera sel en í þeim síðarnefndu ekki.[65]

Því hefur verið haldið fram að ýmis ákvæði Jónsbókar um almenninga upp til fjalla miðist við aðstæður í Noregi en ekki á Íslandi.[66] Í því sambandi hefur verið bent á beina samsvörun tveggja helstu ákvæða Jónsbókar um þetta efni, í 52. og 59. k. llb., við norsk lög.[67] Óvíst er því að hve miklu leyti þau hafa haft raunverulega þýðingu hér á landi, a.m.k. er ljóst að afréttarsvæði er að finna víða um land en almenninga „hið efra“ sér lítinn stað. Að löggjöf frátalinni eru heimildir um þá ekki aðrar en örnefni á stöku stað. Heimildir um almenninga við sjávarsíðuna eru hins vegar all-nokkrar. Þá sjaldan vísað er í fyrrnefnt ákvæði Jónsbókar virðist hafa verið um slíka

---

[62] Eggert Briem 1917, s. 61–62.
[63] *Grágás* 1992, s. 369 (74. k. lbþ.).
[64] *Jónsbók* 1904, s. 193–194 (59. k. llb.).
[65] *Jónsbók* 1904, s. 176, 193 (46. og 59. k. llb.).
[66] Eggert Briem 1917, s. 61–62.
[67] Sjá eldri Frostaþingslög (k. XIV, 7 og 8) og landslög Magnúsar Hákonarsonar (llb., 61. k.) í *Norges gamle love indtil 1387*. 1. b. Christiania 1846. S. 250–251. *Norges gamle love indtil 1387.* 2. b. Christiania 1848. S. 144–145.

almenninga að ræða.[68] Hins vegar verður ekki séð að almenningur hafi almennt verið notað um óbyggð svæði sem enginn hafði nytjar af. Um slík svæði virðist fremur hafa verið notað orðið óbyggðir, stundum e.t.v. einnig öræfi.[69]

Þess eru samt sem áður ýmis dæmi í síðari tíma löggjöf að fjallað sé um almenninga.[70] Hugtakið er þá oft notað í mun víðtækari merkingu en áður. Þannig er gert ráð fyrir að almenningar séu landsvæði sem enginn aðili geti talið til einstaklingseignarréttinda yfir.[71] Ekki er þá gerður greinarmunur á annars vegar almenningum skv. hinum eldri skilningi hugtaksins, og hins vegar öræfasvæðum, sem engar hefðbundnar nytjar eru af.[72]

Óbyggðanefnd telur að heimildir bendi ekki til að hér á landi hafi verið að finna afmörkuð landsvæði inn til landsins sem lotið hafi reglum um almenninga. Hafi einhvern tíma svo verið, hefur munur á þeim og afréttum orðið lítill eða enginn er tímar liðu fram.[73] Heimildir skortir hins vegar um hvernig það kann að hafa gerst. Í því sambandi má benda á að í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns eru jöfnum höndum notuð orðin afréttur og almenningur eða almenningsafrétt, þegar um er að ræða afrétt sem margir nota sameiginlega.[74] Þá er ljóst að stærstur hluti lands utan einstakra jarða hefur fyrr og síðar verið í afréttarnotum. Samkvæmt þessu verður ekki talið að hugtakið almenningur hafi mikið sjálfstætt gildi við mat á grunneignarrétti á landi sem verið hefur í slíkum notum. Ekki er þó útilokað að slík landsvæði finnist og eins getur hugtakið haft þýðingu við mat á takmörkuðum eignarréttindum.

4.4. Afréttir

Uppruni hugtaksins *afréttur* er óljós en sett hefur verið fram sú kenning að afréttur hafi í upphafi merkt þá athöfn að reka geldfé úr heimahögum til fjarlægara beitilands.

---

[68] Sjá t.d. *Íslenskt fornbréfasafn.* 8. b. Reykjavík 1906–1913. S. 485. Að vísu kemur hugtakið almenningur fyrir sem afmarkað beitiland í svonefndum Þjórsártungudómi, en um sanngildi hans leikur vafi. Sbr. Aðalgeir Kristjánsson og Stefán Karlsson, 1979: „Fimm hundruð ára dómur eða fals?“ *Gripla* III. S. 104–114.

[69] Sbr. *Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 43.

[70] Sjá t.d. 1. gr. nýbýlalaga, nr. 15/1879 ásamt fylgiskjölum þeirra laga, 4. gr laga um afréttarmálefni, fjallskil o.fl., nr. 42/1969, 4. gr. laga um afréttarmálefni, fjallskil o.fl., nr. 6/1986.

[71] Gaukur Jörundsson, 1982–1983: *Eignaréttur* II, s. 133. Þorgeir Örlygsson: „Um eignarhald á landi og náttúruauðlindum.“ *Afmælisrit: Gaukur Jörundsson sextugur 24. september 1994*. Reykjavík. S. 576. Sjá einnig 2. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849; 2. mgr. 5. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 63/1954; 2. mgr. 5. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 33/1966; 1. mgr. 8. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994; 8.–1. gr. tilskipunar frá 13. júní 1787 um verslunar og siglingamálefni á Íslandi. Sjá einnig 1. gr. námulaga, nr. 50/1909.

[72] Sbr. t.d. 1. gr. landamerkjalaga, nr. 5/1882, 1. mgr. 1. gr. landamerkjalaga, nr. 41/1919.

[73] Ólafur Lárusson, 1950*: Eignarréttur.* Reykjavík. S. 83.

[74] Sbr. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.* 12. b. Atriðisorðaskrá. Reykjavík 1990. S. 7 (almenningsafrétt, almenningur).

Síðar hafi það að auki farið að merkja réttinn til að reka fé í þetta beitiland. Loks hafi þriðja merkingin komið við hlið hinna, þ.e. svæðið sem rekið var á.[75]

Afréttur hefur oft verið skilgreindur sem afmarkað landsvæði, að jafnaði utan byggðar, sem að fornu og/eða nýju hefur verið nýtt sem sumarbeitiland.[76] Þessi skýring virðist komast einna næst því sem sagt er um afrétti í Grágás og Jónsbók.[77]

Allt frá tíma Grágásar hafa íslensk lög fyrst og fremst gert ráð fyrir að afréttur væri afmarkaður frá aðliggjandi jörðum, fremur en að þess gerðist þörf að hann væri skýrt afmarkaður í heild sinni. Í kafla 4.2. var gerð grein fyrir ákvæðum Jónsbókar um úrlausn ágreinings er „kallar annarr sér, annarr afrétt eða almenning“ og merkjalýsingu (eða merkjagöngu) við sölu lands. Sá er næstur bjó afrétt gat stefnt þeim við sig til garðlags er afréttinn áttu, að tilteknum skilyrðum uppfylltum.[78] Ákvæði Grágásar voru mjög keimlík því sem hér hefur verið lýst en ekki eins ítarleg. Í landamerkjalögum, nr. 5/1882, er einungis kveðið á um að landamerkjum afrétta og annarra óbyggðra lendna skuli haldið við „að því leyti því verður við komið“. Skylda jarðeigenda til merkjasetningar, viðhalds merkja og skrásetningar þeirra er hins vegar afdráttarlaus. Landamerkjalög, nr. 41/1919, sem enn gilda, verður að skilja svo að landamerki afrétta skuli skrásett. Hins vegar kemur skýrt fram að einungis skuli setja merki og halda við merkjum ef sá krefst þess sem land á að afrétti. Enn sem fyrr miðast því ákvæði landamerkjalaga fyrst og fremst við að afmarka lönd jarða. Síður er talin þörf á að afmarka afrétti í heild sinni með skýru móti. Sjá nánar í kafla 5.5.

Ætla má að sum afréttarlönd hafi legið innan upphaflegra landnáma. Önnur hafa legið utan þeirra. Sú kenning hefur verið sett fram að réttur til afrétta hafi í upphafi orðið til með afnotanámi á landi sem hvorki var háð eignarrétti einstaklinga né ríkis.[79] Af heimildum verður hins vegar ekki ráðið að landnámsmenn hafi numið land til annars en fullrar eignar. Afréttir virðast þannig hafa orðið til á þrennan hátt. Í fyrsta lagi er mögulegt að landsvæði hafi verið numið, gengið kaupum og sölum og fyrr eða síðar verið lagt til afréttar. Í öðru lagi getur verið um það að ræða að land hafi verið numið en beinn eignarréttur ekki yfirfærst og fallið niður. Í aldanna rás hafi menn óátalið farið að nýta svæðið sem afrétt. Í þriðja lagi kann ónumið landsvæði að hafa verið tekið til afnota sem afréttur, enda þótt með óformlegum hætti væri.

Með tilliti til uppruna afrétta má flokka þá í þrennt. Í fyrsta lagi er um þá afrétti að ræða sem kalla má *samnotaafrétti*. Þar er um að ræða afrétti sem skv. elstu heimildum hafa verið í sameiginlegum notum jarða í tilteknu sveitarfélagi eða á afmörkuðu svæði. Sýnast afréttir þeir sem lögbækurnar tóku til einkum falla í þennan

---

[75] Bjarni Jónsson frá Vogi 1917–1919, s. 43.
[76] Efnislega svo í lögum um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. Sjá jafnframt 1. gr. þjóðlendulaga, nr. 58/1998.
[77] *Jónsbók* 1904, s. 176–177, 187 (46. og 54. k. llb.). Sbr. einnig Grágás 1992, s. 330–331, 340, 342 (38., 44. og 46. k. lbþ.).
[78] *Jónsbók* 1904, s. 187 (54. k. llb.).
[79] Þórður Eyjólfsson: „Um afrétti og réttindi, sem afréttareign fylgja.“ September 1970 (ópr. fjölr.). S.1.

flokk. Óhætt sýnist að álykta sem svo að hluti þeirra landsvæða, a.m.k., sem viðkomandi afréttir taka og/eða tóku til hafi legið utan þeirra svæða sem numin voru en eignarheimildir snemma fallið niður, hafi svo verið. Rétturinn til þeirra hafi orðið til með því að íbúar byggðarlagsins hafi tekið viðkomandi landsvæði, sem legið hefur utan þáverandi byggðarmarka, til sumarbeitar fyrir búpening og eftir atvikum annarra takmarkaðra nota.

Í öðru lagi er um að ræða *afrétti einstakra jarða og stofnana*, en þar er um þá afrétti að ræða sem skv. elstu heimildum tilheyrðu einstökum jörðum, lögpersónum eða stofnunum, fyrst og fremst kirkjunum. Rekstur annarra aðila var þá heimill skv. venjum og samningum, en gegn greiðslu afréttartolls. Umræddir afréttir eru að megin-stefnu til skildir frá viðkomandi heimajörð með sjálfstæðum merkjum eða í sumum tilvikum af öðrum fasteignum. Tilurð þessara afrétta er ekki með öllu ljós en þeim skýringum hefur m.a. verið hreyft að umræddir afréttir hafi verið hluti af landnámi einstakra landnámsjarða, en vegna legu sinnar, landkosta og búskaparhátta verið nýttir til upprekstrar.

Í þriðja lagi er svo um það að ræða að land eða hluti lands einstakra jarða hafi verið lagt til afréttar.

Eignarréttarleg þýðing hugtaksins í löggjöf hefur verið á reiki. Hefðbundin greining gerir ráð fyrir að afréttir verið flokkaðir í þrennt. Í fyrsta lagi er um að ræða afrétti sem eru fullkomið eignarland, t.d. þegar lönd jarðar hafa verið lögð til afréttar. Í öðru lagi geta afréttir verið í afréttareign, og hún eingöngu talin fela í sér þrengri eignarráð, fyrst og fremst beitarrétt og veiði. Í þriðja og síðasta lagi er um að ræða afréttarítök sem felast þá í rétti jarðar eða jarða til upprekstur á afrétt tilheyrandi annarri jörð eða stofnun, oftast gegn gjaldi. Sá afréttur getur verið hvort heldur er háður beinum eignarrétti eða einungis afréttareign, sbr. fyrri flokkana tvo. Hugtakið afréttareign getur svo haft víðtækari skírskotun, þ.e. framangreint afbrigði takmarkaðra eignarréttinda að landi.

Þá kemur til skoðunar hver hafi verið réttur manna til landsnytja innan afrétta (og almenninga). Þar verður einna helst litið til þeirra landsnytja sem lengst hafa verið til umfjöllunar í löggjöf hér á landi, þ.e. beitar, reka, veiði, vatns og jarðefna, sbr. kafla 4.2.

Frá tíma Grágásar og fram á þennan dag hefur verið kveðið á um það í löggjöf hverjir mættu reka á afrétt, hvenær, hversu lengi mætti beita þar og hverjar skorður yrðu settar við fjölda fjár. Ákvæði Grágásar og Jónsbókar miðuðust við afrétt er menn „eigu tveir eða fleiri saman.“ Samkvæmt lögum um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 42/1969 áttu „allir búfjáreigendur, sem landsafnot hafa í hreppi eða á félagssvæði...“ upprekstrarrétt á afrétt hrepps eða annars upprekstrarfélags. Um upprekstrarrétt á afréttarland, sem lá undir einstaka jörð eða stofnun, fór hins vegar eftir fornri venju

eða samningum. Sömu reglur er að finna í núgildandi lögum um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 6/1986.[80] Sjá nánar í kafla 4.7.

Ákvæði lögbókanna um beit í almenningi voru rýmri en varðandi afréttina. Enn fremur var tekið fram að hver sem vildi mætti gera sel í almenningi, en það var bannað í afréttum, og öllum var heimilt að nýta sér reka í almenningi, hvort heldur var viður eða hvalur, svo framarlega sem hann hafði ekki áður verið öðrum merktur, sjá nánar í kafla 4.9.[81]

Í Grágás er kveðið á um rétt manna til að veiða í almenningum.[82] Sams konar ákvæði voru í gildi samkvæmt Jónsbók.[83] Ekki er minnst á afrétti sérstaklega í þessu sambandi. Árið 1849 er gefin út tilskipun um veiði á Íslandi og réttur til veiði á afréttum, sem fleiri eigi saman, bundinn við þá menn sem afrétt heyri til en í almenningum er veiði öllum mönnum jafnheimil.[84] Með lögum nr. 63/1954 eru reglur um fuglaveiðar rýmkaðar mjög og öllum íslenskum ríkisborgurum heimilaðar fuglaveiðar í almenningum og afréttum utan landareigna lögbýla, enda gæti enginn sannað eignarrétt sinn til þeirra. Heimild til dýraveiða í almenningum og afréttum utan landareigna lögbýla, enda geti enginn sannað eignarrétt sinn til þeirra, er veitt íslenskum ríkisborgurum og erlendum ríkisborgurum með lögheimili hér á landi með lögum nr. 64/1994.[85]

Engin sérákvæði hafa verið í íslenskri löggjöf um vatnsréttindi á afréttum og almenningum. Miklar deilur urðu um það í byrjun síðustu aldar hvernig eignarrétti að vatni væri háttað, í tilefni af auknum möguleikum til nýtingar vatnsorku. Lyktir urðu þær að í vatnalögum, nr. 15/1923, er sett sú almenna regla að vatnsréttindi fylgi eignarrétti að landi. Þess skal þó getið að við undirbúning vatnalaganna var Fossanefndin svokallaða sammála um að ríkið ætti öll vatnsréttindi utan landareigna einstakra manna.[86]

Með vatnalögum, nr. 15/1923, var heimild til veiða í vötnum á afréttum og almenningum, sem héruð ættu eða notuðu með löglegri heimild og væru ekki einstaks manns eign, bundin við héraðsmenn. Öllum var hins vegar heimil veiði í vötnum á afréttum og almenningum og öðrum lendum utan landareigna lögbýla, enda gæti enginn sannað einstaklingsréttar heimild til þeirra. Umrædd regla þótti ekki fyllilega skýr og var það fyrst með dómi Hæstaréttar í Landmannaafréttarmálinu, H 1955 108 og með gildistöku 5. gr. lax- og silungsveiðilaga nr. 53/1957 sem tekið var af skarið

---

[80] *Jónsbók* 1904, s. 176–177 (46. k. llb.). *Grágás* 1992, s. 330–331 (38. k. lbþ.). Lög um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 42/1969, 7.–8. gr., og nr. 6/1986, 7.–8. gr.
[81] *Jónsbók* 1904, s. 193–194 (59. k. llb.). Grágás 1992, s. 369 (74. k. lbþ.).
[82] *Grágás* 1992, s. 349, 369 (50. og 74. k. lbþ.).
[83] *Jónsbók* 1904, s. 193–194 (59. k. llb.).
[84] Sjá 2. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849.
[85] Sjá 2. mgr. 5. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 63/1954, 2. mgr. 5. gr. laga fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 33/1966 og 1. mgr. 8. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994.

um það, og án tillits til þess hvort að fyrir lægi sönnun um eignarrétt að viðkomandi landsvæði, að veiði í vötnum á afrétti tilheyrði búendum sem upprekstrarrétt ættu á afréttinn til búsþarfa á sama hátt sem verið hefði enda væri veiðiréttur í þeim vötnum ekki í einkaeign, sbr. nú 5. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Allt að einu þykir verða að skýra 5. gr. lax- og silungsveiðilaga til samræmis við eignarhald viðkomandi afréttar/landsvæðis og að hún samkvæmt hljóðan sinni taki fyrst og fremst til samnotaafrétta. Lúti viðkomandi landsvæði, þ.e. afréttur beinum eignarrétti er veiðirétturinn að sama skapi á hendi þess sama aðila og fer með hinar beinu eignarréttarheimildir, skv. meginreglu 1. mgr. 2. gr. laga nr. 76/1970, einstaklinga, sveitarfélaga eða annarra. Sé afréttarland ekki undirorpið beinum eignarrétti, en allt að einu í afréttareign ákveðinna aðila, sbr. flokkunin í afrétti kirkna og stofnana hér að framan og afréttareignin eftir atvikum verið framseld sem slík, þá er ástæða til þess að ætla að veiðiréttur sé á hendi þess aðila sem er handhafi afréttareignarinnar. Á öðrum þeim landsvæðum sem hvorki falla í flokk afrétta né sýnt verði fram á tilvist einstaklingseignarréttarheimilda til veiði þá tilheyrir veiðiréttur, að óbreyttu, íslenska ríkinu, sbr. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 58/1998.[87]

Í Grágás og Jónsbók er ekki fjallað um rétt til jarðefna utan eignarlanda. Með tilskipun frá árinu 1878 er mælt fyrir um heimild hvers og eins til hagnýtingar tilgreindra jarðefna á fjöllum, þjóðvegum og öðrum stöðum, sem einskis eign væru. Árið 1907 er kveðið á um það í lögum að landssjóður teljist námueigandi í „afrjettum, almenningum og öræfum, sem ekki eru metin til dýrleika“.[88]

Skyldur þeirra er hagsmuna hafa átt að gæta á afréttum hafa fyrst og síðast falist í að fylgja lagareglum, samþykktum eða samningum um tilhögun nýtingarinnar. Heimildir benda ekki til þess að afréttir hafi verið tíundaðir sérstaklega til skatts fyrr en á 20. öld. Sjá nánar í kafla 5.2.

Frá tíma nýbýlatilskipunarinnar 1776 má, a.m.k. framan af, merkja þann mun á samnotaafréttum og afréttum einstakra jarða og stofnana að löggjafinn hefur talið sig hafa rýmri heimildir til að skipa málum á hinum fyrrnefndu.[89] Í nýbýla-

---

[86] Nefndarálit minnihluta Fossanefndar, bls. IV og 32 og Nefndarálit meirihluta Fossanefndar, sbr. 16. og 17. gr. þess frumvarps og athugasemdir við þær greinar.

[87] Sjá 123. gr. vatnalaga, nr. 15/1923, lög um lax- og silungsveiði, nr. 61/1932; lög um lax- og silungsveiði, nr. 112/1941; 5. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 53/1957 og 5. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970.

[88] Sbr. tilskipun frá 13. júní 1787 um verslunar og siglingamálefni á Íslandi, 8.–10. gr.; 13. gr. námulaga, nr. 61/1907; og 1. gr. námulaga, nr. 50/1909. Í síðari löggjöf um þetta efni er ekki fjallað sérstaklega um afrétti og almenninga.

[89] Skýr dæmi um þetta má sjá í 1. og 4. gr. nýbýlalaga frá 1897, hugsanlega 2. gr. veiðitilskipunar frá 20. júní 1849, 1. og 13. gr. námulaga nr. 61/1907, 1. mgr. 12. gr. laga um fasteignamat og fasteignaskráningu nr. 28/1963, 7. og 8. gr. laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986, sbr. greinargerð með upphaflegu frumvarpi til þeirra laga. Auk þess má benda á þau gögn sem lágu til grundvallar þingsályktunartillögum frá 1917 og 1919 og svo sjálfum vatnalögunum frá 1923. Það veldur þó vafa að í viðkomandi lögum eru ekki alltaf gerðir fyrirvara vegna þeirra landsvæða eða afrétta sem sveitarfélög hafa eignast á síðari tímum og eiga hugsanlega fullkomnar eignarheimildir fyrir.

tilskipuninni er einn flokkur óbyggðra landsvæða nefndur *afréttaralmenningur*, sbr. kafla 4.3. Það hugtak á sér eldri sögu og kemur m.a. fyrir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns í svipaðri merkingu og *samnotaafréttur*. Í nýbýlatilskipuninni virðist ekki gert ráð fyrir að afréttaralmenningar séu háðir beinum eignarrétti en viðurkennt að eigendur og ábúendur nærliggjandi jarða kunni að eiga þar einhvern nýtingarrétt.

> Í 1. gr. nýbýlalaga, nr. 15/1897, sem við tóku af nýbýlatilskipuninni segir svo: Nýbýli má stofna á eyðijörðum og í öðrum óbyggðum löndum, er enginn getur sannað sína eign. Svo má og stofna nýbýli í afrjettum, er sveitarfélög eiga, og almenningum, ef sveitarstjórnir þeirra sveitarfélaga er afrjettina eiga eða eiga hagsmuna að gæta í almenningnum, leyfa það, og sýslunefndin veitir til þess samþykki sitt.

Í 2. gr. laganna er kveðið sérstaklega á um það að nýbýlingur skuli láta vita um fyrirætlun sína ef hann vilji stofna nýbýli á eyðijörð eða í óbyggðu landi og var þá gefinn sex mánaða frestur ef einhver vildi gefa sig fram með heimildarskírteini fyrir landinu.

Í upphaflegu frumvarpi til nýbýlalaga var ekki miðað við afrétti sveitarfélaga heldur afrétti ótilgreint. Stjórnarráðið taldi það hins vegar ekki ætlun þingsins að lögin tækju til afrétta sem væru eign einstakra aðila, jarða eða kirkna og því var orðalagi ákvæðisins breytt til þessa horfs.

Á sama tíma sýnast afréttir einstakra jarða og stofnana hafa verið aðgreindir frá samnotaafréttum og þá yfirleitt ekki neinir fyrirvarar gerðir varðandi grunneignarrétt jarðeigandans. Sama afstaða endurspeglast og í þeim sölum ríkisjarða sem áttu sér stað á fyrstu áratugum aldarinnar en þá voru afréttir einstakra jarða og stofnana seldir, að því er virðist sem bein og fyrirvaralaus eignarlönd.[90] Breytingar má þó merkja í síðari tíma löggjöf þar sem ekki virðist gerður neinn grundvallarmunur á samnotaafréttum og afréttum einstakra jarða og stofnana.[91]

Dómstólar hafa frá árinu 1955 fjallað um eignarréttartilkall einstaklinga, sveitarfélaga og ríkis til einstakra afrétta.[92] Í H 1955 108 (Landmannaafréttardómur fyrri) og H 1981 1584 (Landmannaafréttardómur síðari) var tekist á um eignarréttartilkall að Landmannaafrétti. Í fyrra málinu var beinu eignarréttartilkalli afréttarhafa hafnað, enda voru þeir ekki taldir hafa sýnt fram á tilvist slíks réttar, hvorki fyrir nám, löggerninga, hefð né með öðrum hætti. Afnot sem falist hefðu í sumarbeit fyrir sauðfé, veiði og öðrum takmörkuðum notum styddu ekki eignarréttartilkall í beinni

---

[90] Sjá H 1994 2227 (Geitland) og H 1997 1162 (Auðkúluheiði).
[91] Í dæmaskyni má benda á að samkvæmt ákvæði 2. mgr. 5. gr. laga nr. 33/1966 um fuglaveiði og fuglafriðun og 2. gr. námulaga nr. 24/1973, sbr. athugasemdir með þeirri grein, sýnist sönnunarbyrðin um beinan eignarrétt að afrétti í öllum tilvikum hvíla á þeim aðila, sem heldur slíkum rétti fram.
[92] Sjá jafnframt Lyfrd. eldri VII-223 og Lyfrd. yngri V-327.

merkingu. Í H 1969 510 (Nýjabæjarafréttur), H 1971 1137 (Reyðarvatn) um afrétt Lundarreykjadalshrepps austan Reyðarvatns, H 1997 1162 (Auðkúluheiði) og H 1997 1183 (Eyvindarstaðaheiði) var eignarréttartilkalli afréttarhafa í öllum tilvikum hafnað.

Auk þeirra atriða sem réðu tilhögun sönnunarbyrði í Landmannaafréttar-dóminum fyrri sýnast lega, staðsetning og landshættir hafa áhrif, sem og upplýsingar sem raktar verða til Landnámu og þá eru gerðar kröfur um heimildir varðandi órofa framsal réttinda yfir viðkomandi afréttum. Afsöl og/eða aðrar eignarheimildir sýnast þá ekki heldur duga einar og sér heldur eru þær kröfur gerðar að meintur rétthafi sýni fram á að sá sem afsalaði hafi í raun verið réttilega komin að umræddum réttindum. Í H 1971 1137 (Reyðarvatn) var eignarréttur Andakílshrepps að afrétti sínum staðfestur en til afréttarins hafði sérstaklega verið lögð Gullberastaðatunga, úr landi jarðarinnar Gullberastaða. Til athugunar í því sambandi er einnig niðurstaðan í H 1975 55, landa-merkjamáli á Arnarvatnsheiði, þar sem engir fyrirvarar voru a.m.k. gerðir um eignar-rétt Hálsa- og Reykholtsdalshreppa að afrétti sínum, landsvæði sem fyrrum hafði verið skipt út úr jörðinni Kalmanstungu.

Séu framangreindir dómar skoðaðir með hliðsjón af því sem áður greindi um flokkun afrétta með tilliti til uppruna virðist óhætt að fella Landmannaafrétt undir *samnotaafrétt*, sbr. H 1955 108 og H 1981 1584. Þá sýnast afréttir Lundarreykjadals-hrepps austan Reyðarvatns, Auðkúluheiði og Eyvindarstaðaheiði verða felldir undir flokkinn *afréttir einstakra jarða og stofnana*, sbr. H 1971 1137, H 1997 1162, H 1997 1183 og að auki H 1969 510 (Nýjabæjarafréttur). Loks virðast Gullberastaðatunga við Reyðarvatn og Kalmanstunguland á Arnarvatnsheiði dæmi um það að *lönd eða hluti lands einstakra jarða hafi verið lögð til afréttar*, sbr. H 1971 1137 og H 1975 55.

Óbyggðanefnd telur ekki hægt að útiloka að landsvæði sem samkvæmt fyrir-liggjandi heimildum eru samnotaafréttir hafi verið numin eða á annan hátt orðið undirorpin beinum eignarrétti. Samhengi eignarréttar og sögu liggur hins vegar ekki fyrir. Nýting landsins hefur fyrr og síðar fyrst og fremst falist í sumarbeit fyrir bú-fénað. Reglur um afmörkun á afréttum hafa verið mun rýmri en varðandi jarðir og fyrst og fremst miðast við hagsmuni eigenda aðliggjandi jarða. Þá er ljóst að lög-gjafinn hefur ráðstafað eignarréttindum á afréttum til annarra en afréttarhafa og ekki lagt á þá sömu skyldur og eigendur jarða. Í stað þeirra almennu heimilda til umráða, hagnýtingar, ráðstöfunar o.s.frv. sem eigandi jarðar hefur um aldir verið talinn fara með hefur einungis verið um að ræða heimildir til takmarkaðrar nýtingar sem snemma urðu lögbundnar. Með vísan til úrlausna dómstóla er ljóst að beinn eignarréttur verður ekki byggður á slíkum notum. Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að líkur séu á því að land sem samkvæmt fyrirliggjandi heimildum er samnotaafréttur sé þjóðlenda.

Að því er varðar afrétti einstakra jarða og stofnana, virðist munurinn sá að réttindi einstakra jarða til landsvæðisins og tilheyrsla þess í því sambandi eru meiri en varðandi samnotaafréttina. Jafnframt hefur löggjafinn ekki ráðstafað eignarréttindum á slíkum svæðum á sama hátt og á samnotaafréttum. Hvort tiltekinn afréttur einstakrar

jarðar eða stofnunar er undirorpinn beinum eða óbeinum eignarrétti heimajarðar er hins vegar ekki einhlítt og verður að meta í hverju tilviki fyrir sig. Kröfur dómstóla til sönnunar að því er varðar annars vegar afrétti einstakra jarða og stofnana og hins vegar samnotaafrétti virðast þó sambærilegar.

Um lönd eða hluta lands einstakra jarða sem lagt hefur verið til afréttar vísast til kafla 4.2. um hugtakið *jörð*, sbr. einnig H 1971 1137 (Reyðarvatn) og H 1975 55 (Arnarvatnsheiði).

4.5. Jörð eða afréttur?

Hér hefur að framan verið gerð grein fyrir þeirri flokkun lands sem byggt var á fram að gildistöku þjóðlendulaga og fól í sér skiptingu í jarðir, afrétti og almenninga. Í kafla 4.2. kemur fram að jörð sé landsvæði sem upprunalega hefur verið ráðstafað úr einstökum landnámum, stofnað til nýbýlis á eða eignarhefð unnin yfir. Um hugtakið jörð segir einnig að þó svo hvorki verði ráðið af eldri né yngri löggjöf að almennt sé gert ráð fyrir því að land innan jarðar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu, annars vegar heimaland, undirorpið sérstakri og meiriháttar nýtingu, og hins vegar annað land, úthagi eða afréttarland í takmarkaðri notum, þá finnist allt að einu einstök dæmi um slíka skiptingu. Af slíkum dæmum verði þó engar almennar ályktanir dregnar um mismunandi eignarréttarlega stöðu lands innan jarðar.

Afrétti hefur óbyggðanefnd flokkað í þrennt á grundvelli uppruna, sbr. kafla 4.4. Í fyrsta lagi samnotaafrétti, þ.e. þá afrétti sem skv. elstu heimildum hafa verið í sameiginlegum notum jarða í tilteknu sveitarfélagi eða á afmörkuðu svæði. Í öðru lagi afrétti einstakra jarða og stofnana, sem skv. elstu heimildum tilheyrðu einstökum jörðum, lögpersónum eða stofnunum, fyrst og fremst kirkjunum. Umræddir afréttir eru að meginstefnu skildir frá viðkomandi heimajörð með sjálfstæðum merkjum eða, í sumum tilvikum, af öðrum fasteignum. Í þriðja lagi er um að ræða jarðir sem að hluta eða öllu leyti hafa verið lagðar til afréttar og gilda þar um sambærilegar sönnunar-kröfur og um eignarhald að landi jarða yfirleitt.

Til viðbótar og fyllingar þessum meginforsendum er óhjákvæmilegt að huga nokkru nánar að ákveðnum tilvikum sem virðast á mörkum framangreindra flokka. Innan merkja jarða kunna að finnast svæði sem kölluð eru afréttur en hafa þó ekki sjálfstæða afmörkun. Jafnvel er sá möguleiki fyrir hendi að þau séu á einhvern hátt afmörkuð. Hér má einnig nefna svæði sem kölluð eru afréttarland, fjallhagi, beitiland, upprekstrarland eða eru auðkennd með sambærilegum hætti. Í þessu þarf ekki að felast mismunandi eignarréttarleg staða lands innan jarðarinnar. Hugsanlegt er að vísað sé til gamalgróinnar notkunar á viðkomandi jarðarhluta sem beitarlandi. Þýðing hugtaksins afréttur hefur lengi verið á reiki og ekki ósennilegt að notkun þess í tímans rás sé með einhverjum afbrigðum, e.t.v. tengdum staðháttum. Í sveitarfélögum þar sem ekki finnast afréttir samkvæmt þeirri flokkun sem óbyggðanefnd hefur lagt til grundvallar kann það jafnvel að vera notað um fjalllendi jarða á svæðinu almennt. Það

er mat óbyggðanefndar að slík aðstaða ein og sér, og þá einkum ef svæði er kallað afréttur án sjálfstæðrar afmörkunar, raski ekki þeim eignarréttarlegu forsendum, þ.m.t. sönnunarstöðu, sem óbyggðanefnd hefur byggt á viðvíkjandi réttarstöðu jarða. Gera þarf hins vegar skýran greinarmun á tilvikum af þessu tagi og afréttum einstakra jarða eða stofnana sem eru skildir frá viðkomandi heimajörð með sjálfstæðum merkjum eða öðrum fasteignum.

Í þessu samhengi skal það rifjað upp að land jarða kann að vera nýtt sem beitiland með svipuðum hætti og afréttir, jafnvel þannig að viðkomandi landsvæði sé alfarið tekið undir fjallskilaframkvæmd. Eins og fram kemur í almennri umfjöllun óbyggðanefndar um fjallskil, sbr. kafla 4.7., gefur slík tilhögun ein og sér hins vegar enga vísbendingu um eðli eignarhalds að því landi. Í sögulegu ljósi getur það þó haft þýðingu við sönnunarmat um tilvist eignarréttar ef einstök landsvæði, sem gert er tilkall til sem hluta jarðar, hafa verið nýtt sem upprekstrarland af einhverju tagi af eigendum og ábúendum annarra jarða. Einstök tilvik af þessum toga verður að meta sérstaklega.

4.6. Jöklar

Í Landnámu er þess hvergi getið að menn hafi numið jökla til eignar, og kann því að hafa verið trúað að þar byggju hálftröll eða goðumlíkar persónur (sbr. frásagnirnar um Bárð Snæfellsás og Hallmund í Balljökli). Enda þótt jöklar séu ekki nefndir sérstaklega í lögbókunum fornu verður sú ályktun dregin að lögsaga þjóðveldisins hafi einnig náð til þeirra; sakamenn voru a.m.k. ekki óhultir á „fjöllum“ og í „óbyggðum“.[93] Ef marka má frásögn Grettis sögu hafa grið milli manna tekið jafnt yfir fjöll og jökla sem byggðar lendur.[94]

Því hefur verið haldið fram að einhverjir hinna norsku landnámsmanna hafi þekkt jökla af eigin raun úr heimkynnum sínum. Hins vegar er erfitt að segja til um hversu nákvæm og víðtæk þekking þeirra á jöklum var.[95] Elsta lýsing á jöklum á Íslandi er í riti Saxo Grammaticus (Saxa hins málspaka), *Gesta Danorum*, sem samið var um 1200. Þar er í fyrsta skipti lýst hreyfingu skriðjökla, nánar tiltekið hverfihreyfingu, þegar neðri hluti jökulsins hverfist upp á yfirborðið.[96] Saxi lýsir þessu sem furðufregn, og er alls ekki víst að frumbyggjar Íslands hafi í öndverðu verið betur að sér en hann um þann eiginleika skriðjökla að færast úr stað.[97] Hér er einnig ástæða til

---

[93] Sbr. *Grágás* 1992, s. 472. *Jónsbók* 1904, s. 43, 272–273.
[94] *Íslendinga sögur*. 6. b. Guðni Jónsson bjó til prentunar. [Reykjavík] 1953. S. 233 (72. k.): „Nú skulum vér vera sáttir ok sammála hverr við annan í huga góðum, hvárt sem vér finnumst á fjalli eða fjöru, skipi eða skíði, jörðu eða jökli, í hafi eða á hestbaki…“
[95] Sigurður Þórarinsson, 1960: „Glaciological Knowledge in Iceland before 1800. A Historical Outline.“ *Jökull. Ársrit Jöklarannsóknafélags Íslands.* S. 1–2, 15.
[96] Sigurður Þórarinsson 1960, s. 14–15.
[97] Sbr. Saxo Grammaticus, 1985: *Danmarks Krønike*. Kaupmannahöfn. S. XXII–XXIII.

að benda á það sem stendur í formála Guðmundar sögu Arasonar eftir Arngrím ábóta Brandsson (rituð um 1350):

> Á sjánum liggja þeir hafísar, at með sínum ofvægilegum vexti taka þeir at fylla norðrhöfin, en yfir háfjöll landsins svo *óbræðiligir jöklar* með yfirvættis hæð og vídd, at þeim mun ótrúligt þykkja, sem fjarri eru fæddir.[98]

Landsmenn áttu eftir að komast að því, þótt síðar yrði, að stærð jökla var ekki föst og óbreytanleg heldur gátu þeir hlaupið fram í náttúruhamförum eins og gerðist við eldgosið í Knappafellsjökli 1362. En hægfara breytingar gátu einnig átt sér stað, og má nefna sem dæmi að um 1700 var landnámsbærinn Fell (Fjall) við Breiðá kominn undir jökul.[99] Um svipað leyti (1695) lauk Þórður Þorkelsson Vídalín Skálholtsrektor við ritgerð sína um jökulfjöll á Íslandi þar sem hann, sennilega fyrstur manna, setti fram frostþenslukenninguna svonefndu til skýringar á jöklaskriði.[100] Þá er þess að geta að jökulhlaup voru eitt af því sem Árni Magnússon og Páll Vídalín áttu að gefa sérstakan gaum að þegar þeir voru sendir í rannsóknarleiðangur um landið í byrjun 18. aldar.[101]

Jökull hefur verið skilgreindur sem massi af ís og snjó sem orðinn er þjáll og hreyfanlegur og hnígur og skríður undan eigin fargi.[102] Í aðdraganda að setningu vatnalaga í byrjun 20. aldar var ágreiningur um eignarrétt að vatni og eignarhæfi þess. Niðurstaðan varð sú að í vatnalögum, nr. 15/1923, er ekki kveðið á um eignarrétt landeiganda að vatni á landi sínu heldur felst í þeim að landeigandi á aðeins þann rétt sem lögin heimila honum sérstaklega. Þar var raunar um að ræða allar helstu hagnýtingarheimildir vatns.[103] Vatnalögin gera mun á mismunandi afbrigðum vatns en um jökla er ekki fjallað sérstaklega.

Eignarréttarleg staða jökulsvæða hefur ekki verið til sérstakrar umfjöllunar í íslenskri lögfræði. Jöklar hafa einna helst verið nefndir sem dæmi um óbyggð svæði sem enginn hafi nytjar af, eða landalmenninga samkvæmt síðari tíma flokkun. Með því hefur þó alls ekki verið útilokað að jökull geti fallið innan eignarlands og jafnvel gerður skýr fyrirvari um að sá möguleiki væri fyrir hendi.[104]

---

[98] *Byskupa sögur*. 3. b. Hólabyskupar. Guðni Jónsson bjó til prentunar. [Reykjavík] 1953. S. 150. (Skáletur óbn.)
[99] *Landnámabók* 1986, s. 233 (1. nmgr.).
[100] *Dissertationcula de montibus Islandiæ chrystallinis* (Smárit um jökulfjöll Íslands) (sbr. Sigurður Þórarinsson 1960, s. 16–17).
[101] *Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 38.
[102] Minnisblað Odds Sigurðssonar, jöklafræðings, til óbyggðanefndar, dags. 13.1.2003.
[103] Um aðdragandann að setningu vatnalaganna, sjá t.d. Gaukur Jörundsson, 1982–83: *Eignaréttur* I. Reykjavík. S. 43.
[104] Sbr. þessi orð Sigurðar Líndals: „Auk afrétta og almenninga kunna að vera til lönd inni á hálendinu, til dæmis öræfa- og jöklasvæði, sem enginn einstaklingur getur leitt heimildir að eða skírskotað til sérréttinda yfir né heldur neinn almannaréttur er bundinn við“ („Eignarréttur á landi og orkulindum.“ *Sérprentun úr skýrslu aðalfundar Sambands íslenskra rafveitna* 1983. S. 18). – Sbr. einnig Þorgeir Örlygsson: „Landalmenningur er landsvæði, sem enginn aðili telur til einstaklingseignarréttinda yfir. Nú á tímum er erfitt að benda á staði, sem ótvírætt verða taldir til landalmenninga, þótt e.t.v. sé það ekki útilokað. Miðað við landnýtingu og búskaparhætti síðustu áratugi má ætla, að erfitt sé að finna

Í almennum athugasemdum við frumvarp til þjóðlendulaga kemur fram að byggt sé á nokkrum meginatriðum, m.a. þessum:

> Tekið verði upp nýtt hugtak fyrir landsvæði utan eignarlanda, þjóðlenda. Þetta hugtak taki til þeirra landsvæða sem nú eru ýmist nefnd afréttur, almenningur, óbyggðir eða hálendi utan eignarlanda. Jöklar, sem ekki teljast innan eignarlanda, falli undir flokk þjóðlendna.[105]

Um jökla er ekki fjallað að öðru leyti í greinargerðinni og þeir eru ekki nefndir í ákvæðum laganna.

Um ákvörðun eignarmarka/landamerkja að eða á jökli hefur ekki verið tekið af skarið í íslenskri réttarframkvæmd. Jaðrar jökla taka breytingum, ýmist ganga fram eða hopa. Meginálitaefnið er hvernig með skuli fara þegar landamerki virðast miðuð við jökuljaðar og merkjum jarðar að jökli því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti í landamerkjabréfi.

Í úrskurðum óbyggðanefndar í málum á svæði 1 er vikið að mörkum afréttar innan þjóðlendu við jökul og talið að með hliðsjón af því að um einhliða ákvörðun afréttarmarka sé að ræða en ekki mörk tveggja afrétta eða afréttar og eignarlands sé fullnægjandi að miða við jaðar jökulsins eins og hann var við gildistöku laga nr. 58/1998, sbr. 3. mgr. 1. gr. laganna, enda eingöngu um beitarréttindi að ræða sem ráðist af gróðurfari og hafi ekki þýðingu í öðru sambandi. Engin afstaða er tekin til þessa álitamáls að því er eignarland varðar, enda ekki gefið að sömu reglur eigi að gilda. [106] Verður nú hugað nánar að því atriði.

Í grein sinni „Landamerki fasteigna“ reifar Tryggvi Gunnarsson þrjár leiðir sem til álita komi um mörk eignarlanda við jökul. Í fyrsta lagi mætti hugsa sér að merkin væru breytileg og miðuðust við jökulbrún á hverjum tíma. Í öðru lagi gætu þau náð að elstu þekktu jökulbrún, sbr. reglu vatnalaga um „fornan miðjan farveg“ í ám. Loks væri í þriðja lagi hægt að taka mið af jökulbrún á þeim tíma þegar landamerkin voru skráð eða þau ákveðin með öðrum hætti.[107] Taka ber fram að grein þessi er rituð fyrir gildistöku þjóðlendulaganna 1998. Niðurstaða Tryggva er sú að réttast sé að landamerkin séu breytileg og miðist við jökulbrúnina eins og hún er á hverjum tíma. Telur Tryggvi að þeir sem völdu jökul sem landamerkjaviðmiðun hafi gert sér grein fyrir því að jökulbrúnin færðist til. Með vísan til reglna íslensks réttar varðandi breytingu á fjöru og landauka sem þar myndast sé ástæða til að ætla að

---

landsvæði utan fullkominna eignarlanda og sérstakra friðlanda, sem ekki hafa að einhverju marki verið nýtt til sauðfjárbeitar eða sauðfé farið þar um á sumrin og verið smalað að hausti. Ekki er þó hægt að útiloka, að slík svæði finnist inni á hálendinu. Jöklar landsins, að því marki sem þeir falla ekki innan fullkominna eignarlanda, teljast að öllum líkindum almenningar“ („Um eignarhald á landi og náttúruauðlindum.“ *Afmælisrit: Gaukur Jörundsson sextugur 24. september 1994*. Reykjavík 1994. S. 592).

[105] Þskj. 598. Alþtíð. 1997–1998, 122. lögþ. A: 2598.

[106] Sjá t.d. kafla 12.10. í máli nr. 5/2000 hjá óbyggðanefnd.

[107] Tryggvi Gunnarsson, 1994: „Landamerki fasteigna.“ *Afmælisrit: Gaukur Jörundsson sextugur 24. september 1994*. Reykjavík. S. 510–512.

dómstólar beiti hliðstæðri reglu varðandi breytingar á landamerkjum þar sem jökulbrún færist til og landamerki í samræmi við breytingar á jökulbrúninni. Sérstök sjónarmið kunni síðan að koma upp, ef jökull hverfi með öllu þar sem hann hafi áður skilið að fasteignir.

Ástæða er til að huga hér nánar að reglum um merki sjávarjarða til hafsins, sjá einnig kafla 4.9. Þau hafa ýmist verið miðuð við neðri mörk fjöru eða netlög.[108] Fjaran er svæðið á milli stórstraumsflóðmáls og stórstraumsfjörumáls. Netlög eru í ýmsum lögum skilgreind sem sjávarbotn 115 metra út frá stórstraumsfjörumáli landareignar. Dómstólar hafa lagt til grundvallar að eigandi sjávarjarðar eignist landauka til sjávar.[109] Fjara jarðarinnar og netlög færast út og inn í samræmi við landauka eða landtap, þ.e. breytt stórstraumsfjörumál, og landamerki hennar þar með. Með lögum nr. 73/1990 voru auðlindir hafsbotnsins utan netlaga og svo langt til hafs sem fullveldisréttur Íslands nær lýstar eign íslenska ríkisins, sbr. 1. gr. Netlög eru þar skilgreind með sama hætti og áður, sbr. 3. mgr. 2. gr., og ekki verður talið að ætlunin hafi verið að afnema til frambúðar áðurgreindan rétt sjávarjarða til landauka og fast-setja þar með í eitt skipti fyrir öll mörk sjávarjarða til hafsins. Vilji löggjafans til slíkrar breytingar hefði þurft að koma skýrt fram. Gildistaka laga nr. 73/1990 hafði þannig ekki í för með sér að merki sjávarjarða til hafsins væru endanlega fastsett.

Samkvæmt ákvæði 1. gr. laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, er eignarhaldi á landi skipt í tvo flokka, eignarlönd og landsvæði utan eignarlanda, þ.e. þjóðlendur. Um leið eru þjóðlendur lýstar eign íslenska ríkisins, sbr. 2. gr. Í greinargerð með frumvarpi til þjóðlendulaganna kemur skýrt fram að jökull getur hvort heldur er verið í eignarlandi eða þjóðlendu, sbr. þá athugasemd sem að framan greindi. Þetta bendir ótvírætt til þess að löggjafinn hafi ekki álitið að jökulrönd væri í eðli sínu afmörkun á eignarlandi og þjóðlendu. Breytingar á stöðu jökuls ættu því ekki að hafa í för með sér að eignarland breyttist í þjóðlendu og öfugt. Um eignarréttarlega stöðu þess lands sem hulið er jökli fer þannig eftir sömu reglum og um önnur landsvæði. Gildistaka þjóðlendulaganna hafði í för með sér endanlega skiptingu lands í annars vegar eignarland og hins vegar þjóðlendur. Hér skilur á milli laga um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins og þjóðlendulaga. Í fyrra tilvikinu er gert ráð fyrir að nýtt land, þ.e. landauki, eigi eftir að verða til og merki eða eignamörk því ekki fastsett. Í síðara tilvikinu er hins vegar fjallað um allt land sem við gildistöku laganna var ofan sjávar, þ.m.t. landsvæði undir jökli, og merki endanlega fastsett. Land sem kemur undan jökli er þannig ýmist eignarland eða þjóðlenda, um það fer ekki eftir reglunni um merki sjávarjarða til hafsins.

---

[108] Í H 1996 2518 og 2525 er talinn vafi um beinan eignarrétt fasteignareiganda í netlögum.
[109] Sbr. H 1946 345. Sjá einnig Ólafur Lárusson, 1950: *Eignaréttur* I. Reykjavík. S. 45. Gaukur Jörundsson, 1982–83: *Eignaréttur* II. Reykjavík. S. 136.

Vatnsréttindi á jökulsvæðum í eignarlandi og túlkun vatnalaga í því sambandi er ekki til úrlausnar fyrir óbyggðanefnd. Tilkall annarra en íslenska ríkisins til vatnsréttinda á jökulsvæðum í þjóðlendum verður að meta í hverju tilviki fyrir sig.

Kemur þá til skoðunar hvort taka skuli mið af elsta þekkta jökuljaðri, legu jökuls þegar landamerki voru skráð, við gildistöku þjóðlendulaganna eða einhverju öðru, í þeim tilvikum að landamerki virðast miðuð við jökuljaðar.

Vísindamenn hafa slegið því föstu að jöklar landsins séu stærri nú en á landnámstíma.[110] Hafi landnám náð að jökli hefur það land sem horfið hefur undir jökul tilheyrt aðliggjandi jörðum. Þar getur jafnvel verið um að ræða heilar jarðir sem lítið eða ekkert er vitað um í dag. Lega jökuls á landnámstíma verður ekki ákvörðuð með nokkurri vissu. Töluvert er hins vegar vitað um stöðu jökuls við lok nítjándu aldar og byrjun þeirrar tuttugustu, þegar sett höfðu verið landamerkjalög og ætla má að flest landamerkjabréf hafi verið gerð. Jöklar voru þá stærstir á sögulegum tíma en síðan hafa þeir almennt hopað, þó ekki alla leið aftur til stöðu sinnar um landnám. Innan þess jökuljaðars sem miðað kann að hafa verið við í kringum 1900 er í sumum tilvikum jökullaust land nú. Við gildistöku þjóðlendulaga 1998 lá jökuljaðarinn þannig á milli upphaflegra landnámsmarka og stöðu við gerð flestra landamerkjabréfa um aldamótin 1900, almennt séð þó nær hinni síðarnefndu. Óhætt er þannig að slá fastri þeirri meginreglu að land sem komið hefur undan jökli á tímabilinu frá því landamerkjalög eru sett 1882 og þar til þjóðlendulög taka gildi 1998 var jökullaust við landnám.

Óljóst er hvort landnámsmenn hafa gert sér grein fyrir því að jökuljaðar væri breytingum undirorpinn en ekki fer á milli mála að um aldamótin 1900 var löngu orðið ljóst að svo væri. Jaðar jökulsins hefur að sjálfsögðu afmarkað það landsvæði sem nýtanlegt hefur verið og með honum eru dregin glögg skil frá náttúrunnar hendi. Eðli máls samkvæmt er hins vegar erfitt að finna þar fastan viðmiðunarpunkt. Mun þetta ástæða þess að merkjum er oft lýst „í jökul“ ótilgreint eða kennileiti skammt undan jökli. Sums staðar á landinu hagar þannig til að ein og sama jörðin liggur milli sjávar og jökuls. Jafnglögg merki af völdum náttúrunnar kunna að hafa verið talin svo sjálfsögð viðmiðun að ekki þyrfti umfjöllunar við í landamerkjalýsingu. Gagnvart jöklinum sjálfum er þá engri landamerkjalínu lýst. Ekki verður talið að viðkomandi jarðeigandi hafi þar með lýst því yfir að hann gæfi eftir eignarrétt eða afsalaði sér tilkalli til þess lands sem í tímans rás hefur horfið undir jökul. Líkur eru hins vegar á að í flestum tilvikum sé útilokað að afmarka það. Óbyggðanefnd ber að draga mörk á

---

[110] Sjá eftirfarandi greinar Odds Sigurðssonar jarðfræðings: „Útbreiðsla jökla á Íslandi á sögulegum tíma.“ Greinargerð, júlí 2001. „Minnispunktar um breytingar jökla frá landnámi Íslands“, dags. 7.6.2002. „Variations of termini of glaciers in Iceland in recent centuries and their connection with climate.“ Óbirt handrit, ódags. Minnisblað Odds Sigurðssonar, jarðfræðings, um hugtakið jökul o.fl., dags. 13.1.2003. – Helgi Björnsson, 1979: „Glaciers in Iceland.“ *Tímaritið Jökull. Jöklarannsóknafélag Íslands*. 29. árg. – Sigurður Þórarinsson, 1974: „Ofgnótt jökla.“ *Saga Íslands*. 1. b. Reykjavík. S. 43–48.

milli eignarlanda og þjóðlendna, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998, og niðurstaðan hverju sinni hlýtur að ráðast af tiltækum heimildum og almennum sönnunarreglum. Staðhættir og sönnunarstaða geta því leitt til sambærilegrar niðurstöðu og ef eignarréttur hefði verið gefinn eftir.

Ef líkindi eru fyrir því að land hafi verið numið inn til jökla styður það þá niðurstöðu að land sem jökullinn hefur skilað frá gerð landmerkjabréfanna falli til aðliggjandi jarða. Ekki verður talið að jökull hafi hopað svo hratt undanfarna rúma öld að komið sé í ljós að ráði land jarða sem ofar kunna að hafa legið, enda staða jökuls 1998 nær því sem var um 1900 en um landnám. Tilkall til lands sem komið hefur undan jökli kann jafnframt að byggjast á hefðarreglum. Til skoðunar koma þá almenn atriði eins og tímalengd, yfirráð, hagnýting, ráðstafanir að lögum, viðhorf hefðanda og annarra aðila o.fl. Staðhættir kunna að vera með þeim hætti að um eðlilegt framhald tiltekinnar jarðar sé að ræða, líkt og landauki til hafs, og nýting annarra útilokuð. Frávik frá þessum almennu ályktunum eru þó að sjálfsögðu möguleg og verður að skoða hvert tilvik fyrir sig. Jafnframt hlýtur réttur þessi að takmarkast við land sem komið var undan jökli við gildistöku þjóðlendulaga 1998, þegar löggjafinn kvað á um eignarhald ríkis á öllu því landi sem ekki væri sannanlega undirorpið beinum eignarrétti. Mögulegar væntingar jarðeigenda um rétt til þess lands sem kemur undan jökli eftir þann tíma njóta ekki réttarverndar sem eignarréttindi í skilningi 72. gr. stjórnarskrár. Þá ber þess að geta að frá gildistöku þjóðlendulaganna er ekki unnt að öðlast eignarréttindi innan þjóðlendna fyrir nám eða hefð, sbr. 8. mgr. 3. gr.

Niðurstaða óbyggðanefndar er því sú að gildistaka þjóðlendulaga hafi undir þessum kringumstæðum haft það í för með sér að merki jarða gagnvart jökli væru fastsett, án tillits til síðari breytinga á jökuljaðrinum. Sú niðurstaða er jafnframt í eðlilegu samræmi við markmið og tilgang löggjafarinnar. Þegar merki jarðar eru miðuð við jaðar jökuls og þeim því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti í landamerkjabréfi ber þannig að miða við stöðu jökuljaðarsins 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll., enda sé jökullinn í þjóðlendu. Lega jökuljaðarsins kann þó að virðast óljós þar sem smájöklar eða fannir liggja aðskilið frá meginjöklinum. Í þeim tilvikum þar sem eignarland liggur að jökli í þjóðlendu verður að telja eðlilegt að íslenska ríkið beri hallann af þeim vafa sem þannig kann að vera fyrir hendi. Óbyggðanefnd telur því eðlilegt að í slíkum tilvikum miðist þjóðlendulína við jaðar meginjökuls, eins og hann er skilgreindur af sérfræðingum á því sviði. Smájöklar og fannir verða þá innan eignarlands á sama hátt og jökulsker eða annað land umlukið jökli verður innan þjóðlendu.

Sé jökulsvæði innan merkja jarðar gilda hins vegar þau almennu sjónarmið um túlkun landamerkja sem óbyggðanefnd hefur áður gert grein fyrir. Ljóst er að enda þótt lega jökuljaðarsins verði ákvörðuð með landfræðilegum gögnum er hann óhentug viðmiðun vegna lögunar sinnar og breytileika. Önnur og e.t.v. heppilegri útfærsla er hins vegar ekki á valdsviði óbyggðanefndar, en sá möguleiki fyrir hendi að ríkisvaldið

og einstakir jarðeigendur nái um slíkt samkomulagi, eftir atvikum með nauðsynlegri aðkomu löggjafarvalds, sbr. ákvæði 40. gr. stjórnarskrár og II. kafla þjóðll.

4.7. Fjallskil

Af dómsúrlausnum má ráða að fyrirkomulag og tilhögun fjallskila og smölunar og nýting því tengd kunni að hafa áhrif við mat á eðli og inntaki eignarréttar að viðkomandi landi og þá þannig að litið sé til þess hvort með land hefur verið farið sem eignarland varðandi fjallskil eða ekki.

Lagafyrirmæli um smölun og fjallskil hafa haldist í hendur við byggð og búskap í landinu. Í þjóðveldislögunum, Grágás, voru allmörg ákvæði um afrétti, almenninga og ágang búfjár og munu þau flest hafa verið tekin upp í Jónsbók. Þá voru ennfremur tekin upp ákvæði í þessa veru í Réttarbót Eiríks konungs frá 1294. Þessi ákvæði giltu, a.m.k. að formi til, allt til þess að sett voru lög nr. 42/1969, um afréttamálefni, fjallskil o.fl.

Í Jónsbók kemur skýrt fram að landeigandi eða leiguliði hans átti einn beit á jörð sinni og skyldi greiða honum bætur, áverkabót og landnám, ef þessi réttur var brotinn.[111] Í réttarbót Hákonar konungs frá 1305 er þó mælst til þess að geldfé sé sektarlaust í heimalöndum ef hreppstjórar og grannar lofa og gefa enga sök á því.[112] Jarðeigandi átti einnig gróður á jörð sinni að því undanskildu að sá sem átti engi á annars manns landi mátti eiga þar rifhrís.[113]

Í Grágás og Jónsbók giltu mjög svipaðar reglur um hvenær mætti fara með búfé í sel, almenninga og afrétti og hvaða leiðir skyldu farnar. Markmiðið var hvort tveggja að vernda nærliggjandi bújarðir fyrir ágangi upprekstrarfjár og tryggja hagsmuni allra þeirra sem hlut áttu í afréttinum. Meginreglan var sú að allir þeir sem afrétt áttu skyldu reka fé sitt í miðjan afrétt er átta vikur voru af sumri en úr afrétti er fjórar vikur lifðu sumars. Tekið var sérstaklega fram að menn skyldu ekki reka málnytu sína í afrétt nema ítala væri. Samkvæmt Grágás máttu þeir menn er næstir bjuggu afrétti beita þangað búfé sínu yfir vetrarmánuðina en í Jónsbók var þetta bundið því skilyrði að þeir ættu hlut í afréttinum. Afréttareiganda var vetrarbeit því aðeins heimil að hann þyrfti ekki að reka fé sitt yfir land annarra. Þó skyldi ævinlega hvíla afrétt í tvær vikur, frá því er sex vikur voru af sumri til áttundu viku.[114]

Fleiri ákvæði voru sett til að vernda hina sameiginlegu beit afréttareigenda; t.d. mátti ekki gera sel og slá í afrétti.

Um lögréttir á haust og fjallgöngur sagði svo m.a. í 49. kapítula landsleigubálks Jónsbókar:

---

[111] Sbr. *Jónsbók* 1904, s. 134–136, 144–145 (6. og 18. k. llb.).
[112] *Jónsbók* 1904, s. 292.
[113] *Jónsbók* 1904, s. 152–154 (24. k. llb.).
[114] *Jónsbók* 1904, s. 176–177 (46. k. llb.). *Grágás* 1992, s. 330–331 (38. k. lbþ.).

> Eigi skulu réttir fyrr vera en .iiii.[þ.e. fjórar] vikur lifa sumars. Hverr maðr er sauði á skal ganga eitt sinn á fjall, ok um landeign sína hvert sinn er lǫgrétt skal vera, skipa svá ǫðrum gǫngum sem þeir ráða. Sekr er sá hálfri mǫrk við konung er eigi gengr um landeign sína, ok ábyrgiz sauði við þá er eigu, alla þá er í hans landi váru sénir þá er hann átti gǫnguna.

Síðan er kveðið á um það hvað gert skuli við óskilafé. Í tilvitnaðri grein er gert ráð fyrir að hver maður smali sitt eigið land jafnframt því sem hann gangi á fjall að hausti ásamt öðrum afréttareigendum. Ef afréttarfé gekk í land bónda var honum heimilt að reka það í miðjan afrétt. Hann gat einnig haft það áfram í sínu eigin landi eða rekið það heim til þess manns sem féð átti. Í Jónsbók er ekki fjallað um aðra afrétti en þá sem voru í sameign tveggja manna eða fleiri. Í heimildum frá miðöldum má þó finna dæmi um beitarlönd sem kölluð voru afréttir og töldust í einkaeign. Var þá greint á milli „eignar sérlegrar“, sem var í einkanotum, og „afréttar“, sem tilteknir bændur höfðu heimild til að nýta gegn ítölu.[115]

Ákvæði lögbókanna um beit í almenningi voru að því leyti frábrugðin því sem hér hefur verið greint frá að nýtingartími þeirra var annar. Samkvæmt Grágás var heimilt að beita almenning frá því er mánuður lifði vetrar og næstu sjö mánuði en með lögtöku Jónsbókar virðist beit hafa verið leyfð í almenningi allan ársins hring nema frá krossmessu á vor (3. maí) til Bótólfsvöku (17. júní). Í Grágás var þeim sem næstur bjó almenningi heimilað að beita almenning þá fimm mánuði sem hann annars átti að liggja ónýttur en um slíkt er ekki getið í Jónsbók. Enn fremur var tekið fram að hver sem vildi mætti gera sel í almenningi, en það var bannað í afréttum, og öllum var heimilt að nýta sér reka í almenningi, hvort heldur var viður eða hvalur, svo framarlega sem hann hafði ekki áður verið öðrum merktur.[116]

Í tilskipun um sveitarstjórn 4. maí 1872, 39. gr., var svo fyrir mælt að sýslunefnd skyldi semja reglugerðir um notkun afrétta, fjallskil, fjárheimtur o.fl. Fóru sýslunefndir eftir það að semja fjallskilareglugerðir. Voru í fjallskilareglugerðunum sett ítarleg ákvæði um þessi efni er byggðu að mestu á ákvæðum Jónsbókar. Í mörgum tilvikum voru ákvæði þessara reglugerða misvísandi og í öðrum tilvikum stönguðust þau beinlínis á við gildandi rétt. Af fjallskilareglugerðum verða ekki dregnar almennar ályktanir um það efni sem hér er til úrlausnar, en einstaka reglugerð, sett með stoð í tilskipuninni frá 1872 eða síðari löggjöf, getur vissulega skipt máli að því er tekur til mats einstakra svæða.

Um afréttamálefni og fjallskil voru fyrst sett heildarlög hér á landi árið 1969, lög nr. 42/1969, um afréttamálefni, fjallskil o.fl. Voru þau lög síðar endurútgefin með áorðnum breytingum sem núgildandi lög nr. 6/1986. Það var þannig fyrst með löggjöf þessari sem hin dreifðu ákvæði í landsleigubálki Jónsbókar og réttarbót Eiríks

---

[115] *Íslenskt fornbréfasafn*. 8. b. Reykjavík 1906–1913. S. 149.
[116] *Jónsbók* 1904, s. 193–194 (59. k. llb.). *Grágás* 1992, s. 369 (74. k. lbþ.).

konungs frá 1294 voru leyst af hólmi. Ákvæði gildandi laga taka í ýmsu mið af reglum eldri löggjafar.

Ef litið er til helstu fyrirmæla gildandi laga er ljóst þegar af 3. og 4. gr. laganna að fyrirmæli þeirra taka að meira eða minna leyti til afrétta, annarra sameiginlegra sumarbeitilanda og heimalanda. Skulu nánari fyrirmæli sett í fjallskilasamþykktir fyrir einstök svæði, sbr. 3. gr. Í 4. gr. er skilgreint það land sem fjallskil taka til og það greint í annars vegar afrétti og hins vegar heimalönd. Samkvæmt lögunum er stjórn afréttamálefna og fjallskila í höndum héraðsnefndar. Í II. kafla laganna er fjallað um afrétti og notkun þeirra og þá greint á milli sameiginlegra afrétta hreppa eða upprekstrarfélaga, sbr. 7. gr., afréttarlanda, sem liggur undir einstaka jörð eða stofnun, sbr. 8. gr., og loks beitilanda einstakra jarða sem notað sé sameiginlega til beitar með líkum hætti og afréttir, sbr. 12. gr., og skuli reglum laganna um afrétti beitt um þau svæði eftir því sem við geti átt. Í V. kafla laganna eru síðan fyrirmæli um göngur og réttir, í VI. kafla er fjallað um smölun heimalanda eftir réttir og í VII. kafla er fjallað um eftirleitir og öræfaleitir.

Í meginatriðum má greina lagareglur þessar á þann veg að þar er í fyrsta lagi fjallað um notkun afrétta og rétt til þeirra nota. Í annan stað er síðan fjallað um smölun afréttanna og fyrirkomulag smölunar sem og skiptingu þess sameiginlega kostnaðar sem af hlýst og falla í þann flokk lönd þeirra einstöku jarða sem fjallað er um í 12. gr. laganna. Allt að einu er í lögunum, sbr. einkum ákvæði V. og VI. kafla, fjölþætt ákvæði sem taka til heimalanda einstakra jarða og kveða m.a. á um skyldu til vorsmölunar, sbr. 36. gr., skyldu jarðeiganda til smölunar heimlands samhliða leitum á afrétti, sbr. 39. gr., skyldu til smölunar heimalanda eftir réttir, sbr. 52. gr. o.s.frv. Um smölun eyðijarða er svo ákvæði í 41. gr. laganna. Að meginstefnu til er hins vegar gert ráð fyrir því að smölun heimalands annist jarðeigandinn sjálfur og beri af henni allan kostnað. Sinni eigandi ekki þeirri skyldu skal honum gert að greiða kostnað eftir mati. Í 2. mgr. 40. gr. laganna er svo sérstök regla þess efnis að heimilt sé að ákveða í fjallskilasamþykkt að haustsmölun heimalanda verði metin til aðalfjallskila, að meira eða minna leyti, eftir því sem til hagar á hverjum stað.

Þá mun nokkuð víða hátta þannig til að bændur sammælist um smölun heimalanda sinna og standa sameiginlega að smölun í landi tveggja eða fleiri jarða. Slík samvinna um smölun fellur þó alla jafna algjörlega utan þeirra lögbundnu fjallskila sem um er fjallað í lögum og fjallskilasamþykkt.

Af öllu þessu má sjá að löggjafinn hefur um langan aldur mælt fyrir um skyldur landeigenda til að smala jarðir sínar, sbr. upphaflega fyrirmæli 49. kapítula landsleigubálks Jónsbókar. Þá sýnist líka beinlínis hafa verið gengið út frá því að land einstakra jarða sé nýtt sem beitiland með svipuðum hætti og afréttir, jafnvel þannig að viðkomandi landsvæði sé alfarið tekið undir fjallskilaframkvæmd. Í slíkum tilvikum gefa fjallskil þannig alls enga vísbendingu um eðli eignarhalds að því landi.

Í dómum Hæstaréttar Íslands hefur svo sem fyrr segir verið litið til þess í nokkrum tilvikum hvernig fjallskilum hefur verið háttað á landsvæði því sem þá er til eignarréttarlegrar meðferðar. Í þessum dómum hefur ekki verið talið sannað að um beinan eignarrétt væri að ræða að viðkomandi landsvæði og sú niðurstaða þá m.a. rökstudd með vísan til þess að ekki hafi verið sýnt fram á eða í ljós leitt að með viðkomandi land hafi verið farið sem eignarland varðandi fjallskil. Verður ekki annað ráðið af dómum þessum en að fjallskil geti út af fyrir sig haft þýðingu um úrlausn máls en verði þó ekki ráðandi um niðurstöðu. Í dómum eru vísbendingar fremur í þá átt að framkvæmd fjallskila gæti hugsanlega stutt eignartilkall en að eignarréttur sem talin verður sannaður á grundvelli annarra gagna verði vefengdur á grundvelli þess hvernig framkvæmd fjallskila hefur verið háttað.

Í ljósi alls þessa er það mat óbyggðanefndar að ekki verði dregnar víðtækar ályktanir um eignarrétt að landi af upplýsingum um framkvæmd fjallskila að fornu og nýju. Skiptir þar auðvitað mestu máli sú staðreynd að lengst af hefur smölun heimlanda, þ.e. lands einstakra jarða, ekki einungis verið háð lögbundnum skyldum og kvöðum um skyldur til smölunar, heldur hefur því jafnframt verið þannig háttað að lönd einstakra jarða hafa verið nýtt með sambærilegum hætti og afréttir og þá fallið í einu og öllu undir viðkomandi fjallskilaframkvæmd. Eftir sem áður hafa slík landsvæði ekki verið talin falla í flokk afrétta, þau óumdeilt legið innan landamerkja viðkomandi jarðar og eftir atvikum enginn ágreiningur verið uppi um eignarrétt að þeim. Þannig getur bæði háttað svo til að með öllu skorti á upplýsingar um fjallskilaframkvæmd og/eða smölun á viðkomandi landsvæði eða að forsendur séu með einhverju því sérstaka móti sem nú hefur verið gerð grein fyrir. Hvað sem þessu líður verður þó ekki útilokað fyrirfram að upplýsingar í þessa veru geti haft eitthvert vægi við eignarréttarlegt mat. Það þarfnast þá sérstakrar skoðunar í hverju einstöku tilviki þar sem glöggar upplýsingar um tilhögun og forsendur fjallskila liggja á annað borð fyrir.

4.8. Ítök

Í íslenskum rétti hafa ítök eða ítaksréttindi verið skilgreind sem réttindi er veiti rétthafa tiltekin þröng umráð og takmörkuð not fasteignar sem er í eigu og umráðum annars eða annarra aðila.[117] Réttindi af þessum toga eiga sér langa sögu hér á landi og verður fyrst vikið að því hvað ráða megi af eldri rétti um ítök og inntak ítaksréttinda.

Í lögbókunum Grágás og Jónsbók er hugtakið *ítak* ekki skilgreint sérstaklega, en af einstökum ákvæðum má ráða í merkingu þess. Í landabrigðisþætti Grágásar er fjallað um þær réttarathafnir sem fram áttu að fara þegar maður vildi brigða öðrum land. Þar segir m.a. að brigðandi skyldi kveðja sér kviðar (væntanlega búakviðar) til

[117] Þorgeir Örlygsson, 1998: *Kaflar úr eignarétti* I. Reykjavík. S. 28 (hdr.). Gaukur Jörundsson, 1982–83: *Eignaréttur* I, s. 6. Ólafur Lárusson, 1950: *Eignaréttur* I, s. 13.

að ganga úr skugga um hvort unnt væri að selja leiguból „eða ítök í annarra manna löndum“ áður en til þess kæmi að aðalbólið væri selt.[118]

Kaflinn um landamerki og lagakaup í Jónsbók (6. k. landsbrigðabálks) hefst á þessa leið:

> Nú vill maðr selja land sitt við verði, þá skulu þeir kveða á um merki með sér, um land ok skóga ok engjar ok reka, veiðar ok afréttu ef eru, ok allra gœða skulu þeir geta þeira, er því landi eigu at fylgja, þó at þat sé í ǫnnur lǫnd, eða aðrir menn eigi þanneg ítǫk; síðan skulu þeir takaz í hendr ok kaupa með váttum tveim eða fleirum.[119]

Annars staðar í lögbókinni er nánar rætt um sams konar réttindi án þess þó að tekið sé fram að um ítök sé að ræða. Þannig er fjallað um skóg, beituteig, fjöru, veiði og engi í annars jörðu en síður eða jafnvel ekki notuð orðin skógar-, beitar-, fjöru-, veiði- og engjaítak.[120] Ákvæði lögbókanna leiðir því til þeirrar niðurstöðu að ítak sé „réttur til ákveðinna nytja á landi annars“,[121] og fær það vel samrýmst hinni lögfræðilegu skilgreiningu hugtaksins nú á dögum.

Til ítaka var stofnað með ýmsum hætti. Ítakaeign mun t.d. hafa orðið til við tímabundin lán hlunninda, kaup og ítakaskipti.[122] Elsta skjallega heimildin um ítakaeign mun vera máldagi Stafholtskirkju sem talinn hefur verið frá miðri 12. öld.[123] Þar er greint frá því að prestur nokkur, Steini Þorvarðsson, hafi gefið kirkjunni m.a. þrjá hluti laxveiðar í Þverá, kerveiði í Norðurá undir fossi, Engines á Ströndum norður „ok reki með“ og selför í Þverárdal upp frá Kvíum. Í máldaganum er lýst einum algengasta stofnunarhætti kirknaítaka sem var gjöf í sáluhjálparskyni. Þannig hefur frá fyrstu tíð byggðar hér á landi verið stofnað til ítaka með beinni yfirfærslu eða afhendingu tiltekinna réttinda.

Frá 13. öld hafa varðveist nokkrar skrár um ítök, einkum reka, m.a. elsta rekaskrá Skálholtskirkju frá um 1270. Bendir það til þess að á þeim tíma hafi ítök verið orðin eftirsótt gæði sem ekki síst kirkjulegar stofnanir sóttust eftir.[124] Ítökum fjölgaði

---

[118] Sbr. *Grágás* 1992, s. 288.
[119] *Jónsbók* 1904, s. 124. Sambærilegur kafli er í Grágás (1992, s. 290) án þess að orðið *ítak* sé þar notað.
[120] Sbr. *Grágás* 1992, s. 296, 321, 329. *Jónsbók* 1904, s. 147–148, 150.
[121] Grágás 1992, s. 537. Sbr. Magnús Már Lárusson, 1981: „Jordejendom. Island.“ *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder*. 7. b. Kaupmannahöfn. D. 671.
[122] Páll Sigurðsson, 1992: „Kirknaítök. Saga þeirra og réttarþróun.“ *Svipmyndir úr réttarsögu. Þættir um land og sögu í ljósi laga og réttarframkvæmdar.* Reykjavík. S. 277.
[123] *Íslenskt fornbréfasafn.* 1. b. Kaupmannahöfn 1857–76. S. 178–180. Sbr. Páll Sigurðsson 1992, s. 279.
[124] *Íslenskt fornbréfasafn* 1, s. 67–76. Tímasetning rekaskrárinnar er ekki örugg. Sbr. einnig sama rit, s. 4, 246–248 (ítakaskrá Viðeyjarklausturs [1284]), 248–251 (reka- og landamerkjaskrá Þingeyraklausturs [1285]).

síðan jafnt og þétt, og í byrjun 18. aldar, þegar Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns var tekin saman, hafði myndast þéttriðið net ítaka um land allt.[125]

Ljóst er að ítakaeign skipti í margar aldir verulegu máli fyrir afkomu landsmanna og mun að einhverju leyti hafa stuðlað að jafnari dreifingu landgæða. Á sumum stöðum á landinu hagaði þannig til að jörð sem ekki átti mikilvæg hlunnindi eins og upprekstrarland, skóg eða fjörunytjar eða gat ekki nýtt þau í eigin landi vegna staðhátta fékk þau sem ítök í öðru landi. Nefna má sem dæmi að í Þórisdal í Lóni áttu nokkrar jarðir skógarítak. Ein þeirra var Efri-Fjörður í Lóni. Hún átti skógarítak í Skálahvömmum í Þórisdal eða Laxárdal, en í staðinn var heimilað útræði frá Klifunum (Þorgeirsstaðaklif).[126] Slík ítakaskipti munu víðar hafa tíðkast, ekki síst á þeim svæðum þar sem útræði var gott. Hraunskarð undir Jökli átti t.d. „frí kolatak í Hrísaskóg og raptvidahögg í jördunne til upheldis“ í staðinn fyrir uppsátur og „ítaksbúðir“ í Hraunskarðsjörð.[127] Annars staðar þar sem ekki var um ítök eða ítakaskipti að ræða var venjulega greitt ákveðið gjald fyrir útræðið, svonefndur vertollur.[128]

Mörg ítök gengu smám saman úr sér ýmist af völdum eyðingarafla náttúrunnar, ofnýtingar eða vegna breyttra búskaparhátta og urðu því ekki annað en inntakslaus réttur sem setti ákveðnar hömlur á eignarrétt fasteigna.[129] Um miðbik nýliðinnar aldar var því svo komið að fjölmörg þeirra ítaka sem á jörðum hvíldu komu ítakshafanum að litlu sem engu gagni auk þess sem ýmis þeirra virtist augljóslega hagkvæmara að nýta samhliða nýtingu á viðkomandi jörð. Lagasetning frá þeim tíma ber skýran vott um þá stefnu löggjafans að tryggja það, að eðlileg gæði fasteigna fylgi þeim sjálfum og séu nytjuð í sambandi við notkun þeirra.[130] Það var einkum gert með því að banna að tiltekin hlunnindi, sem fasteign fylgdu, væru frá henni skilin auk þess sem eigendum fasteigna sem ítök hvíldu á var gert kleift að leysa þau af eignum sínum gegn fjárgreiðslu. Þannig var t.d. lausn veiðiítaka í ám og vötnum heimiluð með lögum nr. 40/1942, sbr. nú lög nr. 76/1970 og lausn skógarítaka af jörðum með lögum nr. 100/1940, sbr. nú lög nr. 3/1955, sbr. lög nr. 76/1984. Þá fjalla lög nr. 13/1956 um sölu kirkjuítaka. Veigamesti þátturinn í þessari viðleitni löggjafans var þó setning laga nr. 113/1952 um lausn ítaka af jörðum en þau taka til allra ítaka í jarðir annarra en lax- og silungsveiðiítaka í ám og vötnum og skógarítaka, sbr. 2. og 3. gr.

---

[125] Sbr. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. 12. b. (Atriðisorðaskrá), undir *afrétt, beit/beitarítak, melaslægja/meltak, lax/laxveiði, fugl/fuglatekja, eggjatak/eggjatekja/eggver, skógur/skógarítak, hrís/hrísrif/hrístak, torf, móskurður/mótak, engjatak/engjaítak, reki/rekaítak*.

[126] Þetta kom fram í vitnisburði Vilhjálms Geirs Þórhallssonar, eiganda Efra-Fjarðar, við skýrslutöku 9.9. 2002 í máli nr. 5/2001 hjá óbyggðanefnd. Sbr. einnig vitnisburð Þorsteins Geirssonar á Reyðará við sömu skýrslutöku.

[127] *Íslenskt fornbréfasafn*. 3. b. Kaupmannahöfn 1896. S. 141. Fleiri dæmi eru um slík ítakaskipti í þessari heimild sem talin er frá um 1360.

[128] Sbr. *Jarðabók Árna og Páls* 12, undir *naust, uppsátur, útræði, verbúð, vertollur*.

[129] Sbr. hugtakið *servitut* í merkingunni *ítak eða ískylda*.

[130] Þegar um miðja 19. öld tók að gæta þeirrar tilhneigingar löggjafans að sporna við frekari stofnun ítaka, sbr. 4. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849.

laganna.[131] Með þeim var sú skylda lögð á þá sem töldu sig eiga slík ítök að lýsa þeim í samræmi við efni laganna. Væri það ekki gert féll ítakið úr gildi. Lögin hafa enn fremur að geyma reglur um það hvernig eigandi jarðar, sem ítak er í, eldra en 25 ára, getur leyst það af jörð sinni. Þrátt fyrir þessa viðleitni löggjafans er þó ljóst að enn kunna að finnast gild ítök hér á landi.

Óbyggðanefnd telur að tilvist ítaks í fasteign bendi fremur til þess að svæði það sem ítakið er á sé eða hafi einhvern tíma verið eignarland.[132] Þannig hafi réttur yfir viðkomandi landsvæði verið nauðsynlegur grundvöllur undir stofnun ítaks á því og ítakshafinn öðlast rétt sinn innan marka þess réttar sem handhafi hinna beinu eignarréttinda átti.

Þrátt fyrir þetta kunna að finnast ítök í landsvæðum sem ekki eru undirorpin beinum eignarrétti nú og ekki unnt að sýna óyggjandi fram á að hafi nokkurn tíman verið það. Sem dæmi um slíkt má nefna ákvæði í máldögum um takmörkuð réttindi kirknanna í Biskupstungum á Biskupstungnaafrétti. Þannig segir í máldaga kirkjunnar á Torfastöðum frá 1331 að hún eigi „skógarteig í Sandvatnshlíð“.[133] Hið sama kemur fram í Vilkinsmáldaga frá 1397[134] og Gíslamáldaga frá 1570.[135] Þá segir í Gíslamáldaga um kirkjuna í Bræðratungu að hún eigi „Skógartungu undir Bláfelli“.[136] Í máli nr. 4/2000, Biskupstungnaafréttur og efstu lönd í Biskupstungnahreppi, komst óbyggðanefnd að þeirri niðurstöðu að Framafréttur Biskupstungna, það landsvæði sem framangreind réttindi kirknanna náðu til, væri þjóðlenda. Nefndin útilokaði þó ekki að umrætt landsvæði hefði einhvern tíma verið undirorpið beinum eignarrétti en taldi umræddra máldaga eina og sér ekki veita næga sönnun í þeim efnum. Í slíkum tilvikum kann þó að vera um annars konar réttindi að ræða en ítök í hinni hefðbundnu lögfræðilegu merkingu hugtaksins.

4.9. Fjörur og rekaeign

Eignarréttur að fasteign sem liggur að sjó nær einnig til fjörunnar fram af henni, þ.e. svæðisins á milli stórstraumsflóðmáls og stórstraumsfjörumáls.[137] Undir yfirborði

---

[131] Í 1. gr. laga nr. 113/1952 segir að ítak merki í lögunum hvers konar afnot fasteignar, sem eigi séu samfara vörslum hennar eða þess hluta hennar, sem afnotin taki til, enda sé réttur til afnotanna byggður á heimild einkaréttareðlis. Í greinargerð með frumvarpi því sem varð að umræddum lögum segir í athugasemdum að fylgt sé hinni venjulegu fræðilegu skýringu á því hvað ítak sé.

[132] Í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 113/1952 er í athugasemdum tekið fram að lögin taki ekki til ítaka í kaupstaðarlóðir eða í afrétti, sem sveitarfélög eiga. Í lögunum er þannig gert ráð fyrir því að unnt sé eða hafi verið að stofna til ítaka í afréttarlöndum. Með hliðsjón af hinni almennu lögfræðilegu skilgreiningu á hugtakinu ítak verður þó að ætla að með því sé átt við afréttarlönd sem undirorpin eru beinum eignarrétti eða hafi verið það á þeim tíma þegar til ítaksins var stofnað.

[133] *Íslenskt fornbréfasafn* 2, s. 669.

[134] *Íslenskt fornbréfasafn* 4, s. 49.

[135] *Íslenskt fornbréfasafn* 15, s. 647.

[136] *Íslenskt fornbréfasafn* 15, s. 648.

[137] Ólafur Lárusson, 1950: *Eignaréttur* I, s. 45. Gaukur Jörundsson, 1982–83: *Eignaréttur* I, s. 37. Þorgeir Örlygsson, 1998: *Kaflar úr eignarétti* I, s. 57.

sjávar taka við svokölluð netlög, sem í ýmsum lögum eru skilgreind sem sjávarbotn 115 metra út frá stórstraumsfjörumáli landareignar, sjá nánar síðar í þessum kafla.[138] Óumdeilt er að netlög fylgi sjávarjörðum en um hitt hefur fremur verið ágreiningur hvort eignarráð fasteignareiganda feli í sér beinan eignarrétt eða séu bundin við þau réttindi sem sérstaklega er mælt fyrir um í einstökum lögum.[139]

Kemur þá til skoðunar hver hafi verið réttur landeigandans í fjöru og netlögum jarðar sinnar. Þar verður helst litið til þeirra fjörunytja sem lengst hafa verið til umfjöllunar í löggjöf hér á landi, þ.e. reka og veiði.

Rekinn hefur verið helsta verðmæti fjörunnar. Elstu ákvæði laga um reka eru í Grágás. Þau voru síðan tekin upp lítið breytt í rekabálk Jónsbókar, og er sá bálkur enn í gildi ásamt viðbótum um skotinn hval og skotmannshlut sem gefnar voru út í konungsbréfum 1778 og 1779.[140] Meginreglan var sú að jarðeigandi átti reka fyrir landi sínu. Í Jónsbók er reki nánar skilgreindur með svofelldum hætti: „Hverr maðr á reka allan fyrir sínu landi viðar ok hvala, sela ok fiska, fugla og þara, nema lǫgum sé frá komit.“[141] Eignarréttur jarðeiganda á viðar- eða hvalreka var þó því aðeins hafinn yfir vafa að hann merkti sér rekann eða kæmi böndum á hann.[142] Allan reka utan *reka-marka* var hverjum manni heimilt að flytja að landi, marka sér og slá eign sinni á, en landeigandi skyldi eiga alla aðra flutninga hvals og viðar.[143]

Sú skýring hefur verið gefin á rekamarki að það sé „sá hluti fjöru og hafs sem bóndi eða rekamaður má nýta á allan reka“.[144] Lúðvík Kristjánsson taldi hins vegar rekamark vera sömu merkingar og fjörumark og tákna merki milli deildra reka.[145] Í Staðarhólsbók Grágásar er rekamark við það miðað „að sjá mundi mega þaðan fisk á borði ef eigi bæri land fyrir“.[146] Lýsing Konungsbókar á rekamarki er nokkru ítarlegri, og er hún sambærileg við skilgreiningu Jónsbókar á *fiskhelgi*:

> Maður á að flytja við þann er hann finnur á floti fyrir utan það er fisk sér af borði, óflattan, fyrir annars manns landi. Það skal þorskur vera, sá skal svo mikill vera að hann sé álnar í öxarþærum flattur [álnarbreiður milli

---

[138] Sjá t.d. 3. mgr. 2. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998; 1. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994; og 1. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970.

[139] Í H 1996 2518 og 2525 er talinn vafi um beinan eignarrétt fasteignareiganda í netlögum.

[140] Sbr. opið bréf um rekatilkall á Íslandi frá 4. maí 1778, 5. gr., og konungsbréf (til stiftamtmanns) um landshlut af flutningshvölum á Íslandi frá 23. júní 1779, 1.–2. gr.

[141] *Jónsbók* 1904, s. 194.

[142] *Grágás* 1992, s. 351–352. Sbr. *Jónsbók* 1904, s. 194–195.

[143] *Grágás* 1992, s. 353–354. *Jónsbók* 1904, s. 196–197. Á öðrum stað í *Jónsbók* (s. 203) segir þó að þess hvals sem fluttur sé, eigi flytjendur þriðjung en landeigandi tvo hluti nema skot finnist í, þá eigi skotmaður þriðjung. Þetta ákvæði virðist eiga sér nokkra samsvörun í 71. k. landabrigðisþáttar Grágásar (*Grágás* 1992, s. 365).

[144] *Grágás* 1992, s. 552. Í Jónsbók virðist einnig gert ráð fyrir að rekamark geti tekið til hafsvæðis *út fyrir* netlög, sbr. þetta orðalag: „Ef maðr veiðir hval í rekamarki, þar er fisk sér á borði ok fyrir utan netlÄg, þá á sá allan er veiðir“ (*Jónsbók* 1904, s. 206 sbr. einnig s. 197).

[145] Lúðvík Kristjánsson, 1980: *Íslenzkir sjávarhættir*. 1. b. Reykjavík. S. 219.

[146] *Grágás* 1992, s. 353 (Staðarhólsbók). Skilgreining Konungsbókar er ítarlegri (sbr. *Grágás* 1992, s. 353–354). Samkvæmt *Jónsbók* 1904 (s. 206) var rekamark „þar er fisk sér á borði“.

> þunnildisnefja]. Sá fiskur heitir gildingur. Á því borði skal sjá þann fisk er til lands veit, þaðan úr fjöru er fyrvir [fellur út] utast.[147]

Fiskhelgi í þessu samhengi táknar svæðið út að rekamörkum sem að sínu leyti miðast við að óflattur þorskur sé í sjónmáli frá ströndinni.[148]

Síðar, sennilega snemma á 14. öld, var kveðinn upp svofelldur alþingisdómur um rekamark til lands:

> Rekamarck til landz sem leingst ut fiarar. og flod geingur leingst i logne. þa hvorke æser brim nie vindur.
>
> Þad var logtekid um rekamark a Auxararþijnge af badum lǫgmǫnnunum og allri logriettunne a dogum Häkonar kongz. sem væri i almennelegu flædarmäle þa siör rædur sier. Enn hvad hann æser brim edur vindur. edur kastar yfer Mälarkamp. edur eírartanga. so sem i logbok utvijsar. edur a land upp. þar sem so vid vijkur. þa eignast þad landeigande hvort þad er trie edur hvalur.[149]

Hér virðist lögrétta skilgreina það sem í síðari löggjöf er nefnt stórstraumsflóðmál.

Algengt var á miðöldum og síðar að fjara innan merkja tiltekinnar jarðar væri nýtt frá annarri jörð. Eigandi hinnar síðarnefndu nefndist þá *rekamaður* eða *fjörumaður*, en rétturinn var þó bundinn jörð hans en ekki persónu. Landeigandi og fjörumaður skiptu með sér fjörugögnum eftir ákveðnum reglum. Um þetta segir í Jónsbók:

> Ef maðr kaupir reka af landi manns at lǫgmáli réttu, ok skilja þeir þat eigi gjørr en svá, þá á landeigandi af fjǫru þeiri álnarlǫng kefli ǫll ok smæri, en rekamaðr á þar við allan annan útelgdan er þar rekr upp, ok svá hvali alla er þar hlaupa kvikir á land, nema menn valdi, og svá á hann þá hvali er þar rekr. Sá maðr er land á, hann á þara allan ok fugla alla, sela alla ok rostunga, ok svá ef maðr drepr sel; hann á þar at hafa hnísur ok háskerðinga, ok fiska alla, nema þar reki fleiri senn á land en .v. [5], þá á rekamaðr.[150]

Rekamaður átti einnig allan ómerktan við og hval sem menn fluttu úr almenningi[151], ef þeir fylgdu ekki festum eins og skylt var, og að auki allt það sem flaut í netlögum. Landeigandi átti hins vegar veiði alla í netlögum, flutninga hvals og viðar og allt það sem flaut utan netlaga og að rekamörkum og aðrir höfðu ekki áður eignað sér.[152] Enn fremur skyldi landeigandi en ekki fjörumaður (rekamaður) varðveita vogrek, þar til eigandi kæmi fram en eignast ella, og skotmannshlut og fá

---

[147] *Grágás* 1992, s. 353–354. Sbr. *Jónsbók* 1904, s. 203 og 206 (6. og 8. k. rekabálks).
[148] Sbr. Magnús Már Lárusson, 1981: „Hvalfangst“ *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder*. 7. Kaupmannahöfn. D. 169.
[149] *Íslenskt fornbréfasafn* 11, s. 1–2.
[150] *Jónsbók* 1904, s. 196–197.
[151] Í Jónsbók er landeiganda eignaður allur flutningur (*Jónsbók* 1904, s. 197).
[152] *Grágás* 1992, s. 354–355, 365. *Jónsbók* 1904, s. 196–197. Sambærilegt ákvæði um rétt rekamanns til flutninga úr almenningi er ekki í Jónsbók.

ágóða af og hafa þriðjung af öllum þeim hvölum „er fyrir mönnum hlaupa á land“.[153] Í heimildum frá miðöldum eru einnig mörg dæmi um að rekinn væri ekki miðaður við ákveðið svæði heldur tiltekið magn af viði sem ýmist var kallað afdráttur eða afreiðsla.[154]

Af því sem hér hefur verið rakið má ályktа að fjörueign í landi annarrar jarðar hafi fyrst og síðast verið ítak en ekki falið í sér eignarrétt á landinu sjálfu.[155] Í því sambandi má benda á þau orð Hans Kuhn að fjöruítök séu í elstu máldögum og skrám aðeins kölluð fjörur eða rekafjörur.[156] Hér verður þó að hafa á þann fyrirvara að rekamanni tilheyrði ekki einvörðungu fjaran í merkingunni fjöruítak heldur einnig *reka-grunnurinn*, enda missti hann ekki rétt sinn til rekans þótt orpinn væri sandi eða grjóti.[157] Þegar þess er gætt að fjörur (reki) voru í mörgum tilvikum ítak í landi annarra en þeirra sem áttu rekann, þarf ekki að koma á óvart að fjörumörk og landamerki jarða til sjávar fóru ekki alltaf saman eins og t.d. landamerkjabréf jarða í Öræfum vitna um. Samkvæmt lögum um lausn ítaka af jörðum, nr. 113/1952, féllu önnur ítök en skógarítök og lax- og silungsveiðiítök úr gildi væri ítaksrétti ekki lýst með tilteknum hætti, sjá nánar í kafla 4.8.

Í lögbókunum er einnig gert ráð fyrir að fjörur geti verið almenningur og heimildir um almenninga við sjávarsíðuna eru allnokkrar.[158] Þar skyldu fjórðungsmenn eiga reka allan nema þann sem skot var í. Þá skyldu þeir menn varðveita „er lönd eigu næst“.[159] Samkvæmt þessu virðist ekki gert ráð fyrir því að almenningsfjara sé ítak í eignarlandi, en dæmi um slíkt kunna þó að finnast.[160]

Netlögum má líkja við „fiskveiðilögsögu“ sjávarjarða. Þau eru skilgreind á þessa leið í fornlögum:

> Þar eru netlög utast í sæ er selnet stendur grunn, tuttugu möskva djúpt, af landi eða af skeri og komi flár [þ.e. flotholt] upp úr sjánum að fjöru þá er þinur [þ.e. teinn á neti] stendur grunn. En fyrir það utan á hver að veiða að ósekju er vill.[161]

---

[153] *Grágás* 1992, s. 354. *Jónsbók* 1904, s. 197, 201–203, 208–209.
[154] Lúðvík Kristjánsson 1980, s. 220. Sjá einnig *Íslenskt fornbréfasafn* 3, s. 56–57.
[155] Sbr. einnig hugtakið *ítaksreki* um þann reka jarða eða hluta hans sem gengið hafði undan jörðinni (Lúðvík Kristjánsson 1980, s. 204).
[156] Kuhn, Hans, 1943–1948: „Hátúningamelur og Gnúpverjahreppur.“ *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags*. S. 73. Austfirðingar nota orðið *sandur* um það sem Sunnlendingar kalla fjöru (Lúðvík Kristjánsson 1980, s. 218).
[157] Lúðvík Kristjánsson 1980, s. 203.
[158] Sjá nánar í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar um hugtakið almenningar.
[159] *Grágás* 1992, s. 369. Sbr. *Jónsbók* 1904, s. 193–194.
[160] Af þessu yfirliti má sjá að samkvæmt lögbókunum, Grágás og Jónsbók, áttu nokkrir aðilar lögverndaðan rétt til hvals eftir ákveðnum reglum: Í fyrsta lagi var það landeigandinn, í öðru lagi rekamaður, ef rekinn hafði verið seldur undan jörð, í þriðja lagi skotmaður, sem átti hálfan hval sem hann náði ekki að festa í fjöru og loks fjórðungsmenn ef um almenningsfjöru var að ræða. Fleiri áttu einnig sinn rétt til rekahvals að uppfylltum ákveðnum skilyrðum eins og leiglendingur og sá sem fyrstur kom að hval er fluttur hafði verið úr almenningi (sbr. „finnandaspik“). Sbr. *Grágás* 1992, s. 356, 365. Jónsbók 1904, s. 135.
[161] *Grágás* 1992, s. 354. Sbr. *Jónsbók* 1904, s. 196.

Landeigandinn átti einn alla veiði í netlögum og í fjörunni, og gilti einu þó að annar hefði eignast aðrar nytjar í fjöru og netlögum.[162] Eins og áður hefur komið fram virðist fiskhelgi samkvæmt Jónsbók hafa verið miðuð við rekamörk og verður því ekki í öllum tilvikum lögð að jöfnu við netlög.

Ekki er ljóst af lögbókunum hversu langt til sjávar netlög náðu enda mun það að nokkru hafa farið eftir aðstæðum eins og grunnsævi við sjávarstrendur. Lúðvík Kristjánsson getur sér þess til að netlög hafi verið miðuð við 6 þumlunga selmöskvalegg, og hefur því mesta dýpt netlaga um fjöru verið 120 þumlungar eða 6 álnir.[163] Alin jafngilti um 47,7 sm svo að netlög hafa náð út að 2,9 m dýpi.

Í skipan goðorðsmannsins Sæmundar Ormssonar um almenninga í Hornafirði, sem talin er frá um 1245, er því lýst yfir að land og fjöru skyldi helga 30 faðma þaðan frá sem efst féll í meðalflæðum. Rekald þar fyrir utan skyldi vera *almenningur*.[164] Talið hefur verið að Sæmundur hafi í skipan sinni verið að lýsa netlögum.[165] Í löggjöf frá miðbiki 19. aldar var miðað við 60 faðma (u.þ.b. 112 metra) frá stórstraumsfjörumáli.[166] Í 20. aldar löggjöf hefur fyrst og fremst verið við það miðað að netlög séu 115 metrar á haf út miðað við stórstraumsfjörumál.[167] Sýnist nú óhætt að miða þau mörk sem meginreglu, þó svo önnur viðmið gildi vissulega skv. þeim eldri lögum sem enn eru í gildi.

Merki sjávarjarða til hafsins miðast annað hvort við ytri mörk fjöru eða netlaga. Um þetta álitaefni er ekki þörf ítarlegrar umfjöllunar hér, enda fjalla þjóðlendulögin einungis um land ofan sjávar. Ljóst er að strandlengja landsins tekur breytingum, á einum stað kann að verða landrof en á öðrum landauki. Dómstólar hafa lagt til grundvallar að eigandi sjávarjarðar eignist þann landauka sem til verður í fjöru og netlögum fyrir landi hans.[168] Það á a.m.k. við um þann landauka sem til verður af náttúrulegum ástæðum eða fyrir tilverknað þriðja manns.[169]

Með lögum nr. 73/1990 voru auðlindir hafsbotnsins utan netlaga og svo langt til hafs sem fullveldisréttur Íslands nær lýstar eign íslenska ríkisins, sbr. 1. gr. Netlög eru þar skilgreind með sama hætti og áður, sbr. 3. mgr. 2. gr., og ekki verður talið að

---

[162] *Jónsbók* 1904, s. 197.
[163] Lúðvík Kristjánsson 1980, s. 203.
[164] *Íslenskt fornbréfasafn* 1, s. 536.
[165] Sbr. Þorgeir Örlygsson, 1993: „Er Hornafjörður almenningur?“ *Tímarit Háskóla Íslands*. 6. árg. nr. 6. Reykjavík. S.33.
[166] Sbr. t.d. 3. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849.
[167] Sjá t.d. 3. mgr. 2. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998; 1. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994, og 1. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970.
[168] Sbr. H 1946 345. Sjá einnig Ólafur Lárusson, 1950: *Eignaréttur* I, s. 45 og Gaukur Jörundsson, 1982–83: *Eignaréttur* II, s. 136.
[169] Ekki verður ráðið af fyrirliggjandi réttarheimildum og fræðiskrifum að greinarmunur sé í þessu sambandi gerður á landauka sem til verður fyrir tilstilli fasteignareigandans sjálfs. Á það er þó bent að réttur fasteignareiganda í þessa veru geti ekki, í ljósi tækniframfara og nýrra viðhorfa, verið án takmarkana. Þær takmarkanir helgast þá af hagsmunum íslenska ríkisins, fullveldisrétti þess og eignarrétti, sbr. t.d. lög nr. 73/1990.

ætlunin hafi verið að afnema til frambúðar áðurgreindan rétt sjávarjarða til landauka og fastsetja þar með í eitt skipti fyrir öll mörk sjávarjarða til hafsins. Vilji löggjafans til slíkrar breytingar hefði þurft að koma skýrt fram. Gildistaka laga nr. 73/1990 hafði þannig ekki í för með sér að merki sjávarjarða til hafsins væru endanlega fastsett. Fjara og netlög færast út og inn í samræmi við landauka eða landtap, þ.e. breytt stórstraumsfjörumál, og landamerki þar með.

5. HEIMILDIR UM EIGNARHALD

5.1. Almennt

Í köflunum „Yfirlit yfir frumgögn sem könnuð voru“ undir „Gögn og gagnaöflun“ í hverjum úrskurði fyrir sig kemur fram hvaða flokkar frumheimilda, útgefinna og óútgefinna, voru yfirfarnir á vegum óbyggðanefndar í þeim tilgangi að fullnægja rannsóknarskyldu nefndarinnar, sbr. einnig sérstakan kafla í hverjum úrskurði um það efni. Hér verður gerð nánari grein fyrir nokkrum mikilvægum heimildum og þýðingu þeirra fyrir úrlausnarefni óbyggðanefndar.

5.2. Jarðamöt og jarðabækur

Elsta dæmi um jarðamat á Íslandi er að finna í tíundarlögunum 1096/97. Jarðir voru metnar til hundraða en eitt hundrað á landsvísu jafngilti 120 álnum vöruvaðmáls eða einu kýrverði. Í tilefni af sölu konungsjarða á 17. öld var ákveðið að hvert jarðarhundrað skyldi jafngilda tveimur hundruðum á landsvísu (kúgildum).[170]

Lítið er vitað um matsreglur eða viðmiðanir þegar jarðamatið fór upphaflega fram. Þegar elsta varðveitta jarðabókin var gerð 1639, um jarðeignir konungs, var við það miðað að dýrleiki skyldi vera tuttuguföld landskuld. Sama var gert í jarðabókinni 1686 en hún er elsta varðveitta jarðabókin sem hefur að geyma jarðir í einkaeign. Í jarðabókinni 1695 var aftur snúið til hins gamla mats enda jafnan við það stuðst í fasteignaviðskiptum.[171] Þó ber að taka fram að í þessari jarðabók var eignarhlutur kirkju í heimalandi yfirleitt ekki reiknaður með í jarðamatinu og þess vegna var dýrleiki sumra kirkjujarða ekki í fullu samræmi við raunvirði þeirra.[172]

Á árunum 1702–1712 var gerð hér á landi ný og mjög nákvæm jarðabók. Jarðabók þessi er jafnan kennd við þá tvo menn sem unnu mest að henni, Árna Magnússon og Pál Vídalín. Jarðabókin þykir mjög traust heimild og skýrist það einkum af því hvernig að verki var staðið. Þeir Árni og Páll eða umboðsmenn þeirra ferðuðust um nær land allt að boði konungs og reyndu að kynna sér aðstæður á hverjum stað en jafnframt höfðu þeir þann háttinn á að boða bændur í héraði til fundar

[170] Sbr. *Lovsamling for Island*. 1. b. Kaupmannahöfn. S. 356.
[171] Sbr. Björn Lárusson, 1967: *The Old Icelandic Land Registers*. Lundi. S. 18. Björn Lárusson, 1982: *Islands jordebok under förindustriell tid.* Lundi. S. 18.
[172] Björn Lárusson 1967, s. 63.

og láta hvern ábúanda gera vandlega grein fyrir jörð sinni. Þetta var jafnharðan skráð niður og í lokin staðfest af áreiðanlegum mönnum í sveitinni. Þrátt fyrir það voru brögð að því að vitnisburður manna um jarðir sínar væri ekki nákvæmur, t.d. að meira væri gert úr landspjöllum en efni stóðu til eða að ekki væri samræmi á milli þess sem landeigendur sögðu og leiguliðar þeirra. En þá var stundum hægt að leiðrétta misræmið með samanburði við jarðabréf sem þeir Árni og Páll söfnuðu einnig á ferðum sínum. Í tengslum við jarðabókarverkið voru samdar tillögur að nýju jarðamati. Í tillögunum var gert ráð fyrir að grundvöllur matsins væri fóðurgildi jarðar, þ.e. hversu mörg kúgildi hún gæti borið í meðalári. Afréttur, útigangur, sellönd og ýmis hlunnindi skyldu metin til hundraða eftir ákveðnum reglum og greiða af þessu bæði tíund og landskyld. Frá því var horfið að ráðast í nýtt jarðamat hér á landi. Í stað þess lögðu þeir Árni og Páll hið forna jarðamat til grundvallar og höfðu hliðsjón af „almúgans tilsögn og undirrjettingu“ í votta viðurvist. Þó má sjá þess merki að reynt hafi verið í einhverjum mæli að leggja nýtt mat á jarðirnar, einkum þegar getið er sérstaklega um heyfóður og nýtingu úthaga, afrétta og hlunninda.

Tillögur þær sem hér hefur verið vikið að eru að verulegu leyti í samræmi við svonefnda „Bergþórsstatútu“ sem sögð var frá fyrri hluta 12. aldar. Í statútunni var þó reiknað með að ákveðið hlutfall væri á milli fóðurgildis jarðar og stærðar hennar; eins kýreldis tún væri 140 norskir faðmar að stærð. Afrétti og heiðalönd skyldi meta til helmings á við beit í heimalandi og virðast því tún hafa verið sex sinnum verðmætari miðað við hverja einingu lands en afréttir.[173] Þess skal getið að samkvæmt Jónsbók var meðalkýr lögð að jöfnu við sex ær „og fæði lömb sín, órotnar, loðnar og lembdar.“[174]

Flestum fræðimönnum ber saman um að Bergþórsstatúta sé fölsuð. Hún getur því ekki talist heimild um annað en það hvernig menn töldu á sínum tíma eðlilegt að meta jarðir og hlunnindi þeirra. Engu að síður má ætla að fóðurgildið, bæði af heyfeng og hagbeit, hafi upphaflega verið lagt til grundvallar jarðamatinu og þá ef til vill reiknað sem ákveðið hlutfall af smjörfjórðungum.[175] Þessu til stuðnings má nefna að skerðing á engi jarðar gat lækkað dýrleika hennar verulega og einnig eru dæmi um að selland hafi verið metið sérstaklega til tíundar.[176] Á sama hátt er svo að sjá sem afréttur einstakra jarða hafi, að minnsta kosti í sumum tilvikum, verið reiknaður með í jarðamatinu, einkum ef þær höfðu tekjur af upprekstrartollum.

Dýrleikinn var mikilvægt auðkenni jarða og grundvöllur skattlagningar og erfðaskipta en ýmsar heimildir, einkum kaupbréf, benda til að dýrleikinn hafi ekki ævinlega sýnt raunvirði jarða. Úr því var reynt að bæta í byrjun 19. aldar þegar fram

---

[173] Halldór Einarsson, 1833: *Om Værdie-Beregning paa Landsviis og Tiende-Ydelsen i Island*. Kaupmannahöfn. S. 165–175.
[174] *Jónsbók* 1904, s. 215 (6. k. kb.).
[175] Björn Lárusson 1982, s. 17.
[176] Sbr. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.* 10. b. Kaupmannahöfn 1943. S. 177. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.* 4. b. Kaupmannahöfn 1925 og 1927. S. 317.

fór jarðamat um land allt á árunum 1800–1806. Viðmiðunarreglur voru þó hinar sömu og áður, þ.e. hversu mörg kúgildi hver jörð gat borið, en jafnframt skyldu ýmis hlunnindi og útigangur metin sérstaklega til dýrleika.[177] Árið 1848 kom út jarðatal kennt við J. Johnsen en þar var nær einvörðungu farið eftir gömlu jarðamati. Sama ár, 27. maí, gaf konungur út tilskipun um nýtt jarðamat á Íslandi og skyldi hver jörð metin til peningaverðs „að því sem slíkar jarðir verða sanngjarnlega seldar eptir gæðum sínum“.[178] Hjáleigur voru ekki metnar sérstaklega til dýrleika fyrr en 1848 og því ekki getið um dýrleika þeirra í jarðamötum fyrr en eftir þann tíma. Jarðamat þetta var gefið út 1861 undir heitinu *Ný jarðabók fyrir Ísland.* Hinni fornu verðeiningu, hundraði, er haldið, en að baki henni stóð ekki lengur kúgildi heldur slegin mynt og seðlar.

Með lögum um fasteignamat nr. 22/1915, var kveðið svo á í 1. gr., að allar jarðeignir, lóðir og hús á landinu skyldi meta til peningaverðs tíunda hvert ár. Hér var um að ræða mikla breytingu frá því óreglulega fasteignamati sem tíðkast hafði, oft með löngu millibili.

Heimildir segja ekki ótvírætt til um það hvort afréttir hafi verið tíundaðir sérstaklega til skatts þó að sjá megi viðleitni í þá veru í þeim tillögum um nýjar jarðamatsreglur frá byrjun 18. aldar sem Árni Magnússon og Páll Vídalín virðast hafa ætlað að fara eftir og áður er getið. Þær tillögur tóku þó aldrei gildi. Í reglugerð rentukammers um nýtt jarðamat 1. sept. 1848 er gert ráð fyrir að tún og engjar, hagi og útbeit séu metin og einnig hlunnindi jarða en ekki er þar minnst á afrétti. Það mun ekki hafa verið fyrr en með fasteignalögunum nr. 22/1915 sem kveðið var skýrt á um að afréttir skyldu teknir til greina við jarðamat. Í 7. gr. laganna segir á þessa leið:

> Afrjettarlönd þau, sem eru eign sveita og einungis notuð til uppreksturs, skal eigi meta sjerstaklega, en aftur á móti ber að taka upprekstrarrjettinn til greina við mat jarða þeirra, er hann eiga.
>
> Þrætulönd milli jarða skulu metin sjer í lagi.

Óbyggðanefnd telur að jarðamöt sýni tilvist sjálfstæðrar jarðar á þeim tíma sem um ræðir. Dýrleiki jarðar sé hins vegar fyrst og fremst heimild um landgæði fyrr á tímum, einkum grasfeng og útigang, en miklu síður um stærð jarða eða víðáttu. Jarðabækur og jarðamöt geta þannig gefið vísbendingar um eignarréttindi, landnýtingu og í einstaka tilvikum jafnvel um landamerki.

5.3. Máldagar og vísitasíur

Hugtakið *máldagi* var í fornu máli haft um hvers kyns samninga, munnlega og skriflega, en í þrengri merkingu var máldagi samningur sem gerður var við stofnun

[177] *Lovsamling for Island*. 6. b. Kaupmannahöfn 1856. S. 475–481.
[178] *Lovsamling for Island*. 14. b. Kaupmannahöfn 1868. S. 175.

kirkju. Máldaginn kvað á um réttindi og skyldur allra þeirra sem hagsmuna áttu að gæta, en hann var jafnframt skrá yfir eignir viðkomandi kirkju. Í kristinna laga þætti Grágásar segir svo:

> Þar er maður leggur fé til kirkju, hvort sem það er í löndum eða lausum aurum, í búfé eða tíundum af þeim bólstöðum er héraðsmenn skulu þangað inna, og skal sá maður er kirkju varðveitir láta gera þann máldaga á skrá allan, hvað hann hefir fjár gefið þangað, eða aðrir héraðsmenn til þeirrar kirkju. Þann máldaga er honum rétt að lýsa að Lögbergi eða í lögréttu eða á vorþingi því er hann heyr, hvað þar liggur fjár til þeirrar kirkju. Hann skal láta ráða [lesa] skrá og lýsa þann máldaga heima að kirkju um sinn [einu sinni] á tólf mánuðum hverjum, þá er menn hafa þangað tíðasókn flestir.[179]

Ákvæði þetta er talið vera frá biskupsárum Gissurar Ísleifssonar (1082–1118) og að líkindum sett í kjölfar tíundarlaganna 1096/1097.[180] Eins og fram kemur í tilvitnuðu ákvæði öðlaðist máldagi gildi um leið og honum hafði verið þinglýst á alþingi eða vorþingi.

Máldagi var í reynd samningur milli þriggja aðila: kirkjubónda, biskups og safnaðar. Bóndinn lagði kirkjunni til ákveðið stofnfé í samráði við biskup og nefndist það *heimanfylgja* hennar. Ávöxtur stofnfjár, svonefnd *afvinna*, ásamt tíund átti að duga fyrir rekstri kirkju en að auki bættust smám saman við gjafir af ýmsum toga, bæði í föstu og lausu, sem kirkjubóndinn eða einhver annar, er biskup skipaði til þess, hafði umsjón með. Sóknarfólkið greiddi tíund en fékk í staðinn kirkjulega þjónustu, sálusorgun og sakramenti í kirkju sinni. Hlutverk biskups var fyrst og síðast fólgið í því að gæta þess að kirkjan væri ekki hlunnfarin. Það gerði hann einkum í árlegum vísitasíuferðum sínum.[181]

Eins og flest opinber skjalagögn frá miðöldum fylgdi efnisskipan máldaga ákveðinni reglu sem var þáttur í trúverðugleika skjalsins. Venja var að greina fyrst frá stofnfé kirkjunnar. Engin eign var kirkju mikilvægari en grunnurinn sem hún stóð á og þess vegna var yfirleitt byrjað á því að tilgreina hversu stóran hlut kirkjan átti í heimalandi, þ.e. þeirri jörð sem hún stóð á. Hvorki aðrar fasteignir, eins og útjarðir (þ.e. jarðir utan heimajarðar kirkjunnar), né heldur afréttir gátu myndað þann grundvöll sem kirkja þurfti til að geta talist myndug og sjálfstæð, m.ö.o. *staður* að skilningi kirkjulaga. Þetta kom skýrt fram í svokölluðum *staðamálum* á síðari hluta 13. aldar.[182] Jafnframt gilti sú regla að kirkjueign mátti aldrei láta af hendi hvorki að hluta til né í heild sinni, nema önnur jafngóð kæmi í staðinn.[183]

---

[179] *Grágás* 1992, s. 12.
[180] Magnús Stefánsson, 1999: „Die isländischen Stiftungsurkunden – Kirkjumáldagar.“ *Karl von Amira zum Gedächtnis.* Peter Lang. Europäischer Verlag der Wissenschaften. S. 134–135.
[181] Hólabiskup átti að fara um allt umdæmi sitt á einu ári en Skálholtsbiskup á þremur árum.
[182] Sjá t.d. Magnús Stefánsson, 1978: „Frá goðakirkju til biskupskirkju.“ *Saga Íslands*. 3. b. Reykjavík. S. 123–126, 223–226.
[183] Sjá *Álitsgerð kirkjueignanefndar*. Fyrri hluti. 1984. S. 40–49.

Því næst voru aðrar eignir kirkjunnar taldar upp, fasteignir, fríður peningur og hlunnindi, síðan kirkjugripir, messuskrúði og bækur sem notaðar voru við helgihaldið. Að lokum var lýst kvöðum sem hvíldu á kirkjueigninni, ef nokkrar voru, og greint frá tíundarumdæmi eða upphæð tíundar um tiltekinn tíma. Þessi niðurröðun gat raskast af ýmsum ástæðum. Það gerðist t.d. þegar ný eign var færð inn í máldaga neðan við þann texta sem fyrir var í stað þess að skrifa hann allan upp að nýju. Í máldögum má því stundum sjá fasteignir nefndar á fleiri en einum stað ef þær voru lagðar til kirkju á mismunandi tímum.

Í kristinna laga þætti Grágásar var tekið fram að máldaginn skyldi lesinn upp við kirkju á þeim degi þegar tíðasókn þangað var mest. Trúlega hefur það verið á vígsludegi kirkjunnar eða einhverjum öðrum hátíðisdegi. Á þann hátt var reynt að tryggja hagsmuni kirkju og sóknarbarna í viðurvist vitna jafnframt því sem réttargildi heimildarinnar var endurnýjað. Ákvæði þetta hélst að mestu óbreytt í nýjum kristinrétti sem samþykktur var fyrir Skálholtsbiskupsdæmi 1275 og síðar (1354) einnig fyrir Hólabiskupsdæmi.[184] Þar var hins vegar ekki lengur tekið fram að máldaga skyldi lýst á alþingi (Lögbergi, lögréttu) eða vorþingi. Líklega hefur staðfesting biskups í viðurvist votta þá verið talin nægja til löggildingar máldaga. Um líkt leyti hafa biskupar eða skrifarar þeirra farið að skrá máldaga í sérstakar máldagabækur sem geymdar voru á biskupsstólunum. Á vísitasíuferðum hefur biskup síðan borið saman máldaga einstakra kirkna við það sem áður hafði verið skráð í máldagabók embættisins og var máldagabókin talin að öllu jöfnu hafa meira réttargildi. Elsta varðveitta máldagasafnið er frá 1318, kennt við Auðun rauða Þorbergsson biskup á Hólum.[185]

Máldagar eru flestir varðveittir í afskriftum frá 17. öld og eru þeir birtir í Íslensku fornbréfasafni. Sú útgáfa er með þeim annmörkum að þar hefur máldagasöfnum verið sundrað og einstakir máldagar tímasettir af mismikilli nákvæmni. Engu að síður hafa máldagar verið taldir með mikilvægustu heimildum okkar frá fyrri tíð. Til marks um það má geta þess að í íslensku lagasafni er enn að finna konungsbréf frá 5. apríl 1749 þar sem kveðið er á um að máldagi Gísla biskups Jónssonar (frá um 1575) sé auk máldagabókar Vilkins biskups (frá 1397) „áreiðanlegt og authentiskt“ kirkjuregistur.[186] Eftir siðaskipti tóku vísitasíubækur við af máldagabókum og voru þær lögboðnar með konungsbréfi 1. júlí 1746.[187]

Sagnfræðingar hafa yfirleitt ekki séð ástæðu til að efast um heimildargildi máldaga þó að sjálfsagt þyki að kynna sér varðveislusögu þeirra, aldur og samsetningu. Af úrlausnum dómstóla má ráða að heimildargildi máldaga og vísitasía

---

[184] *Norges gamle love indtil 1387*. 5. b. Christiania, 1895. S. 35.
[185] Magnús Már Lárusson, 1981: „Máldagi.“ *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder*. 11. b. Kaupmannahöfn. D. 265.
[186] *Lagasafn. Íslensk lög 1. október 1995*. S. 513–514.
[187] Björn K. Þórólfsson, 1956: *Biskupsskjalasafn*. Skrár Þjóðskjalasafns 3. Reykjavík. S. 47–48.

um tilvist eignarréttinda er metið með mikilli varfærni en að þessar heimildir geti þó, ásamt öðru, haft nokkra þýðingu.

5.4. Lögfestur

Í íslenskum réttarheimildum kemur hugtakið *lögfesta* fyrst fyrir í Jónsbók (1281) en mun þangað komið úr landslögum Magnúsar lagabætis. Lögfesta var að fornu notuð um lögformlega athöfn sem átti að tryggja tiltekin réttindi í fasteign. Leiguliði gat lögfest ábúðarrétt sinn gagnvart landeiganda (llb. 4), heimilt var að lögfesta landamerki milli jarða, beitarrétt og önnur ítök o.s.frv. (llb. 16, 26). Í öllum þessum tilvikum beindist lögfestan gegn ákveðnum einstaklingum (llb. 26). Einnig var unnt að lögfesta réttindi í þeim tilgangi að hún gilti almennt, en þá skyldi henni lýst við kirkju eða á þingi. Slík lögfesta gilti aðeins í 12 mánuði (llb. 17).[188]

Í Jónsbók er ætlast til að lögfestu sé fylgt eftir með dómsmáli, að öðrum kosti falli hún úr gildi (llb. 52). Í 26. kafla landsleigubálks segir í upphafi:

> Alt þat er menn skilr á um áverka á akri eða eng, holti eða haga, skóga, eða reka, þá skal lǫgfesta fyrir. Sá leggi fimtarstefnu er heldr þykkiz þurfa; hann skal svá mæla: Ek lǫgfesti eign þessa er N. heitir eða þar liggr, bú ok lóð, og alt þat er þar má til gagns af hafa, þar til er dómr fellur á, at lǫgmáli réttu…

Að vísu er ekki alls staðar tekið fram þar sem fjallað er um lögfestur að þeim skuli fylgt eftir með málsókn en gera verður ráð fyrir að til þess hafi verið ætlast. Páll Vídalín lögmaður skýrir þetta svo að lögfesta sé „að festa lög, lofa lögum“, þ.e. fylgja máli eftir til laga.[189] Fleiri dæmi má nefna um að löglærðir menn hafi lagt þennan sama skilning í ákvæði Jónsbókar um lögfestur. Ólafur Árnason á Höfðaströnd í Jökulfjörðum greinir t.d. frá því í bréfi 10. apríl 1704 að hann hafi 12. apríl 1686 lögfest 6 hundruð í Neðrabakka. Lögmaðurinn hafi hins vegar sagt sér í lögréttu (á Alþingi) að hafa lagasókn á eigninni eftir landabrigðum. Ólafur hafði enn ekki komið lagasókninni í verk með heimstefnu, þegar hann ritaði fyrrnefnt bréf, „sökum harðinda, fjúka og óveðráttu“. Hann varð því að sjá af þessum 6 hundruðum í Neðrabakka.[190] Annað dæmi er fimmtarstefna og dómsúrskurður sem fylgdi í kjölfar lögfestu Sigurðar Sigurðssonar landþingsskrifara fyrir jörðinni Háeyri.[191]

Hér má einnig geta þess að á Alþingi 1751 var langvarandi hefð eigenda Holts í Flóa á engjaplássinu Ljósateigi dæmd áreiðanlegri eignarheimild en einhliða lögfesta ráðsmannsins í Skálholti.[192] Þrátt fyrir fleiri dæmi af sama toga[193] virðist sú skoðun

---

[188] Sbr. Sigurður Líndal, 1982: „Foreløpige rettsmidler. Island.“ *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder*. 21. b. Kaupmannahöfn. D. 175–176.
[189] Páll Vídalín, 1854: *Skýríngar yfir Fornyrði Lögbókar þeirrar, er Jónsbók kallast…* Reykjavík. S. 165.
[190] *Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 303. Sbr. *Jarðaskjöl frá 16. og 17. öld. Útdrættir*. Reykjavík 1993. S. 162.
[191] *Alþingisbækur*. 15. b. Reykjavík 1982. S. 519–521.
[192] Sjá *Alþingisbækur*. 14. b. Reykjavík 1977. S. 17, 28. Sbr. einnig *Alþingisbækur* 15, s. 300.

hafa verið almenn að lögfesta hafi nægt sem eignarheimild ef enginn hreyfði við andmælum.

Dómstólar hafa lagt lítið upp úr lögfestum sem sönnunargögnum um tilvist eignarréttinda en ekki er þó útilokað að þær geti, ásamt öðru, haft nokkra þýðingu.

5.5. Jarðabréf og landamerkjabréf

Fyrir gildistöku landamerkjalaga, nr. 5/1882, voru í gildi ákvæði Jónsbókar um að gera skyldi skriflegan samning við jarðakaup.[194] Fjöldi jarðabréfa hefur varðveist frá fyrri tíð en jafnljóst er að mikið hefur glatast auk þess sem ekki er víst að slíkir samningar hafi ævinlega verið gerðir við jarðakaup þrátt fyrir ákvæði laganna. Jarðabréfin eru einnig með þeim annmörkum að í þeim er sjaldan lýst umfangi jarða eða landamerkjum. Á vegum óbyggðanefndar fór fram athugun á rúmlega 1500 útgefnum jarðabréfum frá ýmsum tímum, einkum 17. og 18. öld. Niðurstaðan var sú að í 72 þeirra (um 5%) er landamerkjum lýst, stundum ítrekað um sömu jörð. Tekið skal fram að hér er ekki einungis um kaupbréf að ræða, heldur jarðabréf af hvers kyns toga, svo sem testamentisbréf, eignayfirlýsingar og vísitasíur. Jarðir voru gjarnan seldar „með öllum þeim gögnum og gæðum, landsnytjum og ítökum sem fylgt hefur og fylgja ber að fornu og nýju í ystu landamerki“ eða álíka orðalagi. Gera verður ráð fyrir að samningsaðilum hafi verið kunnugt um landamerkin, hvort sem þau voru til skráð eða einvörðungu varðveitt í munnlegri geymd.

Frá 1847 og til setningar landamerkjalaga 1882 komu ítrekað fram á Alþingi mál er vörðuðu nauðsyn þess að landamerki jarða hér á landi yrðu skýrð og skráð.[195] Af umfjöllun þingsins má ráða það almenna álit þingmanna að landamerki víða um land væru í ólestri.[196] Þingmenn virtust sammála um að eignarrétturinn væri að sama skapi óviss og brýn þörf úrbóta. Gera þyrfti mönnum mögulegt að vernda eignarréttindi sín til fasteigna landsins. Koma þyrfti fastri og áreiðanlegri skipan á landamerki og fyrirbyggja óvissu eftirleiðis.[197] Skyldu landeigenda til að gera landamerkjalýsingar var líkt við að skipa mönnum að merkja fé sitt, svo sem lögskipað hefði verið frá ómunatíð.[198] Þá var nefnt að slík skrásetning skapaði hentugan grundvöll fyrir nýtt fasteignamat.[199] Af þessu má ráða að setning landamerkjalaga 1882 hafi verið þáttur í

---

[193] Sjá t.d. *Alþingisbækur*. 10. b. Reykjavík 1967. S. 179.
[194] Sjá *Jónsbók* 1904, s. 222 (12. k. kb.).
[195] Sjá *Tíðindi frá Alþingi Íslendínga* 1847, s. 67–68; 1849, s. 26, 261–263. *Alþingistíðindi* 1877 (fyrri partur), s. 515–516; 1879 (fyrri partur), s. 24–28; 1881 (síðari partur), s. 118.
[196] Sjá *Tíðindi frá Alþingi Íslendínga* 1849, s. 28–29, 31, 337 *Alþingistíðindi* 1877 (fyrri partur), s. 516–518; 1879 (fyrri partur), s.197, 485; 1879 (síðari partur), s. 763–764, 766; 1881 (fyrri partur), s. 553; 1881 (síðari partur), s. 408, 422.
[197] Sjá *Tíðindi frá Alþingi Íslendínga* 1849, s. 29, 31, 261, 274–275, 281, 513. *Alþingistíðindi* 1877 (fyrri partur), s. 517; 1879 (síðari partur), s. 763–764, 766, 783; 1879 (fyrri partur), s. 485. Sjá ennfr. *Alþingistíðindi* 1919 A I, s. 172.
[198] Sjá *Alþingistíðindi* 1879 (síðari partur), s. 766.
[199] Sbr. *Alþingistíðindi* 1877 (fyrri partur), s. 516–518; 1879 (síðari partur), s. 783. Sjá ennfr. *Alþingistíðindi* 1919, A I, s. 172.

viðleitni löggjafans í lok nítjándu aldar og byrjun þeirrar tuttugustu að skapa traustan grundvöll undir sölu, veðsetningu og skattlagningu jarða og annarra fasteigna, sjá einnig í köflum 3.3. og 5.2.

Í lögum um landamerki, nr. 5/1882, var í fyrsta skipti í íslenskri löggjöf kveðið á um almenna skyldu eigenda og umráðamanna jarða til að skrásetja nákvæma lýsingu á landamerkjum jarða sinna. Skyldi einnig getið ítaka eða hlunninda annarra í viðkomandi jörð svo og meðfylgjandi henni í annarra manna lönd. Eigendur aðliggjandi lands sem og aðilar ítaka skyldu rita samþykki sitt á bréfið, enda væru þeir sammála efni þess. Auk þinglesturs á næsta manntalsþingi var varðveisla landamerkjaskráa nú tryggð með færslu í landamerkjabók sýslumanns. Skrásetningu landamerkja, merkjasetningu og þinglýsingu landamerkjaskráa skyldi lokið innan fimm ára frá gildistöku laganna, að viðlögðum sektum. Kveðið var á um eftirlit sýslumanns með því að menn uppfylltu skyldur sínar í þessu efni. Ágreining skyldi útkljá fyrir merkjadómi.

Skylda til að halda við glöggum landamerkjum gilti því aðeins um afrétti og aðrar óbyggðar lendur „að því leyti því verður við komið“, sbr. 1. gr., í stað afdráttarlausrar skyldu jarðeigenda. Í ákvæði 2. gr. um skyldu til merkjasetningar virðist miðað við mörk milli tveggja jarða og skylda til skrásetningar landamerkja hvíldi á eiganda eða umráðamanni „hverrar jarðar“, sbr. 3. gr. Ekkert er minnst á afrétti eða aðrar óbyggðar lendur í því sambandi. Lögunum virtist þannig fyrst og fremst ætlað að fjalla um landamerki milli jarða.

Landamerkjalögin frá 1882 þóttu ekki ná tilgangi sínum til hlítar. Landamerkjaskrár voru ekki gerðar fyrir allar jarðir á landinu og margar einungis að nafninu til, án samþykkis allra hlutaðeigandi. Af þessum ástæðum þótti nauðsynlegt að endurskoða lögin og lauk þeirri vinnu með setningu núgildandi laga um landamerki o.fl., nr. 41/1919.[200] Í 1. gr. þeirra laga er kveðið á um skyldu eigenda eða fyrirsvarsmanna jarða til merkjasetningar. Jafnframt segir svo í ákvæðinu: „Sama er um merki milli jarða og afrjetta eða annara óbygðra lendna, ef sá krefst þess, er land á að afrjetti eða lendu.“ Í ákvæði laganna um viðhald merkja segir að eiganda eða fyrirsvarsmanni „lands“ sé skylt að halda við löglega settum merkjum að sömu tiltölu sem í 1. gr. segi um merkjagerð, sbr. 3. gr. Þá virðist ákvæði laganna um skyldu til skrásetningar landamerkja rýmra en ákvæði eldri laga að því leyti að þar er nú fjallað um „land“ í stað „jarðar“ og „fyrirsvarsmann“ í stað „umráðamanns“, sbr. 2. gr. laga nr. 41/1919 og 3. gr. laga nr. 5/1882. Eðlilegt virðist að túlka ákvæðið þannig að afréttir falli þar undir eins og önnur landsvæði. Sú skylda kemur þó ekki skýrt fram. Samkvæmt þessu skyldi skrásetja fyrirliggjandi landamerki afrétta en einungis setja merki og halda við merkjum ef sá krafðist þess sem land átti að afrétti. Enn sem fyrr miðast því ákvæði

[200] Sjá *Alþingistíðindi* 1919, A I, s. 172.

landamerkjalaga fyrst og fremst við að afmarka lönd jarða. Þessi ákvæði eru enn í gildi.

Þá er kveðið á um það í 6. gr. að jafnskjótt sem lögin komi til framkvæmda skyldu valdsmenn, hver í sínu umdæmi, rannsaka það hvort merkjaskrám þar hafi verið þinglýst. Komi í ljós að merkjaskrám hafi ekki verið þinglýst eða að samþykki sumra aðilja vanti á þinglýsta merkjaskrá, skyldi valdsmaður gefa til þess ákveðinn frest, að viðlögðum sektum, sbr. 7. gr. Jafnframt var kveðið á um að valdsmaður skyldi af sjálfsdáðum kveðja aðila fyrir dóm þegar hann fengi vitneskju um ágreining eða vafa þeirra á meðal um landamerki eða merkjaskrá væri eigi afhent til þinglýsingar, sbr. 8. gr.

Ljóst er að landamerkjalögin mæla fyrir um formsatriði, svo sem hvernig landamerki skuli úr garði gerð og hvað skuli koma fram í landamerkjaskrá.[201] Orðin landamerkjalýsing og -bréf hafa einnig verið notuð um þessa löggerninga. Lögin kveða hins vegar ekki á um efnisleg atriði, þ.e. hvar mörk skuli dregin eða hvaða réttindi fylgja í lönd annarra. Í samræmi við þetta felur landamerkjabréf ekki í sér sönnun um beinan eignarrétt yfir því landsvæði sem afmarkað er.

Gildi landamerkjabréfs er komið undir ýmsum atriðum. Þannig dregur augljóslega úr vægi þess ef eigendur eða fyrirsvarsmenn aðliggjandi lands hafa ekki áritað um samþykki sitt. Samanburður við landamerkjabréf þeirra, séu þau fyrir hendi, ætti þó að geta leitt í ljós hvort þar var um ágreining að ræða. Þá gat verið vandkvæðum bundið að afla tilskilinna áritana ef menn áttu mörk til óbyggða. Eignarhald á slíku svæði eða fyrirsvar vegna þess var e.t.v. óljóst eða ekki á neins manns hendi. Væri um afrétt að ræða verður að telja hreppsnefnd í fyrirsvari, en samkvæmt 17. gr. tilskipunar um sveitastjórn á Íslandi frá 4. maí 1872 skyldi hreppsnefnd sjá um „notkun afrjetta, fjallskil, fjárheimtur og ráðstafanir til að eyða refum,...“ Þess eru enda ýmis dæmi í kjölfar landamerkjalaganna að fyrirsvarsmenn hreppa áriti landamerkjabréf jarða sem liggja að afrétti og að gerð séu sérstök landamerkjabréf fyrir afrétti.

Auk þess að uppfylla formskilyrði þarf viðkomandi bréf að vera lögmætt að efni til. Þannig er ljóst að með gerð landamerkjabréfs máttu menn ekki einhliða auka við land sitt eða annan rétt umfram það sem verið hafði. Því dregur úr gildi landamerkjabréfs ef eldri heimildir mæla því í mót. Á sama hátt eykur það gildi landamerkjabréfs ef því má finna stuðning í eldri heimildum.

Samkvæmt ákvæðum landamerkjalaga 1882 og 1919 skyldi sýslumaður hafa eftirlit með því að menn uppfylltu skyldu sínar til skrásetningar merkja. Hafi bréf verið þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki tiltekinnar jarðar, án athugasemda yfirvalda eða ágreinings við nágranna eða sveitarfélag, virðist það benda til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var

[201] Sbr. *Alþingistíðindi* 1919, A I, s. 174.

talið gilda. Í þessu sambandi ber þess að geta að könnun óbyggðanefndar á dómum Landsyfirréttar á tímabilinu 1886–1920 bendir ekki til þess að í kjölfarið á setningu landamerkjalaganna hafi komið upp umtalsverður ágreiningur milli sveitarfélaga og eigenda efstu jarða um mörk jarða og afrétta. Jafnframt er ljóst að þinglýstir eigendur hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Ljóst virðist af úrlausnum dómstóla í einkamálum að við mat á gildi landamerkjabréfs skiptir máli hvort um er að ræða jörð eða annað landsvæði. Þegar um hefur verið að ræða svæði sem áður höfðu legið innan landamerkja jarða en verið keypt af hreppsfélögum og lögð til afrétta hefur landamerkjabréf verið talið ákvarða mörk eignarlands, sbr. H 1971 1137 (Reyðarvatn) og H 1975 55 (Arnarvatnsheiði).[202]

Hafi svæði hins vegar ekki legið innan landamerkja jarðar hefur landamerkjabréf haft aðra þýðingu. Litið hefur verið til margra atriða, svo sem Landnámu, staðhátta, gróðurfars og nýtingar, og komist að þeirri niðurstöðu að beinn eignarréttur væri ekki fyrir hendi. Tilvist landamerkjabréfs hefur ekki breytt þeirri niðurstöðu en bréfið talið ákvarða mörk afréttareignar, sbr. H 1955 108 (Landmannaafréttardómur fyrri), H 1997 1162 (Auðkúluheiði) og H 1997 1183 (Eyvindarstaðaheiði).

Hæstiréttur hefur hins vegar í þremur refsimálum sýknað menn af ákæru um ólöglegar fuglaveiðar á eignarlandi, þrátt fyrir að veiðarnar færu örugglega fram innan landamerkja jarðar samkvæmt landamerkjabréfi, sbr. H 1999 2006 (Sandfellshagi), H 1997 2420 (Neðri-Hundadalur), og H 1994 2227 (Geitland).[203] Í öllum tilvikum var um að ræða jarðir með mörk til óbyggða. Taldi Hæstiréttur að vafi léki á um beinan eignarrétt yfir viðkomandi landsvæði. Í tveimur þessara mála var um það að ræða að eldri heimildir en landamerkjabréf jarðarinnar voru ekki fyrir hendi, sbr. H 1999 2006 (Sandfellshagi) og H 1997 2420 (Neðri-Hundadalur). Staðhættir, gróðurfar og nýting þóttu hins vegar ekki benda til að stofnast hefði til beins eignarréttar yfir landsvæðinu. Sömu sjónarmið voru uppi í H 1999 111 (Gilsá), auk þess sem vafi var um hvar ákærði var við veiðarnar og hvar hann náði bráð sinni. Í H 1994 2227 (Geitland) var hins vegar um það að ræða að eldri heimildir voru taldar valda vafa um hvort landið væri eignarland. Niðurstöður Hæstaréttar í þessum málum ber að skoða í ljósi þeirrar meginreglu refsiréttar að vafa beri að meta ákærða í hag. Tekið er sérstaklega fram í H 1997 2420 (Neðri-Hundadalur) og H 1999 111 (Gilsá) að vafi sé um að stofnast hafi að lögum til beins eignarréttar „þrátt fyrir“ umrætt landamerkjabréf.

Í málum þessum var til úrlausnar hvort brotið hefði verið gegn einkarétti landeiganda til fuglaveiða og vafi um beinan eignarrétt nægði til sýknu. Með hliðsjón af því að dómstólar hafa ekki tekið óyggjandi afstöðu til þess að einkarétti hvernig jarðir skuli afmarkaðar gagnvart öðrum landsvæðum, fyrst og fremst óbyggðum, er skiljanlegt að í refsimálum hafi verið talinn vafi á ferðum. Það er hins vegar verkefni

[202] Ennfremur til athugunar í þessu sambandi er H 1997 2792.

óbyggðanefndar að úrskurða að einkarétti um slík mörk þar sem vafi er á ferðum. Óbyggðanefnd telur því að almennar eða bindandi ályktanir um eignarréttarlega þýðingu landamerkjabréfa verði ekki dregnar af umræddum fjórum refsidómum.

5.6. Afsals- og veðmálabækur

Samkvæmt Grágás þurfti ekki að lýsa landakaupum á þingi en ýmsum kvöðum (lögmálum), svo sem forkaupsrétti og veði, skyldi lýsa að Lögbergi.[204] Samkvæmt 11. og 12. kapítula kaupabálks Jónsbókar var skylt að gera kaupbréf þegar menn keyptu jarðir. Ekki þurfti að lýsa gerningunum en áfram skyldi lesa lögmála á Alþingi, sbr. 8.–9. kapítula landsbrigðaþáttar í Jónsbók.[205]

Í 28. gr. 3. kapítula 5. bókar Dönsku laga, um kaup og sölu og makaskipti, sagði m.a. að afsöl á húsum og jörðum skyldu fram fara á þingi þar sem jörðin væri og skyldi lesa og árita öll afsalsbréf á fyrsta eða öðru þingi. Réttarfarsákvæði Norsku laga Kristjáns V. voru lögleidd hér með opnu bréfi 2. maí 1732. Í 1. bók, 10. gr. 3. kafla, voru ákvæði um störf manntalsþinga en á þeim skyldu fara fram þinglýsingar. Landsmenn hirtu ekki nægilega um skyldu þessa og var hún áréttuð með úrskurðum kansellísins 3. nóvember 1766 og 22. apríl 1790. Var stiftamtmanni falið að áminna menn um að láta lesa, áskrifa og bóka öll eignarskjöl og veðbréf en við það var miðað að þinglýsingar færu fram við lögþingsrétt. Áminning þessi kom fram með auglýsingu í lögþingsbókinni 1793. Ekki voru nánari reglur um hvernig skyldi standa að þinglýsingu jarðakaupa-, gjafa- og veðbréfa og var um það mikil óvissa hvar skyldi þinglýsa heimildarbréfum. Með tilskipun frá 24. apríl 1833, um afsalsbréf og pantsetníngar á Íslandi, voru settar ítarlegri reglur um þetta efni. Var þar kveðið svo á að efni heimildarbréfs um fasteign skyldi lesast á því þingi sem eigindómurinn heyrði til. Eftir gildistöku laga nr. 30/1928, um þinglýsing skjala og aflýsing, fóru þinglýsingar fram á manntalsþingi, en í Reykjavík bæjarþingi. Hætt var lestri sérhvers skjals en þess í stað voru ákvæði um lestur skrár yfir skjöl sem borist höfðu til þinglýsingar. Lög þessi tóku nær eingöngu til framkvæmdar þinglýsinga en snertu ekki efnisatriði nema í litlum mæli. Þau lög giltu fram að setningu núgildandi þinglýsingalaga nr. 39/1978.

Þinglýsingareglur fjölluðu fyrir gildistöku núgildandi þinglýsingalaga ekki um þýðingu þinglýsingar. Engu að síður var litið svo á að registur samkvæmt tilskipuninni frá 1833 ættu að veita hverjum sem hafa vildi „áreiðanlega skírslu um heimild að fasteignum, ískyldur þær (ítök, veðsetníngar o.s.frv.) er þeim fylgja, og hvört nokkuð það sé á þíngi birt sem verið geti umráðum eigandans til tálmunar ...“[206]

---

[203] Þess ber þó að geta að Geitland hefur ekki verið nýtt sem jörð um langan aldur.
[204] *Grágás* 1992, s. 300 (14. k. lbþ.).
[205] *Jónsbók* 1904, s. 127–128 (8.–9. k. lbb.), 221–222 (11.–12. k. kb.).
[206] Jón Johnsen, 1840: *Hugvekja um þinglýsingar, jarðakaup, veðsetningar og peningabrúkun á Íslandi.* Kaupmannahöfn. S. 57.

Þá var talið að í gildistíð laga nr. 30/1928 mætti binda nokkurt traust við þær upplýsingar sem fá mátti í afsals- og veðmálabókum ásamt tilheyrandi skrám þeirra.[207] Nær engin ákvæði fjölluðu þó um réttaráhrif þinglýsingar og var það m.a. yfirlýst hlutverk með frumvarpi því, sem varð að þinglýsingalögum nr. 39/1978, að bæta úr brýnni þörf að því leyti.[208]

Eins og áður segir virðist hafa verið brotalöm í framkvæmd þinglýsinga fram undir lok 18. aldar og að þá hafi verið um það óvissa hvort lesa ætti heimildarbréf að fasteignum á manntalsþingum eða lögþingsréttinum (á Alþingi, síðar Landsyfirréttinum). Eftir gildistöku tilskipunarinnar frá 1833 voru skjöl einungis lesin við undirrétt (manntalsþing) og hefur þá verið miðað við að það teldist til dómstarfa. Sama gegndi um þinglýsingar í gildistíð laga nr. 30/1928 og síðan núgildandi þinglýsingalaga nr. 39/1978 þangað til lög nr. 92/1989, um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, öðluðust gildi 1. júlí 1992. Þá var kveðið svo á að störf við þinglýsingar teldust til stjórnsýslu. Enda þótt þinglýsing teldist til dómstarfa til ársins 1992, var viðurkennt að þau væru frábrugðin venjulegum dómstörfum þar sem um væri að ræða skráningu í bækur, samningu á skrám og framlagningu þeirra.[209] Það girti ekki fyrir dómsmeðferð ágreinings um efnisatriði skjala, þótt þeim hefði áður verið þinglýst og hafði þinglýsingin þannig ekki gildi sem dómur um það sem í skjalinu fjallaði. Einskorðaðist starf við þinglýsingu við formkönnun skjala.

Lestur skjala á þingi og skrásetning skjala í registur og síðar þinglýsingabækur hefur verið gerð í þeim tilgangi að skrá réttindi manna yfir viðkomandi eign. Skrár þessar hafa því verið réttindaskrár en þeim hefur aldrei verið ætlað það hlutverk að lýsa eiginleikum eignar eða ástandi á hverjum tíma.[210] Vissum skjölum hefur þó verið ætlað sérstakt hlutverk, svo sem jarðabréfum og landamerkjabréfum, en um þau hefur áður verið rætt. Þinglýsing slíkra skjala hefur þá haft svipað gildi og yfirlýsing gagnvart aðliggjandi jörðum eða svæðum, í því skyni að draga fram hugsanlegan ágreining um landamerki, en í þinglýsingunni fólst ekki staðfesting á efni skjalanna um stærð, legu eða annan eiginleika jarðanna.

5.7. Aðrar heimildir

Upplýsingar um eignarréttindi getur einnig verið að finna í ýmsum öðrum heimildum en þeim sem að framan greinir. Má þar fyrst nefna eldri dóma. Í því sambandi ber að líta til þess að vafi getur leikið á því hvort um frumrit sé að ræða, seinni tíma uppskrift eða jafnvel fölsun. Auk þess kann að vera vafi um upprunalegt gildi dómsins skv. þágildandi lögum. Þá er viðfangsefnið oft greiðsla afréttartolla, skylda til upprekstrar o.þ.h. Af úrlausnum verður sjaldan ráðið hvort til grundvallar er lagður beinn eða

[207] Þorgeir Örlygsson, 1993: *Þinglýsingar. Mistök í þinglýsingum. Réttarreglur.* Reykjavík. S. 29.
[208] *Alþingistíðindi* A 1977–1978, s. 1382.
[209] Þorgeir Örlygsson 1993, s. 46.
[210] Þorgeir Örlygsson 1993, s. 19.

óbeinn eignarréttur að viðkomandi landsvæði, enda ekki ljóst í hvaða mæli hugtök eignarréttar voru notuð í sambærilegri merkingu og í dag. Almennt gildi eldri dóma verður því að teljast takmarkað en einstakir dómar hljóta að koma til athugunar á þeim svæðum sem þeir fjalla um. Hlýtur aldur dóms að skipta nokkru máli og óhjákvæmilegt annað en að gildir dómar sem gengið hafa í gildistíð samtíma réttarskipunar okkar verði eftir því sem við á lagðir til grundvallar efnislegri niðurstöðu um einstök álitaefni.

Heimildir um stjórnsýslu veraldlegra yfirvalda er að finna í bréfa- og gerðabókum sýslumanna og hreppstjóra og enn fremur í skjalasöfnum æðstu embættismanna þjóðarinnar. Um hendur þeirra fóru m.a. flest erindi sem snertu sölu kirkjueigna.

Heimildir um eignaumsýslu kirkjunnar eru umtalsverðar. Áður var gerð grein fyrir máldögum og vísitasíum en fleiri má nefna. Bréfabækur biskupa eru einhliða heimildir en styðjast þó oft við eldri gögn að því leyti sem lýst er eignum og ítökum kirkna. Þá voru við flestar kirkjur sérstakar bækur sem nefndust kirkjustóll. Í þær voru skráðar eignir kirknanna og annað efni eftir skoðunargerð biskups eða prófasts. Skjalaflokkurinn klausturumboð veitir einnig mikilsverðar upplýsingar um eignir þeirra jarða sem á miðöldum heyrðu undir klaustrin en konungur lagði hald á eftir siðbreytingu.

Hér hefur verið fjallað um þær heimildir sem óbyggðanefnd telur almennt ástæðu til að kanna í hverju máli. Auk þeirra getur að sjálfsögðu verið sérstök ástæða til að kanna önnur prentuð eða óprentuð frumgögn. Jafnframt geta eftirheimildir á borð við almenn uppsláttarrit og ítarefni um svæðið, svo sem byggðar- og héraðslýsingar, t.d. sýslu- og sóknarlýsingar frá 19. öld og landfræðisaga Þorvaldar Thoroddsens, árbækur, o.s.frv. haft nokkra þýðingu. Loks geta fornleifarannsóknir varpað ljósi á búsetusögu viðkomandi svæðis.

Af úrlausnum dómstóla má ráða að heimildir af því tagi sem hér hefur verið gefið ágrip af, geti ásamt öðru haft nokkra þýðingu við mat á tilvist eignarréttinda.

6. NIÐURSTAÐA

Af úrlausnum dómstóla fyrir gildistöku þjóðlendulaga 1998 var ljóst að tiltekin landsvæði á hálendi Íslands væru ekki í eigu sveitarfélaga eða ríkis. Jafnframt mátti ætla að svipað ætti við um fleiri landsvæði en þau sem komið höfðu til umfjöllunar dómstóla. Réttarstaða þessara landsvæða var því að miklu leyti óljós. Þörfin á skýrum reglum um eignarráð og forræði jókst hins vegar með aukinni og fjölbreyttari nýtingu.

Þjóðlendulögin voru sett til að leysa úr þessum vanda. Með þeim er íslenska ríkið lýst eigandi slíkra svæða, þau kölluð þjóðlendur og óbyggðanefnd falið að greina á milli þeirra og eignarlanda. Jafnframt er gert ráð fyrir að innan þjóðlendu geti einstaklingar eða lögaðilar átt takmörkuð eignarréttindi og óbyggðanefnd falið að úrskurða um þau.

Hlutverk óbyggðanefndar er skilgreint í 7. gr. laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998. Samkvæmt því skal óbyggðanefnd:

a. Kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda.

b. Skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur.

c. Úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna.

Verkefni óbyggðanefndar er þannig lögbundið og felst í að upplýsa um mörk eignarlanda og þjóðlendna og skilgreina óbein eignarréttindi innan þjóðlendu. Við úrlausn verkefnis síns hlýtur óbyggðanefnd að byggja annars vegar á heimildum um eignarréttindi og hins vegar almennum sönnunarreglum. Það er ekki á valdsviði óbyggðanefndar að ákvarða frá grunni mörk, eftir atvikum ný mörk, svo sem á grundvelli hæðarlínu eða annarra almennra viðmiðana af því tagi, sbr. 5. gr. laga nr. 58/1998. Óbyggðanefnd hefur ekki heimild til að svipta menn eignarlöndum sínum eða skerða eignarréttindi þeirra á annan hátt. Í vafa- og takmarkatilvikum er þó óhjákvæmilegt annað en að ætla nefndinni nokkurt svigrúm við mat á mörkum eignarlanda og þjóðlendna, í samræmi við þær sönnunarreglur íslensks réttar sem nefndin er bundin af og grein er gerð fyrir í forsendum þessum. Þá telur nefndin að heimildir hennar til afmörkunar og ákvörðunar marka afrétta innan þjóðlendu séu eðli málsins samkvæmt rýmri en þegar um fyrrgreind mörk eignarlanda og þjóðlendna er að ræða.

Frumstofnun eignarréttar hér á landi hefur farið fram með landnámi, hefð og lögum, sbr. löggjöf um nýbýli og þjóðlendur.

Landnáma er grundvallarheimildin um landnám Íslands en heimildargildi hennar er umdeilt meðal fræðimanna. Óbyggðanefnd telur að Landnáma lýsi a.m.k. þeirri skiptingu lands sem menn töldu rétta eða voru ásáttir um á ritunartíma einstakra gerða hennar. Af frásögnum þar og rannsóknum á sviði sagnfræði, fornleifafræði og náttúrufræði virðist jafnframt óhætt að draga þá almennu ályktun að landnám hafi víða náð lengra inn til landsins en byggð á síðari tímum. Óbyggðanefnd telur jafnframt að skýrar frásagnir Landnámu hafi sönnunargildi um tilvist eignarréttar. Af takmörkuðum lýsingum í Landnámu verða hins vegar engar afdráttarlausar ályktanir dregnar um það hvort í öndverðu hafi verið stofnað til eignarréttar yfir landsvæði með námi.

Hefð er annar frumstofnunarháttur eignarréttar. Dómstólar hafa hafnað því að eignarhefð verði unnin á grundvelli hefðbundinna afréttarnota af landi utan landamerkja jarða. Eignarhefð hefur hins vegar verið viðurkennd á grundvelli sambærilegra nota innan landamerkja jarðar. Jafnframt er ljóst að nytjar af þessu tagi hafa ekki nægt til að vinna eignarhefð með útrýmandi hætti innan marka jarðar svo sem þau hafa verið afmörkuð í landamerkjabréfi hennar. Óbyggðanefnd telur að við mat á því hvort tekist hafi að fullna eignarhefð yfir landsvæði skipti máli hvort það er innan eða utan

landamerkja jarðar. Skilyrði fyrir því að eignarhefð verði unnin á landsvæði utan landamerkja jarðar eru þröng, þó að ekki sé slíkt útilokað.

Þá telur óbyggðanefnd það ekki á færi sínu, þrátt fyrir lögbundna rannsóknarskyldu nefndarinnar, að ákvarða einstökum aðilum réttindi á grundvelli réttarskapandi úrræðis sem hefðar, án þess að til komi beint og ótvírætt tilkall viðkomandi aðila um ákveðin og afmörkuð eignarréttindi og að hann eftir atvikum beri fyrir sig og byggi rétt á hefð.

Lög eru þriðji frumstofnunarháttur eignarréttar. Stofnun nýbýla á grundvelli nýbýlatilskipunar frá 15. apríl 1776 eða laga um nýbýli frá 6. nóvember 1897 virðist þó ekki hafa mikla almenna þýðingu í þessu sambandi enda fátíð, þó ekki sé hún dæmalaus.

Fram að gildistöku þjóðlendulaga var land að meginstefnu flokkað á grundvelli eignarhalds í *jarðir, afrétti* og *almenninga*. Þýðing þeirrar flokkunar nú ræðst af því hvernig hún fellur að hugtökunum *eignarland* og *þjóðlenda*.

Óbyggðanefnd telur að almennt megi gera ráð fyrir að jörð sé landsvæði sem upprunalega hefur verið ráðstafað úr einstökum landnámum, stofnað til nýbýlis á eða eignarhefð unnin yfir. Tilgangurinn með stofnun hverrar jarðar hefur verið að stunda þar búskap árið um kring. Samt sem áður getur að sjálfsögðu verið land innan jarðar sem ekki verður nýtt til landbúnaðar, enda getur setning merkja hæglega hafa tekið mið af öðrum atriðum. Nýting landsins hefur verið í samræmi við búskaparhætti og umfang bús á hverjum tíma. Land hverrar jarðar hefur frá öndverðu borið að afmarka með landamerkjum. Innan merkja jarðar sinnar hefur eigandi almennt séð farið með umráð og hagnýtingu, gert ráðstafanir með löggerningum, veðsett jörðina og látið hana ganga að erfðum, á sama hátt og gildir um eignarland yfirleitt. Óbyggðanefnd telur hvorki verða ráðið af eldri né yngri löggjöf að almennt séð hafi verið gert ráð fyrir því að land innan jarðar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu. Staðhættir, gróðurfar og nýtingarmöguleikar verða ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Einstök dæmi um slíka skiptingu finnast þó og eins kann það í öðrum tilvikum að valda nokkrum vafa þegar afréttur liggur eða lá sjálfstætt undir einstakar jarðir. Þá kunna að finnast svæði innan merkja jarða sem kölluð eru afréttur, e.t.v. með vísan til þess að sá hluti hennar hafi helst verið nýttur til beitar, án þess þó að eignarréttarleg staða þess landsvæðis hljóti að vera önnur. Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að líkur séu á því að land sem samkvæmt fyrirliggjandi heimildum er eða hefur verið jörð sé beinum eignarrétti háð. Sönnunarbyrðin hvílir því á þeim sem öðru heldur fram.

Óbyggðanefnd telur að tilvist ítaks í fasteign bendi fremur til þess að svæði það sem ítakið er á sé eða hafi einhvern tíman verið eignarland. Þannig hafi réttur yfir viðkomandi landsvæði verið nauðsynlegur grundvöllur undir stofnun ítaks á því og ítakshafinn öðlast rétt sinn innan marka þess réttar sem handhafi hinna beinu eignarréttinda átti. Þrátt fyrir þetta kunna að finnast ítök í landsvæðum sem ekki eru

undirorpin beinum eignarrétti nú og ekki unnt að sýna fram á að hafi nokkurn tíman verið það. Í slíkum tilvikum kann þó að vera um annars konar réttindi að ræða en ítök í hinni hefðbundnu merkingu hugtaksins.

Óbyggðanefnd telur að heimildir bendi ekki til að hér á landi hafi verið að finna afmörkuð landsvæði inn til landsins sem lotið hafi reglum um almenninga svo óyggjandi sé. Hafi einhvern tíma svo verið, hefur munur á þeim og afréttum orðið lítill eða enginn er tímar liðu fram. Þá er ljóst að stærstur hluti lands utan einstakra jarða hefur fyrr og síðar verið í afréttarnotum. Samkvæmt þessu verður ekki talið að hugtakið almenningur hafi mikið sjálfstætt gildi við mat á grunneignarrétti á landi sem verið hefur í slíkum notum. Það getur hins vegar haft þýðingu við mat á takmörkuðum eignarréttindum og eins verður ekki útilokað að slík landsvæði finnist.

Óbyggðanefnd telur ekki hægt að útiloka að landsvæði sem samkvæmt fyrirliggjandi heimildum eru samnotaafréttir hafi verið numin eða á annan hátt orðið undirorpin beinum eignarrétti. Samhengi eignarréttar og sögu liggur hins vegar ekki fyrir. Nýting landsins hefur fyrr og síðar fyrst og fremst falist í sumarbeit fyrir búfénað. Reglur um afmörkun á afréttum hafa verið mun rýmri en varðandi jarðir og fyrst og fremst miðast við hagsmuni eigenda aðliggjandi jarða. Þá er ljóst að löggjafinn hefur ráðstafað eignarréttindum á afréttum til annarra en afréttarhafa og ekki lagt á þá sömu skyldur og eigendur jarða. Í stað þeirra almennu heimilda til umráða, hagnýtingar, ráðstöfunar o.s.frv. sem eigandi jarðar hefur um aldir verið talinn fara með hefur einungis verið um að ræða heimildir til takmarkaðrar nýtingar sem snemma urðu lögbundnar. Með vísan til úrlausna dómstóla er ljóst að beinn eignarréttur verður ekki byggður á slíkum notum. Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að líkur séu á því að land sem samkvæmt fyrirliggjandi heimildum er samnotaafréttur sé þjóðlenda. Sönnunarbyrðin hvílir því á þeim sem öðru heldur fram.

Að því er varðar afrétti einstakra jarða og stofnana, virðist munurinn sá að réttindi einstakra jarða til landsvæðisins og tilheyrsla þess í því sambandi eru meiri en varðandi samnotaafréttina. Jafnframt hefur löggjafinn ekki ráðstafað eignarréttindum á slíkum svæðum á sama hátt og á samnotaafréttum. Hvort tiltekinn afréttur einstakrar jarðar eða stofnunar er undirorpinn beinum eða óbeinum eignarrétti heimajarðar er hins vegar ekki einhlítt og verður að meta í hverju tilviki fyrir sig. Kröfur dómstóla til sönnunar að því er varðar annars vegar afrétti einstakra jarða og stofnana og hins vegar samnotaafrétti virðast þó sambærilegar.

Um lönd eða hluta lands einstakra jarða sem hefur verið lagt til afréttar vísast til umfjöllunar um hugtakið *jörð*.

Landfræðileg afmörkun fasteigna var ekki skráð á samræmdan máta fyrr en í lok 19. aldar. Fram er komið að fyrir þann tíma eru heimildir um mörk jarða fágætar. Þá liggur fyrir að heimildargildi Landnámu er umdeilt og lýsingar hennar oft ónákvæmar. Úrskurður um eignarland eða þjóðlendu verður ekki byggður á þeim einum.

Með setningu laga um landamerki, nr. 5/1882, var í fyrsta skipti í íslenskri löggjöf kveðið á um almenna skyldu eigenda og umráðamanna jarða til að skrásetja nákvæma lýsingu á landamerkjum jarða sinna. Tilgangur löggjafans með setningu laga um landamerki 1882 og laga um hefð 1905 var sá að koma fastri skipan á afmörkun fasteigna og heimildir til þeirra. Hér má einnig nefna lög um fasteignamat 1915 þar sem kveðið var á um reglubundið mat fasteigna á tíu ára fresti. Með þessu móti leitaðist löggjafinn við að skapa traustan grundvöll undir sölu, veðsetningu og skattlagningu jarða og annarra fasteigna.

Samkvæmt ákvæðum landamerkjalaganna skyldi sýslumaður hafa eftirlit með því að menn uppfylltu skyldur sínar til skrásetningar merkja. Hafi bréf verið þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki tiltekinnar jarðar, án athugasemda yfirvalda eða ágreinings við nágranna eða sveitarfélag, virðist það benda til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Séu bréf aðliggjandi jarða samhljóða hlýtur það að benda til hins sama. Könnun óbyggðanefndar á dómum Landsyfirréttar á tímabilinu 1886–1920 bendir ekki til þess að í kjölfarið á setningu landamerkjalaganna hafi komið upp umtalsverður ágreiningur milli sveitarfélaga og eigenda efstu jarða um mörk jarða og afrétta. Jafnframt er ljóst að þinglýstir eigendur hafa haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst. Ennfremur hlýtur gildistaka hefðarlaga árið 1905 að styrkja eignartilkall slíkra aðila.

Ljóst virðist af úrlausnum dómstóla að við mat á gildi landamerkjabréfs, skiptir máli hvort um er að ræða jörð eða annað landsvæði. Hafi gögn máls þótt bera með sér að afréttarlandsvæði væri einungis óbeinum eignarréttindum háð hefur tilvist landamerkjabréfs ekki breytt þeirri niðurstöðu. Í slíkum tilvikum hafa landamerkjabréf einungis verið talin ákvarða mörk afréttareignar. Hins vegar hafa dómstólar í einkamálum talið landamerkjabréf ákvarða mörk eignarlands í tilvikum þar sem um var að ræða landsvæði sem áður höfðu legið innan landamerkja jarða.

Með vísan til tilgangs landamerkjalaga 1882, síðari tíma löggjafar og úrlausna dómstóla, telur óbyggðanefnd að leggja verði til grundvallar að jörð, svo sem hún er afmörkuð í landamerkjabréfi, sé beinum eignarrétti háð. Útilokað er að fullyrða um rétta afmörkun og órofa yfirfærslu eignarréttinda allt frá landnámi og til dagsins í dag. Í þeim tilvikum þar sem einstaklingar eða lögaðilar hafa samkvæmt elstu heimildum farið með þau réttindi og skyldur sem í beinum eignarrétti felast, verður að telja eðlilegt að íslenska ríkið beri hallann af þeim vafa sem fyrir hendi kann að vera. Einstaklingar og lögaðilar hafa haft réttmætar ástæður til að vænta þess að beinn eignarréttur væri fyrir hendi og getað leitað til handhafa opinbers valds honum til verndar. Hins vegar er þó ljóst að meta verður sérstaklega gildi hvers landamerkjabréfs. Þannig dregur úr gildi landamerkjabréfs ef eldri heimildir mæla því í mót.

Á hinn bóginn telur óbyggðanefnd að líkur séu á því að land sem samkvæmt fyrirliggjandi heimildum hefur ekki með einum eða öðrum hætti tilheyrt jörð, hafi

ekki orðið beinum eignarrétti háð fyrr en með setningu þjóðlendulaga. Ekki er hægt að útiloka að þessi landsvæði hafi verið numin eða á annan hátt orðið undirorpin beinum eignarrétti en samhengi eignarréttar og sögu liggur ekki fyrir. Í stað þeirra almennu heimilda til umráða, hagnýtingar, ráðstöfunar o.s.frv. sem eigandi jarðar hefur um aldir verið talinn fara með hefur einungis verið um að ræða heimildir til takmarkaðar nýtingar sem snemma urðu lögbundnar. Með vísan til úrlausna dómstóla er ljóst að beinn eignarréttur verður ekki byggður á slíkum notum. Sönnunarbyrðin hvílir því á þeim sem slíku heldur fram.

Um eignarréttarlega stöðu þess lands sem hulið er jökli fer eftir sömu reglum og um önnur landsvæði. Þegar merki jarðar eru miðuð við jaðar jökuls og þeim því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti í landamerkjabréfi ber þannig að miða við stöðu jökuljaðarsins við gildistöku þjóðlendulaga, 1. júlí 1998, enda sé jökullinn í þjóðlendu. Sé jökulsvæði innan merkja jarðar gilda hins vegar almenn sjónarmið um túlkun landamerkja. Merki sjávarjarða til hafsins fylgja breytingum á stórstraumsfjörumáli og landamerki færast inn og út í samræmi við landauka eða landtap.

7. ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 5

7.1. Almenn atriði og dómafordæmi í þjóðlendumálum[211]

[...]

Á þeim tíma sem liðinn er frá því *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* og viðauki við þær [sbr. kafla 1–6 hér að framan] birtist hefur Hæstiréttur kveðið upp nokkurn fjölda dóma sem fela í sér afstöðu réttarins til atriða sem almenna þýðingu hafa við efnislega úrlausn þjóðlendumála. Skal þar fyrst getið um dóm Hæstaréttar frá 6. september 2005 í máli nr. 367/2005, sem fjallað var um í inngangi að niðurstöðum óbyggðanefndar í málum á svæði 4 [mál nr. 1–6/2004]. Svo sem þar segir verður sú ályktun af honum dregin, sbr. nú einnig dóm Hæstaréttar frá 16. maí 2007 í máli nr. 571/2006, að óbyggðanefnd sé bundin af kröfugerð aðila, hvort heldur er íslenska ríkisins eða annarra, og verði að leysa úr máli á þeim grundvelli. Í tilvikum ríkisjarða hefur því þó verið lýst yfir af hálfu íslenska ríkisins að í þjóðlendukröfu felist ekki afsal á eignarlandi og því eigi niðurstaða óbyggðanefndar, að því leyti sem hún tekur til ríkisjarða, að ráðast af sömu atriðum og lögð séu til grundvallar um annað eignarland. Aðrir dómar varða fremur heimildamat og sönnunarkröfur, nánar tiltekið tveir dómar Hæstaréttar frá 21. október 2004 (mál nr. 47 og 48/2004); þrír dómar frá 11. maí 2006 (mál nr. 496/2005, 454/2005 og 345/2005); tveir dómar frá 28. september 2006 (mál nr. 497/2005 og 498/2005); tveir dómar frá 5. október 2006 (mál nr. 67/2006 og 133/2006) og nú síðast þrír dómar frá 16. maí 2007 (mál nr. 448/2006, 536/2006 og 24/2007).

[...]

Hér á eftir verður fyrst lagt mat á hvort dómar gefi tilefni til að herða sönnunarkröfur til landamerkjabréfa jarða og að því loknu fjallað almennt um stofnun heiðarbyggðar á Norðausturlandi. [...].

7.1.1. Gildi landamerkjabréfa jarða[212]

Í forsendum dóms Hæstaréttar í máli nr. 48/2004, sem birtur er í dómasafni þess árs á bls. 3796, tók rétturinn almenna afstöðu til mats á gildi landamerkjabréfa, annars vegar jarða og hins vegar annarra landsvæða, og inntaks eignarréttar á svæði, sem lýst er í landamerkjabréfi jarðar, sbr. einnig tilvísanir í síðari dómum í þjóðlendumálum, t.d. máli nr. 345/2005. Orðrétt segir svo:

> Við mat á gildi landamerkjabréfa og því hvert sé inntak eignarréttar á svæði, sem þar er lýst, skiptir almennt máli hvort um er að ræða jörð eða annað landsvæði, en þekkt er að landamerkjabréf hafa ekki eingöngu verið gerð fyrir jarðir, heldur einnig til dæmis afrétti, sem ekki tengjast sérstaklega tiltekinni jörð. Felur landamerkjabréf fyrir jörð í sér ríkari sönnun fyrir því að um eignarland sé að ræða þótt jafnframt verði að meta gildi hvers bréfs sérstaklega.

Einnig kemur fram það álit réttarins að áritun um samþykki eigenda aðliggjandi jarða, þinglýsing og innfærsla í landamerkjabók auki sönnunargildi landamerkjabréfs. Sama máli gegnir ef ekki hefur verið ágreiningur um merki viðkomandi jarðar. Hins vegar verði ekki litið fram hjá þeirri staðreynd að fyrir gildistöku laga nr. 58/1998 hafi engum verið til að dreifa sem gat sem handhafi beins eignarréttar gert samninga um mörk þess lands sem nú nefnist þjóðlenda. Þá verði þess að gæta að með því að gera landamerkjabréf gátu menn ekki einhliða aukið við land sitt eða annan rétt umfram það sem verið hafði. Verði til þess að líta hvort til séu eldri heimildir sem fallið geti að lýsingu í landamerkjabréfi, enda stangist sú lýsing heldur ekki á við staðhætti, gróðurfar og upplýsingar um nýtingu lands.

Segja má einnig að í nýjustu dómum, sbr. mál nr. 536/2006 og 24/2007, hafi enn verið hnekkt á þýðingu þess að landsvæði teljist innan merkja jarðar. Samkvæmt þessu er óbyggðanefnd rétt að leggja áfram áherslu á landamerkjabréf jarða, sbr. umfjöllun um þau í *Almennum niðurstöðum*, enda þótt með skýrum fyrirvörum sé.

Umfjöllun dómstóla um landamerkjabréf jarðanna Úthlíðar, Stafafells (hluta), Skaftafells og Hóla gefur þó tilefni til að huga sérstaklega að því hvort óbyggðanefnd beri að herða kröfur til sönnunar eignarlands innan landamerkjabréfa jarða, frá því sem lagt er til grundvallar í *Almennum niðurstöðum*. Viðkomandi landsvæði voru öll

---

[211] Kafli 6.1. í málum nr. 1–5/2005 (svæði 5).
[212] Kafli 6.1.1. í málum nr. 1–5/2005 (svæði 5).

talin eignarlönd en í forsendum dóma samt sem áður lýst efasemdum um að svo væri að öllu leyti.

Í tilvikum Úthlíðar og þess hluta Stafafellslands sem liggur sunnan og vestan Jökulsár, sbr. mál nr. 48/2004 og 498/2005, lágu fyrir bæði landamerkjabréf og eldri heimildir um merki. Lýsingar þessar fengu vel samrýmst en beinn eignarréttur á hluta þeirra landsvæða sem afmörkuð voru þrátt fyrir það talinn vafa undirorpinn. Fram kemur að staðhættir og fyrirliggjandi heimildir um gróðurfar styðji ekki að þar hafi verið stofnað til beins eignarréttar með námi. Ekki voru þó talin skilyrði til að skilja þessi landsvæði undan eignarlandi jarðanna, einkum þar sem ekkert hefði komið fram af hálfu íslenska ríkisins sem leggja mætti til grundvallar við nánari afmörkun að þessu leyti. Varðandi umræddan hluta Úthlíðar var einnig tekið fram að ekki hefði verið sýnt fram á að landsvæðið hefði verið nýtt sem samnotaafréttur.

Í tilvikum Skaftafells og Hóla, sbr. mál nr. 496/2005 og 48/2004, voru landamerkjabréf fyrir hendi en engar eldri heimildir. Um landamerkjabréf Skaftafells, sem er ódagsett en var þinglesið á árinu 1890, segir svo í dómi Hæstaréttar:

> Þótt landamerkjabréfið geti haft sönnunargildi um mörk eignarlands Skaftafells með því að það var áritað um samþykki af eigendum aðliggjandi jarða, þinglesið og fært í landamerkjabók, verður að líta til þess að ekki var á valdi eigenda jarðarinnar að auka með landamerkjabréfinu við land sitt eða annan rétt umfram það, sem áður hafði verið. Getur landamerkjabréf þetta því ekki eitt og sér nægt gegn andmælum áfrýjanda til að sanna beinan eignarrétt eigenda Skaftafells II að landinu á Skeiðarársandi, sem deilt er um í málinu, heldur verða önnur atriði jafnframt að koma til, sem stutt geta sömu niðurstöðu, sbr. dóm Hæstaréttar 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 [sem fjallar m.a. um Hóla], sem birtur er í dómasafni þess árs á bls. 3796.

Hér skal einnig getið dóms í máli nr. 345/2004, varðandi jörðina Fell í Suðursveit. Þar lá fyrir skýr eldri heimild, nánar tiltekið lögfesta frá árinu 1851, þar sem merki inn til landsins voru m.a. miðuð við aðliggjandi jökul. Landamerkjabréf jarðarinnar frá árinu 1922 var mun óskýrara, náði skemur inn til landsins, þ.e. í átt að jökli, og gat ekki sérstaklega um merki gagnvart jöklinum. Fjalllendið næst jökli var dæmt þjóðlenda og þannig fremur miðað við hina yngri heimild, þ.e. landamerkjabréfið, sem náði skemur en hin eldri. Þar höfðu þó önnur atriði einnig vægi.

Óbyggðanefnd hefur nú þegar kveðið upp úrskurði sem fjalla um fjölda jarða á sunnanverðu landinu, þ.e. svæðum 1–4, og heimilda um afmörkun og eignarréttindi á ágreiningssvæðum verið skipulega leitað, m.a. á Þjóðskjalasafni og hjá sýslumannsembættum. Séu þær skoðaðar heildstætt kemur í ljós að landamerkjabréf hátt í tvöhundruð jarða hafa verið könnuð sérstaklega. Í upp undir helmingi tilvika hefur það verið elsta lýsing á merkjum jarðar og beinn samanburður við eldri heimildir þannig ekki mögulegur. Því fer einnig fjarri að eldri heimildir séu almennt

heildstæðar merkjalýsingar. Þvert á móti geta þær verið brotakenndar og jafnvel fremur falið í sér vísbendingar en ótvíræðar lýsingar. Loks eru tíu tilvik þar sem ekkert landamerkjabréf, í skilningi landamerkjalaga, er fyrir hendi og verður ekki séð að það hafi nokkurn tíma verið gert. Að því er varðar mikinn meirihluta jarða á svæðum 1–4, var niðurstaðan sú að aðrar heimildir um merki, væru þær til, ýmist styddu lýsingu bréfs eða mæltu henni ekki í mót. Merkjum væri því rétt lýst í landamerkjabréfi, svo sem óbyggðanefnd skýrði það. Tekið skal fram að sú skýring var í ákveðnum tilvikum önnur en málsaðila.

Svo sem að framan greinir virðast dómstólar þannig gera fremur strangar kröfur til landamerkjabréfa jarða, þ. á m. að þau hafi stuðning af öðru og þá einkum eldri heimildum. Til þess ber þó að líta að fleiri atriði eru hér samofin og lögð til grundvallar niðurstöðu hverju sinni, þar á meðal mismunandi vægi eða trúverðugleiki einstakra heimilda, nýting, gróðurfar og staðhættir. Með hliðsjón af því og með tilliti til stjórnskipulegrar jafnræðisreglu telur óbyggðanefnd að fara beri varlega í að draga víðtækar ályktanir af þessari umfjöllun. Líta ber til þess að eftir að gengið hafði verið frá landamerkjabréfi, með tilheyrandi opinberri skráningu, hafði jarðeigandi síður ástæðu til að varðveita skjöl sem þar kann að hafa verið byggt á. Eðlilegt verður að telja að íslenska ríkið beri hallann af þeim vafa sem fyrir hendi kann að vera í slíkum tilvikum.

Niðurstaða óbyggðanefndar er því sú að ekki sé ástæða til að herða sérstaklega kröfur um sönnun eignarlands innan lýsingar í landamerkjabréfi jarðar, umfram það sem áður hefur verið lagt til grundvallar og samrýmist vel þeirri almennu afstöðu Hæstaréttar til landamerkjabréfa sem áður var lýst. Eftir sem áður er ljóst að dómstólar gera nokkuð strangar kröfur til sönnunar eignarlands, sbr. einnig þá meginreglu í íslenskum rétti að sá sem telur til eignarréttar yfir landi verður að færa fram heimildir fyrir eignartilkalli sínu. Jafnframt liggur fyrir að landamerkjabréf hafa ekki eingöngu verið gerð fyrir jarðir, sbr. t.d. dóm Hæstaréttar 28. september 2006 í máli nr. 497/2005, þar sem segir svo:

> ...nær frá upphafi Íslandsbyggðar mörkuðu menn sér ekki eingöngu ákveðin landsvæði, sem voru háð beinum eignarrétti, heldur einnig mörk ítaka, afrétta og allra annarra réttinda í lönd sem einhverja þýðingu gátu haft fyrir afkomu manna. Meðan landsvæði gaf eitthvað af sér lágu hagsmunir til þess að halda merkjum réttindanna við, hvers eðlis sem þau voru. Af framanrituðu þykir leiða að skýra verði hvaða réttindi það séu sem menn voru að skipta á milli sín.

7.1.2. Heiðarbýli á Norðausturlandi[213]

Í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* er gerð almenn grein fyrir þeirri stofnun eignarréttar sem heimilaður var í nýbýlatilskipun frá 15. apríl 1776, um landnám og

byggingu eyðijarða, og síðar nýbýlalögum, nr. 15/1897.[214] Að því er varðar Norðausturland sérstaklega í þessu sambandi benda heimildir til að í kjölfar nýbýlatilskipunar og fram yfir miðja 19. öld hafi þar verið stofnað til heiðarbyggðar í meiri mæli en á þeim landshlutum sem áður hafa komið til umfjöllunar hjá óbyggðanefnd. Byggð þessi stóð að jafnaði stutt, oft slitrótt, og þegar komið var fram á miðja 20. öld var henni nær alveg lokið. Í kjölfar gildistöku landamerkjalaga voru ýmist gerð sérstök landmerkjabréf fyrir slík heiðarbýli eða þau felld innan landamerkjalýsingar tiltekinnar jarðar.

Samkvæmt ákvæðum nýbýlatilskipunar gat slík býlisstofnun hvort heldur er verið í landi jarðar eða utan þess. Kveðið var á um útmælingu viðkomandi landsvæðis undir stjórn sýslumanns og útgáfu amtmanns á byggingarbréfi til handa nýbýlingi, enda hefði skilyrðum verið fullnægt.

Í þeim tilvikum að stofnað var til nýbýlis í landi jarðar með lögformlegum hætti, sbr. einkum 2. gr. nýbýlatilskipunar, er ljóst að með því hefur ekki orðið breyting á eignarréttarlegri stöðu landsvæðisins. Hér gegnir sama máli og ef þar var stofnað til byggðar með öðrum hætti, svo sem leigu eða sölu hluta jarðar.[215] Um slík landsvæði hlýtur því að fara eftir sömu sjónarmiðum og jarðir almennt, hvernig sem formlegum frágangi hefur verið háttað. Um jarðir almennt vísast nánar til *Almennra niðurstaðna óbyggðanefndar*.

Hafi hins vegar tekist byggð utan jarðar, sbr. einkum 4. gr. nýbýlatilskipunar, verður að kanna hvort þar hafi verið stofnað til lögformlegs nýbýlis. Hafi svo verið, er ljóst að viðkomandi landsvæði er eignarland, þá þegar af þeirri ástæðu. Ella verður að líta svo á að ekki hafi verið stofnað til beins eignarréttar á grundvelli þeirrar löggjafar. Eignarréttarleg staða viðkomandi landsvæðis breyttist því ekki, hvernig sem henni var farið. Annað mál er að í kjölfarið kann að hafa stofnast þar eignarland á öðrum grundvelli, sbr. lög nr. 46/1905 um hefð.

Heiðarbyggð á Norðausturlandi er nefnd ýmsum nöfnum í heimildum, einkum nýbýli, afbýli, heiðarkot og hjáleiga. Notkun þessara hugtaka er misvísandi og tekur ekki endilega mið af ákvæðum nýbýlatilskipunar eða nýbýlalaga. Þannig kann tiltekið býli að vera nefnt nýbýli í heimildum án þess að byggingarbréf liggi fyrir. Málsmeðferð nýbýlaumsóknar getur þá af einhverjum ástæðum hafa lokið á einhverju stigi, svo sem eftir útmælingu, eða jafnvel ekki hafist yfirleitt. Á hinn bóginn getur verið að byggingarbréf hafi verið gefið út en býlið þrátt fyrir það nefnt annað en nýbýli, t.d. hjáleiga.

Útgáfa byggingarbréfs, sem stundum er nefnt nýbýlaleyfi, tekur af vafa um stofnun eignarlands og að landsvæði hafi frá þeim tíma öðlast stöðu jarðar að lögum. Að öðru leyti hlýtur að þurfa að leggja mat á eignarréttarlega stöðu viðkomandi

---

[213] Kafli 6.1.2. í málum nr. 1–5/2005 (svæði 5).
[214] Sbr. kafla 3.3. [...].
[215] Sbr. kafla 4.2. [...].

landsvæðis áður en þar tókst byggð og hvort sú staða hafi tekið breytingum síðan. Í því sambandi ber að líta til þeirra krafna sem Hæstiréttur hefur gert til sönnunar eignarlands, sbr. kafla [7].1.1.

8. ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 6

8.1. Dómafordæmi í þjóðlendumálum[216]

[...]

Frá því óbyggðanefnd kvað upp [...] úrskurði [síðast], í málum nr. 1–5/2005 (svæði 5), hafa gengið níu Hæstaréttardómar sem tengjast fyrri svæðum. Nánar tiltekið eru þetta fimm dómar frá 14. júní 2007, þ.e. í málum nr. 22/2007 (Þórsmörk og Goðaland), nr. 23/2007 (Steinsholt), nr. 25/2007 (Almenningar), nr. 26/2007 (Merkurtungur), nr. 28/2007 (Stakkholt), einn dómur frá 4. október 2007, í máli nr. 27/2007 (Grænafjall/Fljótshlíðarafréttur), einn dómur frá 11. október 2007, í máli nr. 99/2007 (Skaftártunguafréttur) og loks tveir dómar frá 18. október 2007, í málum nr. 47/2007 (Núpsstaður og fleiri jarðir í Fljótshverfi) og 79/2007 (Mörtunga og Prestbakkajarðir).

Tveir hinir síðastnefndu dómar eru fremur til staðfestingar á [...] niðurstöðu [þeirri sem greinir í kafla 7.1.1.], þ.e. að ekki beri að herða sérstaklega kröfur til landamerkjabréfa jarða. Að öðru leyti telur óbyggðanefnd nauðsynlegt að taka til athugunar samhengi eldri og yngri dóma um eignarréttarlega stöðu tiltekinna afrétta einstakra jarða og/eða stofnana og hvort tilefni sé til breytinga á sönnunarmati óbyggðanefndar í sambærilegum tilvikum. Fer sú umfjöllun hér á eftir.

8.2. Afréttir einstakra jarða og stofnana[217]

Um þýðingu hugtakanna jörð, afréttur og almenningur er rækilega fjallað í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* [...]. Að því er varðar hugtakið jörð er niðurstaðan sú að almennt megi gera ráð fyrir að slíku landi hafi upphaflega verið ráðstafað úr einstökum landnámum, stofnað til nýbýlis á eða eignarhefð unnin yfir. Þannig eru taldar líkur á því að jörð, svo sem hún er afmörkuð í landamerkjabréfi eða innan annarra ótvíræðra merkja, sé beinum eignarrétti háð. Tilvist landamerkjabréfs ein og sér ræður því ekki úrslitum um mat á eignarrétti, heldur staða landsvæðisins sem jarðar.

Afrétti hefur óbyggðanefnd flokkað í þrennt á grundvelli uppruna, sbr. kafla 4.4. og 4.5. í áðurnefndum *Almennum niðurstöðum*. Þar eru í fyrsta lagi samnota-afréttir, þ.e. þeir afréttir sem skv. elstu heimildum hafa verið í sameiginlegum notum jarða í tilteknu sveitarfélagi eða á afmörkuðu svæði. Í öðru lagi eru afréttir einstakra jarða og stofnana, sem skv. elstu heimildum tilheyrðu einstökum jörðum, lög-

[216] Kafli 6.1.2. í málum nr. 1–5/2007 (svæði 6).

persónum eða stofnunum, fyrst og fremst kirkjunum. Í þriðja lagi er um að ræða jarðir sem að hluta eða öllu leyti hafa verið lagðar til afréttar og gilda þar um sambærileg sjónarmið og að framan greindi um eignarhald á landi jarða yfirleitt.

Hafi umþrætt landsvæði ekki legið innan merkja jarðar hefur óbyggðanefnd talið að líkur séu á því að það hafi ekki orðið beinum eignarrétti háð fyrr en með setningu þjóðlendulaga. Tilvist landamerkjabréfs skiptir þá ekki grundvallarmáli en litið til atriða svo sem umfjöllunar í heimildum, nýtingar, staðhátta, gróðurfars og landnáms. Ekki er þó alltaf augljóst hvort landsvæði hefur stöðu jarðar eða afréttar. Á það álitaefni hefur sérstaklega reynt þegar undir einstakar jarðir og/eða stofnanir hafa legið svæði sem skilin hafa verið frá viðkomandi heimajörð með sjálfstæðum merkjum eða, í sumum tilvikum, af öðrum fasteignum. Eru aðstæður þá oft þær að landsvæðisins er getið með sérstökum hætti í heimildum, stundum beinlínis kallað afréttur og heimildir um afnot einskorðaðar við beit eða önnur þrengri og þá sambærileg not.

Til úrlausnar hjá óbyggðanefnd hefur komið nokkur fjöldi landsvæða sem fella má undir framangreinda lýsingu. Þessi landsvæði hafa verið úrskurðuð þjóðlendur og afréttir/landsvæði í afréttareign, eftir atvikum með vísan til heimilda, legu, sögu, staðhátta, nota o.fl. Ber hér að nefna Afrétt norðan vatna í máli nr. 4/2000 (svæði 1), Hrunaheiðar í máli nr. 5/2000 (svæði 1); Hoffellslambatungur í máli nr. 4/2001 (svæði 2); Þórsmörk, Goðaland, Almenninga, Teigstungur, Múlatungur, Merkurtungur, Stakkholt, Steinsholt, Hólatungur, Borgartungur og Skógafjall í máli nr. 5/2003 (svæði 3); Hvítmögu og Stórhöfða í máli nr. 6/2003 (svæði 3); Villingadal, Suðurfell og Múla í máli nr. 1/2005 (svæði 5); Steinvarartungu og Þorbrandsstaðatungur í máli nr. 3/2005 (svæði 5); Þverfellsland og sunnanverða Grímólfsártungu í máli nr. 4/2005 (svæði 5) og loks afréttarland á Hólsfjöllum í máli nr. 5/2005 (svæði 5).

Segja má að Hæstiréttur hafi einnig tekið skýra afstöðu til landamerkjabréfa annarra landsvæða en jarða, þegar í fyrstu dómum í þjóðlendumálum. Í forsendum réttarins í dómi frá 21. október 2004, máli nr. 48/2004, segir þannig svo:

> Við mat á gildi landamerkjabréfa og því hvert sé inntak eignarréttar á svæði, sem þar er lýst, skiptir almennt máli hvort um er að ræða jörð eða annað landsvæði, en þekkt er að landamerkjabréf hafa ekki eingöngu verið gerð fyrir jarðir, heldur einnig til dæmis afrétti, sem ekki tengjast sérstaklega tiltekinni jörð. Felur landamerkjabréf fyrir jörð í sér ríkari sönnun fyrir því að um eignarland sé að ræða þótt jafnframt verði að meta gildi hvers bréfs sérstaklega.

Að auki segir svo í dómi réttarins frá 28. september 2006 í máli nr. 497/2005:

> ...nær frá upphafi Íslandsbyggðar mörkuðu menn sér ekki eingöngu ákveðin landsvæði, sem voru háð beinum eignarrétti, heldur einnig mörk ítaka, afrétta

---

[217] Kafli 6.1.3. í málum nr. 1–5/2007 (svæði 6).

> og allra annarra réttinda í lönd sem einhverja þýðingu gátu haft fyrir afkomu manna. Meðan landsvæði gaf eitthvað af sér lágu hagsmunir til þess að halda merkjum réttindanna við, hvers eðlis sem þau voru. Af framanrituðu þykir leiða að skýra verði hvaða réttindi það séu sem menn voru að skipta á milli sín.

Þá hefur komið fram það skýra mat Hæstaréttar að sé ekki um jörð að ræða hafa landamerkjabréf takmarkaðra vægi sem „sönnunargagn um beinan eignarrétt“, sbr. dóm Hæstaréttar 14. júní 2007 í máli nr. 22/2007.

Úrskurðir óbyggðanefndar um þær þjóðlendur og afrétti/landsvæði í afréttareign sem áður voru tilgreindar hafa verið staðfestir efnislega með dómum Hæstaréttar að því er varðar Afrétt norðan vatna, Hoffellslambatungur, Hrunaheiðar, Þórsmörk, Goðaland, Steinsholt, Almenninga, Merkurtungur og Stakkholt, sbr. dóma frá 21. október 2004, 28. september 2006, 5. október 2006 og 14. júní 2007 í málum nr. 47/2004, nr. 497/2005, nr. 133/2006, nr. 22/2007, nr. 23/2007, nr. 25/2007, nr. 26/2007 og nr. 28/2007. Í tilvikum Skógafjalls, Hvítmögu og Stórhöfða var sams konar niðurstöðum óbyggðanefndar á hinn bóginn snúið við og komist að þeirri niðurstöðu að þar væru eignarlönd en ekki þjóðlendur í afréttareign, sbr. dóma frá 16. maí 2007 í málum nr. 24/2007, nr. 536/2006 og nr. 448/2006. Önnur framangreind landsvæði hafa ekki komið til kasta dómstóla en af dómum um eignarland frá því fyrir gildistöku þjóðlendulaga ber að nefna Hrd. frá 29. febrúar 1996 (Hrd. 1996/696) um Blikdal í Esju og dóm aukadómþings Árnessýslu 23. febrúar 1980 um Tunguheiði í Biskupstungum.

Úrskurðir óbyggðanefndar um þjóðlendur í afréttareign á þessum svæðum eru þannig almennt í góðu samræmi við úrlausnir Hæstaréttar, fyrr og síðar, þó svo forsendur séu ekki einsleitar í öllum tilvikum og taki þess utan mið af sérstöðu einstakra svæða. Dómar Hæstaréttar um landskikana þrjá sunnan Mýrdalsjökuls, þ.e. Skógafjall, Hvítmögu og Stórhöfða, skera sig þar hins vegar nokkuð úr.

Framangreind úrlausnarefni eiga það sameiginlegt að viðkomandi landsvæði hefur legið undir einstaka jörð/jarðir eða stofnun, landfræðilega aðskilið frá henni/þeim með einum eða öðrum hætti, jafnan getið með sérstökum hætti í heimildum, stundum beinlínis kallað afréttur og afnot einskorðuð við beit eða önnur þrengri og þá sambærileg not.

Ef reynt er að taka saman þau sameiginlegu atriði sem leiða til niðurstöðu Hæstaréttar um eignarland í umræddum þremur undantekningartilvikum, þá sýnist landfræðileg lega, m.a. gagnvart aðliggjandi eignarlöndum og að einhverju marki almennir staðhættir, vega mjög þungt. Í tilvikum Hvítmögu og Skógafjalls var á því byggt að svæðin hefðu verið innan merkja jarða og að hvorki staðhættir né gróðurfar mæltu gegn því að þau hefðu verið numin, a.m.k. að einhverju leyti. Beinn eignarréttur hefði þannig stofnast. Um Stórhöfða segir að líkur séu fyrir því að hann hafi verið innan upphaflegs landnáms eins og aðliggjandi lönd. Hann hafi ekki verið talinn

til samnotaafrétta og ekkert sé komið fram í málinu sem stutt geti að munur verði að þessu leyti gerður á Stórhöfða og aðliggjandi landsvæðum. Nægilega sé því leitt í ljós að hann hafi frá landnámi verið háður beinum eignarrétti sem heiðaland jarðar.

Dómar Hæstaréttar um þjóðlendur í Þórsmörk, Goðalandi, Almenningum, Merkurtungum, Stakkholti og Steinsholti, eru kveðnir upp mánuði síðar en dómar um eignarlönd í Stórhöfða, Hvítmögu og Skógafjalli. Fyrstnefndu svæðin sex liggja norðan Eyjafjallajökuls og voru öll talin heyra undir einstaka jörð/jarðir sem þau eru landfræðilega aðskilin frá. Í forsendum Hæstaréttar er m.a. vísað til möguleikans á landnámi, legu og staðhátta, skorts á skriflegum eignarheimildum og samræmis milli þeirra innbyrðis. Tekið er sérstaklega fram að ekki sé sýnt fram á önnur not meintra rétthafa en hefðbundin afréttarnot til sumarbeitar fyrir búfé. Í öllum þessum sex tilvikum var dæmd þjóðlenda í afréttareign.

Sýnist þannig ekki vera fullt samræmi í mati réttarins að því er varðar hin tilgreindu atriði í annars vegar tilvitnuðum þremur dómum og hins vegar öðrum úrlausnum um sams konar landsvæði, auk eldri dóma um Hoffellslambatungur og Hrunaheiðar.

Draga má þá ályktun af framangreindum dómum að það séu fyrst og fremst staðbundnar aðstæður, þ.m.t. staðhættir, en þó einkum lega viðkomandi þriggja landsvæða að eignarlöndum til annarra átta en gagnvart Mýrdalsjökli sem úrslitum ráði. Til þess ber þó að líta að fleiri atriði eru hér samofin og lögð til grundvallar hverju sinni. Þá liggja fyrir eldri dómar um þjóðlendur á landsvæðum með svipaða legu gagnvart annars vegar eignarlöndum og hins vegar þjóðlendum, sbr. einkum Hoffellslambatungur og Hrunaheiðar í Hrd. 28. september 2006 í máli nr. 497/2005 og Hrd. 5. október 2006 í mál nr. 133/2006. Ekki liggur fyrir skýr yfirlýsing Hæstaréttar um breytta afstöðu að þessu leyti. Með hliðsjón af framangreindu og að teknu tilliti til stjórnskipulegrar jafnræðisreglu telur óbyggðanefnd útilokað að líta svo á að umræddir þrír dómar, um Hvítmögu, Skógafjall og Stórhöfða, feli í sér að lega þrætusvæðis að eignarlandi eða eignarlöndum geti ein og sér vegið svo þungt að önnur sú sönnunarfærsla sem ella fer fram við slíkar kringumstæður hafi hverfandi þýðingu.

Óumdeilt er hins vegar að eignarréttarleg staða aðliggjandi svæða getur auk hefðbundinna og viðurkenndra eignarheimilda haft vægi við eignarréttarlegt mat og ásamt öðru leitt til þeirrar niðurstöðu að um eignarland sé að ræða. Má þar um vísa til dóms Hæstaréttar 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 varðandi efstu jarðir í Biskupstungnahreppi, sbr. einnig úrskurð óbyggðanefndar um þau landsvæði. Hið sama má segja um eignarland í dómi Hæstaréttar 18. október 2007 í máli nr. 47/2007 um jarðir í Fljótshverfi, sbr. og úrskurð óbyggðanefndar um sama svæði.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að ekki séu forsendur til þess að breyta því sönnunarmati sem lagt hefur verið til grundvallar um afrétti einstakra jarða og/eða stofnana og styðst við fjölda dóma í sambærilegum tilvikum. Fyrir liggur að í málum

nr. 4 og 5/2007 á svæði 6 hjá óbyggðanefnd snúa sérstök álitaefni af þessum toga að eftirtöldum landsvæðum: Hálsmannatungur, Draflastaðakirkjuland á Gönguskarði, Tjarnahverfi á Gönguskarði, Finnsstaðadalur, Grímsland og Kambsmýrar í máli nr. 4/2007 og Upprekstrarland milli Höfðagilja og Eyvindará/Laufáshagi í máli nr. 5/2007.

9. ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 7A

9.1. Dómafordæmi í þjóðlendumálum[218]

[...]

Við uppkvaðningu úrskurða í málum nr. 1–5/2008, á svæði 7 suður, liggja ekki fyrir nýir dómar Hæstaréttar í þjóðlendumálum en geta ber um ákvörðun Mannréttindadómstóls Evrópu frá 23. september 2008 í máli nr. 46461/06. Þar var því hafnað að taka til efnismeðferðar kærumál sem varðaði dóm Hæstaréttar Íslands frá 11. maí 2006 í máli nr. 496/2005. Kærumálið varðaði nánar tiltekið landsvæðin Fjall og Breiðármörk í Öræfum, sem Hæstiréttur hafði dæmt þjóðlendur, og til skoðunar voru ákvæði Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, í 1. gr. 1. viðauka [Friðhelgi eignarréttar], 1. mgr. 6. gr. [Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi] og 14. gr. [Bann við mismunun]. Kvörtun málshefjenda til Mannréttindadómstólsins varðaði bæði lög nr. 58/1998, um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, og meðhöndlun Hæstaréttar á umræddu máli, þar á meðal sönnunarkröfur.

Mannréttindadómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að 1. gr. 1. viðauka við sáttmálann ætti ekki við í umræddu máli þar sem umþrætt land teldist ekki eign kærenda í skilningi ákvæðisins. Í því sambandi tók dómstóllinn sérstaklega fram að þegar um kröfu til eignarréttinda er að ræða geti sá sem hana hefur uppi einungis átt lögmætar væntingar til að um eign sé að ræða ef krafa hans hefur fullnægjandi stoð í landsrétti viðkomandi aðildarríkis, svo sem þegar fyrir hendi eru fordæmi dómstóla í þá veru. Þá kvað dómstóllinn Hæstarétt Íslands bæði hafa farið að viðeigandi lagaákvæðum og fylgt eigin fordæmum um að landamerkjabréf eitt og sér teljist ekki fullnægjandi sönnun ef eldri gögn mæla því í mót. Þannig taldi dómstóllinn að kærendur hefðu ekki sýnt fram á að þeir ættu lögmætar væntingar til þess að umþrætt land teldist eign þeirra og þeir gætu því ekki notið verndar 1. gr. 1. viðauka við sáttmálann að þessu leyti. Mannréttindadómstóllinn komst enn fremur að þeirri niðurstöðu að ekkert benti til þess að brotið hefði verið gegn 1. mgr. 6. gr. eða 14. gr. sáttmálans í máli kærenda og taldi því ekki að á þá hefði verið lögð óhóflega þung sönnunarbyrði.

[218] Kafli 6.1.2. í málum nr. 1–5/2008 (svæði 7A).

10. ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 7B

10.1. Dómafordæmi í þjóðlendumálum[219]

[...]

Hér verður gerð grein fyrir þeim 22 dómum sem gengið hafa frá því óbyggðanefnd kvað síðast upp úrskurði. Sambærileg umfjöllun um eldri dóma í fyrri úrskurðum, að því marki sem hún hefur almenna þýðingu, hefur verið felld inn í framangreindar *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* og vísast þangað.

Um er að ræða eftirfarandi 22 dóma Hæstaréttar: Dómur frá 24. september 2009 í máli nr. 102/2009 (Brú og Brúaröræfi); dómur frá 29. október 2009 í máli nr. 685/2008 (Afréttur Seltjarnarneshrepps hins forna, Elliðavatn, Vatnsendi, Lækjarbotnar og Geirland); dómur frá 19. nóvember 2009 í máli nr. 69/2009 (Gunnarsstaðir); dómur frá 25. mars 2010 í máli nr. 409/2009 (Skriðuklaustur); tveir dómar frá 3. júní 2010, í málum nr. 198/2009 (Selvogs- og Ölfusafréttur) og 184/2009 (Landsvæði aðliggjandi Ölfusafrétti); dómur frá 16. september 2010 í máli nr. 473/2009 (Krepputunga); sjö dómar frá 7. október 2010, í málum nr. 379/2009 (Heiðarmúli), nr. 517/2009 (Grímólfsártunga), nr. 722/2009 (Hvammur), nr. 723/2009 (Laxárdalur), nr. 748/2009 (Vatnsendi), nr. 749/2009 (Þverfellsland) og nr. 750/2009 (Hvappur); dómur frá 11. nóvember 2010 í máli nr. 768/2009 (Afréttur Álftaneshrepps hins forna/norðaustanverður hluti Almenningsskóga Álftaness, Skógræktarsvæði norðan Krýsuvíkur og sunnan Garðakirkjulands og Garðakirkjuland vegna Selskarðs); dómur frá 10. febrúar 2011 í máli nr. 299/2010 (Valþjófsstaður í Fljótsdal); dómur frá 11. apríl 2011 máli nr. 199/2011 (Hofsafréttur); tveir dómar frá 22. september 2011 í málum nr. 293/2010 (Þorvaldsstaðir og Hamar) og nr. 294/2010 (Mælifell og Selsárvellir); og loks þrír dómar frá 29. september 2011, í málum nr. 40/2011 (Sameignarland Fagradals, Víðirhóls, Hólssels og Nýhóls), nr. 75/2011 (Grímsstaðir á Fjöllum) og nr. 56/2011 (Hvannstaðir).

Nítján af framangreindum 22 dómum fjalla um efnisleg atriði og í fjórtán þeirra var niðurstaða óbyggðanefndar staðfest í öllum meginatriðum. Í fimm tilvikum var henni hins vegar hnekkt og dæmt eignarland þar sem óbyggðanefnd hafði úrskurðað þjóðlendu. Nánar tiltekið er þar um að ræða landsvæðin Hvamm, Laxárdal, Vatnsenda, sameignarland Fagradals, Víðirhóls, Hólssels og Nýhóls og Hvannstaði.

Þau fimm mál, þar sem úrskurði óbyggðanefndar var hnekkt, varða í meginatriðum mat á efni og samhengi fyrirliggjandi heimilda um viðkomandi landsvæði. Niðurstöður þeirra leiða ekki til breytinga á sönnunarmati í málum af þessu tagi almennt en hnykkja á fyrirliggjandi meginreglum, sbr. *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* sem fylgja í viðauka með úrskurði þessum. Í næstu tveimur köflum er gerð nánari grein fyrir samhengi umræddra dóma og meginreglna.

---

[219] Kafli 6.1.2.1 í málum nr. 1–2/2009 (svæði 7B).

10.2. Heimildir mæla í mót landamerkjabréfi jarðar[220]

Í tveimur dómum Hæstaréttar frá 7. október 2010, um eignarland Hvamms og Laxárdals í Svalbarðshreppi, er fjallað um land innan afmörkunar í þinglýstum landamerkjabréfum jarða. Slíkt land hefur að meginreglu verið dæmt og úrskurðað eignarland en óbyggðanefnd taldi að önnur afmörkun í tiltekinni eldri heimild leiddi til þeirrar niðurstöðu að innan bréfa Hvamms og Laxárdals væru þjóðlendur að hluta.

Það er ekki tilvist landamerkjabréfs ein og sér sem hefur ráðið úrslitum um mat á eignarrétti, heldur staða landsvæðisins sem jarðar. Mikilvægi landamerkjabréfa jarða felst í sönnunargildi þeirra en hvert og eitt bréf er metið sérstaklega. Hefur þá einkum verið til þess litið hvort fyrir hendi séu eldri heimildir, sem fallið geti að lýsingu í landamerkjabréfinu, enda stangist sú lýsing heldur ekki á við staðhætti, gróðurfar og upplýsingar um nýtingu landsins. Mæli heimild í mót landamerkjabréfi jarðar, hvort heldur er afmörkun lands og/eða stöðu þess sem jarðar, þarf að meta hvort vægi hennar sé slíkt að það rýri sönnunargildi bréfsins að sama skapi.

Á svæðum 1-7A eru fimmtán tilvik þar sem óbyggðanefnd hefur úrskurðað að land innan landamerkjabréfs jarðar væri eignarland að hluta og þjóðlenda að hluta. Er þá miðað við yngra landamerkjabréf viðkomandi jarðar, hafi verið gerð tvö, og skýringu óbyggðanefndar á texta viðkomandi bréfs, en hún getur verið önnur en skýring málsaðila.

Þau fimmtán tilvik sem hér um ræðir eru eftirfarandi: Þingvellir; Mörtunga á Síðu; Fell í Suðursveit; Stafafell í Lóni; Skriðuklaustur og Valþjófsstaður í Fljótsdal; Brú á Jökuldal; Þorvaldsstaðir og Hamar í Selárdal; Gunnarsstaðir, Kverkártunga og Miðfjörður í Skeggjastaðahreppi; Hvammur og Laxárdalur í Svalbarðshreppi; Reykjahlíð í Mývatnssveit. Að undanskildum Hvammi og Laxárdal hafa þeir dómar Hæstaréttar sem gengið hafa um þessi tilvik staðfest niðurstöðu óbyggðanefndar í öllum meginatriðum. Umfjöllun um Kverkártungu og Miðfjörð í fyrrum Skeggjastaðahreppi og Reykjahlíð í Mývatnssveit er ólokið hjá dómstólum.

Í flestum þessara tilvika hafa legið fyrir eldri heimildir um afmörkun jarðarinnar, stundum eldri landamerkjabréf, sem mælt hafa í mót lýsingu landamerkjabréfs. Þetta er þó ekki einhlítt og mál Þingvallakirkjulands, Skriðuklausturs og Valþjófsstaðar í Fljótsdal vörðuðu fremur mat á heimildum um takmörkuð réttindi innan merkja. Loks getur hvort tveggja hafa verið fyrir hendi, eldri merkjalýsingar og heimildir um takmörkuð réttindi, sbr. einkum Stafafell í Lóni og Fell í Suðursveit.

Til viðbótar við framangreind fimmtán tilvik eru þess tvö dæmi á svæðum 1–7A að eignarréttur að jörð hafi verið gefinn upp eða glatast, sbr. dóma Hæstaréttar um Fjall og Breiðármörk frá 11. maí 2006.

---

[220] Kafli 6.1.2.2 í málum nr. 1–2/2009 (svæði 7B).

Af framangreindu er ljóst að undantekningar frá meginreglunni um eignarland innan afmörkunar í landamerkjabréfi jarðar eru fáar og ríkar kröfur gerðar í því sambandi. Nýjar úrlausnir dómstóla um jarðirnar Hvamm og Laxárdal í Svalbarðshreppi árétta þetta enn frekar. Þar taldi Hæstiréttur að land innan landamerkjabréfa annars vegar Hvamms og hins vegar jarðarinnar Laxárdals væri í heild sinni eignarland. Hafnað var þeirri röksemdafærslu óbyggðanefndar að önnur afmörkun í tiltekinni eldri heimild leiddi til þeirrar niðurstöðu að þar væru þjóðlendur að hluta.

Loks skal þess getið að ýmis dæmi eru um að uppi hafi verið álitaefni af þeim toga sem hér um ræðir í málum sem lyktað hefur með niðurstöðu óbyggðanefndar um eignarland. Úrskurðum um eignarland hefur almennt verið unað og þeir því ekki komið til endurskoðunar hjá dómstólum. Sem dæmi um ríkt sönnunargildi landamerkjabréfs jarðar í slíku máli má nefna Hjaltadal og Kambfellskjálka í máli nr. 3/2007 á svæði 6.

10.3. Heimildir um legu jarða til forna[221]

Eftir er þá að gera grein fyrir þremur nýjum dómum þar sem hnekkt var úrskurðum óbyggðanefndar um þjóðlendu, nánar tiltekið varðandi Vatnsenda í Svalbarðshreppi, sameignarland Fagradals, Víðirhóls, Hólssels og Nýhóls í Öxarfjarðarhreppi og Hvannstaði, einnig í Öxarfjarðarhreppi.

Í þessum málum er fjallað um þýðingu þess að landsvæði hafi upphaflega verið hluti jarðar. Slíkt land hefur að meginreglu verið úrskurðað og dæmt eignarland, svo sem áður sagði. Flokkun landsvæða í jarðir, afrétti(r) jarða, afrétti(r) kirkna og klaustra, samnotaafrétti(r) og annað land er þannig veigamikið atriði.

Landamerkjabréf hafa einnig verið gerð fyrir annars konar réttindasvæði en jarðir, svo sem ítök og afrétti(r). Slík bréf hafa takmarkaðra vægi sem sönnunargögn um beinan eignarrétt og að meginreglu hefur verið við það miðað í fyrirliggjandi dómum og úrskurðum að svæði utan lands jarða sé þjóðlenda. Þá getur verið bæði jörð og afrétt(ur) innan sama bréfs, með eða án aðgreiningar af einhverju tagi, svo sem að framan greindi.

Jafnframt er ljóst að notkun hugtaksins afrétt(ur) í landamerkjabréfi og/eða öðrum heimildum hefur ekki úrslitaþýðingu um að þar sé þjóðlenda, enda hefur merking þess ekki verið einhlít. Slíkt landsvæði er því eftir atvikum eignarland eða þjóðlenda. Á meðal þeirra atriða sem máli skipta við mat á stofnun og viðhaldi eignarréttar er eignarréttarleg staða aðliggjandi landsvæða. Þessu til viðbótar er mögulegt að unninn hafi verið réttur að áður eigendalausu landi, svo sem á grundvelli hefðar.

---

[221] Kafli 6.1.2.3 í málum nr. 1–2/2009 (svæði 7B).

Umfjöllun í landamerkjabréfi og notkun hugtaksins afrétt(ur) eru þannig dæmi um atriði sem veita ekki einhlít svör við því hvort tiltekið landsvæði sé jörð, afrétt(ur) jarðar, afrétt(ur) kirkju og klausturs, samnotaafrétt(ur) eða annað land. Þess utan kunna heimildir að vera óljósar og brotakenndar, afmörkun og nýting breytileg, réttindi jafnvel gefin upp eða glötuð.

Heimildir um legu jarða til forna, enda þótt takmarkaðar séu, geta hins vegar gefið mikilvægar vísbendingar um að landsvæði hafi upphaflega haft stöðu jarðar en síðar verið nýtt sem afrétt(ur). Í framangreindum þremur dómum Hæstaréttar, um Vatnsenda, sameignarland Fagradals, Víðirhóls, Hólssels og Nýhóls og Hvannstaði, felst áhersla á þetta atriði, enda þótt fleira komi þar til. Þar lagði dómstóllinn til grundvallar að umrædd landsvæði hefðu talist hluti af jörðinni Álandi, í tilviki Vatnsenda, og jörðinni Hólum, í tilvikum Fagradals, Víðirhóls, Hólssels, Nýhóls og Hvannstaða. Þau hefðu því verið háð beinum eignarrétti. Hafnað var þeirri niðurstöðu óbyggðanefndar að landsvæðin hefðu ekki stöðu jarðar að lögum.

Sem dæmi um skyld álitaefni í úrskurðum óbyggðanefndar þar sem niðurstaðan hefur verið eignarland má hér nefna Núpufellsdal og Þormóðsstaðasel í máli nr. 1/2008 á svæði 7a, Gnýsstaði í máli nr. 3/2005 á svæði 5 og Hárekksstaði í máli nr. 2/2005 á svæði 5.